SÖLUMIÐSTÖÐ HRAÐFRYSTIHÚSANNA



MEÐ SPRIKLIÐ Í SPORÐINUM

SAGA SH
1942-1996

SÖLUMIÐSTÖÐ HRAÐFRYSTIHÚSANNA

SÖLUMIÐSTÖÐ HRAÐFRYSTIHÚSANNA

II

MEÐ SPRIKLIÐ Í SPORÐINUM

Saga SH 1942–1996

eftir
ÓLAF HANNIBALSSON
og
JÓN HJALTASON

1997

Í 1. tölublaði „Ægis“, sem hóf göngu sína 1905, birtist svohljóðandi klausa:

Frosinn fiskur lífgaður aftur

(Eftir The Pacific Fisherman)

„Af því að eftirsókn eftir lifandi fiski er jafnan meiri á heimsmarkaðinum en á dauðum fiski og hann þar að auki er á hærra verði, þá hafa menn í Ameríku fundið það ráð að frysta lifandi fisk og geyma hann svoleiðis í lengri tíma, og senda á ýmsa staði upp í landið, hefur hann svo við það að vera þíddur í sjó eða köldu vatni smám saman lifnað og verið seldur lifandi á torgum og fiskisöluhúsum.“

Þótt frétt þessi hafi reynst orðum aukin og 90 árum síðar sé ekki sú tækni fundin, sem geri þessa draumsýn mögulega, er í henni brugðið upp þeirri hugsjón, sem frystiiðnaðurinn hefur reynt að nálgast æ síðan. Faðir frystiiðnaðarins, Clarence Birdseye, tók síðar upp kjörorðið: „Frystur með spriklið í sporðinum“. Heiti þessarar bókar tekur mið af þessu.

Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna
1942-1996
II. bindi
Með spriklið í sporðinum
Saga SH og dótturfyrirtækja á Íslandi

Höfundar: Ólafur Hannibalsson, Jón Hjaltason
Útgefandi: Hið íslenska bókmenntafélag

1. prentun Reykjavík 1997
© Ólafur Hannibalsson, Jón Hjaltason, SH hf.

Bókin er sett úr Berling letri
og prentuð á 135 g mattan Mediaprint myndapappír
Útlit, myndvinnsla, umbrot,
prentun og bókband: Prentsmiðjan Oddi hf.

Prófarkalestur:
Gísli Jónsson
Málvísindastofnun Háskóla Íslands
Höfundar

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti,
svo sem með ljósmyndun, prentun eða hljóðritun,
án leyfis höfunda og SH hf.

ISBN 9979-9243-0-6
ISBN 9979-9243-2-2 (2. bindi)

Efnisyfirlit

I Formáli 11

II 1924-1942
Forsaga, aðdragandi og stofnun SH
Inngangur

Frumkvöðullinn Birdseye og upphaf hraðfrystingar 13
„Steyptist beint á hausinn en stóð upp aftur skjótt“ 14
Bylting í smásöluverslun 15
Trúboð frystivörunnar 17
Hraðfrystingin og stríðið 18

1. Upphaf íslensks frystiiðnaðar og viðskipta með freðfisk

Íshús og vélfrysting 10
Draumafabrikka Esphólíns 20
Tilbúnir til stórræða 22
Ævintýralegt hlutafé 24
„Mót hag landsmanna minna“ 25
Sænskur kumbaldi við blindgötu 26
„Ekki of glæsilegar vonir“ 26
Áskorun til útgerðarmanna 28
Brotabrot af afkastagetu nýtt 28
Úrelt frystiaðferð? 30
Frystiaðferðir Bandaríkjamanna 30

Kveldúlfur frystir og leitar markaða

Íslendingum ofraun? 32
Frystingin framtíðin 33
Aukið gjaldþol landsmanna 34
Brautryðjendastarfi lýkur með stórfelldu tapi 34
Kveldúlfur hefst handa 36
Undirboð 37

Norðmenn læra lexíu um bandarískan fiskmarkað

Velheppnuð tilraun 1931 38
Án er illt gengi – nema heiman hafi 40
Frystikeðjan styrkt og stefnt á Evrópumarkað 41

Skyrfrystistöðin, sem varð að fiskiðnaði

Einkaleyfi á aðferð til að frysta skyr 42
Hannar sjálfur frystivél 43
Stuðningur frá landbúnaði 44
Íslensk smíð 45
Fiskimálanefnd kaupir stöðina 47
Tilraunastöð og skóli 47

2. Átökin um fisksöluna

SÍF, fyrstu fisksölusamtökin 48
Síldareinkasala ríkisins 48
SÍF -nauðvörn útflytjenda 48
Allt hefði getað farið í rúst 49
Álit Færeyinga 51
Hugsað til bráðabirgða 51
Bráðabirgðalög Ólafs Thors 51
Bráðabirgðalög Magnúsar Guðmundssonar ... 53
Þrenn bráðabirgðalög Haraldar Guðmundssonar 53
Ríkisgjaldþrot á Nýfundnalandi 54

Víti til varnaðar: Nýfundnaland missir sjálfstæðið .....

Sundrungin í fiskiðnaðinum 55
Ríkisforsjá 56
Keppinautarnir viðbragðsfljótari 57
Viðbrögð við umheiminum 58

Fiskimálanefnd, ríkisapparat sem virkaði

Þjóð í hátíðaskapi 59
Ranglát kjördæmaskipan 59
Fiskiráð – Fiskimálanefnd 60
Átök um sölumál 61
Fyrsti sölusamningurinn 62
Þorskur í litlum metum 63
„Ein sé stjórn fisksölumálanna" 64
Bent á markað í Póllandi 65
200 tonn til Varsjár 65
Misheppnuð viðskipti 67
Skór og stígvél fyrir fisk 67
Markaðsleit – SÍF finnur Ameríku 67
Vaxandi freðfiskmarkaður 69
Umboðsmenn og söluskipulag 69
Sýnishorn undirbúin 69
Góðar söluhorfur 70
Metingur SÍF og Fiskimálanefndar. Verðið fellur 70
Fiskimálanefnd selur saltfisk 72
Pólitískar sprengikúlur 73
Skilaboð frá ameríska markaðnum 74
Ameríkumarkaðurinn gefinn upp á bátinn 75
Ríkiseinkasala möguleiki? 76

3. Stofnun Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna Frá ríkisforsjá til sölusamtaka einkaframtaksmanna

Ríkið tekur útflutninginn í sínar hendur 77
Samninganefnd utanríkisviðskipta 78
Bretar eini kaupandinn 79
Fiskimálanefnd boðar til fundar 79
Frumherjar hittast 80
Jarðvegurinn undirbúinn 82
Stofnfundur SH 83

Frumherjar í forystu

Fyrsti formaður stjórnar, Elías Þorsteinsson ... 90
Ólafur Þórðarson, drifkraftur og bakhjarl SH 95
Einar Sigurðsson, hugmyndasmiður og hamhleypa 96
Landvinningamaðurinn Jón Gunnarsson 97

III 1942-1962
Brautin rudd um miðbik aldarinnar

Krafa um heimanmund 99
„Löggilding" SH sem útflytjanda 100
Barátta fyrir hærra verði 101
Samstarf við sendiherrann 103
Hagsmunafélag 103
Stefnan mótuð 105
SH yfirtekur starfsemi Fiskimálanefndar 106
Umbúðamál og tilhögun Ameríkuviðskipta . 107
Fyrsta heila starfsárið 109
Lýðveldisárið 110
Verðlækkun við stríðslok 111
SÍS og einkaleyfið á hraðfrystitækjum 111
Evrópumarkaður kannaður 112
Starfsemi og skipulag 113
Stjórnin hinn eiginlegi forstjóri 114
Tilraunaárin 1945-'50 116
Flutningurinn til Tékkóslóvakíu 118

Markaðsleit og markaðir

Bretland 120
Bandaríkin 123
Sovétríkin 128
Tékkóslóvakía 130
Austur-Þýskaland 132
Holland 136
Frakkland 138
Ítalía 141
Sviss 142
Pólland 145
Ísrael 148
Austurríki 148

Samkeppni og samráð við Norðmenn

Útþenslustefna Norðmanna í Norðurhöfum 151
Norskur gestur 152
Stofnun Frionor 152
Einn aðili á Bandaríkjamarkaði 153
Samráð keppinauta 155
Samráðsfundur 1955 158

Gæðaeftirlit og tæknideild

Afturför í vöruvöndun 162
Samanburður við Bandaríkin 163
Baadervélavæðingin 164
Sjálfstætt gæðaeftirlit SH 166
Stuðlað að hugarfarsbyltingu 168
Hringormavandinn 170
Tæknideild 172
Vinnuafl 173

Utanríkisþjónustan og afurðasalan

Miðstýring 175
Erfiðleikar á Evrópumarkaði 175

Marshallaðstoð – endurreisn 176
Alþjóðasamstarf – OEEC 177
Þátttaka Íslendinga 178
Milliríkjasamningar 178
Viðskiptadeild utanríkisráðuneytisins 179
Ráðgjafarnefndin 180

Ágreiningur um markaðsmál

Stefnan mörkuð 182
Fiskiðjuver ríkisins 183
Ritdeila veturinn 1951-'52 184
Jón Gunnarsson svarar 186
Jafngildir veiðum í landhelgi 187
Orð Einars Þveræings 187
Óviðráðanlegar markaðstruflanir 189
SH vill aukin völuskipti 190
Óvænt lausn 195
Deilur um sölufyrirkomulagið í Evrópu 195
Átök á aðalfundi 1956 199
Sölustefnan 1956-'62 204

Umbrotatímar

Eignarfyrirkomulag SH, skipulag, stjórn og skattamál 206
SH hvorki fugl né fiskur? 209
Býsnavetur 210
Aukafundurinn 14.-16. febrúar 1962 og störf skipulagsnefndar 216
10 manna nefndin 218
Aðalfundurinn 1962 219
Skipulaginu breytt 220

Hagkerfið og frystihúsin

Stríðsgróði og dýrtíð 225
Nýsköpunarstjórnir 226
Ráðstjórn 227
Ríkisábyrgð á útflutningsverði 229
Skömmtun 231
Bátagjaldeyrir 234
Umbrotatímar eftir 1960 235
Viðreisnarlöggjöfin 236
Viðreisnin og endurskipulagning SH 238

IV 1962-1985
Tveir markaðir

Nýir stjórnendur 241
Viðfangsefni hinnar nýju stjórnar 242
Jafnkeypisviðskipti lögð af 243
Fiskverð og Verðlagsráð 243
Feitu kýrnar og hinar mögru 245
Varað við þenslu 247
Tillögur ríkisvaldsins 1966 og '67 248
Genginu breytt 252
Stefnir í þrot 254
Tvenns konar gengi 257
Birtir yfir 1969-'71 259
Auknar fjárfestingar SH þrátt fyrir kreppu 259
Áratugur mikilla breytinga 1970-1980 261
Landhelgisútfærslan í 50 mílur 1971 263
Afleiðingar útfærslunnar 266
Efta og „bókun 6" 269
Erfiðleikaárin 1972-'76 272
Jörðin opnast á Heimaey 274
Magnsamdráttur á Bandaríkjamarkaði 276
Óðaverðbólga og gengislækkanir 1974-'75 278
Verðhækkanir á Bandaríkjamarkaði 280
Frystihús stöðvast 282
Tvær gengisfellingar 282
Síaukin framleiðsla, fiskistofnar í hættu 284
Sókn í Evrópu 284
Aflasamdráttur í loðnu og þorski 288
Minnkandi hlutdeild Bandaríkjamarkaðar 289
Þróunin á Bretlandsmarkaði 289
Þátttaka í fiskeldi 290
Kaflaskil 291

Kaupaukakerfi og gæðaeftirlit

Tækniþjónusta efld 292
Vinnuhagræðing og framleiðni 293
Grundvöllur verðlagningar 295
Undirbúningur hafinn 295
Sölumiðstöðin ræður norska ráðgjafa 296
Skilgreining verkþátta 298
„Skipt í fjöru" 299
Nokkrir forgöngumenn 300
Frystihúsin ráða sérfræðinga og taka upp samstarf 301
Samtök vinnumarkaðarins ráða sérfræðinga 301
Þróun síðari ára 302
Skuttogarar og aukinn afli valda straumhvörfum 303
Mannabreytingar í framleiðnideildinni 303
Aukin tækni og vélvæðing 304
Kaupaukakerfið í hnút 305
Tækniþjónusta SH lögð niður 306
Örðugt tímabil – en glæsilegt 308

V 1946-1991
Sovéski markaðurinn

Milliríkjasamningar og jafnkeypi 311
Frumkvæði íslenskra stjórnvalda 312

Sendiför til Moskvu 312
Áhugalausir Sovétmenn 313
Samið í Moskvu 1946 314
Mikojan gengur í málið 315
Samningarnir 1947 316
Vonbrigði 316
Fimm ára hlé á viðskiptum 317
Samhengi viðskiptanna og alþjóðastjórnmála 318
Sovétmönnum boðinn helmingur útflutnings-
afurða Íslands 318
Sovétviðskiptin endurvakin 319
Íslendingar bregðast skjótt við 320
Sovétmenn tregðast við 321
Olíur og bensín 321
Annar hornsteinn utanríkisstefnunnar 322
Pólitísk markmið Sovétmanna 323
Þýðing Sovétmarkaðar fyrir fiskvinnsluna 323
Vaxtarbroddur útgerðar 323
Bjargaði aflahrotum 325
Samningar og samskipti 327
Samningstímabil 328
Samningagerðin 329
Rússar vildu fremur síld en fryst flök 331
Hvað átti að kaupa? 331
Gott að skulda Rússum 332
Rúsar vilja flök en enga síld 333
Ráðherrar semja 333
Smásöluverð óbreytt í áratugi 335
Heimsmarkaðsverð? 335
Skjótar og öruggar greiðslur 336
Yfirdráttur 336
Bitbein íslenskra stjórnmálaflokka 337
Bandaríska lánið og sovétviðskiptin 337
Yfirdráttarlán eða efnahagsaðstoð? 339
Félagi Brésnef kvaddur til fulltingis 339
Óvenjulegar brautir 340
Íslenskum síldarbæjum bjargað? 340
Smábúbót í stað „gerbyltingar“ 340
Fastar skorður 342
Eðlilegur hluti markaðanna fimm 342
Síðasti áratugur Sovétviðskiptanna 343
Áfallalaus viðskipti – drengskaparbragð 343
Gagnkvæm tengsl 344
Hrun Sovétríkjanna 345
Viðskipti við Rússland 346

VI Greinar af sama meiði
Jöklar hf. 1945-1996

Tekist á um skipakaup 347
Jöklar verða til 352
Vatnajökull; fall er fararheill 356
Félagið eflist 358
Stríðshanskanum kastað 371
Veikleiki Jökla 379
Tilboði Eimskips tekið 382
Lék Einar tveimur skjöldum? 387
Barist í bökkum 391
Breyttir hagir 396
Sjálfstæðir á ný 405
Niðurlag: Hofsjökull seldur 420

Umbúðamiðstöðin stofnuð

Pergament og öskjur 423
Ákvörðun tekin 427
Fjandinn verður laus 430
Umbúðamiðstöðin hf. 433
Eftirmáli 436

VII 1985-1996
SH verður alþjóðafyrirtæki

Inngangur 437
Efnahagsóstjórn leikur frystihúsin grátt 440
Umskipti 450

Annálar áranna 1985-1996

1985 452
1986 452
1987 457
1988 458
1989 460
1990 462
1991 464
1992 465
1993 468
1994 472
1995 474
1996 475

Þróun í takt við tímann
Þróunardeild SH

Verkefni þróunardeildar 480
Stærðarflokkaðir flakaskammtar 481
Vinnsla einstakra bolfisktegunda 481
Vinnsluþróun annarra tegunda 483

Gæðastaðallinn ISO 9001

Sölumiðstöðin fyrst 485
Öguð vinnubrögð 486

Icecon hf.

Helstu verkefni Icecon 490

Hvalveiðideilur

Hvalfriðunarsinnar fjandskapast við fiskiðnaðinn 491
Afstaða SH til hvalveiða Íslendinga 493

Breytingar á fiskveiðistjórn 497

Sótt að landvinnslunni 502

Frystitogarar 508

Baráttan um frystihúsin

Forleikur í Vestmannaeyjum 509
Stríðshanska kastað 511
Útgerðarfélag Akureyringa 513
Pólitískt – eða viðskiptalegt – samsæri? 516
Tilboð SH til Akureyrarbæjar 518
Starfsemi flutt norður 520
Endaspretturinn 522

Forystumenn teknir tali

Jón Ingvarsson formaður stjórnar SH 524
Friðrik Pálsson forstjóri SH (febrúar 1997) ... 533

Starfsmenn SH 551

Einstæður stofnsamningur SH og þróun samþykkta félagsins í 55 ár

Stofnsamningur 563
Lög fyrir Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna 568
Vönduð smíð 571
Eitt frystihús – eitt atkvæði 572
Skipulagsbreytingin 1962 573
Þriggja manna framkvæmdaráð 574
Breytilegt atkvæðavægi 575
Lögfræðileg álitamál 577
Í átt að hlutafélagi 578
Eignarhluti festur 578
Skrefið stigið til fulls 579

Viðauki

Stjórnskipan SH 1942-1996 583
Eignarhlutar félagsmanna 587
Framleiðsla og útflutningur SH í hnotskurn 588

Tilvísanir 597

Heimildaskrá 600

I Formáli

Íslendingar stæra sig oft af því að vera söguþjóð. Og rétt er það að ýmsu höfum við haldið til haga úr fortíðinni, sem aðrar þjóðir hafa minna hirt um. Við eigum allgóða og samfellda bókmenntasögu. Bændaþjóðfélagið hefur verið ítarlega rannsakað. Við eigum allvel skráða sögu um hræringar þess á þröskuldi nýrra tíma, um félagsmálahreyfingar, stjórnmáladeilur og menningarleg átök. En atvinnusagan hefur lítt verið skráð. Saga þess einkaframtaks, sem leitt hefur þjóðina til nútímalegra þjóðfélagshátta liggur bara fyrir í brotum og þáttum. Bíður þar sagnfræðinga mikið verk að raða þeim brotum saman í heildstæð verk.

Þessu riti er ætlað að bæta hér nokkuð úr skák.

Fimmtíu og fimm ára saga stærstu útflutningssamtaka Íslendinga er veigamikill þáttur Íslandssögunnar frá stofnun lýðveldisins. Hún er ekki aðeins saga samtaka, heldur efnahags- og atvinnusaga, saga uppbyggingar utanríkisverslunar og samskipta okkar við aðrar þjóðir.

Tilkoma frystingar gerbreytti vinnsluháttum í fiskiðnaði, flutningi, sölu og mörkuðum fyrir fisk. Frá því fyrstu frystihúsin risu á legg höfðu markaðsleit og sala verið á vegum ríkisins, þar til einkaframtaksmenn brutust undan ofurvaldi ríkisforsjár með stofnun samtaka sinna, Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna 1942. Frá fyrstu tíð hefur SH annast útflutning á stórum hluta íslenskra sjávarafurða og komist upp í að annast 20% af öllum útflutningi landsmanna.

Fyrstu áratugina voru Bandaríkin og Sovétríkin yfirgnæfandi markaðir, en á síðasta áratug hefur sala til Evrópu og Asíu stóraukist og markaðsstarfið verið lagað að breyttum kröfum neytenda með opnun söluskrifstofa í mörgum Evrópulöndum og Asíu. Frá fábreyttum mörkuðum og sölu gegnum umboðsmenn hefur áherslan færst yfir á fjölbreytta markaði og bein tengsl við smávörusala og neytendur. Sölumiðstöðin er vissulega orðin alþjóðlegt fyrirtæki með starfstöðvar í fjórum heimsálfum og vel menntað og veraldarvant starfsfólk, sem getur haslað sér völl hvar sem er í alþjóðaviðskiptum.

Saga Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna verður ekki skilin frá sögu efnahagsstjórnunar hér á landi. Því er reynt að vefa inn í þetta verk lýsingu á því efnahagslega umhverfi sem frystihúsamenn þurftu að lifa og hrærast í. Baráttan um grundvöll fyrir afkomu frystingarinnar var hörð frá fyrstu tíð, en þegar litið er yfir farinn veg í samfellu er ljóst, að tímabil óðaverðbólgunnar frá 1970 til 1993 var nær samfelld efnahagsleg þrautaganga, þar sem frystingunni var haldið á barmi gjaldþrots og jafnan meira af henni krafist en hún með góðu móti gat risið undir. Samt er þetta eitt glæsilegasta tímabil í sögu frystiiðnaðarins, þegar frystihúsin og flot-

inn voru byggð upp, andstætt öllum líkum, sem atvinnugrein á heimsmælikvarða. Hér er reynt að koma þessari þversögn til skila, hvernig sem til hefur tekist.

Við samningu þessa rits var farin sú leið að skipta verkinu í þrjú bindi. Í fyrsta bindinu eru kynnt til sögunnar öll frystihús sem aðild eiga, eða hafa átt, að Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna ásamt þeim sem falið hafa SH sölu afurða sinna. Höfundur þess er Hjalti Einarsson.

Í þessu bindi er sagt frá forsögu, aðdraganda og stofnun SH, þróun og starfsemi samtakanna hér á landi, umhverfi þeirra og afstöðu til ýmissa mála. Þar eru efnistök mismunandi eftir þáttum og tímabilum. Mótunarárin eru rakin nokkuð ítarlega, en þar sem umfang verksins leyfir ekki svo nákvæma umfjöllun um alla þætti, eru raktir megindrættir sögunnar og ljósi beint að einstökum málum sem upp úr standa á hálfrar aldar ferli. Ólafur Hannibalsson er höfundur meginefnis þess, en Jón Hjaltason hefur samið kaflana um dótturfyrirtækin Jökla hf. og Umbúðamiðstöðina hf. Auk þess lagði Hjalti Einarsson frumdrög að kaflanum um kaupaukakerfi og gæðaeftirlit en Ólafur gekk frá honum í endanlegri gerð.

Þriðja bindið fjallar um dótturfyrirtæki og söluskrifstofur SH erlendis og er Jón Hjaltason aðalhöfundur þess, en þeir Hjalti Einarsson og Ólafur Hannibalsson lögðu þar einnig hönd á plóg, eins og nánar er skýrt í formála þess bindis.

Höfundar þakka þeim mörgu sem hafa lagt þeim lið við samningu þessa verks. Viðtöl hafa verið tekin við fjölmarga núverandi og fyrri starfsmenn SH og aðra sem vel þekkja til mála, og eru sum þeirra fléttuð beint inn í verkið en önnur notuð óbeint. Margir hafa aðstoðað við að afla heimilda og er þeim öllum þakkað. Sérstakar þakkir til þeirra sem lásu handritið og komu með gagnlegar ábendingar.

Reykjavík, júlí 1997
Ólafur Hannibalsson

II 1924-1942
Forsaga, aðdragandi og stofnun SH

Inngangur

Frumkvöðullinn Birdseye og upphaf hraðfrystingar

Enginn einn maður er upphafsmaður vélfrystibúnaðar til frystingar á matvælum. Löng þróun átti sér stað í þeim efnum og þar komu margir að verki, bæði í Bandaríkjunum og Evrópu, og þróuðu mismunandi aðferðir.

Lengi framan af var þó frystingin fyrst og fremst geymsluaðferð. Varan var eftir sem áður meðhöndluð með líkum hætti og fersk vara og dreift eftir svipuðum leiðum. Það er fyrst þegar varan fær sérstaka meðhöndlun og verkun með tilliti til frystingar, að við getum talað um sérstakan frystivöruiðnað, sem á sér sérstakan markað, sem er öðruvísi en markaður fyrir matvæli, sem unnin eru með öðrum hætti.

Ameríski verkfræðingurinn Clarence Birdseye er nú almennt viðurkenndur sem upphafsmaður hraðfrystiiðnaðarins. Í amerísku uppflettiriti um þetta efni segir einfaldlega:

„Í upphafi var Birdseye. Það var maðurinn Clarence Birdseye og það var vörumerkið Birds Eye, sem var einkennismerki fyrstu frystivörunnar, sem neytandinn fékk í hendur í litríkum umbúðum tilbúna til matreiðslu.“[1]

Strangt til tekið varð Clarence Birdseye þó ekki fyrstur til að beita frystingu til geymslu á matvælum. Ískældir járnbrautarvagnar og síðar flutningaskip búin kælilestum höfðu opnað nautgriparæktendum í miðvesturríkjum Bandaríkjanna og á sléttum Argentínu markaði á austurströndinni og áfram handan hafsins í Bretlandi og á meginlandi Evrópu þegar á síðustu áratugum 19. aldar. Þær framfarir gerðu smátt og smátt út af við íslenska sauðasölu og síðar saltketssölu í Bretlandi. Einnig höfðu menn fryst ber og ávexti í sykurlegi að minnsta kosti frá árinu 1908 í mismunandi blöndum af salti og ís. Fiskur og kjúklingar höfðu líka verið varðveittir í svokölluðum kæligeymslum eða „cold storage“. Samt ber mönnum saman um, að ef nokkrum einum manni beri titillinn „faðir frystiiðnaðarins“, þá hljóti sú nafngift að falla Clarence Birdseye í skaut.

Framlag hans var með tvennum hætti. Hann varð fyrstur til að sjá mikilvægi þess að frysta matvæli svo hratt, að skemmdir á frumum og vefjum yrðu í lágmarki. Hins vegar – og mikilvægi þess var engu síðra – varð hann fyrstur til að frysta matvæli í umbúðum, sem selja mátti beint til neytandans.



Úr einni af búðunum í Springfield þar sem fyrstu hraðfrystu vörurnar voru settar í sölu í mars 1930. Myndin er tekin við það tækifæri og sýnir konurnar velta fyrir sér þessari nýlundu.

„Steyptist beint á hausinn en stóð upp aftur skjótt“

Sagan segir, að þegar Birdseye starfaði sem verkfræðingur uppi í Labrador á árunum 1912-'15 hafi hann farið að velta fyrir sér möguleikum hraðfrystingar. Hann var áhugasamur veiðimaður og komst fljótt upp á lag með að varðveita veiðina með því að stinga henni í snjó og láta napran vindinn leika um fiskinn í loftslagi sem var vel undir frostmarki. Þegar fiskurinn var þíddur hélt hann til fulls upprunalegum ferskleika sínum og gæðum. Til þess tíma má líklega rekja upphafið að hinu velheppnaða kjörorði, sem Birds Eye-fiskurinn var seldur undir síðar: „Frozen with the wiggle in its tail“, sem kannski mætti orða á íslensku með „Frystur með spriklið í sporðinum.“

Árið 1923 stofnaði Birdseye hlutafélag í New York með 20 þúsund dala hlutafé. Tilgangur félagsins var að frysta fiskflök. En félaginu mistókst að sannfæra almenning um að varan væri um nokkuð frábrugðin frystum og uppþíddum fiski úr kæligeymslum og fór snarlega á hausinn. En Birdseye var ekki af baki dottinn og fljótlega kom hann á fót nýju félagi, General Seafoods Corp., í Gloucester, Massachusetts, að þessu sinni með 60 þúsund dala hlutafé.

Árið 1928 hafði Birdseye þróað svokallaðan „tveggja belta frysti.“ Um miðjan fjórða áratuginn hafði þetta tæki breyst í svonefndan fjölplötufrysti, sem ruddi sér

hratt til rúms í iðnaðinum og hafði það einkum fram yfir fyrri aðferðir að varan komst þar ekki í snertingu við frystivökvann og tók þar af leiðandi ekkert aukabragð af honum.

Um þessar mundir var fyrirtækið Postum Company, ört vaxandi fyrirtæki með fjölbreytta starfsemi, að leita fyrir sér um nýja vaxtarmöguleika. Miðlarafyrirtækið Goldman, Sachs í New York leiddi stjórnendur Postum og Birdseye saman 1929 og í júní það ár keypti Postum General Foods, eins og móðurfyrirtæki General Seafoods hét þá, og breytti nafni sínu til samræmis. Postum greiddi 20 milljónir dala fyrir einkaleyfin, en aðeins tvær milljónir fyrir eignir fyrirtækisins. Sjálfur fékk Birdseye í sinn hlut aðeins innan við eina milljón dollara. Þetta hlýtur þó að teljast allgóð arðsemi á fimm árum eða svo. Eftir þetta kom Birdseye sjálfur ekki nálægt markaðssetningu frystivöru, en hélt áfram starfi að margvíslegum uppfinningum á sviði matvælaiðnaðarins.

Bylting í smásöluverslun

En hið endurnýjaða General Foods lét ekki þar við sitja. Innan árs frá því að það eignaðist einkaleyfi Birdseyes og eignir, hratt þetta fyrirtæki af stað byltingu í smásöluversluninni, sem hefur síðan farið sigurför um heiminn. Snemma upphafsárs heimskreppunnar miklu, nánar tiltekið hálfu ári eftir hrunið í kauphöllinni í New York, í fyrstu viku mars 1930, átti sá sögulegi atburður sér stað í Springfield, Massachusetts, sem þá var borg með um 125 þúsund íbúa, að fyrsta línan af frystum matvörum var kynnt neytendum í nokkrum völdum verslunum borgarinnar. Tilgangur þessarar tilraunar var fyrst og fremst sá að kanna viðbrögð almennings við frystum vörum, tilbúnum til matreiðslu.

Hugmyndin hafði verið kynnt vandlega fyrirfram. Sex mánuðum áður, í septemberhefti *Ladie's Home Journal* 1929, hafði birst ítarleg grein undir fyrirsögninni Ný framtíðarsýn í matvælaverslun. Með greininni birtist mynd af beltafrysti Birdseyes og greinarhöfundur reyndi að spá í hvernig matvælaverslun framtíðarinnar mundi líta út „þegar þetta nýja kælihugtak ryður sér til rúms í stórum stíl."

Framtíðarsýn greinarhöfundar reyndist fara furðu nærri hinu rétta. Hann taldi daga kaupmannsins á horninu senn á enda. Í stað hans mundi koma verslun, sem ekki væri nýlenduvöruverslun, ekki kjötmarkaður eða fiskmarkaður eða verslun með tilbúna rétti, heldur allt þetta undir einu þaki. Þetta yrði matvælaverslun í rýmstu merkingu þess orðs.

Í þessari verslun yrði heil deild helguð matvælum, sem yrðu til sýnis í stórum frystiborðum. Þar yrði frystur fiskur, kjöt, ávextir og grænmeti á boðstólum í skömmtum sem væru tilbúnir til matreiðslu. Neytandinn gæti afgreitt sig sjálfur að öðru en því að greiða fyrir vörurnar. Það áttu reyndar eftir að líða 20 ár tilrauna, mistaka og margvíslegra vonbrigða þar til fjölbreytt frystivörudeild af þessu tagi þótti sjálfsögð í hverri matvælaverslun í Bandaríkjunum og enn lengri tími þar til þessi hugmynd hafði farið sigurför um allan hinn iðnvædda heim.

Það stóð ekki á framleiðendunum að tileinka sér þessa byltingarkenndu nýjung. Í þessa fyrstu Birds Eye-framleiðslulínu skorti heldur ekki fjölbreytni. Raunar voru árin fyrir og eftir 1930 tími umfangsmikilla tilrauna með hvaða matvæli mætti frysta með góðum árangri og hvað ekki. Í þessari fyrstu framleiðslulínu, sem boðin var í 10 verslunum í Springfield, voru 18 mismunandi kjötsneiðar, spínat og baunir, fjölmargar ávaxta- og berjategundir, smáostrur og fiskflök. Þessu var pakkað í pappaöskjur með sellófan utan um og á öskjunum mátti þá þegar sjá



Clarence Birdseye, upphafsmaður frystiiðnaðarins, árið 1943. Hann fæddist 9. desember 1886 í New York og lést þar 7. október 1956. Aðferð Birdseye lá í því að hraðfrysta vörur í umbúðum á milli tveggja kældra málmplatna. Með þessu móti tókst að varðveita upprunalegt bragð matvæla mun betur en með eldri frystiaðferðum. Birdseye, sem var náttúrufræðingur að mennt, var með eindæmum hugmyndaríkur og aflaði hann sér nær 300 einkaleyfa fyrir uppfinningar sínar. Fyrir utan plötufrystinn má þar nefna innrauða hitalampa, bakslagsfría skutulbyssu til hvalveiða og aðferð til að draga vökva úr matvælum. Skömmu fyrir dauða sinn fullkomnaði hann aðferð til að ummynda stönglulleifar sykurreyrs í mauk til pappírsgerðar.

fuglsmerkið, sem flestum er svo kunnuglegt í dag og vörumerkið Birds Eye, myndað með því að skipta nafni uppfinningamannsins í tvennt. Allt í allt voru 26 tegundir á boðstólum í sýniborðum, sem voru 2,5 m. á lengd og 75 sentímetra breið.

Af sölunni þessa fyrstu tilraunamánuði drógu menn í General Foods þá ályktun að kjöt mundi verða uppistaðan í framleiðslu frystiiðnaðarins. Hins vegar fór það svo að þegar árið 1936 höfðu ávextir og grænmeti tekið forystuna og hafa haldið henni til þessa dags.

Um það leyti sem General Foods fór af stað með tilraunina í Springfield var reiknað með að fyrirtækið gæti séð 100 verslunum fyrir frystivörum og áætlað að geta fljótlega farið í 200 búðir. Þá voru taldar vera 400 þúsund matvælaverslanir í landinu. Erfiðleikarnir fram undan reyndust líka ekki koma frá framleiðsluhliðinni, heldur tregðu kaupmanna við að setja upp kæliborð og sýniskápa. Var það saga, sem átti eftir að endurtaka sig víðsvegar um lönd á næstu áratugum.

Fyrstu kæliborðin komu frá litlu fyrirtæki í Trenton, New Jersey, C.V. Hill & Co., Inc., og líktust einna helst venjulegum afgreiðsluborðum í kjötbúð. Þau voru lokuð og vörunni komið fyrir og hún tekin úr þeim aftan frá. Þau höfðu þó þann stóra kost að framhliðin var úr gleri svo að viðskiptavinurinn gat séð vöruna. En

verðið var hátt fyrir þá kreppudaga sem framundan voru. Tveggja og hálfs metra borðið kostaði 1.200 dollara og helmingi minna borð 700 dali. Birds Eye kom á samstarfi við lánastofnun í Baltimore um fjármögnun á kæliborðum þannig að kaupmaðurinn gat keypt með því að borga fjórðunginn út og afganginn með mánaðarlegum afborgunum á þremur árum.

En jafnvel með þessum hagstæðu kjörum reyndust matvælakaupmenn tregir til stórræðanna, sérstaklega þar sem naumast var um að ræða nokkra merkjanlega uppsveiflu í eftirspurn frá neytendum. Svo að Birds Eye fór inn á nýjar brautir. Þeir sömdu við fyrirtækið Amrad í New York um nýja og ódýrari gerð kæliskápa. Þeir höfðu reyndar þann ókost, að neytandinn sá ekki inn í þá. Á móti kom að þeir kostuðu ekki nema 250 dollara stykkið og Birds Eye tók þann kostinn að leigja þá fremur en selja með þriggja ára samningi fyrir 7 dali og 50 á mánuði.

Trúboð frystivörunnar

Eftir að dreifikerfi Birds Eye var komið í þetta horf var tiltölulega auðvelt að viðhalda því. Eftirlit var haft með því að ekki færi annað en Birds Eye-vörur í kælikisturnar um leið og séð var um að aldrei skorti í þær vörur. Jafnframt var séð til þess að smásalarnir seldu á réttu verði. Sölumenn Birds Eye tóku engar pantanir. Verslunareigendur hringdu pantanir inn í frystigeymslurnar, þar sem þeim var raðað í einangraða bíla, sem kældir voru með þurrís. Sölumenn fyrirtækisins gátu því einbeitt sér að útbreiðslu fagnaðarerindis kælitækni og frystra matvæla. Og Birds Eye þjálfaði sölumenn sína eins og trúboða. Þeim var kennt að tala, kenna, skjalla og sannfæra. Þetta gerðu þeir með aðstoð línurita á pappaspjöldum, sem sýndu kaupandanum svart á hvítu að þeir væru að kaupa aðeins hinn æta hluta vörunnar, án beina og annars úrgangs, svo og með verðsamanburðarlistum, sem komið var fyrir í þúsundatali við hliðina á kælikistunum í verslununum.

„Trúboðinn“ frá Birds Eye bar jafnan á sér lítinn myndskreyttan bækling með titlinum „Sölu- og sögutækni“ (The Know-How of Telling and Selling). Þessi upplýsandi bæklingur var gjarnan látinn hanga í snæri á snyrtiherbergjum verslananna svo að afgreiðslufólkið gæti notað tímann sér til upplýsingar. Bæklingurinn var í myndasöguformi og ekki síður skemmtilegur en fræðandi. Hann þótti veita afgreiðslufólkinu ómetanlega þjálfun.

Strax og nýr kaupmaður gekk til liðs við Birds Eye var honum sendur næringarráðgjafi í eina til tvær vikur til að uppfræða bæði afgreiðslufólk og neytendur.

Með þessum hætti var dreifikerfið smám saman og með kerfisbundnum hætti fært út og stækkað. Birds Eye forðaðist þau mistök að ganga of langt of fljótt. En með þessum hraða snigilsins fjölgaði útsölustöðum hægt: voru rúmlega 500 árið 1934 og komnir upp í 1.600 tveimur árum seinna, samanþjappaðir á þremur markaðssvæðum í New York, Fíladelfíu og Washington.

Flestöll kreppuárin var það í rauninni stofnanamarkaðurinn, sem bar söluna uppi (mötuneyti skóla, sjúkrahúsa, fangelsa, stórfyrirtækja o.s.frv.). Þar þurfti ekki að kljást við hleypidóma einstakra neytenda, sem í fæstum tilfellum vissu að þeir voru að borða mat, sem hafði verið frystur, en lengi eimdi eftir af andúð manna á „kæligeymslumatvælum“, mat sem var þíddur upp í búðinni, áður en hann var seldur neytandanum. Um miðjan fjórða áratuginn hafði tekist að koma frystum matvælum í matsali flestra járnbrauta og farþegaskipa, en hótel og veitingahús héldu einna lengst út í andófi gegn frystingunni. Sum gengu jafnvel svo langt að prenta sérstaklega á matseðilinn, að þau „byðu ekki upp á frystan mat“.

Fram undir þennan tíma hafði General Foods starfað á grundvelli einkaleyfa Birdseyes og setið nálega eitt að markaðnum. En með valdatöku Roosevelts og demókrata 1933 kviðu frammámenn fyrirtækisins því að verða fyrir barðinu á aðgerðum stjórnvalda gegn einokun og hringamyndun og reyndu að komast framhjá þessum vanda með því að leigja samverkamönnum sínum frystitækin gegn ágóðahlutdeild, en með því var þeim frjálst að frysta einnig fyrir aðra en Birds Eye. Frá og með árinu 1937 varð þetta hinsvegar akademísk spurning þar sem aðrir verkfræðingar höfðu þá þróað frystitæki, sem ekki féllu undir einkaleyfisvernd Birdseye. Nú opnuðust allar dyr fyrir óheftri samkeppni og viðskipti með fryst matvæli tóku stóran kipp.

Hraðfrystingin og stríðið

Við upphaf heimsstyrjaldarinnar var svo komið að fryst matvæli voru fáanleg víðsvegar um Bandaríkin. Heildarframleiðslan náði þó enn tæpast 400 milljónum punda og sölustaðirnir voru kringum 20 þúsund eða um 5% matvöruverslana. Ennþá var hálfur annar áratugur í það að tilbúnir réttir væru á boðstólum í fleygjanlegum álumbúðum eða suðupokum úr plasti. Fryst matvæli voru fyrir efnaðra miðstéttarfólk að flestra áliti og sölutæknin í samræmi við það.

Um það leyti sem Bandaríkjamenn hófu þátttöku í styrjöldinni hafði Japan þegar lagt undir sig helstu tinframleiðslulöndin í Asíu og dósaefni var því af skornum skammti fyrir niðursuðuiðnaðinn. Þegar þar við bættist að mikill hluti niðursuðuframleiðslunnar var frátekinn fyrir herinn myndaðist glufa á innanlandsmarkaðnum, sem frystiiðnaðurinn gat smeygt sér inn í. Frystiiðnaðurinn notaði í sínar umbúðir efni sem ekki töldust jafnmikilvæg til hernaðarnota og tinið, svo sem bylgjupappa, pergament, vaxborinn pappír og sellófan. Af þessu leiddi að niðursuðuiðnaðurinn fór í stríðið meðan frystiiðnaðurinn var í hlutverki heimavarnarliðsins og falið að sjá heimamarkaðnum fyrir stöðugu framboði og naut því sérstakra kjara af hálfu stjórnvalda um útvegun efnis til stækkunar frystihúsa, bygginga kældra vörugeymslna, smíða á öflugri kæli- og frystibúnaði og framleiðslu á kæliborðum og kæliklefum fyrir verslanir. Á þessum árum tvöfaldaði iðnaðurinn framleiðslugetu sína. En þrátt fyrir það var í stríðslok svo komið að eftirspurnin var í fyrsta sinn meiri en framboðið.

Fryst matvæli eins og öll önnur matvara voru skömmtuð á stríðsárunum. Þetta reyndist iðnaðinum þó fremur til framdráttar en hitt. Skömmtuninni fylgdi, að verslanir voru skyldaðar til að sýna viðskiptavinunum með áberandi hætti, hvaða gildi hver vörutegund hafði í skömmtunarkerfinu, hvort sem sú vara fékkst í versluninni eða ekki. Með þessu móti fékk iðnaðurinn umfangsmikla ókeypis kynningu og auglýsingu. Við þetta bættist að „Skipulagsnefnd framleiðslumála til stríðsrekstrar“ gaf ákveðinn forgang efna til framleiðslu á frystihólfum, sem þutu upp fyrst á stríðsárunum, og síðar til kæliskápa til heimilisnotkunar, enda gífurleg áhersla lögð á að engin matvæli færu til spillis, hvort sem var til notkunar heima fyrir eða til að birgja upp herina í fjarlægum löndum.

Á stríðsárunum var frystikeðjan þannig víkkuð út í Bandaríkjunum að hún náði óslitið frá framleiðandanum til heimilis neytandans, sem nú gat birgt sig upp af fjölbreyttu úrvali matvæla og geymt heima hjá sér til notkunar eftir hendinni.

Í stríðslok voru Bandaríkin eini stóri markaðurinn með dreifikerfi fyrir frysta vöru, sem náði um landið þvert og endilangt. Kæliskápar á heimilum voru einnig að verða algengir þar. Bandarískí dollarinn bar líka höfuð og herðar yfir alla al-

þjóðlega gjaldmiðla í hagkerfi eftirstríðsáranna. Bandarískí markaðurinn hlaut því að verða eftirsóttur fyrir alla framleiðendur frystra matvæla. Íslendingar létu þar sinn hlut ekki eftir liggja og um áratuga skeið bar bandarískí markaðurinn uppi íslenskan hraðfrystiiðnað og lagaði hann að verulegu leyti að þeim kröfum, sem þar í landi voru gerðar. Þegar þar við bætist, að Íslendingar urðu fyrstir Evrópuþjóða til að taka upp ameríska frystitækni, verður að teljast við hæfi að hefja þessa sögu Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna með því að bregða upp mynd af árdögum bandarísks frystiiðnaðar og frystivörumarkaðar. En nú erum við komin aðeins fram úr söguefninu og hverfum því aftur til Íslands og þess sem þar er að gerast á þeim árum sem Clarence Birdseye er að stíga sín fyrstu spor við frystingu fiskflaka í New York.

Ungur íslenskur kaupsýslu- og athafnamaður er þá byrjaður að velta þessum málum fyrir sér og þess skammt að bíða að fyrsta frystihúsið rísi af grunni í höfuðborg landsins.

1. Upphaf íslensks frystiiðnaðar og viðskipta með freðfisk

Íshús og vélfrysting

Á Íslandi átti frystiiðnaðurinn einnig sinn aðdraganda og þróun. Eftir því sem sjávarútvegurinn efldist í lok 19. aldar með aukinni skútuútgerð, fjölgun smábáta og vaxandi síldveiðum, varð þörfin ljósari á því að finna leiðir til´að hafa aðgang að beitu allan ársins hring. Menn höfðu spurnir af því, að í Ameríku hefðu menn leyst þetta mál með vel einangruðum kæligeymslum fyrir ís, sem numinn var af ám og vötnum. Salti var svo blandað í ísinn til að framleiða kulda.

Fyrsta íslenska íshúsið var svo byggt í Reykjavík árið 1895 fyrir forgöngu Tryggva Gunnarssonar, bankastjóra Landsbankans, sem beitti sér fyrir því að fá tvo Íslendinga frá Vesturheimi til að leiðbeina mönnum og hvetja til byggingar íshúsa til að leysa úr eilífum beituvandræðum íslenska flotans. Þessir menn voru þeir Jóhannes Nordal og Ísak Jónsson. Skiptu þeir með sér verkum, þannig að Ísak ferðaðist um Austfirði og Norðurland og bauð fram krafta sína og kunnáttu við byggingu ísgeymslna, en Jóhannes kom upp á vegum Tryggva íshúsi í Reykjavík, sem löngum var við hann kennt og kallað Nordalsíshús. Við Reykjavíkurtjörn risu síðar tvö íshús, Herðubreið og Ísbjörninn, en jafnframt breiddust íshúsin mjög ört út um landið og urðu undirstaða vélvæðingar bátaflotans á fyrstu áratugum 20. aldar.

Næsti áfangi í þessum málum var notkun frystivéla í íshúsum. Gísli J. Johnsen lét setja upp fyrstu frystivélarnar hjá Ísfélagi Vestmannaeyja hf. árið 1908. Vélarnar voru að sjálfsögðu einkum ætlaðar til beitufrystingar, en þegar árið 1910 var þar heilfryst lúða og var það síðan gert í allstórum stíl á sumrin á þeirrar tíðar mælikvarða. Hannes Hafstein beitti sér fyrir því, að sett var upp kælirúm í millilandaskipið „Botníu“ og mátti þannig flytja lúðuna frysta til Kaupmannahafnar.

Upp úr 1920 vaknaði áhugi á því að leita markaðar fyrir fryst kjöt og voru fluttar tillögur á Alþingi um kaup á kæli- eða frystiskipi í því skyni. Niðurstaðan varð sú, að ríkissjóður lagði fram fé til að koma upp stóru kælirúmi í Brúarfossi 1927. Fyrir voru lítil frystirúm í Gullfossi og Goðafossi. Vélvædd íshús fóru nú að þreifa fyrir sér með heilfrystingu fisks, einkum flatfisks. Eina fyrstu tilraunina gerði Elínmundur Ólafs í Keflavík árið 1929.

Draumafabrikka Esphólíns

En þegar nokkrum árum fyrr, eða árið 1925, hugði framsýnn Íslendingur á byggingu stærra og veglegra fiskiðjuvers en enn hefur verið byggt á Íslandi.

Á fyrsta fjórðungi þessarar aldar var lífið á Íslandi saltfiskur og ekkert sérstakt, sem knúði á að menn gerðu tilraunir með nýjar verkunaraðferðir og markaðssetningu á nær ókunnri vöru. Togurunum fjölgaði jafnt og þétt samfara eflingu bátaflotans. Á haustin var siglt með aflann ísvarinn til Bretlands, á sumrin stunduðu togararnir síldveiðar. Þess á milli var fiskað í salt og Íslendingar hófu bein viðskipti við Miðjarðarhafslöndin og markaðirnir tóku greiðlega við vaxandi framleiðslu. Einstaka framsýnir menn sáu þó að stefndi í óefni, þar sem framboð á saltfiski frá fiskveiðiþjóðunum við Norður-Atlantshaf færi hægt og sígandi fram úr eftirspurn markaðslandanna með tilheyrandi verðfalli.



Þær kunnu margt fyrir sér húsmæðurnar í gamla daga. Konan drýgir tekjur heimilisins við Vesturgötu í Reykjavík með því að sólþurrka saltfisk á lóðinni heima hjá sér. Það var algengt í Reykjavík í kringum aldahvörfin síðustu að saltfiskútflytjendur réðu húsráðendur út um allan bæ til að taka fisk heim til sín og þurrka. Þetta var nánast eins og heyskapur, sæta þurfti veðri og vindum við þurrkunina og ávallt að taka fiskinn saman að kveldi því að skjótt skipast veður í lofti. Myndin er tekin 1890. Í baksýn sér austur Vesturgötuna en móhraukar eru hinum megin götunnar. Visast hefur þessi duglega húsmóðir ekki látið af saltfiskverkun þótt ný öld gengi í garð, að minnsta kosti ekki ef hún hefur fylgt straumi tímans. Á fyrsta fjórðungi 20. aldar hljóp mikill fitonskraftur í íslenska saltfiskverkendur og íslenskur saltfiskur streymdi á suðræna markaði við Miðjarðarhaf og víðar. Ljósm: TEA/30/Ljósmyndasafn Reykjavíkurborgar (hér eftir LSR)

Það þurfti samt mikla bjartsýni og framsýni samfara alþjóðlegri viðskiptaþekkingu til þess að láta sig svo mikið sem dreyma um að stofna til stóriðju með frosinn fisk á þessum árum. Á meginlandi Evrópu voru menn að vísu að þreifa sig áfram með verkun og sölu á heilfrystri síld og flatfiski. Norðmaðurinn Nekolai Dahl fékk einkaleyfi á frystingaraðferð með saltpækli 1913 og skömmu síðar fékk danski verkfræðingurinn Ottesen einkaleyfi á svipaðri aðferð. Í Bandaríkjunum fór Clarence Birdseye á hausinn 1924 með fyrsta fyrirtæki sitt á sviði frystingar, en var risinn upp aftur 1928 með plötufrystinum og frystum og unnum fiski í smápakkningum, tilbúnum til matreiðslu.

Það er því með ólíkindum að hér úti á Íslandi séu menn þegar um þetta leyti farnir að velta þessum hlutum fyrir sér, hvað þá búnir að undirbúa þá þannig að þeir eru að komast á framkvæmdastig. En þann 7. mars 1925 birtist í Morgunblaðinu frétt um umsókn Esphólínbræðra á Akureyri um lóð fyrir frystihús í Reykjavík, og rafmagn og vatn til reksturs þess. Augljóst er af fréttinni að erindi þetta er búið að ganga milli margra nefnda bæjarstjórnar og hefur því sennilega

verið undirbúið þegar á árinu 1924. Fyrirtæki þetta á ekki að verða nein smásmíði. Gert er ráð fyrir að það geti fryst árlega 25.000 tonn af fiski og kjöti og frystigeymsla á að vera fyrir 2.500 tonn af fiski auk geymslu fyrir 50 tonn af ís. Daglega á húsið að geta tekið á móti og fryst 80 tonn af fiski og kjöti og búið til jafnframt 60 tonn af ís, en ef fryst er eingöngu annaðhvort kjöt eða fiskur væri hægt að taka um 125 tonn á sólarhringnum. Til að gera sér grein fyrir þeim stórhug sem hér liggur að baki má vísa til þess að langstærsta og afkastamesta frystihús landsins tuttugu árum síðar, 1944, Hraðfrystistöð Vestmannaeyja, afkastar 45 tonnum af flökum á sólarhring, eða sem svarar u.þ.b. 100 tonnum upp úr sjó, en tvö þau næststærstu anna 30 tonnum, eða sem svarar u.þ.b. helmingi afkasta þessa fyrirhugaða fiskiðjuvers Esphólíns.

Í lóðarumsókninni er mikið lagt upp úr því að félagið fái lóð á hafnarbakkanum, helst með 10.000 m^2 athafnasvæði, enda greinilega meiningin að leggja mikið upp úr framleiðslu íss fyrir togarana, en hingað til hafði sú ísframleiðsla farið að mestu fram með því að nema ís úr Tjörninni og mylja síðan og geyma í Nordalsíshúsi, Herðubreið og öðrum íshúsum í borginni, sem flest stóðu í kringum Tjörnina. Nokkur undanfarin ár höfðu farið fram miklar umræður um þau óhreinindi, sem í ísnum gátu verið, enda lágu fjölmörg skolpræsi út í Tjörnina frá byggðinni í kring.

Þann 1. apríl flytur Morgunblaðið nánari fréttir af þessu frystihússmáli. Þar er þess getið að fyrirhugað sé að nota aðferð Ottesens til frystingarinnar, enda hafi bræðurnir Esphólín einkarétt á henni fyrir Ísland. Fyrirtækið hafi traustan fjárhagslegan bakhjarl, því að sænskir menn hyggist lána fé til að koma því á fót „og festist því lítið íslenskt fje í því, þó það komist á stofn“ eins og Morgunblaðið segir og telur greinilega augljósan kost. Blaðið telur að við frystihúsið muni vinna 40 manns nótt og dag, og er helst af því að ráða að ætlunin sé að vinna á vöktum og starfrækja húsið allan sólarhringinn. Bent er á hagnað bæjarins af sölu rafmagns, einkum á nóttunni og á sumrin þegar almenn notkun er í lágmarki, og einnig af sölu vatns. Þá er minnst á ráðagerðir um fiskiklak austur í sveitum í stórum stíl, því að forgöngumenn frystihússins telji vafa leika á að því berist nægilega mikið af ferskvatnsfiski til frystingar og útflutnings, nema skipulegar ráðstafanir verði gerðar til að auka viðkomuna.

Undir millifyrirsögninni *Sjávarútvegurinn og frystihúsið* segir blaðið: „Vafalítið verður að telja það, að mikið gott gæti af frystihúsinu leitt fyrir sjávarútveginn hjer, ef það yrði rekið í jafnstórum stíl og fyrirhugað er. Það mundi kaupa ísfiskinn af togurunum, og spöruðu þeir Englandsferðir sínar og allan þann mikla tíma sem í þær fer, og gætu stundað veiðar allt að helmingi lengri tíma. Smáskipin, sem ekki geta komið afla sínum nýjum á markaðinn, mundu geta selt hann frystihúsinu. Og margt fleira getur til greina komið.“

Frétt þessa endar blaðið svo á hugleiðingum um kröfur kaupenda um að fá kjöt- og fiskmeti nýtt, en ekki saltað og geymt. „Náttúran leggur okkur mikið upp í hendurnar af afurðum. Þá er að gera þær þannig úr garði, að þær samsvari kröfum þeirra, sem kaupa þær“.

Tilbúnir til stórræða

Þegar umsóknin er lögð fram í byrjun árs 1925 virðist sem Esphólínbræður telji sig tilbúna til stórræðanna og hyggist hefjast handa um bygginguna samsumars. En málið þarfnast víða skoðunar í bæjarkerfinu: hjá hafnarnefnd, lóðanefnd, rafveitu, vatnsveitu o.s.frv. Öðru hverju eru þó fréttir af málinu í blöðum bæjarins um




Á fisksölutorgi ofan við Steinbryggjuna í Reykjavík árið 1919. Bryggjan var að heita mátti í beinu framhaldi af Pósthússtræti. Þarna seldu dagróðrarbátarnir afla sinn en togararnir sigldu. Morgunblaðið sá í hillingum að frystingin myndi fría togarana frá þessum tímafreku siglingum en það fór á aðra lund. Frystihúsin héldu áfram að kaupa fiskinn af línubátum og togararnir að sigla. Það var ekki fyrr en um og eftir 1952, þegar Bretar gerðust styggir og tóku að leggja hömlur á landanir íslenskra togara, að frystihúsin byrjuðu að vinna togarafisk að einhverju marki.
MAÓ/921/LSR

sumarið. Í Vísi 16. júlí og Morgunblaðinu 18. júlí er sagt að Esphólínbræður hafi fengið sendingu af kjöti og fiski frá Svíþjóð, sem fryst hafi verið með Ottesensaðferðinni, tekin út úr frystihúsi í Gautaborg í 30 stiga hita, send með járnbrautarvagni til Noregs og þaðan í lestarrými Lýru í venjulegum kassa. Tók flutningurinn níu daga. Helst er að ráða af frásögn blaðanna að þeim hafi verið boðið til að smakka á vörunni, a.m.k. hika þau ekki við að fullyrða að kjötið hafi reynst ljúffengt og bragðgott og fiskurinn sem nýr væri.

Morgunblaðið segir þá að von sé á sænskum verkfræðingi til landsins, vélar séu þegar til og allur sá búnaður, sem til fyrirtækisins þurfi.

Þó kveður nokkuð við annan tón í Alþýðublaðinu. Þann 28. júlí skrifar einhver G.G. þar grein um frystihússmálið. Lýkur henni með því, að það væri „illa gert, ef þessu væri ráðið til of fljótra lykta, svo að þessir framsæknu og stórhuga menn, sem að því standa, hlytu tjón af." Rökstuðningurinn fyrir þessu er sá, að íshúsin, sem fyrir eru geti hæglega séð bæjarbúum fyrir nægum kældum matvælum, útflutningur héðan úr bænum á kjöti hafi hingað til verið óverulegur eða enginn, og vafasamt verði að teljast að til sé markaður erlendis fyrir frystan fisk.

Þann 5. september skýrir Morgunblaðið frá því að sænski verkfræðingurinn Ernst Nordenstedt hafi mætt ásamt Ingólfi Esphólín fyrir hafnarnefnd; hafi þar verið rætt um lóðarumsókn þeirra, en engin ákvörðun tekin. Þann 19. september



Það var að sönnu glæsilegt frystihúsið sem þeir Esphólínbræður, Ingólfur og Hjalti, hugðust reisa um miðjan þriðja áratug 20. aldar. Ekkert varð þó úr þessari byggingu sem hefði vafalítið orðið glæsilegasta frystihús landsins eftir teikningunni að dæma sem er dagsett 30. nóvember 1925.

kemur fram í Dagblaðinu að hafnarnefnd hafi fallist á að gefa þeim kost á lóð vestan Ingólfsstrætis og norðan fyrirhugaðrar Sölvhólsgötu og greiðist af henni leiga 1. janúar 1927, enda ætlast til að byggingunni sé komið upp á þeim tíma og ekki byrjað á verkinu seinna en vorið 1926. Lóðarsamningnum fylgir fyrirheit um viðbótarlóð vestan við þessa, enda verði sú lóðarspilda ekki notuð undir járnbrautarstöð, sem um þessar mundir voru töluverðar bollaleggingar um og átti að tengja höfuðborgina við Suðurlandsundirlendið. Og enn virðist fullur skriður á málinu, því að til er teikning frá 30. nóvember 1925 af því frystihúsi, sem Esphólínbræður hyggjast reisa á þessari lóð. Það er teiknað af Sigurði Péturssyni og Þorleifi Eyjólfssyni. Er skemmst frá því að segja að þetta virðist glæsilegra hús en nokkrum hefur enn auðnast að byggja yfir fiskiðnað á Íslandi á þeim 70 árum, sem síðan eru liðin. En því miður tókst Esphólínbræðrum ekki að færa draum sinn í íslenskan búning. Nú verður löng töf á þessum fyrirætlunum, en þegar hafist er handa, ákveða Svíarnir að rífa niður stórt verksmiðjuhús, sem þeir áttu í Gautaborg, og flytja til Íslands. Það varð að vísu stærsta bygging, sem reist hafði verið á Íslandi fram að þeim tíma, en varð íslenskum frystiiðnaði aldrei sú lyftistöng, sem fyrirhugað hafði verið.

Ævintýralegt hlutafé

Á árinu 1926 hafa blöðin fáar fréttir að flytja af frystihússmálinu. Þann 15. september greinir Vísir þó frá því að félag hafi verið stofnað í Gautaborg í júní til framgangs málinu. Það reynist þó þjófstart. Morgunblaðið segir frá því 18. desember að félag um frystihúsið verði stofnað þann 30. desember og í tilkynningu til hlutafélagaskrár er sá dagur talinn stofndagur félagsins Svensk-Islandska Fryseriaktiebolaget. Samkvæmt tilkynningunni er hlutafé félagsins hvorki meira né minna en 1.200 þúsund sænskar krónur, sem er gífurleg upphæð á íslenskan mælikvarða, þar sem orðrómurinn einn um slíkar hlutafjárupphæðir nægði til þess að fyrirtæki var uppnefnt „Milljónarfélagið“. Til samanburðar má geta þess að hlutafé

hf. Djúpuvíkur, sem tæpum áratug seinna reisti fullkomnustu síldarverksmiðju í heimi norður í Reykjarfirði á Ströndum var ekki nema 300 þúsund krónur íslenskar.

Nú bregður líka svo undarlega við, að Esphólínbræður virðast gersamlega út úr myndinni. Stjórnin situr í Gautaborg og hana skipa Carl Mauritz Blidberg forstjóri, Franz Erik Wilhelm Olsen verkfræðingur, Rolf Hjalmar Forshell forstjóri, Carl Philip Johannes Lindstedt fil.dr., Franz Hartmann deildarstjóri og August Neumann forstjóri Hamborg, Þýskalandi. Við nýja tilkynningu til hlutafélagaskrár 1932 eru allir sömu menn enn í stjórn, nema sá síðasttaldi. Við af honum hefur tekið Carl H. Colliander.

Í ágætri grein Elínar Pálmadóttur í Morgunblaðinu 18. febrúar 1990 er einnig nefndur til þessarar sögu Viktor Rudolf Forshell, faðir Rolfs, föður Per Olof Forshell, sem var sendiherra Svía hér á landi á síðasta áratug. Viktor Rudolf var lengi framkvæmdastjóri Sveriges Förenade Konservfabrikker, sem var allt til 1962 stærsta niðursuðufyrirtæki Svíþjóðar, en sameinaðist þá fyrirtækinu Abba undir nafninu Abba-Fyrtornet, en heitir einfaldlega Abba síðan 1970. Viktor Forshell hafði keypt síld frá Siglufirði fyrir fyrirtæki sitt allt frá árinu 1898. Má vera að leiðir hans og Esphólínbræðra hafi legið saman gegnum þau viðskipti.

„Mót hag landsmanna minna“

Þann 26. febrúar 1927 er undirritaður lóðarsamningur við Reykjavíkurborg; undirrita hann fyrir félagið þeir John Fenger, konsúll Svía hér á landi, og Lárus Jóhannesson lögfræðingur. Elín Pálmadóttir veltir því fyrir sér í fyrrnefndri grein hvað hér hafi gerst, hví Esphólínbræður séu nú ekki lengur með: „Spurning hlýtur að vakna hvað varð um þeirra þátttöku áður en Sænsk-íslenska frystihúsið var opnað. Af hverju hættu þeir? Sagt var að upphaflegt hlutafé hafi verið aukið áður en húsið tók til starfa og Ingólfur Esphólín hafi ekki treyst sér til að tryggja sinn hlut. En nú hefur komið í leitirnar bréf, sem Ingólfur Esphólín skrifaði þremur árum síðar, eða skömmu eftir að Sænsk-íslenska tók til starfa, og af öðru tilefni. Þar segir hann: „Hvað viðkemur þannig þekkingu minni á öðrum löndum en Svíþjóð, þá mun ég yfirleitt ekki vera öðrum síðri í þeim efnum, enda fékk ég lærdóm þá er ég í nærri 4 ár vann að undirbúningi og söfnun á fé til Sænsk-íslenska frystihússins hér í Reykjavík, því ætlunin var að ég yrði forstjóri þess fyrirtækis. En það fórst fyrir, fyrst og fremst af því að ég að endingu áleit mér ekki samboðið að vinna mót hag eigin landsmanna minna, þá er ég komst að raun um hvernig stjórn félagsins yrði skipuð; og einnig vegna þess að eftir þetta 4 ára tímabil, sem undirbúningur og stofnsetning tók, virtist mér frystiaðferðin, „Ottesens“, vera orðin úrelt, eins og mér enn frekar virðist nú. Svo og af þeirri ástæðu, að mér þótti ekkert keppikefli, þá sem komið var, að halda til streitu loforðum um framkvæmdastjórastöðuna.“ Samkvæmt gögnum í fórum Forshells sendiherra hafði Jón Esphólín þegar í janúar 1929 selt sænsku aðilunum hlut sinn í fyrirtækinu.“[2]

Við þetta má bæta upplýsingum, sem koma fram í grein Ingólfs Esphólíns í Alþýðublaðinu 15. febrúar 1935, en þá um veturinn átti hann í allsvæsinni ritdeilu við Harald Gustafsson, framkvæmdastjóra „Sænska“: „Annars verður það að kallast skrambi strembið, þegar félag Sænska frystihússins fer að ráðast á mig að fyrrabragði og m.a. brigsla mér um lélegan fjárhag. Það var þetta félag sem var fyrsta og eina orsök þess, að ég fyrir 7-8 árum [þ.e. 1927-’28, innsk. ÓH] komst í fjárhagserfiðleika, – húsið, sem ég átti frumkvæðið að – þó ég að lokum ekki fengi ráðið

fyrirkomulagi þess, – húsið sem ég vann fyrir með með oddi og egg um þriggja ára bil [þ.e. 1925-'28, innsk. ÓH] og útvegaði ýmis hlunnindi, án þess að bera nokkuð úr býtum, ekki einu sinni að ég fengi að fullu endurgreitt hlutafjárframlag, ferðakostnað og annan útlagðan kostnað. Hér virðist hafa sannast enn á ný, að: skepnan rís gegn skapara sínum."

Sænskur kumbaldi við blindgötu

Eftir þessu að dæma hafa samvinnuslit orðið með þeim Esphólínbræðrum og Svíum á árinu 1928 og meginorsök þeirra verið ósamkomulag um byggingu hússins og vaxandi efasemdir Ingólfs um þá frystiaðferð, Ottesensaðferðina, sem Svíarnir héldu fast við að nota. Um hvort tveggja virðist Ingólfur hafa haft á réttu að standa. Í ritdeilunni hefur Ingólfur það eftir Gustafsson forstjóra, að „húsið er svo illa samið [eða „hannað" eins og sagt yrði í dag], að það borgar sig aldrei, eins þó maður fengi það gefins." Húsið varð aldrei til þess að ryðja neina braut hér á landi. Til viðbótar hinni ævintýralegu hlutafjárupphæð, 1.200 þúsundum sænskra króna, dældu eigendurnir í það síðar 400 þúsund krónum. Af því fé fengu hluthafar aldrei eyri í arð, né gat fyrirtækið greitt sjómönnum hærra verð fyrir fiskinn, né gert endurbætur á húsum og vélum. Því tókst aldrei að ná neinni markaðsstöðu, sem orð sé á gerandi. Einstaka maður hefur reynt að gera því skóna að „frystihússbákn þeirra Gautaborgarmanna", hafi verið lýsandi tákn og fyrirmynd um að nýta erlent fjármagn og viðskipta- og tækniþekkingu íslenskum atvinnuvegum til framdráttar. Sannast sagna virðist, að í því efni hafi þetta fyrirtæki verið steingelt. Má raunar til sanns vegar færa að kumbaldi þessi hefði verið betur kominn á sínum grunni úti í Gautaborg. En hinn þrákelkni Íslendingur Ingólfur G. S. Esphólín varð samt sem áður faðir íslensks hraðfrystiiðnaðar, en þá einungis þegar hann var búinn að smækka drauminn niður í lítinn skúr við Norðurstíg. En sá skúr eignaðist líka yfir hundrað afkomendur.

Á því leikur varla nokkur vafi, að hugmyndin og frumkvæðið að fyrsta frystihúsinu á Íslandi kemur frá Íslendingum og í fyrstu frásögnum reykvíska blaða af henni er talað um frystihús þeirra Esphólínbræðra, sem hafi sænskt fjármagn sem bakhjarl. Síðan fara Svíarnir að verða æ fyrirferðarmeiri í fréttunum og þegar framkvæmdir hefjast á árinu 1927 er Esphólínbræðra ekki lengur getið í fréttum af fyrirtækinu, þótt ýmislegt bendi til að full samvinnuslit hafi ekki orðið fyrr en árið 1928 eða '29.

„Ekki of glæsilegar vonir"

En hvenær nákvæmlega sem upp úr samvinnunni slitnaði þokast þó málið áleiðis. Í Morgunblaðinu 13. október 1927 er sagt frá því að hingað til lands séu komnir þrír Svíar: Ernst Nordenstedt verkfræðingur, Ljungwall verkfræðingur sem stjórnar byggingunni á vegum A/B Skaanska Cementgjuteriarna, og Sigge Jonsson, er annast fjárreiður við bygginguna. Morgunblaðið hefur hitt þessa þrjá menn að máli og hefur Nordenstedt einkum orð fyrir þeim:

„Það er ekki vert að gera mönnum alltof glæsilegar vonir, segir hr. Nordenstedt, á þessu stigi málsins. Við erum hingað komnir til að reisa þetta hús. Þó það verði að vísu nokkuð stórt um sig, eftir hjerlendum mælikvarða (gólfflöturinn er 2.300 fermetrar) þá getur það ekki tekið nema lítinn hluta af framleiðslu landsins.

– Hve langt er síðan að byrjað var að nota frystiaðferð þá sem hjer verður notuð?



Sænsk-íslenska frystihúsið, oft kallað Sænska eða Sænska frystihúsið, til hægri. Myndin er að öllum líkindum frá sama ári og húsið tók til starfa eða 1930. Sá atburður markaði tímamót í sögu Íslands. Vestmannaeyingar höfðu að vísu fryst og flutt út fisk svo snemma sem 1910 en það var aldrei í neinum verulegum mæli. Það var fyrst við opnun Sænska, og hraðfrystihúss Ingólfs Esphólíns árið 1933, að frystiöldin gekk fyrir alvöru í garð á Íslandi. Í Reykjavíkurhöfn getur að líta álitlegan togaraflota. Til vinstri teygir kolakrani sig til himins, en hann hvarf síðar úr sögunni við innreið olíunnar. Ljósm: MAÓ/23/LSR

– Við höfum nú notað Ottesens-aðferðina í 10 ár. Þessi ár hafa verið okkur reynslu- og tilraunatími. Nú má segja að við séum búnir að yfirvinna alla byrjunarörðugleika. Nú getum við sent fisk frá Svíþjóð suður um alla Miðevrópu.

– Hvenær á húsið að vera komið upp svo frysting geti byrjað?

– Síðla næsta sumar eða næsta haust, vonumst við eftir því að allt verði komið í lag."

Síðar í viðtalinu fer Nordenstedt lofsamlegum orðum um John Fenger, ræðismann Svía hér á landi, kveður hann frá öndverðu hafa haft mikinn áhuga á þessu máli og það að sumu leyti honum að þakka, að málinu skuli hafa miðað svo vel áleiðis sem raun sé á orðin. Hvorki fylgja vinsamleg orð til Esphólínbræðra, né að ástæða þyki til að láta þeirra þáttar að nokkru getið. Hitt reyndist „of glæsilegar vonir" að húsið kæmist upp haustið 1928. Ekki komst það heldur upp 1929. En þann 18. febrúar alþingishátíðarárið 1930 rennur hinn langþráði dagur upp og Morgunblaðið skýrir frá því, að „hið mikla frystihúsbákn þeirra Gautaborgarmanna, sem um alllangt skeið hefir verið í smíðum hjer á hafnarbakkanum í Reykjavík, er nú að svo miklu leyti fullgert, að eigendur þess byrja að taka þangað fisk til frystingar í dag."

Það eru fleiri en Íslendingar sem líta á þetta sem stóran dag og merk tímamót. Allir helstu frammámenn í stjórn Svensk-Islandska fryseriaktiebolaget eru komnir til Íslands til að vera viðstaddir opnunina. Rolf Hjalmar Forshell og Greta kona hans og Franz Hartmann, síðar framkvæmdastjóri Pripps-verksmiðjanna, og Inga

kona hans taka sér fari út hingað með Brúarfossi í byrjun árs 1930, en á undan þeim var kominn til Reykjavíkur dr. Philip Lindstedt, sem er sagður sá sem „fyrstur keypti fyrir sænsku aðilana einkaleyfið á Ottesensaðferðinni fyrir Ísland."

Þessi sænsku stórmenni höfðu þó stuttan stans hér á landi. Yfir fyrirtækið settu Svíarnir landa sinn H. Gustafsson, sem stýrði því þann áratug, sem það var í sænskri eigu. Gat hann sér hið besta orð í hópi kaupsýslu- og framkvæmdamanna í Reykjavík, en mjög mun honum hafa þótt illa búið í hendur sér af hálfu hinna sænsku eigenda, svo sem fram kemur hér á eftir.

Áskorun til útgerðarmanna

En sigurvíman entist ekki lengi eftir opnunardaginn. Rúmlega fimm vikum síðar skrifar Runólfur Stefánsson grein í Alþýðublaðið. Honum rennur til rifja vandræðagangurinn á þessu frystihússbákni og segir. „Nú hefur íshúsið haft hér liggjandi gufuskip um langan tíma að bíða eftir smáfarmi; hvenær þeir verða búnir að fá í það skal ég ekkert um segja, en útlit er fyrir að það taki að minsta kosti 4-6 vikur. Allir sjá að slíkt getur ekki gengið. Ég get ímyndað mér að framkvæmdastjórarnir hefðu gert áætlun um að geta fengið svona lítinn farm, um 500 smálestir, á 7-8 dögum. Suma daga hafa þeir fengið 30-50 tonn, en dagarnir eru líka margir, þegar ekkert kemur eða þá sáralítið, sumpart vegna gæftaleysis og sumpart vegna þess að línubátaeigendur hafa ekki sint húsinu eins og vera bæri." Og Runólfur vill að útgerðarmenn hlaupi undir bagga með þessum útlendingum, sem lagt hafi í þetta fyrirtæki „stórfé, eftir okkar mælikvarða" og hljóti öllum að vera ljóst að þurfi mikið fé í rentur og viðhald og til allra fastra starfsmanna.

Brotabrot af afkastagetu nýtt

Það urðu þó ekki bátaútgerðarmenn, sem hlupu undir bagga með „Sænska", heldur helsta stórveldið í íslenskri togaraútgerð, sjálfur Kveldúlfur hf. Félagið semur við „Sænska" um frystingu á síðasta aflanum úr hverri veiðiferð togara sinna og bætir við það fiski úr nokkrum mótorbátum og þegar í apríl 1930 senda þeir skip með 200 tonna farm til Spánar og Ítalíu. Alls sendu þeir 700 tonn á þessu ári af frystum fiski til markaðslanda sinna við Miðjarðarhaf. Vert er að hafa í huga að þessi 700 tonn svöruðu aðeins til 9 daga vinnslu miðað við uppgefna afkastagetu hússins. Alls voru á þessu ári, alþingishátíðarárinu 1930, unnin 1.273 tonn í húsinu, eða sem svarar liðlega tveggja vikna vinnslu (allur fiskurinn heilfrystur). Fyrir þetta fékkst 15 aura meðalverð á kíló, en fyrir ísvarinn fisk, vöru, sem miklu minna hafði verið til kostað og ekki var við að búast að gæti verið eins góð vara, fékkst sama ár 34,5 aura meðalverð. Næstu þrjú árin framleiðir þetta „frystihússbákn þeirra Gautaborgarmanna" sem hér segir: 1931 69 tonn (sem svarar tæplega eins dags vinnslu) mestallt til Svíþjóðar fyrir 35 aura á kíló, ísfiskverð sama ár 33,6 aurar; 1932 269 tonn (nú komast á föst viðskipti við Bretland og allt selt þangað næstu ár) fyrir 26 aura, ísfiskverðið 20,5 aurar; 1933 377 tonn fyrir 21 eyri, ísfiskverðið 24,3 aurar og 1934 416 tonn fyrir 23,4 aura, ísfiskverðið 29,3 aurar. Einnig ber að athuga að eftir árið 1930 hverfur þorskurinn út úr myndinni og fyrirtækið snýr sér að vinnslu á dýrari tegundum, lúðu og kola, en uppistaðan í ísfiskverðinu er þorskur. Þetta var þá nýtingin á þeirri 25 þúsunda tonna árlegu afkastagetu, sem húsið átti að hafa í upphafi, en auðveldlega mátti auka um helming að sögn Lindstedts verkfræðings. Þess ber þó að geta að auk frystingar framleiddi húsið ís



Íshús Ísbjarnarins við Tjörnina fyrir miðri mynd. Öskjuhlíðin í baksýn. Lengst til hægri sést í Tjarnarborg en hinum megin Tjarnarinnar er Laufás. Álengdar minnti ishúsið einna helst á veglegt íbúðarhús. Það blasti við íbúum Tjarnargötunnar en í þeirra hópi voru sumir helstu embættismenn landsins. Thor Jensen, sem að eigin sögn byggði húsið, kvaðst ekki með nokkru móti hafa fengið af sér að reisa þarna einhvern kumbalda, höfðingjunum til ama og einni fegurstu byggingarlóð bæjarins til óprýði. (Sjá þó Svein Þórðarson, Fæða fryst, bls. 69-70.)
Ljósm: MAÓ/243/LSR

fyrir togarana. Þá leigði húsið ýmsum aðilum kæliaðstöðu, svo sem ávaxtainnflytjendum, og auk þess einhver kælihólf til einstaklinga. Ennfremur mun það hafa fryst töluvert af kjötskrokkum fyrir Garðar Gíslason hf. og ef til vill fleiri aðila.

Um það leyti sem Fiskimálanefnd tekur til starfa um áramótin 1934/'35 lendir þeim saman í allsvæsinni ritdeilu í Alþýðublaðinu, frumherjanum Ingólfi Esphólín og H. Gustafsson forstjóra „Sænska", og er þar tekist á um grundvallaratriði varðandi tæknilegar aðferðir við frystingu, svo og um markaðssetningu frystra sjávarafurða og hlutverk sænska frystihússins í framtíðaruppbyggingu atvinnugreinarinnar. Ingólfur Esphólín ber Gustafsson á brýn að hann vilji hlaupa á náðir íslenska ríkisins með starfrækslu hússins, án þess að forsendur séu fyrir hendi. Því svarar Gustafsson: „Okkur sem að sænsk-íslenska frystihúsinu standa [svo] er að sjálfsögðu ant um að fá ef til vill meiri not fyrir húsið og auka vinnu fyrir þá sem þar vinna, því að einsog allir vita var ranglega ákveðin stærð þess af þeim, sem með það höfðu að gera. Ég get heldur ekki annað séð en að félagið hafi gert meira en hægt er með sanngirni að krefjast af því, því að eftir að fyrstu tilraunirnar höfðu misheppnast var aftur lagt [svo] fram í Svíþjóð um 400 þúsund krónur, svo hægt væri að gera ítarlegri tilraunir." Enn fremur staðfestir hann að hluthafarnir hafi enn ekki fengið neinn arð af hlutafé sínu og eigi enga von á slíku.

Úrelt frystiaðferð?

Þessi orð um hina „ranglega ákveðnu stærð“ eru væntanlega sneið til Ingólfs Esphólíns, sem vissulega hlýtur að hafa haft töluverð áhrif meðan bygging hússins var á hugmyndastigi. Sú stærð hafði öðrum þræði greinilega verið miðuð við að járnbraut yrði lögð austur fyrir fjall og þannig opnuðust möguleikar fyrir frystingu dilkakjöts í stórum stíl auk þess sem Esphólín gekk með hugmyndir í kollinum um ferskfiskeldi, sem sæi húsinu fyrir hráefni utan álagstoppa á vertíðum. Hvað sem segja má um stærð frystihússins er hitt nokkurn veginn á hreinu, að sjálf frystiaðferðin, sem Svíarnir notuðu, „Ottesensaðferðin“, var fjarri því að vera vaxtarbroddurinn í frystitækni á þessum tíma. Í deilum þeirra Esphólíns og Gustafssons er þráfaldlega að þessu vikið og ver Gustafsson aðferðina af krafti og telur enn árið 1935 þá aðferð vera í sókn í Evrópu. Ísland verði að búa sig undir að geta boðið þeim mörkuðum, sem við það opnist, fisk, sem frystur er eftir svipuðum aðferðum, enda vilji „enska firmað sem selur fyrir okkur ekki að við hættum við hana.“ Aðferðin var raunar notuð langt fram eftir öldinni við margvíslega frystingu, svo sem pönnufrystingu á síld, en eftir að sú bylting Birdseyes ruddi sér til rúms (um 1930) að frysta vöruna í neytendaumbúðum tilbúna til notkunar, hentaði hún ekki til þeirrar framleiðslu.

Frystiaðferðir Bandaríkjamanna

Ekki er hægt að slá neinu föstu um framþróun íslensks hraðfrystiiðnaðar, ef „Sænska“ hefði verið eitt um hituna (eða kuldann), þegar Fiskimálanefnd tók til starfa í ársbyrjun 1935. Þá hafði Ingólfur Esphólín hins vegar rekið um tveggja ára skeið lítið frystihús búið frystivélum, sem hann hafði sjálfur hannað og látið smíða fyrir sig og ætlaðar voru til frystingar á skyri. Þó mátti vel frysta fisk einnig í tækjunum og hafði húsið þá 500-600 kílóa afkastagetu á sólarhring (eða um 1/100 af því sem Ingólfur hafði ráðgert í draumafabrikkunni 1925). Fiskimálanefnd keypti þessa frystistöð í mars 1935, flutti hana í húsakynni Ísbjarnarins við Tjörnina, og hóf þar tilraunir með ýmsar frystiaðferðir Bandaríkjamanna, vafalaust að ráðum Esphólíns, sem var starfsmaður nefndarinnar fyrstu árin. Keypti nefndin ýmsar gerðir þessara tækja eða lét smíða fyrir sig. Er litlum vafa undirorpið, að sú ráðstöfun gaf okkur forskot fram yfir mögulega keppinauta í Evrópu um nokkur dýrmæt ár fram að ófriðarbyrjun. „Sænska“ virðist hins vegar hafa alla tíð verið eins og illa gerður hlutur í framandi umhverfi: Það náði engum tökum á markaðnum og gat þannig ekki flutt þá þekkingu til framleiðendanna, útgerðarmannanna, hvaða vöru ætti að framleiða. Einnig var sú tækni, sem fyrirtækið ætlaði að byggja á, þegar úrelt, áður en starfsemin hófst, en það ríghélt þó í hana og hreinlega neitaði að sjá það sem aðrir sáu, þótt á það væri bent. Hér var það einkaframtakið (að vísu útlent) sem brást og það kom í hlut opinberrar stofnunar, Fiskimálanefndar, að leiða þennan iðnað fyrstu sporin, uns hann gat staðið á eigin fótum, eins og síðar verður rakið.

Hitt er svo annað mál að leiðir „Sænska“ og Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna áttu eftir að liggja saman síðar, eftir að húsið komst í eigu Íslendinga um 1940. Björn G. Björnsson, framkvæmdastjóri „Sænska“, átti um árabil sæti í stjórn SH. Á stríðsárunum stóð „Sænska“ að fyrstu freðfisksendingunum til Bandaríkjanna á vegum SH. Þeir Björn G. og Kristján Einarsson, einn íslenskra eigenda „Sænska“, tóku að sér ýmsan erindrekstur á vegum SH erlendis á árunum eftir stríð. Og Gunnar Guðjónsson, stjórnarformaður SH í 17 ár, kom úr stjórn Sænska frystihússins.

En í eigu Svía gerðist það aldrei sá brautryðjandi, sem efni stóðu til.

Kveldúlfur frystir og leitar markaða

Það er ljóst að þegar fór að líða að því að Sænska frystihúsið tæki til starfa fóru stjórnendur stærsta togarafélags Íslands, Kveldúlfs hf., að kynna sér þá möguleika, sem hraðfrystingin gæti opnað fyrir útgerðina og fisksöluna. Þann 19. janúar 1930, degi miður en mánuði til þess að Sænska frystihúsið hæfi starfsemi, skrifar Ólafur Thors grein í Morgunblaðið, sem fær veglega meðferð á 3. síðu blaðsins undir fyrirsögninni „Framtíð sjávarútvegsins. Merkasta nýjungin." Greinarhöfundur er þá einn af forstjórum Kveldúlfs og hefur setið á þingi fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu í 5 ár og á 38 ára afmæli þennan dag, sem greinin birtist. Með greininni er Ólafur að heilsa þeim nýja tíma sem í hönd fari með hagnýtingu frystitækninnar til verkunar fisks og sölu, hvetja Íslendinga til átaka á þessu sviði og draga úr kvíða þeirra, sem sjá hina nýju tækni sem ógnun við þá saltfiskverkun, sem á undanförnum áratugum hafði verið byggð upp í landinu. Hann segir meðal annars:

„Í Norður-Ameríku hafa þegar verið reistar margar stöðvar til að frysta fisk og mörg skip hafa verið búin tækjum til að flytja fiskinn til Evrópu. Árangurinn virðist hafa orðið ágætur, og gefur það vonir um að oss íslendingum standi þessi leið opin, enda stendur nú þegar, hjer í Reykjavík, stórhýsi eitt mikið sem órækastur vottur þess, að þeir sem sjerþekkingu hafa á þeim efnum, treysti því, að hjer sje öll aðstaða til fjáröflunar með þessum hætti. Er hjer átt við sænska frystihúsið, sem reist er í því augnamiði að hraðfrysta þar fisk, en selja hann síðan á erlendum markaði. Er þar kominn vísir til þess er verða mun meira, og má merkilegt heita, hve lítinn gaum íslendingar hafa gefið þessu fyrirtæki. En skýringin mun liggja í því, að enn hafa menn hjer á landi mjög litlar fregnir af því hverju fram fer með öðrum þjóðum á þessu sviði."

Ólafur hefur áhyggjur af vaxandi afla og mikilli aukningu í framleiðslu á verkuðum saltfiski. Hann segir: „Síðustu fjögur árin hefur aflinn verið þessi miðað við skippund af fullverkuðum fiski:

1926	238	þús.
1927	316	-
1928	409	-
1929	417	-

og var þó nokkur aflabrestur á togara síðastliðið ár.

Viðlíka aukning sýnist og vera hjá öðrum fiskveiðiþjóðum.

Langmestur hluti þessa afla er saltaður, þurrkaður og seldur á Spáni, Ítalíu, Portúgal og Suður-Ameríku. Eru neytendur aðallega fátækara fólk, sem að sjálfsögðu hefur takmarkaða kaupgetu, og enda þótt neytslan fari vaxandi vex þá framleiðslan örar, en af því leiðir að sjálfsögðu fallandi verðlag á saltfiskinum."

Ólafur rekur síðan að einasta úrræðið, sem við hingað til höfum haft til að létta á verðlagsþrýstingi á saltfiskinn, hafi verið að flytja út ísfisk til Bretlands. Verðlag á þeim fiski sé þó mjög sveiflukennt og alla jafna lágt.

„Af þessu er það augljóst að íslendingum er mikil nauðsyn á að ná nýjum markaði sem a.m.k. tekur við því sem framleiðslan eykst umfram neytsluna. Þetta er blátt áfram lífsskilyrði og mundi íslendingum slík viðskipti fengur, jafnvel þótt hinn nýi kaupandi gyldi lægra verð en þeir er vjer nú skiptum við. Ber oss því skylda til að kanna gaumgæfilega allar leiðir er að því marki liggja og í þeirri leit verður fyrst fyrir oss hraðfrystiaðferðin."



Myndin er af togurum Kveldúlfs skömmu fyrir 1930. Iðnbyltingunni á meginlandi Evrópu fylgdi gríðarleg gróska í iðnaði og verksmiðjubyggingar spruttu upp. Á Íslandi voru það togarar og vélbátar sem mörkuðu þessi þáttaskil sem urðu þó ekki fyrr en í dagrenningu 20. aldar. Skúturnar létu þá undan síga, yfirburðir togaranna voru ótvíræðir. Upp rann fyrsta blómaskeið togaraútgerðar á Íslandi er stóð til 1917. Gerðir voru út 29 togarar um lengri eða skemmri tíma. Sjö einstaklingar og 21 félag stóðu að baki þessari útgerð, stærstur í sniðum var Thor Jensen en hann stofnaði Kveldúlf árið 1912. Ljósm: EFT/511/LSR

Hann útskýrir síðan í stuttu máli í hverju þessu hraðfrystiaðferð er fólgin, en segir síðan: „Það eru ekki hillingar, tæplega óleyfileg bjartsýni, þótt ýmsum kunni að þykja sem hjer opnist leið til meiri hagsældar fyrir oss Íslendinga, en nokkurn hafði dreymt um fyrir fám árum.

Hin nýja frystiaðferð brúar fjarlægðina milli hinna ríku fiskimiða vorra og hinna auðugu fiskneytenda í Evrópu, sem um aldaraðir hafa átt þess engan kost að fá góðan nýjan fisk fyrir skíragull. Og það sem meira er virði. Kostnaðurinn við að frysta fiskinn og koma honum á neytslustaðinn er alls ekki svo mikill, að fiskurinn þurfi að seljast því verði, að almenningur geti ekki veitt sér hann. Vjer öðlumst þess vegna ekki aðeins með þessum hætti fáa, ríka skiftavini, heldur tugi eða jafnvel hundruð milljóna nýrra kaupenda."

Ólafur tekur sér síðan fyrir hendur að draga úr ótta sjómanna og verkafólks við það, að með þessu kunni fiskverð að lækka og atvinna að minnka. Hann útfærir nánar þau fyrri rök, að sé framleiðsluaukinn frystur, og sá fiskur sem nú er fluttur út óverkaður í salti, og þrýstingi takmarkaðrar neyslu þannig létt af saltfiskinum muni saltfiskverðið hækka, og frystiiðnaðurinn verða að keppa við saltfiskverkendur um fiskverðið. „Vex þá gjaldgeta útgerðarinnar, en þá hækkar kaupið að sjálfsögðu. Má þá almenningur vænta þess að fá meira fje fyrir færri handtök, en það er vitanlega kaupið en ekki sjálft stritið, sem sóst er eftir."

Íslendingum ofraun?

En síðan kemur kafli, sem er talsvert ólíkur þeim Ólafi Thors, sem þjóðin átti síðar eftir að kynnast. Honum vex mjög í augum sá gífurlegi fjárfestingarkostnaður, sem uppbyggingu frystiiðnaðarins sé samfara og efast um getu Íslendinga til að

standa undir honum af eigin rammleik. Að vísu verður þá að hafa í huga að þær verkunaraðferðir sem þá voru algengastar útheimtu ekki mikið fjármagn: menn þurftu að raða saman grjóti í saltfiskreiti og koma sér upp einhvers konar skemmu til geymslu. Bankakerfið var líka ákaflega vanburðugt til að standa undir öllum meiri háttar fjárfestingum og algengt að stærstu atvinnurekendurnir leituðu til erlendra banka til að fjármagna framkvæmdir sínar. Þannig hafði verið staðið að kaupum á fyrstu togurunum, og þannig fjármögnuðu Thorsararnir síðar uppbyggingu Hjalteyrarverksmiðjunnar. Hvort tveggja þetta: fjármagnsskorturinn og sá kostnaður sem við blasti við sænska frystihússbáknið kann að hafa villt Ólafi sýn um möguleika íslenskra útgerðarmanna á að koma upp frystingu á eigin vegum. En orðrétt segir Ólafur um þetta í greininni:

„Til þess, að þessir draumar rætist verður að reisa hjer og starfrækja hæfilega mörg frystihús er kosta of fjár og verður sjálfsagt mörgum að spyrja, hver tök vjer íslendingar höfum á því. Og það skal þá líka játað, að enn sem komið er verður eigi sjeð að það sje á íslendinga færi að ráðast í það, og veldur hvorttveggja, hinn risavaxni stofnkostnaður og sú áhætta sem leiðir af því, að ný og betri tæki finnist, eftir að búið er að festa fje í eldri tækjum. En hitt er þá líka víst, að auðvelt er að fá útlent fjármagn til að starfa að þessu og munu slíkar umsóknir þegar hafa borist atvinnumálaráðherra . . .

Eigi verður sjeð að oss geti stafað voði af slíkri starfsemi erlends fjár. Því fleiri frystihús, þeim mun meiri samkepni um kaup á nýja fiskinum, og því hærra verði og öll verða húsin að keppa við saltfiskkaupendur, og því aðeins versla íslendingar við þau að það sje arðvænlegra en að salta og verka."


Og Ólafur sér framundan blómaskeið frjálsrar samkeppni milli þessara verkunaraðferða, og milli erlendra eigenda frystihúsa og íslenskra útgerðarmanna: „Það er að vísu svo, að hætt er við að í upphafi muni erlendir eigendur frystihúsa miða verðlag á nýjum fiski við saltfiskverðið. En því meir sem þeir kaupa, því meir hækkar saltfiskur og því hærra verði verða þeir að kaupa nýja fiskinn. Og þegar svo nógu mörg fjelög keppa hjer um fiskkaup til frystingar, er líklegt að svo fari sem venja er til, að samkepnin skapar það verðlag sem fyrirtækið þolir, með hæfilegum arði til eigenda og miðast þá kaupverðið við sannvirði nýs fiskjar til frystingar."

Frystingin framtíðin

Öðrum þræði er því grein Ólafs til að draga úr þeirri hræðslu manna við fjárfestingu útlendinga, sem alltaf hefur skotið upp kollinum, þegar ákveða skal hvort ráðast eigi í stórvirki, sem búast má við að innlendu einstaklingsframtaki sé um megn, en á hinn bóginn til að draga úr ótta manna og kvíða við nýjungar. Í framhaldinu kemst hann því svo að orði um frystiiðnaðinn:

„Hjer er það í uppsiglingu er ef til vill mun valda stærri straumhvörfum í íslensku þjóðlífi en togaraflotinn gerði fyrir 20 árum síðan.

Íslendingum er því nauðsynlegt að líta skynsamlega á málið þegar í upphafi. Enginn ímyndaður ótti má skyggja á raunveruleikann. – Hjer er ekkert að óttast, en eftir miklu að sækjast. Öll óþörf töf er dýr, og getur auk þess orðið skaðleg fyrir það, að fjármagnið leiti annað, þannig, að þegar loks fiskur vor kemst frystur á heimsmarkaðinn, þá sje þegar búið að skipulagsbinda sölu annarra landa fiskjar þar. Er þá eftirreiðin örðugri."



Fiskvinnsluhús Kveldúlfs við Skúlagötu var gott dæmi um þann vorhug sem Ólafur Thors sagði hafa einkennt athafnalíf Íslendinga fyrstu áratugi 20. aldar. Ólafur var þá einn af forstjórum Kveldúlfs og sat á Alþingi fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu. EFT/566/LSR

Aukið gjaldþol landsmanna

Þegar Ólafur skrifaði þessa grein sína hafði ríkisstjórn Tryggva Þórhallssonar, fyrsta ríkisstjórn Framsóknarflokksins, setið við völd í tvö og hálft ár. Hinum íhaldssamari öflum þjóðfélagsins, sem þá höfðu nýlega sameinast í Sjálfstæðisflokknum, fannst þá keyra um þverbak sóunin og bruðlið, sem ráðherrarnir, og þá einkum Jónas Jónsson, stóðu fyrir. Sjálfsagt hafa einhverjir flokksmanna haldið að með sigri í kosningum mætti snúa taflinu við og hverfa aftur til „normal tíma" með hóflegum ríkisútgjöldum og lágum sköttum. En Ólafi er annað í hug og hann lítur til hraðfrystingarinnar sem nýrrar stoðar sem skjóta megi undir gjaldþol landsmanna til að standa undir auknum álögum til ríkissjóðs:

„Hraðvaxandi þarfir hins opinbera hvíla eins og farg á gjaldgetu landsmanna, og almennt kvíða menn því, að skattþunginn lami framtakið og sligi gjaldþolið. En nú er sem fyrr við því að gera sem er, og það er rjett að menn geri sér það ljóst, að jafnvel þótt bráðlega takist að stemma stigu bruðlunar og óhófs, þá munu útgjöld ríkisins samt fara vaxandi. Annars má hvorki vænta né æskja, því hjer bíða enn svo mörg verkefni úrlausnar, þeirra er einstaklingurinn ekki leysir, að ekkert nema getuleysi ríkissjóðs ljettir af honum skyldunni til þess að ráða fram úr þeim.

Vjer megum því hvorki nje munum örvænta um framtíð vora, en leita nýrra úrræða til aukningar á gjaldþoli landsmanna. Sá vorhugur sem einkent hefur athafnalíf íslendinga síðustu áratugina leitar enn nýrra leiða til farsældar. Sú er hjer hefur verið bent á blasir beinast við."

Ólafur og bræður hans létu ekki sitja við orðin tóm. En sú för varð þeim ekki til fjár.

Brautryðjendastarfi lýkur með stórfelldu tapi

Það hefur verið furðulega hljótt um stórhuga tilraun Kveldúlfs og Thorsbræðra á fyrstu dögum íslensks frystiiðnaðar til þess að frysta fisk í stórum stíl og koma honum á markað í helstu viðskiptalöndum sínum, Ítalíu og Spáni. Reyndar stóð

tilraunin stutt, aðeins á árinu 1930, og endaði með stórfelldu tapi. En ef vel er að gáð má ef til vill rekja til þess taps fyrsta vísinn að Kveldúlfsmálinu, sem 6-7 árum síðar hafði næstum leitt til uppgjörs og endaloka félagsins, í einhverjum heiftúðugustu stjórnmálaátökum, sem orðið hafa hér á landi. Og svo mikið er víst, að Kveldúlfur, sem ævinlega hafði farið í fararbroddi í saltfiskverkun og sölu og síðar síldarbræðslu, forðaðist alla tíð frystiiðnaðinn eins og það brennda barn, sem forðast eldinn.

Í hinni frægu „Kveldúlfsræðu" sinni í Gamla bíó 23. janúar 1937 rekur Ólafur Thors nokkuð feril Kveldúlfs og forgöngu fyrirtækisins um margvíslegar nýjungar í fiskverkun og verslun með fisk. Þar á meðal segir hann: „Fyrstir hófum við tilraun um hraðfrystingu svo nokkru næmi og lögðum í það mörg hundruð þúsund krónur." Fleiri eru þau orð ekki þarna. Nokkrum árum fyrr, eða á haustþinginu 1934, hafði Ólafur flutt frumvarp til laga um Fiskiráð og í ítarlegri greinargerð með því frumvarpi farast honum meðal annars svo orð um frystan fisk: „Það hefur lengi verið skoðun framtakssamra manna í framleiðendahópi, að hinar nýju aðferðir til að frysta fisk opnuðu nýja og ótæmandi möguleika fyrir íslenska fiskframleiðslu. Hafa einstakir menn þegar fyrir nokkrum árum gert stórfelldar tilraunir á því sviði og kostað til þeirra svo nemur hundruðum þúsunda króna, en ekki treyst sér til að fylgja þeim tilraunum eftir sem skyldi, og því ekki upp skorið sjálfum sér til handa og þjóðinni, svo sem líkur benda til að hægt muni, ef nægilegt fé væri fyrir hendi. Með þessu hefur þó fengist mikil og dýrmæt reynsla, sem sjálfsagt er að hagnýta, og jafnframt hefur trú almennings vaxið á því, að Íslendingar eigi þarna geymda fjársjóði. Tók síðasti landsfundur Sjálfstæðisflokksins málið til meðferðar og voru allir á einu máli um, að reynt skyldi hið allra bráðasta að hefja tilraunir að nýju."

Varla leikur vafi á að þarna er Ólafur enn að víkja að tilraun þeirra Kveldúlfsmanna með sölu á frystum fiski og því tapi, sem þeir hafi orðið fyrir. Nokkur hundruð þúsunda króna er mikið fé á þessum tíma, og ef haft er í huga að þegar pólitískir andstæðingar Sjálfstæðisflokksins kröfðust uppgjörs Kveldúlfs og þjóðnýtingar fyrirtækisins,1937, töldu þeir skuldir félagsins umfram eignir á að giska eina og hálfa milljón (en eigendurnir töldu eignir fyllilega jafngilda skuldum), hlýtur að skipta nokkru máli hvernig til skuldanna var stofnað. En skyldi nú nokkurra upplýsinga vera hægt að afla um það, hversu mörg hundruð þúsunda þarna var um að ræða? Í blaði úr fórum Einars Sigurðssonar þar sem hann hefur skráð niður viðræður við Elínmund Ólafs segir: „Sænska frystihúsið byrjaði hér frystingu 1930 og tók Kveldúlfur hf. það að einhverju leyti á leigu eða samdi við það um frystingu. Frystar voru þá 1100 lestir af fiski, sem sendur var laus í lest í kæliskipi til Spánar. Talið var að Kveldúlfur hafi tapað 450 þúsund krónum á þessari tilraun sinni."

Sá annmarki er á þessari frásögn, að samkvæmt útflutningsskýrslum fyrir árið 1930 fóru einungis 702,6 lestir af frystum fiski til viðskiptalanda Kveldúlfs, Spánar og Ítalíu þetta ár. Aðrar 560 lestir eru fluttar til Svíþjóðar og Þýskalands þetta ár, en ólíklegt verður að telja að sá útflutningur hafi verið á vegum Kveldúlfsmanna, og líklegra að „Sænska" hafi annast þær sölur sjálft. Því hlýtur að hafa verið um að ræða 700 lestir en ekki 1100. En þótt magntala Elínmundar sé röng gæti krónutalan auðvitað verið rétt fyrir því.

Thor Hallgrímsson, sem hóf störf hjá Kveldúlfi 1936, telur sig hafa heyrt, að tilraunin hafi í fyrstu gengið allvel, en síðan hafi Kveldúlfur orðið fyrir undirboðum af hálfu keppinauta á saltfiskmarkaði, og hún því endað með miklu tapi, þótt ekki treysti hann sér til að nefna tölur þar að lútandi.



Reykjavík á 5. áratugnum. Horft yfir Lækjartorg og traustvekjandi hús Útvegsbankans er minnti um ytri áferð á alþingishús þjóðarinnar. Stórhýsið, sjávarmegin við torgið til hægri, er Sænska frystihúsið en þar var fiskurinn frystur sem Kveldúlfur flutti út 1930 sér til mikils skaða. Á þeim stað, þar sem Sænska var áður, stendur nú stórhýsi Seðlabanka Íslands.
Ljósm: ÓLM/34/LSR

Kveldúlfur hefst handa

En Ólafur lætur ekki sitja við hvatningarorðin tóm. Ásamt bræðrum sínum í forystu Kveldúlfs hefst hann handa fljótlega eftir opnun Sænska frystihússins 18. febrúar þetta ár um að frysta þann fisk sem fæst tvo síðustu dagana í veiðiferðum togara félagsins, kaupa bátafisk til viðbótar, og senda síðan til Suðurlanda með frystiskipi og selja þar gegnum sölukerfi Kveldúlfs.

Því miður virðist fátt um heimildir um hvernig þetta gekk fyrir sig, annað en óljósar fregnir um stórfellt tap þegar upp var staðið.

Þó birtist í Morgunblaðinu þann 8. júní 1930 viðtal við Richard Thors undir fyrirsögninni: „Stórmerk nýjung. „Kveldúlfur" gerir tilraun með sölu á frystum fiski til Spánar og Ítalíu."

Richard er spurður hvernig til hafi tekist.

„Um það er raunar ekkert hægt að segja að svo stöddu, en þó vil ég þegar geta þess, að jeg hefi verið og er enn bjartsýnn á farsælan framgang þessa máls . . .

Mjer hefur verið það ljóst ærið lengi, að eitthvað þyrfti að fara að breyta til um meðferð og sölu á íslensku fiskframleiðslunni, sem altaf fer vaxandi ár frá ári, jafnframt því sem framleiðslan vex í öllum hinum framleiðslulöndunum, svo sem Færeyjum, Noregi og Nýfundnalandi. Þótt neytsla saltaðs fiskjar fari, að mínu áliti, vaxandi í aðalmarkaðslöndunum, Spáni, Portúgal, Ítalíu og Suður-Ameríku og víðar, þá hefur það sýnt sig að hún vex ekki að sama skapi og framleiðslan. –

Ekki tekst heldur að vinna nýja markaði fyrir saltfiskinn, sem svari framleiðsluaukanum, og hætt er við, að aldrei takist að ná, svo um muni, til hinna efnaðri neytenda með þessa vörutegund. Þeir kjósa heldur nýmetið . . .“

„Er ekki hætt við að fiskurinn skemmist, þegar hann er kominn á land suður í löndum?“ spyr blaðið.

„Hjeðan af óttast ég það ekki. Kælihúsin, þar sem fiskurinn er geymdur, eru að vísu ófullnægjandi til þess að geyma í þeim frysta fiskinn. En með nokkurri fyrirhöfn og sjerstökum útbúnaði hefur okkur nú tekist að fá ráðna bót á þessu, á þeim stöðum, sem frysti fiskurinn hefur verið sendur til. Hjer á landi er fiskurinn frystur glænýr, á leiðinni helst hann gaddfrosinn og nú er hægt að geyma hann, jafnvel langan tíma, óskemdan í markaðsborgunum, svo að þegar neytandinn fær hann og búið er að þíða fiskinn upp, er hann algerlega sem nýveiddur.“

Undirboð

Blaðið spyr hverjir séu aðalerfiðleikar á því að mikill hluti fiskframleiðslu okkar verði fluttur út með þessum hætti – sem frystur fiskur.

„Þeir eru æði margir og vil ég sem minst um þá tala, að svo stöddu, eða meðan verið er að vinna á þeim og ekki er að fullu vitað hversu veigamiklir þeir eru. Það má þó geta þess að sumir af fiskinnflytjendunum á Spáni hafa gert all-ótvíræðar tilraunir til þess að hefta eðlilegan framgang þessa þjóðþrifamáls okkar.“

Hér ýjar Richard að því sem mun hafa orðið raunin á, að ýmsir keppinautar þar syðra hafi notað viðskiptasambönd sín hér á landi til að afla sér upplýsinga um hvenær væri von á frystiskipi Kveldúlfs, yfirfyllt þá markaðinn með ferskum fiski, sennilega frá Bretlandi, og undirboðið frysta fiskinn fyrir Kveldúlfi, sem þá sat uppi með hann í ófullnægjandi kæligeymslum, þar sem hann lá undir skemmdum.

Richard vill þó í viðtalinu ekki trúa að svo geti farið. Þessi andstaða keppinautanna sé á misskilningi byggð. Frysti fiskurinn sé alls ekki í samkeppni við saltfisk, heldur í raun annar markaður við hlið hins. „Og þótt svo færi, að mikið yrði fryst af fiski hjer og verð á saltfiski hækki af þeim ástæðum, þá má innflytjendur gilda það einu, ef þar með er dregið úr verðsveifluáhættunni, sem af eðlilegum ástæðum er höfuðóvinur allra, sem við fiskverslun fást . . . Því meiri sem saltfiskframleiðslan er því lægra verður verðið.“ En Spánverjar, og Ítalir líklega líka, sáu ekki hlutina sömu augum og Richard. Tilraunin fór út um þúfur.

Stjórnmálamaðurinn Ólafur Thors hélt áfram að sjá frystiiðnaðinn sem hina stóru lausn á fisksölumálum okkar Íslendinga og vinna að framgangi hans eftir megni á löngum og farsælum stjórnmálaferli. En ættarfyrirtækið, Kveldúlfur, kom þar ekki frekar við sögu. Raunar hefur verið haft eftir Sverri Kristjánssyni, sagnfræðingi, sem eitt sinn var Richardi Thors samferða milli landa á Gullfossi, að Richard hafi látið svo um mælt að heilladísirnar hafi brugðist þeim Thorsbræðrum 1930, og þangað mætti rekja flesta erfiðleika fyrirtækisins. Má kannski segja að togaraútgerðin öll hafa látið sér þessar ófarir Kveldúlfs að kenningu verða.

Frystiiðnaðurinn varð verkunaraðferð bátaútgerðarinnar fyrst og fremst. Það varð ekki fyrr en áratugum seinna að togarar urðu undirstaðan í hráefnisöflun frystihúsanna og þá mest fyrir utanaðkomandi orsakir, eins og löndunarbannið í Bretlandi.

Norðmenn læra lexíu um bandarískan fiskmarkað

Norðmenn höfðu alldrjúgt forskot á Íslendinga í þróun frystiiðnaðar og verslun með frystar afurðir. Þeir hófu frystingu á síld í beitu árið 1883, 12 árum á undan okkur, þótt á ýmsu gengi áður en fiskimennirnir fengjust til að notfæra sér þessa merku nýjung. Árið 1912 fann Norðmaðurinn Nekolai Dahl upp aðferð til frystingar í pækli og fékk á henni einkaleyfi. Þessi aðferð byggðist á blöndu með tuttugu prósentum af salti og áttatíu prósentum íss. Fékkst með því fram pækill, sem náði mínus 20 gráðu hita. Kælistöðvar í eigu norska ríkisins í Honningsvaag og Álasundi voru meðal þeirra, sem tóku upp þessa aðferð. Auk þess voru nokkur önnur kæli- eða frystihús byggð þar í landi á einkaleyfi Nekolais Dahls.

Stór hluti þeirrar vöru, sem á næstu árum og áratugum var seldur úr landi undir samheitinu frosinn fiskur var þó í slöku meðallagi að gæðum, fiskurinn oftast heilfrystur og vildi taka í sig bragð af frystivökvanum, sem honum var dýft niður í. Um svipað leyti kom vélfrysting einnig til sögunnar. Fiskurinn var frystur með því að blása köldu lofti um sérstaklega innréttuð kælirúm. Varan var síðan frosthúðuð og henni pakkað í pergamentpappír. Þessi aðferð gaf möguleika á því að flaka fiskinn og jafnvel roðfletta. Þetta var upphafið að neytendapakkningum nútímans. Fyrirtækið A/S Pausa í Þrándheimi náði verulegum árangri með þessari aðferð.

Velheppnuð tilraun 1931

„Til að komast inn á ameríska markaðinn með góðum árangri þurfum við fjársterkt fyrirtæki, sem framleitt getur fryst fiskflök undir ströngu gæðaeftirliti, pakkað framleiðslu sína undir eigin lögskráðu vörumerki og hefur til þess bolmagn að auglýsa þessa norsku gæðavöru með áhrifaríkum hætti.“[3]

Þannig hljóðar niðurlag skýrslu Johanesar A. Jacobsens til norska fiskimálastjórans, dagsett 20. apríl 1931, um ferð hans til Bandaríkjanna til að kanna sölumöguleika á frystum, norskum þorskflökum.

Jacobsen hafði þá fyrir alllöngu sannfærst um möguleika frystiiðnaðarins og stofnað sitt eigið fyrirtæki í þeirri grein. Fyrsti skipsfarmurinn af norsk-framleiddum flökum fór til Bandaríkjanna í febrúar 1931 með góðum stuðningi norskra stjórnvalda. Það var Jacobsen sem stóð fyrir þessari útflutningstilraun og fylgdi sjálfur farminum alla leið.

Þegar í október árið áður (1930) hafði þessi forstjóri frystihúss í Þrándheimi skroppið til New York til að kynnast ameríska frystiiðnaðinum frá fyrstu hendi. Þáverandi aðalræðismaður Norðmanna í New York, Wilhelm von Munthe af Morgenstierne, var mjög áhugasamur um möguleikana á útflutningi norsks freðfisks til Bandaríkjanna. Svo var einnig um Asserson, þáverandi fiskimálastjóra Noregs.

Niðurstöður þessarar könnunarferðar voru jákvæðar. Jacobsen fullyrti í skýrslu til ræðismannsskrifstofunnar að hægt væri að vinna ábatasaman markað í Bandaríkjunum. Á næstu fjárlögum fékk viðskiptaráðuneytið dágóða upphæð – 50.000 norskar krónur, sem þá voru verulegir fjármunir – til ráðstöfunar fyrir fiskimálastjóra til verkunar á frystum fiskflökum á vertíðinni í Lófót til tilraunasendinga til Bandaríkjanna og einstakra ríkja í Evrópu.



Landað úr einum togara Kveldúlfs við Hauksbryggju í Reykjavík um 1930. Ljósm: MAÓ/386/LSR

Frystihúsið á Melbu fékk það verkefni að frysta fyrstu flökin fyrir ameríska neytendur. Framleitt var úr eitt hundrað tonnum af þorski, blóðguðum upp úr sjó og Jacobsen fylgdist í eigin persónu með framleiðslunni, allt frá því þorskurinn kom í land og þar til úr honum höfðu verið unnin hin fegurstu flök.

Jacobsen hefur sjálfur lýst fyrstu tilraunasendingunni á þessa leið: „Þar sem þetta var fyrsta sending frystra flaka til Bandaríkjanna og raunar fyrsta sending flaka svo langa vegalengd: Frá Melbu í Vesteraalen til Chicago og með þremur umfermingum á leiðinni, nefnilega í Þrándheimi, Gautaborg og New York, báru



Jacobsen fylgdi fiskinum eftir til Bandaríkjanna. Hér er hann að kynna bandarískri húsmóður hraðfryst norsk flök í einum af fjölmörgum stórmörkuðum Chicago-borgar árið 1931.

þeir allir réttmætan kvíða í brjósti, sem hagsmuna höfðu að gæta af því hvernig til tækist með ferðina. Þegar farmurinn náði til Chicago þann 22. febrúar eftir að hafa verið 23 daga á leiðinni reyndust flökin vera í fullkomnu ásigkomulagi. Sérfróðir ameríkanar, sem viðstaddir voru þegar farmurinn kom í frystihús í Chicago luku upp einum munni um að þetta væru finustu flök, sem þeir hefðu séð.“[4]

Þótt ameríska fisksölufyrirtækin væru engan veginn frá sér numin af ánægju, vakti þessi tilraunasending mikla athygli í pressunni og í smásölufyrirtækjunum: „The finest Cod in The World“ fullyrti „The Fair“, stærsta vöruhús í Chicago í auglýsingum sínum.

Án er illt gengi – nema heiman hafi

Í mars 1932 fékk viðskiptaráðuneytið nýtt bréf frá Johanesi A. Jacobsen, skrifað um borð í M/S „Bergensfjord“. Aftur hafði Jacobsen verið í Bandaríkjunum með tilraunasendingu á frystum fiski. Með vitund og velvilja fiskimálastjórans hafði nú verið stofnað Norska fiskflakafélagið hf. (No-Fi-Ko) og vörumerkið Polar-Kist fengist skráð. Einnig að þessu sinni sýndu yfirvöld mikinn áhuga og aðalræðismannsskrifstofan hafði veitt mikilvæga aðstoð við að koma á viðskiptatengslum.

Enn vöktu gæði flakanna mikla athygli. Eftir fyrstu viðræður við helstu heildsölufyrirtækin á þessu sviði töldu menn fulla ástæðu til að búast við að ná mikilvægum samningum. Þann 17. febrúar hafði sá árangur náðst, að eitt af stærstu fyrirtækjunum taldi sig reiðubúið til að undirrita samning um tilraunasendingu á frystum flökum. En þann dag fékk Jacobsen að reyna það á sjálfum sér til hvers óheft samkeppni getur leitt.

Rétt áður en undirskrifa skyldi samninga fékk ameríski innflytjandinn bréf með tilboði frá öðru norsku frystifyrirtæki. Verðtilboðið lá langt undir því sem Jacobsen taldi framleiðslukostnað. Afleiðingin varð sú, að engir samningar náðust –

hvorki fyrir Jacobsen né hitt norska fyrirtækið. Seinna sögðu amerískir fiskinnflytjendur, að svo fremi að Norðmenn stefndu ekki beinlínis að því að eyðileggja möguleikana á innflutningi á frystum fiski til Bandaríkjanna, væri það höfuðskilyrði að norsk frystihús stæðu saman en ekki í samkeppni hvert við annað. Slíkt leiddi bara til óvissu á markaðnum, lélegs verðs og tortryggni í samskiptum fyrir alla aðila. Á því léki ekki nokkur vafi að Norðmenn gætu stundað útflutning til Bandaríkjanna á frystum fiskflökum á samkeppnishæfu verði. En það væri algert skilyrði að flökunum yrði pakkað í sams konar umbúðir undir einu vörumerki með óbreytilegum gæðum og seld á föstu verði. Þetta var líka sú stefna, sem Jacobsen lagði til að yrði fylgt varðandi útflutning til Bandaríkjanna.

Frystikeðjan styrkt og stefnt á Evrópumarkað

Um þetta virðist þó ekki hafa náðst samstaða í Noregi og ekki varð úr frekari tilraunum Norðmanna til að ná fótfestu á ameríska markaðnum fyrr en eftir stríð. Í staðinn sneru menn sér að mörkuðum, sem nær lágu og voru auðveldari viðfangs – sérstaklega í Svíþjóð. Höfuðvandinn þar var hinn knappi sölutími. Frystikeðja líkt og við þekkjum í dag, og þá þegar hafði rutt sér til rúms í stórborgum Bandaríkjanna, fyrirfannst ekki. Engin frystiborð í verslunum, engir kæliskápar né frystikistur á heimilunum. Sala og markaðsfærsla gat einungis farið fram yfir vetrarmánuðina, að segja má í skjóli vetrarfrostanna.

Vorið 1938 stigu Norðmenn þó þýðingarmikið skref. Nefnd á vegum fiskimálastjóra lagði til að komið yrði á fót flakasölumiðstöð til útflutnings. Útgangspunkturinn var að framleiðslu og sölu yrði að beina inn á heilbrigðar brautir og hindra að markaðstækifærum væri kastað á glæ með ótímabærri og meiningarlausri samkeppni. Nefndin undirbjó uppkast að lögum fyrir slíka sölumiðstöð í 19 greinum, en öllu lengra náðu þær ráðagerðir ekki í bili.

Nefndin vann líka mikið starf að markaðsfærslu í Svíþjóð, Sviss og Tékkóslóvakíu. Samtímis vann hún ötullega að bættum flutningsmöguleikum fyrir fryst flök meðal annars með því að koma upp frystirúmum í þremur strandflutningaskipum, sem haldið gátu frá 12 til 15 gráðu kulda. Það var tæpast nógu kalt – en þó veruleg framför. Bergenska gufuskipafélagið kunngerði að það mundi koma fyrir kælirúmum í skipum sínum, „Úranusi“og „Satúrnusi“, auk 600 rúmmetra frystilestar.

Árið 1938 fór fyrsta tilraunasendingin á frosnum flökum frá Troms til Sviss. Umskipað var í Bergen og þaðan var fiskurinn sendur í sérstökum járnbrautarvagni, sem kældur var með kolsýruís. Sú aðferð var byggð á tilraunum, sem gerðar höfðu verið hjá Norsk Hydro. Á þessum tíma höfðu Svisslendingar komið upp stóru frystihúsi, sem tekið gat frystan fisk til geymslu um nokkurn tíma.

Allar þessar aðgerðir báru nokkurn árangur. Á fimm ára tímabilinu 1925-1930 voru flutt út 105 tonn af frystum flökum. Á fimm ára tímabilinu 1935-’40 komst þetta magn upp í 1.660 tonn. Tækninýjungar voru á leiðinni sem lofuðu góðu um lausn á frystikeðju- og birgðageymsluvandanum. Orðrómur var á kreiki um tilraunir með nýja aðferð, sem innan skamms mundi valda byltingu í frystiiðnaðinum. (Hér virðist átt við ameríska plötufrystinguna, sem var þegar komin í gagnið hér á landi árið 1934). Hingað til höfðu risið á legg 16 frystifyrirtæki upp eftir norsku strandlengjunni, sem öll ráku framleiðslu í eigin húsum. Allt virtist benda til skjótrar útþenslu þessarar ungu iðngreinar.

En þá rann upp 9. apríl 1940 og allt vék fyrir þeirri staðreynd, að Noregur var kominn í stríð.

Skyrfrystistöðin sem varð að fiskiðnaði

Eins og rakið hefur verið hér að framan stendur hið mikla „frystihússbákn þeirra Gautaborgarmanna“ eitt og sér í sögu íslensks hraðfrystiiðnaðar. Kannski var það einfaldlega of stórt í sniðum fyrir íslenskan veruleika? Kannski var framleiðslutækni Svíanna þegar úrelt, þegar þeir hófust handa? Kannski náðu hinir erlendu eigendur ekki að bræða saman íslensk framleiðsluöfl og erlenda markaðsmöguleika? Hvað sem slíkum vangaveltum líður, er það ljóst að íslenskur frystiiðnaður á ættir að rekja til öllu fátæklegri heimkynna en hins aðflutta, sænska verksmiðjuhúss.

Þó er frumkvöðullinn sá sami: Ingólfur G. S. Esphólín. En það er ekki fyrr en hann er búinn að hreiðra um sig í litlum skúr við Norðurstíg, að baki Fiskhallarinnar, að íslenskur hraðfrystiiðnaður tekur fyrstu sporin, og þá með styrk frá Búnaðarfélaginu og mjólkuriðnaðinum.


Af frumkvöðlum íslensks frystiiðnaðar er Ingólfur G. S. Esphólín sá eini, sem ekki er í upphafi sérstaklega tengdur verslun með fisk eða kjöt eða verkun þessara matvæla. Hann virðist því snemma hafa hrifist af frystiiðnaðinum sem tæknilegu viðfangsefni og hafið tilraunir með ýmiss konar fjölhæfan vélbúnað sem nota mætti til frystingar margvíslegra matvæla.

Leiðir Ingólfs Esphólíns og Svíanna í sænska frystihúsinu skildi líklega á árunum 1928 eða ’29, eins og áður er sagt. Fljótlega eftir það hefur hann undirbúning að lítilli tilraunafrystistöð og þá virðist hafa kviknað hugmyndin um frystingu á skyri bæði fyrir íslenskan og erlendan markað.

Einkaleyfi á aðferð til að frysta skyr

Í ritinu „Nokkur orð um Hraðfrystistöð (skyrfrystistöð) Ingólfs G. S. Esphólíns“ (tilvitnanir í þessum kafla eru í þetta rit, nema annað sé tekið fram), sem dagsett er 2. – 4. október 1933, gerir Ingólfur grein fyrir þessari frystistöð sinni. Þar segist hann hafa um árabil unnið að frystingu matvæla, en útskýrir það ekki frekar. Hann kveðst þá hafa fyrir mörgum árum af lestri erlendra ferðabóka um Ísland, þar sem höfundarnir fóru hinum lofsamlegustu orðum um íslenska skyrið, fengið áhuga á „að athuga á hvern hátt takast mætti að koma því til leiðar að að skyr yrði almennt borðað erlendis á sama hátt og hér á landi.“ Einkum voru það þó „ummæli hins fræga Albert Engström, ekki einungis í bók hans Åt Häcklefjall heldur og í viðtali í Stokkhólmi“, sem urðu hvatinn að þessum athugunum.

Ingólfur hafði stundað nám við Verslunarháskólann í Kaupmannahöfn og hafði aflað sér víðtækrar þekkingar á verslun og viðskiptum bæði í Evrópu og Ameríku. Hvers vegna hann greip ekki til þeirrar einföldu lausnar að fá skyrið framleitt í neyslulandinu útskýrir hann ekki. Þess í stað hóf hann tilraunir með frystingu á skyrinu þótt fyrir því væri ævagömul reynsla að skyr mætti ekki frjósa. „Það þótti því nýjung er ég fann hvers vegna skyrið eyðilagðist við að frjósa á vanalegan hátt; og enn meiri nýjung, er ég fann hvernig mætti fyrirbyggja skemdir í skyrinu þrátt fyrir frystingu.“ Þessum tilraunum Esphólíns taldi hann lokið haustið 1930. Sótti hann þá um og fékk einkaleyfi á aðferð sinni. Er það einkaleyfi nr. 63 dagsett 15. október 1932.



Ingólfur G. S. Esphólín á Akureyri þar sem hann ólst upp. Faðir hans var Sigtryggur Jónsson timburmeistari frá Espihóli í Eyjafirði og er þaðan komið ættarnafnið. Bræður Ingólfs voru Jón og Hjalti, (sá fjórði, Þórhallur, dó í Kaupmannahöfn er hann var þar við nám). Þeir brutust í mörgu, ýmist saman eða hver upp á eigin spýtur, og voru djarfir til framkvæmda eins og glögglega má sjá af frystihúsaáformum þeirra.
Ljósm: Úr einkasafni Jóns Þ. Ólafssonar.

Hannar sjálfur frystivél


Það er ekki ljóst af þessum bæklingi Esphólíns hvar og með hvaða tækjum hann gerði tilraunir sínar með skyrið. Ef til vill í Sænska frystihúsinu. Þó segir hann að „hinn mikla kulda, er ég þurfti við tilraunirnar, hafði ég framleitt á sama hátt og þegar fryst er með ís eða snjó og salti, að því viðbættu þó að ég hafði annað efni með saltinu, unz kuldinn var orðinn nægilega magnaður."

En nú var komið að því að huga að tækninni, sem nota skyldi til iðnaðarframleiðslu á skyrinu. Esphólín útskýrir hvers vegna ekki var hægt að notast við Ottesensaðferð Sænska frystihússins, sem sé fólgin í því „að dýfa vöru þeirri, sem frysta á, í saltpækil, oftast nær um 20 C." Þurfi þá að þvo pækilinn af vörunni eftir á. Hér hafi hins vegar þurft að pakka vörunni fyrst og síðan frysta hana í umbúðunum. Sú tækni hafi verið að ryðja sér til rúms erlendis og séu „frægastar á þessu sviði vélar þær, sem kenndar eru við Birdseye, og sem ýmsir hér á landi muni kannast við". Birdseye-vélarnar hafi komið til greina við skyrframleiðsluna en séu „svo úr hófi dýrar, að ekki var unt að fá þær í þessu augnamiði." (Birdseye hafði um þessar mundir einkaleyfi á vélum sínum).

„Fyrir mig var því eigi aðra leið að fara en láta smíða hraðfrystivél hér á landi. Þessi vél mín er í fjölmörgu frábrugðin öllum öðrum vélum, á þessu sviði, sem enn þekkjast", segir Ingólfur í ritlingi sínum. Hann segist þó ekki geta lýst henni tæknilega að svo stöddu, þar sem umsóknir hans um einkaleyfi erlendis séu óútkljáðar. „Af því álit margra er, að vélar af þessari gerð geti haft framtíðarþýðingu fyrir t. d. fiskframleiðslu okkar Íslendinga, þykir hlýða að minnast á, að sá íslendingur, sem séð hefur hinar ýmsu hraðfrystivélar í Ameríku (hér er átt við dr. Þórð Þorbjarnarson sem þá hafði verið við verkfræðinám í Bandaríkjunum, en tók við stöðu ráðunautar hjá Fiskifélaginu um áramótin 1932-'33) telur vél mína skila vöru jafngóðri þeirri, sem best er talin vestra. Og einkaleyfaskrifstofur (Patent Agents) erlendis telja sjálfa gerð vélar minnar í ýmsum atriðum fremri og í engu síðri hinum bestu vélum, sem nú seljast til frystingar matvöru."

Einnig nefnir Ingólfur í þessu sambandi að þetta muni vera sú eina hraðfrystivél, sem unnið geti í skipum, þótt vont sé í sjó. Hún útheimti minna afl en hinar

Ingólfur lét sér ekki nægja að fá einkaleyfi á skyrfrystingu sinni í konungsrikinu Íslandi, hann fékk einnig einkaleyfi í riki hans hátignar Bretakonungs.



KONUNGSRÍKIÐ ÍSLAND

Einkaleyfi Nr. 63.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið

gjörir kunnugt: — Samkvæmt lögum nr. 12. 20. júní 1923 hefur ráðuneytið veitt Ingólfi G. S. Espholín, kaupmanni, Norðurstíg 4, Reykjavík,

einkaleyfi

á aðferð til verðveizlu á skyri, sem heftir eftir vild, í skemman eða langan tíma, súrnyndun í skyrinu á hvaða súrstigi sem er

í samræmi við lýsingu þá, sem fest er við þetta bréf.

Uppgötvunin er verndnð frá 18. desember 1931 með þeim takmörkunum sem settar eru í 6. gr. fyrðra laga. Einkaleyfistíminn telst frá dagsetningu lögfestbréfs þessa. Einkaleyfið fellur niður, ef gjöld þau, sem ákveðin eru í 7. gr. fyrðra laga eru eigi greidd í tæka tíð samkvæmt þeim reglum, sem settar eru um greiðslu þeirra.

Reykjavík, 15. október 1932.

ameríska Birdseye-vélar auk þess sem hann noti ál í frystiplöturnar í stað stáls eða annarra málma, sem leiði hita eða kulda fimm sinnum verr en álið.

Stuðningur frá landbúnaðinum

Fjárhagur Ingólfs mun hafa verið óvenjubágborinn um þessar mundir eftir afskipti hans af uppbyggingu Sænska frystihússins. Næst lá því fyrir að vinna málinu fjár-

hagslegan stuðning úr ýmsum áttum. „Þeir fyrstu er ég sneri mér til voru Samband íslenskra samvinnufélaga, síðan mjólkurbúin hér sunnanlands og Búnaðarfélag Íslands. Var haldinn fundur um málið 14. nóvember 1931 og þar mættir fulltrúar frá mjólkurbúunum, Búnaðarfélaginu, milliþinganefnd, er þá var í landbúnaðarmálum, SÍS og Kaupfélagi Borgfirðinga. Kosin var 5 manna nefnd, en mér jafnfram uppálagt að gera tilraunir undir eftirliti. Strax á eftir frysti ég um 30 smápakka af skyri og afhenti til geymslu eftir fyrirmælum þeirra herra Niels Dungal (prófessors í læknisfræði) og herra Trausta Ólafssonar (efnafræðiprófessors). Þeir rannsökuðu með vissu millibili sýnishornin.“ Voru umsagnir þeirra jákvæðar og frysta skyrið talið hafa að minnsta kosti sex vikna geymsluþol. Ingólfur snýr sér síðan til aukabúnaðarþings 1932 og mun hafa fengið þar jákvæðar undirtektir. Þá sneri hann sér til Alþingis en þar féll styrkveiting á jöfnum atkvæðum.

Í júní 1932 leitar Ingólfur síðan til stjórnar Búnaðarfélags Íslands, en „þar eð stjórn þess brast heimild til fjárframlaga í þessu máli tókst ég ferð á hendur og sótti heim flestalla búnaðarþingmenn og varamenn þeirra. Ég fékk þeirra leyfi fyrir fjárhagslegum stuðningi frá hálfu Búnaðarfélagsins, og kann ég þeim bestu þakkir fyrir alla aðstoð þeirra þá og jafnan síðan.“ Mikið hefur Ingólfi þótt liggja við, því að þetta er ekkert smáræðis ferðalag á þessum tíma, er landið hafði af litlu að státa í samgöngum á landi nema vegleysum og óbrúuðum ám. Formleg fjárveiting stjórnar Búnaðarfélagsins fékkst þó fyrst 14. september 1932. Sama dag var hafist handa um að koma upp frystistöð að Norðurstíg 4 og nákvæmlega níu mánuðum síðar, þann 14. júní 1933, tók hún til starfa.


Íslensk smíð

Eins og áður sagði, taldi Ingólfur of dýrt að festa kaup á amerískum Birdseye-vélbúnaði. Var því sjálf hraðfrystivélin að öllu leyti smíðuð hér á landi og komu Landssmiðja Íslands, Nýja vélsmiðjan, Nýja blikksmiðjan og Hamar öll að smíðinni með einum eða öðrum hætti. Kuldaframleiðsluvélin var hins vegar keypt frá Thomas Ths. Sabroe & Co í Árósum í Danmörku. Hægt var að frysta 40 kíló í vélinni í einu og náði varan að gegnfrjósa á hálfri klukkustund. Dagsafköst gátu því verið liðlega eitt tonn. Geymslurými var fyrir 5-6 tonn og kuldinn hafður ÷15 gráður, en gat farið í ÷25 gráður með stuttum fyrirvara. Uppkomin kostaði stöðin 32 þúsund krónur. Fjárhagslegan styrk hlaut Ingólfur 8.000 krónur frá Búnaðarfélaginu og 4.000 krónur (mjólkurbúastyrkur) úr ríkissjóði. Er fróðlegt að bera það saman við 1.200.000 sænskra króna hlutafé Sænska frystihússins, sem seinna var aukið um 400.000 sænskra króna.


Næstu árin gerði Ingólfur margvíslegar tilraunir með frystingu á skyri, fiski og grænmeti, einkum blómkáli og hvítkáli. Breskt einkaleyfi fékk hann 11. janúar 1934 fyrir „a process for preserving the milkproduct known as „skyr“, „aðferð til að lengja geymsluþol mjólkurafurðar, sem skyr kallast.“ Kálið var fryst í litlum pökkum, u.þ.b. 1 kg í hverjum pakka, en skyrið í u.þ.b. 1/2 kg pökkum. Framan af voru umbúðirnar fátæklegar og lítt ásjálegar, en síðar var þessu pakkað í skrautlega myndskreyttar, litaðar umbúðir – Sundin blá í forgrunni og Esjan fjólublá í baksýn. Kálið og skyrið var selt í verslunum í Reykjavík, en eitthvað mun hafa verið flutt út af skyrinu, þó aldrei í neinu umtalsverðu magni.[5]

Jafnframt virðist Ingólfur hafa lagt sig fram að kynna sér sem best viðskipti með hraðfrystar vörur í löndum Mið- og Norður-Evrópu. Greinaflokkur um þau mál í Alþýðublaðinu veturinn 1935 er með því fyrsta, sem skrifað er sérstaklega um

Fiskinum lét Ingólfur pakka í pergament og voru prentaðar leiðbeiningar á pappírinn en fallega myndskreyttar umbúðir einkenndu framleiðsluna frá honum, hvort sem um var að ræða fisk, skyr eða grænmeti.



markaðsmál frystra matvæla hér á landi og ber vott um yfirgripsmikla þekkingu, sem greinilega hefur að verulegu leyti verið aflað á staðnum auk lesturs bóka og tímarita um þessi efni. Hins vegar virðist ekki sem hann sé langt kominn að afla sér markaða fyrir framleiðslu sína. Kannski hefur vafstur hans með skyrið tafið fyrir því að hann kæmi á föstum viðskiptum með fisk, en af skrifum hans er þó ljóst að það eru fyrst og fremst þau viðskipti, sem hafa forgang í huga hans.



Það var ekki ofmælt að allt væri ákaflega snyrtilegt í frystihúsi og „skyrfrystistöð" Ingólfs Esphólíns. Flísar á veggjum og hreinlæti í fyrirrúmi. Myndin er tekin í vélasal hússins í ágúst 1933. Ingólfur (fjær) virðir fyrir sér starfsmann sinn, Bergstein Á. Bergsteinsson. Bergsteinn varð síðar fiskmatsstjóri og gegndi þeirri stöðu í fjöldamörg ár. Ljósm: Úr einkasafni Jóns Þ. Ólafssonar.

Fiskimálanefnd kaupir stöðina

Meðal fyrstu verkefna stjórnvalda eftir stjórnarskipti 1934 var að skipuleggja margháttaðan stuðning við sjávarútveginn og margvísleg opinber afskipti af málum hans. Um áramótin 1934-'35 var Fiskimálanefnd komið á fót. Þótt nefndin kæmi víða við varðandi nýjungar um verkun á fiski og viðskipti með fiskafurðir, skipaði hraðfrystingin samt forgangssæti í öllum störfum hennar. En þegar í upphafi virðist henni vera ljós sú nauðsyn að koma sér upp hraðfrystistöð á eigin vegum. Keypti hún því hraðfrystistöð Ingólfs Esphólíns, réð Ingólf í þjónustu sína til að vinna að hraðfrystingu, leiðbeina við uppsetningu á hraðfrystivélum og kenna hraðfrystingu, ef tilraunir yrðu gerðar til slíks utan Reykjavíkur. Þetta gerðist í lok marsmánaðar 1935.

Tilraunastöð og skóli

„Frystistöð Esphólíns var lítil en vel og hugvitsamlega búin. Allt var mjög snyrtilegt þar innan dyra, veggir í aðgerðar- og pökkunarsal voru flísalagðir upp á miðja veggi – og meira að segja vélasalurinn líka." Við þessi tímamót störfuðu í stöðinni 8 konur og tveir karlar.[6]

Þótt þarna mætti gera margvíslegar tilraunir með frystingu varð þó fljótlega ljóst að þessi húsakynni voru ófullnægjandi þegar fara átti að framleiða upp í fasta samninga. Fiskimálanefnd fékk því leigt fyrir frystistöð sína í hinu gamla íshúsi „Kveldúlfs", Ísbirninum við Skothúsveg. Var þar miklu meira svigrúm til athafna og afkastagetan aukin úr 5-600 kílóum á sólarhring miðað við eðlilegan vinnudag í tvö tonn.

Þó að frystistöðinni væri öðrum þræði ætlað það hlutverk að vera tilraunastöð og skóli – og hún rækti það hlutverk með sæmd – tókst flest árin að reka hana tekjuhallalaust og oftast með hagnaði. Munaði þar mestu, er tókst í júlí 1936 að ná samningum við enska fisksölufirmað H. Smethurst (Fish Curers) Ltd. í Grimsby eftir næstum heils árs samningaþóf. „Fyrsta sendingin af hraðfrystum fiski fór héðan áleiðis til Bretlands 4. ágúst 1936. Sá dagur er mesti merkisdagur í sögu nefndarinnar og sögu hraðfrystingar á fiski hér á landi", segir Arnór Sigurjónsson í tíu ára afmælisriti Fiskimálanefndar.

Þannig atvikaðist það að litla skyrfrystistöðin hans Esphólíns varð kynsæl og eignaðist í tímans rás tugi afkomenda, varð um nokkurra ára skeið tilraunastöð, uppeldisstöð og skóli og grundvöllur fastra viðskipta með hraðfrystan fisk við útlönd. Að svo miklu leyti sem upphaf íslensks hraðfrystiiðnaðar verður rakið til eins manns, hlýtur nafn Ingólfs Esphólíns að verða þar efst á blaði.

2. Átökin um fisksöluna

SÍF, fyrstu fisksölusamtökin

Íslendingar hafa sjaldnast verið á eitt sáttir um hversu verði best fyrir komið sölu íslenskra afurða erlendis. Eðlilegasta og sjálfsagðasta lausnin við frjálst markaðskerfi er auðvitað sú að öllum sé frjálst að spreyta sig á þessu sviði sem öðrum. En fljótlega kom í ljós að verslun með fisk og fiskafurðir er ólík flestum öðrum viðskiptum í iðnaðarsamfélögum. Tækni við fiskveiðar fleygði fram hjá mörgum þjóðum samtímis á seinni hluta 19. aldar og alla 20. öldina. Ný og auðug fiskimið fundust. Aðstæður allar í hafinu voru hagstæðar fyrir viðgang fiskistofnanna. Markaðurinn var hins vegar takmarkaður. Hvað eftir annað hrundi verðið samfara aukningu í aflabrögðum. Stundum stóðu menn uppi slyppir og snauðir eftir vel heppnaða og aflasæla vertíð.

Síldareinkasala ríkisins

Hér á landi kom þetta fyrst fram í síldveiðunum. „Krakkið“ mikla 1919 er frægt í Íslandssögunni, en þá riðuðu margar áður blómlegar útgerðir til falls og fjöldi „síldarspekúlanta“ fór hreinlega á hausinn. Happdrættiseðli síldveiðanna varð flestum ljóst og menn leituðu lausna til að stilla saman framboð og eftirspurn. Slíkt var þó hægara ort en gjört, þar sem því fór fjarri að Íslendingar væru einir um hituna. Meira segja hér við land áttu þeir í harðri samkeppni við erlenda síldveiðiflota.

Ef til vill hefði samvinna eða samstarf útgerðarmanna getað ráðið hér bót á? Enn var þó sú hugsun tápmiklum athafnamönnum framandi. Afleiðingin varð sú, að ríkisvaldið greip inn í með stofnun Síldareinkasölu, sem gaf þó misjafna raun. Síðar komst sú skipan á, að ríkið eignaðist flestar hinar stærri síldarverksmiðjur, en saltsíldarsalan fór fram á vegum Síldarútvegsnefndar, sem skipuð var fulltrúum síldarsaltenda, útgerðarmanna og ríkisvaldsins. Á fyrsta fulltrúafundi Sölusambands íslenskra fiskframleiðenda haustið 1934 var einmitt vitnað til þess sem vítis til varnaðar, að „síldarútvegsmenn hefðu aldrei komið sér saman um neitt og hefði það leitt til þess að ríkiseinkasölu hefði verið skellt á.“ Hér voru að myndast pólitískar átakalínur milli þeirra, sem vildu leysa mótsetningarnar milli óheftra fiskveiða og takmarkaðs markaðar í neyslulöndunum með íhlutun og skipulagi ríkisvaldsins, og hinna sem ýmist hölluðust að óheftum markaðsbúskap eða frjálsum samtökum framleiðenda, sem reyndu að stilla saman framboði og eftirspurn þannig að draga mætti úr mestu sveiflunum í verðlagi.

SÍF – nauðvörn útflytjenda

Þegar á árunum fyrir 1930 var helstu saltfiskútflytjendum landsins orðið ljóst að hverju stefndi. Togurunum fjölgaði, aflinn óx ár frá ári miklu hraðar en markaðirnir í Miðjarðarhafslöndum gátu með góðu móti tekið við. Fjárhagsvandræði í Suður-Ameríku urðu til þess að þau lönd, sem þar höfðu átt viðskipti, beindu enn aukinni framleiðslu til Suður-Evrópulanda. Fiskbirgðir tóku að hrúgast upp í framleiðslulöndunum árið 1931 og verðið féll. Þetta ár varð gott aflaár hér við



Á Siglufirði urðu menn ríkir á síldveiðum. Myndin er tekin fyrir 1920, á þeim tíma þegar Siglufjörður var nánast samnefnari fyrir síld. Síldarbátar liggja bundnir við bryggjustólpa og óteljandi síldartunnur eru á bryggjunni. Síldin var ekki öll þar sem hún var séð – stundum þegar allir áttu von á henni lét hún ekki sjá sig. Aflabrestur var þó ekki orsök „krakksins“ mikla árið 1919. Síldin hafði þvert á móti vaðið upp um allan sjó en menn biðu hins vegar of lengi með að selja í von um enn hærra verð. En allt fór þetta á verri veg, verðið bókstaflega hrundi og síldin varð illseljanleg.
Ljósm: MAÓ/2106/LSR

land og annars staðar en útkoman varð hin hraklegasta fyrir alla íslenska fiskframleiðendur. Eftir áramótin 1931-'32 varð örlítil verðhækkun um stundarsakir, en í vertíðarlok var ljóst að sækja mundi í sama farið. Nauðvörn helstu keppinautanna í saltfisksölunni var að taka höndum saman. Þrjú stærstu útflutnings- og framleiðendafélögin, Kveldúlfur, Alliance og Fisksölusamlögin við Faxaflóa bundust þá samtökum um stofnun Sölusambands íslenskra fiskframleiðenda í júlí 1932 og síðan bættust allflestir fiskframleiðendur landsins í hópinn. Stjórn þessara samtaka mynduðu forstjórar áðurnefndra félaga, Richard Thors, Ólafur Proppé og Kristján Einarsson, en meðstjórnendur voru bankastjórar Landsbankans og Útvegsbankans, Magnús Sigurðsson og Helgi Guðmundsson. Þessi þátttaka bankastjóra helstu ríkisbankanna er athyglisverð og bendir til ákveðins þrýstings þessara lánastofnana á að keppinautar slíðruðu sverð og stæðu saman sem einn aðili út á við gagnvart viðskiptaaðilunum erlendis. Enda áttu bankarnir mikið í húfi. Hrun útgerðar og fiskvinnslu hefði þýtt hrun þeirra sjálfra og raunar hrun þjóðfélagsins alls. Þannig fór fyrir öðru samfélagi í norðri, Nýfundnalandi, sem varð gjaldþrota 1934 í eina ríkisgjaldþrotinu sem orðið hefur fyrr og síðar. Verður nánar vikið að því síðar.

Allt hefði getað farið í rúst

Því fór þó fjarri að allir aðilar áttuðu sig á alvöru málsins á þessum tíma og þörfinni á skjótum viðbrögðum. Í skýrslu stjórnar SÍF fyrir fisksöluárið 1. maí 1933-'34 segir á þessa leið:



Saltfiskur breiddur út og staflað á stakkstæði Alliance við Mýrargötu í Reykjavík. Alliance var eitt þeirra þriggja félaga sem hafði forgöngu um stofnun Sölusambands íslenskra fiskframleiðenda (SÍF) árið 1932. Ljósm: MAÓ/3/LSR

„Hjer heima fyrir höfðu framleiðendur yfirleitt ekki alment áttað sig á ástandinu. Þeir stóðu dreifðir, flestir svo aðsorfnir um fjármagn til atvinnurekstrar síns, að þeir urðu að hafa vöru sína á boðstólum, þótt sýnilegt væri að markaðsverðið væri mjög fjarri því að samsvara framleiðslukostnaði. Afleiðingarnar urðu svo þær, að verðið fór hríðfallandi og komst jafnvel ofan í 50-55 krónur stórfisk-skippundið.

Hin dýrkeypta reynsla síðustu misseranna fyrir stofnun Sölusambandsins opnaði augu íslenskra fiskframleiðenda fyrir því, að ekki var aðeins haganlegt atriði að koma upp sameiginlegri sölumiðstöð fyrir aðalframleiðsluvöru landsmanna, heldur var það blátt áfram óhjákvæmileg lífsnauðsyn, eins og komið var högum vorum.

Sú reynsla sem fjekst af hinu nýja fyrirkomulagi þegar á fyrstu mánuðunum sannaði líka til fullnustu að lagt hafði verið inn á rjetta braut. Í skjóli samtakanna skipti algerlega um verðlag. Stórfiskur hækkaði um 25% og hefir ekki lækkað síðan. Hagnaðurinn af hinu nýja fyrirkomulagi nemur mörgum miljónum króna. Þegar tekið er tillit til þess að þrátt fyrir þetta er hagur útgerðarinnar mjög örðugur, þá má leiða fullar líkur að því að hjer hefði allt verið komið í rústir, ef ekki hefði verið hafist handa.“

En það var ekki aðeins að skorti á að ýmsir fiskframleiðendur ættu erfitt með að átta sig á ástandinu, sem þó blasti við augum þeirra. Allt frá þessum tíma til þessa dags hefur sú skoðun ríkt meðal stórra þjóðfélagshópa, að engin nauðsyn hafi knúið á um stofnun fisksölusamtaka heldur hafi einokunartilhneigingar íslensks stór-

kapítals fyrst og fremst verið að verki. Það er því fróðlegt að skoða álit þeirra sem sáu þessa hluti í fjarlægð og án nokkurra tengsla við íslenska hagsmunaaðila eða hópa.

Álit Færeyinga

Vorið 1933 fór færeyski ritstjórinn Poul Niclasen til Spánar og Portúgals að opinberri tilhlutun til þess að rannsaka markaðsástandið í þessum löndum og samdi síðan ítarlega skýrslu til Lögþingsins um ferð sína. Þar komst hann svo að orði:

„Þegar samtök Íslendinga hófust í fyrra sumar, var verðið á Spáni komið svo lágt að alls ekki varð komist hjá tapi hvorki fyrir færeyska né íslenska útflytjendur og á fiskmarkaðnum var í rauninni hinn mesti glundroði. Það geta ekki verið skiptar skoðanir um það, að hið íslenska Sölusamband hefir einnig haft heppileg áhrif á verðið á færeyjafiski, og að mínu áliti væri mjög illa farið, ef svo skipaðist, að færeyskur fiskur yrði notaður til þess að gera hinum íslensku samtökum örðugt fyrir, því að við Færeyingar eigum þeim mikið að þakka.

Það má teljast alveg fullvíst, að ef Íslendingum tekst að halda samtökunum uppi, muni það alltaf hafa gagnleg áhrif á verðlag á færeyskum fiski. Þegar ég spurði spanska innflytjendur um verðhorfur á færeyskum fiski svöruðu þeir ávalt, að það væri komið undir því á hvaða verði íslenskur fiskur yrði seldur; ef verðið félli á íslenskum fiski, þá yrði einnig verðfall á þeim færeyska."

Hugsað til bráðabirgða

SÍF er þó í upphafi aðeins hugsað sem bráðabirgðaráðstöfun gegn aðsteðjandi vanda, en ekki sem varanleg lausn á markaðsmálum Íslendinga. Fyrstu lög félagsskaparins frá 2. ágúst 1932 heita „Bráðabirgðafyrirmæli um starfsemi Sölusambands íslenskra fiskframleiðenda." Þar er sagt að félagið sé stofnað með frjálsum samtökum fiskframleiðenda „og starfstími þess varir fyrst um sinn uns þessa árs fiskframleiðsla fjelagsmanna er seld." Þar sem samtökin eru ekki stofnuð á almennum fundi er stjórn þeirra ekki kosin, heldur eru áðurgreindir framkvæmdastjórar og bankastjórarnir tilnefndir í stjórn samkvæmt 8. grein bráðabirgðafyrirmælanna. „Fjelagsmenn geta allir íslenskir fiskframleiðendur orðið ef þeir skriflega skuldbinda sig til að gefa stjórn fjelagsins ótakmarkað einkaumboð til að selja allan fisk er þeir eiga eða eignast kunna á ári þessu og ætlaður er til útflutnings." Í fyrstu skýrslu stjórnar er látið vel yfir þeim undirtektum, sem félagið hefur fengið. Þó eru nefnd dæmi um framleiðendur, sem „kusu að vera utan við samtökin og njóta ávaxtanna af starfsemi þeirra, án þess að taka þátt í óhjákvæmilegum kostnaði við reksturinn, eða yfirleitt að leggja nokkuð í sölurnar fyrir viðgang þessara þjóðarsamtaka." Enda fór það svo að hin frjálsu félagasamtök hrukku ekki til af eigin rammleik.

Bráðabirgðalög Ólafs Thors

Þegar Ólafur Thors er dóms- og útvegsmálaráðherra í ráðuneyti Ásgeirs Ásgeirssonar sem staðgengill Magnúsar Guðmundssonar síðustu tvo mánuði ársins 1932, eru sett bráðabirgðalög, dagsett 5. desember, sem heimila ráðherra „að skipa svo fyrir, að á tímabilinu frá 1. janúar til 1. apríl 1933, megi ekki nema með samþykki Sölusambands íslenskra fiskframleiðenda, flytja eða selja til útlanda saltaðan fisk,



Aðgerð, flatning og vöskun við Hafnargötu í Keflavík. Mennirnir sem gera að fiskinum eru frá vinstri; Einar Sveinsson, Þorsteinn Þorvarðarson, Högni Ketilsson og Jón Valdemarsson, sem vaskar. Myndin er tekin árið 1915. Ljósm: MAÓ/1750/LSR

hvort sem hann er verkaður eða óverkaður, ef hann er lagður á land eftir 1. janúar 1933."

Í greinargerð er sagt að nauðsynlegt sé fyrir ríkisstjórnina að fá til þess „heimild fyrst um sinn að hafa íhlutun um sölu og útflutning á fiskframleiðslu ársins 1933, í því skyni að tryggja og festa það samstarf útvegsmanna, er hófst á þessu ári og leiddi til stofnunar Sölusambands íslenskra fiskframleiðenda. Sé sala og útflutningur nýju fiskframleiðslunnar með öllu frjáls, eru líkur til að það valdi verðlækkun á eldri fiskbirgðum, en einkum þó á nýju framleiðslunni. Mundi slíkt verðfall færa yfir Sölusambandið utan og innan að komandi hættur, sem sennilega mundu ríða þessum þörfu samtökum að fullu, og á þann hátt stórskaða íslenska framleiðendur, bæði þá er eiga fiskbirgðir liggjandi hér í landinu, en þó aðallega væntanlega eigendur nýju framleiðslunnar."

Nú varð árið 1933 eitt hið mesta aflaár þangað til í sögu landsmanna. Hefðu þessar hömlur ekki verið lagðar á útflutninginn í tæka tíð er einmitt hætt við að samtökin hefðu brostið, hver boðið niður verðið fyrir öðrum í ákafa sínum að losna við fiskinn. Þar við bættist að víða réðu menn ekki við að verka þennan landburð af fiski með sómasamlegum hætti, og erlendu kaupendurnir hefðu átt alls kostar við smáa og dreifða framleiðendur með kröfum vegna skemmda og undirvigtar og annarra mistaka um meðferð fisksins.

Bráðabirgðalög Magnúsar Guðmundssonar

Næst grípur svo ríkisvaldið inn í gang fisksölunnar með bráðabirgðalögum Magnúsar Guðmundssonar 25. maí 1934, skömmu áður en stjórn Ásgeirs Ásgeirssonar féll. Þá stóð svo á að spánska stjórnin hafði tekið upp takmarkanir á innflutningi á saltfiski. Á útmánuðum tókst sendinefnd héðan að fá innflutningsmagnið upp í 2/3 þess, sem verið hafði árið á undan, en það hafði verið hámarksár í innflutningi til Spánar. Þar af leiðandi var talið „óhjákvæmilegt að ríkisstjórnin fái íhlutunarvald um útflutning þessarar vöru héðan . . . svo að hann verði í samræmi við ákvarðanir innflutningslandanna“, eins og segir í forsendum bráðabirgðalaganna.

Með lögunum var ríkisstjórninni „heimilt að skipa svo fyrir, að leyfi ráðherra þurfi til þess að mega selja eða flytja til útlanda verkaðan eða óverkaðan saltfisk.“ Samtímis ákvað ríkisstjórnin að fiskútflytjendur greiddu ákveðið gjald í sjóð, sem varið skal, „eftir því sem með þarf, til þess að efla, tryggja og auka fiskmarkað, til verðjöfnunar og til annarra nauðsynja í þágu saltfiskverslunar landsmanna á þann hátt er ríkisstjórnin ákveður.“ Eins og oft hefur borið við síðan fannst ýmsum fiskverkendum skjóta skökku við að innheimta gjald af framleiðslunni, meðan hún var sjáanlega rekin með tapi, og mótmæltu hástöfum. En ríkisstjórnin hafði nú kverkatak á útflytjendum. Af samtölum við ríkisstjórnina varð ljóst, að neitun á greiðslu þessa aukagjalds mundi leiða til algerrar synjunar á útflutningsleyfum handa Sölusambandinu.

Þrenn bráðabirgðalög Haraldar Guðmundssonar

Það kom hins vegar í hlut ríkisstjórnar Hermanns Jónassonar, sem mynduð var 28. júlí þetta sumar, að setja bráðabirgðalög um sjóð þennan. Gaf Haraldur Guðmundsson þau út 20. ágúst. Upp úr þessari sjóðstofnun var síðan á næsta ári stofnaður Fiskimálasjóður, sem varð fjárhagsgrundvöllur Fiskimálanefndar.

Enn gefur Haraldur Guðmundsson út bráðabirgðalög 26. janúar 1935, þar sem hann löggildir SÍF, sem aðalútflytjanda, enda þótt það hefði ekki enn breytt lögum sínum í samræmi við ákvæði nýsamþykktra laga um Fiskimálanefnd, sem í raun settu SÍF ákveðnar starfsreglur sem skilyrði fyrir áframhaldandi starfssemi. En um þá breytingu á lögum SÍF var síðan leitað samkomulags þá um veturinn og miðlað málum á þann veg, sem ákveðið var í öðrum bráðabirgðalögum Haraldar Guðmundssonar 28. maí 1935. Veitti ráðherra þá SÍF leyfi fyrirfram til útflutnings á 88% af óseldri framleiðslu ársins gegn því að ráðherra heimilaðist að skipa tvo menn í stjórn félagsins með fullum réttindum.

Má því segja að SÍF hafi á fjórum árum þróast frá því að vera frjáls bráðabirgðasamtök útflytjenda í náinni samvinnu við bankana, í lögþvingaðan allsherjarfélagsskap fiskframleiðenda með þátttöku banka og ríkisstjórnar og ríkiseinkaleyfi til saltfiskútflutnings. Þessi framvinda var fyrst og fremst endurspeglun á markaðsþróun í sölulöndunum, en einnig til orðin í hörðum átökum og fyrir málamiðlanir sem náðu til allra helstu valdastofnana þjóðfélagsins: Framleiðenda, bankanna, ríkisstjórnar og stjórnarandstöðu og þar með allra helstu stjórnmálaflokka þess tíma: Sjálfstæðisflokks, Alþýðuflokks og Framsóknarflokks, og SÍS að auki. Allir hafa þó þessir aðilar synjað fyrir faðernið og alla tíð hver bent á annan. Það er þó staðreynd að í endanlegri mynd sinni er SÍF skilgetið afkvæmi Haraldar Guðmundssonar og Alþýðuflokksins.

Hvað sem því líður hefur þessi félagsskapur, sem fleytti Íslandi út úr kreppunni, staðist tímans tönn, og það liðu nær 50 ár þangað til félagsmenn kusu að breyta því í hlutafélag, sem starfaði á opnum og frjálsum markaði.



Fiskvinnslukonur vaska saltfisk, líklega í húsi Milljónafélagsins á Kirkjusandi. Saltfiskverkendur á Íslandi báru gæfu til þess að bindast samtökum í júlí 1932. Stjórnvöld landsins studdu þetta framtak og veittu samtökunum lögbundið einkaleyfi til útflutnings saltfisks. Færeyingar voru fljótir að sjá kosti þessa skipulags en fyrir Nýfundnaland kom þessi tilhögun of seint.
MAÓ/443/LSR

Ríkisgjaldþrot á Nýfundnalandi

„Ekki er laust við að útlendingar líti okkur öfundaraugum fyrir það, að verða fyrstir til þess að læra af reynslunni, bindast samtökum, þegar mest á reyndi, fyrstir til þess að koma fisksölunni í almennt frjálst kerfi.“ Þannig er að orði komist í skýrslu stjórnar SÍF vorið 1933. Svo mikið er víst að aðrar þjóðir fylgdu í kjölfarið. Fyrir eina þeirra var það þó of seint. Á Nýfundnalandi var lýst yfir ríkisgjaldþroti 1934, landið missti sjálfstæði sitt og rann inn í kanadíska sambandsríkið 16 árum síðar. Skipulagsleysi fisksölunnar hefur löngum verið um kennt sem einni meginorsökinni til þess að svona fór. Og oft er í ræðu og riti á Nýfundnalandi vitnað til Íslands sem lýsandi fordæmis um að þjóð, sem á allt sitt undir fiskveiðum, geti þó tryggt sjálfstæði sitt með haganlegri skipan þessara mála. Þótt seint verði úr því skorið hvort einhver ein orsök nægi til að skýra hversu misjafnlega þessum tveimur fiskveiðiþjóðum í Norðurhöfum farnaðist á þessum kreppuárum, er ekki úr vegi að líta nánar á viðbrögð Nýfundnalendinga við þeim vanda sem hér leiddi til stofnunar SÍF og síðar Fiskimálanefndar.

Víti til varnaðar: Nýfundnaland missir sjálfstæðið

Í bókinni „The Decay of Trade“, saga saltfiskverslunar á Nýfundnalandi 1935-’65, leiðir höfundurinn, David Alexander, rök að því að samtaka- og skipulagsleysið í saltfiskútflutningnum, sem var uppistaðan í efnahagslífi þarlandsmanna, hafi átt stóran þátt í því að landið missti sjálfstæði sitt 1933-’34. Landið hafði notið heimastjórnar innan Breska samveldisins um hálfrar aldar skeið en var nú á barmi gjaldþrots. Bretar tóku að sér greiðslu ríkisskulda þess en í staðinn var landinu stjórnað næstu 16 árin af konunglegri embættismannanefnd heimamanna og Breta og kaus síðan að gerast aðili að kanadíska sambandsríkinu 1949.

Höfundurinn bendir á að lega Nýfundnalands miðsvæðis á einhverjum auðugustu fiskimiðum jarðkringlunnar hafi verið það sem laðaði fólk til landnáms þar og allt fram á þessa öld hafi fiskveiðarnar verið eina tekjulindin sem verulega þýðingu hafði fyrir landsmenn. En þegar höfundurinn skrifar bók sína árið 1976 var svo komið, að helstu einkennin á hagkerfi landsins voru: „gífurlegt atvinnuleysi, lágar launatekjur, lamandi áhrif fjárframlaga frá „meginlandinu“ (Kanada), örbirgð í hrörnandi fiskiþorpum á landsbyggðinni, og sú fáránlega staðreynd, að erlendum flotum úr fjarlægum löndum tókst að nýta stærri hluta fiskveiðiauðlindarinnar en fiskimönnunum, sem hefðu átt að njóta yfirburða staðsetningar sinnar á næsta leiti við miðin.“

En þótt efnahagsvandræði Nýfundnalands eigi sér djúpar sögulegar rætur telur Alexander vafasamt að Nýfundnaland hafi verið nokkru verr statt en önnur héruð Norður-Ameríku, fyrr en þá seint á síðustu öld, eða þegar kom fram á þessa.

Alexander bendir á, að framan af 20. öldinni hafi Nýfundnaland hægt og sígandi dregist aftur úr norskum og íslenskum keppinautum bæði í heildarframleiðslu og framleiðni. Síðan segir hann: „Á því leikur enginn vafi að fátæktin var meginástæðan fyrir pólitísku hruni Nýfundnalands á fjórða áratugnum – þegar það glataði stöðu sinni sem heimastjórnarland innan breska heimsveldisins og varð, í staðinn fyrir fulltrúastofnanir ábyrgar fyrir eigin þegnum, að lúta breskri stjórnarnefnd. Með gersamlega ónógum persónutekjum, sem voru megineinkenni hagkerfisins, hafði skattagrundvöllurinn dregist svo saman að hann gat ekki lengur staðið undir stofnunum fullvalda ríkis, lágmarki félagslegrar þjónustu og vöxtum af gífurlegri og óumsemjanlegri þjóðarskuld, sem að mestu var við útlönd. En hvers vegna var landið svo fátækt? Svarið við því hlýtur að vera að finna innan fiskiðnaðarins því hann var hvort tveggja í senn meginuppspretta launaðrar atvinnu og útflutningstekna.“

Sundrungin í fiskiðnaðinum

Alexander vitnar síðan til konunglegu rannsóknarnefndarinnar, sem kennd var við Amulree lávarð og skilaði hrikalegri skýrslu um hag landsins 1933. Alexander finnst nefndin að vísu ekki ávallt hafa gætt fyllstu sanngirni í röksemdafærslu sinni, en niðurstaða hennar var, að landið hafi sóað dýrmætum auðlindum langtímum saman, tekið óhófleg lán til áhættusamra framkvæmda, stjórnkerfið verið gagnsýrt af pólitískri spillingu og bitlingasukki og opinber þjónusta verið í senn hægvirk og vanhæf. Þessar ásakanir voru þó hreinasti barnaleikur hjá þeim kjafts-



Frá Nýfundnalandi þar sem íbúarnir misstu sjálfstæði sitt á 4. áratugnum, kannski vegna þess meðal annars að þeir báru ekki gæfu til að standa saman um nýtingu þeirrar auðlindar sem fiskimiðin við strendur landsins voru.
Ljósm: Sigfús Jónsson.

höggum sem hefðarlið kaupsýslunnar, „fiskræðið" (the „fishocracy") í Water Street í höfuðborginni St. Johns fékk í skýrslunni, fyrir að hafa brugðist því hlutverki sínu að skipuleggja með samvinnu þjóðlegan fiskiðnað sem væri alþjóðlega samkeppnishæfur á sviði tækni, verkunar og markaðssetningar:

„Allt og sumt sem fiskiðnaðurinn gat sýnt í byrjun árs 1933 sem árangur af margra ára óheftri einstaklingshyggju var þetta: (1) Missi forystuhlutverks á mörkuðunum fyrir fullverkaðan fisk og örbirgð fiskveiðanna í Labrador í kjölfarið, (2) alvarlega hnignun fiskveiðanna á Bönkunum, (3) afturför í verkun í strandveiðunum, sem og í veiðunum á Bönkunum og í Labrador, (4) algera örbirgð stórra hópa þjóðfélagsins, annars vegar af völdum úttektarkerfisins (credit system), hins vegar vegna hins lága verðlags mörg ár í röð, (5) algera niðurníðslu skipa, veiðarfæra og hvers konar útbúnaðar, (6) algeran skort á skipulagi og tilraunum til samvinnu, (7) framhald á innbyrðis öfund og afbrýði meðal útflytjenda, sem gengið hefði í þær öfgar að fella verðið á erlendum mörkuðum og þess vegna svipt fiskimennina fullri umbun fyrir vinnu sína, og (8) skort hæfra skipa heima fyrir til flutninga á saltfiskinum á markað, sem leitt hefði til almennra leiguflutninga með skandínavískum skipum."

Ríkisforsjá

Ísland og Nýfundnaland voru einu löndin við Norður-Atlantshaf, sem voru því marki brennd að eiga nær allt sitt undir fiskveiðum, fiskverkun og fiskverslun; þar voru engir aðrir atvinnuvegir, að heitið gæti, sem gætu styrkt fiskveiðar og vinnslu til að fleyta þeim yfir nokkur erfiðleikaár. Það er því ómaksins vert að bera saman í grófum dráttum mismunandi úrræði þessara tveggja þjóða við kreppunni miklu. Amulree-nefndin krafðist gagngerðra kerfisbreytinga í stjórn landsins og í fiskiðnaðinum. Hvorki væri hægt að treysta helstu stjórnmálaöflum landsins fyrir

hinu fyrra né frjálsu framtaki fyrir hinu síðara, þar eð hvort tveggja væri rotið að innsta kjarna. Nefndin lagði til að stofnað yrði ráðuneyti náttúruauðlinda sem hefði fulla stjórn á öllum málum varðandi veiðar og vinnslu. Saltfisknefnd á vegum ráðuneytisins átti að vera ábyrg fyrir að koma röð og reglu á útflutningsverslunina. Senda þyrfti markaðsfulltrúa til Evrópulanda og viðskiptalandanna vestanhafs. Nýfundnalandi skyldi skipt upp í fiskveiðihéruð, sem hvert hefði sinn stjórnarfulltrúa, sem sæi um eftirlit og túlkaði stefnu stjórnvalda fyrir heimamönnum. Afnema yrði úttektarkerfið, þar sem fiskimenn tóku út rekstrarvörur sínar hjá fisksölum gegn greiðslu síðar í fiski, og útgerðarmenn skyldu hvattir til myndunar samvinnufélaga. Framleiðslan þyrfti að aukast, svo og tekjur útgerðar og sjómanna, og þar sem lítils „var að vænta af frjálsu framtaki undir núverandi kringumstæðum fellur það í hlut stjórnvalda bæði að benda á leiðir út úr vandanum og taka frumkvæði að því að koma fiskiðnaðinum á rétta braut“. Í framhaldi af þessu var væntanlegum ráðherra náttúruauðlinda ráðlagt að þvinga einhvers konar samvinnuskipulagi upp á fiskiðnaðinn.

Í kjölfar skýrslu Amulree-nefndarinnar var heimastjórnin afnumin 1934 og landið sett undir stjórnarnefnd nokkurra breskra embættismanna. Margvísleg löggjöf var sett næstu ár í anda tillagna Amulree-nefndarinnar. Með lögunum um stofnun Fiskimálaráðs Nýfundnalands var komið á í landinu stjórnarstofnun með víðtækara valdi yfir fiskiðnaðinum en nokkurs staðar annars staðar var að finna í Norður-Ameríku, eða í Evrópu. Það tók þó 12 ár að sameina alla saltfiskútflytjendur í eitt útflutningsfyrirtæki og á meðan misstu Nýfundnalendingar af þýðingarmiklum tækifærum á mörkuðunum og urðu seinir til að koma sér upp hraðfrystiiðnaði.

Keppinautarnir viðbragðsfljótari

Færeyingar sameinuðust um eitt sölufyrirtæki 1936 og veittu því ríkisverndaða einokun. Árið 1932 skyldaði norska stjórnin alla útflytjendur til að ganga í Klipfisk-sambandið. Sama ár tók einkaframtakið á Íslandi höndum saman um stofnun SÍF og á næstu árum stuðlaði ríkisvaldið eindregið að því að það fengi einkarétt til útflutnings. Með stofnun Fiskimálanefndar í upphafi árs 1935 má segja að framleiðsla, verkun og markaðssetning sjávarafurða hafi lagalega verið komin í umsjá eins opinbers aðila. Það var hins vegar einkaframtakið hér á landi, sem átti upptökin að samtökum útflytjenda og framtíðarskipulagið mótaðist í hatrömum átökum við ríkjandi stjórnarflokka, sem að lokum sættust á málamiðlun um málið í maí 1935.

Ísland og Nýfundnaland voru einu sjálfstæðu ríkin við norðanvert Atlantshaf, sem áttu nálega allt sitt undir útflutningi sjávarafurða, og gátu því ekki leyst vanda fiskiðnaðarins með því að skattleggja aðrar atvinnugreinar í þágu hans. Nákvæmur samanburður á mismunandi viðbrögðum þessara tveggja ríkja við áhrifum kreppunnar miklu mun eflaust leiða ýmislegt fróðlegt í ljós. En yfirborðslegur samanburður, byggður á mjög ófullnægjandi gögnum að vísu, gefur eindregnar vísbendingar í þá átt, að það hafi ekki síst verið samtök íslenskra framleiðenda og það form, sem þeir fundu á sölu afurða sinna, sem skýrir mismunandi örlög þessara ríkja. Þannig gætu þeir menn, sem hér á Íslandi hafa í 60 ár legið undir ámæli fyrir tilburði til einokunar og óhóflegrar auðsöfnunar í skjóli hennar, í raun hafa bjargað sjálfstæði Íslands, án þess þó að hafa ætlað sér annað en að sjá eigin hagsmunum sem best borgið.

Viðbrögð við umheiminum

Hinu má ekki gleyma að allt voru þetta líka öðrum þræði viðbrögð við því skipulagi, sem viðskiptalöndin við Miðjarðarhaf voru að koma á innflutningsverslun sína. Þar var innflytjendum öllum þrýst með valdboði í samsteypur („cartel"), sem fengu einkaleyfi á innflutningi í samræmi við kvóta sem settir voru af stjórnvöldum. Til grundvallar þeim var lagt, hvað keypt var af framleiðsluvörum innflutningslandanna í staðinn og þar stóðu Íslendingar hvað verst að vígi af samkeppnisþjóðunum, vegna þeirra takmörkuðu möguleika, sem voru á innflutningi frá þessum löndum. Portúgalar riðu á vaðið með stofnun GREMIO 1934, síðan kom Spánn í kjölfarið og loks Ítalía og Grikkland. Áður hafði breska heimsveldið, sem verið hafði meginstoð fríverslunar um meira en aldar skeið, ákveðið á ráðstefnunni í Ottawa 1932 að loka að sér og gerast lokaður viðskiptaheimur. Var þá fokið í flest skjól. Þeir, sem haldið hefðu fast við hugsjónina um frjálsa samkeppni og fríverslun undir slíkum kringumstæðum, hefðu einungis orðið auðveld bráð þeirra ríkisvernduðu viðskiptarisa sem þeir urðu að eiga skipti við. Svarið hlaut að verða samtök, sem gætu skipt við þá á jafnréttisgrundvelli. Íslendingar voru fljótari en flestir keppinautanna að bregðast við þessum nýju aðstæðum. Og þar fór einkaframtakið á undan ríkisvaldinu með frjálsum samtökum sínum, sem kannski líka skýrir að einhverju leyti, hve þessi sölusamtök Íslendinga hafa verið lífseigari, en þau sem mynduð voru með opinberum þvingunum í samkeppnislöndum okkar.

Fiskimálanefnd, ríkisapparat sem virkaði

Þjóð í hátíðarskapi

„Nærri stappar að ríkt hafi hálfgildings stjórnarkreppa lengst af 1931-'34. Ekki má þó ætla að vandamál þessara ára hafi öll risið af tíðum kosningum eða átökum ósammála manna um völd og áhrif innan flokka eða flokka á milli. Kreppan var eitrið í flestum meinsemdum þessara ára."

Þannig er að orði komist í hinni nýju Íslandssögu Sögufélagsins, sem út kom 1991.

Íslendingar kvöddu þriðja áratuginn með miklum veisluglaum er þeir minntust þúsund ára afmælis alþingis 26.-28. júní 1930. Næstu ár á undan höfðu verið þjóðinni hagstæð, vaxandi afli og hagstæð viðskiptakjör. Ríkisstjórn Framsóknarflokksins, sem við tók 1927, nýtti sér til hins ítrasta þessar hagstæðu ytri kringumstæður, almenna bjartsýni meðal þjóðarinnar og vaxandi þjóðarstolt, og vatt sér í alls konar framkvæmdir og var þá sjaldnast horft í kostnaðinn. Hafði ekki verið farið svo geyst í opinberum framkvæmdum síðan á fyrri stjórnarárum Hannesar Hafsteins. Nýir vegir og brýr, hafnarmannvirki og vitar þutu upp, skólabyggingar handa eldri skólum og nýjum, t. d. alþýðuskólum í sveitum, byggingar fyrir stjórnarskrifstofur, og er þá fátt eitt talið. Þrátt fyrir þessar miklu framkvæmdir var ríkissjóður rekinn með tekjuafgangi árin 1928-'30.

Nær þriðjungur landsmanna sótti alþingishátíðina auk erlendra gesta og eru flestir sammála um að hún hafi mjög ýtt undir sjálfsvirðingu Íslendinga og sannfært þá um að umheimurinn tók mark á fullveldisyfirlýsingu þeirra frá 1918. En varla hafði veisluglamrið og skálaræðurnar hljóðnað, þegar nýr og kolsvartur veruleiki heimskreppunnar helltist yfir þjóðina með almennu verðhruni á öllum útflutningsvörum hennar. Síðan tóku gamlir markaðir að dragast saman einn af öðrum eða lokast með öllu. Umskiptin urðu svo snögg að vart er að undra að kæmi sveitamönnunum, sem öllu réðu í stjórnsýslu Íslands, á óvart og fátt yrði um úrræði.

Ranglát kjördæmaskipan

Einmitt um þessar mundir (12. júní 1931) vann Framsóknarflokkurinn stærsta kosningasigur í sögu sinni: Hlaut 36% atkvæða og munaði aðeins hársbreidd að út á þann hlut gæti hann myndað hreina meirihlutastjórn. En einmitt þessi þingmeirihluti, sem var í himinhrópandi mótsögn við vilja kjósenda, varð til þess að grafa undan Framsóknarflokknum. Tæpu ári síðar var komin á samsteypustjórn Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks undir forystu Ásgeirs Ásgeirssonar. Nýja stjórnin var mynduð til þess að leysa ágreininginn um kjördæmamálið og hamla á móti alvarlegustu áföllunum af völdum kreppunnar, þ.e. yfirvofandi gjaldþroti fjölda bænda og útgerðarmanna. Naut hún stuðnings Sjálfstæðismanna á þingi og hluta Framsóknarflokksins. Ekki hafði hún setið nema rúmt ár þegar gengið var til kosninga um kjördæmamálið (16. júlí 1933) og galt þá Framsóknarflokkurinn afhroð. Um þessa stjórn Ásgeirs segir í Íslandssögunni:

„Fáar stjórnir hafa síður verið öfundsverðar en stjórn Ásgeirs Ásgeirssonar sem



Alþingishátíðin 1930. Tjaldborgin var stór og veitti ekki af því að nær þriðjungur landsmanna sótti hátíðina. Ljósm: ÓLM/185/LSR

sat þegar dekkst var í álinn 1932-'34. Ekki bætti það úr skák að frá nóvember 1933 sat hún sem minnihlutastjórn milli þinga. Neyddist hún því til að halda að sér höndum á hverju sem gekk þann tíma. Þó herti hún með bráðabirgðalögum höft á verslun með gjaldeyri."

Enn var kosið 24. júní 1934 eftir því nýja fyrirkomulagi sem samkomulag hafði tekist um. Mynduðu þá Framsóknar- og Alþýðuflokkurinn stjórn sem af fylgismönnum sínum var kölluð „stjórn hinna vinnandi stétta." Hékk meirihluti hennar á einu atkvæði og ekki hafði hún öruggan meirihluta í báðum deildum þingsins fyrr en utanflokkamaðurinn Ásgeir Ásgeirsson gekk til liðs við hana og síðar Magnús Torfason úr Bændaflokknum.

Fiskiráð – Fiskimálanefnd

Milliþinganefnd hafði starfað í sjávarútvegsmálum og var að vonum upptekin af áhrifum heimskreppunnar á útveginn. Lagði hún fram tillögur sínar um skuldaskil útgerðarinnar og skil milli gamals og nýs tíma með eflingu Fiskveiðasjóðs og um reksturslánafélag útgerðarmanna. Þá um haustið flutti Ólafur Thors frumvarp á Alþingi um skipan sjö manna Fiskiráðs. Ekki náði það fram að ganga, en Arnór Sigurjónsson telur „ekki ólíklegt að það frumvarp hafi átt einhvern þátt í að kalla fram" frumvarp stjórnarflokkanna um Fiskimálanefnd.[7] Það frumvarp var svo afgreitt sem lög frá Alþingi og staðfest af konungi 29. des. 1934. Formaður nefndarinnar varð Héðinn Valdimarsson, skjótráður maður og ódeigur til framkvæmda.

Fiskiráð Ólafs Thors hafði verið hugsað sem hugmyndabanki forsvarsmanna atvinnulífs, atvinnurekenda, launþega og stjórnmálamanna. Fiskimálanefnd varð hins vegar mikið framkvæmdaapparat með töluverð fjárráð (eina milljón úr ríkis-



Héðinn Valdimarsson kom víða við í íslensku athafna- og stjórnmálalífi. Hann var meðal annars fyrsti formaður Fiskimálanefndar sem undir hans forustu varð nánast eins og aukaráðuneyti fyrir Alþýðuflokkinn. Ljósm: EFT/1970/LSR

sjóði) og fasta tekjustofna (0,50-0,75% fiskimálasjóðsgjald af útfluttum fiskafurðum) og gat því haft allmikið umleikis. Má raunar segja að undir forystu Héðins fór nefndin langleiðina í að jafngilda aukaráðuneyti fyrir Alþýðuflokkinn.

Átök um sölumál

Fiskimálanefnd lét flest svið íslensks sjávarútvegs til sín taka. Þó var eftir langvarandi deilur veturinn 1935 á það sæst að saltfiskverslunin skyldi áfram vera í höndum SÍF og löggilti atvinnumálaráðherra (Haraldur Guðmundsson) SÍF sem aðalútflytjanda á því sviði með bráðabirgðalögum í maí 1935. Byggist allt tal um einokunaraðstöðu SÍF í sölumálum saltfisks síðan á þessari ráðstöfun alþýðuflokksráðherrans. Enn var þó tekist á um verksvið þessara tveggja stofnana næstu ár og hlutdeild þeirra í útflutningsversluninni. Lyktaði þeim deilum með því að SÍF annaðist saltfiskverslunina eingöngu en Fiskimálanefnd tryggði sér einkarétt á útflutningi frysta fisksins með því að skuldbinda þau hraðfrystihús, sem upp komust með hennar aðstoð, til að fela sér einkasölu á afurðum sínum.

Fiskimálanefnd hafði forgöngu um fleira en hraðfrystingu. Hún fékk hingað norska menn til að kenna Íslendingum skreiðarverkun og studdi einstaka útgerðarmenn til að koma upp skreiðarhjöllum með hagstæðum lánveitingum og beinum styrkjum. Hún stuðlaði að stórfelldum karfaveiðum til mjöl- og lýsisframleiðslu. Hún studdi og við bakið á fyrstu rækjuveiðunum og niðursuðuverksmiðjunum, sem komust á fót á þessum árum, stuðlaði að auknum fiskirannsóknum og leit nýrra fiskimiða, styrkti skipasmíðar innanlands og tilraunir með ný veiðarfæri og



Brúarfoss, skip Eimskipafélags Íslands, kemur í fyrsta sinn til Reykjavíkur. Mannfjöldi hefur safnast saman á bryggjunni til að taka á móti skipinu. Dagurinn er 20. mars 1927. Brúarfoss var jafnframt fyrsta kaupskip Íslendinga búið frystilest. Seinna, eða árið 1936, veitti Fiskimálanefnd Eimskipafélaginu styrk til að setja frystivélar í Dettifoss í því skyni að félagið tæki upp mánaðarlegar siglingar með fisk til Hull eða Grimsby á Bretlandseyjum.
Ljósm: MAÓ/879/LSR

stóð fyrir margháttaðri markaðsleit erlendis. Ekki hefði þó árangur hennar á þessum sviðum nægt til að halda nafni hennar á lofti um ókomin ár fremur en annarra opinberra nefnda, sem skipaðar hafa verið í tuga- og hundraðatali fyrr og síðar. Það er árangur Fiskimálanefndar á sviði fyrstu uppbyggingar hraðfrystiiðnaðarins og sölu frystra fiskafurða, sem haldið hefur nafni hennar á loft, svo að hennar er enn minnst í útflutningssögu landsins.

Strax á fyrstu fundum nefndarinnar, í byrjun janúar 1935, er hafin stefnumótun í þessum málum. Reynt er að koma á samstarfi við bæði frystihúsin, sem fyrir eru, Sænska frystihúsið og Skyrfrystistöð Esphólíns við Norðurstíg. Komst nefndin fljótt að þeirri niðurstöðu, að hún þyrfti sjálf að ráða yfir frystihúsi til tilrauna og framleiðslu upp í sýnishornasendingar og í lok janúar er skrifstofustjóranum, Ólafi Briem, falið að semja við Esphólín um kaup á frystistöð hans. Var frá kaupunum gengið í lok mars 1935. Jafnframt var Esphólín ráðinn í þjónustu nefndarinnar til að vinna að hraðfrystingu í Reykjavík, kenna hraðfrystingu úti á landi og leiðbeina um uppsetningu á hraðfrystivélum. Einnig skyldi hann vinna að markaðsleit erlendis.

Fyrsti sölusamningurinn

Í júlí þetta sama ár var hér á ferð sendimaður frá bresku fisksölufyrirtæki, H. Smethurst, í því skyni að leita fastra samninga um kaup á ferskum fiski til fryst-

ingar í Grimsby. Fiskimálanefnd komst í samband við þennan mann og benti honum á að lítill vegur væri að koma fiski héðan óskemmdum til hraðfrystingar erlendis, en bauð í staðinn að sjá um hraðfrystingu á umsömdu magni af ýmsum fisktegundum. Fljótlega tókst að ganga frá uppkasti að samningi, en eftir undirskrift kom fljótlega í ljós að margir endar voru óhnýttir. Í ágúst þetta ár komst að vísu á talsímasamband við útlönd, sem hlýtur að hafa valdið byltingu í samskiptum inn- og útflytjenda við viðskiptaaðila sína. En í þessu tilfelli varð sérfróður maður að kynna sér aðstæður á staðnum. Ingólfur Esphólín var sendur til Grimsby í september til að kynnast frystingu þar og ræða nánar útfærslu samningsins. Fór raunar svo að í samningum stóð við breska fyrirtækið í nærri ár, eða til júníloka 1936.

Annars vegar varð fljótlega ljóst að hraðfrystistöðin var of afkastalítil til að geta uppfyllt samninginn, sem gerður var til tveggja ára. Var þó boginn ekki hátt spenntur: Afhenda skyldi 120 tonn fyrra árið, en 180 tonn hið síðara, mánaðarlega í sem jöfnustum sendingum. Kom þá að hinum þröskuldinum sem var í veginum. Samgöngum var verulega áfátt. Tryggja þurfti að kæliskip ætti leið um Hull eða Grimsby mánaðarlega. Stóð í langvarandi samningum við Eimskipafélagið um þetta atriði og náðust ekki endanlegir samningar fyrr en hálfu öðru ári síðar eða í nóvember 1936. Í millitíðinni flutti Brúarfoss frysta fiskinn til Leith og þaðan fór hann til Grimsby í kælivögnum. Í lokasamkomulaginu var ákveðið að Dettifoss annaðist þessar ferðir og veitti Fiskimálanefnd Eimskipafélaginu 25 þúsund króna styrk til að útbúa skipið kælivélum til að sjá þessum viðskiptum borgið. Að þessu leyti var til dæmis ólík aðstaða okkar og Norðmanna, sem gátu sett sinn fisk strax í járnbrautarvagna og sent hvert sem var á meginlandinu.

Þorskur í litlum metum

Fyrra atriðið leysti nefndin með því að taka á leigu íshús Kveldúlfs, Ísbjörninn við Skothúsveg, fyrir starfsemi sína, og búa það ýmsum nýjum tækjum, sem ýmist voru keypt frá Ameríku eða framleidd hér heima. Gat stöðin þá afkastað tveimur tonnum á sólarhring af flökum. Fór svo að þegar á fyrra ári samningsins við Smethurst tókst að afhenda þau 180 tonn, sem afhenda skyldi síðara árið. Þetta magn skiptist þannig á fisktegundir að þriðjungur skyldi vera þorskur, tæplega helmingur rauðsprettu- og sólkolaflök, og rúmlega fimmtungur ýsu- og lúðuflök. Það verður því tæpast sagt að markaðurinn hafi gert meginuppistöðunni í afla landsmanna, þorskinum, hátt undir höfði til að byrja með. Var það enda svo framan af að reyna varð að þröngva kaupendum til að taka við vissu hlutfalli af þorski með hinum eftirsótta flatfiski.

Smethurst sendi hingað tvo menn til að leiðbeina við flökun og frystingu á árinu 1936. Vann annar þeirra hér í sex vikur en hinn í fimm mánuði. Smethurst gaf líka nákvæm fyrirmæli um pökkun og allan frágang á fiskinum, sem leiddi til róttækra breytinga frá þeim háttum sem áður höfðu verið á hafðir.

Hér hafði það löngum tíðkast að sjómenn og útgerðarmenn töldu sitt hlutverk að ausa sem mestum fiski á land og verka eftir því sem aðstæður leyfðu. Annarra beið svo það létta hlutverk og löðurmannlega að selja þennan „besta fisk í heimi“ á erlendum mörkuðum. Hér var það frá upphafi markaðurinn sem gaf fyrirmæli um verkun og útlit vörunnar. Þegar önnur frystihús risu með aðstoð Fiskimálanefndar fékk hvert þeirra sitt sérstaka merki sem auðkenni á hverjum pakka, auk þess sem hver pakki hafði sérstakt númer, svo að rekja mátti hverja skemmd eða galla á vör-



Frystihús Fiskimálanefndar í Ísbirninum við Skothúsveg í Reykjavík (stóra tvílyfta húsið fyrir miðri mynd) varð hvort tveggja í senn tilraunafrystihús og fyrsti iðnskóli hins uppvaxandi frystiiðnaðar. Ýmist var starfsfólk þaðan sent út um land til að kenna fiskvinnslufólki handtökin eða fólk utan af landi kom þangað til starfsþjálfunar. Samt var húsið rekið með hagnaði nær öll árin sem það var starfrækt af Fiskimálanefnd. Myndin sýnir karla önnum kafna við ístöku á Tjörninni. Búið er að hlaða ishellum á sleðann. Tjarnarborg er lengst til hægri. Ljósm: MAÓ/108/LSR

unni til þess starfsmanns sem pakkann hafði búið út og handfjallað. Stuðningur nefndarinnar við uppbyggingu frystistöðvanna tryggði henni svo nálega einkarétt á sölu afurðanna. Var framleiðslan þannig frá upphafi stöðluð og löguð að ítrustu kröfum markaðarins.

„Ein sé stjórn fisksölumálanna“

Hver sem svo er skoðun manna á ríkisrekstri og einkaframtaki, má telja að það hafi gert gæfumuninn að frá upphafi var freðfisksalan öll á einni hendi. Um það voru reyndar ekki svo skiptar skoðanir heldur á þessum árum, fremur hitt á hverra hendi hún væri. Vorið 1936 segir Ólafur Thors á aukafundi SÍF í apríl, þar sem hörð átök urðu um tilraunir þess félagsskapar til að koma á sölu með frystan fisk til Bandaríkjanna: „Það sem skeð hefur í þessu máli sýnir nauðsynina á því að ein sé stjórn fisksölumálanna í landinu . . . Til þess að skapa fólkinu atvinnumöguleika þarf að finna nýjar leiðir; við þurfum að brúa fjarlægðina milli auðugustu fiskimiða heimsins og þeirra milljóna manna, sem vilja kaupa fiskinn.“ Það tók menn hins vegar nokkurn tíma að átta sig á að þessi fjarlægð varð kannski ekki tryggilegast brúuð með einni brú. Því að hraðfrystingin er ekki bara aðferð til að geyma fisk. Með henni skapaðist algerlega ný markaðsafurð, sem átti ekkert sérstakt sammerkt með saltfisksölu til suðrænna landa. Markaðirnir lágu annars stað-

ar og kröfðust greiðra samgangna með sérútbúnum farartækjum; frystikeðjan varð að vera samhangandi frá verstöðinni heim í íbúð neytandans. Viðskipti með frystan fisk áttu því meiri samleið með viðskiptum með fryst matvæli yfirleitt en með hinni gamalgrónu saltfiskverslun. Jafnvel þótt framleiðendurnir væru í báðum tilfellum hinir sömu, hlutu þeir að aðgreina viðskiptin í höndum sérhæfðra fyrirtækja.

Bent á markað í Póllandi

Athyglisvert er að fylgjast með þróun fisksölumálanna á árunum 1935-'36. Einkaframtakið hafði komið á sölumiðstöð fyrir saltfisk á grunni þriggja stærstu útflutningsfyrirtækjanna í þeirri grein. Síðan er í samspilinu milli stjórnar og stjórnarandstöðu byggt upp lýðræðislegt skipulag að baki fyrirtækisins, árlegir aðalfundir og fulltrúafundir, þar sem atkvæðisréttur var með flóknum hætti miðaður við framleiðslu í skippundum. Þar til LÍÚ er stofnað 1939 eru þetta helstu samkomur útgerðarmanna og fiskverkenda og gífurlega harðar umræður með almennri þátttöku, sem ekki fara alltaf eftir flokkslínum, þótt klárt sé að Sjálfstæðismenn eru í miklum meirihluta þar og allir þrír forstjórarnir eru þeirra menn. Með samningum stjórnar og stjórnarandstöðu veturinn 1935 er ríkisstjórninni tryggður réttur til tveggja stjórnarmanna af sjö. Þeir eru forstjóri SÍS, Jón Árnason, og formaður Fiskimálanefndar, Héðinn Valdimarsson. Fiskimálanefnd hafði auk þess í hendi sér, ásamt atvinnumálaráðherra, veitingu einkaleyfis til SÍF, sem saltfiskútflytjanda og virðist hafa notfært sér þá aðstöðu óspart veturinn 1935 til að knýja stjórnarandstöðuna til málamiðlunar.

Á hinn bóginn verður til úr hugmynd og frumvarpi Ólafs Thors um Fiskiráð, löggjöfin um Fiskimálanefnd, sem æðstu stofnun í sjávarútvegsmálum undir atvinnuráðherra. Hvort sem sú er upphaflega ætlunin eða ekki verður helsta verkefni nefndarinnar framleiðsla og sala á frystum fiski. Með lánafyrirgreiðslu sinni til uppbyggingar frystihúsa skuldbindur hún frystihúsin, sem upp rísa á næstu árum, til að selja alla framleiðslu sína gegnum sig, verður sölumiðstöð fyrir frystan fisk, og innflutningsstofnun fyrir umbúðir. Hún ákveður sjálf sína söluþóknun og fisksalan er alltaf rekin með hagnaði eftir fyrstu skakkaföllin í tilraunasendingum. Atkvæðamiklir forráðamenn nefndarinnar reka hana nánast eins og einkafyrirtæki, að vísu með mun virkari stjórn en tíðkast hefur í fyrirtækjum hér á landi. Engar kröfur eru gerðar til sama fulltrúalýðræðis og hjá SÍF. Sjálfstæðismenn flytja hins vegar tillögur á þingunum bæði 1935 og '36 um að Fiskimálanefnd verði lögð niður en starfsemi hennar falin SÍF. Kratar og aðrir stjórnarsinnar eru því mjög á verði gagnvart SÍF, að það haldi sig innan þeirra marka sem því hafa verið sett og fáist eingöngu við sölu saltfisks.

Það er svo síðar, á árunum 1939 til 1941, að kvatt er til fjölmargra funda frystihúsaeigenda til samráðs við Fiskimálanefnd vegna erfiðleika sem stafa af ófriðnum. Á þeim fundum kynnast frammámenn frystihúsanna og smám saman mótast sú hugmynd, að taka söluna í eigin hendur.

200 tonn til Varsjár

Ekki gerist þetta þó átakalaust. Héðinn Valdimarsson var fyrsti formaður Fiskimálanefndar „og lét svo mikið til sín taka, að líta má svo á, að hann hafi a.m.k. fyrsta starfsár hennar verið hinn raunverulegi framkvæmdastjóri“, segir Arnór Sig-



Á gjöfulum fiskimiðum við Ísland. Það kemur kannski á óvart, á tímum hafta og kvóta, að strax á fjórða áratug þessarar aldar var umræðan um einhvers konar sóknarstýringu kviknuð innan SÍF. Sú umræða grundvallaðist þó ekki á fiskskorti í sjónum heldur á erfiðleikum við að selja afurðina, nefnilega saltfisk.
Ljósm: GÁ/158/Þjóðminjasafn Íslands.

urjónsson í afmælisriti Fiskimálanefndar. Enda eru hendur látnar standa fram úr ermum. Nefndin hóf störf í ársbyrjun 1935. Nefndin hefur strax viðræður við forráðamenn þeirra frystihúsa sem fyrir eru, Harald Gustafsson í „Sænska“ og Ingólf G. S. Esphólín, um verkun, frystingu og viðskipti með hraðfrystan fisk. Og 30. janúar er Ólafi Briem skrifstofustjóra falið að senda Jóhanni Jósefssyni, alþingismanni og stjórnarmanni í SÍF, sem staddur er í Þýskalandi í viðskiptaerindum, skeyti, þar sem hann er beðinn að athuga sölufyrirkomulag og söluhorfur hraðfrysts fisks í Mið- og Suður-Evrópu. (Talsímasambandið við útlönd er ekki opnað fyrr en síðar sama ár).

Þann 12. febrúar sendir Jóhann skeyti um að unnt muni að selja 200 tonn af frystum fiski til danska firmans Ivar Mikkelsen í Varsjá. Nefndin brá þegar við og útvegaði innflutningsleyfi í Póllandi fyrir þessum 200 tonnum. Leitaði hún síðan hófanna um að Sænska frystihúsið annaðist söluna. Gustafsson vildi hins vegar ekkert með þessi viðskipti hafa og hafði þó áður þreifað fyrir sér með viðskipti þar og sent þangað sýnishorn af fiski. Þá var brugðið á það ráð að semja við Sænska um að það tæki að sér frystinguna, en fá hins vegar Magnús Andrésson, stórkaupmann í Kaupmannahöfn, til að annast sjálfa söluna. Hann var meðeigandi í kæliskipi, e/s Steady. Voru nú hendur látnar standa fram úr ermum. Þann 5. mars mætir Jóhann á fundi nefndarinnar, þá nýkominn úr utanför sinni, og endurtekur að selja megi hraðfrystan fisk í Póllandi, að vísu aðeins í umboðssölu, og að Ivar Mikkelsen sé tilbúinn að taka við 200 tonnum, en hraða þyrfti þeim viðskiptum,

því að aðalsölutíminn sé frá byrjun febrúar til aprílloka. Jóhann upplýsti síðar að hann hefði byggt þessar upplýsingar á milligöngu sendisveitar Dana, en sjálfur ekki haft tök á að fara á staðinn. Daginn eftir, 6. mars, er gengið frá samningum við Magnús um að hann taki á sig ábyrgð og áhættu að hálfu móti Fiskimálanefnd. M/s Steady kom til Reykjavíkur um miðjan mars, sigldi áleiðis til Gdynia þann 20. og kom þangað 31. mars. En er þangað kom var eftirspurn eftir fiskinum lítil og salan treg. Var brugðið á það ráð að láta skipið liggja með farminn fyrir sömu leigu og frystihús í landi hefði kostað.

Misheppnuð viðskipti

Þótt Magnús ætti samkvæmt samningnum að sjá um söluna gerði Fiskimálanefnd allt hvað hún gat til að reka á eftir henni. M.a. var Jóhann Þ. Jósefsson fenginn til að athuga hvort allt væri með felldu. Kom nú í ljós að fiskurinn var lítt seljanlegur í Póllandi frá föstuhátíð til hausts. Fiskurinn hafði með öðrum orðum komið of seint. Fór svo að eftir fimm mánuði – í byrjun september – voru aðeins 35 tonn seld. Var nú Ingólfur Esphólín sendur út og „seldi“ hann Ivar Mikkelsen það sem eftir var af farminum. En þegar til greiðslu átti að koma reyndist fyrirtækið við gjaldþrot og yfirvöld höfðu gert bækur þess upptækar vegna meintra skattsvika.

Hér er kannski vert að vekja athygli á því að Jóhann Þ. Jósefsson var alþingismaður Sjálfstæðisflokksins og því meðal þeirra andstæðinga Fiskimálanefndar, sem kröfðust þess að hún yrði lögð niður og hlutverk hennar afhent SÍF, þar sem Jóhann var einmitt stjórnarmaður. Ekki virðast þessar staðreyndir hafa valdið trúnaðarbresti milli hans og Héðins Valdimarssonar, formanns Fiskimálanefndar. Þegar hins vegar árið eftir kom til hatramra deilna um þessi viðskipti og söluna til Bandaríkjanna var þessi þáttur Jóhanns gerður hinn tortryggilegasti, eins og síðar verður að vikið.


Skór og stígvél fyrir fisk

Það sem ávannst við þessa bitru reynslu af fyrstu fisksölunni, sem nokkuð kvað að á vegum Fiskimálanefndar, var að næsta ár, 1936, tókst að selja 200 tonn fyrirfram til Póllands, enda hafði fiskurinn með m/s Steady í sjálfu sér líkað vel. Framhald þessara viðskipta strandaði hins vegar á því, að ekki fengust aukin innflutningsleyfi í Póllandi. Í framhaldi af þessum Póllandsviðskiptum tókust svo viðskipti við Tékkóslóvakíu, en strönduðu síðan á því að í Prag var þá ekkert frystihús, sem geymt gæti fiskinn við viðhlítandi skilyrði. Smásendingar seldust vel, en þegar meira átti að færast í fang skemmdist fiskurinn og kaupandinn, sem greitt hafði fiskinn að fullu, stórtapaði á tilrauninni. Árið 1938 tókst þó að selja þangað einn járnbrautarvagn af frystum þorski, ýsu og karfa í skiptum fyrir skó og stígvél fyrir milligöngu Lárusar G. Lúðvígssonar skókaupmanns.

Það var svo ekki fyrr en eftir heimsstyrjöldina að þráðurinn var tekinn upp að nýju og föstum viðskiptum komið á við þessi lönd, sem um langt árabil voru meðal traustustu kaupenda okkar á ýmsum fiskafurðum.

Markaðsleit – SÍF finnur Ameríku

Vegna þeirrar óvissu, sölutregðu og kröfu um jafnvirðiskaup, sem einkenndu hina gamalgrónu saltfiskmarkaði í Miðjarðarhafslöndunum á fjórða áratugnum var eðli-



Dronning Alexandrine sigldi frá Íslandi í febrúarbyrjun 1935 með 1.200 kíló af frystum fiski innanborðs áleiðis til Bandaríkjanna. Ljósm: LSR/561/Þjóðminjasafn Íslands

legt að Íslendingar leituðu allra fanga til að létta á þessum mörkuðum með sölu til annarra landa og annars konar verkun á fiskinum (frystingu, skreiðarverkun, niðursuðu, mjöl- og lýsisvinnslu). Kom jafnvel hvað eftir annað til tals á fundum SÍF á þessum árum hvort takmarka bæri fiskframleiðsluna með einhvers konar sóknarstýringu, þótt ekki yrði úr. Bæði Alliance og Kveldúlfur höfðu á árum áður haft allnokkur viðskipti við Suður-Ameríku og var nú ákveðið í stjórn SÍF að senda mann þangað til að blása lífi í þessi gömlu viðskiptasambönd. Var Thor Thors valinn til fararinnar og heppnaðist hún framar öllum vonum og leiddi til umtalsverðra viðskipta á árunum fram að ófriðnum.

Í framhaldi af för Thors var um miðjan október 1935 ákveðið í stjórn SÍF að senda mann til Norður-Ameríku og Kúbu í markaðsleit fyrir saltfisk. Ágreiningur er strax í stjórninni um hver skyldi fara þessa ferð, en fyrir valinu varð Kristján Einarsson, einn af þremur forstjórum SÍF. Samþykkt er að leita til Fiskimálanefndar um styrk við förina af því fé sem nefndin hafði til umráða til markaðsleitar. Fiskimálanefnd setti þrjú skilyrði fyrir styrkveitingu: Að hún gæti fallist á þann mann, sem sendur yrði. Að sendimaðurinn yrði **ekki** einn af forstjórum SÍF. Að sendimaðurinn yrði ekki skemur en 6-12 mánuði í ferðinni. Þó svo að SÍF neitaði að fara að tilmælum Fiskimálanefndar um þetta efni og fengi þar af leiðandi ekki styrkinn er ekki meiri fjandskapur með mönnum en svo, að 19. október, daginn áður en Kristján lagði í upp förina, óskar Héðinn Valdimarsson eftir því að hann komi á fund Fiskimálanefndar, og þar er mælst til þess að hann athugi jafnframt markaðsmöguleika fyrir harðfisk (skreið), freðfisk og niðursuðuvörur. Kristján kom úr förinni 9 vikum síðar, um miðjan desember, en þá þurfti að ferðast um Bretland og að sjálfsögðu með skipum yfir Atlantshafið.

Er skemmst frá því að segja að Kristjáni tókst í þessari för að opna viðskiptasambönd við Kúbu og var nokkuð af saltfiski selt þangað á næstu árum fram að ófriðnum.

Vaxandi freðfiskmarkaður

Um aðgerðir Kristjáns til undirbúnings sölu á frystum fiski varð hins vegar einn stærsti pólitíski hvellur þessara ára, að undanskildu Kveldúlfsmálinu, sem einmitt er í uppsiglingu um þetta sama leyti. Í ræðu, sem Kristján hélt um för sína á aukafundi SÍF 3. apríl 1936, segir hann: „Hins vegar varð mér ljóst þegar í stað, að það var hraðfrystur fiskur flakaður, sem kaupendur vildu og var neysla hans í örum vexti. Er nú áætlað að Bandaríkin noti allt að 70.000 tonn af flökuðum fiski nýjum og frystum, og þar sem meira en helmingur af öllum þeim fiski sem Bandaríkin nota er fluttur inn frá öðrum löndum, þá er það augljóst mál að Ísland á að geta unnið allstóran skerf af þeim markaði, svo framarlega, sem hann er unninn af einhverri forsjá."

Kristjáni reyndist örðugt að fá að kynna sér frystingu, pökkun og ýmislegt annað sem snerti útbúnað hinna frystu fiskflaka. Þó fékk hann að lokum að kynna sér starfsemi „elsta filliteringarfélagsins" í New York og var mikinn hluta af þremur dögum á flökunarstöðvum og frystihúsum félagsins og horfði á og kynnti sér meðferð fisksins frá byrjun til enda.

Umboðsmenn og söluskipulag

Jafnframt snýr Kristján sér að skipulagningu markaðsmálanna. Hann telur heppilegt að skipta markaðnum upp í þrjú svæði: Boston og umhverfi; New York og umhverfi allt norður til Chicago; Chicago og norðvesturríkin. Á síðastnefnda svæðinu varð fyrir valinu fyrirtækið Keystone Fisheries Co. sem var í eigu Vestur-Íslendinganna Guðmundar Jónassonar forstjóra, og Þorsteins Þorsteinssonar, fyrrverandi bankastjóra. Keystone Fisheries hafði með höndum allmikla sölu á frosnum vatnafiski suður um Bandaríkin, en þó einkum í borgunum Chicago, Minneapolis og St. Paul. Í New York var það Ólafur Hertzwig Trading Co. er virðist hafa verið í innflutningi á saltfiski. Í Boston mun hann hafa rætt við hið gamalgróna fisksölufirma Gorton Pew í Glouchester, sem fyrr og síðar hefur átt nokkur viðskipti við Íslendinga. Virðist Kristján hafa hugsað sér að þessir umboðsmenn hefðu umboð fyrir allan fisk frá Íslandi og verður það síðar eitt af ágreiningsefnunum við Fiskimálanefnd, sem sakar Kristján um að hafa farið út fyrir verksvið sitt og skuldbundið aðra aðila án samráðs við þá.

Sýnishorn undirbúin

Á aðfangadag 1935 skýrir Kristján frá för sinni í viðtali við Morgunblaðið. Strax upp úr nýjári á Kristján viðræður við stjórnarformann SÍF, Magnús Sigurðsson bankastjóra. Kristján gefur líka stjórn SÍF formlega skýrslu 5. janúar og sama dag fer hann á fund Héðins Valdimarssonar, formanns Fiskimálanefndar. Enn óskar hann eftir því þennan dag að SÍF láti útbúa sýnishornasendingu af frosnum fiskflökum, 10-20 tonn, til New York. Var þetta samþykkt og sérstaklega tekur Kristján fram, að af þeim tveimur stjórnarmönnum SÍF, sem jafnframt áttu sæti í Fiskimálanefnd, hafi annar verið meðmæltur en hinn mælti ekki í gegn. Kristján segist álíta rétt og nauðsynlegt að sýnishorn séu send af fiski, frystum með báðum þeim aðferðum, sem fyrir hendi eru, þ.e.a.s. aðferðum Ingólfs Esphólíns og Sænska frystihússins. Hann hafði einmitt verið samferða Ingólfi heim frá Englandi og var hann fús að gera þessa tilraunafrystingu. Fyrsta sýnishornið frá Sænska –

1.200 kíló – er tilbúið 1. febrúar og tekst að senda það út með Drottningunni daginn eftir. En nú tilkynnir Fiskimálanefnd, að Esphólínsfiskurinn fáist ekki afhentur, þar sem gengið hafi verið fram hjá nefndinni við beiðni um frystinguna og einungis rætt við starfsmann hennar, Ingólf Esphólín.

Af ýmsum ástæðum dróst til 24. janúar að Kristján kæmi fyrir Fiskimálanefnd til umræðna um för sína. Finnst honum þá anda allköldu í sinn garð og segir einn nefndarmanna hafa látið skýrt í ljós, að sýnilegt hafi verið frá því að Kristján var valinn til þessarar farar, að það yrði Fiskimálanefnd til tjóns. Kristján segist hafa tekið fram sérstaklega, í sambandi við umræður um að svo kynnu mál að skipast, að Fiskimálanefnd yrði útflytjandi freðfisks í framtíðinni, að hann mundi mæla með því að umboðsmenn SÍF í Bandaríkjunum ynnu að sölumálum fyrir nefndina líka.

Góðar söluhorfur

Sýnishornin, sem til Bandaríkjanna komust, líkuðu vel, að öðru leyti en því að ekki var réttur pappír utan um fiskflökin. Var mönnum að vísu um það kunnugt, en annað hafði ekki fengist hér. Fiskbirgðir voru þá litlar vestra og markaðsverð allhátt, útsöluverð 11 cent á pund, eða 8-9 cent að greiddum tolli. Lögðu nú umboðsmennirnir til að sendur væri 200 tonna farmur eins fljótt og hægt væri, svo að hann væri örugglega kominn á markaðinn fyrir páska. Komu nú upp deilur í stjórn SÍF um hvort SÍF eða Fiskimálanefnd skyldu annast sendingu farmsins. Taldi Héðinn það skýrt heyra undir Fiskimálanefnd. Meirihlutinn og forstjórarnir voru á því að gera tilraunina. Sækja yrði þó um ábyrgð ríkisstjórnarinnar ef þannig færi að halli yrði á sendingunni og jafnframt var óskað eftir samvinnu við Fiskimálanefnd um sendingu og sölu farmsins. Héðinn og tveir forstjórar SÍF virtust hafa komist að samkomulagi um þetta. Það samkomulag stóð þó bara einn dag, því að daginn eftir tilkynnti Héðinn, að sögn Kristjáns, að Fiskimálanefnd óskaði ekki eftir neinni samvinnu. Mundu þeir nú taka við málinu að öllu leyti og senda umræddan farm. Hafði hann og fengið atvinnuráðherra til að ábyrgjast halla á sendingunni. Enda kom á daginn að ráðherra synjaði SÍF ábyrgðarinnar, þar sem Fiskimálanefnd hefði þegar fengið hana.

Að sjálfsögðu stöðvuðust nú allar framkvæmdir af hendi SÍF en Fiskimálanefnd yfirtók samning um leigu á kæliskipinu e/s Steady og gekk inn í undirbúning þann um frystingu og kassasmíði er gerður hafði verið. Telur Kristján þetta hafa tafið afskipun allmikið. Í allri þessari deilu er einmitt tímapunkturinn mikilvægur, þar sem verðið gat snöggbreyst, þegar veiði hæfist á ný á ferskum fiski í Bandaríkjunum, og eins eftir því hve nálægt páskunum salan færi fram. Héðinn hélt því hins vegar fram, að engar tafir hefðu orðið vegna þessara umskipta.

Vegna reynslunnar af Póllandssölunni árið áður vildi Fiskimálanefnd nú hafa umboðsmann á staðnum, þegar salan færi fram. Varð Sigurður Jónasson forstjóri fyrir valinu. Hann var, auk þess að vera traustur krati, kunnur fjáraflamaður og stjórnandi margvíslegra fyrirtækja á eigin vegum, hins opinbera og síðar Samvinnuhreyfingarinnar. Kom Sigurður til New York 3. mars.

Metingur SÍF og Fiskimálanefndar. Verðið fellur

Í millitíðinni hafði SÍF og Fiskimálanefnd farið ýmislegt á milli þrátt fyrir hin formlegu vinslit. SÍF fór fram á að fá að reyna að selja farm Steady fastri sölu fyrir-



Gert að fiski í Keflavík. Þorsteinn Þorvarðarson tekur innan úr. Myndin er væntanlega tekin um 1915 eða löngu áður en þeir Héðinn og Kristján tóku að deila um hverjir ættu að selja fiskinn vestan hafs.
Ljósm: MAÓ/784/LSR

fram. Fiskimálanefnd heimilaði SÍF að selja 130 tonn, deilt á markaðina í New York, Chicago og Boston. Umboðsmaður SÍF í New York símaði samdægurs að hann hefði selt þau 50 tonn, sem honum væru ætluð til A&P (The Great Atlantic and Pacific Tea Company), sem þá var ein stærsta smásölukeðja í Bandaríkjunum með um 25.000 sölubúðir og matsöluhús. Fór nú SÍF fram á það við Fiskimálanefnd að mega selja þessu félagi allan farminn, á 7 cent pundið cif., en Kristján taldi að það hefði skilað 20.000 kr. hagnaði á umræddum farmi. Fiskimálanefnd neitaði og vildi láta allar sölur bíða þar til Sigurður Jónasson væri kominn á staðinn.

M/s Steady kom inn á New York-höfn 21. mars, tíu tímum seinna en vera átti samkvæmt samningi. Rifti þá A&P sölusamningnum á þeim 50 tonnum, sem það hafði samið um. Kristján telur að það hafi verið eðlilegt eins og allt var í pottinn búið: Sigurður hafi hvorki talað við A&P né umboðsmann SÍF þegar hann kom vestur heldur hafið sölutilraunir til annarra firma og með milligöngu annarra manna. Eftirstöðvar farmsins hafi því fyrst verið boðnar öðrum, en ekki þeim kaupanda, sem þó hafði fyrstur riðið á vaðið um að kaupa þessa nýju vöru okkar föstu og allgóðu verði. Kristján vill þó ekki áfellast að öllu sendimann Fiskimálanefndar. Telur ljóst að hann hafi aðeins hagað sér eftir fyrirmælum nefndarinnar.

Arnór Sigurjónsson telur hins vegar að notkun tímaákvæðisins til riftunar samningnum hafi bara verið yfirvarp. Hin raunverulega ástæða hafi verið sú, að veiði



Útskipun í Reykjavíkurhöfn. Allt fram í seinna stríð var frosinn fiskur fluttur utan í trékössum, líklega ekki mikið frábrugðnum þeim sem sjást á myndinni.
Ljósm: JK/5569f/Þjóðminjasafn Íslands

við austurströnd Bandaríkjanna hafi glæðst og vatnafiskur verið farinn að koma á markaðinn óvenju snemma og verðið á fiski því verið byrjað að lækka. Þetta megi meðal annars ráða af því að fyrirtækið hafi að sönnu boðist til að kaupa fiskinn, en þá á lægra verði eða 5½ cent.

Hvað sem því líður þá biður nú Fiskimálanefnd SÍF að leggja hart að umboðsmanni sínum að gera sitt ítrasta til að halda kaupandanum við samninginn og aðstoða Sigurð við frekari sölu. SÍF verður við þeirri ósk og munu samningar hafa tekist um þetta nýja og lægra verð. Þannig er ljóst að í gegnum allar sviptingarnar halda þó fjandvinirnir sambandi og reyna að greiða úr flækjunum, sem metingur þeirra skapar, jafnharðan og afleiðingarnar verða ljósar. Niðurstöðurnar úr þessu máli urðu þær að Sigurður Jónasson seldi 10 tonn á 7½ sent, 50 tonn á 6 cent og afganginn á 4½ cent. Tapið á sendingunni varð kr. 43.010.

Fiskimálanefnd selur saltfisk

En ekki var allt búið enn. Eins og að framan segir hafði upphafleg sendiför Kristjáns verið ákveðin með það höfuðverkefni í huga að vinna markað fyrir saltfisk í Bandaríkjunum og koma upp kerfi umboðsmanna til þess. Hins vegar hafði hann hugsað sér að þeir fengju jafnframt umboð fyrir allar aðrar fiskafurðir, sem þangað yrði reynt að selja. Tók Héðinn þetta óstinnt upp og sakaði Kristján um að „skuldbinda“ án samráðs, aðila, sem hann hefði engin umboð fyrir, svo sem Fiskimálanefnd og Síldarútvegsnefnd. Fiskimálanefnd tók svo strax að vinna að því að koma sér upp eigin umboðsmönnum, og mun það ástæðan fyrir því að Sigurður Jónas-

son sniðgekk umboðsmann SÍF í New York í átta eða níu daga eftir komu sína þangað, og heilsaði þá aðeins upp á hann til að tilkynna honum að hann mundi ekki nota aðstoð hans til sölu frysta fisksins. Hafði hann þó meðferðis meðmælabréf frá SÍF til umboðsmanna þess, sem sérstaklega hafði verið skrifað að beiðni formanns Fiskimálanefndar.

Kristján hafði tjáð umboðsmönnum SÍF að félagsskapurinn væri stofnun fiskframleiðenda sjálfra og seldi um 90% af fiskframleiðslu landsins. Umboðsmennirnir notuðu þetta í áróðri við væntanlega kaupendur og lögðu áherslu á að hættulaust væri að gera samninga við SÍF með tilliti til samkeppni og undirboða frá öðrum seljendum á íslenskum fiski.

Þegar hins vegar umboðsmaðurinn í New York ætlar að fara að ganga frá sölu við væntanlega kaupendur, tjá þeir honum að í New York sé nú annar maður, er byði fram íslenskan saltfisk og hefði stofnun sú, er hann væri fyrir, umráð yfir öllum íslenskum saltfiski. Gæti ekki orðið úr kaupum meðan óvissa ríkti um sannleiksgildi þessara mismunandi yfirlýsinga.

Kom nú í ljós að þessi maður var Sigurður Jónasson. Nú stóð svo á, að SÍF þurfti árlega löggildingu sem aðalútflytjandi saltfisks. Var hún veitt af ráðherra að fenginni umsögn Fiskimálanefndar. Einhverra hluta vegna hafði löggildingin dregist að þessu sinni, og mátti þá til sanns vegar færa að Fiskimálanefnd færi með umráð yfir öllum íslenskum fiski á meðan. SÍF óskaði nú löggildingar þegar í stað, meðal annars vegna þess glundroða, sem kominn væri á saltfisksöluna til Ameríku. Samt dróst það enn í þrjár vikur að löggildingin fengist. Á meðan var sendimaður Fiskimálanefndar að fást við sölu á saltfiski í New York og umboðsmaður SÍF fékk engu áorkað fyrr en hann gæti sannað stöðu SÍF í nútíð og næstu framtíð.

Pólitískar sprengikúlur

Á meðan Fiskimálanefnd og SÍF kepptust hvort fyrir sig um að koma á sölum á Steady-farminum, komst sagan í hámæli í pólitískum blöðum flokkanna og ekki endilega sannleikanum samkvæm. Var atburðarásin á báða bóga túlkuð til framdráttar sínum mönnum og sínum málstað, en til að sverta andstæðingana sem skemmdarverkamenn og pólitíska ofstækismenn, sem hikuðu ekki við að tefla hagsmunum þjóðarinnar í voða til að koma höggi á andstæðingana. Sjálfstæðismenn töldu útkomuna sýna að pólitískar nefndir ættu ekki að fást við flókin utanríkisviðskipti. Fisksalan væri öll betur komin í höndum samtaka fiskframleiðenda sjálfra. Hinir töldu þetta falla undir eðlilega byrjunarörðugleika, sem þó hefði mátt draga úr ef SÍF-menn hefðu ekki verið með puttana í spilinu. Allt var þetta að sjálfsögðu liður í pólitísku tafli þessara ára og þrátt fyrir hávaðaupphlaupin er ljóst að inn á milli unnu menn saman, þótt varla verði sagt að það hafi verið með fullum heilindum gert.

Eftir á virðist ekkert eðlilegra en að margvísleg mistök væru gerð í sambandi við sölutilraunir með nýja vöru og að gert væri ráð fyrir að þær skiluðu tapi oftar heldur en hitt. Og að meðan svo væri ástatt væri ekki óeðlilegt að sölutilraunirnar færu fram beint á vegum ríkisstofnunar, þótt hitt kæmi vissulega til greina að styrkja samtök fiskframleiðenda til að hafa þessa tilraunastarfsemi með höndum. En brigslyrðin í hinu pólitíska hanaati snerust einmitt að verulegu leyti um hverjum tapið væri að kenna. Stjórnarsinnar kenndu Jóhanni Þ. Jósefssyni um tapið á Póllandssölunni. Eða eins og Jóhann sagði sjálfur: „Á Alþingi í fyrra var mér talið til gildis að hafa komið þessu máli í framkvæmd, en því var mótmælt af Héðni

Valdimarssyni, sem sagði söluna eingöngu starf Fiskimálanefndar. Þegar svo miður gengur er mjer kent um ófarirnar.“

Kratar kenndu Kristjáni Einarssyni um hina lélegu útkomu Ameríkusölunnar eftir hinar glæsilegu horfur í upphafi. Þeir töldu lög SÍF einskorða starfsemi þess við saltfisksölu. Á móti taldi Thor Thors „lög Fiskimálanefndar sýna ljóslega, hver er tilgangur hennar, henni er ekki ætlað að vera sölufyrirtæki, heldur að hafa á hendi ýmsar tilraunir.“ Jóhann Þ. Jósefsson dró aðalatriðin í deilunni um Ameríkuviðskiptin snyrtilega saman í eina setningu: „Hafi SÍF gengið of langt í áhuga sínum að vinna freðfiskmarkað, þá hefur Fiskimálanefnd drýgt sömu syndina með því að fela sendimanni sínum saltfisksölu. Hjer er svo blindur metnaður að verki, að Fiskimálanefnd er að gera það sama, sem Hjeðinn Valdimarsson er að víta Kristján Einarsson fyrir að hafa gert.“ Héðinn Valdimarsson sagði í vörn fyrir sig og Fiskimálanefnd: „Starf mitt miðar ekki að því að búa til pólitískar sprengikúlur, heldur að því að vinna að hag alþjóðar.“ Eflaust hafa báðir aðilar hugsað sem svo, og að deila þessi væri eingöngu hugsuð til pólitískrar neyslu á heimavettvangi.

Skilaboð frá ameríska markaðnum

Hitt skiptir kannski meira máli, hvernig þessi pólitísku áflog lögðust í viðskiptavinina erlendis. Vestur-Íslendingarnir Guðmundur Jónasson og Þorsteinn Þorsteinsson í Keystone Fisheries Co. skrifuðu Kristjáni Einarssyni í lok mars og segjast þá hafa séð greinar í íslensku blöðunum um þetta mál „og þótt venjulega sé hægt að draga æði mikið frá því, sem birtist í blöðum, einkum þegar þeim er sýnilega stjórnað af pólitískum flokkum, sem eiga í baráttu innbyrðis, þá finst mjer engu að síður að jeg hafi skyndilega áttað mig á því, að málefni okkar muni ekki leysast eins auðveldlega eins og jeg hafði hugsað upphaflega. Sannast að segja er það skoðun mín, að þetta mál hafi verið gert pólitískt til þess að hafa það að opinberum „fótbolta“, og jeg fyrir mitt leyti kæri mig ekki um að vera innan í þeim fótbolta, jeg mundi fá höfuðverk af því sem gæti orðið langvinnur.

Mjer virðist svo, Mr. Einarsson, sem þjer hafið ekki fengið þá samvinnu og þann styrk, sem jeg hjelt að þjer hefðuð tryggingu fyrir að fá, og sem mjer finst í sannleika að þjer eigið heimtingu á. Og það er skoðun mín, að á meðan stjórnmálin blandast inn í viðskiftamál ykkar, þá muni aldrei nást fullkominn árangur.

Jeg hafði ímyndað mjer að stjórnmálin fengju ekki að blandast inn í starfsemi yðar viðvíkjandi útvegun markaða fyrir framleiðsluvörur þjóðarinnar, og meðan ástandið er óbreytt frá því sem virðist vera nú sem stendur, þá þætti mjer vænt um, að jeg yrði ekki við málið riðinn á neinn hátt þar sem jeg lít svo á, að fylsta nauðsyn sje á fullkomnu samræmi og samstarfi beggja megin hafsins, ef þetta mál á að leiða til farsælla lykta.

Jeg tók það fram í fyrra brjefi mínu til SÍF, að mjer hefði sýnilega yfirsjest, að leggja næga áherslu á þá staðreynd, að ef þið Íslendingar ætlið að koma til Ameríku og spilla markaðsskilyrðum hjer, með því að selja vörur ykkar á mjög lágu verði eða með óvenjulegum söluaðferðum, þá er hætt við, að framleiðslu ykkar verði bægt frá landinu, annað hvort með því að leggja á sjerstakt „dumping-gjald“, háum tollum eða einhverjum sjerstökum ráðstöfunum. Þeir menn í Ameríku sem eiga afkomu sína undir fiskframleiðslu, hafa mjög mikil áhrif, og ef þeir snúa sjer til þjóðþingsins og sýna fram á, að þjer eruð að spilla skilyrðunum með ódýrri vöru, jafnvel þótt varan sje góð, þá munu þeir koma því til leiðar, að ógerningur verður fyrir yður að fá markað fyrir fisk yðar hjer. En ef þjer hins vegar seljið fisk

yðar með sömu kjörum og hinir innlendu framleiðendur, þá hafa þeir enga ástæðu til umkvartana, og þá munuð þjer geta fengið ameríska markaðinn til afnota eins og þjer eigið rjett til. Ef þjer því ætlið að efla markað hjer í landi, þá verðið þjer að fela fulltrúum yðar hjer, að ákveða sölu á framleiðsluvörum yðar á því verði, sem gildir þegar salan er framkvæmd á canadíska eða eða ameríska markaðnum, og þið verðið að gera ykkur ljóst að þið getið fengið það verð en ekki meira. Þetta verðið þið að taka til rækilegrar íhugunar áður en lengra er haldið."

Í lok bréfsins tekur bréfritari fram að það muni „gleðja sig að taka á móti vini yðar hr. Sigurði Jónassyni, þegar hann kemur hingað og gera það, sem mjer er unt, að aðstoða hann á allan hátt. En eins og jeg hefi tekið fram, þá sje jeg ekki, að mjer geti tekist að vinna fyrir yður með fullum árangri, hvort sem er að dreifa vörum yðar eða sem umboðsmaður yðar, eins og nú standa sakir."

Þarna fengu Íslendingar sömu lexíu og Norðmenn fimm árum fyrr við sölutilraun sína í Chicago: Enga fasta samninga var að hafa nema menn stæðu einhuga að baki sölutilraunum, og kaupendur gætu treyst því að ekki kæmu aðrir í bakið á þeim með undirboð frá sama landi.

Ameríkumarkaður gefinn upp á bátinn

Þessi reynsla hrökk þó skammt þegar önnur tilraun var gerð árið eftir. Þá stóð Fiskimálanefnd ein að sendingunni, og að þessu sinni var vandað til alls undirbúnings. Fengnar voru í tæka tíð þær umbúðir utan um fiskinn sem kaupendur felldu sig best við. Það var vaxborinn pergamentpappír, niðurskorinn og áprentaður til þess að vefja utan um fiskstykkin. Einnig skyldi nú tryggt að fiskurinn yrði kominn á markaðinn á besta sölutímanum. Frysting var því hafin um áramót og 120 tonn af frystum fiski send með e/s Brúarfossi 29. janúar til Leith. Þaðan var fiskurinn sendur til Glasgow með kælivögnum og settur þar í kæliskip til New York. Fiskurinn kom vestur um miðjan febrúarmánuð og var í ágætu ástandi þegar hann kom á markaðinn. Þó tókst ekki að selja hann, hvorki fyrirfram né við móttöku, og varð að setja hann í frystihús til geymslu. Seldist hann þaðan seint og illa og sumt af honum aldrei, og var hann þó boðinn út fyrir stöðugt lækkað verð. Eins fór með litla fisksendingu frá Íshúsfélagi Ísfirðinga, sem hugðist gera mikla verslun á þessu ári við Ameríku. Ástæðan til þessa ófarnaðar í þetta sinn var óvenjulega mikið framboð af nýjum fiski í New York, bæði vatnafiski og fiski úr sjó. Verðlag á fiski hafði verið óvenjulega hátt 1936. Varð það til þess að hleypa auknu kappi í fiskveiðar þar vestra, en veðurfar var hagstætt til veiða veturinn 1936-'37. Framboð á fiski varð því óvenjulega mikið þann vetur, fiskverð lækkaði og freðfiskur seldist lítið sem ekkert. Tap Fiskimálanefndar á þessari sölutilraun varð miklu meira en á tilrauninni árið áður, eða alls kr. 94.562. Selt var innanlands (aðallega bein) fyrir 4.090 kr. og í Ameríku fyrir 4.200 kr.

Með þessari tilraun dofnuðu mjög vonir Fiskimálanefndar um markað fyrir hraðfrystan fisk í Bandaríkjunum. Jafnvel um besta markaðstímann, í janúar og febrúar, hafði það reynst algerlega háð veðráttu og öðrum ástæðum, sem ekki var unnt að sjá fyrir, hvort þar var hægt að vænta reglulegrar og hagkvæmrar sölu. Á öðrum árstímum virtist ekki vera um neitt þvílíkt að ræða. Við sendinguna 1937 höfðu engin sérstök óhöpp orðið, varan komst óskemmd í áfangastað, var álitin góð vara og í hentugum umbúðum. Þó hafði nefndin ekkert upp úr sendingunni haft annað en kostnaðinn og þá reynslu, að þarna var ekki markaðar að leita, fyrst um sinn að minnsta kosti.

Það vekur hins vegar athygli, að þegar togstreitan við SÍF er úr sögunni, er eins og Fiskimálanefnd hafi gleymt aðalskilyrðinu, sem þeir höfðu sett SÍF árið áður: Að fulltrúi væri á markaðssvæðinu í að minnsta kosti hálft til eitt ár. Þessi krafa var í rauninni ekki óskynsamleg, svo gerólíkur sem bandarískri viðskiptaheimurinn var þeim evrópska og fátt um menn á Íslandi með þekkingu, reynslu og viðskiptasambönd, sem þar gætu komið að gagni. Hvað varð um umboðsmennina, sem Sigurður Jónasson hafði útvegað Fiskimálanefnd árið áður? Og hvers vegna töldu menn nú ekki nauðsynlegt að fulltrúi nefndarinnar fylgdi farminum til New York? Um þetta vitum við fátt, enda urðu ekki að þessu sinni opinberar deilur um þessa hrakför, sem þó verður að teljast sýnu verri hinni fyrri.

Ríkiseinkasala möguleiki?

Um þessar mundir komst Fiskimálanefnd í föst viðskipti við breska fyrirtækið Smethurst og virðist áhuginn þá hafa dofnað á markaðsleit annars staðar, enda tók breski markaðurinn við allri framleiðslunni fram að stríði og á stríðsárunum þurfti engar áhyggjur að hafa af markaðnum: Bretarnir fengu minna en þeir vildu, en voru þó í aðstöðu til að skammta verðið og þeir skömmtuðu naumt. En hver veit nema enn meiri hraði hefði getað orðið í uppbyggingu hraðfrystihúsanna hér á landi á árunum fram að stríði, hefðu þessi viðskipti heppnast og föst sambönd komist á? Þó verður að hafa í huga að samgöngurnar við Bandaríkin voru þannig, að annað hvort varð að senda stóra farma með leiguskipum, og því fylgdi mikil áhætta, eða senda fiskinn um Bretland. Gekk raunar nógu erfiðlega að koma á viðhlítandi samgöngum við Bretland, svo að uppfylla mætti samninginn við Smethurst.

Ekki kom til frekari deilna Fiskimálanefndar og SÍF, þótt Sjálfstæðismenn flyttu enn frumvarp um að leggja niður Fiskimálanefnd og fela SÍF verkefni hennar. En að lokum fékk nefndin þau eftirmæli Einars Sigurðssonar („ríka“), að ef hún hefði áfram notið forystu Héðins Valdimarssonar (sem hvarf út úr henni í hinum pólitísku sviptingum kringum klofning Alþýðuflokksins og stofnun Sósíalistaflokksins 1938) og daglegrar stjórnar Runólfs Sigurðssonar skrifstofustjóra (sem fórst með Reykjaborginni í mars 1940), þá væri óvíst nema framleiðendur hefðu sætt sig við áframhaldandi ríkisforsjá í afurðasölumálum sínum enn um langt skeið.

3. Stofnun Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna Frá ríkisforsjá til sölusamtaka einkaframtaksmanna

Þegar seinni heimsstyrjöldin skall á haustið 1939, breyttust skyndilega þau viðhorf, sem verið höfðu uppi öll kreppuárin í efnahagsmálum Íslendinga. Sölutregða sú og markaðsvandræði, sem einkennt höfðu krepputímabilið, voru úr sögunni þegar á fyrstu mánuðum styrjaldarinnar, og var öll stríðsárin auðvelt um sölu flestra íslenskra útflutningsafurða á hagstæðu verði. Að vísu torvelduðust mjög viðskipti við meginland Evrópu þegar í upphafi styrjaldarinnar, og vorið 1940 tók með öllu fyrir þau viðskipti, að því undanteknu að örlítil viðskipti með saltfisk voru við Spán og Portúgal.


Ríkið tekur útflutninginn í sínar hendur

Um það leyti sem nokkrir forsvarsmenn hraðfrystihúsanna fóru að hugleiða stofnun sjálfstæðra sölusamtaka var fyrirkomulag fisksölumálanna í stórum dráttum þannig: Í byrjun ófriðarins höfðu verið sett bráðabirgðalög 12. september 1939, sem heimiluðu ríkisstjórninni „að ákveða að engar vörur megi bjóða til sölu, selja til útlanda eða flytja úr landi nema að fengnu leyfi hennar og með skilyrðum, er hún setur." (Síðar staðfest sem lög frá Alþingi nr. 11, 12. feb. 1940 „um sölu og útflutning á vörum"). Einnig var ríkisstjórninni „heimilt að ákveða, að engir megi bjóða til sölu, selja til útlanda eða flytja vörur úr landi aðrir en þeir sem til þess hafa fengið sérstaka löggildingu ríkisstjórnarinnar." (Þessi lög voru í gildi langt fram yfir lok styrjaldarinnar).

Í desember 1939 varð samkomulag milli Breta og Íslendinga um stofnun sameiginlegrar 10 manna nefndar. Formaður hins breska hluta nefndarinnar var C. R. S. Harris. Hinn íslenski hluti nefndarinnar kallaðist Viðskiptanefndin. Hana skipuðu í upphafi: Björn Ólafsson stórkaupmaður, Haraldur Guðmundsson alþingismaður, Jón Árnason framkvæmdastjóri SÍS, Magnús Sigurðsson bankastjóri og Richard Thors framkvæmdastjóri. Með bréfi ríkisstjórnarinnar 24. júní 1940 var sú nefnd gerð að fastri samninganefnd með því hlutverki að hafa yfirumsjón fyrir hönd ríkisstjórnarinnar með öllum utanríkisviðskiptum landsins og annast samningagerðir eftir því sem þörf væri á.

Eftir gerð viðskiptasamkomulagsins við Bandaríkin seint á árinu 1941 var bætt í Viðskiptanefnd þremur mönnum, er skyldu fjalla sérstaklega um mál er snertu viðskipti við Bandaríkin.

Í ófriðarbyrjun starfaði Pétur Benediktsson sem sendiráðsritari við danska sendiráðið í London. Í lok febrúar 1940 varð hann fulltrúi Viðskiptanefndarinnar í London. Hélt hann áfram því starfi eftir að hann var skipaður sendifulltrúi („chargé d'affaires") og síðan sendiherra Íslands. Eftir stofnun SH í febrúar 1942 lagði stjórn hennar frá upphafi áherslu á að fá að skipa einn mann í Viðskiptanefndina, en án árangurs.



Á Íslandsmiðum um eða fyrir seinna stríð. Togararnir brenndu kolum og mátti sjá langt að hvar þeir fóru enda steig kolareykurinn upp af þeim hátt til himins. Ljósm: GÁ/6025/Þjóðminjasafn Íslands

Samninganefnd utanríkisviðskipta

Í janúar 1943 var Viðskiptanefnd lögð niður en við störfum hennar tók Samninganefnd utanríkisviðskipta. Í þeirri nefnd voru sjö menn, allir skipaðir af utanríkisráðherra. Magnús Sigurðsson bankastjóri var formaður hennar, Haraldur Guðmundsson, Jón Árnason og Richard Thors voru áfram í henni en við bættust Aarent Claessen stórkaupmaður, Ásgeir Ásgeirsson bankastjóri og Lúðvík Jósepsson alþingismaður. Framkvæmdastjóri nefndarinnar var Helgi Þórarinsson, er áður hafði verið skrifstofustjóri Viðskiptanefndar. Ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins sat fundi nefndarinnar.

Í september 1939 er einnig skipuð Útflutningsnefnd, sem hafði það hlutverk að leiðbeina útflytjendum um markaði og um markaðsverð íslenskra afurða á hverjum tíma, tryggja eftir föngum að afurðir landsmanna seldust jafnan fyrir hæsta markaðsverð og að hafa nákvæmt eftirlit með kaupum erlendra skipa á nýjum fiski og eins fiskkaupum Íslendinga í erlend skip. Þessi nefnd hafði jafnframt það verkefni að annast útgáfu útflutningsleyfa á íslenskum afurðum á vegum atvinnumálaráðuneytisins. Með stofnun Samninganefndar utanríkisviðskipta er þessi nefnd lögð niður og verkefni hennar, þar á meðal útgáfa útflutningsleyfanna, færast til Samninganefndarinnar.

Þessi skipan mála hélst þar til í september 1948, er stofnuð var viðskiptadeild utanríkisráðuneytisins. Upp úr 1950 fór að draga úr ríkisafskiptum af milliríkjaverslun í Vestur-Evrópu. Kom þá í hlut viðskiptadeildarinnar að vera beinn aðili að útflutningi afurða til Austur-Evrópuríkja, m.a. til Sovétríkjanna. Haustið 1956 tók Útflutningsnefnd sjávarafurða við þessum störfum og heyrði undir sjávarútvegsráðherra. Hún hættir störfum 1. júní 1960 og útflutningsdeild viðskiptaráðuneytisins annast eftir það leyfisveitingar fyrir útfluttar vörur. Eftir það fóru nær öll mál varðandi erlend viðskipti um hendur viðskiptaráðuneytis.

Bretar eini kaupandinn

Eini kaupandi fisksins á stríðsárunum var Matvælaráðuneytið, Ministry of Food (MoF), í Bretlandi. Samkvæmt sérstökum samningum við Bandaríkjamenn („lend-lease“) var andvirði fisksins greitt í dollurum. Var öll framleiðslan seld til Bretlands fyrirfram með samningi til eins árs í senn og greidd hér í banka. Smávægilegar en þýðingarmiklar undanþágur fengust fyrir sölum til Bandaríkjanna. Má af því marka að strax í upphafi beindu menn sjónum sínum að Bandaríkjamarkaði og neyttu hvers færis sem gaf til að koma afurðum sínum þar á framfæri.

Eins og áður sagði var útflutningsverð freðfisksins ákveðið með samningum við Breta til eins árs í senn. Innanlands ríkti hins vegar óðaverðbólga, kaupið þaut upp, framleiðslukostnaðurinn jókst hröðum skrefum, frystihúsin voru rekin með tapi og rekstur þeirra stöðvaðist hvað eftir annað.

Þar sem öll raunveruleg sala freðfisks var í höndum opinberra nefnda miðaðist starfsemi frystihúsanna í sölumálum á þessum stríðsárum fyrst og fremst við að hafa, í gegnum Viðskiptanefndina, áhrif á samningsverðið við hina erlendu kaupendur, og, þegar það dugði ekki, til að knýja fram aðrar hagsbætur, sem gerðu frystihúsunum kleift að halda framleiðslunni áfram. Það fyrsta sem ávannst með þessum hætti var að Fiskimálanefnd lækkaði umboðslaun sín úr 3% í 1% skömmu eftir stofnun SH, eins og nánar er frá skýrt hér á eftir. Auk þess náðist það fram í Viðskiptanefndinni fyrir atbeina stjórnar SH á þessu sama ári að þunnildin mættu fylgja þorskflökunum. Við þetta jókst nýtingin úr u.þ.b. 35% í 42%. Ennfremur fékk SH því framgengt að nota mætti pappakassa í stað trékassa í ytri umbúðir. Dró það að sjálfsögðu mjög úr umbúðakostnaði.

Fiskimálanefnd boðar til fundar

Það er einn kaldan, gráan desemberdag 1941.

Skammdegismyrkrið grúfir yfir Reykjavík. Það er ys og þys á götunum í Miðbænum. Pakkhúsmenn verslana ýta á undan sér skröltandi trékerrum á leið sinni eftir vörum eða með vörur úr pakkhúsunum við Höfnina. Sumir flytja þó á bílum, sem flestir eru komnir til ára sinna. Hestar með kerrur í eftirdragi eru sjaldséðari, en þó engan veginn horfnir af götunum. Drossíum bregður fyrir, en þetta er fyrir daga einkabílismans og strætisvagnarnir yfirfullir á öllum álagstímum, snemma á morgnana og við vinnulok á kvöldin, að ógleymdu hádeginu, því að nær allir hafa þann sið að þjóta heim í hádeginu, matast og vera komnir aftur til vinnu sinnar innan einnar klukkustundar.

Höfuðborgin er heldur ekki stærri en svo að hún rúmast að miklu leyti innan Hringbrautar. Íbúarnir eru aðeins 38.000 talsins en hefur farið ört fjölgandi á síðustu árum, einkum eftir að herinn steig á land 10. maí 1940.

Á þessum tveimur árum hefur borgin og landið tekið gagngerum stakkaskiptum. Burt er doði og drungi og þrúgandi andrúmsloft kreppuáranna með langvarandi atvinnuleysi, fátækt og vesaldómi. Þá höfðu saltfiskmarkaðirnir svo þrengst á örfáum árum, að til umræðu kom að takmarka sóknina í fiskinn við það, sem hægt var að gera sér vonir um að selja. Góðar síldarvertíðir höfðu haldið lífinu í fjölda alþýðuheimila. Fólk var á ferð og flugi um landið þar sem handtak var að fá: Á síldarvertíðum fyrir norðan, á þorskvertíðinni suður með sjó og í Vestmannaeyjum. Nú slóst herinn við íslenska atvinnuvegi um vinnuaflið. Dýrtíðin var í fullum gangi og skelfdi alla frammámenn þjóðarinnar, en þeir fengu litla rönd við reist.

Þrátt fyrir allar dýrtíðarráðstafanir, kaupbindingu og verðfestingu innlendra afurða og lög um gerðardóma í vinnudeilum, sem nú voru í bígerð, hafði framfærsluvísitalan hækkað um 77 stig síðan hún hafði verið sett 100 í byrjun árs 1939, en byggingarvísitalan í 286 stig. Svonefnd Þjóðstjórn var við völd í landinu síðan 17. apríl 1939, þegar lýðræðisflokkarnir þrír höfðu samið nokkurs konar vopnahlé sín á milli og sameinast um að axla ábyrgð á landstjórninni á þeim válegu tímum, sem virtust og reyndust framundan.

Heimsstyrjöldin setti svip sinn á allt þjóðlífið. Fyrstu afleiðingarnar voru þær að erlend veiðiskip hurfu af miðunum. Styrjaldarþjóðirnar þurftu á hverri sinni fleytu að halda. Bretar voru tilbúnir að kaupa allan fisk, sem hér var að hafa, en þeir gátu að verulegu leyti skammtað verðið, nema á þeim ísfiski, sem togararnir sigldu með til Englands: Þar gilti markaðsverð og var þó fljótlega sett á hann ákveðið hámarksverð, þegar í ljós kom að gífurleg eftirspurn þrýsti verðinu í áður óþekktar hæðir og raskaði öllu samræmi við verð á þeim fiski, sem að einhverju leyti var unninn hér heima, hvort sem var í salt eða frystingu. Þegar hálfum mánuði eftir hernámið afnámu Bretar 10% verðtoll af nýjum fiski, frystum og ófrystum, sem settur hafði verið á 1932, og var að sjálfsögðu að þessu mikill fengur fyrir útgerðina íslensku. En þetta skapaði harða samkeppni um hráefnið milli ísfiskútflytjendanna og vinnslugreinanna, sem urðu að starfa á grundvelli heilsársamninga, sem gerðir voru milli íslenskra og breskra yfirvalda, á föstu verðlagi. Samtímis keyrði samkeppnin um vinnuaflið milli hersins og íslenskra atvinnuvega upp kaupgjaldið, svo að viðskiptasamningarnir urðu úreltir nálega samstundis og þeir voru gerðir og vöktu upp gífurlega óánægju og víðtæka andstöðu.

Þannig er einmitt ástatt þann 11. desember 1941. Frystihúsin hafa stöðvast eitt af öðru, treystast ekki til að starfa samkvæmt þeim skilmálum, sem kveðið var á um í viðskiptasamningi, sem gerður hafði verið við bresku stjórnina 5. ágúst um sumarið. Samkvæmt honum hafði verðið verið sett fast við 6 pence á enskt pund, en innkaupsverð á fiskinum 35 aurar á kíló. Þetta söluverð var fyrir neðan framleiðslukostnað og mörg húsanna höfðu dregið úr framleiðslu sinni eða lokað og var árið 1941 fyrsta árið frá upphafi frystiiðnaðarins 1935, sem framleiðslan hafði minnkað frá árinu á undan. Fiskimálanefnd hafði boðað frystihúsaeigendur til fundar í Oddfellowhúsinu í Reykjavík laugardaginn 16. desember til að komast að raun um hvort frystihúsin treystu sér til að framleiða fyrir það lága verð, sem í boði var samkvæmt nýju tilboði Breta um lagfæringu á samningnum frá 5. ágúst, eða hvort stöðva ætti framleiðsluna.

Frumherjar hittast

Tveir af frumherjum frystiiðnaðarins eru á ferð gegnum iðandi athafnalíf miðbæjar Reykjavíkur mánudaginn 11. desember. Ferðinni er heitið að húsi Björns Kristjánssonar við Vesturgötu, þar sem skrifstofur Fiskimálanefndar eru til húsa. Nefndin heldur fundi sína á mánudögum, og tvímenningarnir hafa hvor um sig fengið þá hugmynd, að kynna sér hvað nefndin hyggist leggja fyrir fund frystihúsaeigendanna á laugardaginn næstkomandi. Þetta eru þeir Ólafur Þórðarson frá Laugabóli við Ísafjarðardjúp, sem um skeið hefur staðið að rekstri lítils frystihúss á Siglufirði, og Einar Sigurðsson, nýbúinn að koma upp frystihúsi í Vestmannaeyjum, sem á fyrir sér að verða afkastamesta frystihús landsins um árabil. Þeir hittast í fyrsta sinn þarna í anddyrinu, verða samferða upp og er leyft að koma inn á fundinn, sem þá stendur yfir. Ekki hefur nefndarmönnum, Þorleifi Jónssyni, Jóni Axel Pét-



Frystihús Einars Sigurðssonar í Vestmannaeyjum, Hraðfrystistöð Vestmannaeyja hf., stofnuð 1939.

urssyni og Pálma Loftssyni, þó þótt meira til heimsóknarinnar koma en svo, að ekkert er um hana bókað í fundargerð þeirra þennan dag.

Fundurinn varð líka ærið snubbóttur. Nefndarmenn gerðu þeim tvímenningunum grein fyrir stöðu mála. Í kjölfar svæsinnar gagnrýni á samninginn frá í ágúst höfðu Bretar kunngert íslensku ríkisstjórninni að Íslendingum væri heimilt að segja samningnum upp. Á aukaþingi Alþingis í nóvember hafði niðurstaðan orðið sú, að samningnum skyldi ekki sagt upp. Öll þessi gagnrýni og málavafstur hafði þó orðið til þess að viðskiptin við Bretland voru tekin til endurskoðunar og nú í byrjun desember hafði verið undirritaður viðbótarsamningur, sem hækkaði verðið á frystum þorski og ýsuflökum, afnam takmörkun á fjölda fiskkaupaskipa og stækkaði svæði það, er fiskkaup innlendra og færeyskra skipa mættu eiga sér stað á.

Ólafur og Einar töldu að hækkun um 1 pence á pund væri engan veginn næg til að ná endum saman fyrir frystihúsin. Þá væru tveir liðir, sem til greina kæmi að spara á, sölukostnaður og útflutningstollur. Einar lagði til að nefndin lækkaði umboðslaun sín, sem þá voru 3%. Ólafur taldi að við núverandi aðstæður væri sér næst að halda að frystihúsaeigendur gætu sjálfir annast sölu afurða sinna fyrir 1% umboðslaun. Lítið varð úr frekari umræðum þarna, en af fundinum fóru þeir Einar heim til Ólafs að Sólvallagötu og héldu áfram að ræða málin.

Þeir komust fljótt að þeirri niðurstöðu, að það sem þeir hefðu slegið fram á

fundinum við Fiskimálanefndarmenn, styddist við raunsætt mat, að því tilskildu að þeir frystihúsaeigendur, sem í viðskiptum væru við nefndina fengjust til að slá sér saman í eitt félag. Þeim kom því saman um að rétt væri að kanna hug þeirra frystihúsaeigenda, sem nefndin hafði boðað til fundar næstkomandi laugardag, og að hefjast handa um undirbúning félagsstofnunar, ef undirtektir reyndust jákvæðar.

Jarðvegurinn undirbúinn

Fundurinn sem Fiskimálanefnd gekkst fyrir með frystihúsaeigendum í Oddfellowhúsinu 16. desember 1941 var sá fimmti sem nefndin kallaði saman á því ári. Sá fyrsti hafði verið haldinn 24. janúar, annar hafði verið haldinn 24. mars, tveir fundir 13. og 20. júní og höfðu þeir fjallað um samningstilboð bresku stjórnarinnar um verð á hraðfrystum fiski. Þann 13. febrúar hafði nefndin fengið einn af frumherjum frystiiðnaðarins, Elías Þorsteinsson, sem veitti forstöðu hf. Jökli í Keflavík, til samráðs um verðkröfur í samningunum við Bretana og hann lagt fram rök fyrir því, að fast yrði að standa á kröfunni um 8 pence á pundið, ella væri framtíð þessa iðnaðar stefnt í voða. Þótt engum af kröfum þessara funda hefði fengist framgengt og enn skorti mikið á með viðbótarsamningnum við Breta, hafði það þó eflaust áunnist með þessum fundahöldum, að frystihúsaeigendur höfðu kynnst innbyrðis og eflt tengslin sín á milli og séð að nú var svo komið að Fiskimálanefnd var orðin nánast óþarfur milliliður milli þeirra og þeirra raunverulegu valdastofnana, sem sömdu við Breta um fiskverðið. Samtakamáttur þeirra sjálfra gæti vegið þyngra en milliganga opinberrar nefndar, sem skipuð var fulltrúum þeirra flokka, sem að ríkisstjórninni stóðu.

Þannig stóðu þá sakir, þegar þessi fundur á vegum Fiskimálanefndar er haldinn. Er og skemmst frá því að segja að fundurinn áleit verðið enn of lágt miðað við fast innkaupsverð á fiskinum, 35 aura á kíló. Þá kæmu til greina tveir liðir, sem mætti spara á, sölukostnaður og útflutningstollur. Var samþykkt áskorun til ríkisstjórnarinnar um að lækka útflutningsgjald af hraðfrystum fiski niður í sama gjald og var af saltfiski. Fiskimálanefnd fékk einnig samþykkta tillögu um að húsin skyldu reyna að halda áfram framleiðslu og tapa ekki þeim markaði, sem þegar var fenginn fyrir frysta fiskinn, en að sjálfsögðu skyldi nefndin halda áfram baráttu fyrir hærra verði.

Undir lok þessa fundar á vegum Fiskimálanefndar kveður Einar Sigurðsson sér hljóðs og biður um leyfi nefndarinnar til að frystihúsaeigendur megi nota fundarstaðinn dálítið lengur og ræða sameiginleg áhugamál. Varaformaður nefndarinnar, framsóknarmaðurinn Pálmi Loftsson, kvað það velkomið, en spurði hvort þetta væru þau einkamál, sem nefndarmenn mættu ekki hlusta á. Einar kvað nefndarmönnum velkomið að vera á þessum fundi þeirra frystihúsaeigendanna.

Einar hafði því næst framsögu af hálfu þeirra félaganna og lýsti fyrir fundarmönnum hugmyndum þeirra Ólafs um félagsstofnun. Hann benti fundarmönnum á þær hættur og öryggisleysi, sem þeir gætu átt framundan, ef þeir tækju ekki sjálfir sölu afurða sinna í eigin hendur. Í þeirri ræðu hefur hann eflaust bent á, að þótt menn hefðu hingað til ekki kunnað illa þeirri opinberu forsjá, sem menn hefðu mátt hlíta undir leiðsögn Fiskimálanefndar, væri nú allt óljóst um framtíð nefndarinnar. Ríkisstjórnin hefði einmitt nýverið skipað nefnd til að gera tillögur í því efni. Þá gæti svo farið að þeim yrði ráðstafað, hver vissi hvert, jafnvel undir aðra opinbera stofnun, ef þeir hefðu ekki eigin félagsskap um afurðasöluna.

Í annan stað kann hann að hafa bent á, að frystihús á vegum SÍS höfðu slitið samstarfi við Fiskimálanefnd um áramótin 1940-'41 og seldu nú sínar afurðir beint. Ef frystihús í einkaeigu ættu áfram að heyra undir opinbera stofnun, gætu samkeppnisaðilar notfært sér þá möguleika, sem því fylgdu til að fylgjast með öllu, sem sú opinbera stofnun gerði í markaðsleit og sölumálum, án þess að þurfa sjálfir að gera opinbera grein fyrir sinni starfsemi. Sjálfsagt hefur hann einnig hvatt menn til að horfa fram á við og búa sig undir aðrar aðstæður að ófriðnum loknum. Nú gæti verið lag til að koma á laggirnar eigin sölustofnun, sem væri tilbúin til að takast á við erfiðleikana í markaðs- og sölumálum, þegar afskiptum ríkisstjórna af þessum málum sleppti, eða úr þeim drægi til stórra muna.

Pálma Loftssyni fannst það einmitt koma úr hörðustu átt, ef menn nú ætluðu að nota þennan fund til að vega aftan að nefndinni, eftir allt sem á undan væri gengið með SÍS, sem farið hefði frá nefndinni með sín frystihús. Pálmi spurði hvort menn væru óánægðir með störf nefndarinnar?

Einar Sigurðsson kvað það síður en svo. Frystihúsaeigendur vissu sig standa í þakkarskuld við nefndina fyrir störf hennar og þá uppbyggingu, sem átt hefði sér stað í þessum iðnaði fyrir hennar forgöngu. En nú fyndu menn þroskann hjá sjálfum sér og treystust til að standa á eigin fótum.

Sjálfsagt hafa einhverjir fleiri tekið til máls, en menn voru ekkert að orðlengja um þessa hluti og samþykktu með öllum greiddum atkvæðum ályktun um að frystihúsin tækju sölu afurða sinna og innkaup til reksturs síns í eigin hendur. Síðan var kosin bráðabirgðastjórn svo skipuð:

Einar Sigurðsson, Vestmannaeyjum,
Ólafur Þórðarson, Siglufirði,
Jón Auðunn Jónsson, Ísafirði,
Elías Þorsteinsson, Keflavík,
Jóhann Fr. Guðmundsson, Seyðisfirði.

Þessi ákvörðun um félagsstofnun birtist í Morgunblaðinu þegar daginn eftir. Svo einkennilega vill hins vegar til, að þegar kom að félagsstofnuninni sjálfri þann 25. febrúar var hennar að engu getið í blöðum bæjarins, hvort sem þar hefur um ráðið hógværð frystihúsaeigenda eða löngun til að starfa í friði að fyrstu uppbyggingu félagsins.

Nú voru hvergi nærri allir frystihúsaeigendur á þessum fundi og þurfti strax að kynna hinum málið og fá þá til að vera með í félaginu. Bráðabirgðastjórnin fól Ólafi Þórðarsyni allar framkvæmdir í þessum málum og hófst hann handa um að skrifa frystihúsaeigendum og ræða við þá sem til bæjarins komu. Ekki er vitað til að umrædd bréf hafi varðveist.



Jón Auðunn Jónsson, Ísafirði.



Jóhann Fr. Guðmundsson, Seyðisfirði.

Stofnfundur SH

Eins og áður er sagt fór sjálfur stofnfundur Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna fram á Hótel Íslandi þann 25. febrúar 1942. Til fundarins komu 14 fulltrúar fyrir 15 hraðfrystihús úr öllum landsfjórðungum. Fundarstjóri var Ólafur Þórðarson. Hann lagði í fundarbyrjun fram drög að stofnsamningi. Stofnun félagsins var síðan samþykkt með atkvæðum allra fundarmanna og stofnsamningurinn undirritaður af þeim öllum.

Á þeim liðlega tveimur undirbúningsmánuðum sem liðnir voru frá desemberfundinum hefur verið í ýmis horn að líta fyrir bráðabirgðastjórnina eða framkvæmdastjóra hennar, Ólaf Þórðarson frá Laugabóli. Hvers konar félagsskapur átti

þetta að verða: Hlutafélag, einhvers konar samvinnufélag, eða kom til greina að gerast aðilar að 10 ára gömlum samtökum saltfiskframleiðenda, SÍF, sem bjuggu yfir mikilli viðskiptareynslu og viðskiptasamböndum, en um þessar mundir höfðu takmörkuð verkefni, þar sem að mestu hafði tekið fyrir saltfisksölu til Miðjarðarhafslanda sökum ófriðarins?

Einar „ríki" Sigurðsson er einn til frásagnar um þær skiptu skoðanir, sem uppi kunna að hafa verið um þetta efni. Gera má ráð fyrir því að þá þegar hafi hann látið uppi þá skoðun, sem hann átti eftir að endurtaka á fjölda aðalfunda SH og orðaði þannig í ævisögu sinni:

„Ég barðist fyrir því árum saman í Sölumiðstöðinni, á meðan ég var og hét, að breytt yrði um rekstrarform og hún gerð að sterku hlutafélagi, sem er félagsform okkar einkarekstrarmanna, þannig að Sölumiðstöðin yrði megnug þess að vera skjaldborg einkarekstrarins og þá sérstaklega frystihúsanna, eins og Sambandið er kaupfélögum sínum og frystihúsum. En þetta sjónarmið mitt bergmálaði ekki í hugskotstómi trúbræðra minna í einkarekstrinum.

Sveinn Valfells sagði einhvern tíma við mig, hann var líklega sósíalískari þá en nú: „Það er einkenni kapítalistanna, að þeir strefa alltaf við að troða hvern annan niður í skítinn."

Samband íslenskra samvinnufélaga er eins og snjóbolti, sem hleður stöðugt utan á sig. Því liggur ekkert á. Það er eins og kaþólska kirkjan. Því var það, að Vilhjálmur Þór sagði einhverju sinni við Ólaf Þórðarson frá Laugabóli, þegar þeir ræddu um Jöklana: „Það er sama hvernig þið bröltið. Við eignumst þetta allt fyrr eða síðar." Við vorum þá að taka á móti nýju skipi."

En þrátt fyrir það rekstrarform, sem fyrir valinu varð – eða kannski vegna þess – hefur því farið fjarri að hrakspár Vilhjálms Þórs hafi ræst. Sölumiðstöðin hefur haldið sínu striki í hálfa öld og þrátt fyrir breytingar á upphaflegum lögum og samþykktum í átt að hlutafélagsforminu á síðustu 10 árum, hefur þó enginn meirihlutavilji verið fyrir stökkbreytingum í þá átt, þar til nær allir félagsmenn töldu að ekki yrði lengur undan því vikist á aðalfundinum 1996.

Einar Sigurðsson gerir líka grein fyrir öðru sjónarmiði: „Aðrir vildu fara yfir til SÍF. Það voru sölusamtök saltfiskframleiðenda, sem höfðu nú lítið við að vera, því að saltfiskverkun lagðist niður á stríðsárunum. Meðal þeirra, sem þetta vildu, var Jón Auðunn Jónsson frá Ísafirði. Hann var þá í stjórn SÍF. Stjórnendur SÍF bentu á að þeir hefðu 1,8 milljón króna yfirdrátt í Landsbankanum. Það var ekki lítið fé á þeim tíma. Ég hef oft hugsað, að við hefðum aldrei getað stofnað Sölumiðstöðina, þrátt fyrir eindreginn vilja okkar nokkurra, ef Guðmundur Albertsson, sem þá var skrifstofustjóri Fiskimálanefndar, hefði ekki verið hlynntur því að við stigjum þetta skref."

Þetta orðalag Einars bendir til þess að það hafi verið íhugað í alvöru að fela SÍF á hendur afurðasölu frystihúsanna, enda ekki óeðlilegt, þar sem langflestir frystihúsaeigendur höfðu jafnframt með höndum saltfiskverkun og voru þegar félagsmenn í SÍF. Ef til vill hafa menn gert sér grein fyrir því að freðfiskur og saltfiskur voru gerólíkar vörutegundir, sem seldar voru á ólíkum mörkuðum og kröfðust mjög ólíkrar markaðssetningar og sölustarfsemi.

Þá er það þriðji kosturinn og sá sem fyrir valinu varð. Á það hefur verið bent að í lögunum frá 1934 um Fiskimálanefnd, þar sem fjallað er um einkasölu á fiski, séu ákvæði um að ríkisstjórnin skuli gefa fiskframleiðendum kost á því að taka söluna í sínar hendur, þegar stofnað verður félag fiskframleiðenda, sem fullnægi öðrum ákvæðum laganna. Er kveðið býsna ítarlega á um form slíkra samtaka, ef þau



Guðmundur Albertsson varð fyrsti framkvæmdastjóri SH. Hér er hann á göngu ásamt eiginkonu sinni, Guðnýju Jónu Guðmundsdóttur, og dætrum, Guðrúnu, en hún vann hjá SH, fyrst í Reykjavík og síðar með föður sínum í Hollandi, og Auði (til hægri).

eigi að fá löggildingu yfirvalda sem einkasala. Að bregða frá því formi hefði því mögulega krafist lagabreytinga og jafnvel pólitískra átaka um málið á Alþingi. Fyrir menn, sem enn voru minnugir á þau pólitísku átök sem stóðu um setningu laganna um Fiskimálanefnd á sínum tíma, hefur ekkert verið fjær lagi en fara að efna að nýju til átaka í þessum efnum úr því að friðsamlegri leiðir voru til. Hitt er svo annað mál, að þótt lögin væru þannig sniðin að þau gæfu möguleika á löggildingu SH sem einkasölufyrirtækis við hlið SÍF, varð aldrei úr þeirri löggildingu.

Ekki er kunnugt um að á stofnfundinum hafi orðið umræður um félagsformið eða deildar meiningar um það. Hafi svo verið hefur verið búið að jafna allan ágreining fyrir þennan fund. Ólafur Þórðarson lagði fram stofnsamning og frumvarp til laga í 19 greinum og var hvort tveggja samið af Guðmundi Í. Guðmundssyni, hæstaréttarlögmanni, síðar þingmanni og ráðherra, en hann rak lögmannsstofu í félagi við Stefán Jóhann Stefánsson, sem einmitt mun hafa fært lögin um Fiskimálanefnd í frumvarpsbúning á sínum tíma. Helstu ákvæði laganna voru þessi:

Nafn félagsins skyldi vera Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna (skammstafað SH) og heimili þess og varnarþing í Reykjavík.

Í 2. grein félagslaganna er kveðið svo á um tilgang félagsins: „Tilgangur félagsins er að selja sjávarafurðir, sem ætlaðar eru til sölu á erlendum markaði og framleiddar eru í hraðfrystihúsum félagsmanna, annast innkaup nauðsynja til reksturs hraðfrystihúsanna, leita eftir nýjum mörkuðum fyrir afurðir húsanna og gera tilraunir með nýja framleiðslu og framleiðsluaðferðir í hraðfrystihúsunum."

Önnur helstu ákvæði laganna voru þessi:

Félagsmenn geta þeir einir orðið, sem reka hraðfystihús, og eru þeir skyldir til að hlýða lögum félagsins og löglegum samþykktum þess.

Félagsmönnum ber að afhenda SH alla framleiðslu hraðfrystihúsa sinna til sölumeðferðar, og er þeim eigi heimilt að selja sjálfir eða fela öðrum sölu á framleiðslu frystihúsa sinna, og getur það varðað sektum til félagsins, ef útaf er brugðið.

Stjórn SH er heimilt að hafa eftirlit með framleiðslu húsanna til að tryggja vöruvöndun.

Til þess að standast kostnað af rekstri félagsins heldur stjórn þess eftir 1% af fob. söluverði seldra afurða hraðfrystihúsa félagsmanna. Auk þess er stjórninni heimil álagning á kostnaðarverð þeirra nauðsynja, er félagið selur frystihúsunum.

Rekstrarafgangur félagsins skiptist á milli meðlima félagsins í réttu hlutfalli við útflutningsverðmæti hvers eins. Aðalfundur félagsins skal haldinn einu sinni á ári, eigi síðar en í júnímánuði, og aukafundir þegar nauðsyn krefur.

Kemur þá að einu merkilegasta atriðinu í lögum SH: Hvert hraðfrystihús hefur eitt atkvæði á fundum félagsins. Atkvæðastyrkurinn er með öðrum orðum ekki bundinn við fjármagn eða útflutningsverðmæti framleiðslu, heldur ríkir jafnræði meðal félagsmanna. Var það svo um áratugi að ekki var við þessu hróflað, og þá þannig að tekið var tillit til framleiðslumagns húsa, en aðeins að nokkru leyti. Ef eitthvað hefur einkennt SH öðru fremur í áratuga starfi er það hin virka þátttaka allra félagsmanna í stærstu ákvörðunum samtakanna, auk þess sem stjórn félagsins hefur alla tíð verið einstaklega virk og í nær daglegum tengslum við starfsemi fyrirtækisins. Er óhætt að taka undir það sem Richard Björgvinsson segir um þann þátt í tíu ára afmælisriti félagsins. „Það mun einsdæmi hér á landi að stjórn félags leggi á sig jafnmikla vinnu fyrir það fyrirtæki, sem henni er falið að stjórna, og stjórn SH hefur gert frá upphafi, þótt alltaf sé þetta starf að aukast. Reglan er [1952] að fundir séu haldnir vikulega og standi allt að 5 tímum, og svo margir aukafundir þegar eitthvað sérstakt kallar að.“ Um haustið 1952 hafði stjórn SH haldið 520 fundi frá upphafi eða að meðaltali einn fund í viku. Voru þó stjórnarfundir miklu strjálli framan af, svo að með auknum umsvifum hafa fundir verið miklu tíðari en meðaltalið segir til um. Í mörgum félagsskap hefur lýðræðislegt form ekki komið í veg fyrir að raunveruleg völd færðust á fáar hendur. Í stórum dráttum virðist SH hafa heppnast að starfa í fullu samræmi við lög sín og stofnsamning.

Eins og áður sagði fór því fjarri, að stofnun SH færi fram með lúðraþyt og söng. Það er ekki aðeins, að ekki finnist í dagblöðum borgarinnar frétt um stofnfundinn. Ekki verður séð að hann hafi verið auglýstur í dagblöðum. Eftirgrennslan leiðir í ljós, að dagana 20.-22. febrúar fer fram aðalfundur SÍF og þar gefur Elías Þorsteinsson frá Jökli hf. í Keflavík ekki lengur kost á sér til stjórnarsetu, en hann var þá og lengi síðar nánast óumdeildur forystumaður athafnamanna á Suðurnesjum. Daginn eftir hefst Fiskiþing. Báða þessa fundi sótti þorri athafnamanna við sjávarsíðuna, frystihúsaeigendur þar á meðal. Má álykta, að Ólafur Þórðarson hafi nýtt sér þetta til að kynna mönnum undirbúning málsins, stofnsamning og frumvarp að lögum, og síðan hóað mönnum saman til fundar á Hótel Íslandi að kvöldi miðvikudagsins 25. febrúar. Að minnsta kosti vekur athygli að einungis 14 eigendur frystihúsa sitja sjálfan stofnfundinn, en 8 bætast strax í hópinn einhvern næstu daga. Eftir fundargerð stofnfundarins að dæma hafa þessir 14 verið orðnir þaulkunnugir því um hvað málið snerist, engar deilur koma upp og stofnun samtakanna, stofnsamningur og lög eru samþykkt ágreiningslaust. Bráðabirgðastjórnin frá í desember var líka endurkjörin en henni kosnir varamenn. Eftir stutt fundarhlé

tilkynnti stjórnin að hún hefði skipt með sér störfum þannig að Elías væri formaður og Einar Sigurðsson ritari stjórnar. Athygli vekur, að ekki verður séð af fundargerðinni að Elías hafi setið fundinn, heldur er stofnfundargerðin undirrituð af meðeiganda hans í hf. Jökli, Þorgrími St. Eyjólfssyni. Bendir það til þess, að fyrir fundinn hafi menn verið búnir að þaulhugsa hvernig forystu þessara samtaka og fyrirtækis yrði best fyrir komið. Og þar var ekki tjaldað til einnar nætur: Þríeykið Elías, Einar og Ólafur áttu eftir að sitja í stjórn SH og fyrirtækja á hennar vegum nær óslitið næstu áratugi og vera Sölumiðstöðinni sú kjölfesta, sem ekki haggaðist í stórsjóum byrjunarörðugleika og sviptivindum breytilegra, alþjóðlegra viðskiptahátta.

Það var ekkert óðagot á stjórn SH eftir stofnfundinn. Þegar þann 15. janúar 1942, mánuði eftir undirbúningsfundinn í Oddfellow, samþykkir Fiskimálanefnd að leita heimildar ráðherra til að lækka umboðslaun af frosnum fiski, er hún selur fyrir frystihúsin í 1%. Að þessu fengnu var í rauninni ekkert því til fyrirstöðu að semja við Fiskimálanefnd um að hún sæi áfram um sölu og útflutning á framleiðsluvörum frystihúsanna og seldi þeim umbúðir og aðrar nauðsynjar árið 1942 eins og áður. Stjórnin gat því einbeitt sér að öðrum verkefnum. Á miðju sumri 1942 var gerður nýr viðskiptasamningur við Breta fyrir árið 1943. Um haustið var þessi samningur orðinn mjög óhagstæður fyrir frystihúsin, því að dýrtíðin hafði aukist mjög á þeim tíma, sem liðinn var síðan hann hafði verið gerður. Það helsta, sem á vannst í þessu efni var, að það tókst að ná samkomulagi við bresk og bandarísk stjórnvöld um að þunnildin mættu fylgja þorskflökunum. Af þessu leiddi að framleiðslurýrnunin (eins og það þá var kallað; síðar töluðu menn um nýtingu) lækkaði úr 65% í um 58%, eða um 7-8%. Fram að þessu höfðu ytri umbúðir verið trékassar, en nú samdist um að nota mætti pappakassa í staðinn, en þeir voru að sjálfsögðu miklu ódýrari. Þetta hvort tveggja var til mikilla hagsbóta fyrir frystihúsin og réð úrslitum um að þau gátu starfað að framleiðslunni.

Það er svo ekki fyrr en 27. september um haustið að fyrir Fiskimálanefnd liggur bréf Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna þess efnis, að SH hafi ákveðið að taka í sínar hendur um næstu áramót alla verslun með umbúðir og aðrar nauðsynjar frystihúsa sinna og einnig alla afgreiðslu í sambandi við útflutningsframleiðslu þeirra. Jafnframt er þess farið á leit að SH fái að yfirtaka allar fiskumbúðir og aðrar frystivörur, er nefndin á nú fyrirliggjandi eða kann að eiga um áramót.

Þann 17. nóvember voru allir félagar í Sölumiðstöðinni kvaddir saman til fundar í Oddfellowhúsinu í Reykjavík. Á fundinum er kosin skipulagsnefnd er gera skyldi tillögur um framtíðartilhögun á starfsemi félagsins. Í þeirri nefnd voru: Huxley Ólafsson, Björn G. Björnsson, Kristján Árnason, Einar Guðfinnsson og Eysteinn Bjarnason. Nefndin lagði til að SH tæki í sínar hendur sölu á afurðum félaga SH og öll innkaup fyrir félagana. Jafnframt felldi fundurinn tillögu frá Jóni Auðuni Jónssyni um að semja fremur við SÍF um skrifstofuhald fyrir félagið en Fiskimálanefnd eða einkafyrirtæki. Það eru þessir nefndarmenn sem mæta svo þann 26. nóvember hjá Fiskimálanefnd með þá málaleitan að nefndin taki að sér skrifstofuhald og daglegan rekstur Sölumiðstöðvarinnar. Er tekið jákvætt í það og formanni falið að gera uppkast að samningi, sem svo enn er lagður fyrir Fiskimálanefnd 10. desember og er formanni þar heimilað að undirrita samkomulagið (Sjá nánar um fundinn 17. nóvember hér á eftir).

Þann 1. janúar 1943 hefst svo fyrsta starfsár Sölumiðstöðvarinnar í tvíbýli við Fiskimálanefnd í húsi Björns Kristjánssonar á Vesturgötu 5. Til bráðabirgða samdist svo um að starfsfólk nefndarinnar gegndi jafnframt skrifstofustörfum fyrir SH



Myndin er tekin 13. maí 1947, í tilefni 200. fundar stjórnar SH, og sýnir starfsfólk og stjórn SH. Fremri röð, frá vinstri; Árelíus Ólafsson, löggiltur endurskoðandi, Sverrir Júlíusson endurskoðandi, Ólafur Jónsson, í stjórn SH, Eggert Jónsson, í stjórn SH, Einar Sigurðsson stjórnarformaður, Elías Þorsteinsson varaformaður, Jón Jónsson, í varastjórn, Huxley Ólafsson, í varastjórn, og Valgarð J. Ólafsson fulltrúi. Standandi frá vinstri; Gísli Hermannsson, verkfræðingur, Gísli Jónsson, afgreiðslumaður í vörugeymslu SH, Björn Halldórsson, skrifstofustjóri SH frá 1947 og framkvæmdastjóri frá 1949, Helga Þorsteins Keil ritari, Svava Ágústsdóttir ritari, Markúsína J. Ingibjartsdóttir skrifstofustúlka, Guðlaug W. Nielsen símastúlka, Anna Jónsdóttir, í fiskbirgðabókhaldi, Friðjón Stephensen, verkstjóri í vörugeymslu, Þorlákur Skaftason, afgreiðslumaður í vörugeymslu, Helgi Pálsson aðalbókari og Þórir Guðmundsson gjaldkeri.

og skrifstofustjóra nefndarinnar, Guðmundi Albertssyni, var jafnframt falið starf framkvæmdastjóra fyrir SH. Þessi skipan hélst fram eftir árinu, en þann 31. ágúst fer fram fullnaðar fjárhagsuppgjör milli þessara tveggja aðila skrifstofunnar. Þann 15. september 1943 er svo tilbúið nýtt skrifstofuhúsnæði SH í Slipphúsinu við Mýrargötu, þar sem SH var til húsa til ársins 1956, að flutt var á tvær hæðir í Morgunblaðshúsinu við Austurstræti þar sem Sölumiðstöðin hefur haft aðalbækistöðvar síðan.

Um þennan aðskilnað ríkisforsjárinnar og samtaka einkaframtaksins segir Arnór Sigurjónsson: „Þessi skilnaður varð í fullri sátt og því líkastur, er barn fer að heiman að reisa nýtt bú. Auk þess sem Sölumiðstöðin fékk skrifstofustjóra nefndarinnar til að vera æðstu forsjón sína, fékk hún allmargt af því öðru starfsfólki nefndarinnar, sem einkum hafði unnið að verslunarstörfunum, auk mestallra vörubirgða sem til voru og þegar höfðu komið pantanir í. Þar að auki fékk Sölumiðstöðin annan skrifstofusíma nefndarinnar og nokkuð af skrifstofuáhöldum til láns. Er frá þessu sagt svo að það megi verða ljóst að þessi skilnaður kom nefndinni ekki á óvart.“[8] Arnór telur að skiptingunni á verkum og búi Fiskimálanefndar hafi að „fullu verið lokið 31. ágúst 1943.“ Í 10 ára sögu SH telur Richard Björgvinsson að skrifstofurnar hafi verið fluttar í Slippfélagshúsið 15. september. En með því að blaða í fundargerðabók Fiskimálanefndar má sjá, að sú fullyrðing, að aðskilnaðurinn hafi verið því líkastur er barn fer að heiman að reisa nýtt bú, er ekki bara líking heldur blákaldur raunveruleikinn.

Þann 20. september er „lagt fram bréf frá Sölumiðstöðinni þar sem farið er fram á, hvort nefndin sjái sér fært að selja eða lána SH eitthvað af skrifstofuvélum og að láta eftir annan símann?“ Nefndin tekur sér fjóra daga til umhugsunar en lætur síðan bóka þann 24. september: „Út af bréfi Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, sem lagt var fram á síðasta fundi samþykkir nefndin að lána fyrst um sinn Sölumiðstöðinni ritvél með löngum valsi, handknúna samlagningarvél og eina handknúna margföldunarvél svo og að eftirláta henni síma 2850.“

Með þetta að vegarnesti og ómælda bjartsýni í farteskinu lögðu liðlega tveir tugir heimaríkra og heimaalinna frystihúsakarla til atlögu við heimsmarkaðinn. Þeir fengu góða menn í lið með sér, vel menntaða, veraldarvana heimsborgara. Um árangurinn verður varla deilt hálfri öld síðar. Menn geta þar kinnroðalaust borið sig saman við helstu keppinautana í nálægum löndum. Og þótt nú blási eilítið á móti í bili, þola lífskjör almennings samanburð við það sem best gerist í þessum heimshluta. Því fór fjarri að svo væri, þegar lagt var upp í þessa för með lánsritvél með löngum valsi, handknúna samlagningarvél og aðra handknúna margföldunarvél.

Saga Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna er samofin íslenska ævintýrinu um karlssoninn úr kotinu, sem hófst úr fátækt til bjargálna og velmegunar. Meginþræðir þess ævintýris verða raktir hér á eftir.

Frumherjar í forystu

Sérhver stofnun, samtök eða fyrirtæki á mest undir því hverjir veljast þar til forystu og því samspili sem tekst á milli þessara forystumanna. SH er þar engin undantekning. Því skal hér gerð grein fyrir bakgrunni þeirra forystumanna, sem, að öðrum ólöstuðum, áttu drýgstan þáttinn í að móta starf samtakanna og stefnu fyrsta aldarfjórðunginn á ferli þeirra og lögðu með því grunninn að starfi þeirra síðan.

Hverjir voru þá þessir menn, sem valist höfðu til forystu nýrra sölusamtaka frystihúsaeigenda og áttu svo eftirminnilega eftir að setja mark sitt á alla starfsemi SH næsta aldarfjórðung eða svo?

Fyrsti formaður stjórnar, Elías Þorsteinsson

Elías Þorsteinsson varð fimmtugur nokkrum dögum eftir stofnfund SH, fæddur á Eyrarbakka 1. mars 1892. Hann var einn af frumherjum frystiiðnaðarins. Hraðfrystihúsið Jökull hf. í Keflavík, sem hann kom á fót ásamt félögum sínum, Þorgrími St. Eyjólfssyni og Þórði Péturssyni, tók til starfa 9. október 1937 og var það fyrsta hraðfrystihúsið við Faxaflóa utan Reykjavíkur. Með þeirri rólegu gerhygli sem hann beindi að hverju máli kynnti hann sér nú rekstur frystihúsa, vinnubrögð og verkunaraðferðir og kröfur kaupendanna erlendis. Var hann því fljótlega viðurkenndur í hópi þeirra, sem nú fóru út í þennan rekstur sem einn traustasti sérfræðingur um allt, sem að þessum rekstri laut.

Elías hafði snemma hafist handa og var meðal frumherja í sinni heimabyggð á fleiri sviðum en þessu. Faðir hans, Þorsteinn Þorsteinsson, hafði lagt stund á verslunarstörf hjá Lefoliiverslun á Eyrarbakka, en flutti til Keflavíkur 1903 og gerðist bókhaldari Duus-verslunar í Keflavík. Elías hóf líka ungur störf á vegum Duus-verslunar, sem þá var aðalverslun og vinnuveitandi í Keflavík. Á unglingsárum byrjaði Elías þar í fiskvinnu auk þess sem hann annaðist lifrarbræðslu fyrir Duus í nálægum verstöðvum. Rúmlega tvítugur setur hann á stofn verslun í Keflavík ásamt æskuvini sínum, Ólafi Bjarnasyni, og þótti í mikið ráðist fyrir unga og fjárvana menn að bjóða ægivaldi Duus birginn með þeim hætti. En verslun fullnægði ekki athafnaþrá Elíasar og þegar árið 1916 gekk faðir hans, Þorsteinn, inn í verslunina sem meðeigandi og eignaðist hana síðar og rak af dugnaði til dauðadags. Var verslun þessi um tíma stærsta og umfangsmesta verslunin í Keflavík. Á síðari árum Þorsteins var meðeigandi hans Þorgrímur St. Eyjólfsson og eftir lát Þorsteins ráku þeir Þorgrímur og Elías verslunina saman í tvo áratugi.

Elías hóf nú sjómennsku og útgerð á opnum bátum í félagi við góðvini sína. En um þessar mundir voru vélbátar að ryðja sér til rúms og Elías eignaðist hlut í bátum með ýmsum öðrum, en lengst og mest var þó samstarf hans á þessu sviði við bernskuvininn Ólaf Bjarnason. Samhliða útgerðinni keypti Elías og verkaði fisk, hrogn og aðrar sjávarafurðir sem seldar voru til útflutnings. Um eða fyrir 1930 kaupir Elías og starfrækir beinamjölsverksmiðju, sem hann síðar seldi Norðmönnum hlut í. Þessari verksmiðju veitti hann forstöðu þar til breyttir rekstrarhættir komu til sögunnar. Sú verksmiðja var undirstaða Fiskiðjunnar s.f., sem starfaði um áratugi. Nokkru áður en kreppan gekk í garð, eða á árinu 1929, festu nokkrir bátaeigendur (að mestum hluta Elías og sameignarmenn hans) sér land í Vatnsnesi og hófu þar bryggjugerð og byggingu fiskhúsa. Þá, eins og oft áður og síðar, lá fé ekki



Elías Þorsteinsson til vinstri og vinur hans og mágur, Þorgrímur St. Eyjólfsson. Laxveiði var Elíasi mikið hjartans mál.

á lausu til framkvæmdanna og varð þeim félögum fjár vant til að ljúka verkefnum þessum. Uppgjör var þó fjarri lagi. Brá Elías sér til Noregs til fjáröflunar og tókst að ljúka framkvæmdum þessum svo sem fyrirhugað var, að mestu leyti fyrir hans tilstuðlan.

Um langt árabil rak hann þarna fiskverkun í stórum stíl. Þurfti til þess góð hús og mikla saltfiskreiti, því að þá var fiskur að jafnaði ekki húsþurrkaður, eins og síðar varð lenska.

Elías fylgdist jafnan vel með öllum nýjungum og framförum á sviði útvegs og verkunar. Strax og frysting fiskafurða hófst hér á landi fékk hann mikinn áhuga á þeim málum og sannfærðist um að þar væri komin fram ný verkunaraðferð, sem valda mundi straumhvörfum hjá bátaútveginum. Beitti hann sér þá fyrir stofnun Jökuls hf. og seldi félaginu fiskverkunarhús sitt á Vatnsnesi og var því breytt í frystihús. Var hann stjórnarformaður þessa félags alla tíð til dauðadags.

Það hefur stundum verið sagt um kapítalista, og þá ekki síður um íslenska atvinnurekendur, að þeir nytu þess að rífa augun hver úr öðrum í harðri samkeppni. Þegar grannt er skoðað er þetta þó víðs fjarri sannleikanum. Íslenskir atvinnurekendur hafa verið óvenju fundvísir á þau svið þar sem þeim var hollara að vinna saman og óvenjufúsir til að bindast hvers konar samtökum til að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum. Elías var ekki aðeins félagslyndur maður. Hann var félagsvera frá innsta kjarna. Í sinni heimabyggð var hann forystumaður í sveitarstjórnarmálum um langt skeið og átti sæti í flestum fastanefndum á vegum hreppsins, í félagssamtökum fiskframleiðenda, í útgerðarfélögum og samtökum, sem útgerðarmenn settu á stofn til viðskiptalegs hagræðis fyrir sig. Hann var í stjórn Olíusamlags Keflavíkur frá stofnun þess til dauðadags, í stjórn Bræðslufélags Keflavíkur, forgöngumaður um stofnun Ísfélags Keflavíkur 1915 og stjórnarformaður þar, uns félagið var selt árið 1962. Hann sat í stjórn Dráttarbrautar Keflavíkur og Trésmiðjunnar hf. og fjölmargra annarra fyrirtækja í Keflavík og nágrenni.

Þrátt fyrir öll þessi umsvif naut Elías alla tíð fádæma vinsælda sökum með-



Elías var maður sátta og sáttagjörða. Hann hafði einstakt lag á að sætta ólíkar skoðanir og jafna ágreining. Oftar en einu sinni kom það fyrir að karlarnir komu sótsvartir af bræði inn á skrifstofu SH í Aðalstræti og heimtuðu að fá að tala við Elías. Höfðu þá yfir einhverju að kvarta og töldu sig órétti beitta af SH. Eftir hálfa klukkustund, kannski heila, komu þeir út frá honum aftur, gleiðbrosandi og elsku sáttir við guð og menn. Þannig maður var Elías.

fæddrar prúðmennsku og sanngirni, samfara rólegri gerhygli og skynsamlegri yfirvegun. Mikil harka var á þessum árum í Keflavík í samskiptum verkafólks og atvinnurekenda, langvinnar kjaradeilur og kom á stundum til líkamlegra átaka. Haft var eftir verkalýðsleiðtoga þar á þeim árum: „Engum manni treysti ég betur til þess að fella úrskurð um ágreiningsmál milli vinnuveitenda og vinnuseljenda en Elíasi Þorsteinssyni, því hann gæti ekki fellt ósanngjarnan úrskurð.“ Elías var alla tíð sáttfús maður, maður málamiðlunar og friðsamlegra lausna.

Á kreppuárunum skapaðist útvegsmönnum um land allt samstarfs- og samráðsvettvangur í SÍF. Elías og þeir Suðurnesjamenn létu þar fljótt til sín taka og fór þar mjög fyrir þeim í málflutningi útvegsmaðurinn Finnbogi Guðmundsson í Gerðum.

Ástandið á þessum kreppuárum var þannig, að allir útgerðarmenn voru skuldum hlaðnir en fiskiflotinn úr sér genginn, jafnvel úreltur, og ekkert fjárhagslegt bolmagn til að endurnýja hann. Þótt afkoma bátasjómanna væri fádæma léleg var unnt að manna bátana úrvalsmönnum vegna atvinnuleysisins, sem lá í landi.

Elías og félagar hans voru sannfærðir um að stóran þátt í þessu ástandi mætti rekja til rangrar gengisskráningar. Komu smáútvegsmenn á Suðurnesjum, Akranesi og Vestmannaeyjum saman á fund í Reykjavík haustið 1935 og lögðu fram kvartanir sínar við Alþingi og ríkisstjórn. Verður þó varla sagt að stjórnvöld rumskuðu. Árið eftir færðist hreyfing þessi í aukana. Voru þá meðal annars haldnir fundir um öll Suðurnes haustið 1936 og safnað undirskriftum hundraða útgerðarmanna og sjómanna um áskorun til ríkisstjórnarinnar um leiðréttingu á starfsgrundvelli útgerðarinnar, sérstaklega með leiðréttingu á genginu. Töldu þeir nauðsynlegt að fella það um nær 30%. Þarna var við ramman reip að draga. Fyrsti formaður Sjálfstæðisflokksins, Jón Þorláksson, hafði beitt sér fyrir gengishækkuninni 1925, sem margir telja að hafi komið útgerðinni í landinu á hnén jafnvel áður en heimskreppan gekk í garð þremur til fjórum árum síðar. Fast gengi var ekki síður trúarbrögð meðal fylgismanna hins stærsta stjórnmálaflokksins, Framsóknar. Í flokkum launþega var sama sjónarmið uppi. Þar kusu menn heldur stranga gjaldeyrisskömmtun með þeim höftum, sem því fylgdi.

Næsta skrefið var að taka málið upp á vettvangi SÍF þar sem voru saman komnir útgerðarmenn og fiskframleiðendur af öllu landinu, ásamt bankastjórum, ráðherrum og frammámönnum flestra stjórnmálaflokka, sem þar áttu sæti sem fulltrúar ýmissa fyrirtækja og samtaka. Á aðalfundi SÍF 31. október 1937 báru þeir Elías og Finnbogi í Gerðum fram tillögu um áskorun til ríkisstjórnarinnar um nauðsynlega leiðréttingu á gengisskráningunni og var hún samþykkt með miklum atkvæðamun eftir harðar umræður og kosin fimm manna nefnd til að fylgja máli þessu eftir við opinbera aðila. Störfuðu í henni þeir Suðurnesjamennirnir, Finnbogi Guðmundsson, Ólafur Jónsson í Sandgerði og Elías Þorsteinsson ásamt þeim Richardi Thors og Ólafi Auðunssyni í Vestmannaeyjum. Nefnd þessi var mikilvirk um söfnun gagna um hag útgerðarinnar en mætti harðri andstöðu ráðamanna og banka. Leiðréttingá genginu fékkst þó loks eftir myndun þjóðstjórnarinnar 17. apríl 1939 þegar gengi krónunnar var fellt um 18%.

Haustið 1938 var samþykkt á aðalfundi SÍF að vinna að því að stofna landssamtök útvegsmanna og kosin nefnd til að vinna að undirbúningi málsins. Átti Elías sæti í henni ásamt alþingismönnunum Jóhanni Þ. Jósefssyni og Sigurði Kristjánssyni. Samtök þessi voru síðan stofnuð 17. janúar 1939 og hlutu nafnið Landssamband íslenskra útvegsmanna, skammstafað LÍÚ, og var Elías kjörinn í fyrstu stjórn þess og sat í henni fyrstu fimm árin. Góður vinur Elíasar og samstarfsmaður,



Hjá Jökulsárlóni. Aðaláhugamál Elíasar í frístundum voru laxveiðar og ferðalög um Ísland.

Sverrir Júlíusson, valdist þar til forystu og áttu þeir náið samstarf um áratugi, bæði á vettvangi LÍÚ og SH, enda var Sverrir einn forgöngumanna um stofnun Hraðfrystistöðvar Keflavíkur árið 1943 og oft fulltrúi þess fyrirtækis á aðalfundum SH.

Þegar heimsstyrjöldin gekk í garð og Bretar hernámu landið urðu skjót umskipti. Stofnuðu þeir Elías og Finnbogi í Gerðum þá skrifstofu, sem sá um sölu á fiski Suðurnesjamanna í fisktökuskip Breta. Var þetta vandasamt púsluspil, þar eð afli var eðlilega misjafn frá degi til dags, en bátarnir urðu að losna við aflann daglega. Fisktökuskipin þurftu hins vegar helst að fá fullfermi á einum eða tveimur dögum. Í þessu starfi fékk Elías góða innsýn í verðpólitík Englendinga varðandi ísvarða fiskinn annars vegar og hraðfrysta fiskinn hins vegar, enda rak hann áfram ásamt félögum sínum hraðfrystihúsið Jökul. Varð Elías einn helsti ráðgjafi Fiskimálanefndar um lágmarksverðkröfur frystihúsanna í samningum Viðskiptanefndar við Breta.

Þarna var komið ferli hans þegar Sölumiðstöðin var stofnuð 1942. Hann var svo sannarlega maður, sem gerþekkti hag sjávarútvegsins á öllum sviðum sem frumkvöðull um nýja tækni á sjó og landi og þátttakandi í þeim miklu sviptingum og umbyltingum, sem yfir þennan atvinnuveg höfðu dunið næsta hálfa annan áratug á undan. Fáir höfðu því staðbetri þekkingu á öllum þáttum þessarar atvinnugreinar. Því til viðbótar stóð hann traustum fótum í öllum helstu samtökum útgerðarmanna og fiskverkenda auk þess að njóta vinsemdar og trausts ýmissa valdamikilla stjórnmálamanna. Náði það traust einnig til margra pólitískra andstæðinga, eins og áður er getið.

Eftir að Elías tók við forystu SH, sem hann gegndi óslitið til dauðadags að undanteknum tveimur árum, frá aðalfundi 1945 til aðalfundar 1947 þegar hann var varaformaður, var starf hans að mestu helgað vexti og viðgangi þeirra samtaka.[9] Þó stóð hann áfram traustum fótum í fyrri fyrirtækjarekstri í sinni heimabyggð, þótt dagleg framkvæmdastjórn hvíldi að mestu á herðum félaga hans og vina. Hlóðust á Elías margvísleg trúnaðarstörf til viðbótar fyrir hin ungu félagssamtök hraðfrystihúsaeigenda. Hann átti sæti í stjórn skipafélagsins Jökla hf. frá stofnun þess 1946. Þegar bráðlá á að beina viðskiptum eftir styrjöldina að vöruskiptum við ýmis lönd, sem ekki var hægt að skipta við í frjálsum gjaldmiðlum, beitti hann sér fyrir stofnun innflutningsfyrirtækisins Miðstöðvarinnar hf. og átti sæti í stjórn þess.



Ólafur Þórðarson, ungur að árum. Þann 25. febrúar 1972 fagnaði Sölumiðstöðin 30 ára afmæli og kom stjórn SH saman af því tilefni á herbergi 513 á Hótel Borg. Á hótelherberginu kvaddi Ólafur Jónsson sér hljóðs „ . . . og vildi geta ástæðu þess, að S.H. var ekki stofnað á 45 ára afmælisdegi Ólafs Þórðarsonar, sem var aðalhvatamaðurinn að stofnun fyrirtækisins." Að sögn Ólafs var ástæðan sú „ . . . að höfundurinn að lögum S. H., Guðmundur Í. Guðmundsson lögfræðingur, núverandi ambassador Íslands í Washington var forfallaður þennan dag. Þess vegna var stofnfundurinn haldinn 25. febrúar, en ekki á afmælisdegi Ólafs Þórðarsonar, 24. febrúar 1942."

Fljótt uxu verkefnin þessu litla fyrirtæki yfir höfuð og hafði Elías þá forgöngu um að leita samstarfs við SÍS og Félag íslenskra stórkaupmanna um stofnun Íslenska vöruskiptafélagsins til að nýta til fulls þá möguleika sem sköpuðust fyrir sölu íslenskra afurða gegn vöruskiptum við ýmis ríki austan járntjalds. Elías sat jafnan í stjórn þess og skiptist á um stjórnarformennsku við aðra aðila þessa samstarfs.

Strax og hinu óvenjulega ástandi stríðsáranna sleppti, áttu bátaútvegurinn, togaraútgerðin og fiskiðnaðurinn jafnan í vök að verjast. Þar sem ekki sköpuðust þá, fremur en fyrir styrjöldina, pólitískar aðstæður til að skrá gengið rétt, myndaðist á þessum árum flókið samstarf stjórnvalda og hagsmunaaðila í sjávarútvegi um styrkjakerfi til að halda flotanum og fiskiðnaðinum gangandi. Var það fyrst gert með beinum útflutningsbótum og síðar svokölluðu bátagjaldeyrisfyrirkomulagi, sem á vinstristjórnarárunum 1956-'59 þróaðist í kerfi, sem kennt var við innflutningsréttindi bátaútvegsins og var raunar aðeins viðameiri útgáfa bátagjaldeyrisfyrirkomulagsins. Mæddi mjög á formanni SH í öllum þeim nefndum og ráðum, sem komið var á laggirnar til að reka þetta kerfi. Þetta var mikið sáttasemjarastarf og málamiðlunar og þarna naut yfirburðaþekking Elíasar sín vel og það traust sem hann naut meðal allra samferðamanna.

Val frystihúsamanna á forystumanni sínum við stofnun 1942 var því vel heppnað. Margir ganga svo langt að fullyrða að enginn annar en Elías hefði getað haldið þessum sundurleita hópi saman fyrstu áratugina, sem þurfti til að koma fyrirtækinu á traustan og öruggan grundvöll. Svo mikið er víst að á þeim tæpa aldarfjórð-

ungi sem Elías var við stjórnvölinn, festi SH sig í sessi sem eitt af traustustu fisksölufyrirtækjum við Norður-Atlantshaf. Jafnframt var Sölumiðstöðin brjóstvörn eigenda hraðfrystihúsanna í uppbyggingu þess samfélags, sem hér mótaðist á uppbyggingarárum lýðveldisins, oft í náinni samvinnu við stjórnvöld, en þó alltaf sem sjálfstætt afl, sem aðrir aðilar þjóðfélagsins urðu að taka tillit til.

Elías lést 25. mars 1965, rúmlega 73 ára að aldri. Var hann við störf í SH að morgni þess dags, en um kvöldið var hann látinn. Hann hafði verið heilsutæpur alla ævi, en þó hvergi látið deigan síga og dó svo mitt í dagsins önn. Endadægrið var því í fullu samræmi við lífsferilinn.

Ólafur Þórðarson, drifkraftur og bakhjarl SH

Ólafur Þórðarson var fæddur að Laugabóli við Ísafjarðardjúp 24. febrúar 1897, sonur hjónanna Þórðar Jónssonar, útvegsbónda þar og Höllu Eyjólfsdóttur skáldkonu. Þórður var einn þeirra bændahöfðingja við Djúp, sem á áratugunum fyrir aldamótin ráku umfangsmikla útgerð jafnframt búskap og átti hann oftast tvo stóra árabáta, sem gerðir voru út frá Bolungarvík og var löngum sjálfur formaður á öðrum þeirra. Ólafur var búfræðingur að mennt frá búnaðarskólanum að Hvanneyri, nam þar undir handarjaðri hinna virtu skólastjórahjóna Halldórs Vilhjálmssonar og Svövu Þórhallsdóttur. Að loknu námi þar gekk hann snemma í þjónustu hins kunna athafnamanns Ásgeirs Péturssonar, sem kvæntur var frænku hans Guðrúnu Halldórsdóttur. Á vegum Ásgeirs fór Ólafur til Noregs til þess að kynna sér síldarverkun, niðursuðu og niðurlagningu á síld. Var hann svo jöfnum höndum verkstjóri á Siglufirði á sumrin og verslunarmaður við hinn mikla atvinnurekstur Ásgeirs, sem um tíma rak eitt umsvifamesta sjávarútvegsfyrirtæki landsins.

Þegar hallaði um hríð undan fæti fyrir fyrirtækjum Ásgeirs á kreppuárunum flutti Ólafur til Reykjavíkur og var sölumaður fyrir smjörlíkisverksmiðjuna Ásgarð. Mun hann hafa átt heimili í Reykjavík síðan, þótt enn ætti hann hlut að ýmsum fyrirtækjum á Siglufirði.

Á árunum fyrir stríðið átti Ólafur hlut að stofnun og rekstri hraðfrystihússins Hrímnis hf., en stofnaði Hraðfrystihúsið hf., Siglufirði ásamt Ásgeiri Péturssyni, Þráni Sigurðssyni og fleirum árið 1940 og var framkvæmdastjóri þess þegar hann beitti sér fyrir stofnun SH veturinn 1941-'42. Ólafi var ekki aðeins lagið að sjá um hina viðskiptalegu hlið atvinnureksturs. Hann var framkvæmda- og athafnamaður, hugvitssamur og úrræðagóður. Hann var og opinn fyrir hvers konar tæknilegum nýjungum og útsjónarsamur um nýtingu þeirra við mismunandi aðstæður. Nutu margir góðs af þeirri útsjónarsemi í nýjungum við útbúnað og vinnutilhögun í hraðfrystihúsum og öðrum fiskvinnslustöðvum. Ýmsar vélar fann hann upp, sem notaðar voru í hraðfrystihúsum, svo sem hausunarvél og vél til afhreistrunar á ýsu.

Jafnframt var Ólafur fróður um íslenskar bókmenntir, hagmæltur og orðhagur og lét stundum fjúka í hendingum á fundum og öðrum mannamótum.

Eins og áður hefur verið rakið var Ólafur einn helsti hvatamaður að stofnun SH. Eftir desemberfundinn 1941 fól bráðabirgðastjórnin honum framkvæmdina að stofnun félagsins og skrifaði hann mönnum og ræddi við þá, sem til bæjarins komu. Stofnfundur SH var haldinn daginn eftir 45 ára afmælisdag hans. Ólafur sat samfleytt í stjórninni fram að aðalfundi 1961 að undanteknu ári sem hann dvaldist í Svíþjóð við eftirlit með smíði fyrsta skips Jökla. Varð hann síðan framkvæmdastjóri Jökla hf. en jafnframt áhrifamikill stjórnarmaður í SH.

Ólafur lést 17. ágúst 1975.



Einar Sigurðsson um borð í fiskibáti árið 1956. Með honum á myndinni er óþekktur sjómaður og sennilega erlendur viðskiptafulltrúi frá austantjaldslandi.

Einar Sigurðsson, hugmyndasmiður og hamhleypa

Einar Sigurðsson var yngstur þessara þremenninga, fæddur 7. febrúar 1906 í Vestmannaeyjum. Foreldrar hans voru Sigurður Sigurfinnsson, bóndi, formaður og hreppstjóri þar og síðari kona hans, Guðríður Jónsdóttir í Káragerði í Landeyjum, Einarssonar. Einar var með afbrigðum bráðgerr og athafnasamur og 18 ára gamall, að loknu verslunarskólaprófi, opnaði hann verslun í Eyjum í nafni móður sinnar; gat ekki beðið þess að verða lögráða. Með þessu bauð hann byrginn gamalgrónum verslunum, sem sumar stóðu á gömlum grunni danskrar selstöðuverslunar og átti síðar líka í harðri samkeppni við kaupfélög og pöntunarfélög, sem byggðu á hugmyndum samvinnumanna, sósíalista og kommúnista. Árið 1927 stofnaði hann Vöruhús Vestmannaeyja. Á kreppuárunum hóf hann afskipti af útgerð og árið 1938 stofnar hann Hraðfrystistöð Vestmannaeyja. Í aðdragandanum að því er hann að gera ýmsar tilraunir með frystingu og sótti um einkaleyfi á ýmsum þeim aðferðum. Þessar aðferðir voru yfirleitt þegar kunnar í Bandaríkjunum og sýnir það hversu einangrað Ísland var, og kannski Vestmannaeyjar líka, að menn skyldu vera að verja tíma og peningum til þess að finna upp hjól, sem þegar voru komin í gagnið annars staðar. Jafnframt er þetta ljós vottur um ákafa Einars og vilja til að tileinka sér nýjungar og hrinda þeim í framkvæmd svo fljótt sem unnt er. Einar stofnaði Fram hf. 1940 og Hraðfrystistöðina í Reykjavík hf. 1941 og var aðaleigandi

þessara fyrirtækja. Samhliða uppbyggingu verslunarrekstrar síns ræktaði hann stærsta túnið í Eyjum og rak þar búskap og var lengi í stjórn Búnaðarfélags Vestmannaeyja. Sannleikurinn er sá að í athafnaþrá sinni var Einar ekki einhamur. Hann þurfti minni svefn en aðrir menn og á kvöldin og nóttunni vann hann oft dagsverk sem aðrir hefðu talið sig fullsæmda af. Var hann þó óvenjuleg hamhleypa í daglegum störfum.

Einar var liðtækur íþróttamaður og formaður Knattspyrnufélags Vestmannaeyja um langt skeið. Sundmaður ágætur og svo óvílinn, að eitt sinn er honum lá á að komast til Reykjavíkur og engin ferð féll, fékk hann skip með sig upp að Rangársandi og synti í gegnum brimskaflana í land.

Einar var bæjarfulltrúi í Eyjum fyrir Sjálfstæðisflokkinn frá 1942 til 1950, en þá fluttist hann til Reykjavíkur.

Einar eignaðist Hraðfrystistöðina í Keflavík um miðjan sjötta áratuginn. Hann rak umfangsmikla útgerð í Eyjum og Reykjavík og kom við hraðfrystihúsarekstur og útgerð víða um landið, meðal annars átti hann og rak Ísfell hf. á Flateyri 1951-1960, í fyrstu með öðrum en síðan einn.

Jafnframt öllum þessum framkvæmdum var Einar afkastamikill rithöfundur. Hann var ritstjóri vikublaðsins Víðis í Vestmannaeyjum 1942 og síðan eigandi þess og ritstjóri árin 1946 til 1953. Ritaði hann þar þættina Úr verinu, sem fjölluðu um hvaðeina, sem fréttnæmt þótti um sjávarútvegsmál og hélt síðan áfram ritun þeirra í Morgunblaðið um árabil. Þóttu pistlar þessir einatt merkt framlag til umræðna um þessi mál. Hann ritaði ævisögu sína í samvinnu við Þórberg Þórðarson rithöfund.

Einar var aðeins nýorðinn 36 ára gamall við stofnun SH 1942 og átti eftir álíka mörg ár af lífshlaupi sínu. Hann lést 22. mars 1977.

Landvinningamaðurinn Jón Gunnarsson

Þá er ógetið þess manns, sem einna drýgstan þáttinn átti í stefnumótun og uppbyggingu markaðsstarfs SH fyrstu áratugina og leiddi það raunar í þann farveg, sem það hefur runnið í alla tíð síðan. Það var Jón Gunnarsson verkfræðingur. Hann kom til SH úr gerólíkri átt, var forstjóri Síldarverksmiðja ríkisins á Siglufirði árið 1944, þegar stjórn SH var að leita að manni til að veita forstöðu nýrri starfsemi sinni í Bandaríkjunum.

Jón Gunnarsson var bóndasonur úr Húnavatnssýslu og ólst upp fjarri útgerð og sjósókn. Hann átti nokkuð óvenjulegan menntaferil að baki. Að loknu prófi frá Samvinnuskólanum 1922 hélt hann til Noregs og lauk þar tæknifræðiprófi frá Oslo tekniske mellemskole 1925. Að því loknu dreif hann sig til Bandaríkjanna og lauk BS-prófi í byggingaverkfræði frá University of Minnesota í Minneapolis 1929. Árið eftir tók hann MS-próf frá hinum virta háskóla MIT í Cambridge Massachusetts. Jafnframt námi og eftir það starfaði hann sem vega- og járnbrautaverkfræðingur.

Jón var framkvæmdastjóri SR 1935-'36 og frá 1938 til 1944 að hann réðst í þjónustu SH. Á árunum 1936 og 37 var hann verkfræðingur hjá Vegagerð ríkisins.

Ólafur Þórðarson mun hafa kynnst Jóni á Siglufirði. Þá var ekki um marga Íslendinga að ræða, sem hagvanir voru í Bandaríkjunum, höfðu starfað þar og þekktu viðskiptaandrúmsloftið þar, svo gerólíkt því sem það var evrópskum hefðum. Jón hafði líka margoft sýnt það í starfi sínu hjá SR að hann var maður óvílinn og fylginn sér og ósmeykur við að taka umdeildar ákvarðanir. Hann var því kjörinn



Jón Gunnarsson með syni sínum, Gunnari Birni, á Hvítárbökkum árið 1953.

maður í þetta starf og byggði þar upp aðra meginstoð SH, dótturfyrirtækið Coldwater Seafood Corporation, og veitti því lengst af forstöðu til 1962. Hann átti frumkvæði að því að koma upp fiskréttaverksmiðju á vegum Coldwater og var það í fyrsta sinn sem Íslendingar komu upp slíku stórfyrirtæki á erlendri grund.

Jón öðlaðist mikla og nána vináttu fyrrnefndra þremenninga og naut óskoraðs trausts þeirra lengst af. Þegar upp úr þeirri vináttu slitnaði á árinu 1962 urðu einhverjar mestu sviptingar, sem orðið hafa innan Sölumiðstöðvarinnar frá upphafi og gagngerðar skipulagsbreytingar fylgdu í kjölfarið. Þó var áfram byggt á þeirri meginstefnu Jóns að Sölumiðstöðin reyndi hvarvetna í viðskiptalöndum sínum að komast eins nærri neytandanum og hægt væri.

Jón Gunnarsson lést 4. júní 1973.

III 1942-1962
Brautin rudd um miðbik aldarinnar

Sölumiðstöðin hóf göngu sína við næsta óvenjulegar aðstæður. Undanfarin styrjaldarár hafði Samninganefnd utanríkisviðskipta annast alla sölusamninga við eina erlenda kaupandann, Ministry of Food í Bretlandi. Síðan hafði Fiskimálanefnd gengið inn í þá samninga. Eftir að þessi skipan mála komst á fannst frystihúsaeigendum óeðlilegt að Fiskimálanefnd héldi áfram að taka 3% sölulaun, eins og verið hafði meðan hún stóð að víðtækri markaðsleit í ýmsum löndum Evrópu og Ameríku fyrir stríð. Í raun viðurkenndi Fiskimálanefnd þetta með því að lækka sölulaunin í 1% strax eftir að frystihúsamenn höfðu ákveðið stofnun samtakanna. Menn vildu þó ekki una því að oftekin sölulaun á undanförnum árum væru ekki endurgreidd. Kom þar raunar líka annað til. Hin nýbyggðu frystihús, sem risið höfðu og voru að rísa á þessum árum, bjuggu við þröngan hag og voru lítt aflögufær um fjármagn. Félagsskap frystihúsaeigenda vantaði hreinlega stofnfé og með því félagsformi sem þeir höfðu valið sér var líka ókleift að afla þess með hlutafjárframlögum. Þeir hugsuðu sér því að fá endurgreiðslu á sölulaunum Fiskimálanefndar til að koma sjálfum sér á laggirnar. Strax á fyrsta stjórnarfundi SH þann 26. febrúar 1942, daginn eftir stofnfundinn, var samþykkt að fá upplýsingar um reksturskostnað Fiskimálanefndar árin 1939-'41 annars vegar og hins vegar um hagnað hennar af afurða- og umbúðasölu og hvernig sú upphæð skiptist milli frystihúsa SÍS og annarra húsa. Samþykkir stjórnin síðan að fara fram á endurgreidd umframgreidd umboðslaun, að frádregnum reksturskostnaði nefndarinnar.

Krafa um heimanmund

Ólafur Þórðarson gekk í þetta mál og fékk í lið með sér traustan bókhaldara. Athugun þeirra leiddi í ljós, að hagnaður Fiskimálanefndar af umsvifum fyrir frystihúsin á þessum þremur árum nam kr. 357.872,88, sem var geysimikið fé á þessum tíma. Skiptist það þannig að hús, sem voru á vegum SÍS, hefðu átt tilkall til kr. 68.727,38 og hús, sem stóðu að SH kr. 289.145,50.

Í þessum útreikningum var reyndar ekki reiknað með því að Fiskimálanefnd hafði ýmsar aðrar tekjur en af viðskiptunum við frystihúsin, heldur að allur rekstrarkostnaður nefndarinnar væri tekinn af umboðslaunum frystihúsanna.

Stjórnin krafði síðan atvinnumálaráðherra um að greiða þessa upphæð til baka og væri ætlunin að nota þetta fé sem stofnfé samtaka þeirra. Ráðherranum fannst krafan réttmæt, en sagði að hún mundi aldrei fást greidd. Ítrekaðar tilraunir voru þó gerðar til að halda þessu máli til streitu. Á almennum félagsfundi í nóvember 1942 var einróma samþykkt að fela stjórninni að halda málinu vakandi. Og á stjórnarfundi 24. febrúar var Ólafi Þórðarsyni og Jóni A. Jónssyni falið að skrifa atvinnumálaráðherra og Alþingi út af kröfunum á hendur Fiskimálanefnd. En ráðherrann reyndist sannspár og mál þetta varð aldrei til lykta leitt.



Sú trú hefur orðið lífsseig að SH sé einhvers konar einokunarfyrirtæki. Þetta er alrangt. SH hefur aldrei haft einkarétt á sölu freðfisks, jafnvel ekki á Bandaríkjamarkaði. Fyrir utan Sölumiðstöðina og Sambandið hafa smærri fyrirtæki jafnan fengið að spreyta sig þar vestra að fengnu leyfi ríkisvaldsins. En frá árinu 1988 hefur þessi útflutningur verið algerlega frjáls. Myndin sýnir nokkra forustumenn SH á 6. áratugnum. Talið frá vinstri; Björn Halldórsson, Jón Gunnarsson, hjónin Ingibjörg Helgadóttir og Sigurður Ágústsson, hjónin Lára Guðmundsdóttir og Ólafur Jónsson í Sandgerði, hjónin Elías Þorsteinsson og Ásgerður Eyjólfsdóttir, Ólafur Þórðarson, Magnús Z. Sigurðsson, Helgi Guðmundsson bankastjóri Útvegsbankans, Oddný Thorsteinsson og Pétur Thorsteinsson á endanum hægra megin.

„Löggilding“ SH sem útflytjanda

Fyrsta málið sem tekið var fyrir á fyrsta stjórnarfundinum var tillaga um að leitast eftir að fá „löggildingu handa Sölumiðstöðinni sem útflutningsfirma á afurðum félagsmanna“. Hljóta menn að hafa lagt talsvert upp úr slíkri löggildingu, sem hefði þá skipað félaginu á þann bekk, sem SÍF hafði fengið með lögunum um Fiskimálanefnd á sínum tíma. Er Elíasi formanni falið að vinna að framgangi málsins. Þessi samþykkt er svo ítrekuð á stjórnarfundi 23. september. Það er þó ekki fyrr en á stjórnarfundi 16. október sama ár að fyrir liggur bréf frá Atvinnu- og Samgönguráðuneytinu svohljóðandi:

„Ráðuneytið hefur móttekið bréf Sölumiðstöðvarinnar dags. 1. þ.m., þar sem farið er fram á að ráðuneytið löggildi það sem útflytjanda að framleiðslu þeirra frystihúsa, sem þegar eru eða síðar kunna að verða meðlimir í þessum félagsskap.

Út af þessu skal hér með tekið fram, að framangreind löggilding er ekki skilyrði fyrir því að Sölumiðstöðin geti flutt út framleiðsluvörur frystihúsanna, enda hefur öðrum fyrirtækjum ekki verið veitt slík löggilding.“

Bréfið undirrita Vigfús Einarsson og Páll Pálmason.

Allir fundarmenn voru sammála um að taka þetta sem fullnaðarsvar. Þrátt fyrir þessa staðreynd hefur það verið lífseig trú manna, að Sölumiðstöðin hefði einhvern einokunarrétt á freðfisksölu, og að einn flokkur, Sjálfstæðisflokkurinn, hafi

komið þessu í kring. Er það jafnvel rakið aftur til bráðabirgðalaga Ólafs Thors 1932. Hið sanna í þessu máli er að í saltfiskversluninni var SÍF fenginn einkaréttur á árinu 1935 með samkomulagi allra helstu stjórnmálaflokkanna á Alþingi, eins og áður hefur verið rakið. Ekkert annað fisksölufyrirtæki hefur síðan fengið slíka löggildingu. Um þessar mundir hafði SÍS þegar hafið viðskipti með afurðir frystihúsa innan sinna vébanda án löggildingar, eins og fram kemur í bréfinu og því vart þess að vænta að ráðuneytið vildi löggilda SH sérstaklega.

Hins vegar hafði málum verið komið svo fyrir með þeim lögum sem samþykkt voru í upphafi stríðsins, og getið er annars staðar í þessari bók, að samþykki ráðuneytis þurfti fyrir hvers konar útflutningi. Þessi lög hafa reyndar verið í gildi til skamms tíma og verið notuð til að reyna að stýra útflutningi ýmissa afurða með því að koma í veg fyrir að íslenskir útflytjendur undirbyðu hver annan. Í freðfiskum hefur það reyndar frá upphafi verið svo að ýmis fyrirtæki hafa fengið ráðuneytisleyfi til útflutningsstarfsemi. Fyrst er það SÍS og Sölumiðstöðin, þá Fiskiðjuver ríkisins strax eftir stríðið og síðar Atlantor (sjá bls. 303) og fleiri fyrirtæki. Einnig kom fyrir að einstaklingar fengu að spreyta sig eins og Ingólfur G. S. Esphólín 1952, sem taldi sig geta selt 10 þús. tonn af freðfiski á Ameríku á hærra verði en SH. Hafði ráðuneytið lítinn vegsauka af þeirri gjörð.

Það er því á grundvallarmisskilningi byggt, að SH hafi verið einhvers konar löggilt einokunarfyrirtæki. Stjórnvöldum var alla tíð í lófa lagið að opna þessi viðskipti eins og þeim sýndist án lagabreytinga. Hitt er svo annað mál að Sölumiðstöðin byggði á því frá upphafi að ekki væri heppilegt að einstakir framleiðendur væru að kroppa augun hver úr öðrum með undirboðum á erlendum mörkuðum og skylduðu því félagsmenn sína til að selja allar afurðir húsanna gegnum eigin sölusamtök, nema sérstakar undanþágur væru gefnar.

En þótt ekki væru fleiri útflutningsaðilar um hituna í þessu efni en raun bar vitni, leið þó varla svo ár að ekki sökuðu þeir hver annan um undirboð á hinum ýmsu mörkuðum. Sannleikurinn er sá að lengst af var fiskframboð á mörkuðunum meira en eftirspurn og stórum kaupendum því í lófa lagið að keyra verð niður með því að tefla smáum framleiðendum hverjum gegn öðrum. Þetta var sú dýrkeypta lexía sem menn höfðu lært á kreppuárunum og í stórum dráttum átti hún einnig við næstu áratugi eftir stríðið. Því kusu menn yfirleitt að standa þétt saman innan sinna sölusamtaka. Hins vegar gerðist það alltaf öðru hvoru, að sjálfstæð sölufyrirtæki gátu náð betri árangri með einstakar sölur, þegar allt lék í lyndi á markaðnum. En það stóðst ekki til lengdar. Þess vegna voru stjórnvöld alltaf hikandi við að heimila fleiri fyrirtækjum útflutning á þessu sviði, og gilti þá einu hvaða stjórnmálaflokkur fór með völd. Staða SH var því um áratugi sterk í skjóli innri einingar og samstöðu og án þessarar löggildingar. Þó komu á næstu áratugum öðru hvoru upp aðstæður, sem gáfu stórum framleiðendum ástæðu til að ætla að þeir gætu séð hag sínum betur borgið annars staðar og með öðru sölufyrirkomulagi. En allar tilraunir í þessa átt urðu skammæjar og til þess að efla trú manna á að þetta væri skásta sölufyrirkomulagið, ef ekki það besta.

Barátta fyrir hærra verði

Á fyrsta stjórnarfundinum er einnig samþykkt að gera tillögu til Samninganefndar utanríkisviðskipta um hækkað verð á frosnum fiski við þá samninga við Stóra-Bretland, sem fram áttu að fara um sumarið. Einnig að fara þess á leit við nefndina að fulltrúar SH fengju „að fylgjast með samningunum svo að tryggt sé ef



Pétur Benediktsson sendiherra á skrifstofu sinni í London. Hilmar Foss, starfsmaður sendiráðsins, lítur yfir öxl sendiherrans.

mögulegt er að útborgunarverð á fiski til hraðfrystihúsanna verði alltaf sambærilegt við verð á nýjum fiski til ísunar í skip."[10]

Með þessari samþykkt var komið að kjarna hagsmuna frystihúsaeigenda. Það fyrirkomulag, sem tekið var upp í viðskiptum í stríðsbyrjun reyrði þau í viðjar opinberra stofnana, íslenskra og breskra. Framleiðendur höfðu sáralitla möguleika til þess að koma sínum sjónarmiðum að. Bretunum var að sjálfsögðu efst í huga að tryggja þjóð sinni matvæli með sem minnstum tilkostnaði, en íslensku fulltrúunum að fá fram verð á íslenskum afurðum sem dygði til að halda framleiðslunni gangandi. Árið 1941 hafði þetta brugðist hvað frystihúsin snertir og hafði þá framleiðslan í fyrsta sinn dregist saman frá upphafi hraðfrystingar úr um 8 þúsundum tonna í 5 þúsund tonn. Kerfið gekk í aðalatriðum þannig fyrir sig að þau skip sem sigldu fyrir eigin reikning seldu á markaði í Bretlandi, sem þó var fljótlega settur undir reglur um hámarksverð. Ministry of Food rak svo flota fisktökuskipa sem keypti fisk til ísunar á höfnum víðs vegar um land á föstu verði. Á miklu valt fyrir frystihúsin að þau væru samkeppnishæf við fisktökuskipin um fiskkaup. Þau urðu að koma málstað sínum á framfæri við Fiskimálanefnd. Með stofnun SH og yfirtöku á sölustarfsemi Fiskimálanefndar fækkaði um einn lið í þessari keðju, en eftir sem áður hafði SH engin bein áhrif á ákvarðanir Viðskiptanefndarinnar. Varð það fljótlega eitt af baráttumálum SH að fá fulltrúa í þeirri nefnd, en aldrei fékkst því framgengt. Frystihúsaeigendur voru því í þeirri sérkennilegu stöðu, að þeir réðu hvorki um innkaupsverð á fiski til framleiðslunnar né endanlegt söluverð afurðanna. Það eina sem þeim var eftirlátið, var að ákveða hvort þeir héldu áfram framleiðslu þrátt fyrir nauma afkomu eða tap, ellegar stöðvuðu framleiðsluna, þegar tapið gekk úr hófi fram.

Á stjórnarfundi þann 18. mars er Elíasi Þorsteinssyni og Eggerti Jónssyni í Njarðvíkum falið að fylgjast með störfum Viðskiptanefndarinnar og gera tillögur til hennar um verð á frosnum fiski. Á þeim stjórnarfundi er samþykkt að Ólafur Þórðarson verði gjaldkeri Sölumiðstöðvarinnar.

Samstarf við sendiherrann

Þennan sama dag snæðir stjórnin miðdegisverð með Pétri Benediktssyni sendiherra á Hótel Borg, sem frá upphafi hafði verið umboðsmaður Viðskiptanefndarinnar í London. Á stjórnarfundinum á eftir er Ólafi Þórðarsyni og Sigurjóni Péturssyni falið að semja bréf til Péturs með öllum nauðsynlegum upplýsingum um sölu og útflutning frosins fisks. Sömu mönnum er einnig falið að semja „calculation" yfir hraðfrystan fisk, og er þar líklega átt við útreikninga á verðsamsetningu fisksins, sem leggja megi til grundvallar kröfum til Viðskiptanefndar. Þarna er greinilega farið inn á þá braut að reyna að komast bæði að Viðskiptanefndinni, sem er hinn íslenski hluti sameiginlegu viðskiptanefndarinnar með Bretum, og að hafa möguleika á beinum samskiptum við hinn breska hluta nefndarinnar, með því að Pétur hafi sem gleggstar upplýsingar um stöðu hraðfrystingarinnar hér á landi. Var þetta upphaf að nánu og góðu samstarfi, svo sem kemur seinna fram í því, að í desember 1943 er kallaður saman sérstakur stjórnarfundur SH til að skora á utanríkisráðuneytið, að sjá til þess að Pétur Benediktsson verði áfram sendiherra í London en ekki fluttur til í starfi, svo sem heyrst hafi að standi til. Pétur var þá hins vegar sendur til Moskvu og stýrði þar meðal annars síðar samningaviðræðum við Sovétmenn um kaup þeirra á freðfiski og átti á árunum eftir stríð mikinn þátt í að koma á viðskiptum við lönd Austur- og Vestur-Evrópu. Svo mikla alúð lagði Pétur við þetta starf að á stjórnarfundi í apríl 1945 er frá því skýrt að hann hefði að undanförnu skoðað fyrirkomulag og frystingu frystihúsanna á Suðurnesjum með það fyrir augum, að hann ferðaðist þá um sumarið um Mið-Evrópu og kynnti sér markaðsmöguleika.

Árið 1946 samþykkti svo aðalfundur SH einróma sérstakar þakkir til Péturs Benediktssonar sendiherra fyrir fyrirgreiðslu í sölumálum félagsins. Pétur var þá nýtekinn við sendiherraembættinu í París þar sem hann átti eftir að verða saltfiskseljendum haukur í horni í samningum í Miðjarðarhafslöndum. Síðar varð Pétur bankastjóri Landsbankans og átti yfirburðaþekking hans á atvinnuvegum þjóðarinnar og markaðsmöguleikum erlendis eftir að nýtast honum og þjóðinni vel í starfi hans. Mun hann þar sem annars staðar hafa reynst forráðamönnum Sölumiðstöðvarinnar ráðhollur, meðal annars um erlend bankaviðskipti.

Hagsmunafélag

Á þessu fyrsta ári Sölumiðstöðvarinnar voru aðstæður að því leyti óvenjulegar að enn var hún ekki orðin sölufyrirtæki, en starfaði fyrst og fremst sem hagsmunafélag. Af framansögðu er ljóst að frystihúsaeigendur voru áhrifalitlir um þá þætti sem helst réðu afkomu þeirra:

> Innkaupsverð á ferskum fiski var ákveðið af öðrum.
>
> Afurðaverð var ákveðið af öðrum.
>
> Vinnulaun voru nánast á uppboðsmarkaði vegna samkeppni atvinnuveganna um vinnuaflið við herinn, auk þess sem ný pólitísk verkalýðsforysta skrúfaði upp launin án tillits til síðari afleiðinga.
>
> Dýrtíðin gerði jafnóðum marklausa samninga um verð framleiðslunnar, svo að hvað eftir annað lá við stöðvun frystihúsanna.

Þar sem þeir gátu þá helst sjálfir haft áhrif um eigin hag var, eins og nefnt hefur verið hér að ofan, að fá sölulaun lækkuð – og það tókst. Umbúðir voru verulegur kostnaðarliður, og þar fundust ýmsir möguleikar til sparnaðar. Þá gátu verið möguleikar til kostnaðarlækkunar í frágangi og verkun á fiskinum. Sameiginlega



Frystihúsamenn bundu snemma vonir við að tækniframfarir myndu gera þeim framleiðsluna auðveldari og arðbærari. Um miðjan 6. áratuginn tóku Baader-flökunarvélar að ryðja sér til rúms á Íslandi. Á vertíðinni 1956/57 voru tíu slíkar vélar komnar í frystihús innan SH. Sölumiðstöðin stuðlaði að þessari þróun, til dæmis með því að lána til tækjakaupanna og með því að ráða Kristberg Magnússon vélfræðing til að sinna eftirliti, viðgerðum og fleiru í sambandi við vélarnar. Í samvinnu við SÍS var stofnað félagið Tæki og Umbúðir sf. er átti að flytja inn vélar til fiskvinnslu og varahluti í þær, annast viðhald og viðgerðir vélanna og þjálfa menn til að fara með þær. Kristberg veitti fyrirtækinu forstöðu. Á fyrstu árum 7. áratugarins var bónuskerfi tekið upp í frystihúsunum og lögðust þá af færibönd, eins og það sem myndin sýnir, og komu ekki aftur til sögunnar fyrr en nokkrum áratugum síðar og kölluðust þá flæðilínur.

fundust ef til vill möguleikar til að hafa áhrif á rekstrarlán og vexti til banka og fjárfestingarsjóða. Með ákveðinni samstöðu var líka möguleiki á að lækka tryggingar. Nýjar vélar, tækni og hagræðing í vinnubrögðum voru meðal þess, sem stuðlað gat að lægri framleiðslukostnaði og bættum hag og samtök framleiðenda gátu greitt fyrir. Að lokum hlaut að skipta verulegu máli að ófriðnum loknum hvernig til tækist um flutninga á framleiðslunni til markaðslandanna. Þetta síðast talda hlaut beinlínis að skipta sköpum um samkeppnismöguleika Íslendinga við aðrar fiskveiðiþjóðir á mörkuðum beggja vegna hafsins. Öll þessi atriði hafa raunar jafnan síðan verið rauði þráðurinn í öllu starfi stjórnar SH.

Að öllu þessu byrjaði stjórn SH að vinna strax eftir stofnun samtakanna. Og þar sem hagkerfi stríðsáranna var að langmestu leyti framlengt í hálfan annan áratug eftir stríðið urðu þessi atriði áfram meginviðfangsefni stjórnarinnar við hliðina á rekstri sölufyrirtækis, sem fljótlega varð hið stærsta í landinu. Fyrstu árin voru þessi hagsmunamál jafnvel fyrirferðarmeiri þáttur í starfinu en salan, sem, eins og áður er rakið, var í býsna föstum skorðum á vegum íslenskra yfirvalda í samningum við hinn erlenda kaupanda. Starfsemi Fiskimálanefndar og síðar SH á þessum árum var því að mestu leyti fólgin í afgreiðslu þess freðfisks, sem um samdist milli þessara aðila.

Stefnan mótuð

Stjórn SH er því ekki mikilvirk á þessu fyrsta starfsári samtakanna. Um veturinn eru haldnir tveir stjórnarfundir, 26. febrúar og 18. mars. Það er svo ekki fyrr en um haustið að farið er að huga að því að koma sjálfu fyrirtækinu á laggirnar. Þann 23. september kemur stjórnin saman í húsnæði Fiskimálanefndar og á þar fund með framkvæmdastjóra hennar, Þorleifi Jónssyni. Fundinn sitja Elías Þorsteinsson, Eggert Jónsson, Ingólfur Flygenring og Sigurjón Pétursson. Á fundinum er samþykkt að skrifa Fiskimálanefnd og fara þess á leit að SH yfirtaki skrifstofupláss nefndarinnar, umbúðalager og verslun með rekstrarvörur frystihúsanna.

Einnig er þar farið fram á að SH fái á leigu tilraunafrystihús Fiskimálanefndar, Ísbjörninn.

Á stjórnarfundi 16. október er rætt um undirbúning fundar allra meðlima Sölumiðstöðvarinnar. Sá fundur er svo haldinn þriðjudaginn 17. nóvember og þar sem þetta er fyrsti allsherjarfundur frystihúsaeigenda eftir stofnfund SH er ástæða til að rekja í grófum dráttum umræðuefni fundarins og þau vinnubrögð, sem þar voru tekin upp, enda lýsandi um umræður og ákvarðanatöku félagsskaparins æ síðan.

Þegar þessi fundur var haldinn lá enn einu sinni við stöðvun framleiðslunnar. Útflutningsverðið á fiskinum hafði verið ákveðið að venju í ágúst. Síðan hafði grunnkaup og vísitala hækkað um ca. 150% eins og kemur fram í ályktun fundarins. Frystihúsin framleiddu því mörg með tapi og raunar stöðvaðist rekstur margra þeirra undir lok ársins. Þetta ástand var því aðalefni fundarins, en einnig voru þar rædd skipulagsmál samtakanna og skipuð nefnd í það mál. Fundurinn samþykkti að SH tæki í eigin hendur sölu á afurðum félagsmanna og öll innkaup á rekstrarvörum. Felld var tillaga frá Jóni Auðuni Jónssyni um að semja fremur við SÍF um skrifstofuhald fyrir félagið, en Fiskimálanefnd eða einkafyrirtæki. Það var svo þessi skipulagsnefnd, sem mætti á fundi Fiskimálanefndar nokkrum dögum síðar og ítrekaði bréf stjórnar SH frá því í september og var þá gengið til samninga um yfirtöku SH á þjónustu Fiskimálanefndar við frystihúsin.

Aðrar nefndir, sem störfuðu á fundinum, voru Afurðasölunefnd, sem gera skyldi tilraunir til að ná fram hækkun afurðanna, betri hagnýtingu hráefnisins og niðurfærslu reksturskostnaðar, og Dýrtíðarnefnd, er skyldi semja tillögur um lausn dýrtíðarmálanna. Afurðasölunefndin taldi ekki vænlega horfa um að fá fram hækkun afurðanna þrátt fyrir rökin, sem að því hnigju. Eggert Jónsson í Njarðvík benti þá á að hugsanlega gætu kaupendur fallist á að þunnildin fylgdu flökunum. Þetta ásamt því að heimila notkun pappakassa í stað trékassa sem ytri umbúðir, varð síðan sú lausn, sem stjórnin beitti sér fyrir og úrslitum réði að frystihúsin gátu starfað áfram að framleiðslunni út samningstímabilið fram á mitt næsta ár. Ekki fékkst þessu þó framgengt átakalaust. Tvo síðustu mánuði ársins 1942 og janúarmánuð 1943 voru frystihúsin lítt eða ekkert starfrækt. Samkvæmt útreikningi stjórnar SH var hagnaður áætlaður 40 krónur á smálest, þegar fisksölusamningurinn var gerður, sem breyst hafði í 490 króna tap á smálest, þegar kom fram á haustið. Verð á 50 kílóa fiskkössum hafði verið 8 krónur þegar samningurinn var gerður en var komið í 13 krónur, þegar fundurinn var haldinn. Munaði þar 100-120 krónum á smálest bara með kassaverðinu. Auk þessa hafði grunnkaup verkafólks hækkað um 30%.

Dýrtíðarnefnd benti Alþingi og ríkisstjórn á þá leið, að koma vísitölunni í það horf, sem hún var þegar viðskiptasamningurinn var gerður, eða að öðrum kosti bæta frystihúsunum upp mismuninn. Einnig var samþykkt að leita samstarfs við

formenn stjórnmálaflokkanna og Alþýðusambands Íslands um skipun nefnda til að vinna að lausn þessa vanda, og mun þá einkum hafa verið horft til svonefndrar verðhjöðnunarleiðar, eða skipulagðrar niðurfærslu kaupgjalds og verðlags. Reyndar var fallist á nokkra grunnkaupslækkun á allmörgum stöðum. Komst framleiðslan svo í gang í byrjun febrúar 1943.

Fram kom tillaga frá Ólafi Jónssyni í Sandgerði og Jóni Jónssyni á Flateyri um skýrslusöfnun meðal félagsmanna. Þar komi fram: Stofnkostnaður húsanna, fyrirkomulag þeirra, svo sem stærð geymsluklefa, vinnu- og vélasalar, tegund stærð og afl véla og frystivéla og frystitækja. Ennfremur frystiafköst og fjöldi starfsfólks, helsti framleiðslutími, fisktegundir og magn hverrar um sig. Ennfremur safni stjórnin skýrslum, helst mánaðarlega, um magn og tegundir þess sem fryst er. Hversu langur tími hafi farið til vinnslunnar, hvað vinnan hafi kostað í heild og á hvert kíló, olíueyðslu, rafmagnskostnað og annan rekstrarkostnað á hverju frystitímabili. Árlega sendi síðan hvert frystihús stjórn SH skýrslu.

Þessi tillaga var samþykkt samhljóða, enda nauðsynleg undirstaða bæði sölustarfsemi og hagsmunabaráttu frystihúsaeigenda í framtíðinni. Hitt er svo annað mál hversu skilvís frystihúsin hafi yfirleitt verið á slíkar skýrslur. En tillagan sýnir að þeir fremstu meðal frystihúsamanna gerðu sér góða grein fyrir því hversu nákvæmlega þyrfti að fylgjast með hverju atriði í rekstrinum, smáu sem stóru, ef rekstrardæmið ætti að ganga upp.

Á þessum fundi var einnig samþykkt tillaga frá Einari Sigurðssyni og Birni G. Björnssyni um að bjóða SÍS þátttöku fyrir frystihús sín í SH og var hún einnig samþykkt samhljóða. Hér virðist enn á ferðinni hugmyndin um að sameina alla freðfisksöluna undir einum hatti með löggildingu einkasölu fyrir augum. SÍS hélt hins vegar fast við að annast sölu fyrir hús sín sjálft, þótt framleiðsla þeirra væri sáralítil á þessum tíma, sennilega innan við 7% af heildarfreðfiskframleiðslunni. SÍS átti hins vegar eftir að vaxa fiskur um hrygg á þessu sviði sem öðrum.

Á þessum fyrsta almenna félagsfundi SH voru fulltrúar nær allra frystihúsa utan SÍS eða 36 að tölu. Umræður voru mjög líflegar eins og löngum síðar á fundum frystihúsaeigenda, þátttaka í störfum fundarins almenn og víðtæk samstaða um allar ákvarðanir.

Með þessum fundi lauk fyrsta starfsári SH.

SH yfirtekur starfsemi Fiskimálanefndar

Stjórnin vann áfram að því að koma fyrirtæki á laggirnar með samningum við Fiskimálanefnd og þann 1. janúar 1943 yfirtekur SH þjónustustarfsemi Fiskimálanefndar við hraðfrystihúsin, sölu afurða og innflutning rekstrarvara. Þar með er stjórn SH ekki lengur aðeins stjórn hagsmunasamtaka frystihúsaeigenda, heldur jafnframt orðin yfirstjórn stórfyrirtækis. Í fyrstu virðist þó lítið gerast annað en það að gengið er frá prókúru fyrir Guðmund Albertsson, skrifstofustjóra Fiskimálanefndar. Snemma á árinu er gengið frá ráðningu tveggja nýrra starfsmanna. Bergsteinn Bergsteinsson er ráðinn sem eftirlitsmaður með framleiðslunni og skyldi hlutverk hans vera að stuðla að vöruvöndun og koma á samræmi í vinnslu, pökkun og ytra útliti vörunnar. Skömmu síðar fór Jón Árnason þess á leit fyrir hönd SÍS að Bergsteinn tæki einnig að sér eftirlit fyrir frystihús Sambandsins og var við því orðið eftir því sem honum gæfist tími til. Þá er Björgvin Frederiksen ráðinn eftirlitsmaður véla frystihúsanna. Árelíus Ólafsson er ráðinn endurskoðandi og annaðist skrifstofa hans síðan endurskoðun reikninga SH um áratugi.



Sighvatur Bjarnason, forstjóri Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum, goggar þorsk. Sighvatur sat alllengi í varastjórn SH. Fyrir stríð var það langmest flatfiskur sem var seldur flakaður og frystur til útlanda. Í seinna stríði sótti þorskurinn mjög á og yfirskyggði fljótlega flatfiskinn.
Ljósm: Sigurg. Jónasson.

En þann 20. apríl 1943 segir Fiskimálanefnd upp samningum um skrifstofuhald, skrifstofupláss og annað húsnæði. Mánuði síðar samþykkir stjórnin að ráða þrjá af starfsmönnum Fiskimálanefndar til SH: Guðmund Albertsson sem skrifstofu- og framkvæmdastjóra og Helga Pálsson og Sæmundu Pétursdóttur til almennra skrifstofustarfa. Þessar ráðningar eru þó aðeins til bráðabirgða eða þangað til SH flytur frá Fiskimálanefnd til fullnustu. Þeir Guðmundur og Helgi áttu þó eftir að starfa hjá SH um árabil. Skömmu síðar er ákveðið að taka á leigu skrifstofuhúsnæði í nýju húsi Slippfélagsins við Mýrargötu og þar var SH síðan til húsa frá 15. september 1943, þar til flutt var í nýtt húsnæði í Morgunblaðshúsinu við Aðalstræti 1957.

Umbúðamál og tilhögun Ameríkuviðskipta

Auk þess að taka afurðasöluna og viðskipti með aðföng í sínar hendur er tvennt sem ber hæst í störfum stjórnar á árinu 1943: Umbúðamál og tilhögun Ameríkuviðskipta.

Fyrir ófrið var öllum fiskflökum hér, sem að mestu voru seld til H. Smethurst Ltd. í Grimsby, pakkað í 7 punda kartonpakka, vaxborna innan, og var þar fylgt nákvæmlega fyrirmælum kaupandans. Sá fiskur var að langmestu leyti flatfiskur. Með stríðinu fór hlutur flakaðs þorsks vaxandi og á árinu 1940 var hann 64% af mótteknu fiskmagni, en flatfiskurinn aðeins 15%. Framleiðslan jókst mjög ört í byrjun ófriðarins. Þar við bættist að ómögulegt var að fá nógu mikið af vaxborn-

um kartonpappa. Var þá það ráð tekið að pakka 7 pundunum í pergamentpappír og mætti kalla það stríðspakkningu, þótt hún yrði býsna lífseig og héldi velli í áratugi fyrir suma markaði. Með yfirtöku SH á starfsemi Fiskimálanefndar fyrir frystihúsin fylgdi í kaupunum umbúðalager og umbúðapantanir. Vegna stríðsástandsins varð að færa innkaup á pappírnum til Bandaríkjanna, en kaupa varð hann áprentaðan, þar eð prentsmiðjur hér heima önnuðu ekki prentun. Sá galli var á þessu að við þetta færðist pappírinn upp um tollflokk og munaði það verulegu fé. Reynt var að fá toll þennan afnuminn, en þar reyndist við ramman reip að draga. Fannst mönnum raunar skjóta skökku við að tollleggja umbúðir yfirleitt, sem aftur voru fluttar út úr landinu, en Alþingi mun hafa litið svo á að tollurinn væri til verndar íslenskum iðnaði. Frystihúsin voru þá löngum háð einu fyrirtæki innanlands um kaup umbúða. Umbúðirnar eru verulegur kostnaðarþáttur í framleiðslunni, auk þess sem útlit skiptir að sjálfsögðu máli um söluhæfni vörunnar. SH háði því langa baráttu um leiðréttingu á þessum tollamálum og mun þangað mega rekja hugmyndina um að lausn mundi ekki að finna á þessum málum nema með eigin umbúðamiðstöð, sem gæti keppt við innlend sem erlend fyrirtæki á þessu sviði, þótt ekki yrði af stofnun hennar fyrr en löngu síðar. (Sjá bls. 423).

Alveg frá fyrstu byrjun voru forráðamönnum SH ameríkuviðskipti hugleikin. Þann 18. mars 1942, sama dag og stjórnin býður Pétri Benediktssyni sendiherra til miðdegisverðar á Hótel Borg, er bókað í stjórnarfundargerð að ná á næstu dögum sambandi við Hjálmar Björnsson, verslunarfulltrúa Bandaríkjanna, og verði honum boðið til miðdegisverðar á Hótel Borg „á morgun eða næstu daga." (Hjálmar var bróðir Valdimars Björnssonar, síðar fjármálaráðherra Minnesota, mæltur á íslensku og Íslendingum ákaflega velviljaður). Um árangur þessa miðdegisverðar er ekki kunnugt en bókunin sýnir að áhuginn hefur verið fyrir hendi.

Í samningum samninganefndar utanríkisviðskipta fyrir árið 1942-'43 við Breta og Bandaríkjamenn hafði tekist að fá útflutningsleyfi fyrir 200 tonnum til Bandaríkjanna. Það mál bar þannig að stjórn SH að skömmu eftir aðalfund samtakanna 17. maí barst henni beiðni frá Sænsk-íslenska frystihúsinu um að það fengi að verka og selja þessi 200 tonn. Stjórnin fékk Kristján Einarsson til þess að gera grein fyrir þessu máli og skýrði hann frá því að Sænska hefði sent sýnishorn vestur í desember, og hefði það verið verkað og pakkað með sama hætti og almennt tíðkaðist. Stjórn SH fór fram á að SH yrði þá afskipandi að sendingunni, en í ljós kom að kaupandi hafði gert það að skilyrði við Landsbankann, að Sænska yrði afskipandi og seljandi. Stjórnin fór þá fram á við Kristján, að hann skrifaði kaupandanum að Sænska sé nú meðlimur í félagsskap frystihúsaeigenda, sem hafi umráð yfir um 90% af öllum útflutningi á hraðfrystum fiski og SH hafi í þessu tilfelli leyft að Sænska yrði útflytjandi, enda yrði sendingin með vörumerki SH. Gekk Kristján Einarsson fúslega að þessu. Fram kom á fundinum, að SÍS hafði fyrir sitt leyti veitt sams konar leyfi.

Þarna er vissulega um þýðingarmikla stefnumótun að ræða bæði af hálfu útflutningssamtakanna og stjórnvalda. Reynslan af Ameríkumarkaðinum fyrir stríð hefur væntanlega sannfært menn um nauðsyn þess, að viðskiptin væru í höndum öflugra útflutningssamtaka til þess að koma í veg fyrir að skefjalaus samkeppni einstakra framleiðenda eyðilegði markaðinn með undirboðum. Stjórnarmenn SH eru því vel á verði, að tryggt sé í framtíðinni að framleiðsla og sala fari einungis um hendur samtakanna. Þann 9. júlí er þetta enn ítrekað, þegar Sænska fer enn fram á leyfi fyrir viðbótarsendingu. Þá er það skilyrði sett, að SH sé sendandi vörunnar og umboðslaun séu greidd því. Jafnframt tilkynni Sænska kaupandanum að



Síldinni pakkað í öskjur og fryst. Síldin kemur inn á færibandinu. Stúlkan tínir úr rusl og gallaðan fisk. Árið 1943 gerði SH fyrst tilraun til að frysta síld í neytendaumbúðir en lágt verð kom í veg fyrir frekari frystingu. Frakkar voru sólgnir í síld en hún varð að vera stór, annars litu þeir ekki við henni.

eftirleiðis beri að snúa sér til SH með öll viðskipti á frystum fiski. Einnig samþykkti stjórnin að skrifa umræddum kaupanda og bjóða honum upp á framtíðarviðskipti.

Þegar kom að endurnýjun samninga við Breta og Bandaríkjamenn um haustið fór Sölumiðstöðin fram á að fá útflutningsleyfi fyrir 2.000 tonnum til Bandaríkjanna, en leyfi fékkst þó aðeins fyrir 300 tonnum. Fyrir þann fisk fékkst þó hærra verð en fiskinn til Bretlands og ljóst var að hægt hefði verið að selja mun meira magn, ef samningurinn við Breta hefði heimilað það. Hugur manna beindist því mjög að þeim möguleikum, sem opnast gætu vestan hafs að hildarleiknum loknum.

Fyrsta heila starfsárið

Árið 1943, fyrsta heila starfsár SH, var félaginu gott ár. Á þess vegum voru flutt út 13.600 tonn af frosnum fiskflökum, að verðmæti 30 milljónir króna. Var það um 93,5% af freðfiskframleiðslu landsins og hefur heildarframleiðslan þá verið 14.500 tonn. Fiskurinn var allur seldur til Bretlands, nema þau 200 tonn, sem fóru til Bandaríkjanna. Var þetta veruleg aukning frá árinu áður en þá nam framleiðsla landsmanna 8.600 tonnum. Árið 1941 hafði framleiðslan fallið niður í 4.900 tonn vegna framleiðslustöðvunar, en verið á árinu 1940, fyrsta stríðsárið, 8.200 tonn.

Á þessu ári, 1943, gerði SH tilraunir með frystingu síldar í neytendaumbúðum.

Sýnishorn voru send til Bretlands og Bandaríkjanna og var vörunni ágætlega tekið, en frekari sölur strönduðu á verðinu. Síðar átti fryst síld eftir að verða snar þáttur í framleiðslu ýmissa frystihúsa.

Á þessu ári féll enn framleiðslan á flatfiski og var aðeins 4% af heildarframleiðslunni, meðan þorskurinn jókst í 85%. Stjórnin skrifaði H. Smethurst Ltd. í Bretlandi og vakti athygli á þessu. Það mun einkum hafa verið lágt verð, sem þessu olli, og stjórnin viljað freista þess að fá hina bresku kaupendur til að beita sér fyrir verðhækkunum í samningum til að örva veiðar á ný. Á fyrsta aðalfundi SH í maí var tekið undir þessa kröfu. Einnig tók fundurinn undir kröfu stjórnarinnar um að SH fengi fulltrúa í viðskiptanefnd. Einnig var ámálgað mikið hagsmunamál margra félagsmanna um að fá frystihús, sem byggð hefðu verið í óðaverðbólgu stríðsáranna niður í „normalverð". Skipti þetta talsverðu máli í sambandi við leyfilegar afskriftir og álagningu opinberra gjalda.

Eggert Jónsson í Innri-Njarðvík var kosinn í stjórnina í stað Jóhanns Fr. Guðmundssonar frá Seyðisfirði, en Eggert hafði verið mjög virkur í stjórninni fram að þessu sem varastjórnarmaður.

Lýðveldisárið

Þegar lýðveldisárið 1944 rann upp var því fremur bjart framundan fyrir SH. Freðfiskbirgðir frystihúsanna voru aðeins um 900 tonn um áramótin. Framleiðslan tók hins vegar stórt stökk upp á við, því að heildarframleiðslan varð aðeins innan við 25.000 tonn. Eins og venjulega féllu um 2/3 hlutar framleiðslunnar á örfáa fyrstu mánuði ársins, að þessu sinni febrúar, mars og apríl. En nú fór að segja til sín alvarlegur skortur á kæliskipum. Brúarfoss var í förum allt árið en illa gekk að útvega erlend leiguskip. Yfirfylltust allar geymslur húsanna, en greiðslur drógust vegna seinkunar á afskipunum. Aðalfundur félagsins í júní lét málið til sín taka með tvennum hætti. Annars vegar var skipuð nefnd til að athuga og undirbúa stofnun skipafélags til reksturs kæliskipa og er til þessarar reynslu að rekja upphaf skipafélagsins Jökla. Er sú saga rakin í sérstökum kafla um Jökla.

Hins vegar var skipuð nefnd stjórninni til fulltingis við að fá greitt úr þessum málum og vann Ólafur Jónsson í Sandgerði ásamt stjórninni að lausn þess. Stjórn SH setti fram við Samninganefnd utanríkisviðskipta kröfu um að 85% andvirðis fisksins yrði greitt, svo og geymslugjald, svo sem kveðið var á um í samningunum við Breta. Í september barst svar um að Ministry of Food væri reiðubúið að greiða út 50% andvirðis birgða eins og þær voru 19. ágúst. Eftir víðtækt samráð ákvað stjórnin að ganga að þessum afarkostum. Í árslok voru birgðir húsanna enn 6.500 tonn og var útflutningi ársins ekki lokið fyrr en komið var fram á vertíð, í mars 1945.

Annað mál, sem stjórn SH lét mjög til sín taka árið 1944, var tryggingamál félagsaðilanna. Samkeppni á þessu sviði var mjög takmörkuð og því eðlilegt að stjórnin kannaði hvort ekki mætti nýta afl samtakanna til að ná þessum kostnaðarþætti niður með því að láta bjóða í sameiginlegar tryggingar fyrir öll hús félagsmanna, vöru- og umbúðalager, áhöld, vélar og tæki. Þann 16. febrúar 1944 ákvað stjórnin að leita slíkra tilboða. Aðalfundur um vorið ályktaði í málinu og fól stjórninni að halda málinu áfram. Í október um haustið er Ólafi Þórðarsyni, Ólafi Jónssyni og Huxley Ólafssyni falið að gera tillögu til stjórnarinnar um tryggingastarfsemi innan SH. Í desember er lagt fyrir stjórnina tilboð frá Sjóvátryggingafélagi Íslands um „breakdown"-tryggingu fyrir öll húsin, og ákveðið að taka því með

nokkrum breytingum. Má til þessa rekja upphaf þess að hraðfrystihúsin stóðu rúmum áratug síðar að stofnun sérstaks tryggingafélags, Tryggingamiðstöðvarinnar.

Verðlækkun við stríðslok

Heimsstyrjöldinni síðari lauk í maí 1945. Þar með urðu mikil tímamót þar sem heimurinn opnaðist á ný til viðskipta. Stjórn SH tók að undirbúa þessar breytingar á síðustu mánuðum ársins 1944. Þann 14. nóvember er samþykkt að athuga möguleika á að senda erindreka til að kynna sér sölu á framleiðsluvörum SH í Evrópu að ófriðnum loknum. Breytingarnar urðu þó ekki snöggar þrátt fyrir að illa horfði og mikil óvissa ríkti í byrjun ársins því að samningar við Breta drógust fram í mars. Stjórnin kvaddi til aukafundar 12.-15. janúar 1945 til að ræða ástandið. Bankarnir fengust ekki til að lána nema smáaura út á framleiðsluna meðan ekki lágu fyrir sölusamningar og varð stöðvun hjá flestum húsunum fyrstu tvo mánuði ársins. (Bankarnir buðu að lána 25 krónur á hvern 25 kílóa kassa með flökum án þunnilda. Fiskurinn einn með slíkri flökun kostaði 30 krónur á kassann). Betur rættist þó úr þessum samningum við Breta en á horfðist í fyrstu. Nú fékk SH í fyrsta sinn áheyrnarfulltrúa í hinni opinberu samninganefnd, sem send var til London. Var Kristján Einarsson hjá Sænska frystihúsinu valinn til þeirrar farar. Samningar tókust í mars um allt að 30 þúsund tonna magn, auk heimildar til að selja nokkurt magn á aðra markaði. Verðið var að nafninu til hið sama en nú máttu þunnildi ekki fylgja flökum, en það þýddi 10-12% verðlækkun, auk þess sem aukaafurðir eins og hrogn lækkuðu um 20-30%. Eftir að samningarnir tókust fór framleiðslan hins vegar í fullan gang en var þó heldur minni en árið áður, enda skorti frystihúsin nú mjög hráefni. Fiskimálanefnd var þar í öflugri samkeppni við frystihúsin með stórfelldum útflutningi ísfisks, keypti fisk um land allt og leigði íslensk og færeysk skip til flutninga.

SÍS og einkaleyfið á hraðfrystitækjum

Sérkennilegt mál kom upp í lok stríðsins. Á stjórnarfundi 7. júní 1945 skýrði formaður, Elías Þorsteinsson, frá því, að Jón Árnason, forstjóri SÍS, hefði kvatt sig á sinn fund og rætt við sig um hvort ekki væri rétt að semja við eigendur einkaleyfis „Birdseye"-hraðfrystitækja. Fyrir þessum fundi lá líka bréf og samningsuppkast þar sem lagt var til að greidd yrðu 10 sterlingspund fyrir hvert þeirra 300 hraðfrystitækja, sem fyrir væru í landinu. Fyrir ný tæki sem bættust við yrðu greidd 500 sterlingspund á ári eða 1/8 úr penní fyrir hvert enskt pund (lb), sem fryst yrðu í tækjunum. „Stjórnin samþykkir að synja málaleitan þessari".

En þar með var málinu ekki lokið. Tæpum mánuði síðar, eða 5. júlí, mætir Jón Árnason á stjórnarfund og segir stjórninni frá fundi, sem hann hafi átt við umbjóðendur og eigendur framleiðsluréttar hinna svonefndu „Birdseye"-tækja og tilboð þeirra og samning þann sem þeir vildu gera vegna afnota á undanförnum árum hér á landi á frystitækjum, sem væru talin stælingar á „Birdseye"-tækjunum. Formaður ítrekaði fyrri afstöðu stjórnar SH, að engir samningar kæmu til greina. Jafnframt var samþykkt að leita eftir lögfræðiáliti um málið og leggja fyrir stjórnina.

Fyrir næsta fundi lá álit Einars Baldvins Guðmundssonar lögfræðings og ákvað stjórnin að hvika ekki frá fyrri afstöðu. Mun þetta mál þar með hafa verið úr sögunni hvað SH snerti. Einar Sigurðsson telur hins vegar í ævisögu sinni að SÍS muni



Stjórn SH 1946 til '47. Sitjandi frá vinstri eru Eggert Jónsson, Einar Sigurðsson, formaður stjórnar frá 1945 til '47, og Elías Þorsteinsson varaformaður. Standandi eru Ólafur Jónsson (til vinstri) og Jón Jónsson (með gleraugun) en þeir tveir voru varamenn fyrir Einar Guðfinnsson og Ólaf Þórðarson, ritara stjórnar, sem báðir voru fjarverandi við þetta tækifæri.

hafa greitt þetta „Birdseye"-gjald af sínum húsum og þá væntanlega til Unilever-hringsins. Þótt ekki væri gjaldið hátt fólst þó í því skattur á freðfiskframleiðsluna, sem hefði getað varað um eitthvert árabil, auk þess sem engin ástæða var til að viðurkenna, án málaferla, að íslensku hraðfrystitækin væru einfaldlega stæling á bandarísku „Birdseye"-tækjunum. Höfundar þeirra höfðu að minnsta kosti sumir hverjir staðið í góðri trú um eigin frumleika og leitað eftir eigin einkaleyfum hjá stjórnvöldum hér, að vísu án árangurs. Einnig var orðin völ á fjölmörgum tækjum, bandarískum og evrópskum, sem sneiddu framhjá einkaleyfum Birdseyes, í þeim tilfellum, sem þau voru ekki hreinlega útrunnin.

Evrópumarkaður kannaður

Á stríðsárunum hafði starf Sölumiðstöðvarinnar verið einfalt í sniðum. Samið var einungis við einn seljanda, Ministry of Food. Sölumiðstöðin kom þó aldrei beint að þeim samningum, heldur varð að beina öllum erindum sínum að Viðskiptanefndinni, hinum íslenska hluta Samninganefndar utanríkisviðskipta. Öllum óskum SH um fulltrúa í Viðskiptanefndinni var vísað á bug, eins og áður segir. Það var í fyrsta skipti að SH fékk fulltrúa til að fylgjast með og vera til ráðuneytis um samningana, þegar samið var í London skömmu fyrir lok ófriðarins. Meginþorri framleiðslunnar hafði þannig verið seldur fyrirfram og framleiðslugrundvöllurinn því tryggður til að minnsta kosti árs í senn, ef – og þegar – efnahagsgrundvöllurinn innanlands varð ekki til að raska samningsrammanum eða sprengja hann. Sölumiðstöðin hafði því ekki þurft að stunda eiginlega sölumennsku á eigin vegum, heldur fyrst og fremst leiðbeiningar um samsetningu framleiðslunnar eftir tegundum, útvegun umbúða, ákvörðun um pakkningar og síðast en ekki síst afskipanir.

Eftir stríðið hefði mátt búast við snöggum breytingum. Samningarnir við Sovétríkin 1946 og '47, sem tryggðu sölu á um og yfir helmingi framleiðslunnar þessi ár, ásamt samningi við Breta síðara árið gáfu þó aukið svigrúm til að átta sig á aðstæðum og hasla sér völl á mörkuðum Evrópu.

SH bættist nú liðsauki, þar sem var dr. Magnús Z. Sigurðsson, sem þá hafði nýlega lokið doktorsprófi í hagfræði frá Handels-Hochschule í Leipzig með utanríkisviðskipti sem sérgrein.

Þeir Guðmundur Albertsson framkvæmdastjóri ferðuðust um lönd álfunnar, reyndu að átta sig á aðstæðum og koma á viðskiptasamböndum. Umboðsmönnum var komið upp á Ítalíu, í Hollandi, Frakklandi, Bretlandi og Tékkóslóvakíu. Mjög þurfti að vinna náið með ríkisvaldinu við að koma á milliríkjasamningum, átta sig á flóknu kerfi innflutningsleyfa og skömmtun gjaldeyris. Dreifingarkerfið í löndum Evrópu var í höfuðatriðum það sama og dreifingarkerfi ferskfisks og í sumum löndum var bannað að selja frystan fisk nema í almennum fiskbúðum. Víðast vantaði kæliborð og frystiskápa í verslanir, þannig að óhægt var um vik að koma vörunni á framfæri við neytandann. Yfirleitt þurfti að fara gegnum heildsala og milliliði.

Fyrstu fjögur árin eftir stríðið var framleiðsla frystihúsa SH nokkuð stöðug, kringum 25.000 tonn, en féll árið 1950 í tæp 17.000 tonn. 1951 fer hún aftur í 24.400 tonn. Þó fjölgaði frystihúsunum nokkuð og þau stækkuðu og efldust að vélbúnaði.

Árið 1946 gerðu stjórnvöld viðskiptasamninga við Finna, Tékka, Svía, Frakka og Pólverja. Frystihúsaeigendum fannst þó slælega að þessum málum unnið á vegum ríkisstjórnarinnar og benti aðalfundur SH þá um vorið á, að þá væru ógerðir samningar við Holland, Belgíu, Ítalíu, Sviss, Spán, Portúgal og Balkanlöndin. Viðskipti fóru þá yfirleitt þannig fram að fyrst þurfti milliríkjasamninga milli ríkisstjórna, sem oftast voru á jafnkeypisgrunni. Svo og svo mikill innflutningur var heimilaður, ef keypt var á móti framleiðsla kaupandans. Innflytjandinn þurfti innflutningsleyfi. Einnig þurfti innflutningsleyfi hér heima fyrir þeim vörum, sem keyptar voru á móti. Bankar þurftu að samþykkja og viðurkenna með gagnkvæmum hætti gjaldeyri hvers annars. Innflutningsleyfum var yfirleitt úthlutað í magni. Gæði skiptu því minna máli og voru stundum til trafala. Allir kepptust við að fá í sinn hlut sem mest magn við sem lægstu verði. Íslendingar guldu þess einfaldlega víða, að þeirra fiskur var vandaðri vara og dýrari en keppinautanna og áttu sérstaklega í erfiðleikum í samkeppni við norskan fisk. Árlega voru uppi fyrirætlanir hjá SH um að verka meira í vandaðar umbúðir og smápakkningar, en markaðurinn utan Bandaríkjanna reyndist ekki tilbúinn til að kaupa slíkt nostur háu verði. Raunar fengust kröfur Bandaríkjamarkaðarins um glæsilegar umbúðir sjaldnast uppiborn-ar í verðinu. Gengi krónunnar gerði líka erfitt fyrir á Bandaríkjamarkaði. Ábyrgð ríkissjóðs á afurðaverðinu var heldur ekki hvatning til vöruvöndunar.

Starfsemi og skipulag

Eins og vænta mátti var starf skrifstofu SH á stríðsárunum ekki flókið, þar sem kaupandinn var aðeins einn og verðið ákveðið með samningum milli opinberra aðila. Fyrst og fremst þurfti að sjá frystihúsunum fyrir umbúðum, og gat það verið nógu erfitt, þar sem hörgull var á flestum vörum og skipaferðir stopular. Einnig þurfti að sjálfsögðu að ganga frá farmskírteinum og öðrum útflutningsskjölum, annast innheimtur og bókhald.

Nú þurfti hins vegar að stunda virka sölumennsku úti á mörkuðunum, kortleggja þá og gera sér grein fyrir sölumöguleikum á hverjum markaði, innflutningsreglum, mismunandi tollum o.s.frv. Íslendingar eru um sama leyti að byggja upp utanríkisþjónustu sína, þannig að þaðan er ekki þeirrar hjálpar að vænta, sem

keppinautar, eins og Norðmenn, gátu fengið hjá sínum yfirvöldum. SH hafði fáum reyndum mönnum á að skipa í þessi störf. Framkvæmdastjórinn, Guðmundur Albertsson, er meira og minna á faraldsfæti fyrstu mánuðina eftir stríðið og er að lokum falið að koma upp skrifstofu SH á meginlandinu, í Amsterdam, og veitti hann henni forstöðu, þar til hún er lögð niður 1949. Við tók af honum dr. Magnús Z. Sigurðsson, en einnig hann dvelst meira og minna erlendis næstu árin, kynnir sér markaði, verð og viðskiptahætti og skrifar ítarlegar skýrslur. Um mitt ár 1947 er Björn Halldórsson, nýútskrifaður hagfræðingur frá Harvardháskóla, ráðinn skrifstofustjóri. Á almennri skrifstofu starfa þá þrjár stúlkur. Aðalbókari er Helgi Pálsson og á þeirri skrifstofu fjórir menn. Þórir Guðmundsson viðskiptafræðingur er gjaldkeri og skrifstofustúlka honum til aðstoðar. Þórir gegndi gjaldkerastarfinu til 1963, en var eftir það innkaupastjóri til starfsloka.

Skrifstofan var í húsi Slippfélagsins við Mýrargötu og var þar alla tíð við mikil þrengsli. Hélst það þar til 4. hæðin var keypt í Morgunblaðshúsinu og flutt þar inn í ársbyrjun 1957. Síðar var bætt þar við 5. hæðinni og hefur það húsnæði dugað síðan.

Stjórnin hinn eiginlegi forstjóri

Allt fram til 1962 var stjórn SH hinn eiginlegi stjórnandi daglegs reksturs og má segja að formaður og varaformaður hafi verið forstjórar fyrirtækisins. Þeir hittust nær daglega á skrifstofunni og tóku flestar ákvarðanir sem máli skiptu um fjármálaráðstafanir og markaðsmál. Þegar litið er til þess að allir voru stjórnarmenn með umsvifamikinn og erfiðan eigin rekstur gegnir furðu hve vel tókst til um stjórn og árangur Sölumiðstöðvarinnar. Þó heyrðust raddir á aðalfundum á þessum árum, sem fundu að því að þetta fyrirtæki væri rekið með þeim einstæða hætti að það væri án forstjóra eða framkvæmdastjóra.

Elías Þorsteinsson var formaður stjórnar til dauðadags að undanskildu tímabilinu 1945 til 1947, þegar Einar Sigurðsson var formaður. Nánasti samstarfsmaður Elíasar var Ólafur Þórðarson frá Laugabóli, framkvæmdastjóri Jökla hf., sem einnig átti sæti í stjórninni nær óslitið til 1960. Mestalla framkvæmdastjóratíð Ólafs deildu Jöklar skrifstofu með SH. Mjög náin samvinna var milli þessara manna og raunar allra stjórnarmanna. Má segja að þeir hafi verið í starfi sínu allan sólarhringinn. Einar Sigurðsson segir í riti sínu að umræðum, sem hafnar voru á skrifstofu félagsins, hafi oft verið fram haldið að loknum vinnutíma í heimahúsum Elíasar og Ólafs, en þeir áttu íbúðir í sama húsi við Garðastræti. Einnig bjó Einar Sigurðsson þar nærri eftir að hann flutti frá Vestmannaeyjum, og var nær daglegur samgangur milli þessara manna á fyrstu árum SH.

Allt fram til ársins 1954 var starfsemi frystihúsa innan SH í mjög föstum skorðum. Ársframleiðslan var um 25.000 tonn með nokkrum frávikum. Mestur hluti framleiðslunnar féll til á mánuðunum febrúar til vertíðarloka. Sölu- og markaðsmál heyrðu beint undir stjórnina, en framkvæmdastjóri sá um daglegan rekstur fyrirtækisins og fylgdist með framleiðslu og afskipunum. Ekki voru þó skörp skil þarna á milli í fyrstu.

Þegar brýn úrlausnarefni kölluðu að erlendis var brugðist við með ýmsum hætti. Í maí 1945 er Jón Gunnarsson sendur á vegum SH til Svíþjóðar til þess að ganga þar frá samningum um kæliskipakaup og ráðningu vélaverkfræðings, auk þess sem hann skyldi athuga sölumöguleika á frystri síld og sitthvað fleira. Í framhaldi af samningum Jóns um skipakaupin fór Ólafur Þórðarson utan til eftirlits með smíði



Hinn 25. janúar 1957 flutti SH skrifstofur sínar úr Slipphúsinu við Mýrargötu, þar sem þær höfðu verið síðan 1943, í nýtt húsnæði á fjórðu hæð í Aðalstræti 6 í Reykjavík. Húsnæðið í Slipphúsinu var þá fyrir löngu orðið allt of lítið fyrir Sölumiðstöðina. Fyrst leigði félagið þrjár hæðir í húsinu en undir það síðasta aðeins eina og hafði ítrekað verið imprað á því að það færi með alla starfsemi sína úr húsinu. Fyrir vikið var SH, um mitt ár 1954, búið að tryggja sér um 600 fermetra lóð á hafnarsvæðinu í Reykjavík. Ekkert varð þó úr nýbyggingu þar vegna þess að fjárfestingarleyfi fékkst ekki frá ríkisvaldinu. Var þá ráðist í að kaupa hæð í húsi því við Aðalstræti 6 sem Sveinn Guðmundsson í Héðni hafði fengið leyfi til að steypa upp. Sá hængur var á að þetta leyfi var bundið því skilyrði að þarna yrði eingöngu um íbúðir að ræða. Á aðalfundi SH 1957 gerði Elías formaður þetta að umtalsefni. Viðurkenndi hann að húsnæðið væri tæplega löglegt. Engu að síður hefði SH nokkra afsökun því að samtökin væru árangurslaust búin að glíma við það síðan 1953 að fá leyfi fyrir byggingu skrifstofuhúsnæðis. Að vísu hefði aldrei komið neitun við beiðninni en hún þess í stað verið þöguð í hel. Varla hafði skrifstofa SH fyrr verið flutt í Aðalstrætið en gengið var frá kaupum félagsins á hæðinni fyrir ofan. Í júlí þetta sama ár voru forustumenn SH kallaðir inn á teppið hjá félagsmálaráðherra; SH hafði þá verið kært fyrir skrifstofuhald í húsi er átti að hýsa fjölskyldur. Ráðherrann bauð sættir: Ef SH greiddi sem samsvaraði fimm ára húsaleigu í straff skyldi málið fellt niður. Þetta gat stjórn SH ekki fellt sig við og kaus að láta málið í dóm. Þar var forusta SH dæmd í fjársektir fyrir tiltækið en enn þann dag í dag eru skrifstofur SH í „smáíbúðahverfinu" sem Sveinn reisti forðum við Aðalstræti og merktar eru Morgunblaðinu eins og myndin sýnir svo glögglega.

skipsins og dvaldist þar til hausts 1946. Þar sem hann var næst vettvangi fór hann til fisksölusamninga við Pólverja sumarið 1946, eins og nánar er rakið í kafla um Póllandsviðskipti.

Á miðju ári 1948 var ráðgert að kalla Jón Gunnarsson heim frá Bandaríkjunum og skipa hann framkvæmdastjóra hér heima. Var gerður samningur við Jón um þetta 12. febrúar 1948, og var þar gert ráð fyrir að halda starfseminni í Bandaríkjunum í svipuðu horfi og áður, en undir yfirstjórn skrifstofunnar hér. Frá því var þó

horfið og tók Björn Halldórsson hagfræðingur við starfi framkvæmdastjóra SH, en hann hafði þá verið skrifstofustjóri um nokkurt skeið.

Til 1954 má því segja að stjórnin hafi haft yfirumsjón með sölu- og markaðsmálum, en undir framkvæmdastjórann hafi heyrt rekstur skrifstofunnar, tæknideild, vélaeftirlit, gæðaeftirlit, framleiðsluskipulag og afskipanir. Árið 1955 er brugðið á það ráð að ráða annan framkvæmdastjóra til að fara með sölu- og markaðsmálin. Var Jón Gunnarsson kvaddur til þeirra starfa. Árið 1956 er honum einnig falin framkvæmdastjórn Coldwater í Bandaríkjunum, þegar tveggja ára samningur Gunnlaugs Péturssonar rennur út, auk þess sem hann tekur við stjórn þeirra fyrirtækja, sem SH hafði komið á fót í London, Snax (Ross) Ltd. og Frozen Fresh (Fillets), Ltd. Skömmu síðar settist Jón að í London og stjórnaði sölumálunum að verulegu leyti þaðan.

Ekki er vafi á að breytingin 1954, það er að greina milli sölu- og markaðsmála annars vegar og reksturs sjálfs fyrirtækisins hins vegar, var fyllilega tímabær. Breytingin 1956 orkar hins vegar meira tvímælis. Við hana losnaði um þau tengsl, sem stjórn SH og eigendum frystihúsanna eru svo nauðsynleg milli markaðsfærslunnar og framleiðslunnar. Auk þess skorti þau föstu tök, sem hefði þurft á stjórn Coldwater, sérstaklega eftir að það fyrirtæki var búið að koma á fót fiskréttaverksmiðju og farið að ryðja sér til rúms á nýjum markaði tilbúinna fiskrétta. Enda fór nú að gæta vaxandi tortryggni, óánægju og deilna á aðalfundum SH, sem að lokum brutust út á árinu 1962 og leiddu þá til brottfarar Jóns Gunnarssonar og gagngerrar skipulagsbreytingar í kjölfarið. Er þeirri skipulagsbreytingu gerð skil annars staðar.

Tilraunaárin 1945-'50

Á aðalfundi í júní 1946 er farið að ræða um erfiðleika við bæði sölu og framleiðslu. Þar kvarta forystumenn margra frystihúsa undan fólkseklu við framleiðsluna, einkum á verðmætum tegundum eins og flatfiski. Áttu þær kvartanir oft eftir að heyrast á næstu árum og áratugum og miklar sveiflur urðu í framleiðslu flatfisks frá ári til árs. Stundum bárust líka miklar kvartanir frá kaupendum vegna galla á þessari vandmeðförnu vöru og varð oft að verðfella hana eða greiða kaupendum bætur. Margt af þessu mátti eflaust rekja til þess hve vinnuaflið staldraði víða lítt við í frystihúsunum, og því viðvarandi skortur á fólki, sem kunni til verka, auk þess sem verkstjórn og verkþjálfun var víða lengi vel ábótavant.

Á þessum aðalfundi eru settar fram margvíslegar hugmyndir um hvernig best verði byggt upp viðskiptanet í Evrópu. Ein hugmyndin var sú að koma upp dreifingarmiðstöð í Gautaborg og dreifa fiskinum síðan þaðan í 10-15 tonna slöttum með „línuskipum". Önnur hugmynd er um að smíða báta með frystirými, sem gætu flutt fiskinn upp fljótin í Evrópu inn á Mið-Evrópusvæðið, t.d. Tékkóslóvakíu og Austurríki. Þessi hugmynd var komin svo langt að leitað var tilboða hjá Skodaverksmiðjunum í smíði slíkra báta. Pólitísk skipting álfunnar skömmu síðar gerði þá hugmynd óraunhæfa. Mikil vinna var lögð í að reyna að koma frysta fiskinum inn á hernámsliðin í Þýskalandi. Guðmundur Albertsson segir í skýrslum til stjórnarinnar og í ræðum á aðalfundum SH ameríska og breska herinn vilja kaupa, en verð okkar sé langt fyrir ofan verð Norðmanna. Hins vegar fari mikið af þeim fiski, sem breska matvælaráðuneytið kaupi í Bretlandi, í raun til hernámssvæðanna í Þýskalandi, og séu Bandaríkjamenn þar með í ráðum.

Menn gera sér fljótlega grein fyrir því að dreifingarkerfi fyrir frystan fisk vantar í Evrópu. Bæði hér og í Noregi koma á þessum árum upp hugmyndir um að taka



Stjórn SH 1952 á skrifstofu SH í Slipphúsinu. Talið frá vinstri; Óskar Jónsson, Sigurður Ágústsson, Elías Þorsteinsson formaður, Björn G. Björnsson (í varastjórn), Ólafur Þórðarson og Ólafur Jónsson. Þessir fimm skipuðu aðalstjórn SH frá 1950 til 1953 en það eru árin þegar Óskar kom inn í stjórnina og hvarf úr henni aftur.

þátt í að byggja upp sérstakt dreifikerfi fyrir frystan fisk. Til dæmis eru fyrst eftir stríðið uppi miklar ráðagerðir innan SH um uppbyggingu Ítalíumarkaðarins í samráði við Hálfdán Bjarnason. Rætt er um að Íslendingar taki 40% þátt í uppbyggingu dreifikerfis með frystikeðju. Haustið 1946 er það mál svo langt komið að Viðskiptaráð og Nýbyggingaráð hafa veitt nauðsynleg gjaldeyrisleyfi til kaupa á frystiskápum í Tékkóslóvakíu, sem koma á fyrir í smásölubúðum í Ítalíu, og Landsbankinn hefur veitt lán til kaupanna. Í september þetta ár er Hálfdáni Bjarnasyni sent skeyti og hann beðinn að útvega innflutningsleyfi þar í landi fyrir 100 pantaða kæliskápa. Í nóvember er í bréfi til fjárveitinganefndar talað um 75 frystiskápa. Þetta er eina leiðin, sem Hálfdán telur færa, til að gera dreifingu fisksins mögulega. Svipaðar hugmyndir komu upp varðandi Pólland, eins og rakið er í þeim kafla, og á aðalfundinum 1949 er stjórninni veitt heimild til að leggja allt að eina milljón króna í dreifingarkerfi erlendis. Í umræðum um þá tillögu kemur fram að afgreiðsla á pöntuðum kæliskápum 1946 fyrir dreifingarkerfi á Ítalíu hafi verið svikin og málið þannig dottið upp fyrir. Í þetta sinn virðist fremur hugsað til þess að taka upp þessa dreifingaraðferð í Bandaríkjunum, en þó eru Sviss, Austurríki, Ítalía og Grikkland með í umræðunni. Menn óttast að með minnkandi beinum afskiptum ríkisstjórnanna af fæðuöfluninni muni dreifingarkerfið verða sá flöskuháls, sem haldi aftur af sölu á freðfiski. Framleiðendurnir verði því með beinum hætti að koma inn í dreifikerfin.

Ennfremur eru á þessum árum eftir stríðið uppi vangaveltur um að flytja frystan fisk með flugvélum til Ítalíu og flytja inn ávexti í staðinn. Varð sú hugmynd til þess að Jöklar hf. keyptu talsverðan hlut í hinu nýstofnaða flugfélagi Loftleiðum. Tilraun var gerð til þess að flytja fisk með flugvél til Tékkóslóvakíu veturinn 1948, en hún misheppnaðist vegna gæftaleysis á þeim tíma, sem ferma átti flugvélina og varð því að afpanta hana. Nokkur kostnaður varð af þessari tilraun og liðu 30 ár, þar til þráðurinn var tekinn upp að nýju með flutninga á ferskum fiski með flugvélum.



Til að koma fiskinum til Tékkóslóvakíu skipulagði dr. Magnús Z. Sigurðsson mikla bílalest er ók frá Amsterdam til Prag. Myndin sýnir einn bílanna í þessari lest og bílstjórann til hliðar. Í Prag keyrði bílalestin einn hring umhverfis blokkina þar sem kaupandinn, Andréanský, bjó.

Flutningurinn til Tékkóslóvakíu

Íslendingar áttu í harðri samkeppni við Norðmenn um að koma frystum flökum á markað í Evrópu. Báðir stóðu frammi fyrir því meginvandamáli, að frystikeðjan var yfirleitt ekki fyrir hendi í markaðslöndunum og varð að mestu að notast við dreifikerfi fyrir ferskan fisk. Strax eftir stríðið hófst áköf keppni milli þessara þjóða um markaðinn í Tékkóslóvakíu. Þar voru til staðar rúmgóðar og vandaðar frystigeymslur. Vandamálið var að koma fiskinum þangað óskemmdum.

Eins og áður er getið huguðu menn að þeirri leið að setja frystilestir í fljótaskip, en sú leið var of seinvirk. Var þá gripið til þess ráðs að fá hollenskt flutningafyrirtæki til að einangra nokkra yfirbyggða flutningabíla til bráðabirgða. Til er frásögn dr. Magnúsar Z. Sigurðssonar um þessa flutninga og gefur hún góða mynd af því hvers konar vandamál þurfti að leysa á þessum fyrstu árum eftir stríðið, þegar höfuðáherslu þurfti að leggja á það að vinna frysta fiskinum nýja markaði, sem menn hér heima kunnu lítt skil á.

Magnúsi segist svo frá:

„Þann 8. apríl 1946 kom svo frystiskip frá SH með 300 tonn af frystum fiski til Amsterdam og þar var ég fyrir ásamt Ólafi Jónssyni frá Sandgerði. Um 115 tonnum var hlaðið beint úr skipinu í 13 bíla. Þurrís var settur í hvern bíl. Í einum bílnum var komið fyrir hitamæli og mátti lesa af honum utan á bílnum og fylgjast með frostinu í fiskinum á leiðinni til Prag. Seint um kvöld var lagt af stað frá Amsterdam með alla 13 bílana í einni lest. Ég sat hjá bílstjóranum í fyrsta bílnum og ókum við alla nóttina, allan næsta dag og alla næstu nótt með stuttum hléum fyrir kaffi og brauðbita. Hitamælirinn sýndi að nægilegt frost hélst í fiskinum og vegna forsjálni töfðumst við ekkert við tékknesku landamærin.

Þaðan hringdi ég í kaupandann í Prag og sagði honum að allt væri í lagi með fiskinn en hann bað mig að láta bílalestina keyra einn hring kringum blokkina sína svo að „allir nágrannarnir sjái hvað ég er að gera“. Það gerðum við og voru margir úti í gluggum.



Bílalestin 1946; tilkomumikil sjón og minnti á ógnvænlega herflutninga áranna á undan. Margir spáðu illa fyrir þessu tiltæki Magnúsar Z. en allt fór á besta veg. Þreyttur en glaður sendi Magnús símskeyti frá herbergi númer 33 á Alcron-hóteli í Prag heim til Reykjavíkur: „Kom hingað kl 10 í morgun með 13 fiskbíla eftir 36 tíma akstur. Fiskurinn harðfrosinn í ákjósanlegasta ástandi. Andre ánægður." Skeytið er dagsett 11. apríl 1946.

Þegar numið var staðar í Prag voru samankomnir við tollstöðina, auk kaupandans sjálfs, nokkrir af keppinautum hans, sem ekki höfðu þorað að kaupa, því að þeir treystu ekki okkar lausn á flutningsmálinu. Í ljós kom hins vegar að fiskurinn var allur harðfrosinn og í besta lagi. Þar með var björninn unninn. En ég fór heim á hótelið og sendi símskeyti til SH um þennan mikla árangur.

Á sama hátt fluttum við svo þúsundir tonna af frystum fiski til Prag og hollenska fyrirtækið lét í snatri útbúa heilan flota af frystibílum eftir þetta."

Allt sýnir þetta hversu erfitt gat verið að koma fiskinum á framfæri á þeim mörkuðum, sem þó reyndust reiðubúnir að taka við honum. Það gat kostað mikla hugkvæmni og þrautseigju, að ráða fram úr þeim vandamálum, sem sköpuðust af landfræðilegri fjarlægð Íslands og því ófullkomna dreifikerfi fyrir frystan fisk, sem einkenndi flest Evrópulönd á þessum tíma.

Markaðsleit og markaðir

Eins og rakið hefur verið hér að framan var við ramman reip að draga í markaðssókn í Evrópu á fyrstu árunum eftir stríðið. Smám saman rétti útgerð strandþjóðanna við og gat í stórum dráttum annað neyslunni í heimalöndum sínum, nema ákveðna tíma árs. Landbúnaðurinn efldist og aftur komst á jafnvægi milli landbúnaðar- og fiskafurða. Víðast hvar var þó kjöt í sókn á kostnað fisksins. Dreifikerfi fyrir frystar vörur var mjög ábótavant og víða voru lagalegar hömlur á að selja frystan fisk í venjulegum matvörubúðum. Um þetta segir í skýrslu stjórnar til aðalfundar árið 1950. „Af framangreindu má sjá að ekki horfir vænlega um sölu á hraðfrystum fiski, að minnsta kosti ekki í Evrópu. Matvælaástand hefur stöðugt farið batnandi eftir síðustu heimsstyrjöld og er nú svo komið, að flestar þjóðir Evrópu hafa nægan mat.

Bretar, Þjóðverjar, Hollendingar, Belgíumenn og Frakkar hafa allir aukið mjög fiskiflota sinn á síðari árum, svo að þessar þjóðir eru nú sjálfum sér nógar í þessum efnum að mestu leyti. Undanfarin ár hefur mestur hluti af hraðfrysta fiskinum verið seldur í fyrrnefndum löndum í gegnum þá aðila, sem versla með ísaðan fisk. Salan hefur aðallega byggst á því, að fisk vantaði yfir vetrartímann, og önnur matvæli voru mjög takmörkuð. Þegar fiskurinn hefur verið seldur gegnum það dreifingarkerfi, sem notað er fyrir ísaðan fisk, þá er hann vanalega orðinn mjög slæm vara, þegar hann loksins kemst í hendur neytenda. Afleiðingin af því er sú, að fólk í fyrrnefndum löndum vill helst ekki borða hraðfrystan fisk, eins og hann hefur verið fram boðinn til þessa, ef annar matur er fáanlegur.

Þær aðstæður, sem á undanförnum árum hafa tryggt verulega sölu á hraðfrystum fiski, eru því ekki fyrir hendi í dag. Hér hafa orðið svo stórkostlegar breytingar að ekki verður hjá því komist að gera róttækar ráðstafanir, sérstaklega hvað snertir markaðsleit, auglýsingar og framleiðslufyrirkomulag.“ Er klykkt út með því að skora á alla aðila SH að taka þessi mál nú til alvarlegrar athugunar.

Hér á eftir verður nánar rakið hvernig sölustarfi SH farnaðist í einstökum markaðslöndum, meðan það var að mestu rekið héðan að heiman. Sögu dótturfyrirtækjanna erlendis eru svo gerð nánari skil í III. bindi.

Bretland

Í upphafi byggðist starfsemi frystihúsanna svo til eingöngu á breska markaðnum og á stríðsárunum var hann svo til eini markaðurinn. Eins og áður er getið sá „Ministry of Food“ um innkaupin, en Bandaríkin ábyrgðust greiðslur gegnum svokallaða „Lend-Lease“-samninga. Óhætt er að segja að íslenski fiskurinn líkaði mjög vel. Um það bera vott ummæli Sir Davids Robertsons í breska þinginu í mars 1946: „Meðan á stríðinu stóð fluttu Íslendingar hingað frosin matvæli, sem báru af öðrum vörum á þessu sviði, sem hingað bárust. Mér þykir leitt að verða að segja það en þessi vara var til muna betri en sú sem hingað barst frá Kanada og Nýfundnalandi. Um þessar mundir standa 40 frystihús á Íslandi auð og tóm. Vissulega létu þeir okkur borga of hátt verð fyrir framleiðslu sína á stríðsárunum. Samt höfum við engin efni á að þessi frystihús séu ekki starfrækt. Þau ættu að vera að vinna fyrir okkur við frystingu fisks af grunnmiðunum. Þarna er nóg vinnuafl og það eru fastar samgöngur með frystiskipum til Aberdeen, Hull og Grimsby.“

Það fór hins vegar þannig, að á árinu 1946 keypti Matvælaráðuneytið engan fisk



Íslenskur fiskur frá SH á vörubíl í hafnarborginni Haifa í Ísrael upp úr 1950. Að baki er um það bil 4000 mílna siglingaleið frá Reykjavík. Á þessum slóðum var frostið fljótt að fara úr fiskinum, hitinn var gríðarlegur, fór jafnvel yfir 50 gráður og á mörkunum að tækist að verja skipsvélar gegn því að ofhitna. Það má því fara nærri um það hvernig gekk að halda frosti í fiskinum á opnum vörubílspöllum. Síðar var fiskurinn fluttur beint úr skipi í járnbrautarvagna, búnum frystitækjum, rétt eins og tíðkaðist víða austantjalds, til dæmis í Sovétríkjunum og Póllandi.

af Íslendingum og frjálsi markaðurinn var ekki tilbúinn að taka við miklu magni af fiski. Á þessu ári féll salan í Bretlandi niður í 1.438,8 tonn úr 25.353,7 árinu áður. Urðu sölusamningarnir við Sovétríkin til að bjarga íslenska frystiiðnaðinum frá hruni á þessum árum.

Hins vegar tókust viðskipti við Matvælaráðuneytið að nýju á árinu 1947, en nú fylgdi sá böggull skammrifi, að ákveðið hlutfallsmagn af síldarlýsi þurfti að fylgja með í kaupunum. Var ákveðin verðjöfnun milli lýsis og freðfisks; til dæmis var verðið á freðfiski til Rússa talsvert lægra en til Breta, en þeir fengu lýsið hins vegar á hærra verði. Í maí þetta ár var samið um kaup á allt að 12.000 tonnum. Nú brást síldveiðin um sumarið þriðja árið í röð – og þar með framleiðsla síldarlýsis – og voru ekki afgreidd nema 6.000 tonn upp í þennan samning. Um haustið tókst samningur um 3.000 tonn í viðbót, án tengsla við síldarlýsi, og fór svo að þetta ár seldust 9.721 tonn til Bretlands. Árið 1948 seldist svipað magn. Samningar höfðu tekist við Matvælaráðuneytið um 8.000 tonn af frystum flökum tengdum magni af síldarlýsi, en þar sem síldin brást enn voru ekki afgreidd nema 6.500 tonn upp í það, eða 81% af umsömdu magni. Síðar á árinu tókust samningar við Bemast Importers Group um sölu á þeim flatfiski, sem Matvælaráðuneytið keypti ekki vegna lýsisskortsins og í framhaldi af því náðist snemma á næsta ári samningur við sama aðila um 2.800 tonn af birgðum ársins 1948 auk nokkurs magns af gölluðum fiski, sem þornað hafði í geymslu. Seldust því 8.711,4 tonn til Bretlands þetta ár. Verðið til Bemast var hins vegar allmiklu lægra en á þeim fiski sem fylgdi lýsinu. Náði það ekki svokölluðu ábyrgðarverði samkvæmt lögunum um ríkisábyrgð á útflutningsafurðum.

Árið 1949 urðu Bretar aftur langstærsti kaupandinn að íslenskum freðfiski og keyptu um það bil helminginn af útflutningnum. Náðist samningur við Matvælaráðuneytið í apríl um að kaupa allt að 14.500 tonn. Nú var magnið ekki bundið við síldarlýsi. Hins vegar skyldi vera ákveðið hlutfall milli þorskflaka og flatfisks, 11.500 tonn móti 3.500 tonnum. Voru Bretar skyldir til að taka við 22 tonnum af frystum bolfiskflökum móti hverjum 7 tonnum af flatfiski innan marka samnings-

ins. Náðist með þessu að koma 10.918 tonnum á breska markaðinn. Hins vegar var verðið allmiklu lægra en samkvæmt aðalsamningnum árið áður, en þó verulega hærra en það verð sem fengist hafði hjá Bemast.

Nú urðu þáttaskil á breska markaðnum. Ekki þótti lengur ástæða til að ríkið stæði fyrir fæðuöflun og Matvælaráðuneytið hætti öllum innkaupum og fóru sölur eftir þetta fram beint á milli SH og kaupenda. Um þetta leyti höfðu Bretar byggt upp flota sinn og voru því sem næst sjálfum sér nógir um fisköflun. Hingað til hafði þó verið skortur á fiski að vetrinum og kom þá íslenski freðfiskurinn í skarðið og var dreift eftir dreifikerfi því sem var fyrir ísaðan fisk. Oft var því frysti fiskurinn orðinn léleg vara, þegar hann kom til neytenda. Tóku þeir því gjarnan önnur matvæli fram yfir hann. Nú bættist við að þessi vetur var óvenju mildur í Bretlandi, gæftir góðar, framboð af fiski jókst mjög og verð féll. Ofan á allt þetta bættist, að gengisfellingin hér heima, sem framkvæmd var í mars 1950, gerði aðra markaði hagstæðari en Bretland og þá einkum Bandaríkin. Árið 1950 keyptu Bretar því einungis 25% af því magni sem þeir höfðu keypt árið áður, eða um 2.750 tonn. Þetta magn tvöfaldaðist árið eftir í 5.880 tonn auk þess sem Bemast keypti alla flatfiskframleiðsluna og megnið af frystum hrognum.

En strax árið 1952 fór útflutningur þangað minnkandi aftur. Nú var orsökina hins vegar ekki að finna í markaðsaðstæðum heldur mátti rekja hana beint til landhelgisdeilunnar við Breta, sem hófst á þessu ári með útfærslu fiskveiðilögsögunnar úr þrem mílum í fjórar og átti eftir að standa með nokkrum hléum næsta aldarfjórðung. Árangur markaðssetningar í Bretlandi hélst líka nokkurn veginn í hendur við gang mála í þessum landhelgisdeilum: Tók stökk upp á við eftir hvert samkomulag, en féll svo skarpt í hverju þorskastríði. Leikur varla vafi á því að meðal annars af þessum sökum varð Bretland eitt erfiðasta markaðssvæðið á þessum árum, en merkið var samt aldrei látið falla með öllu og SH hafði góðan grunn til að byggja á, þegar þessum erjum lauk árið 1976 með fullum sigri málstaðar Íslendinga.

Til Bretlands fóru árið 1952 2.300 lestir af þorski, en árið eftir fór þetta magn niður í 38 tonn og 1955 er flakasalan nálega engin. Hins vegar féll breski markaðurinn aldrei alveg niður með ýmsar aukafurðir sem seldust þar betra verði en annars staðar fékkst. Má þar nefna fryst hrogn, heilfrystan flatfisk og flatfiskflök, og síðar humar og rækju. Voru samningar um þetta gerðir við nokkur stórfyrirtæki og oft sameiginlega að þeim staðið af SH og SÍS.

Sölumiðstöðin brást náttúrlega við þessu falli breska markaðarins með margvíslegum hætti. Í fyrsta lagi með eflingu sölustarfs á öðrum mörkuðum og þá fyrst og fremst á bandaríska markaðnum. Í öðru lagi leysti sovéski markaðurinn þann breska af hólmi – og stundum gott betur. Í þriðja lagi var hafinn sjálfstæður rekstur SH í Bretlandi, þegar Jón Gunnarsson framkvæmdastjóri keypti „fish and chips"-fyrirtækið Snax (Ross) Ltd. á árinu 1955. Kaupverðið var lagt fram af Coldwater Seafood Corporation í New York og yfirfært til Hannover Bank í London, sem tók í sína vörslu hlutabréfin. Jafnframt var hlutafé hækkað úr 100 pundum í 10.000 sterlingspund hinn 25. nóvember 1955. Rekstur Snax (Ross) á vegum SH hófst svo 1. janúar 1956 frá skrifstofu, sem sett var á stofn í Epsom í Surrey. Um svipað leyti var stofnað fyrirtækið Frozen Fresh (Fillet), Ltd. um rekstur fiskstautaverksmiðju í London. Loks flutti svo framkvæmdastjóri sölumála, Jón Gunnarsson, til London á árinu 1958 og rak þar skrifstofu. Er nánar greint frá starfsemi SH í Bretlandi eftir það í sérstökum kafla um skrifstofuna í Bretlandi.



Úr verksmiðju SH í Gravesend á suðurbökkum Thamesár. Fiskstautarnir berast með færibandi og er raðað í steikingarbakka sem síðan eru settir í steikarpottana sem konurnar þrjár standa við.

Bandaríkin

Eins og áður er sagt beindust sjónir forystumanna SH mjög til Bandaríkjanna frá upphafi samtakanna og fyrsti erindreki þeirra erlendis, Jón Gunnarsson, ráðinn til að koma þar á fót skrifstofu. Var sú skrifstofa opnuð í upphafi árs 1945 og starfaði sem umboðsskrifstofa til miðs árs 1947 að stofnað var um hana sérstakt fyrirtæki, Coldwater Seafood Corp., sem starfaði sem bandarískt fyrirtæki og að bandarískum lögum, þótt hlutafé allt væri í eigu SH.

Eftir sem áður var allur fiskur til Bandaríkjanna seldur í umboðssölu til loka ársins 1962. Það þýddi að allar sölunótur og allir reikningar yfir kostnað við söluna voru sendir heim á skrifstofu SH. Það voru engin smáumslög, sem komu í póstinum vikulega til úrvinnslu þar. Með þessu fyrirkomulagi gat það dregist allt að einu ári eftir afskipun, hvað raunverulega fékkst fyrir vöruna.

Salan fór hægt af stað, enda var verðið, sem fyrir fiskinn fékkst, langt undir svokölluðu ábyrgðarverði. Má segja að fiskábyrgðarlögin, sem í gildi voru á árunum 1946-'49, hafi verið undirstaða þess, að yfirleitt var á þeim árum unnt að sinna framleiðslu fyrir Ameríkumarkaðinn. Með þeim var framleiðendum tryggt á fjárlögum tiltekið lágmarksverð fyrir hvert pund af útfluttum fiski til Bandaríkjanna. Annað, sem fældi framleiðendur frá vinnslu fyrir þennan markað, var að fiskurinn átti að vera algerlega beinlaus og mestmegnis roðlaus, sérvafinn í sellofanpappír og settur í öskjur og var því miklu dýrari en sá freðfiskur, sem almennt var verkaður í húsunum. Varð því evrópufiskurinn að bera uppi það magn, sem selt var til Bandaríkjanna þessi fyrstu ár.

Megnið af fiskinum var fyrstu tvö árin selt til bandarískra hersins. Salan var þó lítil 1945-'49 eða frá 1.300 tonnum upp í 2.800 tonn. Þessi ár voru notuð til að byggja upp öflugt sölu- og dreifingarkerfi, sem náði um öll Bandaríkin að fyrirmynd Kanadamanna og Nýfundnalendinga. Var landinu skipt upp í svæði og fyrir

hverju svæði var einn sjálfstætt starfandi miðlari, sem sá svo um að selja til heildsala, en þeir síðan til smákaupmanna. Kanadamenn munu yfirleitt hafa borgað miðlurum þessum 3% umboðslaun, en Jón hækkaði þau í 5% gegn því, að þeir bæru ábyrgð á innheimtu allra útistandandi skulda. Mun líka hafa heyrt til algerra undantekninga að skuldir töpuðust hjá umboðsmönnum. Einnig var á þessum árum mótuð sú sölustefna, sem gengið hefur sem rauður þráður í gegnum starfsemi Coldwater alla tíð síðan, að halda verði þorskflaka verulega hærra en keppinautanna í innflutningi, sem aðallega voru kanadísk fyrirtæki. Gat þessi munur stundum numið allt að 30-40 af hundraði. Var Coldwater löngum forystuafl í verðlagningu frystra þorskflaka á markaðnum.

Takmarkið með þessu fyrirkomulagi var að skapa neytendamarkað og selja fiskinn í eigin umbúðum undir eigin vörumerkjum.

Við gengisfellinguna miklu í mars 1950 urðu fyrstu stóru umskiptin á þessum markaði. Þangað fóru nú 6.500 tonn miðað við u.þ.b. 2.000 árið á undan og Bandaríkin urðu nú stærsta markaðsland Íslendinga fyrir hraðfrystar afurðir. Nú var það í fyrsta skipti að beinlínis borgaði sig betur að framleiða fyrir Bandaríkjamarkað en aðra markaði; þangað til má segja að Evrópumarkaðurinn hafi greitt með fiskinum þangað. Sýnir það hversu mikla áherslu forráðamenn SH lögðu á að ná fótfestu á þessum markaði. Einnig má af þessu marka hversu þýðingarmikið er að gengið sé rétt skráð, þannig að framleiðsluþættirnir leiti þangað sem hagkvæmast er án opinberrar leiðsagnar eða forsjár framsýnna seljenda.

Á árunum upp úr 1950 gerist svo bylting á bandaríska markaðnum með því að farið er að framleiða skyndibita úr fiskblokk í verksmiðjum. Fiskblokkin sjálf var naumast nein nýjung. Hún hafði verið framleidd í Kanada og á Íslandi á stríðsárunum með það fyrir augum að ná hámarkslestarrými í flutningum. Ekki var mikið vandað til þeirrar framleiðslu, roð og bein fylgdu með. Hin nýja blokk þurfti hins vegar að vera beinlaus og roðlaus og nákvæmlega formuð til að ná út úr henni hámarksnýtingu í niðursögun. Á árinu 1952 voru fyrstu fiskstautarnir settir á markað og á fyrsta heila ári þessarar vöru á ameríska markaðnum, 1953, voru framleiddar 7,5 milljónir punda. Þessi tala fór upp í 50,0 milljónir punda árið eftir og náði hámarki í 63 milljónum punda árið 1955. Eftir það féll framleiðslan nokkuð og margir framleiðendur heltust úr lestinni og náði salan ekki fyrra hámarki fyrr en 1960.

Jón Gunnarsson, forstjóri Coldwater, fylgdist mjög vel með þessari þróun og Íslendingar urðu meðal þeirra fyrstu til að þróa blokk og flytja inn til Bandaríkjanna. Var það seint á árinu 1952 að ítrekaðar beiðnir komu frá Jóni til SH um að fá send sýnishorn af blokkum, sem hentuðu til þessarar framleiðslu. Var Þorsteini Gíslasyni verkfræðingi falið að gera tilraunir með að framleiða blokkir og fékk hann til þess aðstöðu í frystihúsinu Ísbirninum. Þann 14. febrúar 1953 voru fyrstu blokkirnar framleiddar, sem uppfylltu allar þær kröfur sem ameríski markaðurinn gerði til þessarar vöru. Má segja að sá dagur marki tímamót í sögu íslenskrar fiskfrystingar. Af aðilum utan Bandaríkjanna urðu Íslendingar einna fyrstir til að frysta blokk og flytja inn þangað í stórum stíl.

En Jón Gunnarsson var líka fljótur til að sjá þá möguleika, sem fólust í framleiðslu og sölu á hinni verksmiðjuframleiddu vöru og beitti sér fyrir því að Coldwater hóf verksmiðjurekstur meðal hinna fyrstu í þessari grein árið 1954 í bænum Nanticoke í Maryland. Á áratugnum 1951-1961 urðu þó mikla sveiflur í sölum til Bandaríkjanna eða frá u.þ.b. 10.000 tonnum og upp í 21.000 tonn. Árin 1955 og 1957 féll blokkasalan til annarra en eigin verksmiðju að verulegu leyti niður, þar



Hinn 14. febrúar 1953 urðu tímamót í íslenskum fiskiðnaði þegar Þorsteini Gíslasyni, verkfræðingi og seinna forstjóra Coldwater, tókst að framleiða fyrstu blokkirnar sem uppfylltu kröfur bandarískra fiskréttaverksmiðja. Þessi tímamótaatburður átti sér stað í frystihúsi Ísbjarnarins en Ingvar Vilhjálmsson, forstjóri fyrirtækisins og aðaleigandi, hafði léð Þorsteini aðstöðu til að vinna að tilraunum sínum með blokkina.

sem ákveðið var að halda verðinu óbreyttu og allt að 4 centum hærra á pund en hjá keppinautunum, sem einkum voru Kanadamenn. Urðu um þetta verulegar deilur hér heima, t. d. á aðalfundi SH 1956. Leiddu þær til þess að Gunnlaugur Pétursson, sem tekið hafði við af Jóni Gunnarssyni sem forstjóri Coldwater, lét af störfum og Jón tók við forstöðu Coldwater aftur, svo sem nánar er rakið í III. bindi.

Með blokkasölunni í Bandaríkjunum og verksmiðjuframleiðslunni breyttist framleiðslustefna SH og sölustefna Coldwater verulega. Áður hafði megináherslan verið lögð á smáar pakkningar og nostursamlega vöruvöndun. Það voru því helst hús utan vertíðarsvæðanna sem sérhæfðu sig í pakkningum fyrir Ameríkumarkaðinn. Þar sem þurfti að leggja megináherslu á afköst til að hafa undan í aflahrotum vildu menn helst ekki vinna fyrir þann markað. Auðvitað þurfti að vanda til blokkarinnar og stóð starfsfólk SH og Coldwater í eilífu stímabraki við frystihúsin til að fá þau til að forma hana rétt, fjarlægja orma og bein og vanda til frystingarinnar.

Má segja að í þessu efni hafi stundum svo brugðist krosstré sem önnur tré. Skömmu eftir að blokkaframleiðslan er komin á skrið skrifar Björn Halldórsson Jóni Gunnarssyni, þann 23. febrúar 1954, um möguleika á sölum á gölluðum blokkum, sem menn sitji uppi með hér heima:

„*Gallaðar 7. lbs. blokkir.* Einar Sigurðsson á hér í Hraðfrystistöðinni í Reykjavík ca. 4.700 kassa af gölluðum, óvöfðum blokkum, sem við viljum ekki senda út. Nú hefur hann komið og talað við okkur, og beðið okkur sérstaklega um það, að hafa samband við þig um sölumöguleika á þessum fiski, og jafnframt sagt okkur, að ef við getum ekki selt þennan fisk, þá mundi hann leita til SÍS, og gæti það ef til vill haft það í för með sér, að Sambandið mundi selja allan hans fisk í framtíðinni. Einar vill persónulega taka á sig alla ábyrgð í þessu sambandi við væntanlega sölu

á þessum fiski og leggur áherslu á, að fiskurinn komist út með „Vatnajökli". – Við vitum ekki um sölumöguleika á þessum fiski, þó væri ef til vill hægt að selja hann til A-Þýskalands."

Ennfremur segir í þessu bréfi Björns: „Auk þessa fisks, sem Einar Sigurðsson á, eiga önnur hús þó nokkuð magn af gölluðum blokkum, og eru gallarnir aðallega í því fólgnir að þær eru aflagaðar og ekki nógu sléttar, en snyrting á þeim virðist mun betri, – þó vitum við um 1-2 hús, þar sem snyrtingin er mjög álíka og á fiski Einars." Auk mótunar- og lögunargallanna telur Björn Halldórsson upp helstu aðra galla, sem fundist hafi í blokkunum við skoðun frá 8 vinnsludögum:

Roð, roðblettir, bein, beingarðar, blóðblettir, blóðmar, ormar, tréflísar og óhreinindi. Hús Einars Sigurðssonar voru annars yfirleitt í fremstu röð, svo að nærri má geta að þarna hefur blokkin verið notuð til að ná upp afköstum á kostnað gæða. Var Jón Gunnarsson líka óþreytandi á að brýna fyrir mönnum aðalfund eftir aðalfund, að ekki mætti slaka á gæðakröfum við blokkaframleiðsluna, eins þótt blokkin færi til notkunar í eigin verksmiðju Coldwater. En á aðalfundi árið eftir kvartar Magnús Z. síðan yfir því að menn hafi teflt markaðnum í Austur-Þýskalandi í hættu með því að hreinsa alla gallaða vöru út úr frystigeymslum húsanna og demba á þann markað. Hafi orðið að veita verulegan afslátt af þessum sendingum.


En nú var sem sagt komin til skjalanna afkastamikil vinnsluaðferð fyrir Ameríkumarkaðinn, sem jafnframt skilaði sæmilegum hagnaði. Minnkaði þá vegur smápakkninganna og áherslan á neytendamarkaðinn. Stundum er vitnað til þeirra orða Jóns Gunnarssonar, að heldur vildi hann selja milljón manns eitt pund af fiski en einum manni milljón pund. Þá mundu neytendur halda áfram að krefjast þess að fá þessa vöru, þar sem hins vegar milljón punda maðurinn gæti allt í einu hætt að kaupa og snúið viðskiptum sínum annað að eigin geðþótta, enda ætti hann alls kostar við sölufyrirtækið. Íslendingar spyrja oft: Hvers vegna sé ég ekki íslensk fiskflök í smásöluverslunum í Bandaríkjunum? Er ekki eitthvað að í sölustarfseminni? Ástæðan er sú að hagkvæmast var um áratugaskeið að selja íslensk flök á stofnanamarkaði í stórum pakkningum, til dæmis sjö pundum (til hótela, skóla, veitingahúsa o.s.frv), og blokkir bæði til eigin nota í verksmiðju Coldwater og til keppinauta. Sú hlið íslenska fisksins sem sneri að neytendum var þá aðallega verksmiðjuframleiðslan undir eigin vörumerkjum, sem báru uppi hróður íslenska fisksins og Coldwater Seafood.

Sá starfsgrundvöllur, sem frystihúsunum var settur af íslenskum stjórnvöldum, var heldur ekki beinlínis hvetjandi til vinnuaflsfrekrar framleiðslu í smápakkningar. Sem dæmi má nefna að fyrir árið 1958 hafði SH í framleiðsluáætlun gert ráð fyrir 3.000 lesta framleiðslu í smápakkningum fyrir Ameríkumarkað. Frá því var horfið eftir lagasetningu Alþingis um fiskverð, sem gerði þessa framleiðslu óarðbæra.

Ásamt þorskinum hefur alltaf verið góður, en sveiflukenndur, markaður fyrir ýsu, karfa, þorsk og steinbít í Bandaríkjunum, auk þess sem lúða og humar og síðar rækja hafa verið eftirsóttar vörur.

Þrátt fyrir ýmsar sveiflur og misjafnt gengi verksmiðjunnar í Nanticoke tókst á þessum áratug að gera Bandaríkjamarkað – ásamt sovéska markaðnum – að meginuppistöðu í starfsemi hraðfrystihúsanna og sölufyrirtækja þeirra og hélst það um næstu áratugi. Hins vegar munaði minnstu að þessi umsvif Íslendinga þar vestra yrðu kæfð í fæðingunni.

Bandarískir fiskimenn sáu miklum ofsjónum yfir þessum stóraukna fiskinnflutningi til Bandaríkjanna. Reyndu þeir þráfaldlega að beita pólitískum áhrifum sínum



Verksmiðja Coldwater í Nanticoke var í húsaþyrpingunni lengst til hægri á myndinni. Höfnin fyrir framan verksmiðjuhúsin kom Coldwater aldrei að því gagni sem Jón Gunnarsson hafði vonast eftir. Grunnir álar fram af henni hindruðu skip Jökla í að leggjast þar að bryggju og yfirvöld veigruðu sér við að ráðast í dýpkunarframkvæmdir.

til að fá hækkaða tolla á innfluttum fiski, sem að sjálfsögðu hefði komið hvað harðast niður á Íslendingum, jafnvel kippt fótunum undan íslenskum frystiiðnaði. Vísuðu fiskimenn til laga, sem gerðu stjórnvöldum skylt að hækka tolla um 10-15%, ef sannað þætti að framleiðendurnir nytu ríkisstyrkja. Þessi krafa kom fyrst upp 1948. Bandarískir embættismenn komust að þeirri niðurstöðu að stjórnmála- og hernaðarhagsmunum Bandaríkjanna á Íslandi væri stofnað í hættu ef tollurinn yrði lagður á. Mun málið þá hafa „týnst" í ráðuneytum.

En þegar vinnsla á tilbúnum réttum úr fiskblokkum hófst komst málið aftur á dagskrá. Fiskblokkin var að mestu innflutt, enda afli heimamanna að verulegu leyti seldur ferskur. Málflutningur útgerðarmanna var því á misskilningi byggður: Framleiðsla tilbúinna fiskrétta úr blokkum var að mestu leyti viðbót við fiskneysluna, en ekki samkeppni við bandaríska útgerð.

En árið 1954 kom samt aftur upp krafa um að innleiða þessa refsitolla en utanríkisráðuneytið bandaríska eyddi málinu. En 1955 tók bandaríska Fiskifélagið (*Fish and Wildlife Service*) málið upp og fór þá fram á það við tollayfirvöld, að þau könnuðu, hvort fiskinnflutningur Íslendinga væri tollskyldur. Dr. Kristinn Guðmundsson utanríkisráðherra brá við skjótt og minnti á fordæmið frá 1948. Núna yrðu afleiðingarnar sýnu verri, þar sem fiskinnflutningur Íslendinga í Bandaríkjunum hefði í millitíðinni vaxið úr 2 þúsundum tonna í 19 þúsund tonn.

Thor Thors sendiherra beitti bandarísk stjórnvöld þeim rökum, að annað hvort yrði íslensk ríkisstjórn að snarfella gengið eða stórauka viðskiptin við Sovétríkin, ef Bandaríkjastjórn gripi til svo fjandsamlegrar aðgerðar gegn Íslendingum. Bandaríkjastjórn var hins vegar í klípu þar sem lögin voru mjög skýr. Ekki var hægt að neita því að íslenskir togarar nutu ríkisstyrkja fyrir hvern úthaldsdag. Thor taldi hins vegar lítið af togarafiski verkað fyrir Bandaríkin. Hann reyndi einnig að halda því fram að bátagjaldeyririnn væri ekki ríkisstyrkur, heldur „eins konar gengislækkun á nokkrum hluta þess gjaldeyris, sem bátaútvegurinn aflaði." Ekki dugðu þau rök á bandaríska embættismenn: Tollalögin væru mjög skýr og heimiluðu enga

undantekningu. Ólafur Thors forsætisráðherra lét nú koma þeim skilaboðum til bandaríska utanríkisráðuneytisins, að ríkisstjórnin væri á einu máli um, að frekari samvinna Íslands og Bandaríkjanna væri úr sögunni, ef tollalögunum yrði framfylgt. Undir það tók Muccio sendiherra og varaði líka við því að afleiðingarnar yrðu þær, að Bandaríkjamenn misstu hernaðaraðstöðu sína hér á landi. Framgangur laganna varð þó ekki stöðvaður. Þann 12. október 1956 leggur Tollanefnd Bandaríkjanna (U.S. Tariff Commission) til að tollar á fiskflökum verði hækkaðir úr 1,875 og 2,5 centum í 2,815 og 3,75 cent á pund. Eisenhower forseti mun hins vegar hafa beitt neitunarvaldi sínu til þess að stöðva hækkunina og borið fyrir sig hernaðarástæður, þar eð hækkunin kæmi sér illa fyrir tvö vinveitt ríki, Kanada og Ísland.

Ekki þarf að fara í neinar grafgötur með það, að hefði þessi tollahækkun náð fram að ganga hefði sú saga, sem hér er rituð, orðið öll önnur, og Íslandssagan raunar einnig. [11]

Sovétríkin

Opnun sovéska markaðarins 1953 hafði óhemju þýðingu fyrir íslenska freðfiskframleiðslu, sem stóð frammi fyrir alvarlegri kreppu við lokun breska markaðarins. Togararnir, sem hingað til höfðu aðallega veitt fyrir breska ísfiskmarkaðinn, urðu nú að leggja aflann upp heima til frystingar eða söltunar. Á seinni helmingi áratugarins fundust óhemju auðug karfamið við Grænland og Nýfundnaland. Hefði sovéski markaðurinn ekki tekið fúslega við karfanum, jafnvel tekið hann fram yfir þorsk, hefði verið um mikla offramleiðslu að ræða fyrir hefðbundna markaði, sem helst voru í Bandaríkjunum, með tilheyrandi verðfalli.

Innan samningsramma ríkisstjórna landanna voru þessi viðskipti líka næsta örugg, gengu greiðlega fyrir sig og greiðsla trygg í gegnum banka mánuði eftir afskipun. Viðskiptasamningarnir við Sovétríkin nutu því ávallt mikillar hylli meðal frystihúsaeigenda og útgerðarmanna. Fullyrt hefur verið að nokkur stór, eða stærstu frystihúsin hafi verið byggð, hönnuð og vélvædd fyrir slíka framleiðslu, einkum þau sem höfðu stórar togaraútgerðir að bakhjarli. Má þar nefna frystihús Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar, frystihús Útgerðarfélags Akureyringa og Júpíters og Mars í Reykjavík. Bæjarútgerð Reykjavíkur, BÚR, keypti Fiskiðjuver ríkisins árið 1959 og var lengst af stærsti framleiðandi karfaflaka í 7 punda pakkningum fyrir Sovétríkin. Þessi frystihús gátu tekið við 300 tonna togarafarmi af Nýfundnalandsmiðum og unnið hann fyrir sovétmarkaðinn, en slíkt magn og hráefni hefði verið útilokað að vinna í pakkningar fyrir Bandaríkjamarkað. Það var ekki fyrr en á árunum fyrir 1980 að farið var að breyta þessum frystihúsum þannig að þau gætu með góðu móti unnið að fjölbreyttari vinnslu.

Þessi viðskipti féllu líka vel að því kerfi innflutnings- og gjaldeyrishafta og annarra ríkisafskipta, sem hér var við lýði fram undir 1960. Eftir það má segja að þau hafi verið stílbrot á efnahagsstefnunni, en þó viðhaldið annars vegar vegna þrýstings útgerðar og fiskvinnslu, en kannski ekki síður vegna hins, að meðan Íslendingar áttu í deilum við nágrannaþjóðirnar um víðáttu fiskveiðilögsögunnar voru viðskiptin við Sovétríkin og önnur Austur-Evrópuríki nauðsynlegur bakhjarl utanríkisstefnunnar.

Á fyrstu tveimur áratugunum eftir stríðið eru Sovétríkin jafnan í fremstu röð sem stærsta markaðsland okkar fyrir freðfisk. Þau eru í fyrsta sæti 1946, öðru sæti á eftir Bretlandi 1947. Strax og samningar takast 1953 eru Sovétríkin í fyrsta sæti, árið eftir í öðru sæti á eftir Bandaríkjunum, síðan í fyrsta sæti til 1961, þegar



Jón Gunnarsson, lengst til hægri, með rússneskum og íslenskum ráðamönnum. Fyrstu árin komu alltaf sendinefndir frá Sovétríkjunum til að semja um fiskkaup af Íslendingum en síðar varð það venja að gera slíka samninga ytra. Var þá Jón eini fulltrúi SH í þessum viðræðum. Árið 1957 brá svo við að stjórnvöld báðu um tvo fulltrúa frá SH og var Gísli Hermannsson tilnefndur með Jóni. Það einkenndi mjög fiskviðskipti Sovétríkjanna við Ísland á 6. áratugnum að þeir sóttust jafnan eftir að fá mun meiri fisk keyptan en Íslendingar gátu selt þeim. Jón Gunnarsson var mjög andsnúinn þessum viðskiptum, ekki þó af pólitískum ástæðum að séð verði, heldur miklu frekar viðskiptalegum. Á aðalfundi SH 1960 sagði Jón meðal annars um Sovétviðskiptin: „Nú, Rússlandsviðskiptin, ég er ekki að gera lítið úr þeim. Þau eru ykkur hagkvæm, svo lengi sem vinnukraftur er hér ekki til staðar til að pakka þessu í dýrari og vandaðri umbúðir, og þar sem fiskurinn er [lítið] unninn, og þið leggið mikið kapp á það, að frysta mikið magn, og koma því á erlendan markað fyrir lágt verð." Fyrir Jóni vakti alltaf hið sama, að selja fiskinn sem mest unninn, helst í neytendaumbúðum, þannig að hæsta mögulega verð fengist fyrir hann hverju sinni. Framleiðendur heima á Íslandi slógu vitaskuld ekki hendinni á móti góðri greiðslu fyrir fiskinn en þeir horfðu ekkert síður á framleiðslukostnað en söluverð. Samhengið þarna á milli varð iðulega að deiluefni á milli Jóns og félagsmanna SH. Til dæmis gerðist það í október 1960 að hann símaði heim eftir 500 smálestum af karfablokk fyrir Bandaríkjamarkað á 23 sent pundið. Frystihúsin sögðu nei, „ . . . þar sem þetta verð er mun óhagstæðara en verðið á karfaflökunum til Rússlands þegar tillit er tekið til framleiðslukostnaðar beggja pakkninga."

Bandaríkin eru í fyrsta sæti, en Sovétríkin í fimmta og síðan í fyrsta sæti til 1965, þegar Bandaríkin taka forystuna og Sovétríkin annað sætið. Á 35 ára tímabili keyptu Sovétríkin frá 25% upp í 50% útflutnings Íslendinga á freðfiski í magni talið. Mest voru viðskiptin við Austur-Evrópu á árunum 1955-'60, þegar útflutningurinn til Sovétríkjanna var frá 15 upp í 20% af heildarútflutningi þjóðarinnar og að viðbættum öðrum Austur-Evrópuríkjum nálægt þriðjungi af heildarútflutningnum. Eftir tilkomu viðreisnarstjórnarinnar fór mikilvægi þessara viðskipta minnkandi en þau héldu áfram vegna útflutningshagsmuna. Þeirra vegna héldu Íslendingar fast í jafnkeypisgrundvöllinn. Þegar Sovétmenn óskuðu eftir því 1968, að felldir yrðu niður vörukvótar og horfið að frjálsum gjaldeyrisgrundvelli voru íslensk stjórnvöld því andvíg; vissu sem var að þá mundu minnka kaup á sovéskum

vörum og þeir þá kippa að sér hendinni með fiskkaupin. En árið 1975 var svo komið að ekki varð lengur spornað við óskum Sovétmanna og jafnkeypisfyrirkomulagið fellt niður. Fór þá líka svo að dró úr þessum viðskiptum, þótt ekki hyrfu þau með öllu fyrr en eftir fall Sovétríkjanna.

Tékkóslóvakía

Tékkóslóvakía varð fljótlega eftir stríðið eitt traustasta og besta viðskiptaland Íslendinga með freðfisk. Árin 1948 og 1949 var Tékkóslóvakía í öðru sæti á eftir Bretlandi en síðan nær samfleytt í þriðja sæti á eftir Bandaríkjunum og Sovétríkjunum fram til 1960-'61. Mest keyptu Tékkar á árunum 1954-'59, en þá voru innflutnings- og gjaldeyrishöft mest.

Íslendingar höfðu reynt að komast inn á tékkneska markaðinn fyrir stríð. Eftir stríðið urðu Norðmenn fyrstir til að koma þangað sínum frysta fiski, en með ferð dr. Magnúsar Z. Sigurðssonar árið 1946 tókst SH að ná fótfestu á tékkneska markaðnum og varð sá markaður einn af hornsteinum sölustefnu samtakanna á næstu árum og tók oft við verulegu magni. Rúmu ári síðar ákvað SH að stofna skrifstofu í Prag til að vinna að sölu- og markaðsmálum, einkum í Mið- og Austur-Evrópu, og var dr. Magnús Z. Sigurðsson ráðinn forstöðumaður hennar.

Á þessum fyrstu árum kalda stríðsins tóku hins vegar heimsmálin oft skarpar vendingar og gerðu erfitt fyrir með öll millilandaviðskipti. Svo fór hér. Í ársbyrjun 1948 var Magnús Z. kominn til Prag til að setja upp skrifstofuna. En fáum dögum síðar, þann 22. febrúar tóku kommúnistar, sem haft höfðu forystu í ríkisstjórninni, sér alræðisvald með „valdaráninu í Tékkóslóvakíu". En Íslendingar höfðu haft vaðið fyrir neðan sig í þessu efni. Þann 19. febrúar var dr. Magnús skipaður vararæðismaður Íslands í Tékkóslóvakíu. Meiningin hafði verið að skipa sem aðalræðismann Rudolf Císar, tékkneskan kaupsýslumann, en er í ljós kom að kommúnistar voru að þjóðnýta fyrirtæki hans og hann sjálfur flúinn land, var dr. Magnús settur yfir ræðisstofu Íslands í Prag. Á árinu 1949 var dr. Magnús svo skipaður aðalræðismaður og á miðju ári 1950 var hann skipaður viðskiptafulltrúi við sendiráð Íslands í París með aðsetri í Prag. Var þetta beinlínis gert að beiðni Sölumiðstöðvarinnar, er greiddi laun Magnúsar og allan kostnað af skrifstofunni. Litið var nú á hana sem sendiráð Íslands í Prag (hún hafði bréfsefni með bréfhausnum „Legation of Iceland, Prague") og á forstöðumann hennar sem settan sendifulltrúa (Charge d'affairs a. i.).

Auðvitað höfðu stjórn og starfsmenn SH margvísleg tengsl við ríkisvaldið og þá sérlega utanríkisráðuneytið á þessum árum ákafrar markaðsleitar um alla Evrópu, en hvergi mun þessi samvinna hafa verið jafnopinská og með jafnformlegum hætti og í Prag.

Með flutningi Pragskrifstofunnar til Hamborgar 1953 var ræðisskrifstofa lögð niður í Prag. En í maí 1956 óskaði Sölumiðstöðin eftir því við sendiráð Tékkóslóvakíu í Reykjavík að fá leyfi til að opna aftur skrifstofu í Prag. Það leyfi fékkst ekki en Tékkar kváðu ekkert því til fyrirstöðu að Ísland hefði ræðisstofu í Prag. Varð það úr að Árni Finnbjörnsson, sem tók að sér að veita þessari skrifstofu forstöðu, væri jafnframt skipaður ræðismaður og gegndi hann því starfi þau næstu þrjú ár sem skrifstofa SH var aftur starfrækt í Prag, en hún var formlega lögð niður 1. október 1960. Þetta dæmi sýnir hins vegar glögglega að af Íslands hálfu var ekki hikað við að grípa til ýmissa óvenjulegra aðgerða til þess að koma fiskinum á framfæri og viðhalda viðskiptasamböndum. Eflaust hefur ýmsum samstarfsþjóðum Ís-

lands innan vestrænnar samvinnu komið það spánskt fyrir sjónir, hvernig Íslendingar samræmdu það samstarf margvíslegum viðskiptum við Austur-Evrópuþjóðirnar. Það fór hins vegar saman að markaður reyndist á þessum árum erfiður fyrir frysta fiskinn í Vestur-Evrópu og að eftir að baráttan fyrir útfærslu fiskveiðilögsögunnar hófst fyrir alvöru upp úr 1952 var okkur nauðsyn að eiga öruggan markað fyrir frystan fisk í löndum Austur-Evrópu.

Ekki má gleyma því að skrifstofan í Prag (og síðar í Hamborg) var um árabil eina skrifstofa SH á meginlandi Evrópu. Dr. Magnús Z. Sigurðsson segir, að látið hafi nærri að hann væri sex mánuði á ári hverju á ferðalögum um markaðssvæðið. Þaðan unnust markaðir í Austur-Þýskalandi og Austurríki, Ungverjalandi, Grikklandi, Póllandi, Sviss og Svíþjóð. Einnig tókst að vinna markað í Ísrael um nokkurt árabil. Ekki urðu allir þessir markaðir til frambúðar en komu þó að verulegu gagni á þessum árum. Allir byggðust þessir markaðir á vöruskiptum og voru því byggðir upp í náinni samvinnu við Miðstöðina hf., dótturfyrirtæki SH, sem sérstaklega var stofnað til að greiða fyrir vöruskiptaversluninni, þegar hefðgróin heildsölufyrirtæki sýndu henni lítinn áhuga.

Eftir 1960 fór að draga úr sölunni til Tékkóslóvakíu, en þá fór að rofa til á frjálsum mörkuðum, auk þess sem innflutningur til Íslands var gefinn frjáls að miklum hluta. Tékkneski markaðurinn byggðist að sjálfsögðu á jafnkeypisviðskiptum. Þær vörur, sem við fengum þaðan, þóttu yfirleitt óvenju vandaðar miðað við það sem fékkst frá öðrum Austur-Evrópuríkjum, enda Tékkóslóvakía gamalgróið iðnaðarland. Eftir að samið var um það 1966 að viðskiptin yrðu framvegis í frjálsum gjaldmiðli dróst innflutningur þaðan miklu minna saman en útflutningur Íslendinga, sem sýnir að tékkneskar vörur höfðu unnið sér ákveðinn sess hér á landi. Þær vörur sem við keyptum þaðan voru einkum járn- og stálvörur, vefnaðarvara, skófatnaður, bifreiðar, vélar, gler og glervörur, pappírsvörur og sykur.

Vélar og tæki fyrir ýmsar virkjanir á Íslandi á 6. áratugnum, svo sem í rafstöðinni við Efra-Sog, voru einmitt keyptar frá Tékkóslóvakíu. Dr. Benjamín H. J. Eiríksson hefur lýst þeirri tortryggni, sem þessi viðskipti ollu meðal bandamanna okkar í vestrænu samstarfi. Dr. Benjamín segir á þessa leið:

„Á þessum árum samdi ég við Tékka um vélakaup til nokkurra virkjana, undirstöðu framfara í atvinnulífinu. Þá hitti ég bandaríska sendiherrann á förnum vegi. Hann átaldi mig fyrir þessi viðskipti við kommúnistaríki. Ég svaraði honum og sagði: Nágrannaþjóðir okkar vilja ekki kaupa af okkur fisk, en þær vilja selja okkur vélar. Tékkar bjóðast til að láta okkur hafa vélar fyrir fisk. Vélarnar eru undirstaða velmegunar okkar í framtíðinni. Viðskipti eru viðskipti. Hitt er svo annað mál að frelsi í viðskiptum varð ekki byggt upp með stórfelldum viðskiptum við jafnkeypislönd kommúnista. En þetta var sá harði veruleiki, sem við bjuggum við.“[12]

Sá samdráttur, sem varð í viðskiptunum við Tékka, var þó ekki einungis að kenna auknu viðskiptafrelsi og aukinni eftirspurn eftir vörum annars staðar frá. Hrun síldveiðanna 1967 skipti þar miklu máli en við það féllu að mestu niður kaup Tékka á síldarmjöli, og sala á frystri síld og síldarflökum minnkaði um meira en helming. Á næstu árum varð vegna þessa stöðugur halli á viðskiptunum við Tékka þar sem útflutningur þeirra til Íslands gekk fremur vel.

Samningar um viðskipti landanna voru oftast gerðir til nokkurra ára í senn og fóru viðræður fram ýmist í Prag eða Reykjavík. Undirnefndir hittust síðan árlega og drógu upp vörulista fyrir hvort land um sig. Samninganefndirnar voru á vegum ríkisstjórna landanna, en auk ráðuneytismanna áttu í íslensku nefndunum sæti fulltrúar útflutningsfyrirtækjanna, og var Árni Finnbjörnsson lengst af fulltrúi SH



Árni Finnbjörnsson upp úr 1960. Árni var fyrsti framkvæmdastjóri Vöruskiptafélagsins en 1956 var hann ráðinn til að veita forstöðu söluskrifstofu SH í Prag er þá skyldi opnuð þar í borg öðru sinni. Hann fékk þó ekki dvalarleyfi hjá Tékkunum fyrr en undir árslok 1957 að hann var gerður að íslenskum ræðismanni. Á meðan dvaldi hann í Berlín og ferðaðist austur fyrir sem verslunarerindreki hvenær sem honum bauð svo við að horfa.



Tékkar keyptu mikinn fisk af Íslendingum. Myndin er sennilega tekin 1956 þegar Jón Gunnarsson fór með nokkra tékkneska frammámenn í fiskveiðitúr. Jón er þriðji frá vinstri, dökkklæddur.

við þessa samningagerð. Oft urðu töluverð átök um tilraunir íslensku samningamannanna til að losna við af listunum vörur, sem Íslendingar kærðu sig ekki um, og fá í staðinn meira af þeim vörum, sem eftirsóttastar voru. Samt má segja að á heildina litið hafi þessi viðskipti gengið snurðulítið fyrir sig og var þeim fram haldið meðan þau voru báðum aðilum hagstæð.

Austur-Þýskaland

Freðfiskur var fyrst seldur til Austur-Þjóðverja á árinu 1952. Árið 1955 voru Austur-Þjóðverjar orðnir fjórði stærsti kaupandi okkar á freðfiski og voru í því sæti næstu fjögur árin, en árið 1960 skutust þeir upp í þriðja sæti á eftir Sovétríkjunum og Bandaríkjunum. Eftir það fór verulega að draga úr viðskiptunum.

Þessi viðskipti voru um margt sérstæð, að minnsta kosti að forminu til, þótt að öðru leyti væru þau á jafnkeypisgrunni eins og viðskiptin við önnur sósíalísk lönd. Olli þessu sú afstaða, sem Vestur-Evrópulönd höfðu komið sér saman um í upphafi árs 1950, sem sé að beita sér gegn viðurkenningu á Þýska alþýðulýðveldinu (DDR), hvort sem væri „de jure" eða „de facto". Verslunarviðskipti við Austur-Þýskaland yrðu því að fara fram fyrir atbeina einkafyrirtækja eða stofnana eins og verslunarráða, er gætu haft samband við opinbera austur-þýska aðila án þess að það fæli í sér viðurkenningu.

Þegar fyrir þennan tíma höfðu Íslendingar þreifað fyrir sér um viðskipti við hernámssvæði Rússa í Þýskalandi. Að tilhlutan Bjarna Benediktssonar utanríkisráðherra átti dr. Oddur Guðjónsson viðræður við sovésk hernámsyfirvöld í Karlshorst í ágúst 1949. Þá áraði heldur illa fyrir hvers konar samskipti enda stóð þá deilan milli vesturveldanna og Rússa sem hæst um aðgang að Berlín, og héldu hinir fyrrnefndu uppi samgöngum við borgina með „loftbrú", sem stóð þar til í júní 1949.

Þó kom fram í þessum viðræðum áhugi á viðskiptum við Ísland. Dr. Magnús Z. Sigurðsson fór til Austur-Þýskalands um haustið 1948 og aftur í febrúar 1949 á vegum Sölumiðstöðvarinnar, en ekkert kom út úr þeim viðræðum að sinni.

Opinber sendinefnd, sem send var til Vestur-Þýskalands um það leyti sem gengið var frá áðurnefndri afstöðu vesturveldanna til stofnunar DDR, lagði lykkju á leið sína til Austur-Berlínar, en ekki varð úr samningum.

Haustið 1950 beitti ríkisstjórnin sér fyrir för sendimanna frá Verslunarráði Íslands og Sambandi íslenskra samvinnufélaga til Berlínar. Af ýmsum orsökum komust sendimenn ekki þangað fyrr en í desember og þá slóst í för með þeim Magnús Z. Sigurðsson frá SH. Á árinu 1952 tókst svo dr. Magnúsi Z. að ganga frá samningi um sölu á 3.000 tonnum af frystum fiski gegn kaupum á vörum. Kaupandi var austur-þýsk ríkisstofnun, DIA Kompensation. Erfiðleikarnir við þennan samning voru þeir að fá fyrir fiskinn seljanlegar vörur. Gerði Magnús ítrekaðar tilraunir til að koma á þríhyrningsviðskiptum: selja gegnum þriðja land einhverjar þær vörur, sem Þjóðverjar buðu sem andvirði fisks. Gengu þessar tilraunir illa. Var nú sýnilegt að ef framhald ætti að verða á þessum viðskiptum yrði að stofna um þau sérstakt félag eins og þá hafði þegar verið gert í Noregi og Svíþjóð. Hafði Sölumiðstöðin forgöngu um stofnun þess ásamt Verslunarráði Íslands og SÍS, en utanríkisráðuneytið, viðskiptaráðuneytið, Landsbankinn og Fjárhagsráð áttu einnig áheyrnarfulltrúa við stofnun félagsins. Stofnendur voru SH og SÍS og Félag íslenskra stórkaupmanna og hlaut félagið nafnið Íslenska vöruskiptafélagið hf. Af hálfu SH komu þarna við sögu Elías Þorsteinsson og Finnbogi Guðmundsson í Gerðum, fyrir SÍS voru Helgi Þorsteinsson og Valgarð Ólafsson og svo Bergur G. Gíslason og Karl Þorsteins fyrir stórkaupmenn. Þessir menn skiptust á um að vera stjórnarformenn. Landsbanki Íslands tók að sér að annast yfirfærslu á greiðslum. Fyrir milligöngu FÍS urðu einnig aðilar að félaginu 66 stórkaupmenn, Félag byggingarefnakaupmanna og Félag raftækjasala.

Sala íslenskrar framleiðslu færðist líka yfir til Vöruskiptafélagsins með því að það tók að sér aðild SH að samningi þeim, sem hún hafði gert um áðurnefnda sölu á 3.000 tonnum af freðfiski og annaðist innkaupin samkvæmt honum. Fyrsti framkvæmdastjóri félagsins var Árni Finnbjörnsson viðskiptafræðingur og gegndi því starfi árin 1952-'55. Árni fór síðar til Prag á vegum SH og sá síðan í áratugi um Austur-Evrópuviðskiptin sem einn af forstöðumönnum markaðsmála SH. Sigvaldi Þorsteinsson lögfræðingur tók við starfi Árna hjá Vöruskiptafélaginu og stýrði því til 1968. Félagið hætti störfum 1973, þegar Ísland hafði opinberlega viðurkennt DDR.

Þar eð Ísland viðurkenndi ekki austur-þýska ríkið voru viðskiptin við það með nokkuð öðrum hætti en við hin sósíalísku ríkin í austri. En kannski þess vegna gefa þessi viðskipti ennþá skýrari mynd af viðskiptaandrúmslofti þessa tíma, svo gerólíkt því sem ríkjandi er nú 40 árum seinna, að það er ómaksins vert að líta nokkru nánar á þróun þessara viðskipta.

Viðskiptaráðuneytið og utanríkisráðuneytið fylgdust með samningagerð Vöruskiptafélagsins við austur-þýsk fyrirtæki og gripu með virkum hætti inn í, þegar ástæða þótti til. Þannig voru fulltrúar þeirra aðila, sem að félaginu stóðu, kvaddir til fundar í viðskiptaráðuneytinu í desember 1953 þar sem ráðuneytið lagði til að félagið leitaði eftir samningum við hin austur-þýsku stjórnvöld til eins árs í senn eins og samsvarandi félög í Noregi og Svíþjóð gerðu. Þetta gekk eftir.

Efnahagsnefnd Evrópu í Genf var á þessum tíma, eins og fram kemur í kaflanum um Sovétviðskiptin, helsti vettvangur um aukin viðskipti austurs og vesturs.



Ólafur Jónsson í Sandgerði, situr á mörkum austurs og vesturs í skiptu Þýskalandi. Hann fór margar ferðir austur yfir til að afla viðskipta, meðal annars sem fulltrúi í Síldarútvegsnefnd (SÚN). Sú saga er til af einu þessara ferðalaga að eitt sinn voru SÚN-félagar að koma frá Austur-Þýskalandi. Í því að þeir keyra yfir landamærin til Vestur-Þýskalands byrjar Gunnar Flóvenz að gantast við Hannibal Valdimarsson, rauðliðann í hópnum, og spyr ferðafélagana hvort þeim þyki ekki loftið tærara og grasið grænna að vestanverðu. Ólafur leggur þá Gunnari eftirfarandi orð í munn: „Finnst þér ekki grasið grænna/ grundin frjórri og loftið tærra."
Hannibal svarar um hæl: „Já! Er ekki allt í vestri vænna/ vífin betri og fólkið stærra."

Þar gáfust líka árlega tækifæri til viðræðna við fulltrúa Austur-Þýskalands og nýttu fulltrúar íslenska utanríkisráðuneytisins sér það óspart.

Helsti vandinn við þessi viðskipti í upphafi – og raunar aftur síðar – var að finna vörur, sem flytja mætti inn fyrir fiskafurðir. Var mjög þrýst á stjórnvöld af hálfu fiskframleiðenda að greiða fyrir þessum viðskiptum eftir megni. Árið 1955 var leitað til Ólafs Thors forsætisráðherra um stuðning í þessum málum, en hann fór einnig með sjávarútvegsmálin í þáverandi atvinnumálaráðuneyti, mál útflutningsverslunar, auk þess sem Landsmiðjan og Skipaskoðun ríkisins heyrðu undir hann. Í janúar 1956 fór forstjóri Landssmiðjunnar, Jóhannes Zoëga, á hans vegum til að kanna möguleika á skipa- og vélakaupum í Austur-Þýskalandi. Nokkrum dögum síðar fóru nokkrir kaupsýslumenn í kjölfarið og með þeim Hjálmar R. Bárðarson, skipaskoðunarstjóri, á vegum atvinnuráðuneytisins.

Niðurstaðan úr þessum áþreifingum varð sú, að þegar heim var komið var stofnað hlutafélagið DESA (Diesel Engine & Shipbuilding Agency). Forystu í þessum félagsskap höfðu Eggert Kristjánsson & Co, Vélasalan hf. og SÍS. Markmið félagsins var að hafa meðalgöngu um skipakaup frá Austur-Þýskalandi.

Í maí 1956 samdi DESA um smíði fimm stálfiskibáta, 75 rúmlestir að stærð, og voru það fyrstu skipin sem keypt voru frá Austur-Þýskalandi. Við valdatöku ríkis-



Pakkað í stórar öskjur á Evrópumarkað.

stjórnar Hermanns Jónassonar í júlí þetta sama ár voru endurvaktar hugmyndir frá dögum Nýsköpunarstjórnarinnar um stórfellda skipasmíði á vegum ríkisins. Skyldu skipin síðan afhent sveitarfélögum eða útgerðarfyrirtækjum. DESA samdi fyrir hönd ríkisins um smíði á 245-250 tonna togbátum, sem löngum voru kallaðir „tappatogararnir". Síðar samdi DESA um smíði á 40 bátum til viðbótar fyrir ýmsa aðila. Mestur hluti búnaðar í skipin (vélar, spil og fleira) var hins vegar keyptur á Vesturlöndum. Urðu því fljótlega sömu vandræðin að finna vörur í Austur-Þýskalandi til innflutnings hér heima fyrir andvirði fiskafurðanna.

Um þetta segir Karl Þorsteins, sem mjög var í forsvari fyrir félagið alla tíð og stundum stjórnarformaður:

„Fjölmargar mjög nauðsynlegar vörur fengust fyrstu árin. Smám saman minnkaði úrvalið af nauðsynjavörum og auðvitað minnkuðu viðskiptin. Viðkvæðið var oftast að þessar vörur þyrftu þeir nú sjálfir. Þetta kom sér mjög illa, þegar árum saman var búið að vinna þessar vörur inn á markað okkar, og svo fékkst allt í einu ekki neitt. Rétt er að geta þess að hingað komu aldrei Austur-Þjóðverjar að bjóða vörur eins og tíðkast í vestrænum löndum. Íslenskir innflytjendur þurftu að hafa mikið fyrir þessum viðskiptum og mjög oft að fara á kaupstefnuna í Leipzig, ef nokkur árangur átti að fást. Skriffinnskan var mikil og flýtti það ekki fyrir viðskiptum."[13]

Þessi viðskipti gengu í stórum dráttum þannig fyrir sig að Íslenska vöruskiptafélagið var eini milligönguaðilinn. Hvaða innflytjandi sem var gat þó flutt inn en varð að fá áritanir á pantanir sínar og vörureikninga hjá Vöruskiptafélaginu. Austur-Þjóðverjar lögðu hins vegar höfuðáherslu á að sjálf viðskiptin færu fram á kaupstefnunni í Leipzig, sem haldin var vor og haust, og munu um 100-150 kaupsýslumenn hafa hópast þangað þegar best lét. Fyrirtækið Kaupstefnan Reykjavík (Ísleifur Högnason og Haukur Björnsson) var umboðsaðili á Íslandi.

Raunverulegur viðskiptaáhugi Austur-Þjóðverja birtist kannski í framangreindum orðum Karls Þorsteins. Á hinn bóginn lýsir hann sér kannski líka í því að á árunum 1953-'56 ítrekar dr. Magnús Z. hvað eftir annað óánægju sína með að austur-þýski markaðurinn sé notaður til að losa sig við alls konar „rusl", innþornaðan fisk, vankantaðar blokkir, sem ekki sé hægt að selja annars staðar, og aðra mislukkaða framleiðslu. Kannski vissu forystumenn SH og SÍS betur en aðrir, að þetta var fyrst og fremst „pólitískur markaður" og notfærðu sér það fyrirtækjunum í hag?

Það sem Austur-Þjóðverjar fengu út úr þessum viðskiptum var einhvers konar „de facto" viðurkenning á tilvist ríkisins, fyrst með viðskiptunum sjálfum, síðan með stofnun verslunarsendinefndar, sem starfaði hér sem eins konar sendiráð frá því haustið 1956.

Eftir að þíðan hófst í sambúð Austurs og Vesturs 1969 endurspeglaðist hún í samskiptum Íslands og DDR. Vorið 1970 hófust viðræður milli Vestur- og Austur-Þjóðverja um bætta sambúð, sem lauk með samkomulagi um Berlín haustið 1971. En strax í mars 1971, á síðustu mánuðum Gylfa Þ. Gíslasonar í viðskiptaráðuneytinu, er þar tekið á móti fulltrúum austur-þýska viðskiptaráðuneytisins fyrir milligöngu Karls Þorsteins, stjórnarformanns Vöruskiptafélagsins. Austur-Þjóðverjar lögðu þá til að viðskiptin milli landanna yrðu framvegis í frjálsum gjaldeyri. Er sérstaklega tekið fram í orðsendingu viðskiptaráðuneytisins til utanríkisráðuneytisins um þessar viðræður að þetta sé „í fyrsta sinn, sem tekið er á móti fulltrúum Austur-Þýskalands í ráðuneytinu."[14]

Eftir að ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar tók við stjórnartaumunum í júlí sama ár tók viðskiptaráðherrann, Lúðvík Jósepsson, þennan þráð upp og fóru margvíslegar viðræður fram á milli stjórnarerindreka beggja landa á næstu árum. Þann 27. september 1972 sögðu Þjóðverjar upp samkomulagi við Íslenska vöruskiptafélagið um viðskipti. Þann 30. nóvember 1972 tilkynnti íslenska ríkisstjórnin að hún mundi viðurkenna Þýska alþýðulýðveldið fyrir áramót. Fyrri hluta desember fóru svo fram samningaviðræður á vegum viðskiptaráðherra um viðskipti landanna, sem lauk með samningi um sölu á fimm þúsund lestum af fiskimjöli og 2.000 tonnum af freðfiski til Þýska alþýðulýðveldisins. Var hann undirskrifaður 6. febrúar 1973 og mun Ísland hafa orðið til þess fyrst Atlantshafsbandalagsríkja að gera ríkjasamning við Þýska alþýðulýðveldið. Austur-Þjóðverjar fengu því áreiðanlega fyrir sinn snúð, það sem þeir voru að sækjast eftir. Íslendingar sáu þennan feril allan hins vegar í ljósi þess kreppuástands, sem hér blasti við 1953 með löndunarbanni Breta eftir útfærslu fiskveiðilögsögunnar í fjórar mílur. Áðurnefndu viðtali Karls Þorsteins í 50 ára afmælisriti Félags íslenskra stórkaupmanna er valið fyrirsögnin „Útréttar hjálparhendur í austri." Segir hún kannski í hnotskurn hversu aðkrepptir Íslendingar voru með útflutningsframleiðslu sína á þessum tíma. Og þótt viðskiptin við Austur-Þýskaland yrðu aldrei mikil að vöxtum munaði þó verulega um þau og þau eru um margt svo sérstæð að ástæða er til að rekja þau í ítarlegra máli hér en umfang þeirra beinlínis segir til um.

Holland

Talsverðar væntingar voru bundnar við Hollandsmarkað á fyrstu árunum eftir stríðið og síðan aftur um tíu árum seinna. Reynsluríkasti frammámaður SH var Guðmundur Albertsson, framkvæmdastjóri, sem verið hafði hjá Fiskimálanefnd og komið yfir til SH, þegar hún tók við starfsemi nefndarinnar. Guðmundur var



Tækjamenn slá 7 punda framleiðslu í pergamenti úr pönnu. Búið er að frysta fiskinn í pönnunni undir ákveðnum þrýstingi – hægt var að þrýsta plötunum saman og mynda þannig pressu á fiskinn – sem hentaði 7 punda pakkningunni. Níu pakkar voru í pönnunni, ætlaðir á markað í Austur-Evrópu. Í stað plötutækjanna á myndinni eru nú víðast hvar komnir frystiskápar. Nýtist þá hver einasti kuldavottur til að frysta fiskinn en með gamla laginu, þegar plötutækin stóðu með öðrum tækjum í tækjasal, var kuldanýtingin afleit. Frostið í plötunum rauk út í andrúmsloftið, þær hlóðu utan á sig klaka og afþíðing var erfið. Yfirleitt var heitum blæstri beint að tækjunum og klakinn síðan skolaður af með heitu vatni. Það var að vísu hægt að láta frystivélarnar ganga öfugt þannig að plötutækin afþíddu sig sjálf en það kostaði bras og orku. Því var „heitavatns-aðferðin" yfirleitt tekin fram yfir. Þá má ekki gleyma því að skítakuldi var alltaf hjá plötufrystunum og ekki fyrir aðra en vel klædd karlmenni að slá úr pönnunum. Við tilkomu frystiskápanna gjörbreyttist þetta, tækjamennirnir hættu að klæðast þykkum utanyfirklæðnaði, skyrtan ein dugði og þá frekar til að skýla nekt en að hún væri nauðsynleg vegna kulda.

nú sendur til Hollands og setti upp skrifstofu þar sem þjóna skyldi bæði meginlandinu og Bretlandi og sérstaklega vinna markað í Hollandi. Árangurinn varð þó lítill og var skrifstofan lögð niður 1949, eins og áður segir.

Árið 1947 voru seld til Hollands um 1.700 tonn og var sá markaður þá sá fjórði stærsti á eftir Bretlandi, Sovétríkjunum og Tékkóslóvakíu. Mest var salan til Hollands á næstu tveimur árum, 1948 og 1949, 2.500 tonn og 3.100 tonn. Má kannski segja að hún hafi verið „eftirstríðsfyrirbæri", þ.e. hafi stafað af matvælaskorti eftir stríðið. Ekki tókst að skapa tryggan markað með þessum sölum, enda var dreifikerfið afar lélegt. Á árinu 1948 seldu Hollendingar áfram 1.000 tonn af fiski til Tékkóslóvakíu og var það hreint undirboð, sem hleypti illu blóði bæði í Tékka og Íslendinga. Einnig seldu þeir 50 tonn með sama hætti til Frakklands. Innflutningur á fiski til Hollands var frjáls, en bannað að selja fisk utan sérhæfðra fiskbúða. Norðmenn sneru sér mjög ákveðið að hollenska markaðnum og reyndu strax 1949 að fá bann þetta upphafið. Það tókst þó ekki fyrr en 1953 og hófu Norðmenn þá dreifingu til matvælaverslana í smápakkningum.

Sáralítil sala var í Hollandi á vegum SH á árunum 1952-'57. 1955 voru seld 100 tonn af þorski og ýsu. En á árinu 1956 var gerður samningur um sölu á fiski SH í Hollandi við fyrirtækið Vita, Utrecht, sem hafði umráð yfir 3.000 kæliskápum í smásöluverslunum. Var þar gert ráð fyrir að framleiða í smápakkningar, 450 og 225 gramma öskjur, með áprentuðum ytri vafningum á hollensku. Á árinu 1957 voru seldar þangað 390 lestir af þorsk- og ýsuflökum. Árið 1958 seljast 540 tonn og 1959 fara þangað 926 tonn, árið 1960 1.228 tonn, 1961 1.551 tonn og 1962 1.181 tonn. Salan féll að mestu niður 1963 og alveg 1964, enda er þá verðið talið okkur óhagstætt.

Á aðalfundi SH 1959 er samþykkt að verja 5 milljónum króna til undibúnings fiskvinnsluverksmiðju og frystigeymslu í Hollandi. Á árinu 1961 var þetta mál svo langt komið að búið var að velja henni stað í Delfzijl í Hollandi og útvega lóð og fylla hana upp.

Einmitt á þessum árum var sú þróun að gerast í Vestur-Evrópu að álfan var að skiptast í tvennt í viðskiptalegu tilliti. Árið 1956 lögðu sex ríki grundvöllinn að Efnahagsbandalagi Evrópu (EBE), sameiginlegum markaði með fríverslun innbyrðis að markmiði, samtímis því sem þau reistu ytri tollmúra. Þessi ríki voru Frakkland, Vestur-Þýskaland, Ítalía, Holland, Belgía og Luxemburg. Þremur árum síðar, eða 1959, mynduðu Danmörk, Svíþjóð, Portúgal, Sviss, Austurríki og Noregur undir forystu Breta fríverslunarsvæðið EFTA. Markmið þeirra var lækkun tolla innbyrðis, en enginn ytri tollur var settur á og ekki stefnt að neins konar yfirþjóðlegri stjórn.

Sókn Íslendinga á markaði þessara landa hlaut að vera komin undir afstöðu íslenskra stjórnvalda til þessara tveggja ríkjabandalaga. Sérstaklega hlaut þetta að eiga við áformin um stofnun fiskréttaverksmiðju á meginlandinu. Á aðalfundi SH 1961 var því samþykkt að skora á ríkisstjórnina að sækja um upptöku í Efnahagsbandalag Evrópu, þótt fyllstu varúðar yrði gætt varðandi stöðu erlends fjármagns í sjávarútvegi og fiskiðnaði. Þessi mál voru mjög til umræðu á næstu árum hér á landi og reis upp víðtæk hreyfing gegn þessum áformum. Fór svo að þeim var slegið á frest þar til Ísland ákvað að sækja um inngöngu í EFTA 1970. Ytri tollmúrar Efnahagsbandalagsins girtu nær algerlega fyrir sölu til þeirra landa, þar til samkomulag náðist með „bókun 6" 1972, sem tók þó ekki gildi fyrr en deilan um útfærslu fiskveiðilögsögunnar við Ísland hafði verið til lykta leidd 1975.

Fyrir stofnun EBE hafði enginn tollur á freðfiski verið í Hollandi. Hann hækkaði svo á næstu árum til samræmingar tollum hinna EBE-landanna. Samtímis buðu Vestur-Þjóðverjar mikið magn af frystum togarafiski á lágu verði. Íslensk framleiðsla stóð því mjög höllum fæti í þessari glímu.

Verðið sem SH fékk á þessum markaði var lágt og vafalítið undir framleiðsluverði, enda voru þessar smápakkningar dýrar og tímafrekar í vinnslu. Litið var á þetta sem fórnarkostnað meðan verið væri að ná táfestu á markaðnum. Þegar Íslendingar ákváðu að verða viðskila við þá þróun efnahagsmála, sem þá var að eiga sér stað í Vestur-Evrópu, datt botninn úr þessum markaðstilraunum. Hefði þróunin orðið á hinn veginn hefði þessi sókn inn á hollenska markaðinn borið vott um mikla fyrirhyggju.

Frakkland

Nokkur sala var af freðfiski til Frakklands öll ár þessa tímabils frá stríðslokum, nema árið 1950. Árin 1945 og '46 er Frakkland í þriðja sæti sem markaðsland á



Íslenskum fiski staflað á hafnarbakka í Amsterdam árið 1946.

eftir Bretlandi og Sovétríkjunum. Fyrra árið eru flutt þangað 2.500 tonn en 3.500 tonn það síðara. Það ár var hlutur Frakklands í framleiðslu SH nærri 14% að magni. Liðu síðan margir áratugir þar til tókst að ná viðlíka stöðu á franska markaðinum. SH stóð alltaf nokkru hallari fæti en keppinauturinn SÍS á þessum markaði, enda naut SÍS gamalgróinna verslunarsambanda Sigursteins Magnússonar, sem lengi veitti skrifstofu þess forstöðu á Bretlandseyjum. Var oft nokkur samvinna þessara aðila á franska markaðnum.

Árið 1947 voru flutt þangað 1.318 tonn og árið eftir 1.735 tonn og 470 tonn af frystri faxasíld að auki. Þessi viðskipti gengu illa, þar sem frankinn féll um það leyti sem verið var að afskipa vörunni og tafði það mjög greiðslu á henni. Í október árið 1949 var gerður viðskiptasamningur við Frakkland og samkvæmt honum var Íslendingum heimilað að selja 4.500 tonn af hraðfrystum fiski til septemberloka 1950. Á þessu ári tókst þó aðeins að senda þangað 409 tonn enda höfðu þá 250 tonn af fiski af framleiðslu ársins 1948 legið þar óseld, en tókst loks að selja í ársbyrjun 1951. Hafði sá fiskur verið fluttur út án þess að frönsk innflutningsleyfi væru fyrir hendi í fullvissu þess að þau fengjust auðveldlega. Það dróst hins vegar svo lengi að væntanlegir kaupendur riftu samningum og eftir það var fiskurinn seldur tvívegis en kaupendur sviku í bæði skiptin. Loks tókst að finna kaupendur að þessari sendingu, en ekkert var flutt út til Frakklands af framleiðslu ársins 1950. Á árinu 1951 voru seld þangað 584 tonn af þorski og 40 tonn af hrognum og árið eftir 1.091,5 tonn af þorski og 24 tonn af hrognum. Í skýrslu stjórnar frá þessum tíma segir að vörukaup Íslendinga frá Frakklandi hafi mikla þýðingu en verðið á fiskinum sé þó þýðingarmest. Sölumöguleikar íslenskra aðila takmarkast af 45% innflutningstolli og leyfisveitingum. Innflytjendur verða að fá innflutnings- og gjaldeyrisleyfi, sem eru gefin út tvisvar á ári. Í byrjun árs 1953 er þar að auki sett hámarksverð á freðfiskinn og telja innflytjendur ekki lengur borga sig að flytja hann inn miðað við óbreytt kaupverð frá Íslandi. Á aðalfundi SH 1954 lýsir formaðurinn viðskiptaháttum Frakka á þessum tíma og er forvitnilegt fyrir nútíma-

menn að kynnast þeim erfiðleikum sem við var að etja í Vestur-Evrópu á þessum tíma og áttu sinn þátt í að gera viðskiptin við kommúnistaríkin eftirsóknarverð.

„Aðferðin við leyfaútgáfuna er sú að taka allan innflutning á fiski frá Norðurlöndum og bjóða út. Umsóknir um íslenskan fisk eru afgreiddar í hlutfalli við heildarinnflutninginn. Leyfishafar kaupa frystan fisk frá Íslandi en nýjan fisk frá hinum Norðurlöndunum. Verslun með ísaðan fisk er talin hagkvæmari. Íslenskum togurum er ekki heimilt að landa í Frakklandi. Með þessu fyrirkomulagi leyfa fengu allir mögulegir aðilar, er sumir vissu ekkert um sölu og meðferð fisks, innflutningsleyfi, sem giltu fyrir Ísland. Ekki nærri allir notuðu þessi leyfi heldur seldu þau til þeirra innflytjenda sem gátu notað þau. Þessu fyrirkomulagi fékkst nokkuð breytt með því að fækka þeim sem fengu leyfin og við úthlutun 1953 voru það aðeins 16 fyrirtæki, áður 40. Þó að fyrirtækin séu aðeins 16, þá eru sum þeirra alls ekki að nota að fullu sitt magn, heldur selja leyfin eða endurselja freðfiskinn til þeirra innflytjenda sem hafa betri aðstæður til þess að versla með freðfisk. Þetta er að sjálfsögðu ekki heppilegt en erfitt að breyta því."

Á þessum markaði ríkir nokkur samkeppni milli íslenskra útflytjenda, sem stjórn SH telur óheppilegt. Árið 1953 fara til Frakklands 364 tonn af þorski og 27 tonn af hrognum. Sala gekk heldur treglega þetta ár enda þótt verðið væri lækkað nokkuð. Fram að þessum tíma var innflutningur á fiski til Frakklands háður innflutnings- og gjaldeyrisleyfum og einnig verðlagsákvæðum. Fyrri hluta árs 1954 var innflutningurinn gefinn frjáls, en tollarnir jafnframt hækkaðir og námu þá samtals 60% af cif-verði. Hins vegar var lögbundið hámarksverð ekki afnumið og leiddi það af sér, að ekki var hægt að selja freðfisk til Frakklands, nema lækka verðið mjög mikið. Þann 17. apríl 1954 komu þessi ákvæði til framkvæmda en fram til þess tíma var mjög lítið flutt inn af freðfiski öðrum en íslenskum, sem byggðist á því að innflytjendur þar notuðu leyfi sín til að kaupa nýjan fisk, sem gaf þeim mun meiri hagnað.

Sölumiðstöðin taldi að við þessar aðstæður mætti búast við harðri samkeppni frá Dönum, Norðmönnum, Hollendingum, Englendingum og Þjóðverjum, sem allir hefðu mun betri aðstöðu til að nýta þennan markað. Innflytjendur eru þarna margir og smáir og leitast við að kaupa sem minnst í einu til að komast hjá geymslukostnaði og áhættu. Forráðamenn SH telja útlitið mjög dökkt um þessar mundir og vart að búast við miklum sölum til Frakklands, nema ástandið breytist verulega. Þeir reyndust sannspáir um þetta. Næstu 25 árin seldist aðeins óverulegt magn af þorskflökum til Frakklands. Viðskiptin falla þó aldrei niður með öllu. Á hverju ári er selt þangað verulegt magn af frystum þorskhrognum. Árið 1964 bættist við skötuselur, humar og fryst síld. Sum ár voru líka seld þangað þurrkuð svil. Árið 1977 bætist hörpufiskur við og loks árið 1978 fer að seljast aftur óverulegt magn af þorski og ýsu. Eftir það tekur markaðurinn fljótt við sér og árið 1980 seljast til Frakklands 600 tonn af þorski og ýsu, 1.700 tonn af ufsa og 72 tonn af karfa. Það ár tekst einnig að selja þangað 20 tonn af grálúðu. Heildarútflutningurinn það ár er nærri 3.000 tonn að magni og Frakkland komið á blað sem þýðingarmikið markaðsland, þótt enn væri hlutur þess markaðar aðeins 1,4% af verðmæti heildarútflutnings SH. Framhald þessara viðskipta er rakið í sérstökum kafla um dótturfyrirtæki SH í Frakklandi.

Frakkland hefur alltaf verið land mikilla ríkisafskipta og margs konar viðskiptahindranir gerðu mönnum erfitt fyrir að brjótast inn á markaðinn með frystan fisk. Þar við bættist að frystikeðjan byggðist þar hægar upp en í nágrannalöndunum. Þróunin til stórmarkaða með kæliborðum og frystiskápum gekk hægt og Frakkar



Huxley Ólafsson í ræðustóli á aðalfundi SH á öndverðum 7. áratugnum. Jón Árnason er fundarstjóri en við hlið hans situr Elías Þorsteinsson, formaður stjórnar SH. Á aðalfundi SH 1954 stóð Elías upp til að lýsa erfiðum viðskiptaháttum er tíðkuðust í Frakklandi.

tóku því lengi vel ófrystar vörur fram yfir frystar. Andúð á Bandaríkjunum var rík í Frakklandi og stórmarkaðir og frystivörur voru talin amerísk fyrirbæri, sem gengju gegn frönskum matarhefðum, sem enginn sannur Frakki leyfir sér að efa, að beri af matarvenjum annarra þjóða. Að öðru leyti gilti sama um Frakkland og aðrar þjóðir Efnahagsbandalags Evrópu, að þessir markaðir voru Íslendingum nær lokaðir vegna ytri tolla, þar til deilum um fiskveiðilögsöguna var lokið og „bókun 6" gat gengið í gildi.

Ítalía

Ítalir eru gamalgróin fiskveiði- og fiskneysluþjóð. Íslendingar höfðu á millistríðsárunum átt þar mikil viðskipti með saltfisk. Hálfdán Bjarnason í Genúa hafði verið umboðsmaður SÍF þar um áratugi og gerþekkti ítalska fiskmarkaðinn. Hann varð í stríðslokin umboðsmaður Sölumiðstöðvarinnar þar í landi og árið 1946 seldust þangað 1.300 tonn og var Ítalía fimmti stærsti markaðurinn það ár. Sumt af fiskinum fékkst greitt í frjálsum gjaldeyri, en sumt varð að selja gegn kaupum á ítölskum vörum. Söfnuðust brátt fyrir innstæður í ítölskum lírum, sem ekki fengust yfirfærðar. Voru þær að lokum ýmist seldar íslenskum innflytjendum eða dönskum stórfyrirtækjum. Ítalíuviðskiptin gengu illa, meðal annars vegna þess að Landsbankinn neitaði að skipta með lírur, en greiðslur var aðeins að fá í ítölskum gjaldmiðli. Sat Sölumiðstöðin uppi alllengi með stórar upphæðir í lírum. Til þess að fá þetta greitt var nauðsynlegt að kaupa vörur frá Ítalíu og var þetta ein aðalorsökin að stofnun Miðstöðvarinnar hf. Síðan þurfti að eiga innflutningsleyfi á ítölsku vörunum undir Fjárhagsráði og urðu þessi viðskipti öll því sein í svifum og tímafrek.

Íslenskir útflytjendur sóttu því fast að gerður væri viðskiptasamningur milli ríkisstjórna Íslands og Ítalíu til að greiða fyrir innflutningsleyfum þar í landi. Var frá slíkum samningi gengið snemma árs 1947 og skyldu þá líruinnstæður Íslendinga greiddar inn á sérstakan reikning í nafni Landsbanka Íslands hjá ítölsku gjaldeyrisstofnuninni og gjaldeyrisleyfi veitt viðstöðulaust fyrir vörum sem tilgreindar voru á sérstökum lista. Jafnframt áttu að geta átt sér stað viðskipti í frjálsum gjaldeyri.

Þótt samkomulag þetta fæli ekki í sér ákvæði um jafnvirðiskaup, bárust á næstu árum stöðugar kvartanir frá ítölskum stjórnvöldum um að Íslendingar keyptu of lítið þaðan. Gerðu þau íslenskum útflytjendum oft erfitt fyrir með veitingu innflutningsleyfa fyrir íslenskar afurðir. Árið 1953 kröfðust Ítalir að gerður yrði nýr samningur með ákveðnum kvótatölum fyrir íslenskar útflutningsvörur. Tókst enn að ná frjálslegri samningi, en fljótlega kom í ljós að viðskiptajöfnuður landanna hélst enn óhagstæður fyrir Ítali. Árið 1955 kvörtuðu Ítalir enn yfir því að innflutningur frá Íslandi væri algerlega frjáls á Ítalíu á sama tíma og ítalskar vörur væru háðar innflutningsleyfum hér. Náðist þá samkomulag þar sem íslensk stjórnvöld lofuðu að greiða fyrir innflutningi á tilteknum vörum frá Ítalíu. Viðskiptasamningur milli ríkjanna var ekki framlengdur eftir 1959 og viðskipti eftir það hafa verið á grundvelli frjálsra gjaldeyrisviðskipta.

Eins og áður er sagt var Hálfdán Bjarnason öllum hnútum kunnugur á ítalska fiskmarkaðnum og var það strax ljóst að fyrir hraðfrystan fisk þyrfti annað og öðruvísi dreifikerfi en fyrir saltfisk og ferskan fisk. Voru uppi ýmsar ráðagerðir um þátttöku Sölumiðstöðvarinnar í slíku dreifikerfi með allt að 40% eignarhlutdeild eins og rakið hefur verið hér að framan, en ekkert varð úr þeim ráðagerðum og Ítalía varð aldrei stórmarkaður fyrir frystan fisk.

Strax árið 1947 féll salan niður í 271 tonn, enn niður í 3,4 tonn 1948. Það ár seldust þangað hins vegar rúm 800 tonn af söltuðum þunnildum og var Ítalía lengi mikilvægur markaður fyrir þá vöru. Næstu tvö árin seljast þangað rúm 100 tonn af frystum fiski hvort ár og á árinu 1951 fer það magn niður í 56 tonn. Ekkert seldist af frystum fiski til Ítalíu árið 1952, en næsta ár er ráðgert að senda þangað 25 tonn upp í andvirði epla, sem þegar hafa verið keypt þaðan. Ekki sést þó að af því hafi orðið í útflutningsskýrslum SH, en það ár seljast 1.100 tonn af þunnildum. Um þetta leyti (1954) eru innflytjendur á Ítalíu að mynda með sér innkaupasamband og gerir það illmögulegt að semja um fasta sölu á þunnildunum. Þó seljast það ár 1.283 tonn og 1955 tæp 1.800 tonn. Allt til ársins 1967 er nálega ekkert selt til Ítalíu nema þessi söltuðu þunnildi og leikur salan á bilinu frá nokkur hundruð tonnum upp í 2.400 tonn þegar best lætur. Síðan 1967 hefur nokkur markaður verið á Ítalíu fyrir humar og skötusel. Árið 1970 seldust þangað til dæmis 224 tonn af humri og 63 tonn af skötusel.

Árið 1980 eru seld þangað 56,5 tonn af humri og 12,5 tonn af heilfrystum þorski. Stundum hefur selst þangað nokkuð af karfa og ufsa. Árið 1984 eru seld þangað 10 tonn af humri.

Við stofnun skrifstofu í Þýskalandi færðust viðskiptin við Ítalíu undir hana.

Sviss

Svissneska lýðveldið var að mörgu leyti kjörinn markaður fyrir frystan fisk, enda var almenn kaupgeta óvíða meiri. Hins vegar var fiskneysla þar fremur lítil. Raunar var það svo um alla Mið-Evrópu, að það þurfti að yfirvinna nokkra tregðu neytenda. Reynsla þeirra af „ferskum“ fiski var sú að hann lyktaði sterkt og annað töldu þeir óeðlilegt. Oft var spurt hvort frysti fiskurinn hefði verið meðhöndlaður með kemískum efnum, úr því hann var hvítur og lyktarlaus.

Norðmenn höfðu strax fyrir stríð átt þarna góð viðskiptasambönd með ferskan fisk. Þeir gerðu Sviss að prófsteini á það, hvernig hægt væri að þróa markað fyrir frystan fisk. Það voru ýmis ljón á veginum. Frystigeymslur voru fyrir hendi en lengra náði frystikeðjan ekki.



Jón Gunnarsson og Hálfdán Bjarnason, umboðsmaður SH á Ítalíu, fyrir framan dómkirkjuna í Mílanó seint á 6. áratugnum.

Strax um haustið 1946 veittu Norðmenn einum aðila einkarétt á sölu á frystum fiski og urðu um leið við kröfum hans um að þeir tryggðu jafnt og stöðugt framboð, stöðluð gæði og – síðast en ekki síst: að verðið mundi undir engum kringumstæðum verða fyrir þrýstingi og undirboðum frá keppinautum Norska útflutningsráðið fyrir frosinn fisk fjármagnaði kaup á 100-200 kæliborðum, sem hvert um sig tók 100 kíló og koma skyldi fyrir í smásöluverslunum. En þá ráku menn sig á að svissnesk lög kváðu á um það, að fiskur skyldi eingöngu vera til sölu í sérstökum fiskbúðum. Tók heils árs baráttu að fá lögum þessum breytt í svissneska þinginu.

Eftir lagabreytinguna þróaðist frystikeðjan með undraverðum hraða. Á örfáum næstu árum hafði þúsundum frystiborða verið komið fyrir um landið allt. Þetta var kröfuharðasti markaðurinn, sem Norðmenn þjónuðu og gegndi svipuðu hlutverki fyrir þá og bandaríkjamarkaður fyrir Íslendinga. Þar riðu þeir á vaðið með ýmsar nýjungar, svo sem djúpfrystar pundseiningar í pappaöskjum og verksmiðjuframleidda fiskstauta, sem þeir unnu heima í Noregi. Fiskneysla í Sviss þrefaldaðist á 10 árum, en það reyndist þó fyrst og fremst koma Dönum til góða. Bæði hráefnis- og flutningskostnaður þeirra var mun lægri en Norðmanna.

Það var því ekki að undra að Íslendingar ættu erfitt uppdráttar á svissneska markaðnum. Fyrstu sölur þangað eru á árinu 1948, þegar tekst að selja 47,3 tonn og næstu tvö ár eru seld þangað 222 tonn og 50 tonn. Salan 1948 er vöruskiptaverslun, sem fer fram gegnum heildverslun Árna Jónssonar, og er fiskurinn í 1 punds öskjum, sellófanvafinn. Svissnesk stjórnvöld settu þau skilyrði fyrir þessum viðskiptum, að keyptar vörur væru einungis svissneskar og 50% vefnaðarvara og 30% úr og klukkur.

Á aðalfundinum 1949 kveður formaður SH miklar vonir bundnar við svissneska markaðinn, enda er þá þegar búið að senda þangað nær fimmfalt magn ársins á undan. Kaupmáttur fólks sé þarna mikill og örugglega megi segja að þarna séu bestu skilyrði í Evrópu til dreifingar, þar sem tiltölulega margar verslanir hafi kæliskápa og fari þeim ört fjölgandi. Megi vissulega gera ráð fyrir því að svissneski markaðurinn verði í framtíðinni mjög þýðingarmikill fyrir SH.



Stúlka í íslensku frystihúsi snyrtir flak. Svisslendingar voru því vanastir að nýr fiskur lyktaði og væri jafnvel byrjaður að gulna. Því var ekki laust við að þeim þætti hinn fallega hvíti og lyktarlausi fiskur frá Íslandi tortryggilegur.

Þessar vonir eru hins vegar brostnar á aðalfundinum 1950, án þess að frekari grein sé gerð fyrir því. Síðan er hlé til ársins 1955, en þá eru seld 2 tonn af karfaflökum í pundsöskjum. Um þetta leyti eiga ýmsar áþreifingar sér stað um heppilega umboðsmenn í Sviss, en leiða ekki til neinnar niðurstöðu. Eins og áður er sagt var staða annarra þjóða sterk á markaðnum. Íslendingar voru aldrei tilbúnir til að fara í verðstríð til að ná mörkuðum með undirboðum. Var enda sjaldnast brýn nauðsyn fyrir hendi, sem knýði á um markaðssókn með þeim hætti, meðan bandarískur og sovéskur markaðurinn voru tilbúnir til að taka við megninu af framleiðslu Íslendinga. Hér heima var lítill áhugi á að pakka í smápakkningar, enda leyfði efnahagsstefna stjórnvalda það naumast. Eftir 1960 er oftast eitthvað selt til Sviss á hverju ári. Er það fyrst og fremst þykkvalúra, humar, skötuselur, rækja, hörpufiskur, skarkoli, sólkoli og grálúða. Einstaka sinnum selst smámagn af þorski,

ýsu og karfa. Töluverðar sveiflur eru í þessum sölum, magnið oftast á milli 20 og 100 tonn.

Pólland

Íslendingar höfðu átt nokkur viðskipti við Pólland fyrir heimsstyrjöldina og Fiskimálanefnd gert misheppnaða tilraun til að selja þangað freðfisk.

Eftir heimsstyrjöldina var hafist handa um að endurvekja þessi viðskiptasambönd. Af hálfu nýsköpunarstjórnarinnar fóru þeir Pétur Benediktsson sendiherra og Einar Olgeirsson, alþingismaður og varaformaður Nýbyggingarráðs, til Póllands í september-október 1945 að ræða viðskipti við stjórnvöld. Sumarið eftir fóru Ársæll Sigurðsson og Helgi Zoëga á vegum Áka Jakobssonar atvinnumálaráðherra að kanna markaðsmöguleika. Pétur Benediktsson fór svo til Varsjár í september 1946 til að afhenda trúnaðarbréf sitt sem sendiherra og ganga frá viðskiptasamningi. Hafði hann gert ráð fyrir 10 daga dvöl í landinu en hún varð þrír mánuðir. Ársæll og Helgi voru þarna ennþá og höfðu tekið upp viðræður við pólsk stjórnvöld um að Íslendingar aðstoðuðu við að byggja upp dreifikerfi frystivöru í landinu. Ólafur Þórðarson framkvæmdastjóri Jökla, sem þá dvaldi í Svíþjóð til að fylgjast með smíði fyrsta kæliskipsins fyrir félagið, kom inn í þessar viðræður. Rætt var um að stofna íslenskt-pólskt verslunarfélag með þátttöku SH og Miðstöðvarinnar hf. annars vegar og útgerðarfyrirtækisins Dalmor í Gdynia og Centrala Rybna, fiskimiðstöðvar pólsku stjórnarinnar, hins vegar. Mikill vandræðagangur var á þessum viðræðum og virtist Pólverjum engan veginn ljóst hvað fyrir þeim sjálfum vakti með þeim. Hvorki varð úr aðstoð Íslendinga við uppbyggingu dreifikerfis frystivara né fyrrnefndri félagsstofnun og það var ekki fyrr en með viðskiptasamningi 1949, að tókst að ná sölu á frystum fiskflökum og frystri síld til Póllands. Var afskipað þangað 1.000 tonnum af þorskflökum ásamt 500 tonnum af faxasíld í tvennu lagi síðast á árinu 1949 og í byrjun árs 1950 og líkaði hvort tveggja vel. Dr. Magnús Z. Sigurðsson fylgdi þessum málum eftir með för til Póllands í byrjun janúar og kom í ljós að Pólverjar voru tilbúnir til að kaupa 750 tonn af flökum til viðbótar með ákveðnum skilyrðum.

Hér heima kom í ljós að Fjárhagsráð gat ekki fallist á þá völuflokka sem Pólverjar vildu láta af hendi fyrir andvirði fisksins og tafðist málið svo, að aðeins náðust samningar um 250 tonn af flökum. Þannig þurfti SH á þessum árum að berjast á tvennum vígstöðvum, heima og erlendis, til að koma á sölum innan þeirra jafnkeypissamninga, sem ríkisvaldið sá um að gera. Árið 1950 voru seld til Póllands 392 tonn af flökum og 760 tonn af frystri síld og árið eftir 1.304 tonn af þorskflökum. Árið 1952 seldist ekkert af fiski þangað enda þótt viðskiptasamningur gerði ráð fyrir möguleika á sölu á 1.000 lestum en hins vegar seldust 1.340 tonn af frystri Faxasíld.

Enn keyptu Pólverjar frysta Faxaflóa-vorsíld á árinu 1953 og nam útflutningurinn 1.120 lestum. Kaupendur kvörtuðu sáran um að síldin væri ekki samkvæmt samningi og gerðu kröfur um mjög háar skaðabætur. Ólafur Jónsson í Sandgerði og dr. Magnús Z. Sigurðsson fóru til Póllands með þeim árangri að Pólverjar féllu frá öllum kröfum um skaðabætur og pöntuðu meiri síld, en þá var veiðin búin.

Árið eftir seldi SH 635 tonn af Faxaflóasíld upp í 1.500 tonna samning, sem gerður hafði verið í júlí. Kaupendur hótuðu þá málssókn fyrir vanefndir og enn þurfti dr. Magnús Z. að taka sér ferð á hendur og enn tókst honum að fá kaupendur til að falla frá skaðabótakröfu.



Magnús Z. á erlendum hafnarbakka.

Árið 1955 eru seldar 2.500 lestir af síld til Póllands og er hlutur SH 1.888 lest. 1956 seljast 2.463 lestir og hlutur SH 1.521 lest. Á árinu 1957 hafði verið samið um sölu á 400 lestum af frystri vorsíld og var það magn afgreitt. Tilraunir höfðu hafist nokkru fyrr með þessar veiðar og byggðust þær á þessum sölum til Póllands. Þurfti síldin að vera að mestu leyti með sviljum og hrognum, eða um 70% full eins og það var kallað. Þegar skoðunarmenn kaupenda komu til þess að taka út þessa síld komu í ljós alvarlegar skemmdir og gallar, sem stöfuðu af svokallaðri sjálfsmeltingu (autolysu) og varð að gefa 12% afslátt af verðinu. Var brugðist við þessu með aukafundi í SH í lok júlí, þar sem menn urðu sammála um að útbúa þyrfti bátana á sérstakan hátt, ísa síldina og bæta alla meðferð hennar. Einnig tókust samningar við Pólverja um kaup á haustsíld og varð síldarútflutningurinn þetta ár 1.418 tonn. Árið 1959 kaupa Pólverjar 330 tonn af karfaflökum og rúm 1.400 tonn af frystri síld. 1960 1.830 tonn af frystri síld, 1961 3.000 tonn, 1962 1.807 tonn, 1963 1.428 tonn og er það þá 5,3% af heildarútflutningi SH. Má af því sjá að þessi viðskipti við Pólland skiptu SH verulegu máli. Árið 1964 eru Pólverjum seld 3.323 tonn af freðsíld, 1965 2.925 tonn og 1966 3.536 tonn. Kaupandi frystu síldarinnar frá Íslandi var innkaupafyrirtækið „Animex".

Í viðræðum í Reykjavík í nóvember 1965 lögðu Pólverjar til, eins og þeir höfðu gert áður, að hætt yrði við jafnkeypistilhögunina í viðskiptum landanna og þau færð á grundvöll frjáls gjaldeyris. (Pólland var nú orðið aðili að GATT). Fulltrúar íslensku ríkisstjórnarinnar voru mótfallnir þessari breytingu vegna útflutningshagsmuna. Einkum höfðu menn áhyggjur af því að saltsíldarkaup Pólverja mundu falla niður ef kvótakerfið hyrfi úr sögunni, en saltsíld og fiskimjöl voru uppistaðan í viðskiptunum við Pólland. Á pólska vörulistann bættist nú liður fyrir dráttarbrautir.

Á samningstímabilinu 1965-'66 var samið um talsverð kaup í Póllandi á dráttarbrautum og öðrum tækjum til skipasmíðastöðva með sérstökum lánskjörum.[15]

Með samningnum 1967 færðust viðskiptin á grundvöll frjáls gjaldeyris að ósk Pólverja og hófust greiðsluskipti í frjálsum gjaldeyri við Pólland 1. janúar 1967. (Við Tékkóslóvakíu hófust slík greiðsluskipti 1. okt 1966).

Í bók Péturs Thorsteinssonar segir um þessa breytingu á viðskiptaháttum landanna:

„Um 25-30% samdráttur varð á Póllandsviðskiptunum árin 1967-1969 miðað við 1965-'66. Átti það rót sína að rekja annars vegar til síldaraflabrestsins á þessum árum og hins vegar til minni innflutnings á timbri, járni og stáli, sem m.a. var afleiðing af almennum efnahagserfiðleikum á Íslandi. Auk þess fór notkun kola á Íslandi stöðugt minnkandi."[16]

Síldaraflabresturinn átti þarna vissulega hlut að máli, eins og glöggt má sjá í skýrslum SH árin þarna á eftir. Á næstu fimm árum fellur heildarútflutningur freðsíldar ár frá ári. Árið 1966 er hann 26.000 tonn, '67 15.500 tonn, '68 4.717 tonn, '69 1.000 tonn. Árið 1970 er þessi útflutningur kominn niður í 5 tonn.

Frá sjónarhóli forráðamanna hraðfrystihúsanna litu þessi mál öðruvísi út en hjá stjórnarerindrekunum. Í skýrslu stjórnar til aðalfundar 1967 segir á þessa leið:

„Eins og sjá má hafa Austur-Evrópuríki verið aðalkaupendur heilfrystrar síldar og hefur svo verið í fjölda ára. Viðskipti þessi og hagstætt verðlag fyrir afurðirnar hafa byggst á jafnvirðiskaupasamningum (clearing). Af hálfu íslenskra stjórnvalda hefur markvisst verið unnið að því að afnema þetta viðskiptafyrirkomulag í viðskiptum Íslands við fyrrgreind lönd. Sem fyrr er frá greint er búið að koma á frjálsagjaldeyrisviðskiptum við Tékkóslóvakíu og Pólland og er neikvæðra áhrifa á útflutning frystra sjávarafurða frá Íslandi til þessara landa þegar farið að gæta." Einnig er þar vitnað til samþykktar framhaldsaukafundar SH frá 12. janúar 1967, sem „átelur að ekki hafa verið endurnýjaðir vöruskiptasamningar í því formi sem þeir áður voru við Pólland og Tékkóslóvakíu, það er á jafnvirðiskaupagrundvelli með ákveðnum vörum. Telur fundurinn að unnt hefði verið að ná viðskiptasamningum á óbreyttum grundvelli.

Þessi lönd hafa verið meðal helstu kaupenda að freðsíld frá Íslandi og hefir nú komið í ljós, að ekki reynist unnt að selja þeim nema brot af því magni, er þau áður keyptu af freðsíld, og mun breyttu viðskiptafyrirkomulagi aðallega um að kenna.

Afleiðing af þessu er að frystihúsin hafa nú neyðst til að hætta frystingu á síld."

Mikill samdráttur varð í útflutningi hraðfrystrar síldar 1967. En til viðbótar þeim þáttum, sem að ofan hafa verið raktir, kom að framboð var mikið á mörkuðum og erfitt um sölur á viðunandi verði. Á aðalfundinum 1968 kom fram að útflutningurinn minnkaði um 43% að magni á árinu áður og 46% að verðmæti. Kaupendur eins og Pólland og Rúmenía eru horfnir og aðrar Austur-Evrópuþjóðir kaupa stöðugt minna. Markaðsmöguleikar fyrir hraðfrysta síld virðast ótryggir og hefur samdrátturinn komið harkalega niður á rekstri og afkomu margra hraðfrystihúsa, sérstaklega á Suðvestur-landi. Hitt sáu menn eðlilega ekki fyrir að norsk-íslenski síldarstofninn hafði hrunið og missir þessara markaða þar af leiðandi ekki jafnalvarlegur og menn héldu á þessum tíma.

Árin 1968-'71 seldist ekkert af afurðum SH til Póllands.

Í viðræðum milli viðskiptanefnda landanna í Varsjá í september 1970 var samið um smíði á tveimur togurum og gert ráð fyrir smíði tveggja togara í viðbót. Nefndirnar létu í ljós ánægju yfir verulegum bata framundan í viðskiptum landanna.

Hins vegar vænkaðist hagur strympu lítið við þetta, að minnsta kosti hvað snerti

útflutning á afurðum frystiiðnaðarins. Á árinu 1972 eru seld til Póllands 33 tonn af frystum ufsaflökum og árið eftir fer það magn upp í 200 tonn. Þar með var settur punktur aftan við viðskipti SH við Pólland.

Ísrael

Strax að lokinni styrjöldinni voru íslenskar afurðir seldar til Palestínu, einkum síldarmjöl og lýsi. Róstusamt var á þessum slóðum og leitaði allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna lausnar með skiptingu landsins milli Gyðinga og Araba í nóvember 1947. Þann 14. maí 1948 var lýst yfir stofnun Ísraelsríkis. Hófst þá ófriður við Araba, sem lauk ekki fyrr en í janúar 1949. Í mars það ár fór dr. Magnús Z. Sigurðsson til Ísraels á vegum SH og dvaldi þar um mánaðartíma við markaðsathuganir. Um þetta leyti mun Fritz Naschitz hafa tekið að sér umboð fyrir SH. Hann varð jafnframt ræðismaður Íslands 1950 og aðalræðismaður 1952.

Á árinu 1947 höfðu selst til Ísraels þrjú tonn af freðfiski en 135 tonn 1948. Sennilega hefði verið hægt að selja þangað meira magn, hefði tekist að fá hentugt skip til að flytja fiskinn, en þess í stað varð að umskipa honum í Kaupmannahöfn með miklum kostnaði og erfiðleikum.

Á árinu 1950 tekur salan til Ísrels stóran kipp og eru þá seld þangað 1.706 tonn. Sumt fékkst greitt í sterlingspundum en meirihlutinn seldist í beinum vöruskiptum, eða í svonefndum þríhyrningsviðskiptum. Nú kom það sér vel að eiga aðgang að kæliskipi Jökla hf. Að öðrum kosti hefði lítið orðið úr þessum sölum.

Meðal vara sem fluttar voru inn frá Ísrael voru amerískar Kaiser-bifreiðar, sem settar voru saman þar í landi.

Á árinu 1952 fór þriggja manna nefnd til Ísraels til að huga að innkaupamöguleikum þar. Í þeirri nefnd voru fulltrúar frá Vöruskiptafélaginu og Miðstöðinni hf., þeir Bergur G. Gíslason og Vilberg Skarphéðinsson. Dr. Magnús Z. Sigurðsson átti sæti í viðræðunefnd, sem á árinu 1953 gekk frá vöruskipta- og greiðslusamningi við Ísraelsstjórn. Voru einkum keyptir þaðan ávextir, hjólbarðar, vefnaðarvörur, nælonsokkar, fatnaður o. fl. Þessi samningur var endurnýjaður árlega til 1960. Var þá gerður nýr samningur um greiðslur í frjálsum gjaldeyri. Eftir það dró mjög úr viðskiptum landanna, einkum á freðfiski sem ekki reyndist samkeppnisfær í verði við freðfisk frá Danmörku, Noregi og Þýskalandi.

Árið 1951 eru seld 2.261 tonn til Ísraels, mest þorskur en einnig nokkuð af karfa og ufsa. 1952 2.358 tonn, þar af 1.412 tonn karfi. 1953 84 tonn, mest ufsi. 1954 1.200 tonn, þar af ríflega helmingur karfi. 1955 1.254 tonn, þorskur og ufsi til helminga. 1956 720 tonn, mest ufsi. 1957 seldist einn Vatnajökulsfarmur, 656 tonn af ufsa, pergamentvöfðum. 1959 919 tonn ufsi. Eftir 1960 fer verulega að draga úr þessum viðskiptum. Þó eru á hverju ári seld þangað nokkur hundruð tonn af ufsa, síld í öskjum og karfa, sum árin telst salan þó aðeins í nokkrum tugum tonna. Eftir 1970 er salan mjög lítilfjörleg og dettur alveg niður sum árin.

Austurríki

Á árinu 1949 tókust samningar um sölu á 1.000 tonnum af þorskflökum til Austurríkis. Um 100 tonn af því magni féllu í hlut SÍS-húsanna. Dr. Magnús Z. Sigurðsson hafði unnið mikið starf að undirbúningi samninga og var í sendinefnd á vegum ríkisins snemma á árinu 1949, sem fór til Vínar til að kanna þar vörurframboð og verð og athuga hvort ástæða væri til að gera ríkjasamning um viðskipti.



Skip Jökla, Vatnajökull og Drangajökull, liggja við bryggju. Þótt ekki væru þau stór sigldu þau engu að síður alla leið til Ísraels með íslenskan freðfisk. Sumarið 1951 fór Vatnajökull fjórðu ferð sína, fullhlaðinn fiski, til Haifa. Vafalaust hefði ekkert orðið úr viðskiptum SH við Ísrael á þessum árum ef félagið hefði ekki notið Jökla. Ekkert annað íslenskt skipafélag var á þeim tíma fáanlegt til að leggja skip sín í þessa löngu siglingu.

Nefndin taldi ekki ástæðu til þess að svo komnu máli. Viðskiptin áttu að fara fram á vöruskiptagrundvelli og átti Miðstöðin hf. að sjá um innkaup á vörunum, sem keyptar skyldu fyrir fiskinn. Afgreiðsla þessara mála gekk mjög treglega af hendi innflutningsyfirvalda hér heima. Hafði upphaflega verið gert ráð fyrir að austurrísku vörurnar væru komnar hingað, áður en fiskurinn yrði sendur út, og hefði þá verið hægt að greiða fiskinn skömmu eftir afhendingu. Austurríkskir kaupendur höfðu lagt til í tæka tíð schillinga til að kaupa þessar vörur fyrir. En þar sem erfiðlega gekk að fá samþykki íslenskra yfirvalda fyrir þeim vöruflokkum, sem fáanlegir voru í Austurríki, dróst mjög að innkaupin gætu hafist og varð því mikill dráttur á greiðslum til húsanna.

Viðskiptin við Austurríki jukust þó enn árið eftir þrátt fyrir alla erfiðleika. Þá flutti SH þangað 1.813 tonn í vöruskiptum. Enn er í skýrslu stjórnar kvartað yfir því að þessi viðskipti gangi verr en við var búist og þá fyrst og fremst vegna erfiðleika hér heima fyrir. Dráttur er á innflutningsleyfum fyrir austurrísku vörunum, Landsbankinn er tregur til að koma inn í viðskipti með hinn austurríska gjaldmiðil, vörurnar, sem keyptar eru, þykja dýrar og sala á þeim er treg.

Árið eftir lýsa Austurríkismenn yfir vilja til að kaupa aftur 2.000 tonn, en ekkert verður úr viðskiptum og er viðhorfi Landsbankans kennt um. Telur stjórn SH mjög bagalegt að ekki skuli hægt að hagnýta þennan markað, sem hafi unnist með ærnum tilkostnaði og vitað sé að geti orðið einn af betri mörkuðum fyrir íslenskan fisk. Tókst sala svo ekki fyrr en seinni hluta árs 1952 eftir að gerður hafði verið viðskiptasamningur milli landanna, en þá voru seld þangað 500 tonn. Austurríki var meðlimur í greiðslubandalagi Evrópu en freðfisksalan var þó bundin skilyrði um vöruskipti. Nú var hins vegar orðin eftirspurn eftir vörum frá Austurríki, svo að þetta var ekki talið koma að sök. Reiknað hafði verið með að unnt yrði að selja til Austurríkis 500 lestir til viðbótar af framleiðslu ársins 1952. Úr þessari sölu varð ekki. Kaupendum gekk illa að selja fiskinn, það komu margar kvartanir yfir honum og varð SH að bæta úr þeim með því að senda 10 smálestir af fiski endurgjaldslaust sem uppbót.

Í tímaritinu Pacific Fishing, marshefti 1982, segir Pálmi Ingvarsson, fyrrum sölustjóri Coldwater, í grein, sem hann skrifar í blaðið um gæðamál: „Herferð Íslendinga fyrir auknum gæðum frysta fisksins hófst árið 1952, þegar fimm hundruð tonna skipsfarmi til Austurríkis var hafnað í heilu lagi af kaupendum. Það varð uppi fótur og fit á Íslandi og nefnd komið á laggirnar til að skoða allar aðstæður í fiskiðnaðinum. Upp úr því starfi spruttu fyrstu framleiðslustaðlarnir, bæði fyrir báta og vinnslufyrirtækin."

Af framleiðslu 1953 voru seld aðeins 20 tonn til Austurríkis. Ástæðan fyrir því er fyrst og fremst talin sú að kaupendur þar vilji ekki greiða nógu hátt verð. Á þessu ári takast líka samningar við Sovétríkin og freðfisksölur til annarra Austur-Evrópuríkja nær tvöfaldast. Var þá þörfin fyrir markaði í Mið-Evrópu ekki jafnbrýn og áður.

Vorið 1955 segir í skýrslu stjórnar að engin sala hafi tekist til Austurríkis síðan seint á árinu 1952. Stöðugar samningsumleitanir hafi þó farið fram allan þennan tíma og dr. Magnús Z. Sigurðsson er þá nýbúinn að vera í Vín þeirra erinda. Nú hefur fiskinnflutningur verið gefinn frjáls en fellur undir hámarks verðlagsákvæði. Næst því ekki samkomulag um verð. Um þetta leyti koma V-Þjóðverjar líka inn á markaðinn með ódýran freðfisk, sem hjá þeim var afgangsframleiðsla og enginn gat keppt við í verði. Eftir þetta virðist Austurríki gefið upp á bátinn, sem markaður fyrir íslenskan freðfisk.

Samkeppni og samráð við Norðmenn

Það liggur í hlutarins eðli að viðskipti Íslendinga við Norðmenn með fiskafurðir hafa alltaf verið í lágmarki. Þeir hafa miklu fremur verið keppinautar okkar bæði á saltfiskmörkuðum og freðfiskmörkuðum og stundum á fiskimiðum. Tilfinningar Íslendinga gagnvart Norðmönnum hafa því löngum verið blendnar. Annars vegar finnum við til skyldleika við þá, einkum þann hluta Noregs, sem enn fæst við útgerð og sjósókn. Hins vegar hljóta hagsmunir þessara tveggja þjóða við Norður-Atlantshaf oft að rekast á.


Útþenslustefna Norðmanna í Norðurhöfum

Mestalla 19. öldina voru Norðmenn í konungssambandi við Svíþjóð. Þegar á þeim tíma urðu norskir landkönnuðir, eins og Nansen og Amundsen, heimskunnir fyrir afrek sín á norðurslóðum og síðar á Suðurheimskautinu. Eftir að Noregur varð sjálfstætt ríki 1907 fylgdu stjórnvöld landkönnuðunum fast eftir með landakröfum, hvarvetna sem landkönnuðirnir höfðu stungið niður norska flagginu, ráku markvissa útþenslustefnu, sem var fyllilega í takt við þá heimsvaldastefnu, sem þá setti svip sinn á heiminn. Frá 1907 til 1920 höfðu Norðmenn forgöngu um fimm alþjóðlegar ráðstefnur sem að lokum leiddu til Svalbarðasáttmálans, sem gaf Norðmönnum yfirburðastöðu og forræði á Barentshafssvæðinu. Þeir hafa alltaf staðið fast um réttarstöðu Jan Mayens sem norsks yfirráðasvæðis. Jafnframt helguðu þeir sér mikil flæmi á Suðurskautinu og fylgdu því eftir með útgerð stórra hvalveiðiflota þar. Svo langt gengu þeir að þeir hernámu hluta Austur-Grænlands 1929, en töpuðu því landsvæði aftur í hendur Dönum eftir málarekstur fyrir Alþjóðadómstólnum í Haag.

Jafnframt þessu létu einstakir athafnamenn til sín taka utan landsteinanna, hvarvetna sem þeir eygðu tækifæri. Á sjöunda tug 19. aldar eru norskir athafnamenn komnir til Íslands til veiða á síld í landnót og bera nokkrir bæir á Austfjörðum enn svipmót þeirra. Um aldamótin koma Norðmenn hingað með reknetin, sem gerðu síldveiðarnar miklu stöðugri en áður, og litlu síðar komu þeir svo með ameríska nýjung, sem enn jók á afköst við veiðarnar, herpinótina. Norðmenn lögðu líka grunn að íslenskum síldariðnaði með stofnun síldarbræðslna. Þeir komu því vissulega inn í íslenskt atvinnulíf með fjármagn, þekkingu og tækni, þótt landinn sæi eftir þeim gróða, sem fluttur var úr landi.

Um sama leyti náðu Norðmenn yfirburðum við hvalveiðar með uppfinningu Svens Foyn á hvalskutulbyssunni. Frá 1883 til 1915 ráku þeir hér umfangsmiklar hvalveiðar og tæknivæddar hvalvinnslustöðvar, fyrst frá Vestfjörðum, en síðan Austfjörðum. Höfðu þeir þá gengið svo nærri hvalastofnunum í Norðurhöfum, að Íslendingar bönnuðu hvalveiðar með öllu. Fluttu Norðmenn sig þá til Suður-Afríku, og síðar til Suðurskautslandsins.

Leiðir Norðmanna og Íslendinga höfðu því víða legið saman og misjafnlega farið á með þeim næstu áratugina á undan heimsstyrjöldinni síðari. Þegar Þjóðverjar hernámu Noreg áttu Norðmenn óskipta samúð íslensku þjóðarinnar og vöktu aðdáun hennar fyrir hetjulega baráttu. Norskar herdeildir voru staðsettar hér og flugmaðurinn og skáldið Nordal Grieg varð íslensk þjóðhetja, er Þjóðverjar skutu niður flugvél hans undir lok stríðsins.



Klaus Sunnanå. Hann átti að tala máli Norðmanna á Íslandi og undirbúa jarðveginn fyrir samvinnu þessara tveggja þjóða á sviði fiskveiða og fiskvinnslu er átti að hefjast strax að loknu stríðinu.

Norskur gestur

Það er í þessu andrúmslofti, sem til Reykjavíkur kemur norskur gestur í september 1943. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna er þá í þann veginn að skilja starfsemi sína frá starfi hinnar ríkisreknu Fiskimálanefndar og flytja út úr húsnæði hennar í eigið húsnæði á efri hæð Slippfélagshússins við Mýrargötu þegar að garði ber óvæntan gest frá Bretlandi. Klaus Sunnanå hafði verið framkvæmdastjóri Norges Fiskarlag fyrir stríð, en starfaði um þessar mundir hjá norsku útlagastjórninni í London sem fulltrúi í ráðuneyti birgðamála og viðreisnar. Eftir stríðið varð hann fiskimálastjóri Noregs. Fulltrúanum hafði verið falið mikilvægt verkefni á hendur. Norðmenn vildu koma á samvinnu við Íslendinga um fiskveiðar og fiskvinnslu strax að lokinni styrjöldinni.

Sunnanå átti nú að undirbúa jarðveginn og hélt opinberan fyrirlestur í Reykjavík á vegum Nordmannslaget og var hann birtur í heild í októberhefti Ægis sama ár. Þar spáði hann því meðal annars að fryst flök mundu verða einhver þýðingarmesta varan í viðskiptum með matvæli í Evrópu eftir styrjöldina og því væri rétt og tímabært að fjárfesta í framleiðslu þeirra. Ameríkumaðurinn Birdseye hefði fundið upp plötufrysti, sem þýddi byltingu í framleiðslu frystra flaka. Sunnanå hafði kynnst plötufrystinum áður en hann flýði Noreg. Með einhverjum hætti höfðu Þjóðverjar komist yfir tæknilýsingar á þessum búnaði og hafist handa um framleiðslu á Birdseye-plötufrystum án tilskilinna leyfa. Nokkrum þeirra hafði verið komið til Noregs, sem samkvæmt áætlunum Þjóðverja átti að verða „freðfiskmiðstöð“ Evrópu.

En Íslendingar reyndust líka fyllilega með á nótunum í þessari þróun eins og Sunnanå sannreyndi í þessari heimsókn. Eða eins og segir í 25 ára afmælisriti Frionor: „Einhver vélsmiðja hafði þegar hafið framleiðslu á plötufrystum og þeir voru raunar komnir í notkun við mörg frystihús á Íslandi, þótt tilskilinna leyfa hefði heldur ekki verið aflað þar. Ástæðan? Ísland var ekki aðili að alþjóðasáttmálanum um einkaleyfi.“

Í afmælisriti Frionor 1971 fer ekki frekari sögum af þessari Íslandsreisu Sunnanås. Ekkert finnst í fundargerðum stjórnar SH frá þessum tíma um að Sunnanå hafi hitt þá stjórnarmenn að máli. Í afmælisriti Frionor er þess heldur ekki getið hvaða áhrif heimsóknin til Íslands kann að hafa haft á Sunnanå sjálfan. Hitt er ljóst að eftir stríðið fór hann í fararbroddi þeirra, sem vildu stofna sjálfstæð útflutningssamtök norskra freðfiskframleiðenda í líkingu við SH, en þar reyndist við ramman reip að draga.

Stofnun Frionor

Strax að lokinni styrjöldinni var svonefnd Lundúnaáætlun um uppbyggingu frystiiðnaðar í Noregi dregin fram og stjórnvöld studdust við hana um aðgerðir og afskipti sín á þessu sviði. Haustið 1945 var gerð tilraun til stofnunar landssamtaka freðfiskframleiðenda í Noregi og bráðabirgðastjórn slíkra samtaka komið á laggirnar. Jafnframt kom sjávarútvegsdeild norska viðskiptaráðuneytisins á fót Útflutningsnefnd freðfisks. Henni var ætlað svipað hlutverk og Fiskimálanefnd hafði hér á landi fyrir stríð: að stuðla að uppbyggingu hraðfrystiiðnaðarins og annast og skipuleggja útflutninginn þar til samtök framleiðenda gætu tekið hann í sínar hendur.

En stofnun landssamtaka lét á sér standa. Vorið 1946 fékk bráðabirgðastjórn samtakanna til dæmis bréf frá framleiðanda í Þrándheimi, sem sýnir glögglega að

margir áttu erfitt með að gera greinarmun á ferskum fiski og frosnum, sem sérstökum, mismunandi vörutegundum, eða með öðrum orðum: að með framleiðslu freðfisks höfðu menn lagt að baki hefðbundna og árstíðabundna fiskvinnslu og stigið skrefið inn á svið iðnaðarframleiðslu. Í bréfinu sagði meðal annars:

„Við höfum alltaf verið þeirrar skoðunar, og erum það enn, að það sé engin þörf fyrir sérstakt landssamband fyrir frystan fisk. Við höfum einnig átt tal við ýmsa þá sem framarlega standa í þessari grein og þeir hafa lýst sig sammála okkur um þetta atriði. Við erum þeirrar skoðunar að ferskur fiskur og frystur séu svo nátengdar vörutegundir að það sé einungis til þess fallið að skapa óþarfa erfiðleika að taka það skref að skilja milli frysts fisks og fersks . . .“

Fleiri urðu til að vara við stofnun nýrra eigin samtaka á þessu sviði. Í staðinn var skorað á alla freðfiskframleiðendur að ganga inn í það landssamband ferskfiskframleiðenda, sem fyrir var. En sú tillaga fékk engan hljómgrunn, hvorki í norska viðskiptaráðuneytinu eða hjá áðurnefndri bráðabirgðastjórn freðfiskframleiðenda. Hitt er ljóst, að öfugt við íslenska freðfiskframleiðendur, sem sameiginlega sóttu meðferð eigin mála í greipar ríkisins, strax og þeir töldu sig hafa afl til, þá urðu norsk stjórnvöld að draga þarlenda framleiðendur til samstarfs og finna því samstarfi form fyrir þá. Annars hefðu þeir sennilega puðað um árabil hver í sínu horni, þar til reynslan hefði kennt þeim að slíkir viðskiptahættir gengu á skjön við þann tíma sem í hönd fór. Reynslan af ferð Jacobsens til Chicago 1931 virtist vera gleymd. (Sbr. bls.??? hér að framan)

Norska stjórnin gaf sér hins vegar engan tíma til að bíða eftir að framleiðendur kæmu sér saman um tilhögun sinna mála. Hún hóf þegar að vinna eftir Lundúnaáætluninni. Óvenjulegt ástand og ringulreið settu mark sitt á flesta markaði Evrópu í kjölfar eyðileggingar stríðsins. Innflutningi flestra landa var miðstýrt af stjórnardeildum eða ríkisfyrirtækjum og eðlilegt andsvar við því var að útflutningurinn yrði líka á einni hendi. Útflutningsnefndinni var fengið það hlutverk. Erfiðara reyndist að skapa hin ytri skilyrði fyrir verslun með vörurnar. Nothæf frystikeðja fyrirfannst ekki á þessum tíma nema í Bandaríkjunum. Í Evrópu skorti að mestu frystitæki í flutningum og smásöluverslun. Í ljós kom að norskir útgerðarmenn flutningaskipa voru vantrúaðir á framgang freðfiskútflutnings. Þeir höfðu enga trú á vörunni og reyndust ófúsir til að setja upp frystilestar í skip sín. Norska sjávarútvegsráðuneytið varð, nauðugt, viljugt, að taka að sér þetta hlutverk, og leysti það með leiguskipum, sem um tíma urðu 14 talsins. Eftir því sem útgerðarmenn sannfærðust um að á þessu sviði yrði um trausta og örugga flutninga að ræða, tóku þeir að setja upp frysti- og kælirými í skipin og ráðuneytið fækkaði í flota sínum að sama skapi. Athyglisvert er að íslenskir freðfiskframleiðendur brugðust við svipaðri tregðu íslenskra skipaútgerða með því að setja á stofn eigið skipafélag, Jökla hf. þegar 1946.

Einn aðili á Bandaríkjamarkaði

Áður en nokkuð yrði úr stofnun landssamtaka hraðfrystiiðnaðarins, tóku málin aðra stefnu. Í mars 1946 sendi norska viðskiptaráðuneytið sex manna nefnd til Bandaríkjanna til að kanna sölumöguleika á frystum fiski þar og gera tillögur um þær fisktegundir, sem leggja skyldi áherslu á, gæðakröfur, pakkningar, flutningstilhögun og svo framvegis.

Nefndin vakti athygli á því að keppinautar Norðmanna hefðu þegar á stríðsárunum náð fótfestu á ameríska markaðnum og náð með því vissu forskoti og aflað

sér viðskiptareynslu, sem Norðmenn ekki hefðu. Úr þessari vanrækslu yrði nú að bæta. Það var sérlega undirstrikað í skýrslunni, að Íslendingar hefðu sinn eigin fulltrúa í New York og hefðu þegar komið upp eigin söluskrifstofu, sem annaðist alla afurðasölu og innkaup á vörum til framleiðslunnar, svo sem umbúðum. Þegar hér var komið sögu hafði sú skrifstofa raunar aðeins starfað frá því í janúar árinu áður undir stjórn Jóns Gunnarssonar og selt 1.350 tonn af flökum, eða sem nam 4,5% af útflutningi Íslendinga á freðfiski það ár, meðan 83% útflutningsins fór til Bretlands. Því athyglisverðara er hversu ríka áherslu norska nefndin leggur á þetta forskot Íslendinga og á mikilvægi þess að Norðmenn leggi kapp á að vinna það upp án tafar. Starf Jóns Gunnarssonar hefur greinilega vakið athygli þeirra og aðdáun.

Í lok skýrslunnar velti nefndin fyrir sér hvaða form væri æskilegast fyrir útflutning á frystum flökum til Bandaríkjanna. Með tilliti til þess hve Íslendingar höfðu gengið beint og ákveðið til verks á bandarískum markaði, og án nokkurra opinberra afskipta, er ómaksins vert að líta á vangaveltur þessarar opinberu norsku nefndar um þetta efni. Nefndin taldi um fjóra kosti að velja:

1. Beina sölu norskra framleiðenda til bandarískra innflutningsfyrirtækja.
2. Sölu frá sameiginlegri söluskrifstofu í Noregi beint til bandarískra innflutningsfyrirtækja. Slík söluskrifstofa yrði þó að ná til allra framleiðenda án undantekninga.
3. Sölu frá sameiginlegri skrifstofu í Noregi gegnum norska söluskrifstofu í Bandaríkjunum til heildsala, smásala og keðjuverslana.
4. Að fela söluna í Bandaríkjunum á hendur takmörkuðum fjölda bandarískra fyrirtækja með vel þróað dreifingarkerfi og undir vissu eftirliti af norskri hálfu.

Kannanir og mat nefndarinnar leiddu til þessarar niðurstöðu: Ráða verður eindregið frá beinni sölu einstakra norskra útflutningsfyrirtækja. Sú aðferð býður heim hættunni á því að útflytjendurnir undirbjóði hver annan, eins og gerst hefur með aðrar framleiðsluvörur. Þetta gæti fljótlega leitt til óheilbrigðrar verðlækkunarsamkeppni. Mjög erfitt yrði líka að koma við skilvirku gæðaeftirliti við slíkt skipulagsleysi greinarinnar.

Salan í Noregi þarf að fara fram á vegum sölumiðstöðvar, sem nær til allra framleiðenda. Slík sölumiðstöð þarf að hafa nægilegt vald til þess að hafa á hverjum tíma fullkomna stjórn á útflutningnum bæði hvað varðar gæði og dreifingu á einstaka markaði. Nauðsynlegt er að sjá til þess að vörunni sé dreift á markaðinn með þeim hætti og hún seld við þær aðstæður að tryggt sé að hún varðveiti upprunaleg gæði.

Nefndin lagði því meðal annars til að þegar yrði hafist handa um stofnun félagsskapar framleiðenda til að sjá um útflutning frystra flaka og lagði áherslu á að slíkt fyrirtæki yrði að hafa sjálfstætt ákvörðunarvald gagnvart framleiðendunum um allt sem varðaði gæði vörunnar, verðlagningu og aðra þætti viðskiptalegs eðlis, svo sem um pakkningar, umbúðir, affermingar, skipulagningu flutninga o. s. frv.

Tveggja manna nefnd, sem ferðast hafði um Evrópu um sama leyti á vegum norska viðskiptaráðuneytisins, komst að áþekkri niðurstöðu, og um haustið 1946 var að frumkvæði norsku ríkisstjórnarinnar formlega gengið frá stofnun Norsk Frossenfisk A/L – sem seinna fékk nafnið Frionor. Fyrirtækið tók við starfsemi og viðskiptasamböndum hinnar ríkisreknu Útflutningsnefndar.

En af samstarfi við Íslendinga varð ekki. Þvert á móti börðust Norðmenn og Íslendingar strax frá stríðslokum á mörkuðunum í harðri og harðnandi samkeppni. Þótt öll Evrópa æpti á mat fyrstu árin eftir stríðið var fisksalan ekki auðvelt starf. Hvarvetna var skortur á hörðum gjaldeyri. Flutningar voru erfiðir og ótryggir.

Þjóðríkin lögðu áherslu á að endurreisa eigin fiskveiðar bæði heima fyrir og á fjarlægum miðum. Innflutningstakmarkanir, kvótar og vöruskiptaverslun settu svip sinn á viðskiptin. Pólitísk sambönd voru nýtt til hins ítrasta. Íslendingar héldu stöðu sinni á breska markaðnum, til dæmis, með því að binda sölu á síldarolíu, sem gífurleg eftirspurn var eftir, við kaup á hlutfallslegu magni af freðfiski. Norðmenn seldu stóran hluta sinnar framleiðslu til hernámsveldanna í Þýskalandi, en Íslendingar notfærðu sér sambönd sín við Bandaríkin til að komast inn á þann markað líka. Rússar gerðu stóra vöruskiptasamninga við bæði Norðmenn og Íslendinga 1946, en kipptu svo snögglega að sér hendinni árið eftir og næstu ár og birgðir hrönnuðust upp. Árið 1949 kvarta Norðmenn undan undirboðum Dana og Íslendinga í þeim tilgangi að ryðja sér til rúms á meginlandsmörkuðunum. En það sama ár hófst Marshallhjálpin, sem lagði nýjan grundvöll að frelsi í utanríkisviðskiptum, og varð síðar kveikjan að efnahagssamstarfi í OECD, EBE og EFTA. Og þegar fram liðu stundir varð fiskiðnaðurinn æ veigaminni þáttur í gjaldeyrisöflun Norðmanna. Noregur varð iðnaðarríki og síðar olíuríki. Dæmið snerist við og nú voru það Íslendingar sem æ oftar kvörtuðu undan undirboðum Norðmanna. Iðnaðurinn og olían voru í æ ríkara mæli látin standa undir útgerð og fiskvinnslu, bæta upp það sem á vantaði til að halda uppi sömu lífskjörum í dreifbýli sjávarsíðunnar og þessar tæknigreinar stóðu undir í þéttbýlinu. Hæsta markaðsverð fyrir afurðirnar skipti minna máli. Ísland hafði þá sérstöðu að hafa engar aðrar greinar upp á að hlaupa, sem gátu styrkt fiskiðnaðinn. Og er eina ríkið við Norður-Atlantshaf – kannski eina ríkið í heiminum – sem hefur tekist að byggja upp velmegunarþjóðfélag grundvallað á fiskveiðum nær einvörðungu. Því hafa hagsmunir Íslands alltaf rekist á við hagsmuni annarra fiskveiðiþjóða, sem reka fiskveiðar sem aukabúgrein, sport, eða jafnvel sem hluta af varðveislu byggðar og þjóðhátta. Og sennilega er þar að finna aðalástæðuna fyrir því, að aldrei varð úr því samstarfi frændþjóðanna á þessu sviði, sem útlagastjórn Norðmanna í London var að láta sig dreyma um á stríðsárunum – þótt vissulega hafi þar margt fleira borið til.

Samráð keppinauta

En þótt ekki yrði úr frekari samvinnu þessara tveggja frænd- og fiskveiðiþjóða við Norður-Atlantshaf komst þó nokkrum árum síðar á athyglisvert samráð milli Sölumiðstöðvarinnar og Norsk Frossen Fisk A/L, sem frá 1963 tók sér nafn þess vörumerkis, sem það var þegar þekkt undir, og hefur síðan heitið Frionor. Ekki er ljóst hver átti upptökin að þessu samráði, enda fór það mjög leynt. Dr. Magnús Z. Sigurðsson minnir þó, að hann hafi sjálfur haft frumkvæðið.

Það hefur líklega verið í nóvember 1951, sem þeir hittust að máli Magnús Z. Sigurðsson erindreki SH á meginlandi Evrópu og Emil Petersen, forstjóri Frionor. Magnús hefur skrifað trúnaðarskýrslu til formanns SH um þann fund 4. desember, en ekki hefur tekist að hafa upp á henni. Hins vegar eru til skýrslur um síðari fundi þeirra og varpa þær ljósi á mat manna á markaðsaðstæðum á þessum tíma og því ástæða til að gera efni þeirra hér nokkur skil, enda varla leyndarmál lengur, nærri hálfri öld eftir að skýrslurnar eru skrifaðar. Magnús skrifar fyrri skýrslu sína frá Prag þann 30. desember og verður hér stiklað á stóru um umræðuefni þeirra.

Þann 19. desember 1952 fóru fram í Kaupmannahöfn viðræður milli Magnúsar Z. Sigurðssonar og Emils Petersens forstjóra Norsk Frossen Fisk, Osló. Viðræðurnar fóru fram á Hotel Palace og stóðu allan daginn. Auk þess áttu þeir viðtöl við fulltrúa í danska fiskimálaráðuneytinu og varaformann Landssambands danskra



Emil Petersen, fyrsti forstjóri Frionor.

flakaverksmiðja. Magnús flaug frá Prag, Petersen kom með járnbraut frá Osló.

Fram kemur að ári fyrr (1951) höfðu þeir rætt „um möguleika á vissri samvinnu milli íslenskra og norskra útflytjenda á frystum fiski, einkum hvað snertir verðpólitík“ og „ákveðinn grundvöllur var þá þegar lagður“ (sbr. skýrslu 4. des. 1951). Síðan hafi þeir oft haft samband fyrir milligöngu íslenska sendiráðsins í Osló.

„Okkur kom saman um það, að sú samvinna, sem við lögðum grundvöllinn að á sl. ári og áður, hefði reynst báðum löndum til mikilla hagsbóta. Það er vafalaust, að hvorugt landanna hefði náð því verði á mörkuðunum á yfirstandandi ári, sem selt hefur verið fyrir, ef ekki hefði verið um neina samvinnu okkar á milli að ræða. Þannig mun þessi samvinna þegar hafa fært bæði Íslandi og Noregi milljónir króna.“

Þeir upplýsa hvor annan um birgðir (litlar í Noregi) og hráefnisverð.

„Samkomulag varð um það, að leitast við að halda a.m.k. jafnháu söluverði á frystum fiskflökum á mörkuðunum almennt á næsta ári eins og það hefur verið 1952, en jafnframt skyldi lögð áhersla á að fá verðið nokkuð hækkað.“ Síðan er markaðsástandið metið í helstu viðskiptalöndum og sett markmið um verð á næsta ári:

Austurríki: reyna að ná 145 sterlingspundum fyrir roðlaus þorskflök í litlum umbúðum – ekki niður fyrir 135 pund.

Frakkland: Norðmenn seldu aðeins 70 tonn. Norðmönnum kom á óvart að Íslendingar næðu þar 130 frönkum í 7 lbs. umbúðum.

„Hr. Petersen ætlar til Parísar í þessu sambandi strax eftir nýár. Ef SH telur rétt að reyna að hækka verðið í Frakklandi frá því sem nú er, þá væri nauðsynlegt að ég fengi að vita um það strax. Ég mundi þá hafa samband við hr. Petersen, svo að hann gæti hagað samningum sínum í Frakklandi samkvæmt því, svo framarlega sem hann fellst á nýjar uppástungur.“

Holland: Norðmenn selja 300 tonn. 140 pund á tonn cif.

Ísrael: Frionor selur 3.000 tonn á 150-152 pund tonnið af þorski, ufsa 127 pund. Norðmenn leggja mikið upp úr þessum markaði. Báðir sammála um að hækka ekki verðið en halda því. Íslenska verðið svipað. Frionor þarf ekki að annast vöruskipti, en fær greitt í norskum krónum við afskipanir. Ríkið sér um vöruskiptin.


Sviss: Norðmenn selja 800 tonn. Amerísk flökun, dýrar umbúðir, lágt verð (132 pund frítt í Padborg, en selt út úr frystihúsi í Basel).

Tékkóslóvakía: Norðmenn seldu ekkert árið 1952. Bjóða blálúðuflök 1953, sem Tékkar höfnuðu 1952. (Magnús þýðir norska nafnið blåkveite. Íslendingar byrjuðu ekki að veiða grálúðu fyrr en síðar). Magnús getur þess að Íslendingar ætli að fá hækkun á nýja framleiðslu.

Austur-Þýskaland: Norðmenn seldu talsvert af heilfrystum fiski og 50 tonn af blálúðuflökum. Þeir fá greitt við afskipun fyrir milligöngu Norsk Kompensasjonsselskab (samsvarandi Íslenska vöruskiptafélaginu hér). Petersen gerir ekki ráð fyrir flakasölu þangað 1953. Magnús segir SH vilja hækkun í 145 pund.

Petersen upplýsti að flakaframleiðsla Norðmanna '52 hafi numið 12.400 tonnum, sem seldust til Bandaríkjanna, Austurríkis, Sviss, Ítalíu og Ísraels. Heilfrystur fiskur er seldur til Frakklands, Grikklands og Austur-Þýskalands. Petersen ætlar að láta sendiráði Íslands í Osló í té nákvæma sundurliðun, sem sendiráðið framsendi síðan til utanríkisráðuneytis.

Rætt var um samvinnu við markaðsleit í Indlandi, Suður-Ameríku og víðar. Það þarfnist þó nákvæms undirbúnings.



Magnús Z. hafði úti alla anga til að selja íslenskan fisk. Hann stóð meðal annars í mjög leynilegum viðræðum við forráðamenn Norsk Frossen Fisk A/L um sameiginlega verðpólitík SH og Frionor. Þessi samvinna færði báðum þjóðum milljónahagnað að áliti Magnúsar. Verðlagssamráðið náði meðal annars til Ísraels en myndin sýnir Magnús Z. við fiskflutningabíl í Haifa um 1950.

Magnús og Petersen ræddu við Eriksen, „konsulent í danska fiskimálaráðuneytinu“, og var umræðuefnið óheppileg undirboð Dana á fiskmörkuðum Evrópu og í Ísrael. Ráðuneytið kvaðst skilja þetta en „Danmörk væri land frjálsrar verslunar og því gæti hið opinbera ekkert aðhafst í málinu meðan framleiðendur sjálfir ekki mynduðu með sér útflutningssamband eða ákvæðu sameiginlega útflutningsverð á grundvelli frjálsra samtaka“. Núverandi fiskimálaráðherra væri „eindregið á móti hverskonar íhlutun ríkisins“. „Við báðum ráðuneytið að sjálfsögðu að skoða samtalið sem algert trúnaðarmál“. Eriksen kvaðst leggja skýrslu fyrir ráðherrann og Magnús telur að gott hafi verið að hreyfa málinu, þótt ekki sé árangurs að vænta fyrr en framleiðendur myndi með sér samtök líkt og SH og Frionor, „en til myndunar slíkra samtaka hlýtur að koma fyrr eða seinna.“

Ennfremur ræddu þeir við varaformann Landssambands danskra flakaverksmiðja (Landsforening for danske Filletfabrikker), Axel Jensen.

„Jensen sagði nú eins og fyrr, að sér væri fyllilega ljós nauðsyn þess, að danskir framleiðendur mynduðu með sér útflutningssamband, sem ákvæði verðið til að komast hjá skaðlegri samkeppni. Nú virtist ástandið í sölumálum Danmerkur í Bandaríkjunum vera þannig, að framleiðendur sæju, að myndun sérstaks félagsskapar væri óumflýjanleg og stofnun samtaka eingöngu fyrir útflutning til Bandaríkjanna væri nú þegar í undirbúningi. Hins vegar væri ekki mögulegt að fá framleiðendur til myndunar slíkra samtaka, hvað snertir markaðinn í Evrópu, þótt full nauðsyn væri einnig á því. Við bentum hr. Jensen enn einu sinni á hversu skaðleg núverandi markaðspólitík Danmerkur væri, ekki einungis fyrir Ísland og Noreg heldur einnig og einkum fyrir Danmörku sjálfa, og virtist hr. Jensen skilja það fyllilega.

Aðspurður sagði hr. Jensen, að Danir hefðu engin fryst flök selt til Tékkóslóvakíu síðasta hálfa árið eða svo, en síðasta verðið, sem selt var fyrir, hefði verið 2 danskar krónur á kíló frítt Padborg, eða sem svarar 104 sterlingspundum per 1000 kg. Hér mun hafa verið um roðlaus þorskflök að ræða. Ég benti á að íslenska verðið hefði á sama tíma verið 145 pund!“

Til Ísraels seldu Danir á d. kr. 2,30 eða sem svaraði 120 sterlingspund fyrir 1000 kg. Íslenska og norska verðið var þá hins vegar 150-152 pund.

Austurríki: Danir 100 sterlingspund fyrir 1000 kg. Íslenska verðið er 130 pund.

Austur-Þýskaland: Danir 305 dollarar. Íslenska verðið er 385 dollarar.

„Á þessum tölum sést greinilega, hversu mjög Danir undirbjóða Íslendinga og Norðmenn á mörkuðunum fyrir frystan fisk í Evrópu og Ísrael."

Fram kom að framleiðsla Grænlendinga var á þessum árum 500 tonn af flökum árlega.

Magnús telur ólíklegt að verðhækkanir fáist á næsta ári í Tékkóslóvakíu, Austurríki og Austur-Þýskalandi. „Hins vegar er sjálfsagt að reyna að fá verðið hækkað og ég taldi heppilegt að láta hr. Petersen finna það, að ég reiknaði með háu eða hækkandi verði á næsta ári til að reyna að hafa þannig verðhækkandi áhrif á verðpólitík Norðmanna."

„Þess skal að lokum getið, að viðræður okkar hr. Petersen voru nú sem áður mjög vinsamlegar. Þegar ég verð sestur að í Hamborg, verður mun þægilegra fyrir okkur að hittast og halda samvinnunni lifandi, heldur en nú er, enda töluðum við svo um, að við mundum á næsta ári bera okkur saman og ræða málin oftar en við höfum getað gert hingað til.

Við teljum báðir, að mikils gagns megi vænta fyrir bæði löndin af þessari samvinnu á næsta ári."

Svo mikið er víst að hér heima reyna menn að nýta sér þessi tengsl og upplýsingarnar sem gegnum þau fást til hins ítrasta. Má sjá það meðal annars af bréfi sem Björn Halldórsson skrifar Magnúsi 5. júlí 1954. Þar segir hann: „Ólafur Jónsson er enn í Moskvu og segir að Rússarnir reyni að sannfæra okkur um að þeir geti keypt frystan fisk frá Þýskalandi og Danmörku á miklu lægra verði en okkar og haldi því fram að það sé heimsmarkaðsverð. Þess vegna höldum við að samningar verði erfiðir." Okkar maður hefur þá væntanlega getað upplýst Rússana um að þetta væru undirboðsverð („dumping"), en ekki heimsmarkaðsverð.

Í sama bréfi biður Björn dr. Magnús að hafa samband við þýska útflytjendur til Bandaríkjanna og tala við þá í trúnaði og vinsamlega um undirboð þeirra þar. Hann nefnir sérstaklega Osan Supply Company, sem selji 2 centum undir verði Coldwater á lbs. „Of course this low price quoted by the Germans is causing us great confusion and harm on the market" (auðvitað veldur þetta lága verð Þjóðverja ruglingi á markaðnum og skaðar okkur).

Viku seinna, 12. júlí 1954, skrifar Björn dr. Magnúsi um undirboð Norðmanna sem selji karfa í suðurríkjunum 4 centum á pund undir okkur. Einnig séum „við" að reyna að hækka verðið á steinbít, sem fallið hafi úr 36 sentum í 28, afgreiddur úr vöruhúsi í N.Y. Okkar verð nú sé 31 sent, birgðir litlar og aflinn á vertíðinni helmingur síðasta árs afla og við viljum hækka verðið, en mætum stífri samkeppni frá Norðmönnum.

„Okkur dettur í hug hvort það mundi koma að gagni að þú hefðir samband við vin þinn varðandi þessi vandamál, og væntum góðra frétta frá þér."

Samráðsfundur 1955

Þann 8. janúar 1955 sendir dr. Magnús Elíasi Þorsteinssyni bréf merkt *Algert trúnaðarmál*. Er það skýrsla um nýlegan fund þeirra Petersen. Sendir hann skýrsluna Elíasi persónulega og leggur til að aðrir sjái hana ekki en varaformaður stjórnarinnar og framkvæmdastjórinn. „Ég verð að geta treyst því, að ekkert fréttist um þetta mál. Ég bið þig að gæta þess vel."

Viðræður Magnúsar og Petersen fóru fram sem fyrr á Palace Hotel í Kaupmannahöfn og stóðu yfir frá 10.30 til 19.30 nær óslitið miðvikudaginn 5. janúar 1955.

Heildarframleiðsla Norðmanna af flökum var um 15.000 tonn, en 3.000 tonn fara á innanlandsmarkað. Útflutt eru því 12.000 tonn og skiptast þannig á lönd:

Bandaríkin: 4.125 tonn, mest steinbítsflök. Blokkir 40-50 tonn. Fyrir 1955 svipað heildarmagn en helmingurinn blokkir.

Ísrael: 3.436 tonn, ufsaflök að tveimur þriðju. Að teknu tilliti til þess að SH selur þangað eingöngu karfa- og þorskflök og í 7 lbs. umbúðum, en Norðmenn í smáöskjum, er verðið líklega ívið hagstæðara Íslendingum.

Austurríki: 2.280 tonn. Norðmenn gerðu haustið 1954 samning við Fischimport um ca. 1.500 tonn á sérstaklega lágu verði til að reyna að útiloka dönsk og þýsk fiskflök frá austurríska markaðnum. Verðið var 105 pund fyrir ýsuflök og 95 pund fyrir ufsaflök cif Hamborg. Mismuninn milli þessa verðs og framleiðsluverðs fengu Norðmenn greiddan úr Verðjöfnunarsjóði fiskútflutningsins, þar sem hér þótti vera um merkilega tilraun að ræða. („Fiskútflytjendur í Noregi greiða til þessa sjóðs þær upphæðir, er þeir kunna að fá fyrir útfluttan fisk umfram ákveðið verð, en nái þeir ekki þessu ákveðna verði á erlendum mörkuðum, þurfa þeir ekkert að greiða í sjóðinn. Af frystum fiski t.d. hefur lengi ekkert verið greitt í sjóðinn, sagði Petersen").

Í þessu sambandi gengust Fischimport og Norðmenn fyrir því að settar voru upp ca. 300 frystikistur í smásölubúðum í Austurríki, einkum Vín. Fischimport og austurrískir bankar lögðu fram fé til þessa átaks, að svo miklu leyti sem búðirnar ekki greiddu skápana sjálfar. Norðmenn lögðu einnig til 40.000 norskar krónur til auglýsingastarfsemi fyrir norska fiskinn. Þeir sendu einnig í byrjun 10 frystikistur til að koma skriði á málið. Með þessu fyrirkomulagi skuldbatt Fischimport sig til að kaupa ekki nein fryst fiskflök frá Danmörku eða Þýskalandi á samningstímabilinu (okt.-mars), en hafði frjálsar hendur um fiskkaup frá Íslandi, (enda vita Norðmenn að við munum ekki undirbjóða þá). Petersen er hálfhræddur um að þessi tilraun nái takmörkuðum árangri.

Til *Sviss* eru Norðmenn að selja með tapi. Allur fiskur þangað er í 1 punds öskjum, sellófanvafinn í öskjunni. Flökin höfð alveg beinlaus. Beinlaus flök eru framleidd fyrir heimamarkað, Bandaríkin og Sviss. Reynslan sýnir að ekki er hægt að fá hærra verð í Sviss fyrir þorskflök en 150 sterlingspund. Í framtíðinni munu Norðmenn selja þangað ýsuflök, sem fá 175 pund. Ætlunin er að fara inn á markaðinn þar og heima fyrir með „grilletter", eins og Norðmenn kalla fiskstautana. Verð er talsvert fyrir neðan það, sem SH telur sér fært að selja fyrir. Sama gildir um *Holland*.

Til *Svíþjóðar* selja Norðmenn einkum þorskflök. Þar fæst gott verð, 175 sterlingspund á tonnið og salan er um 1.000 tonn.

Tékkóslóvakía: Þangað fer enginn þorskur. Verðið er svipað og íslenska verðið. Til *Austur-Þýskalands* fer enginn þorskur. Íslenska verðið í síðasta samningi er talsvert hærra en Norðmenn fá. Í *Hollandi* eru Norðmenn að fá 135 sterlingspund fyrir tonnið af þorskflökum, en 160 pund fyrir ýsuflök. Frionor hefur lagt smásölum til 25 frystikistur.

Til bandaríska hersins í Vestur-Þýskalandi eru þorskflökin seld á 157 sterlingspund tonnið, sem er talsvert lægra verð en Íslendingar hafa fengið.

Norski fiskurinn er almennt í 1 lbs. öskjum og sellófani eða í sellófanvöfðum pökkum með ónákvæmri vigt en ytri kassarnir með nákvæmri vigt. Fiskurinn



Ólafur konungur, fyrir miðri mynd, heimsækir sýningarbás Frionor á sýningu í Osló. Ekki verður betur séð en að slitnað hafi upp úr samvinnu eða sambandi Frionor og SH árið 1955 þegar Hamborgarskrifstofan var lögð niður.

verður auðvitað mun dýrari í framleiðslu í þessum norsku umbúðum en í pergamentvöfðum blokkum á 7 lbs., eins og SH notar aðallega fyrir Evrópu, en norsku umbúðirnar henta mörkuðunum betur.

Magnús og Petersen voru sammála um að stefna að verulegri hækkun á frysta fiskinum á þessu ári ('55) vegna hækkandi kostnaðar heima fyrir. Petersen kvaðst vera með stjórnarfund daginn eftir og vildi heyra álit Íslendinga á verðhækkun fyrir fundinn.

Þeir voru einnig sammála um að reyna að ná 10% verðhækkun í Tékkóslóvakíu og Ísrael. Hækka síðan Austur-Þýskaland til jafns við Tékkóslóvakíu. Báðir töldu æskilegt að hittast seinna í mánuðinum, þegar hráefnisverð beggja landa lægi fyrir.

Auk þessa ræddu þeir um samvinnu SH og Frionor um að opna markaðina á Ítalíu og Vestur-Þýskalandi eftir þeim leiðum, sem Magnús hefur reifað: Fara inn í samtök fiskdreifenda og koma upp frystikistum hjá smásölum.

Í lokin ítrekar dr. Magnús enn og aftur, að skýrslan sé *algert trúnaðarmál*.

Seinast á þessu ári (í des. '55) ákvað stjórn SH að leggja Hamborgarskrifstofuna niður. Þar með virðist hafa slitnað það samband, sem verið hafði um nokkurra ára skeið milli SH og Frionor. Ekkert knúði heldur á um framhald. Nokkrum árum síðar (1959) er EFTA stofnað með aðild Norðmanna og tollfrjálsum 24.000 tonna kvóta fyrir frystan fisk á Bretlandsmarkaði. Skapaði það Norðmönnum yfirburðastöðu á okkar elsta, og stundum helsta, markaði næsta áratuginn. Þegar þessi kvóti var settur hafði enginn trú á að hann yrði uppfylltur. Bretar höfðu boðið fram

20.000 tonn, en Norðmenn gengið á lagið til vonar og vara og fengið fjórum þúsundum tonna bætt við. Strax 1968-'69 var kvótinn þó yfirfylltur og bresk stjórnvöld settu á einhliða 10% toll að kröfu breskra fiskimanna. Í samningunum um inngöngu Íslands í EFTA, sem þá stóðu yfir, var samið um nýtt fyrirkomulag á innflutningi frysts fisks, sem verðlagði hann hærra en breska framleiðslu. En þar sem saman fór á næstu árum samdráttur breskra fiskveiða og stóraukin eftirspurn neytenda eftir frystum fiski verkuðu þessar nýju reglur ekki hamlandi á innflutninginn. En vegna landhelgisdeilnanna sátu Norðmenn áfram að breska markaðnum og við fengum ekki rönd við reist fyrr en eftir lausn þeirra 1976.

Að öðru leyti sköruðust viðskipti okkar og Norðmanna lítið nema í Bandaríkjunum. Báðir komust ágætlega fyrir á heimsmarkaðnum án samvinnu og samráðs.

Það verður sennilega seint úr því skorið hvort Sölumiðstöðin varð Norðmönnum fyrirmynd að skipulagningu markaðsmála frystiiðnaðarins eða ekki. Jafnsennilegt er, að SH og Frionor hafi sprottið upp úr svipuðum aðstæðum heima fyrir og á heimsmörkuðunum. Svo mikið er víst að lengi vel þróuðust bæði fyrirtækin eftir svipuðum brautum, SH þó nokkru stærra í sniðum. Þau voru lokuð félög, söluarmur framleiðendanna, sem að félögunum stóðu. Þau stofnuðu bæði dótturfyrirtæki í Ameríku og síðar í helstu markaðslöndunum. Bæði félögin stóðu að skipafélögum – A/L Norsk Frysetransport var stofnað 1956. Frionor var hins vegar á undan að stofna Umbúðamiðstöð – Fryseriernes Emballasjeforretning – árið 1956.

Frionor var líka á undan að breyta sér í almennt hlutafélag. Árið 1995 keypti svo Resource Group International (RGI), alþjóðafyrirtæki norska útgerðarmannsins Kjell Inge Rökke, meirihlutann í fyrirtækinu. Skömmu síðar runnu RGI og norski iðnaðarrisinn Aker saman í fyrirtækið Aker RGI og í maí 1997 hætti Frionor að vera sérstakt fyrirtæki, en mun starfa framvegis sem sérstök deild innan Aker RGI undir nafninu Norway Seafoods. Aðeins vörumerkið Frionor mun lifa áfram.

Gæðaeftirlit og tæknideild

Afturför í vöruvöndun

Árið 1944 var lögskipað opinbert mat á freðfiski og var eftirlitsmaður SH, Bergsteinn Á. Bergsteinsson, skipaður yfirmatsmaður á freðfiski. Setning laga þar að lútandi hafði nokkuð lengi verið í bígerð og hafði stjórn SH á árinu 1943 samþykkt að senda atvinnumálaráðherra bréf, þar sem tekið yrði fram að áhrifaríkasta leiðin til vöruvöndunar væri að glæða ábyrgðartilfinningu framleiðenda sjálfra, sem greinilega auðkenndu vöru sína svo rekja mætti alla galla til upphafs síns. Ennfremur að frá upphafi hefðu kaupendur fisksins haft eftirlitsmenn með framleiðslunni og svo væri enn.

Afstaða frystihúsamanna til opinbers mats hefur því alltaf verið tvíbent. Þeir hafa alltaf viðurkennt nauðsyn þess að hafa sterkt gæðaeftirlit með framleiðslunni á vegum framleiðenda sjálfra. Opinberir aðilar hafa hins vegar óttast að mat eða eftirlit á vegum starfsmanna frystihúsanna yrði um of sveigt að vilja eigendanna. Hins vegar hafa frystihúsamenn kviðið því að opinbert mat drægi úr ábyrgðartilfinningu framleiðenda. Niðurstaðan hefur verið sú, að hvort tveggja hefur starfað hlið við hlið og bestur árangur náðst þegar samvinna þessara aðila hefur tekist vel.

Í október 1943 skrifaði Lúðvík Kristjánsson ritstjóri Ægis harðorða grein í rit sitt um *Markaði og vöruvöndun*. Komst hann þar svo að orði, að í árdaga hraðfrystiiðnaðarins hefðu „erlendir kunnáttumenn ferðast á milli húsanna og leiðbeint mönnum, og framleiðendur orðið að lúta slíku aðhaldi að engin hætta var á að þeir sæju sér hag í því að senda frá sér vanhæfa vöru“. Hin öra fjölgun frystihúsanna á stríðsárunum hafi hins vegar leitt til þess, að „bæði sjómenn og starfsfólk frystihúsa verður þess nú vart, að slíkur fiskur er nú flakaður og frystur, er fæstir eða engir hefðu árætt að nota til slíks, áður en núverandi ástand skapaðist“. Spratt af þessu nokkur ritdeila, þar sem Guðmundur Albertsson, framkvæmdastjóri SH, svaraði og benti á að ekki aðeins hefði eftirliti verið haldið áfram, heldur væri í höndum sömu manna erlendra og fyrr, auk þess sem SH og SÍS hefðu bætt við þaulkunnugum manni, Bergsteini Á. Bergsteinssyni.

Þegar H. Smethurst Ltd. hóf að kaupa freðfisk af Fiskimálanefnd árið 1936 sendi fyrirtækið tvo menn til að kenna Íslendingum verkunina, eins og þeir vildu hafa hana. Þessir menn voru Clarence Norgan og Jack Carnett.[17] Voru þeir hér árum saman við leiðbeiningarstarf og ferðuðust um allt land. Bergsteinn Á. Bergsteinsson hafði hafið störf hjá Esphólín við Norðurstíg, en varð svo verkstjóri Fiskimálanefndar í Ísbirninum. Síðar fór hann einnig að ferðast um landið með Bretunum.

Clarence Norgan hélt áfram eftirlitsstarfi hér á stríðsárunum og nú á vegum breska matvælaráðuneytisins. Taldi Guðmundur Albertsson því að athugasemdir ritstjóra Ægis væru „á engum rökum reistar og frambornar af vanþekkingu á hlutunum og út í bláinn.“ Lagði Guðmundur fram vottorð máli sínu til sönnunar frá H. Smethurst Ltd., er keypti alla freðfiskframleiðslu landsmanna ásamt þremur öðrum breskum firmum frá upphafi og fram til stríðsbyrjunar, en síðan hefði haft með höndum dreifingu alls freðfisks í Bretlandi á vegum matvælaráðuneytisins, og einnig frá Clarence Norgan og Bergsteini Á. Bergsteinssyni. Ber þeim saman um að „meðferð og vöruvöndun hjá frystihúsunum sé góð og síst lakari en verið hafi fyrir stríð“.



Fiskur ísaður í móttöku. Bretum þótti fiskur af Íslandsmiðum bera af öðrum fiski.

Samanburður við Bandaríkin

Þótt ekki geti talist ólíklegt að ýmislegt hafi farið úrskeiðis í framleiðslunni við jafnstórfellda og öra uppbyggingu frystihúsanna og átti sér stað á stríðsárunum, er það staðreynd, að Bretum fannst íslenski freðfiskurinn bera af öðrum freðfiski sem þeir fengu, t.d. fiskinum frá Kanada og Nýfundnalandi. Og á sérstökum gæðum íslenska fisksins byggðu Íslendingar sölu sína á eftirstríðsárunum og fengu löngum hærra verð fyrir en keppinautarnir. Allur raunverulegur samanburður er þó erfiður í þessum efnum. En á árinu 1946 fór Bergsteinn Á. Bergsteinsson í ferð til Bandaríkjanna, m.a. með styrk SH og skrifaði skýrslu í Ægi. Bergsteinn kynnti sér nýjustu, bestu og fullkomnustu fiskiðjuver þar vestra og má sjá af skýrslunni, að í samanburði er hér á landi víða pottur brotinn. Hvers konar vélvæðingu, sjálfvirkni og færibandaflutningi var að sjálfsögðu miklu lengra komið þar en hér á landi. Hreinlæti var mjög fullkomið, starfsfólk allt í hvítum sloppum og látið skipta um þá, um leið og á þeim sá. Það tók áratugi að koma þessu almennt á hér á landi. Fiskmóttökur voru rúmgóðar, fisklag haft þunnt í þeim (ekki þykkara en ca. 2 fet) og fiskurinn ísaður, ef ekki var flakað strax. Hér var það hins vegar svo að mörg af frystihúsunum höfðu enga eða lélega aðstöðu til að framleiða ís. Úr móttökunni fór fiskurinn vestra í þvottavélar með sírennsli, sem sumar mátti jafnframt nota til afhreistrunar. Hér var fiskinum yfirleitt steypt í þvottaker og vatnið endurnýjað með höppum og glöppum. Aðeins ein flökunarvél var í notkun í Bandaríkjunum um þessar mundir. Því var flakað í höndunum eins og hér, en fiskurinn fluttur milli starfsfólksins á færiböndum og öll vinnuborð höfð úr ryðfríu stáli. Væri talin

hætta á ormum í fiskinum voru flökin lögð á glerborð, sem lýst voru neðan frá. Vogir voru miklu fullkomnari en hér tíðkaðist, skálar þeirra á hjörum og mátti steypa úr þeim í stálbakka, sem síðan barst með færibandi til pökkunar. Þar var hverju flaki pakkað sér í sellófanpappír og raðað í pappaöskjur, sem síðan gengu gegnum vél, sem braut sellófanpappír utan um öskjurnar. Öskjunum var síðan raðað á pönnur, sem hlaðið var á palla, sem lyftarar síðan tóku og renndu í frystitækin. Úr frystitækinu fóru öskjurnar í pappakassa, sem gengu í gegnum vél sem lokaði þeim, bar sjálf lím á lok og botn og þrýsti þeim saman svo að þeir lokuðust örugglega. Kassarnir fóru með færibandi inn í frystigeymsluna og var hlaðið í stæður með vagngengum göngum á milli.

Bergsteinn bendir í greininni á enn eina hættu, sem gat steðjað að íslenska fiskinum, þótt á allan hátt hefði verið vandað til framleiðslu hans við þær aðstæður, sem hér voru fyrir hendi. Við útskipun þurfti oft að flytja fiskinn með bílum til skips, óvarinn, stundum margra klukkutíma ferð. Þó tæki út yfir þegar flytja þyrfti hann tíu til tuttugu klukkutíma ferð í óeinangruðum bátum.

Hér var eðlilega mikill aðstöðumunur á. Íslensku frystihúsin voru flest smá, byggð af vanefnum á kreppu- og styrjaldartímum, efnisútvegun erfið, vélakraftur stundum ónógur, einangrun á frystigeymslum léleg, frágangur húsnæðis þannig að erfitt var að koma við þrifum. Tilfinningu fólks fyrir því að verið væri að framleiða viðkvæm matvæli var kannski ekki síst víða ábótavant. Þrifnaðarhugmyndir þjóðarinnar yfirleitt voru og heldur frumstæðar og umbótum tekið með efagirni, jafnvel mótþróa, talað um pjatt og óþarfa flottheit. Til er saga um það að þegar komið hafði verið fyrir fullkomnustu salernum í einu frystihúsi, flísalögðum í hólf og gólf, hafi sumum elstu körlunum þótt flottheitin svo mikil að þeir kunnu ekki við að sóða út herlegheitin og fóru aftur að fara niður í fjöru erinda sinna!

Það var því vissulega við ramman reip að draga í þessum efnum, og eflaust ekki vanþörf á að opinber aðili þrýsti á um úrbætur.

Hins vegar vantaði ekki áhuga forráðamanna frystihúsanna og stjórnar SH. Strax í lok stríðsins fóru menn að kynna sér allt það besta sem fannst í tækni og útbúnaði austan hafs og vestan. Stjórn SH hafði þá forgöngu um að kaupa og prófa ýmsar slíkar vélar, eins og flökunarvélar. Hendur manna voru hins vegar oft bundnar af fjármagnsskorti. Menn höfðu engin forráð yfir þeim gjaldeyri, sem fékkst fyrir framleiðsluna og verðlagður var að geðþótta stjórnvalda og bankanna. Frystihúsunum var svo naumt skammtað í kerfi opinberra afskipta, að allt varð að gera fyrir lánsfé. Skilningur bankanna var oftar en ekki af skornum skammti. Við bættist að leyfi varð að fá hjá opinberum nefndum og stofnunum fyrir flestum hlutum. Tæknilega dróst því frystiiðnaðurinn hér aftur úr miðað við fremstu fyrirtæki Bandaríkjanna, þótt tækist að halda því góða orði, sem hraðfrysti fiskurinn hafði aflað sér. Flökunarvélar urðu hér ekki almennar fyrr en eftir miðjan sjötta áratuginn og frystihúsin ekki almennt vélvædd fyrr en löngu síðar.

Baadervélavæðingin


Í viðtalsbók Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar við Benjamín H. J. Eiríksson, bankastjóra Framkvæmdabankans, er fróðleg frásögn um þá fjötra, sem opinber afskipti lögðu á ráðamenn frystihúsanna um þessar mundir. Til Benjamíns komu þeir Huxley Ólafsson í Keflavík og Þjóðverjinn Ulrick Marth. Marth hafði á boðstólum þýskar vélar, sem flökuðu fisk og voru kenndar við uppfinningamanninn Baader. „Í Vestmannaeyjum vildu menn kaupa tvær vélar, en þeir gátu ekki fengið



Úr frystihúsi Júpiters og Mars en þar hófst vinnsla í júlí 1956. Þrifnaður var í hávegum hafður og fiskvinnslufólkið klæddist sérstökum hlífðarklæðnaði.

innflutningsleyfi. Gjaldeyri vantaði. Marth spurði hvort Framkvæmdabankinn gæti lánað frystihúsunum fyrir þeim". Benjamín var vantrúaður á að hægt væri að flaka fisk í vél, svo misjafn sem hann væri að stærð og lögun og fullur af beinum. En hann kynnti sér málið og veitti lánsloforð fyrir vélunum árið 1955. Árið eftir tryggði hann Framkvæmdabankanum lán í Vestur-Þýskalandi fyrir andvirði vélanna. Benjamín lenti þó í nokkrum vandræðum vegna þessara kaupa, þar sem sum frystihúsin vildu afpanta vélarnar og varð hann að biðja um afhendingar- og greiðslufrest á sumum þeirra. En þegar fyrstu vélarnar voru komnar til landsins haustið 1956, sáu allir hvers konar þarfaþing hér var um að ræða, og menn endurnýjuðu pantanir sínar. Í árslok 1958 hafði Framkvæmdabankinn lánað fyrir 55 flökunarvélum í 25 frystihús.

Benjamín bendir á að án þessarar vélvæðingar hefði verið illmöguleg sú stórfellda aukning, sem varð í afköstum frystiiðnaðarins á næstu árum: „Aflinn, sem tekinn var til vinnslu í frystihúsunum, jókst úr 180 þúsund smálestum árið 1957 í 258 þúsund smálestir 1958. Þetta var aukning um 43%. Árið 1958 voru 65% af öllum fiskafla landsmanna, að undanteknum síldaraflanum, tekin til flökunar og frystingar. Tveimur árum áður, 1956, höfðu aðeins 48% verið hagnýtt á þennan hátt. Árin 1959 og 1960 bættust enn við nokkrar vélar í frystihúsin, aðallega flatningsvélar til að verka saltfisk. Framkvæmdabankinn lánaði 80% af verði þessara véla. Árið 1960 höfðu samtals 78 flökunar- og flatningsvélar verið fluttar til landsins, 22 þeirra flökuðu þorsk, ýsu og ufsa af stærðinni 55-120 sm, 15 flökuðu þorsk og ýsu af stærðinni 35-65 sm, 23 flökuðu karfa og 18 flöttu fisk í salt. Vélvæðingu fiskiðnaðarins var lokið í bili árið 1960. En auðvitað er sífelld endurnýjun og aukning í gangi".



Baader-flökunarvél komin í notkun, en með öðru lagði hún grunninn að þeirri miklu framleiðsluaukningu, er varð í hraðfrystihúsum landsins undir lok 6. áratugarins. Fyrstu Baader-vélarnar komu til Íslands haustið 1956.

Benjamín er að vonum mjög ánægður með sinn hlut að þessu máli og telur vélakaupin hafa skipt sköpum um, að Íslendingar gætu hagnýtt fiskafla sinn. „Síðar ræddi ég um vélarnar við mann, sem rak frystihús og hældi afköstum Baader-vélanna. Hann tók undir það en sagði ekki þýðingarminna, að frystihúsin hefðu aldrei getað fengið nógu marga flakara til þess að flaka það magn, sem farið var að framleiða. En ég ætti að geta þess hér að fyrstu vélarnar, sem keyptar voru til frystihúsanna frá Baader, voru roðflettivélarnar. Eftir að flökunarvélarnar komu, fóru menn síðan að kaupa síldarflökunarvélar."

Sjálfstætt gæðaeftirlit SH

Ekki leið á löngu eftir fráhvarf Bergsteins Á. Bergsteinssonar í hið nýja embætti fræðfiskmatsstjóra, þar til SH kom sér upp leiðbeinendum og eftirlitsmönnum. Arnlaugur Sigurjónsson, sem verið hafði starfsmaður fiskiðjuvera í Bandaríkjunum var ráðinn um nokkurt skeið til að kenna fólki að sérpakka fisk fyrir Ameríkumarkað. SH veitti einnig Magnúsi K. Magnússyni styrk til náms í Ameríku. Við heimkomuna tók hann að sér leiðbeiningar og eftirlit. Lét Magnús gera verulegar breytingar á fiskverkuninni, sagði fyrir um pökkunaraðferðir og gerði tillögur um ýmsar breytingar á vinnufyrirkomulagi. Á árinu 1947 fór hann 276 eftirlitsferðir, þar af 72 ferðir að leiðbeina verkstjórum og verkafólki við verkunaraðferðir og vinnufyrirkomulag.

„Þegar frá eru taldar 2 lbs. og 5 lbs. pakkningar þær, sem seldar eru til USA, þá hefur Magnús fundið út eða breytt til hins betra öllum þeim pökkunaraðferðum, sem nú eru notaðar fyrir frystan fisk hér á landi, og hefur ekki aðeins SH notið góðs af þessu heldur einnig SÍS og Fiskiðjuver ríkisins.“[18]

Magnús fór til freðfiskmatsins 1948.

Þegar tekin var upp frysting á karfa um 1950 fór Þorsteinn Gíslason verkfræðingur milli húsa og leiðbeindi mönnum um vinnsluna. Hann fékk líka miklu áorkað um bætt þrif og hreinlæti í húsunum.

Á miðju ári 1952 voru ráðnir tveir eftirlitsmenn, þeir Karl Bjarnason og Guðmundur Jóhannsson. „Hafa þessir menn unnið mikið og þarft verk í þágu vöruvöndunar, en ef vel á að fara verða frystihúsaeigendur fyrst og fremst að standa vel á verði í sambandi við alla vöruvöndun og frágang.“[19]

Fyrst á árinu 1952 var mikil eftirspurn eftir freðfiski og var verðið sérstaklega hagstætt í byrjun ársins. Því miður stóð þetta ekki lengi. Framboð af alls konar fiski varð brátt mjög mikið, samkeppnin harðnaði og síðari hluta ársins lækkaði fiskverð geysimikið og jafnframt dró úr sölumöguleikum. Framleiðsla SH varð mjög mikil þetta ár og urðu miklir erfiðleikar á sölu hennar. „Minnkandi eftirspurn og lækkandi verð var einkennandi fyrir seinni hluta ársins. Til viðbótar þessu komu svo kvartanir frá hinum ýmsu kaupendum ásamt skaðabótakröfum. Er þetta svartur blettur í sögu freðfiskframleiðslunnar, sem aldrei má koma fyrir aftur.“[20]

En þrátt fyrir allar viðvaranir og eftirlit hallaði fremur á ógæfuhliðina á næstu árum. Kom þar ýmislegt til. Á þessum árum gerist „karfaævintýrið“. Markaður opnaðist fyrir karfa í Bandaríkjunum um 1950 og eftir að samningar tókust við Sovétríkin 1953 kom í ljós, að Sovétmenn tóku karfann jafnvel fram yfir þorskinn. Vegna löndunarbanns Breta þurftu togararnir að snúa sér að öðrum veiðum og leituðu í karfann. Fundust á næstu árum geysiauðug mið hér við land, Grænland og síðan Nýfundnaland. Voru togararnir iðulega ekki nema nokkra sólarhringa að fylla sig, en siglingin löng og ísun oft áfátt, einkum á þeim afla sem var á dekki. Áttu eftirlitsmenn SH oft í deilum við útgerðarmenn, sem að sjálfsögðu lögðu allt kapp á að frysta aflann og margfalda þannig verðmætið. Einnig áttu frystihúsin oft í erfiðleikum með að koma stórum togaraförmum í gegn hjá sér í tæka tíð.

Samtímis þessu varð sú þróun hjá bátaflotanum að netanotkun stórjókst. Á aðalfundi 1959 gerir formaðurinn þessa þróun að umtalsefni og segir að sennilega hafi aldrei komið á land eins lélegt hráefni og á undangenginni vertíð og kennir um hinni takmarkalausu notkun á netum og almennt slæmri meðferð á fiskinum, orðið sé úrelt að tala um næturgamlan eða tveggja nátta fisk. Bátarnir hafi slíkan fjölda neta í sjó, að þeir komist aldrei yfir að draga nema hluta af þeim. Við þetta bætist að hreinlæti um borð í bátunum er mjög ábótavant og meðferð á fiskinum slæm. Kaupendur kvarti undan slagvatnsskemmdum í blokkum, verðið lækki, salan dragist saman og hætti í sumum tilfellum alveg.

Enn er hnykkt á þessu skelfilega ástandi á aðalfundi SH 1960. Í skýrslu stjórnar er fullyrt, að á undangenginni vertíð hafi oft komið fyrir að einungis 5 til 10% af aflanum hafi verið frystingarhæft, og stundum hafi frystihúsin engan fisk fengið, sem hæfur var til frystingar. Það sé næsta víst, að eins og hráefnið sé í dag, um leið og markaðirnir geri sívaxandi og harðari kröfur, þá sé enginn starfsgrundvöllur fyrir frystihúsin. Nú verði að taka upp alveg nýjar aðferðir við veiðarnar og alla meðferð aflans, þangað til hann sé fullunninn í frost.



Vestfirskur trillukarl gerir að afla. Engin áhöld voru um það að handfæra- og línubátarnir færðu besta fiskinn að landi. Togarafiskurinn aftur á móti hafði verið svo slæmur að á fyrri huta 6. áratugarins var það rætt í fullri alvöru að leggja bann við frystingu hans. Þær raddir þögnuðu þó áður en áratugurinn var á enda runninn. Netafiskurinn hafði löngum þótt ágætis hráefni fyrir frystihúsin en þegar leið á 6. áratuginn versnaði meðferð hans. Á aðalfundi SH 1957 spunnust um þetta nokkrar umræður. Guðmundur Einarsson, frá Hraðfrystihúsinu á Stokkseyri, gagnrýndi notkun nælonneta „ . . . því að það er óhætt að segja, að það var betra hér á árunum á meðan hampnetin voru notuð að fá tveggja nátta fisk úr þeim heldur en næturgamlan úr nylonnetum.“ Árið eftir lifnaði þessi umræða aftur á aðalfundi SH og bar Einar Sigurðsson, Vestmannaeyjum, í bætifláka fyrir netafiskinn. Ef hann er ekki eldri en einnar nætur þá er hann ágætur til frystingar, var skoðun Einars, enda giskaði hann á að helmingur allra tekna þjóðarinnar af freðfiski væri tilkominn vegna sölu á netafiski.

Stuðlað að hugarfarsbyltingu

Forráðamönnum sölusamtakanna var ljóst að algerrar hugarfarsbyltingar var þörf, ef viðvarandi lagfæringar ættu að nást á þessu ástandi. Bundust þau meðal annars samkomulagi um að hefja áróður fyrir bættri meðferð fisksins og voru tveir þjóðkunnir útvarpsmenn, þeir Thorolf Smith og Stefán Jónsson, fréttamenn, fengnir til að flytja vikulegan þátt í útvarpið „Um fiskinn“. Vöktu þættir þessir gífurlega athygli, og varð nú vöndun fiskafurða á allra vörum og rædd kappsamlega í blöðum, og öðrum þáttum í útvarpinu.

Þegar svonefnd Ferskfisknefnd hætti eftirliti með fiskibátum í lok vertíðar 1959, ákvað SH að halda áfram eftirliti með þeim bátum sem fiskuðu fyrir frystihús innan vébanda hennar. Unnu þrír menn að þessu að staðaldri frá því í september: Ólafur Kristjánsson, Sigurður Kristjánsson og Sigurður Þorleifsson. Gerðu þessir starfsmenn kerfisbundnar athuganir á öllum bátum, þar sem farið var yfir ásig-



Landað úr trillu á Suðureyri en smábátar eins og myndin sýnir sáu Fiskiðjunni Freyju fyrir nægu hráefni vor, sumar og haust. Á aðalfundi SH 1958 ræddu menn ákaft um leiðir til að bæta meðferð aflans. Einar Sigurðsson, sem var venjulega laus við alla feimni í ræðustól, kvaddi sér þá hljóðs en var greinilega hikandi, aldrei þessu vant. Hann kvaðst hafa hugmynd. „Ég skal náttúrulega játa það, að hún er dálítið róttæk." Í hnotskurn var tillaga Einars sú, að í stað þess að banna alla löndun fisks sem ekki væri í kössum, líkt og Norðmenn gerðu, skyldi greitt einhverjum aurum meira fyrir fisk „ . . . ef hann væri látinn í kassa strax og hann er veiddur um borð í skipunum og ísaður og vandaður þannig." Kannski myndi þetta duga til þess að skipin fengjust til að koma sér upp alúmíníum-kassasetti, var von Einars.

komulag þeirra og reyndist það mjög slæmt. Var síðan öllum útgerðarmönnum skrifað og tilkynnt, að sölusamtökin mundu banna frystihúsunum að taka fisk af þeim bátum, sem væru þannig, að hætt væri við að fiskur skemmdist í þeim. Hlutu þessi tilmæli yfirleitt góðar undirtektir. Við upphaf vertíðar 1960 voru allir bátarnir síðan skoðaðir aftur og voru það aðeins sárafáir bátar, sem settir voru í bann.

Í ársbyrjun 1960 var svo sett á stofn bátaeftirlit í samvinnu við SÍS undir yfirumsjón Ólafs Kristjánssonar og ráðnir 8 fastir bátaeftirlitsmenn í öllum helstu verstöðvum og lausráðnir menn á nokkrum stöðum til viðbótar.

Auk þessa átaks til að bæta ásigkomulagið um borð í fiskiskipunum efldi SH mjög framleiðslueftirlitið með húsunum og störfuðu 6 til 8 eftirlitsmenn á hennar vegum. Var nú komið á daglegu eftirliti með framleiðslunni og settar reglur um að skoða skyldi ákveðna hundraðshluta allrar framleiðslunnar, 3% af öllum pakkningum nema blokkum, en af blokkunum 10%.

Einnig var á þessu ári komið á samstarfi við Rannsóknarstofu Fiskifélags Íslands um svokallaðar T.M.A. mælingar, sem um nokkurra ára skeið höfðu verið notaðar af fiskiðnaðinum í Kanada sem aðferð til að mæla gæði fiskflaka þar í landi. Eftir-

litsmenn SH sáu um að taka sýnishorn, og kæmi eitthvað óvenjulegt í ljós við mælinguna, tóku þeir til uppþíðingar fisk frá viðkomandi tímabili til að sannreyna, hvort um lélegt hráefni væri að ræða.

Enn er það ítrekað á aðalfundinum 1960 að miklar kvartanir hafi borist vegna blokkaframleiðslu ársins 1959 og ber þar hæst slagvatnsskemmdir í fiskinum. Varð nauðsynlegt að fara í gegnum blokkirnar og taka frá þær blokkir, sem sýnilega voru skemmdar af slagvatni. Var þetta mikið verk og kostnaðarsamt fyrir frystihúsin. Auk þess hafa kvartanir um orma og bein í flökunum farið ört vaxandi og brýnt fyrir mönnum að lausn verði að finna á þessu vandamáli.

Hringormavandinn

Eins og fram kom hér að framan fór yfirleitt mjög gott orð af íslenska freðfiskinum, og á stríðsárunum var hann talinn bera af þeim frysta fiski, sem til Bretlands kom frá Kanada og Nýfundnalandi. Fljótlega fóru þó að berast ýmiss konar kvartanir. Nauðsynlegt er þó að gera sér grein fyrir því, að þegar verðlag er hátt og sala gengur greiðlega, er mjög lítið um kvartanir. Þegar birgðir eru miklar, verðlag fer lækkandi og slaknar á sölu, nota kaupendur öll ráð til að losna undan skuldbindingum sínum, eða fá fram afslætti eða sérsamninga vegna tiltekinna galla í vörunni. Þegar óvenju margar og alvarlegar kvartanir berast, segir það því stundum meira um markaðinn heldur en að skyndileg breyting hafi átt sér stað til minni vöruvöndunar. Þannig notuðu sovéskir samningamenn oft það bragð að kvarta mjög undan göllum, ef kröfur voru uppi af Íslands hálfu um hækkað verð.

SH hefur samt alltaf tekið allar kvartanir kaupenda mjög alvarlega og reynt frá upphafi að búa svo um hnútana, að alla galla mætti tiltölulega auðveldlega rekja til uppruna síns, jafnvel til einstakra starfsmanna ákveðinna frystihúsa. Jafnframt hefur stjórnin haft fullar heimildir til að verðfella gallaða vöru eða láta viðkomandi frystihús bera að fullu það tjón, sem gallarnir hafa valdið.

Á aðalfundinum 1947 rakti Jón Gunnarsson ákveðna galla, sem kaupendur í Bandaríkjunum hefðu kvartað undan árið á undan: „Það er algengt, að flökin séu ekki rétt skorin og í þeim séu bein og blóðblettir.“ Má segja að fyrstu áratugina meðan frystihúsavinnan var árstíðabundin og meginhluti starfseminnar fór fram á 3-4 mánuðum (febrúar/maí) hafi framleiðslan liðið fyrir óstöðugleika vinnuaflsins. Með þessu móti hélst frystihúsunum ekki á sérhæfðu vinnuafli og verkstjórn var oft og víða stórlega ábótavant. Mikið vantaði líka á skilning verkafólksins á kröfum neytenda erlendis. Sömu mistökin voru því að endurtaka sig ár eftir ár, einkum þegar saman fór mikill afli samfara þenslu í öðrum atvinnugreinum og skorti á vinnuafli.

Á þessum fundi skýrir Jón líka frá því að stór kaupandi, ameríski herinn, hafi farið í gegnum allan farm Brúarfoss, sem komið hafði til Ameríku rétt fyrir jólin 1946 og fundið ótrúlegt magn af ormum í þeim fiski. Notaði herinn þetta til að rifta kaupum á farminum. Hafa má í huga að um þetta leyti var kjötframleiðsla í Bandaríkjunum aftur að komast í samt horf eftir stríðið og verð lækkandi á landbúnaðarafurðum. Má því vera að herinn hafi einfaldlega viljað losna undan kaupsamningnum. Til þess bendir sú staðreynd, að við fyrra farmi Brúarfoss hafði herinn tekið með mikilli ánægju. Var þó að verulegu leyti um að ræða framleiðslu sömu frystihúsa og í þessari jólaferð skipsins.

Jón Gunnarsson minnist einnig á kvartanir um uppþornun, stundum kallað innþornun, sem hann telur að koma megi í veg fyrir með nógu góðum umbúðum.



Ormar voru verulegt vandamál í fiski, hvort heldur hann fór á Sovétmarkað eða þann bandaríska. Hvorki rússneskir né bandarískir neytendur voru álíka umburðarlyndir og breskir sem kipptu sér lítið upp við það þó að einn og einn ormur slæddist á matardiskinn með fiskinum. Það var ekki fyrr en ljósaborðin komu til Íslands um 1950 að markviss ormahreinsun gat hafist. Myndin sýnir fiskvinnslukonur að störfum við ljósaborð. Áður en þau komu til sögunnar var ekki á annað að treysta við ormaleitina en haukfrána sjón fiskvinnslukvennanna.

Enn ber sumt af fiskinum þess merki að slaknað hafi á honum, hann þiðnað og frosið aftur. Við það tapi sellófanið gljáa og ísmolar myndist í öskjunum. Allt geti þetta orðið til að draga úr sölu, enda séu Kanadamenn og Nýfundnalendingar að komast fram úr okkur í vöruvöndun og pökkun.

Á aðalfundi 1948 telur Jón hins vegar, að eftirspurn eftir íslenska fiskinum í Ameríku fari sífellt vaxandi. Telja amerísku húsmæðurnar gæði fisksins með afbrigðum. Þó tekur hann það sérstaklega fram í sambandi við þennan markað, að allveruleg brögð hafi verið að því, að ormar hafi verið í fiskinum og verði nú þegar að gera ráðstafanir til þess að fyrirbyggja að fiskflök með ormum verði send á erlenda markaði og þá sérstaklega til Ameríku. Má segja að baráttan við hringormana hafi hafist strax á þessum árum og staðið stöðugt síðan. Fyrst í stað var engin hjálpartæki að fá til þessarar iðju. Verkafólkið varð að sjá ormana berum augum við flökunina. Fljótlega eftir þessa ádrepu Jóns Gunnarssonar komu fyrstu ljósaborðin. Voru flökin þá lögð ofan á upplýstan flöt og gegnumlýst og reynt að fjarlægja alla orma. Miklar tæknilegar framfarir áttu sér stað í áranna rás í þróun ljóstækni við þetta verk. En það breytti því ekki að þetta hefur alla tíð verið nostursöm handavinna, tímafrek og dýr. Endanleg lausn á þessu vandamáli verður sennilega ekki fundin fyrr en ormatínslan hefur verið fullkomlega vélvædd: Vélmenni notuð til að finna ormana og fjarlægja þá. Hefur verið unnið að þessari lausn víða á síðustu árum, en án viðunandi árangurs enn sem komið er.

Tæknideild

Frá stofnun SH hefur forráðamönnum hennar verið ljóst, að æskilegt væri að starfandi væri á vegum samtakanna sérfrótt starfslið á sviðum tækni og vélabúnaðar. Annaðist Björgvin Frederiksen þetta í upphafi. Á árinu 1945 var svo Gísli Hermannsson véla-verkfræðingur ráðinn til Sölumiðstöðvarinnar og skyldi annast tæknilegar leiðbeiningar við frystihúsin og teikningar og skipulag húsanna. Um tíma hafði hann yfirumsjón með innkaupum á umbúðum og öðrum aðföngum. Gísli starfaði hjá SH í áratugi og annaðist fjölþætt störf á skrifstofu SH auk verkfræðistarfanna. Var hann löngum einn helsti tölfræðingur samtakanna, annaðist útreikninga á framleiðslukostnaði, sem lagðir voru til grundvallar hugmyndum um afurðaverð, og til hans jafnan leitað af opinberum aðilum í sambandi við fiskverðsákvarðanir og uppbyggingu uppbótakerfisins.

Í lok ársins 1948 var svo Þorsteinn Gíslason verkfræðingur ráðinn til SH og vann hann einkum við uppsetningar, breytingar og endurbætur á frystikerfum og annaðist hönnun á færiböndum og vinnslukerfum í frystihúsunum almennt. Gekk hann líka hart fram við endurbætur á hreinlætismenningu, sem víða var mjög ábótavant á þessum árum.

Þetta var á mestu velmektardögum Fjárhagsráðs og þurfti að leita til opinberra yfirvalda um leyfi fyrir hvers konar fjárfestingum. Þótt frystihúsin öfluðu stórs hluta gjaldeyristekna samfélagsins reyndist oft örðugt og seinlegt að fá leyfi fyrir nýjungum í tæknibúnaði. Til er frásögn Þorsteins Gíslasonar af endurbyggingu vinnslusalar í hraðfrystihúsi Haraldar Böðvarssonar á Akranesi og gefur hún glögga mynd af andrúmslofti þessara tíma um miðja öldina.

Eldur hafði komið upp í frystihúsinu á Akranesi og vildu þeir feðgar, Haraldur og Sturlaugur, endurbyggja salinn í hvelli með öllum nýjustu vinnsluaðferðum og færibandakerfi, sem gæti aukið afköst og sparað framleiðslukostnað. Höfðu þeir einkum í huga að hægt væri með hagkvæmum hætti að framleiða þarna fyrir Bandaríkjamarkað í eins punds pakkningum. Endurbyggingin þurfti að ganga mjög hratt fyrir sig. En helsta vandamálið var það að sáralítið efni var hægt að fá hér á landi, sem hæft var til þess að byggja nýtísku færibandakerfi og tilgangslaust að leita að nokkru, sem líktist áli, hvað þá heldur ryðfríu stáli. Þorsteinn brá á það ráð að afla stórs hluta efnisins í brotajárnshaugum á Akranesi og lét síðan smíða allar grindur fyrir færiböndin úr timbri, sem síðan var vandlega málað með hvítri glansmálningu svo að fullkomið hreinlæti væri mögulegt. Þegar færiböndin voru öll tilbúin var tæplega hægt að ganga um vinnusalinn, svo að byggja þurfti brýr yfir færiböndin á nokkrum stöðum. Fór svo, þrátt fyrir efnishrakið, að salurinn var tilbúinn til notkunar 20 dögum eftir að smíði vinnslukerfisins hófst.

Svo vel tókst til, þrátt fyrir að allt væri þetta smíðað af vanefnum og klambrað saman í flýti, að frystihús þeirra feðga á Akranesi, varð oftast fyrir valinu, þegar sýna þurfti erlendum viðskiptaaðilum fyrirmyndarfrystihús með nýtískubrag. Kom þar auðvitað líka til að eigendurnir sköruðu fram úr í skilningi sínum á hreinlæti og góðum framleiðsluaðferðum. Þetta dæmi sýnir þó við hvaða erfiðleika var að etja á þessum haftaárum, ef stjórnendur eða eigendur húsanna vildu búa húsin í samræmi við kröfur tímans.

Um þetta leyti gera menn sér grein fyrir því að afköst kælivéla voru að verða ófullnægjandi miðað við önnur afköst húsanna.

Árið 1952 ferðaðist Bjarni Guðjónsson vélfræðingur milli húsanna til að endurbæta og gera við vélakost þeirra. Skilaði þetta miklum og góðum árangri og varð stöðugur þáttur í þjónustu SH við frystihúsin upp frá því.



Úr hraðfrystihúsi Haraldar Böðvarssonar á Akranesi um 1950. Frystihús þeirra feðga, Haraldar og Sturlaugs, þótti til mikillar fyrirmyndar og varð oftast fyrir valinu þegar útlendingum var boðið að skoða íslenskt hraðfrystihús.

Vinnuafl

Eins og áður er getið var vinnuaflsskortur oft húsunum fjötur um fót. Megnið af framleiðslunni féll til á vetrarvertíð og þurfti þá að koma miklu magni í gegnum húsin á stuttum tíma. Meðan fiskurinn var handflakaður var oft mikill skortur á æfðum flökurum og yfirleitt var erfitt að koma sér upp sérhæfðu vinnuafli. Nokkuð rættist úr þessu þegar flökunarvélarnar komu um miðjan sjötta áratuginn. Síðan hefur vélvæðingin aukist jafnt og þétt og smám saman leyst af hólmi flest erfiðustu störfin. Þó voru fengnir hingað breskir handflakarar á vegum SH til að kenna vinnubrögð (1960).

Þótt fiskvinnsla hafi lengst af verið burðarásinn í íslensku samfélagi hafa störf í frystihúsunum aldrei verið eftirsótt. Á þenslutímum í þjóðfélaginu hefur vinnuaflið leitað í flestar aðrar greinar á undan fiskvinnslunni.

Á aðalfundi 1959 gerði formaður SH þetta að umtalsefni. Þá hefur um árabil verið verulegur skortur á vinnuafli, sem hefur háð mjög starfsemi sjávarútvegsins og vinnslustöðvanna. Reynt hefur verið að leysa þennan vanda með því að fá bæði karla og konur frá Færeyjum til að vinna við útflutningsframleiðslu. Þetta er þó engin framtíðarlausn og að mörgu leyti vafasöm þar sem greiða verður þessu fólki að mestu leyti í erlendum gjaldeyri.

Á sumrin fá frystihúsin mikið af skólafólki til vinnu, en samfara því eru einnig ýmis vandamál. Mest af þessu fólki eru unglingar á aldrinum 12 til 16 ára, sem eru óvanir frystihúsavinnu og svo byrja skólarnir aftur í október. Haustið 1958 olli þetta stórkostlegum erfiðleikum hjá frystihúsunum og lamaði að miklu leyti framleiðslugetu þeirra. SH átti þá tal um þessi mál við fræðslumálastjórann, skrifaði menntamálaráðherra og ræddi við Fræðsluráð Reykjavíkur. Árangurinn var sá að



Síldin lögð í pönnur til frystingar. Iðulega hefur skortur á vinnuafli aukið á áhyggjur frystihúsmanna og var þó ekki á þær bætandi. Á aðalfundi SH 1957 var þetta mál rætt af miklum hita. Guðmundur Einarsson, Stokkseyri, sagðist gína yfir hverjum vinnufærum manni, svo fremi hann gæti skriðið. En baráttan væri hörð, verkafólkið vildi frekar upp í Sog, í símavinnu eða í mjólkurbúið, svo ekki væri nú minnst á Keflavíkurflugvöll. Fullyrti Guðmundur að sjávarútvegurinn hefði meira og minna lamast ef ekki hefðu fengist útlendingar til að ganga í þessi störf sem Íslendingar fúlsuðu við. Nú væri ekki um annað að ræða en að ríkisstjórnin drægi úr framkvæmdagleði sinni, var skoðun Guðmundar. „Ellegar það verður bara að hleypa inn í landið ótakmörkuðu magni af útlendingum."

þeir, sem vildu vinna, fengu leyfi til þess um óákveðinn tíma. Þriðja bekk Gagnfræðaskóla verknáms í Reykjavík var alveg lokað í hálfan mánuð og síðan var 4. bekk lokað í hálfa aðra viku. Fyrir þennan tíma fengu þessir nemendur greiddar 580.000 krónur í vinnulaun.

Fram kemur líka að SH hefur um nokkur undanfarin ár haft milligöngu um ráðningu stúlkna frá Færeyjum og höfðu í byrjun vertíðar 1959 borist óskir um meira en 200 stúlkur, en ekki tókst þá alveg að anna eftirspurn. Vestfirðir og Breiðafjörður urðu útundan.

Áraskipti hafa verið að því hversu auðvelt er að fá fólk til starfa í fiskiðnaðinum. Þegar velmegun hefur breiðst út um þjóðfélagið hefur fólk flúið fiskvinnsluna og leitað til annarra starfa. Því hefur vinnslunni oft verið haldið uppi meira eða minna með erlendu vinnuafli. Hafa þá einstök frystihús séð um þá útvegun starfsfólks í samráði við verkalýðsfélögin á staðnum, sem lögum samkvæmt verða að samþykkja umsóknir um atvinnuleyfi. Á 8. og 9. áratugnum voru áberandi í þeim hópi námsmenn frá Ástralíu og Nýja-Sjálandi, Afríku og Ísrael, en hin síðari ár hefur fólk frá fyrrverandi kommúnistaríkjum Austur-Evrópu fjölmennt hingað í fiskvinnsluna. Mörg pláss út um land hafa því á sér alþjóðlegt yfirbragð á vetrarvertíð og er stundum sérkennilegt að líta yfir vinnslusalina, þar sem vinnur hlið við hlið fólk af fjölskrúðugum litarháttum.

Utanríkisþjónustan og afurðasalan

Hið hagstæða afurðaverð á stríðsárunum ásamt miklum gjaldeyrisinnkaupum, sem stöfuðu af dvöl hinna erlendu herja er hér voru frá því í maí 1940, gerbreyttu á skömmum tíma gjaldeyrisstöðu landsmanna. Í árslok 1939 var nettóskuld gjaldeyrisbankanna tveggja í erlendum gjaldeyri 12,4 milljónir króna, en þegar á árinu 1940 hafði staðan batnað svo að í árslok það ár var nettóinneign 59,6 milljónir króna. Við lok styrjaldarinnar, eða í júní 1945, nam þessi inneign 580,5 milljónum króna.

Það voru þessar inneignir sem stóðu undir framkvæmdum á vegum nýsköpunarstjórnarinnar, sem setti sér það mark að endurnýja fiskiskipastólinn, byggja nýjar síldarverksmiðjur og gera aðrar ráðstafanir til alhliða endurnýjunar og aukningar framleiðslutækja landsmanna.

Í stríðslokin stóðu málin því þannig, að Íslendingar höfðu byggt upp óhemju frystigetu, en allt var í óvissu um markaðina fyrir þá vöru, þegar stríðsástandinu linnti, þjóðirnar hæfu að byggja upp fiskveiðiflota sína að nýju og kappkosta að sjá sínu fólki fyrir ferskum fiski.

Miðstýring

Þegar ófriðnum lauk í Evrópu einkenndust flestir eða allir markaðir í Evrópu áfram af því sérkennilega ástandi, sem fylgdi í kjölfar stríðseyðileggingarinnar og ringulreiðarinnar. Innflutningur var almennt miðstýrður og honum varð að mæta með miðstýrðum útflutningi. Aðeins Bandaríkin höfðu frystikeðju, sem var samfelld frá framleiðanda til neytanda. Á meginlandi Evrópu vantaði hana með öllu. Þannig að þótt íbúar meginlandsins væru í brýnni þörf fyrir hvers konar matvæli – bæði almennir borgarar og herir sigurvegaranna – var ekki einfalt að brúa bilið milli framleiðandans og neytandans. Höft, kvótar og vöruskipti settu svip sinn á milliríkjaverslunina. Skráð gengi gjaldmiðla var óraunhæft.

Hér fékk hin unga utanríkisþjónusta hins nýstofnaða íslenska lýðveldis stórt hlutverk. Meginviðfangsefni hennar á þessum fyrstu árum var að koma á og viðhalda viðskiptasamningum við hin ýmsu ríki, en í sumum tilfellum líka að sjá um beinar sölur. Frá upphafi voru flest íslensku sendiráðin mjög virk í þessu starfi og margir sendiherranna mikilvirkir viðskiptafulltrúar landsins.

Þegar í ljós kom að Sovétmenn voru reiðubúnir til að bregðast með einhverjum hætti við herstöðvabeiðni Bandaríkjanna hér á landi eftir stríðið, var tækifærið strax hagnýtt til að koma á viðskiptum við Sovétríkin (sjá kaflann um Sovétviðskiptin). Árin 1946 og 1947 nam framleiðsla frystihúsa SH um 25 þúsund tonnum hvort árið. Fyrra árið seldust til Sovétríkjanna 13,7 þúsund tonn eða nær 55% af framleiðslunni. Seinna árið 7.300 tonn, enda brást síldveiðin það árið og illa gekk að uppfylla skilyrði um afgreiðslu á síldarolíu fyrir hvert tonn af freðfiski sem Sovétmenn keyptu.

Árið eftir datt svo botninn úr þessum viðskiptum við Sovétmenn (sbr. kafla um viðskiptin við Sovétríkin).

Erfiðleikar á Evrópumarkaði

Þegar kom fram á árið 1947 gekk mjög erfiðlega að ná viðskiptasamningum og tveir stórir samningar um 12.000 tonna sölu til Bretlands og 10.000 tonna sölu til

Sovétríkjanna voru skilyrtir við ákveðið hlutfallsmagn af lýsi. Þegar síldarvertíðin brást þriðja árið í röð misstu menn því af 5.000 tonna sölu til þessara tveggja landa miðað við samninga.

Við þessar aðstæður varð það mikið áfall, þegar Rússar hættu fyrirvaralaust öllum kaupum á árinu 1948. Seint á árinu 1948 voru í landinu miklar birgðir af frystum fiski, sem erfitt reyndist að selja á því verði sem ríkið hafði ábyrgst framleiðendum. Það var ekki fyrr en í október það ár, sem úr þessu rættist með því að Efnahagssamvinnustjórnin (Economic Co-operation Administration – ECA) í Washington keypti 6.800 tonn til Vestur-Þýskalands, þannig að íslenska ríkisstjórnin legði stjórnvöldum Vestur-Þýskalands til greiðsluna í íslenskum gjaldmiðli en fengi mótvirðið endurgreitt í dollurum (svonefnt skilorðsbundið Marshallframlag). Þessi tegund aðstoðar féll niður þegar Greiðslubandalag Evrópu (European Payment Union) var stofnað 1950.

Efnahagssamvinnustjórnin -ECA- var yfirstjórn svonefndrar Marshall-aðstoðar, sem að frumkvæði Bandaríkjanna var komið á á árunum 1947-'48, og tók til 16 Vestur-Evrópuríkja og hernámssvæða Breta, Frakka og Bandaríkjamanna í Vestur-Þýskalandi.

Marshallaðstoð – endurreisn

Marshallaðstoðin var kórónan á því alþjóðasamstarfi sem hafið var í stríðslokin um uppbyggingu atvinnulífs og viðskipta eftir stríðið. Ýmsir telja hana með ánægjulegustu stórviðburðum 20. aldar. Þetta starf hófst með undirbúningi að stofnun Matvæla- og landbúnaðarstofnunarinnar í Hot Springs í Virginíu í maí 1943. Svo vildi til að aðalfundur SH stóð yfir á sama tíma og vakti einn fundarmanna, Axel Kristjánsson, athygli á því að daginn eftir hæfist ráðstefna í Hot Springs um úthlutun matvæla eftir stríðið, en ókunnugt væri um hvað íslensk stjórnvöld hefðu gert til að kynna hvað Ísland gæti lagt fram í þessum efnum. Í júlí 1944 var haldin ráðstefna í Bretton Woods, New Hampshire, sem leiddi til stofnunar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans. Stofnskrár þessara þriggja stofnana voru undirritaðar í október 1945. Við þetta má bæta láns- og leiguhjálpinni, sem hafin var 1941 en lauk raunar í ágúst 1945 og Ísland naut góðs af á stríðsárunum. En nú var svo komið að dollaraforði og lántökuheimildir Vestur-Evrópuþjóða í Bandaríkjunum voru við það að verða uppurin. Við blasti ógnvænleg gjaldeyriskreppa, sem skekið hefði hagkerfi þjóðanna niður í grunn og valdið upplausn og allsherjar glundroða í milliríkjaviðskiptum. Hugmynd Marshalls var sett fram til að afstýra þessari kreppu og hlaut strax góðan hljómgrunn í Vestur-Evrópu. Austurblokkin virtist í fyrstu reiðubúin til þátttöku, en síðan sá Stalín sig um hönd og fann áætluninni allt til foráttu. Upp úr Marshall-hjálpinni spratt svo Evrópska Efnahagssamvinnustofnunin (OEEC, Organization for European Economic Co-operation – síðar OECD). Áætlað var að að veita 19,3 milljörðum dollara í styrki næstu fjögur ár, sem þó var minnkað í 17 milljarða. Með þessari innspýtingu dollara átti að ná efnahag Vestur-Evrópuríkjanna á fjórum árum á svipað stig og verið hafði á árunum fyrir stríð, sem þó voru kreppuár eins og kunnugt er.

Með Marshallhjálpinni var lagður grunnurinn að náinni efnahagssamvinnu Vestur-Evrópuríkjanna, sem síðar leiddi til stofnunar viðskiptabandalaganna EFTA og EEC.

Marshallmilljarðarnir sköpuðu undrafljótt trú og traust í Vestur-Evrópu. Kreppustemmningin vék fljótt fyrir nýrri uppsveiflu. Framleiðslan jókst hröðum



Árið 1957 hafði SH forgöngu um að fá tvo Svía til að vinna kvikmynd í lit um frystiiðnaðinn á Íslandi og veiðar. Af þessu tilefni kom stjórn SH saman ásamt forseta Íslands, Sturlaugi Böðvarssyni og Birni Halldórssyni. Talið frá vinstri; Elías Þorsteinsson, Jón Gíslason, herra Ásgeir Ásgeirsson, forseti Íslands, Sturlaugur Böðvarsson, Björn Halldórsson, á bak við Ólaf Þórðarson, Einar Sigurðsson og Sigurður Ágústsson. Markmiðið með kvikmyndagerðinni var að treysta ímynd Íslands sem fiskveiðiþjóðar á alþjóðlegum vettvangi.

skrefum, verðlag og laun hækkuðu. Viðskiptahöft milli landa véku smátt og smátt. Frakkland var þó þar undantekningin. Tollapólitík Frakka var hrikalegt dæmi um það hvernig einstök lönd reyndu að beina burt allri samkeppni. Datt þar niður sá markaður, sem við höfðum reynt að vinna fyrir freðfisk. Eins fór fyrir norska keppinautnum Frionor.

Alþjóðasamstarf – OEEC

Fyrstu árin var mikilvægasta verkefni OEEC að gera tillögur um það hvernig fjárframlögunum frá Bandaríkjunum skyldi skipt. En jafnframt var unnið að því að koma á nánara efnahagssamstarfi milli aðildarríkjanna. Hinn 1. október 1948 tók gildi sérstakt gjaldeyrisgreiðslukerfi (Intra-Euoropean Payment Scheme). Var nokkrum hluta af fjárhagsaðstoðinni varið til að greiða fyrir viðskiptum milli aðildarríkjanna, m.a. með því að draga úr viðskipta- og gjaldeyrishömlum. Árið 1950 var þetta gjaldeyrisgreiðslukerfi leyst af hólmi með Greiðslubandalagi Evrópu (European Payments Union – EPU). Stofnframlag frá Bandaríkjunum var 350 milljónir dollara. Með þessum samningi var komið á marghliða greiðslukerfi OEEC-ríkja, sem gerði tvíhliða jafnkeypissamninga milli þeirra óþarfa. Jafnframt var þeim ríkjum, sem höfðu greiðsluhalla við önnur OEEC-ríki, gert kleift að fá lán hjá Greiðslubandalaginu, sem samið var um fyrir hvert land. Verulegum hluta af framlagi Bandaríkjanna til Íslands, 15.500.000 dollurum af 38.650.000 dollara heildaraðstoð, var úthlutað í gegnum Greiðslubandalagið til að gera Íslandi kleift að flytja inn vörur frá Evrópulöndum. Greiðslubandalag Evrópu starfaði fram til 1958 en þá tók við Gjaldeyrissamningur Evrópu (European Monetary Agreement).

Þátttaka Íslendinga

Upphaflega var ekki gert ráð fyrir að Ísland óskaði eftir efnahagsaðstoð heldur var ætlunin með þátttöku í Evrópusamvinnunni að greiða fyrir sölu á íslenskum afurðum. En þessi afstaða breyttist og bar ýmislegt til. Efnahagslífið var að ýmsu leyti úr skorðum gengið vegna styrjaldarinnar. Íslendingum var mikil nauðsyn á aukinni fjölbreytni í atvinnuvegum og þegar kom fram á árið 1948 var genginn til þurrðar sá gjaldeyrisforði sem safnast hafði á stríðsárunum og notaður hafði verið að verulegu leyti til að endurnýja fiskiskipaflotann. Aukna erfiðleika leiddi af því að síldveiðin við Norðurland brást sumar eftir sumar og þorskafli báta var lélegur. Ríkisstjórnin ákvað því í samráði við utanríkismálanefnd að gerast aðili að efnahagssamstarfinu og gera samning við Bandaríkin um efnahagssamvinnu.

Einn af frumherjum utanríkisþjónustunnar á viðskiptasviðinu, Þórhallur Ásgeirsson, komst svo að orði í grein um Marshallaðstoðina:

„Marshallaðstoðin hafði gífurlega þýðingu fyrir íslenskt efnahagslíf og alla afkomu landsmanna á árunum 1949-1953. Þetta voru erfið ár sérstaklega fyrstu tvö árin – stöðugt síldarleysi, þorskafli báta lélegur og verslunarkjörin gagnvart útlöndum óhagstæð. En þjóðin fann ekki nema lítið fyrir erfiðleikunum vegna Marshallaðstoðarinnar . . . Hún hjálpaði þjóðinni að komast klakklaust yfir erfiðasta hjalla eftirstríðsáranna."

Milliríkjasamningar

Segja má að í mörg ár eftir stríðið hafi það verið meginvandinn í útflutningsmálunum að finna markaði þar sem nægilega hátt verð fengist fyrir frystan fisk. Hraðfrystihúsunum hafði fjölgað mjög ört á stríðsárunum og á árunum eftir stríðið (úr 64 1945 í 79 árið 1952) og afkastagetan aukist gífurlega.

Fyrstu árin eftir styrjöldina voru ríkjasamningar víðast hvar nauðsynlegt skilyrði fyrir milliríkjaverslun. Um 1950 fór þó að draga úr ríkisafskiptum af utanríkisversluninni í Vestur-Evrópu fyrir áhrif frá ofangreindu efnahagssamstarfi ríkjanna. Allur matvælainnflutningur í Bretlandi á vegum ríkisins hætti árið 1950. Viðskiptasamningar voru þó áfram nauðsynlegir við Austur-Evrópuríkin og nokkur önnur ríki.

Fyrsta áratuginn frá styrjaldarlokum var meginreglan þó sú, að allur útflutningur til meginlands Evrópu gat aðeins farið fram á grundvelli viðskiptasamninga milli ríkisstjórna. Flestir þessara viðskiptasamninga byggðust á jafnkeypisskilmálum. Þess vegna var það mun mikilvægara en ella hefði verið að Íslendingar öfluðu sér öruggrar táfestu á Bandaríkjamarkaðnum. Dollararnir, sem þar fengust, voru til frjálsrar ráðstöfunar.

Þörfin fyrir matvæli var hvergi brýnni en í löndum Evrópu, en greiðslugeta engin nema með eigin framleiðsluvörum. Var því nauðsynlegt að beina íslenskum vörukaupum til þessara landa, eftir því sem unnt var með innflutnings- og gjaldeyrisleyfum. Jafnkeypissamningarnir greiddu ekki aðeins fyrir sölu á íslenskum afurðum heldur fólu einnig í sér skuldbindingar um vörukaup á móti, sem ekki voru alltaf hagstæð eða vinsæl.

Á þessum árum sá Sölumiðstöðin sig tilneydda til að stofna ásamt öðrum til innflutningsfyrirtækja til kaupa á vörum frá þessum löndum, fyrst Miðstöðina hf. og síðan Íslenska vöruskiptafélagið. Þannig varð að hafa öll spjót úti til að selja frysta fiskinn og hafa náið samstarf við bæði ríkisvaldið og innflytjendur eða samtök þeirra.



Tryggvi Ófeigsson sýnir erlendum gestum hvernig ísvélum hraðfrystihússins á Kirkjusandi er fyrir komið. Auðsjáanlega hefur enginn vörubíll verið til taks en þeim var rennt undir ísþrærnar áður en gáttir voru opnaðar og ísnum hleypt niður. Síðan var ekið með ísinn í togara er beið þess að komast á miðin. Myndin er tekin sumarið 1962.

Viðskiptadeild utanríkisráðuneytisins

Eins og áður er getið tók ríkisstjórnin í sínar hendur á stríðsárunum alla stjórn á útflutningi landsmanna og eftirlit með honum. Framkvæmdin var falin Samninganefnd utanríkisviðskipta. Henni veitti forstöðu Helgi Þórarinsson, sem frá og með nýjári 1947 varð framkvæmdastjóri SÍF. Þá tók Valgarð Ólafsson hagfræðingur við. Náið samstarf var á milli Samninganefndarinnar og utanríkisráðuneytisins, „en ráðuneytið innti af hendi ásamt fulltrúum Íslands erlendis mikil og flókin störf á sviði viðskiptamála á árunum eftir styrjöldina.“[21]

Í utanríkisráðuneytinu annaðist ráðuneytisstjórinn framan af viðskiptamálin. Eftir lok stríðsins jukust þessi störf mjög að umfangi og komu þá heim Þórhallur Ásgeirsson frá Washington í nóvember 1945 og Gunnlaugur Pétursson frá Stokkhólmi í janúar 1946. Það ár og það næsta, 1947, unnu þeir tveir mest að þessum málum í ráðuneytinu. Í ársbyrjun 1948 færðist Þórhallur yfir til viðskiptaráðuneytisins. 1. desember 1947 kemur Pétur Thorsteinsson frá Moskvu og er falið að sinna viðskiptamálum aðallega. Þann 6. september 1948 er Samninganefnd utanríkisviðskipta lögð niður og formlega stofnuð viðskiptadeild utanríkisráðuneytisins.

Yfirmaður viðskiptadeildar utanríkisráðuneytisins varð Gunnlaugur Pétursson og Pétur Thorsteinsson samstarfsmaður hans. Á næstu árum bættust í hópinn Páll Ásgeir Tryggvason, Þorleifur Thorlacius og Stefán Hilmarsson.

Meðan Viðskiptaráð og Nýbyggingarráð voru starfandi og síðan Fjárhagsráð, var starfsemi deildarinnar samtvinnuð starfsemi þeirra stofnana. Við gerð innflutningsáætlana og veitingu gjaldeyrisleyfa hjá Fjárhagsráði þurfti ætíð að taka tillit til útflytjenda og umsaminna kvóta í jafnkeypissamningum. Útflytjendum fannst þó gjarnan meira á sig hallað í þessum leyfisveitingum, og sölunni beint þangað, sem var innflytjendum hagkvæmast í stað þess að beina innflutningnum þangað, sem þeir fengu hæst verð fyrir afurðir sínar. Voru mikil átök leynt og ljóst um þessi viðskipti meðan ýmsar stofnanir ríkisvaldsins höfðu ákvörðunarvald um nálega allan inn- og útflutning landsmanna. Forsvarsmenn sölusamtakanna höfðu því ærinn starfa við að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við þessar stofnanir og reyna að hafa áhrif á ákvarðanir þeirra.

Ráðgjafarnefndin

Samhliða því sem viðskiptadeild utanríkisráðuneytisins er komið á fót er sett á laggirnar sérstök ólaunuð ráðgjafarnefnd er vera skyldi til ráðuneytis þegar fjallað væri um meiriháttar ákvarðanir í sambandi við afurðasölu. Í henni voru Elías Þorsteinsson frá Sölumiðstöðinni, Helgi Pétursson frá Sambandi ísl. samvinnufélaga, Richard Thors frá LÍÚ, Björn Ólafsson frá Verslunarráðinu (síðar Bergur G. Gíslason í hans stað), Sveinn Benediktsson frá SR, Jón Árnason frá Landsbankanum, Ásgeir Ásgeirsson frá Útvegsbankanum (síðar Helgi Eiríksson), Gunnlaugur E. Briem frá atvinnumálaráðuneytinu og Þórhallur Ásgeirsson frá viðskiptaráðuneytinu.

Fundir ráðgjafarnefndarinnar voru einkum boðaðir í tengslum við undirbúning viðskiptasamninga en stundum út af vanda, sem leysa þurfti meðan á samningaviðræðum stóð. Fyrir kom að fundir voru boðaðir í nefndinni út af sölutregðu á einstakri vörutegund, t.d. fiskimjöli eða síldarmjöli. Fundirnir voru mismunandi tíðir. Á tímabilinu 5. júlí 1949 til 29. maí 1951 voru haldnir 16 fundir í nefndinni.

Sem dæmi um umfang þeirra viðskipta, sem með þessum hætti fóru fram á vegum utanríkisráðuneytisins, nefnir Pétur Thorsteinsson að á tímabilinu 6. september 1948 til 30. júní 1950 annaðist viðskiptadeildin afgreiðslu á 6.500 tonnum af frystum fiski, 10.800 tonnum af síldarlýsi, 3.200 tonnum af hvallýsi, 2.000 tonnum af síldarmjöli, 9.400 tonnum af fiskimjöli, 1.150 tonnum af þorskalýsi, 1.300 tonnum af gærum og 407 hrossum.

Svo sem sjá má, voru í ráðgjafarnefndinni ýmsir þeirra manna sem áður áttu sæti í samninganefnd utanríkisviðskipta. Má því segja að haldið hafi verið enn um sinn þeirri hefð sem á komst á árunum fyrir stríð og styrktist á stríðsárunum, að náin samvinna væri milli embættismanna ríkisvaldsins, bankanna og hagsmunaaðila um sölu afurða úr landi og að nokkru leyti einnig um innflutning til landsins. Þess má og geta að á styrjaldarárunum og fyrstu árunum eftir stríðið voru ýmis atriði varðandi gerð viðskiptasamninga að jafnaði rædd á sameiginlegum fundum ríkisstjórnarinnar og utanríkismálanefndar Alþingis, ekki síst þegar stórmál voru á ferðinni eins og samningarnir við Sovétmenn og Breta. En eftir að ráðgjafarnefndin var stofnuð komu viðskiptamál sjaldnar til kasta utanríkismálanefndar Alþingis.

Hins vegar fór nú að draga úr ríkisafskiptum af milliríkjaverslun í Vestur-Evrópu með eflingu hins alþjóðlega samstarfs. Viðskiptasamningarnir við ríki Austur-Evrópu voru þó áfram að sjálfsögðu fyrir milligöngu ríkisvaldsins og stundum var viðskiptaráðuneytið hinn formlegi kaupandi að sumum vörum þaðan. Þegar þau viðskipti féllu að mestu niður með hruni kommúnismans var hlutverki íslenska ríkisins í afurðasölu landsmanna að mestu lokið.

Reikningar viðskiptadeildar utanríkisráðuneytisins voru formlega gerðir upp 19. janúar 1962 og 233 þúsund króna tekjuafgangi varið til gerðar kvikmyndarinnar *Þrír svipir Íslands* (Three Faces of Iceland) í tilefni af 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar í umsjá Magnúsar Magnússonar.

Einn þáttur í starfi viðskiptadeildarinnar var að veita útboðs- og útflutningsleyfi fyrir öllum íslenskum afurðum (nema saltsíld, sem Síldarútvegsnefnd annaðist og ísfisk sem Félag íslenskra botnvörpuskipaeigenda sá um), sem seldar voru úr landi, í samræmi við lög þau, sem sett voru í upphafi stríðsins og veittu ríkisstjórninni einkarétt á öllum utanríkisviðskiptum. Ríkisstjórnir höfðu þannig í hendi sér hverjir fengu að selja íslenskar afurðir, hvort samkeppni yrði leyfð á þessu sviði eða ákveðnum fyrirtækjum veittur einkaréttur á ákveðnum mörkuðum. Til dæmis kom fram eindregin krafa frá SÍS árið 1952 um að það fengi sérstakt leyfi til saltfiskútflutnings og var hún studd með frumvarpi sem Skúli Guðmundsson flutti á Alþingi. Þáverandi atvinnumálaráðherra, Ólafur Thors, var algerlega mótfallinn breytingunni og í sama streng tók meirihluti nefndar, sem skoðaði málið undir formennsku Péturs Thorsteinssonar. SÍS féll frá þessari kröfu nokkrum árum síðar og SÍF hafði áfram einkaleyfi á þessu sviði.

Haustið 1953 var Davíð Ólafssyni fiskimálastjóra falið að hafa á hendi útgáfu útflutningsleyfa fyrir íslenskum afurðum í viðskiptadeild utanríkisráðuneytisins. Jafnframt fékk hann skrifstofuaðstöðu í utanríkisráðuneytinu til að sinna þessu starfi jafnframt stöðu fiskimálastjóra.

Lúðvík Jósepsson fól Davíð að annast útflutningsleyfin áfram fyrst um sinn, eftir að ríkisstjórn Hermanns Jónassonar kom til valda á miðju ári 1956. En með lögum um haustið var þessari skipan mála breytt og veiting útflutningsleyfanna falin í hendur þriggja manna Útflutningsnefndar sjávarafurða, sem heyrði undir viðskiptaráðherra. Formaður nefndarinnar var Halldór Jakobsson forstjóri Borgarfells hf. og með honum Stefán Jónsson forstjóri prentsmiðjunnar Eddu og Kristinn Gunnarsson forstjóri Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar. Allir þrír aðildarflokkar ríkisstjórnarinnar áttu þannig sína fulltrúa í nefndinni og má af því marka, hve mikilvægt þetta vald á veitingu útflutningsleyfanna þótti. Árið 1957 varð Jón Ármann Héðinsson, viðskiptafræðingur og síðar alþingismaður, skrifstofustjóri nefndarinnar.

Með viðreisnarstjórninni var Útflutningsnefnd sjávarafurða lögð niður og verkefni hennar falin viðskiptaráðuneytinu og fór Jón Ármann Héðinsson með útgáfu útflutningsleyfanna áfram um tveggja ára skeið. Þá var Atlantor hf., sölufyrirtæki dr. Magnúsar Z. Sigurðssonar, veitt útflutningsleyfi til sölu á frystum fiski í Evrópu. Stefán Gunnlaugsson, síðar alþingismaður, tók við af Jóni Ármanni og var skipaður deildarstjóri í viðskiptaráðuneytinu 1963.

Í nóvember 1987 veitti þáverandi viðskiptaráðherra, Jón Sigurðsson, átta fyrirtækjum útflutningsleyfi á erlenda markaði, sem þangað til höfðu verið bundnir við ákveðin fyrirtæki. Má heita, að þar með hafi lokið afskiptum hins pólitíska veitingavalds af úthlutun útflutningsleyfa þótt formlega séð muni öll þau lög enn í gildi, sem fólu ríkisstjórninni þessi völd í upphafi stríðsins.

Ágreiningur um markaðsmál

Hér að framan hefur verið rakið hvernig umhorfs var í viðskiptum Vestur-Evrópuríkjanna í lok heimsstyrjaldarinnar, þar sem nálega öll matvælaöflun var á vegum ríkisins eða stofnana þess.

Öðru máli var að gegna með Ameríku. Þótt hagkerfinu þar hefði verið markaðar þröngar skorður á stríðsárunum, margs konar vörur verið skammtaðar sem þurfti til stríðsrekstrarins og hámarksverð verið sett á matvæli sem gilti áfram út árið 1946, hafði frjáls verslun ekki beðið alvarlegan hnekki. Frystikeðjan náði orðið um öll Bandaríkin og um margar leiðir að velja um markaðssetningu íslenskra afurða þar. Þegar Jón Gunnarsson opnaði skrifstofu SH í byrjun ársins 1945 stóð svo á að ekki var um annan fisk að ræða frá Íslandi en 7 lbs. pakkningar í pergamenti og þótti hann ekki hæfur til sölu til fisksala þar í landi, þannig að allt það magn, sem þá var selt, 1.377 tonn, fór til ameríska hersins og fékkst raunar fyrir hann mjög gott verð – hærra verð en fékkst fyrir fiskinn, sem fór til Bretlands.

Stefnan mörkuð

Jón valdi þá leið fyrir SH að byggja upp eigið dreifingarkerfi og stofna sérstakt fyrirtæki að fullu í eigu Sölumiðstöðvarinnar, en tæknilega séð ameríska fyrirtæki, Coldwater Seafood Corporation, sem síðan seldi íslenska fiskinn í umboðssölu undir eigin merki. Með þessu vildi Jón skapa stöðuga neytendaeftirspurn eftir fiskinum, sem gerði þá íslenska framleiðendur sjálfstæðari gagnvart markaðnum og óháðari óhjákvæmilegum sveiflum í verði. Þegar SÍS fór að koma inn á ameríska markaðinn um og upp úr 1950 valdi það svipaða leið.

Með þessari aðgerð lagði Jón Gunnarsson grundvöllinn að sölustefnu SH, sem síðar má segja að hafi sigrað á öllum markaðssvæðum SH: Öll sala fari fram gegnum dótturfyrirtæki í markaðslöndunum, sem fari eins nærri neytandanum og unnt er, með eigin sölu- og dreifikerfi. (Síðar átti svo eftir að bætast við þetta, einnig að frumkvæði Jóns Gunnarssonar, að SH starfrækti eigin framleiðslu fiskrétta í markaðslöndunum, þar sem við ætti). Ekki verður séð að þessi stefnumótun hafi út af fyrir sig valdið nokkrum deilum hér heima, enda nær allir framleiðendur innan vébanda þessara tveggja samtaka, og því í sjálfu sér enginn til frásagnar um, hvort einhver önnur leið hefði verið heppilegri eða gefið von um betri árangur.

Eitt stórfyrirtæki var þó utan sölusamtaka, og vildi svo einkennilega til að það var í eigu opinberra aðila, Fiskiðjuver ríkisins. Það hóf nú markaðstilraunir í Ameríku á vegum Garðars Gíslasonar heildsala, sem búsettur hafði verið í New York síðan á stríðsárunum. Jafnframt birtust viðtöl við Garðar í Vísi og Morgunblaðinu þar sem hann gagnrýndi sölufyrirkomulag SH og Jóns Gunnarssonar á markaðnum vestra og taldi beinar sölur til ameríska fiskheildsala heppilegra fyrirkomulag, bæði mætti ná með þeim hætti hærra verði og greiðslur bærust þá framleiðendum miklu fyrr.

Jóni þótti illt að sitja undir þessu, bæði samkeppninni, sem hann taldi byggjast á undirboðum, og ekki síður aðfinnslum Garðars, sem vissulega gátu vakið – og urðu til að vekja – tortryggni um starfsemi sölusamtakanna.

Um hvað snerist þessi deila? Í rauninni má segja að hún hafi snúist um kjarna málsins, sjálfan tilverurétt samtaka framleiðenda, sem eru að selja vöru sína á frjálsum markaði og er því ómaksins vert að rekja hana nánar hér á eftir.



Jón Gunnarsson leiðir erlenda gesti um íslenskt frystihús. Þýðingarmikill þáttur í starfi sölumanna SH var að taka á móti erlendum kaupendum og sýna þeim framleiðsluhætti frystihúsanna á Íslandi.

Fiskiðjuver ríkisins

Þetta mál allt átti sér þó nokkra forsögu. Allt frá stofnun Sölumiðstöðvarinnar hafði stjórn hennar óskað eftir að fá keypt hjá Fiskimálanefnd tilraunafrystihús hennar, Ísbjörninn, og ítrekað það hvað eftir annað. Nú vildi svo til að frystihúsið brann árið 1943. Fiskimálanefnd ákvað þá með fulltingi atvinnumálaráðherra nýsköpunarstjórnarinnar, Áka Jakobssonar, að reisa nýtt og fullkomið fiskiðjuver á kostnað ríkisins, þar sem ekkert yrði til sparað, og skyldi það verða lýsandi tákn og fyrirmynd frystihúsaeigenda um land allt um það hverju mætti fá áorkað þegar ótakmarkað fjármagn væri fyrir hendi. Forstjóri þessa nýja frystihúss var ráðinn dr. Jakob Sigurðsson, sem þá var nýkominn frá námi í Bandaríkjunum og lærðastur Íslendinga í matvælafræðum. Dr. Jakob var bróðir Magnúsar Z. þá nýráðins framkvæmdastjóra SH og síðar um árabil helsta sölumanns SH í Evrópu, með aðsetur í Prag og síðar Hamborg. Fiskiðjuverið var að sjálfsögðu mikið eftirlætisfyrirtæki vinstri flokkanna, einkum Sósíalistaflokksins, og var sósíalistum mjög í mun að gera veg þess sem mestan, svo að alþýða mætti sannfærast um yfirburði ríkisrekstrar yfir einkaframtakið. Einnig var mjög látið í veðri vaka í pólitískri umræðu, að tilvist Fiskiðjuversins utan samtaka annarra framleiðenda væri þeim aðhald, sem reyndu að draga sér fé frá sjómönnum og fiskvinnslufólki gegnum afurðasölluna. Að sjálfsögðu var aðstaða Fiskiðjuversins öll önnur en annarra framleiðenda. Það var reist fyrir opinbert fé, hafði ekki þurft að horfa í skildinginn við byggingu

og útvegun tækja og búnaðar og þurfti því ekki að dragnast með stórar skuldir, sem óneitanlega var hlutskipti flestra kapítalistanna. Rekstur þess var líka tryggður í höndum opinberrar nefndar, Fiskimálanefndar, og það gat því lagt í áhættu, sem flestum öðrum hefði verið ofviða. Það var þetta fyrirtæki, sem nú gekk til samstarfs við Garðar Gíslason um markaðssetningu afurða sinna í Bandaríkjunum undir merkjum einkaframtaksins gegn einokunarsamtökunum. Var að furða, þótt Jón Gunnarsson yrði bæði sár og gramur!

Ritdeilan veturinn 1951-'52

Ritdeila þessi hófst með viðtali við Garðar Gíslason í Morgunblaðinu 2. september 1951.

Garðar hefur viðtalið með því að útskýra þýðingu Bandaríkjamarkaðs, sem sé sá markaður, sem allar þjóðir sækist eftir, bæði vegna hins góða gjaldeyris, sem fyrir vörurnar fæst og hagkvæmra innkaupa á vörum þaðan. Hann hafi á undanförnum árum kynnst töluvert sölu á hraðfrystum fiski þar vestra og komist að raun um að þar sé mikill og vaxandi markaður, sem fiskframleiðendur ættu að veita meiri athygli. Hann leggur áherslu á að á öllum helstu verslunarstöðum erlendis séu íslenskir forverðir til að leiðbeina og annast kaup og sölu fyrir landa sína. „Samlöndum ætti að vera betur treystandi til að rækja þann starfa af alúð, en þeim sem eru ókunnugir íslenskum staðháttum og hafa engar þjóðernistilfinningar".

Garðar telur að í útflutningsverslun Íslendinga kenni oft einstrengingsháttar, „er stafar líklega af því að þeir, sem þeim málum stjórna, gera sér ekki nógu mikið far um, eða hafa ekki aðstöðu til, að kynnast erlendum verslunarháttum og því kapphlaupi, sem er um þá verslun. Íslensku vörunum er slælega fylgt eftir og lítilla upplýsinga aflað um það, hvernig þær falla neytendunum í geð. Það er þó tíð breyting á kröfum þeirra og er það skilyrði fyrir hagkvæmri og vaxandi sölu að verða sem best við þeim kröfum."

Garðar útskýrir síðan verslunarhætti í Bandaríkjunum, einkum sjálfsafgreiðslufyrirkomulagið, sem setji neytandann í öndvegi. Blaðamaður Morgunblaðsins skýtur inn í: Þér hafið selt mikinn freðfisk fyrir Fiskiðjuverið?

Garðar svarar: „Það hagar nú þannig til með sölu á íslenskum freðfiski í Bandaríkjunum, að honum er að mestu leyti dreift um landið í hendur umboðsmanna, er oft verða að geyma hann í frystihúsum um lengri tíma" en það er kostnaðarsamt og tefur greiðslur og reikningsskil.

Ég hef að undanförnu selt töluvert af fiski fyrir Fiskiðjuverið í Reykjavík og hef sérstaklega reynt að koma því lagi á, að innflytjendur og stærri heildsöluhús kaupi fiskinn við ákveðnu verði á Íslandi, eða til New York kominn, og hafi hann helst lagðan í umbúðir, sem þeir leggi til sjálfir.

Mér hefur orðið nokkuð ágengt í þessu efni, þótt það eðlilega taki nokkurn tíma að skapa traust til framleiðendanna og varanna og að yfirstíga byrjunarerfiðleika."

Morgunblaðið spyr um kosti þessa fyrirkomulags.

„Ég skal í stuttu máli gera grein fyrir þeim helstu:

1) Þegar kaupendurnir fá fiskinn í sínum eigin umbúðum og með þeirra vörumerki auglýsa þeir hann hver í sínu lagi á allan hátt. Ef neytendunum geðjast varan getur ekki hjá því farið, að salan aukist mjög mikið. Ýmsir kaupendur hafa við orð, að þeir vilji ekki hafa á boðstólum fisk í annarra umbúðum, eða með annarra vörumerki.

2) Salan verður stöðugri og tryggari, ef framleiðendurnir gæta hófs í verði og



Drangajökull í Harbourside í New York. Coldwater greiddi háa leigu fyrir frystigeymslur í Harbourside, þar sem fiskinum frá Íslandi var skipað upp. Til álita kom að reisa þar verksmiðju og frystihús en það þótti of dýrt og því var brugðið á það ráð að kaupa húsnæðið í Nanticoke af H. B. Kennerly and Son. Gengið var frá kaupunum í mars 1957 en þá hafði Coldwater leigt verksmiðjuhúsin í Nanticoke í þrjú ár, eða síðan 1954. Jón Gunnarsson skrifaði í blaðadeilunum við Garðar Gíslason 1951 að vitaskuld væri reynt að selja sem mestan fisk frá skipshlið í Harbourside en hjá hinu yrði ekki komist að dreifa honum víðar um landið.

bregðast ekki trausti kaupendanna að því er varðar gæði og umbúðir varanna á annan hátt.

3) Að seljendurnir fái greiðari skil á andvirðinu, eða venjulega nokkrum dögum eftir að afhending frá skipi hefur farið fram.

4) Komist verður hjá miklum kostnaði, svo sem flutningskostnaði á landi, frystihúsgeymslu, lægri sölulaunum og fleiru.

5) Erlendur gjaldeyrir sparast við það, að kaupendurnir leggi til sínar eigin umbúðir, sem nú eru bæði dýrar og erfitt að fá.

6) Fiskurinn kemst ferskari og í betra ásigkomulagi á borð neytendanna, sem hefur örvandi áhrif á neysluna.

Þrátt fyrir einkaumbúðir innflytjendanna fá neytendurnir vitneskju um uppruna varanna. Það er skylda að matvörur beri með sér nafn framleiðslulandsins, svo og nafn viðkomandi vöru og þyngd. Þá vil ég geta þess að þetta sölufyrirkomulag hvorki truflar né hindrar sölu fisksins undir öðrum merkjum. Núverandi innflytjendur til Ameríku geta því auðvitað haldið áfram að selja fiskinn í sínum

umbúðum og með merkjum, sem þeir kunna nú þegar að hafa innleitt, því þeir kaupendur eru mörgum sinnum fleiri (auk ýmsra stofnana), sem ekki hafa aðstöðu til að selja í eigin umbúðum, en kaupa eftir hendinni það sem er á boðstólum."

Garðar kvartar svo undan því að erfitt sé að fá frystihúsin til að sinna þessum viðskiptum að undanteknu Fiskiðjuverinu, sem hafi of lítið magn til umráða og of fábreyttar fiskitegundir. Hann efast hins vegar ekki um það, „að framleiðendurnir muni áður en langt um líður sjá sér hag í því að selja það sem þeir geta á þessum grundvelli."

Hér er náttúrlega beint verið að skora á framleiðendur að hlaupast undan merkjum; þeim muni affarasælast að spreyta sig í erlendum viðskiptum hver í sínu lagi fremur en standa saman um sölu afurða sinna. Tilverugrundvöllur SH var í húfi.

Jón Gunnarsson svarar

Jón Gunnarsson gerði sér glögga grein fyrir þessu og svarar grein Garðars með ítarlegri grein í Morgunblaðinu 9. október 1951.

Jón byrjar á því að lýsa sölufyrirkomulagi SH og Coldwater, sem síður en svo sé íslensk uppfinning, heldur í grófum dráttum það sama og notað er af Kanada, Nýfundnalandi, Noregi – og nú síðast SÍS, þegar það fór að leita inn á ameríska markaðinn árið áður. Hann gerir grein fyrir því að flutningskostnaður og birgðahald sé að vísu borið af sölufyrirtækinu, en fáist til baka með hærra verði. Til dæmis kosti eitt pund af íslenskum fiski þremur centum meira í Texas en New York. Að svo miklu leyti sem unnt er, er fiskurinn seldur strax frá skipi í New York, en það er oftast aðeins lítill hluti farmsins. Hinu er dreift til frystihúsa í öllum helstu borgum Bandaríkjanna, þaðan sem umboðsmenn selja hann til kaupenda. Þetta sölufyrirkomulag hefur það að vísu í för með sér að á fiskinn leggst nokkur geymslukostnaður, en hjá því verður ekki komist. Fiskmarkaðurinn í Bandaríkjunum er það þröngur, að það er ekki hægt að ná fram nærri því fullu verði fyrir fiskinn, ef selja þarf mikið magn á stuttum tíma, eins og gera þyrfti ef ætti að selja fullfermi skipa Eimskipafélags Íslands frá skipshlið í New York.

Jón ályktar því að cif. sölur eigi ekki við fiskmarkaðinn eins og hann er í þessu landi og telur sölur Garðars raunar hafa gengið illa. Hins vegar sé ekki útilokað að einstaklingar geti, í skjóli þeirra viðskipta sem aðrir hafa byggt upp, gert smásölur cif. en ekki ef um verulegt magn sé að ræða, nema að varan sé í umbúðum kaupandans.

Hann skýrir síðan frá því, að á síðustu árum hafi verulegur hluti íslensku framleiðslunnar verið í glæsilegum neytendaumbúðum með eigin vöruheiti Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna. Sé þetta í fyrsta sinn í sögu Íslands að vara sé á boðstólum í glæstum umbúðum með áberandi vöruheiti íslenskra framleiðenda, sem fylgi vörunni á eldhúsborð hins erlenda neytanda.

„Með þessu er verið að skapa neytendasamþykki og neytendaeftirspurn á íslenskum freðfiski, og á traustari grundvelli geta Íslendingar ekki byggt markað fyrir framleiðslu sína."

Jón mælir eindregið gegn þeirri skoðun Garðars, að álitlegt sé að íslensk frystihús framleiði í pakkningar erlendra stórfyrirtækja. Engin eftirspurn skapist eftir slíkri vöru, enda sé framleiðslulandsins getið á eins lítið áberandi hátt og unnt er. Því fylgi öryggisleysi. Ameríkur kaupmaður láti pakka í eigin umbúðir í því landi,

þar sem ódýrasta fiskinn er að fá, á Íslandi í ár, í Noregi næsta ár og svo koll af kolli. Verðið í annarra umbúðum sé að jafnaði undir því verði sem fáist á frjálsum markaði, því að kaupmaðurinn þurfi að semja um verðið löngu fyrirfram og tryggja sig fyrir verðsveiflum á markaðnum. „Kaupandinn kann að bjóða í byrjun gott verð, en það er aðeins meðan hann er að koma ár sinni fyrir borð."

„Með því að selja framleiðsluna í umbúðum erlendra kaupenda myndast aldrei neytendaeftirspurn á íslenskum fiski og ekki neinn traustur og varanlegur markaður fyrir hann."

Jafngildir veiðum í landhelgi

Hann nefnir það sem dæmi um skemmdarverk, sem íslensk stjórnvöld ættu að stöðva, að nýlega hafi komið til Ameríku nokkur tonn af ýsu í umbúðum erlends kaupmanns, þegar ýsu vantaði á markaðinn í umbúðum íslenskra framleiðenda. Einn helsti veikleiki Íslendinga á markaðnum sé einmitt sá, hvað tegundavalið sé fábreytt.

„Það á ekki að leyfa neinum íslenskum framleiðanda að setja í umbúðir erlendra kaupmanna vöru, sem nægur markaður er fyrir í umbúðum íslenskra framleiðenda."

Og enn hnykkir Jón á sínum sjónarmiðum:

„Það ber sérstaklega að vara við því, að íslensk utanríkisverslun komist á það stig, að aðalframleiðsluvara landsmanna sé látin í umbúðir erlendra kaupmanna, sem þeir senda íslenskum framleiðendum. Kæmi slíkt fyrir væri það hliðstætt því, að leyfa erlendum skipum að fiska í íslenskri landhelgi."

Og hann brýnir þjóð sína til dáða: „Íslendingar eiga að sýna þann manndóm og dug að finna sjálfir neytendamarkað fyrir sína framleiðslu, eins og til dæmis Norðmenn hafa gert."

Af þessum rökum sínum dregur Jón að lokum ályktanir um skynsamlegasta fyrirkomulag íslenskrar fisksölu í Bandaríkjunum:

„Það er skaðlegt fyrir markaðinn, að margir aðilar hafi fiskinn á boðstólum, sérstaklega ef þeir eru að bjóða hann með mismunandi verði. Má í þessu sambandi benda á það, að aðeins eitt firma sér um innflutning á norskum fiski til Bandaríkjanna.

Heilbrigt má telja, að það séu tveir aðilar, sem sjái um útflutning á fiski til Ameríku, en nauðsynlegt er að þeir haldi sama verði. Það mun skapa samkeppni og ef til vill auka sölu, að aðilarnir sem flytja út fiskinn séu tveir, heldur en eitt fyrirtæki sæi um söluna. En það mega heldur ekki vera fleiri en tveir útflytjendur, því að það mundi skapa glundroða.

Ef íslensk stjórnarvöld ætla sér að leyfa mörgum aðilum að flytja út fisk til Bandaríkjanna og keppa þar hver við annan um þennan þrönga markað, þá er það sú öruggasta leið sem þekkt er til að eyðileggja þann markað fyrir íslenskan fisk í Bandaríkjunum, sem unnist hefur á undanförnum 7 árum. Treysta verður að það sem Íslandi er fyrir bestu ráði í þessu máli."

Ekki var þessari ritdeilu þar með lokið. Hún stóð raunar allan veturinn og fram á vor 1952.[22]

Orð Einars Þveræings

Flest rök beggja málsaðila koma fram í þessum fyrstu greinum. Í síðari greinunum leggur Garðar áherslu á að sölukerfi Jóns Gunnarssonar með víðtæku neti fisk-



Jón Gunnarsson var alla tíð ötull baráttumaður fyrir því að íslensk frystihús merktu framleiðslu sína Íslandi. Hér dregur hann athygli erlendra gesta að Icelandicmerktum neytendapakkningum í Hraðfrystihúsinu á Kirkjusandi í Reykjavík árið 1963 sem var í eigu Júpiters og Mars.

miðlara víða um Bandaríkin „fylgi mikill kostnaður og langur dráttur á greiðslum og reikningsskilum, auk þess nokkur áhætta á andvirðinu og vörunum, ef þær skyldu liggja lengi óseldar vegna markaðstregðu eða af öðrum orsökum." Hagræðið sé allt hjá hinum erlendu kaupendum, sem „þurfa mjög lítið fé að binda í þessari verslun. Áhættan og rekstrarféð lendir á herðum framleiðenda og allur sá kostnaður, sem af þessu sölufyrirkomulagi leiðir."

Hann brýnir fjármagnssvelta framleiðendur heima á Íslandi með þessum orðum: „Eftir því sem þessi atvinnugrein stækkar, vex einnig fjárþörf framleiðslunnar. Féð er bundið í húsum, vélum og vinnulaunum starfsfólksins, en lántökur erfiðar og dýrar. Það er því knýjandi þörf að vörurnar seljist greiðlega og andvirðið komist sem fyrst inn í reksturinn."

Hann telur enga þörf á sölukerfi erlendis heldur sé „heppilegra að stefna að því að ákveðnar beinar sölur fari fram milli framleiðendanna á Íslandi og innflytjendanna eða heildsölu fiskverslana í Ameríku, með milligöngu erindreka hér [í New York], sem hafi það hlutverk að safna pöntunum að fengnum tilboðum framleiðenda, semja um viðskiptin, gefa framleiðendum bendingar um markaðsverð og tilreiðslu varanna eftir kröfu kaupenda, annast innheimtu ef þess er óskað, jafna ágreining er upp kann að rísa, og á annan hátt að gæta hagsmuna framleiðenda".

Sérstaka áherslu leggur hann á, að með þessu móti komi „greiðsla við afhendingu eða á lendingarstað erlendis. Á þennan hátt fá útgerðarmennirnir peningana eftir hendinni og geta notað þá oft á ári til aukinnar framleiðslu."

Jón ítrekar aftur á móti með orðum, sem minna á fræg ummæli Einars Þveræings um hvert gagn Noregskonungi gæti orðið af að eignast Grímsey: „Hinu er aftur á móti mjög hætt við, ef framleiðsla hraðfrystihúsanna er sett í umbúðir erlendra kaupenda, að útlent eftirlit byrji með framleiðslunni. Næsta skrefið mundi vera að hinir útlendu kaupendur eignuðust sum hraðfrystihúsin á einn eða annan hátt."

Garðar Gíslason lýkur síðustu grein sinni með þessum orðum: „Ég hef ekki lagt á móti því að hraðfrystihúsin hafi innbyrðis samtök eða samvinnu, er hafi sérstaklega það hlutverk að bæta og samræma framleiðsluna, safna upplýsingum um þær kröfur, sem gerðar eru til fjölbreytni varanna og breytingar á pökkun og umbúðum, skipuleggja útflutninginn þannig, að ekki hrúgist upp óseldar birgðir utanlands, er leiða til verðfalls, áhættu og óþarfa kostnaðar, afla áreiðanlegra sölufrétta og gera erlendum umboðsmönnum eða kaupendum sölutilboð, þegar þess er óskað o.s.frv. Að einskorða sig við einn umboðsmann eða kaupanda þegar um jafnmikið magn er að ræða, sem SH hefur með höndum, eða þvinga inn á markaðinn einu vissu merki er líkast því að berja höfðinu við steininn. Það hamlar sölunni og gefur keppinautum, sem virða óskir kaupenda, byr undir báða vængi og hlýtur fyrr eða síðar að leiða til upplausnar á samtökunum."

Ekki reyndist Garðar Gíslason með öllu sannspár um þetta. Ekki aðeins reyndist söluskipulag Jóns Gunnarssonar standast tímans tönn, heldur færðist það í fyllingu tímans yfir á aðra markaði SH, og þá raunar að því viðbættu, að tekin var upp framleiðslustarfsemi erlendis, fyrst í Bandaríkjunum tveimur árum eftir að greinar þeirra tvímenninga voru skrifaðar, en síðar einnig annars staðar, þar sem það átti við. Að vísu var ekki alltaf alger eining um þetta. Á erfiðum tímum sáu ýmsir framleiðendur ofsjónum yfir því fé, sem bundið var í sölukerfi og verksmiðjurekstri erlendis, og hefðu kosið minni áhættu og skjótari reikningsskil. En ávallt varð það sjónarmið ofan á að halda áfram á markaðri braut.

Stjórnvöld voru líka hikandi við að breyta þessu kerfi. Alltaf fengu þó einhverjir að spreyta sig á samkeppni við sölusamtökin, og áttu stundum skammvinnu gengi að fagna, en alltaf sprungu slíkar tilraunir á limminu, þar til nú á síðasta áratug, þegar fiskmarkaðurinn var orðinn virkilegur alþjóðamarkaður. En þá áttu Íslendingar líka tvö stórfyrirtæki, sem höfðu alla burði til þess að standast alþjóðlega samkeppni. Á hitt hefur aldrei reynt hverju leið Garðars Gíslasonar hefði skilað. Kannski sem betur fer?

Í hnotskurn mætti kannski segja að aðferð Garðars sé sú að láta markaðinn ákvarða hvað skuli framleitt, hvenær og hvernig um búið. Aðferð SH og Jóns Gunnarssonar er aðferð framleiðenda, sem vilja ráða sinni framleiðslu og ryðja henni braut á markaðnum af eigin rammleik. Það leið nærri hálf öld, þar til knýjandi þótti að taka þá stefnumörkun til endurskoðunar.

Óviðráðanlegar markaðstruflanir

Lokaorð Jóns Gunnarssonar eru: „Garðar Gíslason segir réttilega í grein sinni. „Nýir og óþekktir framleiðendur bjóða gjarnan vöru sína við lágu verði meðan þeir eru að kynna framleiðslu sína og ná samböndum og veldur það oft óviðráðanlegri verðtruflun, sérstaklega hér (í New York) á aðallendingarstaðnum."

Það er einmitt þetta sem G.G. hefur sjálfur gert hér á markaðnum með tilraunum sínum til að finna markað fyrir eitthvað af framleiðslu Fiskiðjuversins. Vitanlega hefur honum gramist, þegar ég hef kvartað undan þessum markaðstruflunum við íslenska framleiðendur. Hér selur SH svo mikið af fiski að það er óverjandi að láta G.G. trufla markaðinn með smásölum.

Það magn, sem hægt er að selja með því að gera markaðinn „frjálsari" í þeirri merkingu sem G.G. á við, nemur mjög litlu, en mundi þó engu að síður valda „óviðráðanlegri verðtruflun sérstaklega hér á aðallendingarstaðnum" til stórskaða fyrir íslenska framleiðendur. Slíka þróun ber því að hindra."

Jón átti eftir að kveða fastar að orði. Í október 1953 berst Coldwater Seafood skeyti frá Arvin Sales Company, fiskmiðlara í Indiana, um veruleg undirboð á ufsa, ýsu, steinbít og þorski frá Garðar Gislason Trading Corp. í New York sem umboðsmanni fyrir Icelandic State Fishpacking Center (Fiskiðjuver ríkisins). Þessi verð valdi verulegri óánægju viðskiptavina sinna og fyrirspurnum um hvað menn hyggist gera í málinu.

Jón Gunnarsson sendir þá skeyti til Íslands og krefst svars um hvort hann eigi að mæta þessari verðsamkeppni?

Hann fylgir skeytinu eftir með bréfi til stjórnar SH, sem er á þessa leið í íslenskri þýðingu:

„Herrar mínir:

Áður en við sendum skeytið fengum við staðfest hjá Garðari Gíslasyni, að uppgefin verð væru rétt.

Við erum teknir að þreytast á því að þurfa stöðugt að skýra frá undirboðum þessa herramanns. Þið hafið engu fengið áorkað þetta varðandi, en nú verðum við enn að ítreka beiðni okkar um aðgerðir. Við erum að þrýsta verðinu á ykkar vöru að hámörkum og þrátt fyrir það leyfið þið íslensku ríkisstjórninni að undirbjóða ykkur og þess vegna er vart við því að búast að þið náið því verði, sem vænta mætti á þessum markaði. Frá sjónarmiði okkar, sem hér erum staðsett, er þessi samkeppni svo fullkomlega fáránleg, að við getum með engu móti skilið hvers vegna íslenska ríkisstjórnin ætti að hafa áhuga á samkeppni við ykkur. Við gætum skilið þetta, ef um væri að ræða ríkisstjórn sósíalista eða kommúnista, sem stefndu að því að eyðileggja það einstaklingsframtak, sem stendur að samtökum ykkar, en þar sem því er ekki til að dreifa, getum við ekki botnað í ástæðum að baki þessu framferði. Vinsamlega takið þetta mál fyrir einu sinni enn af fullri alvöru og skýrið okkur frá niðurstöðum um hæl."

Stjórn SH fékk þó engar niðurstöður knúið fram í þessu máli. Segja má að það hafi leystst af sjálfu sér árið 1959, þegar Fiskimálanefnd var lögð niður og Fiskiðjuverið selt Bæjarútgerð Reykjavíkur, sem gerðist félagi í SH og seldi afurðir sínar gegnum hana.

SH vill aukin vöruskipti

Telja má þó víst, að stjórn SH hafi verið Jóni Gunnarssyni fyllilega sammála um sölufyrirkomulag í Bandaríkjunum og svo mikið er víst, að hefði ekki komið til staðfastur og einlægur áhugi stjórnarinnar frá upphafi á því að byggja upp markað þar, hefði Jóni orðið erfitt um vik í sínu starfi. En frá sjónarmiði stjórnarinnar í Reykjavík fór því fjarri að Bandaríkjamarkaður væri sú gullkista, sem hann alltaf var í augum Jóns Gunnarssonar. Frá stríðsárunum og fram að lækkun krónunnar árið 1950, hafði sölum verið haldið uppi á Bandaríkjamarkaði með verðjöfnun við



Árið 1952 skrifuðu þeir Elías Þorsteinsson og Finnbogi Guðmundsson í Gerðum að Íslendingar gerðu aðallega út á þorsk og síld. Hins vegar mætti vel nýta töluvert af bæði karfa og ufsa ef utanríkisverslun landsins væri betur stýrt.

Evrópumarkaðinn. Eftir gengislækkunina, þegar dollarinn fór úr kr. 6,50 í kr. 16,32, gerbreyttist viðhorfið og Bandaríkin urðu stærsti kaupandi íslenska fisksins það ár og hið næsta, (37% og 43%). En einmitt á árinu 1952, þegar þeir Jón og Garðar eru að deila, verður verðhrun á bandarískra markaðnum, áreiðanlega ekki vegna undirboða lítilla innflytjenda, heldur eins og ávallt vegna framboðs innlendra fiskimanna, sem eins og annars staðar sveiflaðist mjög eftir aflabrögðum og gæftum. Jafnframt sverfur að á öðrum mörkuðum. Verðið á öðrum aðalmarkaðnum, í Bretlandi, var svo lágt að engar sölur þangað komu til greina.[23] Þann 20. ágúst 1952 skrifa þeir Elías Þorsteinsson og Finnbogi í Gerðum grein í Morgunblaðið, þar sem ástandinu er lýst og lagðar fram tillögur til úrbóta. Úrræði þeirra

beinast að því að fyrst og fremst þurfi umskipti í viðskiptamálum, innflutningur þurfi að taka mið af fiskveiðum og vinnslu afurða, en ekki öfugt. Slíkar skoðanir eru varla líklegar til að falla í frjóan jarðveg hjá heildsölum og öðrum innflytjendum.

Elías og Finnbogi hefja grein sína á því, að öllum megi vera ljóst að afkoma þjóðarinnar fari eftir því, hvernig gengur með öflun og sölu sjávarafurða. Þeir minna á, að „sjávarafurðir eru yfirleitt ekki auðseljanlegar vörur á venjulegum tímum, og síst fyrir gott verð, enda búa fiskimenn og fiskveiðaþjóðir við þröng kjör víðast hvar í heiminum. Til viðbótar þeim erfiðleikum okkar að þurfa að byggja afkomu okkar á fiskveiðum í þetta ríkum mæli, bætist að fiskveiðar okkar grundvallast á aðeins tveim tegundum nytjafisks, síld og þorski. Að vísu er hægt að afla hér talsvert af karfa og ufsa og væri hægt að hagnýta þær fiskitegundir miklu meira en gert hefur verið, ef viðskiptamálum okkar væri hagað á réttan hátt."

Þeir rekja síðan síldarbrest undanfarinna 7 ára, sem líklega hafi svipt þjóðarbúið verðmætum upp á 2-3 1/2 milljarð króna og ætti að gera það að verkum að við legðum rækt við aðra möguleika í sambandi við fiskveiðar okkar.

Flatfiskur, ýsa og steinbítur séu eftirsóttar og auðseljanlegar fiskitegundir, fáist í takmörkuðum mæli við landið, og þá helst sem meðafli á þorskveiðum.

Öðru máli gegni með karfa og ufsa, en hingað til hafi lágt verð og erfiðleikar í sölu komið í veg fyrir hagnýtingu. Karfaveiðarnar tóku raunar kipp á árinu áður, þegar hagstætt verð fékkst fyrir karfann á Bandaríkjamarkaði eftir gengisbreytinguna, en í ljós kom að markaðurinn tók við takmörkuðu magni. Afkoma togaranna og frystihúsanna við þessa framleiðslu sé því orðin léleg.

„Af þessu má sjá", halda þeir félagar áfram, að „það er afgerandi fyrir útflutningsframleiðsluna í heild, hve mikið magn er hægt að selja af frystum þorski karfa og ufsa og söltuðum þorski og ufsa. Og það er fyrst og fremst vegna þess, hve treglega gengur að selja þessar afurðir okkar, að sjávarútvegsframleiðslan er stöðvuð að verulegu leyti. Frystihúsin eru flest full af fiski, sem ekki selst, og hafa jafnvel flutt fisk til geymslu í USA í stærri stíl, en eðlilegt er, til þess að rýma fyrir meiri framleiðslu. Togararnir og fiskibátarnir geta því ekki losnað við afla sinn til frystihúsanna. Miklir erfiðleikar eru að hagnýta Faxaflóasíldina af sömu ástæðum og getur þetta ástand orðið til þess, að beitufrysting verði ekki nægileg. Áhættusamt er að veiða fisk í salt vegna þess að hæpið er að saltfiskurinn, sem þegar er veiddur, seljist á viðunandi verði, verði ekki gerðar leiðréttingar á verslunarmálunum. Togararnir og fiskibátarnir liggja því margir bundnir í höfn, enda geta ekki hreyft sig af fjárhagsástæðum."

Ástandið er sem sé ekki fagurt á því herrans ári 1952. En hverju er um að kenna. Í huga þeirra félaga er málið einfalt. „Allt þetta ófremdarástand er vegna þess að innflutningsversluninni er beint í alltof stórum stíl til landa sem kaupa lítið sem ekkert af okkur." Viðskiptajöfnuðurinn er orðinn óhagstæður um 250 milljónir króna í júlílok og er raunar verri en tölur sýna vegna óselds fisks í Bandaríkjunum í stærri stíl en áður hefur þekkst.

„Það furðulega gerist enn sem fyrr hjá okkur að við kaupum aðallega af þjóðum sem næst okkur liggja, án tillits til þess hvort þær kaupa af okkur eða ekki", segja þeir félagar. Þeir telja upp átta lönd: Danmörk, Noreg, Svíþjóð, Belgíu, Bretland, Holland, Vestur-Þýskaland og Kanada. Við seljum til þeirra fyrir tæpar 75 milljónir króna en kaupum fyrir 227 milljónir þannig að mismunurinn okkur í óhag er um 152 milljónir.

„Þó er þarna innifalinn saltfiskur fyrir ca. 9 milljónir króna, sem Danir og Bretar

hafa keypt og hafa endurútflutt til landa sem greiða í hörðum gjaldeyri, og svo mun einnig vera um fleira af því, sem þessar þjóðir keyptu af okkur. Enda ekki von að þessar þjóðir hafi þörf fyrir sjávarútvegsafla okkar, þar sem þær eru flestar eða allar miklar fiskframleiðsluþjóðir og eru því keppinautar okkar um sölu á fiskafurðum."

Á þessum málum er einföld lausn að dómi Elíasar og Finnboga. Það er hægt að finna nýja markaði ef aðeins réttar viðskiptaaðferðir eru notaðar. „Við viljum nú nefna nokkur lönd, sem vilja kaupa af okkur freðfisk og saltfisk, ef við aðeins beinum vörukaupum okkar þangað í staðinn. Pólland, Tékkóslóvakía, Ungverjaland, Austur-Þýskaland, Austurríki og Ísrael eru kaupendur að miklu magni af frystum þorski, karfa, ufsa og Faxasíld. Spánn er kaupandi að mjög miklu magni af verkuðum saltfiski. Ef við hefðum minnkað vörukaup okkar um ca. 80-90 milljónir í fyrrnefndum 8 löndum fyrri hluta ársins og beint þeim vörukaupum til þessara markaðslanda, hefði útflutningurinn aukist um þessa upphæð á sama tíma eða orðið þeim mun meiri nú í haust. Þá væru nú flest fiskiskipin í fullum gangi við þorskveiðar, karfaveiðar, ufsaveiðar eða síldveiðar í Faxaflóa. Þá væri sennilega aukin frysting fyrir USA markaðinn af karfa, vegna þess að sums staðar fengist hagstæðara verð fyrir hann í þessum löndum og þá hægt að verðjafna það sem fer til USA. Þá væri ekkert atvinnuleysi hér nú – og sennilega ekki í haust."

Þetta eru rökin fyrir því að nú verði „ekki komist hjá því lengur að gera róttækar ráðstafanir til þess að breyta viðskiptaaðferðunum á þann veg að beina viðskiptunum til þeirra landa, sem vilja kaupa framleiðslu okkar."

Ellefu þúsund smálestir eru í birgðum af freðfiski í Evrópupakkningum og auk þess nægilegt pakkað fyrir USA og mikið mætti frysta enn til áramóta ef hægt væri að starfa. „Það verður nú þegar að *leyfa* sölu á þessum freðfiski til eftirtalinna landa, sem vantar fiskinn, Pólland, Tékkóslóvakía, Austur-Þýskaland, Austurríki, Ungverjaland og Ísrael, og taka sem greiðslu fyrir hann vörur sem okkur henta best af því sem þau bjóða í skiptum. Viðskiptayfirvöld verða að *greiða fyrir* þessu með því að *stöðva* innflutning á sams konar vörum frá öðrum löndum, sem ekki vilja kaupa afurðir okkar. Og bankarnir verða að *styðja að* þessum viðskiptum með því að kaupa gjaldeyri þessara þjóða, sem greiðslu fyrir fiskinn og selja svo aftur til þeirra innflytjenda, sem vilja kaupa vörurnar og lána þeim ríflega til vörukaupanna."

Það er ástæða til að vekja athygli þeirrar kynslóðar, sem hefur alist upp við víðtækt frjálsræði í viðskiptum, á orðunum sem hér eru auðkennd. Þau lýsa vel þeim hugsunarhætti þessa tíma, sem alinn er af heildstæðu kerfi opinberrar stýringar í smáu sem stóru. Leyfi þarf fyrir útflutningi og leyfi fyrir innflutningi og yfir öllu trónar Fjárhagsráð, þar sem sitja fulltrúar allra stjórnmálaflokka og reyna að gera öllum nægilega til hæfis til þess að kerfið gangi stóráfallalaust. Hagsmunaöfl innan kerfisins verða svo að reyna að beita áhrifum sínum sér í hag og ágreiningur, sem markaðsöflin mundu að öllu eðlilegu leysa, verður að hápólitískum deilumálum. Aðalatriðið hverju sinni var að koma flotanum til veiða. Vinnslu og sölu afurðanna varð svo að reyna að stilla saman við hagsmuni innflytjenda og iðnrekenda, sem stunduðu rekstur sinn í skjóli tollmúra. Sölusamtökum framleiðendanna hlaut að lenda saman við önnur hagsmunaöfl í þessu kerfi. Innflytjendurnir vildu auðvitað að afurðunum yrði beint til hefðbundinna viðskiptalanda sinna og margir þeirra töldu sjálfa sig geta betur staðið að sölu þeirra þar en SH, og voru því andvígir sölukerfi framleiðendanna. Það jók enn á gremju þeirra þegar SH þóttist tilneytt til að hafa forgöngu um stofnun sérstakra innflutningsfyrirtækja eins og



Fiskverkafólk að störfum í frystihúsi Júpiters og Mars í Reykjavík árið 1963. Liðlega tíu árum fyrr hvöttu þeir Elías Þorsteinsson og Finnbogi í Gerðum til þess að íslensk stjórnvöld stuðluðu að auknum ferðalögum Íslendinga til Spánar. Slík ferðalög myndu eflaust falla í kramið hjá almenningi, var skoðun þeirra, auk þess sem þau myndu greiða fyrir viðskiptum við Spánverja. Ljósm: Pétur Thomsen.

Miðstöðvarinnar hf. og Íslenska vöruskiptafélagsins til að sjá um innflutning frá vöruskiptalöndum, sem erfitt reyndist að fá innflytjendur til að sinna. SH hitti líka viðkvæma hagsmuni, þegar það taldi nauðsynlegt til að sjá hagsmunum félagsmanna sinna borgið, að stofna eigin fyrirtæki um flutninga, tryggingar og framleiðslu umbúða. Iðnrekendum gramdist að vera fyrirskipað af stjórnvöldum að kaupa hráefni í vöruskiptalöndum, þegar fá mátti það betra og kannski ódýrara annars staðar. Stjórnmálamenn og stjórnmálaflokkar sneru svo sinni snældu eftir því sem best var fallið til atkvæðaöflunar og fjárstuðnings hverju sinni.

Hverjar eru svo hinar „réttu viðskiptaaðferðir", sem þeir Elías og Finnbogi telja að hefðu leyst vanda útgerðar og fiskvinnslu á undanförnum árum og geti leyst vandann nú, á því herrans ári 1952?

Það þarf að kaupa vörur frá Spáni fyrir 30-40 milljónir króna til þess að hægt sé að selja þangað 4-6 þúsund lestir af saltfiski af 10 þúsund smálestum, sem saltfiskverkendur hafa tekið til verkunar.

Eimskip og Ríkisskip hafa látið smíða skip sín í Bretlandi og Danmörku eftir stríðið í stað þess að fá þau smíðuð á Ítalíu og Spáni og greiða þau með saltfiski.

Gullfoss og Hekla eru höfð í siglingum til Bretlands og Danmerkur og siglingum annarra skipa Eimskipafélagsins er beint að mestu leyti til fyrrnefndra 8 landa, þar sem viðskiptajöfnuðurinn er óhagstæður. Elías og Finnbogi fara þess á leit að þeim sé beint til Spánar, Ítalíu og Ísrael til að greiða fyrir ferðafólki og vöruflutningum til þessara landa.

Jafnframt selji viðskiptayfirvöldin hverjum sem hafa vill ferðagjaldeyri til landa, sem kaupa okkar framleiðsluvörur, og þá vitanlega „Clearing-gjaldeyri en ekki frjálsan gjaldeyri, eins og því miður hefur alltof oft verið gert."

Og í lokin kemur svo brýning, sem hlýtur að hafa verið allóvenjuleg á tímum, þegar allt ráp á milli landa þótti óþarfa lúxus og sóun á dýrmætum gjaldeyri: „Það er enginn vafi á því að margur mundi þiggja að komast til Miðjarðarhafsins yfir

haust- og vetrarmánuðina og væri vel að þær ferðir yrðu auknar en dregið úr öðrum ferðalögum, þar sem nota þarf harðan gjaldeyri. Auknar siglingar og ferðalög til Spánar mundu einnig verða til þess að greiða fyrir vörukaupum þaðan."

Óvænt lausn

Reyndar leystist þessi sölu- og birgðakreppa frystiiðnaðarins árið eftir, en þá með hætti, sem ekki varð fyrirséður af þeim, sem deildu um „réttar viðskiptaaðferðir". Lausnin kom fram í því að skyndilega opnuðust möguleikar á nýjum stórsamningi við Sovétríkin og einnig Austur-Þýskaland. Í síðarnefnda landinu var að verulegu leyti greitt fyrir fiskinn með skipasmíðum. Ósk Elíasar og Finnboga um stórauknar sölur íslenskra sjávarafurða í vöruskiptum rættust þannig sjálfkrafa.

Ritdeila þeirra Jóns Gunnarssonar og Garðars Gíslasonar sýnir glöggt hvar í odda skarst milli Sölumiðstöðvarinnar og innflutningshagsmunanna á þessum tíma. Grein Elíasar og Finnboga sýnir hvar línur hlutu einnig að skerast milli SH og stjórnvalda og jafnvel stjórnmálaflokka. Það var því ekki ófyrirsynju sem Eyjólfur Ísfeld Eyjólfsson, forstjóri SH, sagði í blaðaviðtali þremur áratugum síðar að samtökin væru „ekki óskabarn neins stjórnmálaflokks og má raunar segja að þau hafi starfað í óþökk þeirra allra, þar sem annar skárri kostur væri ekki fyrir hendi."

Deilur um sölufyrirkomulagið í Evrópu

Þrátt fyrir að snarplega væri stundum tekist á um stefnu og fyrirkomulag utanríkisviðskipta, dróst Sölumiðstöðin lítt inn í pólitískar deilur fyrsta áratuginn. Breyting verður á þessu á árunum 1955-'56 og má raunar segja að deilur hafi gosið upp innan samtakanna og utan öðru hvoru frá þeim tíma og allt til skipulagsbreytingarinnar 1962.

Á aðalfundi samtakanna 13.-15. júní 1955 mun hafa komið fram nokkur gagnrýni á ráðningu Jóns Gunnarssonar sem yfirmanns allra sölumála, og þá sérstaklega að hann skyldi settur yfir þann mann, sem um margra ára skeið hafði haft veg og vanda af markaðsstarfinu í Evrópu, dr. Magnús Z. Sigurðsson. Við stjórnarkosningu á fundinum náðu ekki endurkjöri þeir Ólafur Jónsson í Miðnesi í Sandgerði og Steingrímur Árnason í Keflavík. Ólafur hafði frá upphafi verið í forystusveit SH og átt þátt í mörgum samningum um fisksölur erlendis bæði á vegum SH og ríkisins. Hann hafði setið í stjórninni óslitið frá 1947. Steingrímur hafði verið í stjórninni tvö undanfarin ár, en ævinlega látið mikið til sín taka á aðalfundum, verið gagnrýninn en málefnalegur. Í stað þeirra hlutu kosningu Einar Sigurðsson, sem kom nú aftur inn í stjórnina eftir nokkurra ára hlé, og Jón Gíslason, framkvæmdastjóri Frosts h.f í Hafnarfirði.

Mánuði síðar birtist á forsíðu Alþýðublaðsins grein undir fyrirsögninni „Var ráðinn heimssölustjóri Sölumiðstöðvarinnar með ævintýralega háum launum" og fjallaði hún um ráðningu Jóns Gunnarssonar. Er þar fullyrt að síðasti aðalfundur SH hafi verið hinn sögulegasti og menn skipst þar í tvo flokka, þó ekki um málefni, heldur mann, er nokkru áður hafi verið ráðinn „heimssölustjóri" Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna. Er Jón Gunnarsson síðan kynntur sem „sá hinn sami, er flutti „bungalo" húsið inn með Hæringi á sínum tíma" og Alþýðublaðið hafi þá greint frá. Blaðið segir, að Jón muni „hafa reynst nýtur í starfi sínu vestan hafs", en hnýtir háðslega við að ekki hafi menn grunað „að fyrir honum hafi átt að liggja að verða „heimsins mesti sölumaður". Er síðan sagt, að í þjónustu SH hafi verið annar



Annar þeirra tveggja sem komu inn í stjórn SH á aðalfundinum 1955 var Jón Gíslason, framkvæmdastjóri og einn eiganda að fyrirtækinu Frost hf. í Hafnarfirði. Jón átti sæti í stjórninni uns hann andaðist 1964. Hér má sjá hann, lengst til vinstri, á götu í Kaupmannahöfn ásamt hjónunum Rannveigu Böðvarsson og Sturlaugi Böðvarssyni og Ólafi Þórðarsyni, stjórnarmanni í SH og framkvæmdastjóra Jökla hf., lengst til hægri.

maður ekki síðri Jóni, Magnús Z. Sigurðsson, er hafi unnið mikið og þarft verk á mörkuðum Evrópu og sérstaklega átt mikinn þátt í að afla nýrra markaða í Austur-Evrópu. Komið hafi á óvart að Jón Gunnarsson hafi skyndilega verið settur yfir Magnús Z. „og Magnúsi ætlað að vera undirtylla Jóns". Telur blaðið þetta harkalegar aðfarir og hneykslast einnig yfir „ævintýralegum launum", sem Jóni muni ætluð. Á aðalfundinum hafi fylgjendur Jóns verið í miklum meirihluta og látið kné fylgja kviði gegn þeim, er hafi gerst svo djarfir að gagnrýna ráðningu Jóns í stöðu „heimssölustjóra". Hafi Ólafur í Sandgerði og Steingrímur Árnason verið látnir gjalda þess og þeim „sparkað" úr stjórn Sölumiðstöðvarinnar.

Liðu nú nokkrir mánuðir, en 19. nóvember um haustið birtist sem aðalfrétt á forsíðu Þjóðviljans óvenjulega rætin grein, jafnvel á mælikvarða þeirra tíma og þess blaðs, um persónu Jóns Gunnarssonar. Rifjuð er upp gömul útgáfa Þjóðviljans á sögunni um Hæring og húsið, Jón hafi skotið sér undan manntali hérlendis um margra ára skeið, hann borgi því ekki skatta en sé einhver hinn tekjuhæsti allra Íslendinga, sala hans á freðfiski í Bandaríkjunum hafi kostað „meira en nokk-

urt sendiráð". Hann hafi tryggt sér umboð fyrir fiskumbúðir í Bandaríkjunum og gert allt til að torvelda að Íslendingar framleiddu sínar umbúðir sjálfir (Þjóðviljinn bar alla tíð mjög fyrir brjósti hagsmuni Kassagerðarinnar). Þá er vegið á óvenju lúalegan hátt að fjölskyldu Jóns, hann hafi borist mikið á, keypt einkakennara fyrir börn sín, en ekki látið þau ganga í skóla. Kona hans og börn gefi sig upp fyrir að vera „algerlega tekjulaus, þótt enn sé ekki kunnugt um að þau hafi sagt sig til sveitar".

Hér er hvergi vikið að ágreiningi um menn eða málefni, heldur skítkastið eitt látið nægja án skýringar á heift blaðsins út í þennan óvin Íslands. Þessu var auðvitað ekki hægt að láta ómótmælt og þriðjudaginn 22. nóvember kemur óundirrituð grein í Morgunblaðinu undir fyrirsögninni „Rógi um Jón Gunnarsson vísað til föðurhúsanna".

Þar er í byrjun greint frá því, að „á aðalfundi Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, sem haldinn var sl. vor, urðu allhörð átök um stjórnarkosningu samtakanna. Var það einkum einn stjórnarnefndarmanna, sem þar hafði sérstöðu gegn framkvæmdastjóra Sölumiðstöðvarinnar, Jóni Gunnarssyni verkfræðingi. Þessum átökum lyktaði með því að þessi maður var ekki endurkjörinn í stjórnina

Til þessara málaloka virðist mega rekja tvær hatrammar árásargreinar, sem beint hefur verið að Jóni Gunnarssyni framkvæmdastjóra. Birtist önnur greinin í Alþýðublaðinu í sumar, en hin í Þjóðviljanum sl. laugardag. Það þarf enginn að furða sig á að Þjóðviljinn grípi fegins hendi við rógmæli um mann, sem skarað hefur fram úr flestum samtíðarmanna sinna, að dugnaði við að efla framleiðslu og velmegun þjóðarinnar. Slíkt er í fullu samræmi við stefnu og háttu kommúnistaflokka um allan heim."

Síðan er í greininni hrakið lið fyrir lið hvert einasta atriði í rógsgrein Þjóðviljans.

Bent er á árangurinn af starfi Jóns Gunnarssonar í Bandaríkjunum: Sala á hraðfrystum fiski óx úr því að vera engin upp í að nema 19 þúsund tonnum 1954. „Að loknu þessu frækilega brautryðjendastarfi kom J.G. aftur til Íslands í árslok 1954. Mun hann þá um tíma hafa verið óráðinn í því, hvað hann tæki sér fyrir hendur en í byrjun febrúar sl. réðist hann aftur í þjónustu Sölumiðstöðvarinnar og þá sem framkvæmdastjóri stofnunarinnar og gegnir hann því starfi nú."

Enn segir í greininni að allir flokkar í bæjarstjórn Reykjavíkur hafi á sínum tíma samþykkt stofnun félags til kaupa á síldarbræðsluskipi. Jón Gunnarsson og Ólafur Sigurðsson skipaverkfræðingur hefðu, í samráði við stjórn Hærings hf., ákveðið hvaða skip skyldi keypt og fengu það langt undir markaðsverði. Fullyrðingar um 10% umboðslaun til Jóns vegna þessara kaupa eru tilhæfulaus ósannindi.

Húsið var að vísu flutt inn með skipinu og tollur greiddur. Fjárhagsráð taldi hins vegar grunn hússins of stóran og synjaði fjárfestingarleyfis. Því dróst bygging þess í nokkur ár.

„Við heimkomuna settist Jón að í húsi sínu, Hrauni í Garðahreppi, sem hann hafði reist þar árið 1953, en ekki var fullgert fyrr en á þessu ári. Kona hans og börn höfðu búið í húsinu um liðlega eins árs skeið, er Jón fluttist heim.

Stóð svo á því, að kona Jóns og börn fluttu liðlega ári á undan honum heim til Íslands, að Jón vildi að börn hans tvö, sem dvalist höfðu með erlendri þjóð hátt á níunda ár, týndu ekki niður íslenskunni.

Er nú flest til tínt af hatursfullum árásarmönnum, þegar íslenskum mönnum, sem búsettir eru erlendis er núið um nasir sem einhverjum ósóma að þeir sendi börn sín til landsins og láti þau vera í einkatímum „til þess að auka kunnáttu þeirra í móðurmálinu."



Stjórn SH, eins og hún var skipuð á árunum 1955 til 1960. Að auki eru á myndinni Karl Bjarnason, er var starfsmaður tæknideildar og lengi deildarstjóri eftirlitsdeildar SH (á endanum vinstra megin) og Björn Halldórsson, framkvæmdastjóri, lengst til hægri. Stjórnarmenn SH eru þessir, talið frá vinstri: Ólafur Þórðarson, en hann var kjörinn í fyrstu stjórn SH 1942 og sat í henni til 1960, Einar Sigurðsson, er var sömuleiðis í fyrstu stjórninni og stjórnarformaður tvö kjörtímabil, frá 1945 til 1947, Elías Þorsteinsson, lengst af formaður stjórnar og stjórnarmaður samfellt frá 1942 til þess að hann andaðist í mars 1965, Sigurður Ágústsson, er kom inn í stjórnina 1947, og Jón Gíslason en hann var fyrst kjörinn í stjórn SH árið 1955. Borð og stólar á myndinni eru hluti af fyrstu skrifstofuhúsgögnunum sem keypt voru af SH. Fyrsti framkvæmdastjóri SH, Guðmundur Albertsson, sá um innkaupin.

Jón Gunnarsson hafði tilkynnt réttum yfirvöldum um búsetu sína á tilskildum tíma. Útsvör og skattar voru hins vegar á þessum tíma lagðir á eftir á, þannig að ekki kæmi til álagningar á Jón hér, fyrr en við álagningu á tekjur yfirstandandi árs.

„Þar með eru öll gífuryrði um Jón Gunnarsson í þessu sambandi í nefndri blaðagrein dauð og ómerk“, segir hinn nafnlausi höfundur greinar Morgunblaðsins.

Svolítill eftirmáli átti eftir að verða við þessi blaðaskrif. Þeir Ólafur Jónsson í Sandgerði og Steingrímur Árnason undu því ekki, hvernig sveigt var að atvikum á aðalfundi SH 1955 sem upptökum þessara blaðaskrifa. Svohljóðandi yfirlýsing frá þeim birtist í Morgunblaðinu daginn eftir með fyrirsögninni „Rógi vísað til föðurhúsanna“:

„Í grein í Morgunblaðinu í gær, varðandi Jón Gunnarsson einn af framkvæmdastjórum Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, er fyllilega látið í það skína, að annar hvor okkar undirritaðra – eða báðir – séum valdir að níðskrifum um Jón Gunnarsson, sem birst hafa í Alþýðublaðinu og Þjóðviljanum.

Við viljum hér með lýsa því yfir, að við eigum ekki hinn allra minnsta þátt í þessum skrifum, og finnst þau auk þess óviðeigandi og ómakleg. Væri æskilegt að viðkomandi blöð upplýstu hverjir – eða hver – stæði að þessum skrifum.

Þá viljum við og geta þess, að okkur er ekki kunnugt um nein átök á aðalfundi SH í sambandi við kosningu í stjórn félagsins né annað. Við vorum að vísu hvorugur endurkjörinn í stjórnina, en um ástæðu fyrir breytingu á mönnum í stjórn SH, kom – okkur vitanlega – ekkert fram á aðalfundinum.

Við vísum því öllum þessum rógi frá okkur og til föðurhúsanna.

Reykjavík, 22. nóvember 1955

Ólafur Jónsson, Steingrímur Árnason“

Átök á aðalfundi 1956

Þessi var aðdragandinn að aðalfundinum 1956, mesta átakafundi þangað til í sögu samtakanna.

Þegar kom fram á útmánuði 1956 mátti af ýmsu greina að stormur væri í aðsigi og naprir vindar kynnu að blása um SH. Gunnlaugur Pétursson, sem stýrt hafði starfsemi Coldwater um tveggja ára skeið, var nú að láta af því starfi og kvisaðist að það væri vegna ágreinings við Jón Gunnarsson og stjórn SH um sölustefnuna. Dagblaðið Tíminn gerir þessar væringar að umtalsefni sunnudaginn 26. febrúar 1956 í dálkinum „Skrafað og skrifað", sem var eins konar framsóknarígildi Reykjavíkurbréfs Morgunblaðsins og mátti því ætla að kynnti viðhorf forystu Framsóknarflokksins til þeirra mála, sem efst voru á baugi hverju sinni. Heldur er þar frjálslega farið með ágreining Gunnlaugs og stjórnarinnar. Fullyrt er, að í von um að hærra verð fengist síðar hafi stjórn SH neitað Gunnlaugi um að selja fisk, þegar hann taldi rétt að selja, en þegar hann fékk að selja hafi verðið verið fallið. Hið rétta í þessu efni er, að ágreiningurinn snerist um verðlagningu á hinni nýju vöru, blokkinni. Gunnlaugur átti kost á því að gera stóra fyrirframsamninga, en Jón Gunnarsson hafði stuðning stjórnarinnar í því, að halda verðinu svo háu, að fiskréttaverksmiðjurnar í Bandaríkjunum sneru sér til Kanada með kaup á blokk og keyptu jafnvel frystihús þar, einkum í Nýfundnalandi, til að tryggja sér stöðugt framboð á blokk til verksmiðjurekstursins. Sala SH á blokkum féll á milli áranna 1954 og 1955 úr 9.500 tonnum í 2.500 tonn. Á aðalfundinum 1956 kom fram hjá Jóni sú skoðun, að til þess að keppa við þetta hefði SH orðið að fara með verðið svo langt niður, að farið hefði í framleiðslukostnaðarverð þessara framleiðenda og vonlaust fyrir SH að lækka verðið svo mikið. Einnig kom fram hjá Jóni að hann vildi hreinlega ekki beina framleiðslu frystihúsanna hér inn á þær brautir „að framleiða í sem ódýrastar umbúðir sem stærsta klumpa". Hér sem oftar skarst í odda milli sölumannsins, sem vildi gallalausa vöru í sem glæsilegustum umbúðum, og framleiðendanna, sem vildu ódýrustu, fljótlegustu og einföldustu framleiðsluaðferðina, enda gaf það oftast bestu afkomuna í því opinbera verðlagskerfi, sem stjórnvöld höfðu ákvarðað fiskiðnaðinum.

Greinarhöfundur Tímans lætur sér þó slíkan, eðlilegan ágreining í léttu rúmi liggja, enda hefur hann öðrum hnöppum að hneppa. Hann einblínir á þá staðreynd að salan til Bandaríkjanna hefur hríðfallið milli ára: „Ef svo heldur áfram sem nú horfir missum við bráðlega mestallan fiskmarkaðinn í Bandaríkjunum fyrir frysta fiskinn, en það væri ekki aðeins hið mesta áfall fyrir sjávarútveginn heldur þjóðina í heild . . ." Í framhaldi af þessu spyr greinarhöfundur, hverjir ráði Sölumiðstöðinni og svarar sér sjálfur: „Eins og skipulagi hennar er nú háttað hljóta yfirráð hennar að lenda í höndum eigenda stærstu frystihúsanna, enda hefur sú orðið raunin. Með fullum rétti má segja að völdin yfir henni hafi lent hjá 4-5 helstu frystihúsaeigendunum. Það var við þessa klíku, sem Gunnlaugur Pétursson lenti í kasti og laut í lægra haldi fyrir."

Greinarhöfundur heldur áfram og segir: „Það gefur auga leið að sala frysta fisksins er ekkert einkamál 4-5 frystihúsaeigenda. Hún er mál, sem varðar alla útgerðarmenn og sjómenn sérstaklega, og svo jafnframt alla þjóðina, sem á mikið undir því að þessi sala takist vel. Þessvegna er það hið fjarstæðasta skipulag, að sala þessarar mikilvægu útflutningsvöru sé í höndum 4-5 einkabraskara."

Og greinarhöfundur Tímans kann ráð við þessu: „Það sem hér hefur komið í ljós sannar það fullkomlega, að óhjákvæmilegt er að gerbreyta fyrirkomulagi fisk-



Fundarmenn á aðalfundi SH 11. til 13. júní 1947. Standandi frá vinstri; Ingvar Vilhjálmsson, Ísbirninum, Grímur Jónsson, Frosta Súðavík, Óskar Halldórsson, Garði Sandgerði, Ólafur Elísson, Fiski Hafnarfirði, Karl Bjarnason, Íshúsfélagi Ísfirðinga, Kristján Einarsson, Fjölni Drangsnesi, Bergsteinn Á. Bergsteinsson, fiskmatsstjóri, W. J. Schnitter, skrifstofumaður frá Tékkóslóvakíu, Níels Ingvarsson, Íshúsfélagi Norðfirðinga, Eggert Ólafsson, Höfnum, Magnús Guðbjartsson, Fiski og Ís Vestmannaeyjum, Jón G. Benediktsson, Vogum hf. í Vogum, Árni Böðvarsson, Ís Kópavogi, Jón Daníelsson, Hraðfrystihúsi Þórkötlustaða Grindavík, Steingrímur Árnason, Hraðfrystihúsi Keflavíkur, Þorlákur Skaftason, SH, Hjördis Zebitz, Miðstöðinni hf., Sverrir Júlíusson, Hraðfrystistöð Keflavíkur, Ingólfur Flygenring, Íshúsi Hafnarfjarðar, Svava Ágústsdóttir, SH, Markús Einarsson, Hraðfrystihúsi Ólafsvíkur, Þórður Guðmundsson, Hraðfrystihúsi Gerðabátanna, Sigurður Baldvinsson, Hraðfrystihúsi Ólafsfjarðar, Jón Ásgeirsson frá frystihúsinu Ásgeiri Péturssyni, Siglufirði, Guðsteinn Einarsson, Hraðfrystihúsi Grindavíkur, Nikulás Jónsson, Jöklum, Björn G. Björnsson, Sænsk-íslenska frystihúsinu, Tómas Guðjónsson, Ísfélagi Vestmannaeyja, Vilberg Skarphéðinsson, Miðstöðinni hf., Anna Guðmundsdóttir, SH, Þórður Ólafsson, Hraðfrystihúsi Ólafsvíkur, Bjarni Albertsson, Frosti Keflavík, Einar Steindórsson, Hraðfrystihúsinu hf. Hnífsdal, Hreggviður Bergmann, Keflavík hf., Árelíus Ólafsson, endurskoðandi SH, Magnús Magnússon, gæðaeftirlitsmaður SH, Gísli Hermannsson, verkfræðingur SH, Björn Halldórsson, fulltrúi hjá SH, Guðlaug W. Nielsen, símadama SH, M. J. Ingibjartsdóttir, skrifstofudama SH, Þorgrímur St. Eyjólfsson, Jökli hf. Keflavík, Sveinbjörn Finnsson, Miðstöðinni hf., Friðjón Stephensen, lagerstjóri SH, Þórir Guðmundsson, gjaldkeri SH, og Valgarð J. Ólafsson, fulltrúi hjá SH.
Sitjandi frá vinstri: Gísli Þorsteinsson, Hraðfrystistöð Vestmannaeyja, Þorsteinn Sigurðsson, sama, Jóhann Sigfússon, Hraðfrystihúsinu sf. Vestmannaeyjum, Jón L. Þórðarson, Hraðfrystihúsinu hf. Siglufirði, Friðrik Guðjónsson, Hrímni Siglufirði, Jón Gunnarsson, erindreki SH, Sigurður Ágústsson, frá samnefndu húsi í Stykkishólmi, Ólafur Jónsson, Miðnesi Sandgerði, Davíð Ólafsson, fiskimálastjóri, Elías Þorsteinsson, Jökli Keflavík, Einar Sigurðsson, Hraðfrystistöð Vestmannaeyja, Mr. Smethurst, umboðsmaður í Grimsby, Guðmundur Albertsson, erindreki SH, Eggert Jónsson, frá samnefndu húsi í Innri-Njarðvík, Einar Guðfinnsson, Íshúsfélagi Bolungarvíkur, Magnús Z. Sigurðsson, SH, Jón Jónsson, Flateyri, Þorgils Ingvarsson, yfirmaður afurðalánadeildar Landsbanka Íslands, Huxley Ólafsson, Keflavík hf., Sæmunda Pétursdóttir, ritari SH, og Finnbogi Guðmundsson, Hraðfrystihúsi Gerðabátanna í Gerðum.

verslunarinnar. Það verður að koma í veg fyrir að hún sé fyrst og fremst í höndum fárra milliliða, eins og nú á sér stað. Það verður að tryggja útgerðarmönnum og sjómönnum a.m.k. þá hlutdeild í henni, að þeir geti jafnan fylgst með því sem er að gerast og geti gripið í taumana, ef þörf krefur. Jafnframt verður að tryggja ríkinu fullan íhlutunarrétt. Með samvinnu og íhlutun allra þessara aðila eru mestar líkur til að sú niðurstaða fáist, að þessi verslun fái hina bestu starfskrafta og sé rekin á heilbrigðum grundvelli.

Meðan það skipulag helst, sem nú er, að fiskverslunin sé að langmestu leyti í höndum hringa fáeinna milliliða (hraðfrystihúsaeigenda, saltenda, skreiðarfram-

leiðenda), en sjómenn og meginþorri útgerðarmanna komi þar hvergi nærri, mun aldrei skapast æskilegur friður um þessi mál. Sú tortryggni verður þá ekki kveðin niður, að milliliðirnir dragi meira og minna ranglega í vasa sinn, en hún ýtir mjög undir óbilgirni í kaupkröfum. Endurskipulagning fisksölunnar á þeim grundvelli, sem lýst er hér á undan, er því eitt af þeim málum, sem mest aðkallandi er að leysa."

Ekki væri ástæða til að rekja svo ítarlega þetta pólitíska hnotabit, nema af því að nú stóð svo á, að um þessar mundir var að slitna upp úr fimm ára pólitísku samstarfi Framsóknar og Sjálfstæðisflokks og kosningar stóðu fyrir dyrum. Alþýðuflokkur og Framsóknarflokkur mynduðu með sér kosningabandalag og freistuðu þess að ná hreinum meirihluta út á liðlega þriðjung atkvæða og munaði ekki miklu að það tækist. Slík stjórn hefði vafalítið reynt að „endurskipuleggja fisksölluna" með þeim hætti, sem greinarhöfundur lýsir, þ. e. annað hvort með hreinni ríkiseinkasölu, eða með svipuðu fyrirkomulagi og þessir flokkar höfðu komið á saltfiskverslunina tveimur áratugum áður. Nú tókst þeim ekki það ætlunarverk sitt að ná hreinum þingmeirihluta og urðu að taka Alþýðubandalagið með sér í stjórn. Lúðvík Jósepsson varð sjávarútvegsráðherra. Flokkur hans og flokksmálgögn létu reyndar engin tækifæri ónotuð til að gera Sölumiðstöðina tortryggilega fremur en hinir vinstri flokkarnir, en sjálfur hafði Lúðvík setið marga aðalfundi SH og tekið virkan þátt í fundastörfum, sat stundum í varastjórn og var þar hnútum kunnugur. Þótt ekki sé vitað til að Lúðvík hafi hreyft nokkrum athugasemdum við málflutning flokksmanna sinna í þessum efnum, datt honum ekki í hug að beita ráðuneytinu til að hrófla við fyrirkomulagi fisksölunnar, enda hafði hann öðrum hnöppum að hneppa, þar sem var útfærsla landhelginnar í 12 mílur.

Um það verður að sjálfsögðu ekki fullyrt, hver alvara lá að baki pólitískum málflutningi á borð við þann sem þarna birtist í Tímanum. Hins vegar er athyglisvert á hvaða strengi greinarhöfundur slær. Ekki er talað um einokun eða fáokun, hins vegar fámenna „hringa" „milliliða", stjórn SH er „klíka 4-5 einkabraskara". Af öllum þessum tilfinningahlöðnu orðum var sennilega „milliliður" hvað eitraðast um þessar mundir. Allir stjórnmálaflokkar voru í heilögu stríði gegn milliliðum. SH er einmitt sprottið upp úr svipuðu andrúmslofti og það mun aldrei hafa hvarflað að stofnendum samtakanna, að með SH væru þeir að skapa nýjan „millilið". Þvert á móti munu þeir hafa talið að þeir væru að ryðja brott milliliðum, innlendum og erlendum, með eigin söluarmi, sem gæti rutt vöru þeirra braut á erlendum mörkuðum, nánast alla leið til neytandans.

Líka verður að teljast nokkuð eðlilegt að stjórn SH skipuðu nokkrir atkvæðamestu eigendur frystihúsa af svæðinu umhverfis höfuðborgina. Eins og samgöngum var þá háttað gátu ekki aðrir komið við næstum daglegri þátttöku í stjórnarstörfum. Þeir urðu líka að njóta fulls trausts félaga sinna, því að hvert frystihús fór með eitt atkvæði án tillits til stærðar, eins áður er getið. Stærðarmunur húsanna var heldur ekki slíkur, að í sölumálum væru hagsmunir þeirra ólíkir, þannig að líklegt væri að stærri húsin sætu yfir hlut hinna minni. Fundargerðir aðal- og aukafunda sýna líka glöggt, að ekki sátu menn í stjórn SH í skjóli doða og deyfðar. Umræður voru alla jafnan líflegar og gagnrýni hlífðarlaus. Reikningar félagsins voru vandlega skoðaðir í nefnd og ýmis minniháttar atriði oft harðlega gagnrýnd í almennum umræðum. Félagsmenn fylgdust vel með útgjaldaliðum, smáum sem stórum. Lengi framan af þótti ýmsum félagsmönnum til dæmis fé til auglýsinga illa varið og vildu velta þeim kostnaði yfir á aðra aðila, eins og ríkisvaldið eða Fiskveiðasjóð.



Þeim var vel til vina Ólafi Jónssyni í Sandgerði og Magnúsi Z. Sigurðssyni (til hægri). Ólafur fór ekki í launkofa með þá skoðun sína að hann var ósammála uppbyggingunni í Nanticoke. Á aðalfundi SH 1959 sagði hann til dæmis: „ . . . ég var alltaf á móti þessari niðursuðuverksmiðju í Bandaríkjunum, af þeirri ástæðu, að þar erum við að keppa við mennina, sem eru að kaupa af okkur blokkirnar, og það kom á daginn, að salan féll . . . og það var fyrst og fremst þessari verksmiðju okkar að þakka“. Benti Ólafur á að þessir viðskiptavinir Coldwater hefðu síðan farið sjálfir út í að framleiða blokk fyrir fiskréttaverksmiðjur sínar að vinna úr og því dregið mikið úr blokkasölu SH til þeirra. En um þetta má deila endalaust, sagði Ólafur, án þess að komast nokkru sinni að niðurstöðu um hvor þeirra hefði rétt fyrir sér, hann eða Jón Gunnarsson.

Auk endurskoðunar og innra eftirlits SH var margfalt eftirlit opinberra og hálfopinberra aðila með nánast hverjum einasta ugga, sem út var fluttur úr landinu. Á tíma fiskábyrgðarinnar fylgdist opinber stofnun með öllum ferli fisksins til endanlegrar sölu. Svipað eftirlit fylgdi bátagjaldeyrisfyrirkomulaginu. Bankarnir fylgdust nákvæmlega með fiskinum frá því að afurðalán voru tekin og þar til endanleg gjaldeyrisskil komu fyrir hann. Samt gengu stöðugt sögusagnir meðal fólks um að forsvarsmenn fisksölunnar styngju undan fé og áttu sumir þeirra samkvæmt þeim að eiga á leynireikningum erlendis stórar fúlgur. Ofstækismenn í ýmsum stjórnmálaflokkum kyntu undir þessar sögusagnir og notuðu hvert minnsta tækifæri til að gera starfsemi Sölumiðstöðvarinnar tortryggilega, krefjast opinberrar rannsóknar á fjárreiðum hennar og íhlutunar ríkisins, þ.e. fulltrúa stjórnmálaflokkanna, um stjórn hennar, eins og höfundur Tímagreinarinnar gerir hér að framan.

Það virðist líka nokkuð almenn skoðun hér á landi, að þeir, sem draga fiskinn úr sjó, hafi með einhverjum hætti eignarrétt á honum þar til hann er kominn í hendur neytenda erlendis, og allir þeir, sem vinna við verkun og sölu á afurðunum, séu „millilíðir“, sem dragi sér óeðlilegan hlut af sjómönnum og þeim útgerðarmönnum, sem ekki hafa jafnframt fiskverkun með höndum. Í þennan jarðveg virðist nokkuð auðvelt að sá fræjum tortryggni, hvað sem öllum staðreyndum líður og fór Sölumiðstöðin ekki varhluta af þessu andrúmslofti á næstu árum.

Aðalfundurinn 1956 var, eins og áður segir, fyrsti verulegi átakafundurinn í sögu samtakanna. Elías Þorsteinsson hafði veikst í ágúst árið áður og leitað lækninga í Bandaríkjunum og tók Einar Sigurðsson við stjórnartaumunum í forföllum hans. Má vera að fjarvera mannasættisins hafi orðið til að skerpa andstæður á fundinum. Menn skiptust þarna nokkuð glöggt í stjórnarsinna og stjórnarandstæðinga, þótt meginþorri fundarmanna virðist hafa leitt deilurnar hjá sér.

Höfuðágreiningsefnin voru verðlagningin á blokkum í Bandaríkjunum og uppsögn Gunnlaugs Péturssonar, þegar tveggja ára ráðningartímabili hans þar lauk, og hins vegar ákvörðunin um að leggja niður skrifstofuna í Hamborg og brotthvarf Magnúsar Z. Sigurðssonar úr starfi erindreka þar.

Einnig komu fram efasemdir um þær nýju leiðir, sem stefnt var inn á í Bretlandi með kaupum og leigu á keðju „fish and chips“-búða og stofnun sjálfstæðs dótturfélags, Frozen Fresh, Ltd.

Verulega skarst í odda milli þessara tveggja fylkinga. Fyrstu átökin voru um tillögu Steingríms Árnasonar um að fundurinn óskaði eftir að Gunnlaugi Péturssyni yrði boðið á fundinn til að skýra honum frá störfum sínum og markaðshorfum í Bandaríkjunum og frá rekstri „fish-sticks“-verksmiðjunnar. Var sú tillaga naumlega samþykkt með 8 atkvæðum gegn 7, en samkvæmt fundargerð sóttu fundinn 64 fulltrúar frá 59 frystiaðilum. Kom Gunnlaugur á fundinn daginn eftir, kvaðst lítt undirbúinn vegna hins skamma fyrirvara, en lagði áherslu á að verðið yrði til á markaðnum en ekki á stjórnarfundum SH eða í stjórnarráðinu íslenska. Því yrðu erindrekar SH erlendis að hafa svigrúm til að selja á því verði sem fengist og framleiðendur hér heima gætu sætt sig við. Varðandi verksmiðjureksturinn í Bandaríkjunum fann hann aðallega að því að verksmiðjan væri illa staðsett.

Ennfremur var deilt á fundinum um þá ákvörðun stjórnar, að leggja niður skrifstofuna í Hamborg, sem leitt hafði til brottfarar dr. Magnúsar Z. Sigurðssonar úr þjónustu SH. Stjórnin taldi það í rauninni ekki aðalfundarmál. Það væri á sínu verksviði að ráða menn og reka, en aðalfundur gæti síðan lýst yfir trausti eða vantrausti á stjórnina fyrir þær gerðir. Allsherjarnefnd var sama sinnis. Tillögu frá Ólafi Jónssyni í Sandgerði og fimm öðrum um, að fundurinn lýsti óánægju með að leggja niður skrifstofu í Hamborg og segja dr. Magnúsi Z. Sigurðssyni upp starfi, var vísað frá með 30 atkvæðum gegn fjórum með tilvísun til fyrra samþykkis fundarins við nefndarálit allsherjarnefndar.

Aðalfundir Sölumiðstöðvarinnar hingað til höfðu svo sannarlega ekki verið neinar hallelújasamkomur. Þeir báru þess vott að þarna voru saman komnir heimaríkir menn og ráðríkir, sem töldu sig einskis manns eftirbáta. En hingað til höfðu fundarmenn ekki skipst upp í blokkir eins og hér gerðist. Tónninn á þessum fundi var líka óvenju bitur. Einar Sigurðsson ásakaði suma stjórnarandstæðinga um að eiga þátt í þeirri ófrægingarherferð, sem á liðnum mánuðum hefði farið fram í blöðum gegn SH og Jóni Gunnarssyni. Ólafur Jónsson neitaði að hafa komið nálægt þeim skrifum. Sigurður Ágústsson óttaðist að þær ádeilur, sem hér hefðu komið fram, yrðu vatn á myllu andstæðinga SH. Afgreiðsla hinna umdeildu

Jón Gunnarsson beitti sér fyrir kaupum á „fish and chips"-verslunum í Englandi en íslenski freðfiskurinn reyndist of dýr fyrir þær og var þá farin sú leið að kaupa ísvarinn fisk til þeirra.



tillagna og síðan frávísunartillögunnar sýnir að þorri fundarmanna kaus að leiða þessar deilur hjá sér, en bar fullt traust til stjórnar félagsins. Að lokum eru stjórnarmenn endurkjörnir með 37-55 atkvæðum, en Ólafur Jónsson í Sandgerði fær 21. Því má segja að stjórnin – og Jón Gunnarsson – hafi unnið fullan sigur á þessum fundi og þar með hafi sölu- og framleiðslustefnan verið mótuð fyrir næstu ár. Hins vegar var fjarri því að einhugur ríkti um þessa stefnu og á næstu árum kraumar óánægja undir niðri, þótt hún komi lítt upp á yfirborðið þar til upp úr sýður og í odda skerst veturinn 1961-'62.

Sölustefnan 1956-'62

Sú stefna, sem Jón Gunnarsson var meginhöfundur að, en stjórn SH samþykkti og studdi dyggilega, var í höfuðatriðum á þessa leið:

Ameríkumarkaðurinn væri kjölfestan í markaðsstarfinu og reynt að sjá þeim markaði fyrir nægum fiski, hvað sem liði sveiflum í verði og eftirspurn. Jón taldi það hins vegar skref afturábak þar, að eltast við blokkaframleiðsluna umfram það sem þurfti fyrir verksmiðju SH, „framleiða í sem ódýrastar umbúðir sem ódýrasta klumpa". Það hentaði hins vegar afar vel eðli íslenska vertíðasamfélagsins, sem í aflahrotum vildi koma sem allra mestri framleiðslu í gegnum húsin á sem stystum tíma.

Jón vildi leggja höfuðáherslu á það á öllum mörkuðum að pakka í glæsilegar neytendaumbúðir. Gekk hann svo langt í þessu að hann lét prenta pergamentið utan um sjö punda pakkninguna á Rússland í tvílit, og þótti Ólafi Jónssyni það óþarfa bruðl, kostaði fimm aura á blað, eða hálfa milljón króna á heildarframleiðsluna. Jón vildi sækja inn á Evrópumarkaðina með smáöskjur og sellófanvafninga. Gallinn var sá, að markaðurinn var tregur til að greiða þann kostnað, sem þessu fylgdi.

Jón viðurkenndi Austur-Evrópuviðskiptin sem staðreynd, þótt hann væri lítt

hrifinn af þeim, og óttaðist, að þau sljóvguðu tilfinningu manna fyrir þeirri vöruvöndun og þeirri áherslu á gæði, sem nauðsynleg væri til að ryðja vörunum braut á mörkuðum Vesturlanda.

Jón lagði höfuðáherslu á að vinna aftur markað í Bretlandi, sem farið hafði forgörðum í landhelgisdeilunni um fjögra mílna útfærsluna 1952. Annars vegar hafði hann augastað á að komast inn á „fish and chips"-markaðinn, sem hann benti á að seldi um 75% af fiski á markaði í Bretlandi, og hins vegar að koma þar upp verksmiðju, eins og í Bandaríkjunum. Það kom hins vegar í ljós, að íslenski fiskurinn var of dýr fyrir „fish and chips"-framleiðsluna og þótt tækist að reka nokkra staði með þokkalegri afkomu í áratugi, var að mestu leyti keyptur til þeirra ísvarinn fiskur af markaði.

Ekki er gott að segja hvernig farið hefði fyrir verksmiðju, sem reist hefði verið af stórhug frá grunni. Eins og að því var staðið, í óhentugu húsnæði á óhentugum stað var tilraunin næstum dæmd til að mistakast.

Við þetta bættist, sem Jón og stjórn SH sáu ekki fyrir, að Íslendingar áttu eftir að standa í deilum við Breta næstu tvo áratugi um víðáttu fiskveiðilögsögunnar. Á meðan ríkti ekkert eðlilegt andrúmsloft milli landanna í viðskiptum með fisk.

Eftir að Bretar höfðu forgöngu um stofnun EFTA lagðist 10% tollur á innfluttan fisk þangað frá löndum utan EFTA og varð íslenski fiskurinn þá ekki samkeppnisfær við framleiðslu Norðmanna og Dana, sem voru innan EFTA, og höfðu tollfrían 24 þúsund tonna kvóta í Bretlandi.

Vel skipulögð tilraun í Svíþjóð með smápakkningar fyrir neytendamarkað varð fyrir áfalli, þegar sænsk stjórnvöld ákváðu í febrúar 1956 að gefa innflutninginn á frystum flökum frjálsan, en settu um leið á hann innflutningsgjald, sem ásamt tollinum svaraði til 45 aura sænskra gjalds á kíló af flökum.

Sama varð uppi á teningnum í Hollandi; smápakkningarnar voru mun óhagstæðari en önnur framleiðsla og þurfti verðjöfnun milli pakkninga til að halda henni gangandi. Jón hafði samt tröllatrú á Hollandi og vildi koma þar upp bækistöð með stórri fiskréttaverksmiðju fyrir markaðssókn SH á meginlandinu.

Nú voru ríkin sex sem mynduðu evrópska Efnahagsbandalagið í óðaönn að samræma ytri tolla sína, meðal annars á fiski, og hækkuðu þeir þá yfirleitt verulega. Til þess að geta nýtt verksmiðju í Hollandi fyrir framleiðslu úr íslensku hráefni þurfti Ísland því að verða meðlimur Evrópska efnahagsbandalagsins, eins og það var þá kallað. Greinilegt er að viðreisnarstjórnin var á þessum árum mjög opin fyrir möguleika á aðild. Stjórn SH samþykkti líka ályktun árið 1961, sem hvatti til athugunar á mögulegri aðild. Engin leið var að sjá á þessum árum fyrir þá samræmingu fiskveiðistefnu aðildarríkjanna, sem síðar átti eftir að færa alla yfirstjórn þeirra mála til Brussel. Þegar de Gaulle setti Bretum svo stólinn fyrir dyrnar um inngöngu í Efnahagsbandalagið, og Norðmenn felldu aðild að bandalaginu í þjóðaratkvæðagreiðslu 1963, féllu niður allar vangaveltur íslenskra stjórnmálamanna um aðild að markaðsbandalögunum í Evrópu um sinn, og voru ekki teknar upp aftur fyrr en 1968 með undirbúningi að inngöngunni í EFTA.

Það er því óhætt að segja að markaðspólitík Jóns Gunnarssonar – með stjórn SH einhuga að baki sér – var djörf og skynsamleg – miðað við ákveðnar pólitískar forsendur. Þróunin í markaðsmálum Evrópu varð hins vegar talsvert öðruvísi en menn töldu líklegast í kringum 1960. Þá sáu menn fyrir sér sameiningu EFTA og EEC áður en á löngu liði og að þá mundi Ísland óhjákvæmilega verða að skipa sér í þær raðir. Útilokun Breta hélt hins vegar blokkaskiptingunni við enn um sinn. Íslenskir stjórnmálamenn ákváðu þá að standa utan þessara evrópsku strauma. Baráttan fyrir útfærslu fiskveiðilögsögunnar hlaut líka að skipa Íslandi að nokkru utan þeirra.

Umbrotatímar

Eignarfyrirkomulag SH, skipulag, stjórn og skattamál


Þegar kom að aðalfundi 1961 voru greiðslur fyrir þann fisk sem seldist til Ameríku farnar að dragast úr hömlu. Var þetta farið að hafa veruleg áhrif á afkomu margra húsa til hins verra. Urðu um þetta verulegar umræður á fundinum og voru settar fram kröfur um að úr þessu yrði bætt. Guðmundur Jónsson á Hrafnkelsstöðum var til dæmis ómyrkur í máli um það ófremdarástand, sem þessi greiðslutregða ylli: „Ég er nú búinn að handfjatla fisk í yfir 30 ár á ýmsu verkunarstigi, en aldrei frosinn fisk fyrr en síðustu tvö árin, og það eru þau mestu viðbrigði, sem ég hef nokkurn tímann fundið á framleiðslunni, – það er að verka frystihúsafisk og saltfisk og skreið. Ég hef getað rekið mína útgerð undanfarið svona nokkurn veginn stórslysalaust fram að þessu, en síðan ég tók við þessum frystihúsarekstri sé ég engan veginn fært að geta haldið henni áfram.“ Og enn bætti hann við: „Það er ekki nokkur lifandi leið að drífa þennan rekstur með þessu fyrirkomulagi, að fá ekki borgað fyrr en eftir 6–8, og upp í 12 mánuði“.

Ýmsir urðu til að taka undir þetta með Guðmundi og hvetja til þess að stjórn SH fengi lán, heima eða vestra, til að borga út afurðirnar. Það var því með nokkurri eftirvæntingu sem beðið var eftir ræðu Péturs Benediktssonar Landsbankastjóra á þessum fundi.

Pétur skýrði frá því að hann hefði á síðastliðnum vetri heimsótt fyrirtæki SH í Bandaríkjunum og kynnst því hvernig starfsemi þeirra færi fram. Hann taldi, að SH hefði farið þarna inn á rétta leið. Þýðingarmikið væri að framleiðendur sköpuðu sér sitt eigið dreifingarkerfi og kæmust sem næst neytandanum. Með verksmiðjurekstrinum náist miklu betri nýting á fiskinum auk þess sem hann hafi styrkt stöðu Coldwater-félagsins á markaðinum, sem nú sé orðið meðal tíu stærstu fiskdreifenda í Bandaríkjunum.

Pétur segir að á þessu séu þó ýmsar skuggahliðar. Sú fyrsta sé, að í þessu sölufyrirkomulagi sé gríðarlega mikið fjármagn bundið. Einnig þurfi að selja með nokkrum gjaldfresti, og töluverður kostnaður hljóti að skapast við birgðahald sem nauðsynlegt sé til að mæta þörfum markaðarins hverju sinni. „Og þetta er það, sem hin einstöku frystihús réttilega kvarta undan, að það tekur of langan tíma að fá gert upp.“[24] Þetta atriði hafi á undanförnum mánuðum verið til umræðu og athugunar milli stjórnar SH og bankanna, fyrst og fremst Landsbankans. Fyrsta sporið hafi verið stigið í þá átt, að létta þennan greiðsluvanda með því að einn af viðskiptabönkum Landsbankans í Bandaríkjunum hafi fallist á að kaupa víxla að vissu marki í sambandi við þennan útflutning. Þarna sé þá að opnast smuga, ofurlítil glufa, sem ljósið komist inn um, og vonandi sé þetta upphafið að bjartari tímum. Athugun hafi leitt í ljós að það sé ekki mikil fjárhagsleg áhætta í sambandi við þetta. Gjaldeyririnn hafi ævinlega skilað sér heim að lokum, en óneitanlega hafi það stundum tekið langan tíma.

En nú spurði bankastjórinn: „Er uppbygging Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna rétt, miðað við það hlutverk, sem hún hefur nú tekið að sér? Og þessu vil ég mjög alvarlega beina til umhugsunar fundarmanna, hvort ekki ætti að gera þar á vissar breytingar. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna er eiginlega byggð þannig upp að stofnuninni sem slíkri er ekki ætlað að eignast neitt. Þetta væri ekkert athugavert,



Framkvæmdastjórar, stjórn SH og varastjórn kjörin á aðalfundi SH vorið 1961. Talið frá vinstri; Björn Halldórsson, framkvæmdastjóri, Jóhann Sigfússon, varamaður, Huxley Ólafsson, varamaður, Jón Árnason, Jón Gíslason, Elías Þorsteinsson, formaður stjórnar, Einar Sigurðsson, varaformaður, Björn G. Björnsson, varamaður, Ingvar Vilhjálmsson, varamaður, Finnbogi Guðmundsson, varamaður, og Jón Gunnarsson, framkvæmdastjóri sölumála. Guðfinn Einarsson vantar en hann kom í fyrsta skipti inn í aðalstjórn SH á aðalfundinum 1961.

ef SH væri aðeins umboðsfyrirtæki, af því tagi sem seldi heildsölum, lægi aldrei með lager, hefði enga lagera erlendis – hérna liggja einstaklingarnir með hann – hefði enga eigin vinnslu, og þyrfti ekki á sérstöku fjármagni að halda í eigin nafni. Ég skil vel, hvers vegna þessi leið var valin. Það er út af hinum mjög óviturlegu skattalögum, sem gilt hafa í þessu landi og hafa gert það svo undursamlega erfitt fyrir slík fyrirtæki að byggja upp nokkurn eigin sjóð. Það, sem hefði orðið tekjur félagsins, ef því hefði ekki verið skipt jafnóðum á nöfn þátttakendanna og síðan lánað aftur að vissu marki fyrirtækinu, hefði að miklu leyti farið í skattinn." Pétur bendir á, að eins og fyrirkomulagi SH sé nú háttað, sýni bókhald fyrirtækisins engar eignir, – þvert á móti þá skuldi fyrirtækið bæði hér og þar, meðal annars hverju einasta frystihúsi á landinu, – bókhaldið sé fullt af skuldabréfum sem eigi að falla á næstu árum. „Í augum þeirra, sem ekkert þekkja til, lítur þetta út fyrir að vera ákaflega veik uppbygging og vissulega er það veik uppbygging. Ég hygg, að með hinni margháttuðu starfsemi sem Sölumiðstöðin er komin inn á, sé nauðsyn að breyta þessu. Nauðsyn er á að búa svo um hnútana, að fyrirtækið geti orðið fjárhagslega sterkt sem slíkt, – en þið mynduð svara mér: ja, skattalögin gera það ómögulegt. Það er rétt. Þess vegna þarf löggjöf um þessa tegund af fyrirtækjum, um þessi stóru útflytjendasamtök. Það væri löggjöf sem ekki væri aðeins um SH, heldur hlyti að ná til fleiri samskonar samtaka, lög sem ákvæðu réttindi þeirra og skyldur og sérstaklega gerðu þeim mögulegt að safna nauðsynlegum sjóðum, sem leggja þyrfti til hliðar, án þess að vera rænd þeim jafnóðum í skatta. Og þar sem mér er kunnugt um að þessi félagsskapur á marga ágæta menn á þingi, og ekki alla í sama flokki, þá vonast ég til, að þeir taki höndum saman um að reyna að koma þessu nauðsynjamáli á framfæri og það þegar á næsta þingi." Pétur ítrekaði, að



Sigurður Ágústsson, er sat í stjórn SH frá 1947 til 1972, þar af varaformaður frá 1965 til 1969, með konu sinni, Ingibjörgu Helgadóttur. Jón Gíslason, stjórnarmaður í SH frá 1955 til 1964, situr andspænis Sigurði. Ekki hefur tekist að bera kennsl á fjórða manninn. Á aðalfundi SH 1961 mælti Sigurður Ágústsson gegn Jóhannesi Stefánssyni og sagði SH í raun vera eitt sameignarfélag 60 meðlima Sölumiðstöðvarinnar. „Það er að sínu leyti eins og þegar 5 menn kaupa bát – gera ekki um hann hlutafélag, heldur eiga þeir bátinn að 1/5 hver þeirra, og einn maður getur selt sinn hluta nýjum aðila, og það er allt samkvæmt íslenskum lögum", sagði Sigurður.

hann væri sannfærður um það, að SH ætti að koma sér upp fleiri verksmiðjum erlendis, benti á að hver verksmiðja kostaði ekki meira en sem svaraði einum togara, en fénu væri þó mun betur varið en til togarakaupa. Að lokum skoraði hann á fundarmenn að gera þá lagfæringu á uppbyggingu samtakanna, sem gerði öflun erlends lánsfjár til að hjálpa til við starfið á erlendum mörkuðum auðveldari.

Pétur Benediktsson studdi hér óneitanlega fingri á það, sem var helsti veikleiki sölusamtaka frystihúsaeigenda. Sölumiðstöðinni var í upphafi ekki ætlað að eignast neitt, heldur skila heildarandvirði afurðanna til eigenda sinna að frádregnum sölukostnaði. Form fyrirtækisins var óþekkt á byggðu bóli, hvorki hlutafélag né samvinnufélag. Það átti engar eignir til að veðsetja. Rekstrarfé þess var að verulegu leyti fengið að láni frá frystihúsaeigendum – þess vegna var bókhald þess „fullt af skuldabréfum" við frystihúsin sem áttu að falla á næstu árum. Allir vissu að frystihúsin sjálf voru rekin á barmi gjaldþrots fyrir tilstilli opinberra aðila, sem bæði ákváðu fiskverðið og verðið á gjaldeyrinum, sem frystihúsin fengu fyrir afurðir sínar. Loks hafði hagur þjóðarbúsins sjálfs á undanförnum árum verið þannig, að „gjaldeyrisverslun íslenskra banka mátti heita lokið. Varð dag frá degi að leita til erlendra lánastofnana til að fá fluttar til landsins brýnustu lífsnauðsynjar og Íslendingar höfðu í rauninni hvarvetna glatað lánstrausti."[25]

Það var því ekki að undra þótt það gengi hægt fyrir sig, að sannfæra bandaríska banka um hagkvæmni þess að veita Coldwater lán til að flýta skilum á afurðaverði til frystihúsanna hér heima. Nokkurt tap hafði verið á verksmiðjunni í Nanticoke á undanförnum árum og þótt hún væri að rétta úr kútnum og auka hlutdeild sína í markaði tilbúinna fiskrétta ár frá ári, jók það ekki á lánshæfni og lánstraust fyrirtækisins.

Það er fróðlegt að bera þetta saman við annað íslenskt stórfyrirtæki, sem var að auka umsvif sín á erlendri grund á þessum sama tíma og þá einkum í Bandaríkjunum. Hlutafélagið Loftleiðir var á þessum árum að endurnýja flugflota sinn með

DC 6 flugvélum í stað hinna gömlu Skymastervéla, DC 4. Þeir höfðu í fyrstu farið fram á ríkisábyrgð á lánum til þessara kaupa en verið synjað. Þá sneru þeir sér beint til bandarísks banka, sem krafðist þess að sjá bókhaldið, og veitti þau lán sem félagið þurfti, eftir að hafa kynnt sér það.

Veldi Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, sem mörgum óx í augum hér heima, byggðist hins vegar ekki á traustum efnahagsreikningi eða fjármálalegum styrk, heldur á þeim mætti, sem lá í samtökunum sjálfum. Það dugði lítt á erlendum fjármálamörkuðum.

Ábendingar Péturs Benediktssonar um nauðsyn nýrrar löggjafar um starfsemi útflutningssamtaka, sem gerði þeim kleift að byggja upp fjárhag sinn til að takast á við fjárfestingar erlendis, voru því orð í tíma töluð. Eins hefði Sölumiðstöðin sjálf þurft að huga að innri skipulagsbreytingum til að styrkja sig til átaka á erlendum vettvangi.

SH hvorki fugl né fiskur?

Reyndar fór það svo, að aðalfundurinn ræddi allítarlega um uppbyggingu samtakanna, vegna tillagna sem fyrir fundinum lágu um lagabreytingar. Með þessum lagabreytingum var gert ráð fyrir stofnun Arðjöfnunarsjóðs og kveðið á um að félagsmenn skyldu eiga bæði þennan sjóð og eignir félagsins umfram bókfært verð í réttu hlutfalli við útflutningsverðmæti hvers og eins. Skyldi gefa árlega út heimildarskírteini, er sýndi eignarhlutfall hvers félagsmanns (sjá kafla um lög félagsins).

Í umræðunum reið á vaðið sósíalistinn Jóhannes Stefánsson frá Neskaupsstað. Hann sagði meðal annars: „Við tókum eftir því hérna í dag, í ræðu Péturs Benediktssonar bankastjóra, að hann beindi því til okkar hvort ekki væri rétt að athuga það, hvort SH sem slík væri rétt byggð, og hvort ekki þyrfti að breyta uppbyggingu hennar á einhvern hátt. Við höfum yfirleitt verið þeirrar skoðunar, að hér væri félagsskapur sem ætti sér eiginlega enga stoð í íslenskum lögum beinlínis, – það hefur auðvitað verið reynt að komast hjá sköttum og öðru slíku eftir ýmsum leiðum, og það hefur tekist að nokkru leyti. Við því er náttúrulega ekkert að segja, ef það tekst. Hins vegar má reikna með því að svona félagsskapur, sem stendur í jafnöflugum atvinnurekstri eins og SH, þurfi að vera ábyrgur aðili."

Jóhannes minnti á, að aðilar að SÍF og Skreiðarsamlaginu þyrftu ekki að lána þeim stofnunum neinar verulegar fjárhæðir. Í stað fyrirliggjandi lagabreytinga hefði stjórnin átt að leggja til að SH yrði komið í fast form. „Eins og nú er, þá er þetta ekki samvinnufélag, og ekki hlutafélag, – og nú á að gefa út skírteini fyrir ákveðnu eignarhlutfalli. Hér er bara haldið áfram á sömu braut og fyrirtækið hvorki fugl né fiskur." Jóhannes tekur undir orð Péturs Benediktssonar um nauðsyn þess að skapa félaginu fastan lagalegan grundvöll, og haga því þannig til að eignir manna í félaginu reynist mönnum einhvers virði ef til komi.

Jóhannes ræddi líka um hlutverk stjórnar og framkvæmdastjóra, vildi sterka framkvæmdastjóra og fjölmenna stjórn sem kæmi sjaldan saman.

Glöggt kom fram á fundinum að skattheimta stjórnvalda er fundarmönnum ofarlega í huga. Þeirri spurningu var varpað fram hvort yfirvöld myndu ekki skattleggja heimildarskírteinin, – en því svarað til að það yrði erfitt, því að í skírteinunum væri aðeins tilgreind prósenta, en engin fjárhæð. Fjörugar umræður spunnust um lagabreytingarnar, – um nauðsyn þess að skýra, hvaða eignarhlut menn ættu í þessu fyrirtæki. Þessar umræður urðu kannski til að skýra fyrir mönnum vandamál fyrirtækisins með breyttum tímum, en leiddu ekki til aðgerða að sinni. Og þrátt

fyrir brýningarnar um að setja sölusamlögunum sérstök lög aðhafðist Alþingi aldrei neitt í því efni.

Þess var heldur ekki langt að bíða, að það óveður skylli á, sem neyddi menn til að horfast í augu við innri veikleika samtakanna – og gera eitthvað til úrbóta.

Býsnavetur

Frá því að viðskipti höfðu tekist að nýju við Sovétríkin 1953 hafði verðið á fiski þangað staðið nær óbreytt, meðan talsverðar verðhækkanir höfðu orðið í Bandaríkjunum. Var ljóst að Sovétmenn töldu að Íslendingar ættu ekki í önnur hús að venda með sölu afurða sinna. Jón Gunnarsson taldi nú tíma til kominn að knýja Sovétmenn til nokkurrar hækkunar og var í því skyni sem mestu af framleiðslu ársins 1961 beint á Bandaríkjamarkað. Mun meira en fjórðungur framleiðslunnar þetta ár hafa farið þangað. Þetta herbragð heppnaðist og í ágúst 1961 tókust samningar við Sovétmenn um 12 sterlingspunda hækkun á frystum þorskflökum, úr 128 pundum í 140 pund tonnið. En sá böggull fylgdi skammrifi að Ameríkumarkaðurinn var ekki tilbúinn að taka við svo miklu magni nema á löngum tíma. Söfnuðust fyrir miklar birgðir bæði heima og vestra. Miklum hluta blokkaframleiðslunnar var beint til verksmiðjunnar í Nanticoke og lengdist þá enn sá skilafrestur sem varð á andvirði afurðanna. Sú óánægja, sem vart hafði orðið á aðalfundinum um vorið vegna sífellt lengri greiðslufrests á Ameríkuframleiðslunni magnaðist nú enn frekar og á síðustu mánuðum ársins og í byrjun árs 1962 varð hún að fjölmiðlafári. Veturinn 1961-'62 gæti með réttu verið kallaður „býsnavetur" í sögu SH.

Það var síður en svo að vaxandi óánægja og gremja innan SH færi framhjá stjórnendum SH, enda fundu þeir glöggt fyrir vandanum sjálfir í rekstri sinna fyrirtækja. Í lok september eru málin rædd á stjórnarfundi og komist að þeirri niðurstöðu, að ástandið í fisksölu til eigin fyrirtækja í Bandaríkjunum og Englandi sé óviðunandi og stofni samtökunum í hættu, sem geti leitt til upplausnar þá og þegar. Fiskinn verði að greiða jafnóðum, ella hljóti viðskiptin við eigin fyrirtæki að dragast saman. Í endaðan október samþykkir stjórnin að óska eftir því, að Coldwater greiði SH aldrei lægra verð fyrir blokkir en SÍS greiði heim, eftir að Eyjólfur Ísfeld endurskoðandi hafði farið til New York og sannreynt að Coldwater var að greiða heim 10% lægra verð en SÍS skilaði sínum framleiðendum.

Ekki verður séð, að stjórnin hafi ráðist að rótum vandans með því að leita nýrra leiða um fjármögnun þeirra fjárfestinga, sem SH hafði stofnað til erlendis og þeirra birgða, sem þær útheimtu. Í þessu fjármagnshrjáða landi þar sem flest útflutningsfyrirtæki voru rekin öfugu megin við núllið og áttu allan sinn rekstur og nýframkvæmdir undir lánum, skipti það þau öllu máli, að greiðslur bærust fljótt og örugglega. Væru skjótar greiðslur í boði var erfitt fyrir útflytjanda að falla ekki fyrir þeirri freistingu. Og nú var sótt að SH úr þeirri áttinni. Skjótar greiðslur og viðunandi verð voru í boði.

Eftir að dr. Magnús Z. Sigurðsson hafði gengið úr þjónustu SH hafði hann lagt stund á viðskipti erlendis. Stofnaði hann á þeim árum fyrirtækið Atlantor hf., sem meðal annars hafði fengist lítilsháttar við sölu á rækju héðan og heilfrystum smáfiski. Í desember 1961 fær Atlantor hins vegar útflutningsleyfi hjá viðskiptaráðherra fyrir 3.000 tonnum af fiski á næsta ári og jafnframt er upplýst, að hann hafi tekið á leigu fimm frystihús innan Sölumiðstöðvarinnar til að annast framleiðslu á þessum fiski. Voru það Miðnes hf. í Sandgerði, Hraðfrystihús Grindavíkur, Snæfell



Talið frá vinstri; Sigurður Ágústsson, alþingismaður, Margaret Clamser og Einar Sigurðsson úr Vestmannaeyjum.

hf. í Keflavík, Ísfirðingur hf. á Ísafirði og Ísafold hf. á Siglufirði. Fram kemur í fréttum og viðtölum við Magnús í desember og janúar, að hann hefur föst viðskiptasambönd við breska Ross-hringinn og hafi fengið ívið hærra verð en SH er að selja fyrir um þessar mundir í Bretlandi. Í Alþýðublaðinu er sérstaklega tekið fram, að útflutningsleyfi Atlantors hafi verið rætt í ríkisstjórninni í heild og verið samþykkt samhljóða.

Viðskiptafrelsi var náttúrlega mjög á dagskrá ríkisstjórnarinnar og sterk öfl innanlands brýndu stjórnarflokkana mjög á því að sama ætti að gilda í þeim efnum um útflutning frá landinu, ekki síður en innflutninginn. Frystihúsamenn tefldu fram á móti sínum gamalkunnu rökum, að einungis með sterkum samtökum, sem réðu yfir miklu fiskmagni væri hægt að komast inn á markaðina erlendis, hvort sem væri frjálsa markaði eða ríkisstýrða markaði eins og í vöruskiptalöndunum. Frelsið mundi leiða til þess, að erlendir auðhringar mundu eiga alls kostar við íslenska framleiðendur og tefla þeim hverjum gegn öðrum til lækkunar verðs. Forystumenn Sölumiðstöðvarinnar óttuðust mjög að rétttrúnaðarmenn um viðskiptafrelsi fengju því áorkað að stóru sölufyrirtækin yrðu brotin niður og salan færðist yfir til heildsala, sem væru lítið annað en umboðsmenn erlendra auðhringa hér á landi. Þetta voru máttug rök í nýsjálfstæðu og þjóðernissinnuðu ríki. En staðgreiðsla í beinhörðum peningum var heldur ekki til að forsmá.

En nú kom olíugusa á eldinn sem undir kraumaði. Sölustjórar Coldwater Seafood Corp., þeir Árni Ólafsson og Pálmi Ingvarsson, skrifuðu stjórn Sölumiðstöðvarinnar bréf þann 14. desember með harðorðri gagnrýni á stjórn sölumála Coldwater í Bandaríkjunum og rekstur verksmiðjunnar í Nanticoke. Kjarni máls þeirra varðandi verksmiðjuna var sá, að hún væri illa staðsett, byggingar lélegar og óhagkvæmar og rekstrinum illa stjórnað, enda væri hún rekin með stórfelldu tapi. Hitt kom þó enn verr við skuldum hlaðna frystihúsamenn, að þeir fullyrtu að selja mætti mun meira af blokkum til keppinauta verksmiðjunnar gegn staðgreiðslu. Þannig væri hinn langi greiðslufrestur að verulegu leyti sjálfskaparvíti. Hagsmunir verksmiðjunnar væru teknir fram yfir hagsmuni framleiðendanna hér heima.

Stjórn SH kvaddi þá Árna og Pálma heim og efndi til fundar með þeim og Jóni Gunnarssyni, Margaret Clamser, staðgengli Jóns sem forstjóra Coldwater, og Jó-

hannesi Einarssyni verksmiðjustjóra. Jón gerði það að meginmáli, að með þessu athæfi hefðu Árni og Pálmi farið á bak við sig og beið ekki boðanna heldur rak þá úr starfi sökum trúnaðarbrests þegar þann 3. janúar 1962. Þessari ásökun svöruðu þeir með því, að þeir hefðu ekki átt annars kost en að fara þessa leið, eftir að hafa komið gagnrýni sinni á framfæri við stjórnendur fyrirtækisins, án þess að ábendingum þeirra hefði verið sinnt. Ekki tók stjórn SH afstöðu til uppsagnanna, enda hafði hún alltaf samsinnt þeirri skoðun Jóns, að á hans valdsviði væri að ráða menn og reka, en standa síðan stjórn SH og aðalfundi ábyrgð þeirra gerða sem annarra.

Stjórnin greip hins vegar til annarra ráðstafana, sem ekki urðu til að lægja öldur tortryggninnar. Um miðjan janúar greina blöðin frá því að ný stjórn hafi verið sett yfir Coldwater, og skipa hana þeir Sigurður Ágústsson alþingismaður og Guðfinnur Einarsson úr Bolungarvík, ásamt bandarískra lögfræðingnum Alfred Bedard, sem hafði setið í stjórninni til þessa með Jóni Gunnarssyni og konu hans. Jafnframt berast fréttir af því að allar framkvæmdir við verksmiðjubyggingu í Hollandi hafi verið stöðvaðar og áður fenginni ríkisábyrgð vegna þeirra verið skilað. Jafnframt skýra fjölmiðlarnir frá brottrekstri þeirra Árna og Pálma.

Einar Olgeirsson alþingismaður og fleiri Alþýðubandalagsþingmenn höfðu um margra ára skeið flutt þingsályktunartillögu um opinbera rannsókn á fjárfestingu Sölumiðstöðvarinnar erlendis og fleiru í rekstri hennar. Hafði sú tillögugerð litla athygli og umræður vakið. Þó hafði Einar Sigurðsson gefið greinargóðar upplýsingar á Alþingi um umsvif og fjárfestingar SH erlendis veturinn áður í tilefni af þessum tillöguflutningi Einars Olgeirssonar. Enn lá slík tillaga fyrir þinginu nú, og var þar lögð til skipan fimm manna nefndar sem rannsaki og gefi þinginu skýrslu um eftirtalin þrjú atriði:

1. Hve mikið fé Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hefur dregið út úr rekstri sjávarútvegsins á Íslandi og sett fast í fyrirtækjum í Bandaríkjunum, Bretlandi og Hollandi og hvernig háttað er um stjórn, afrakstur og eign þeirra fyrirtækja.
2. Hversu mikið fé Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hefur lánað út erlendis í sambandi við þennan rekstur, hefur tapað þar eða á útistandandi.
3. Hvernig háttað er um veð ríkisbankanna og tryggingu fyrir þeim veðlánum, sem þeir hafa veitt út á fisk þann, sem fluttur er út og átti að greiðast við afskipun.

Einar Olgeirsson fór mikinn í málflutningi sínum og reyndi að gera bókstaflega alla starfsemi SH tortryggilega, viðskipti stjórnarmanna við félagið, samskipti SH og hliðar- og dótturfyrirtækja, gjaldeyrisskil og samskipti við bankana, og bætti svo því að sjálfsögðu við, að SH vildi skaða þjóðfélagið með því að nýta ekki tækifæri til aukinna viðskipta við sósíalísku ríkin.

Einar Sigurðsson tók sér fyrir hendur að svara Einari Olgeirssyni á Alþingi og birtist ræða hans í heild í Morgunblaðinu 31. janúar og 1. febrúar. Gerði Einar þar glögga grein fyrir uppbyggingu SH, dótturfyrirtækja og hliðarfyrirtækja og viðskiptum þeirra á milli og dró ekkert undan, en gerði þó kannski fulllítið úr þeim drætti á greiðslum, sem orðið höfðu á fiskinum frá Coldwater. Benti hann á, að allt hlutafé SH erlendis væri sem svaraði andvirði hálfs togara, eða fjögurra vélbáta, eða meðalfrystihúss. Þetta væri nú öll stærðin á þessum fjárfestingum, sem 56 frystihús stæðu að. Því færi svo fjarri, að SH fjandskapaðist við markaði í Austur-Evrópu, að bæði Rússum og Tékkum hefði verið boðið að SH reistu þar „fishstickverksmiðjur“, ef þeir vildu gera tilraun til að framleiða fiskstengur og matreiddan fisk á sama hátt og gert er í verksmiðjum í Bandaríkjunum og Englandi.

Hvorugur aðilinn hefði sinnt þessum tilboðum. Leiddi hann að lokum fram vitni, sem hann vænti að flutningsmaður tæki mark á, sem var Jóhannes Stefánsson flokksbróðir hans, forstjóri Samvinnufélags útgerðarmanna í Neskaupstað. Jóhannes var nýkominn úr kynnisferð til Coldwater og hafði skrifað grein um ferðalagið í flokksblaðið Austurland. Meðal annars kom hann í verksmiðjuna í Nanticoke: „Var mjög lærdómsríkt að sjá þessa verksmiðju, stórbrotinn rekstur hennar, meðhöndlun freðfiskjarins, gæði hans og galla. Sjá hvernig þessum fiski er breytt eftir kröfum markaðarins á hverjum tíma. Kynnast því, að það eru Íslendingar sjálfir, sem fullvinna sinn fisk frá fyrstu hendi til lokastigsins í matvörubúðina og raunverulega á disk neytandans. Einnig var ánægjulegt að kynnast mikilvægu starfi þeirra manna, sem við höfum sem fulltrúa okkar í Bandaríkjunum. Gaf sú kynning vissu um, að þeir ynnu af dugnaði og fylgdust vel með tímanum."

En ræða Einars Sigurðssonar var sem viti í moldviðri fjölmiðlaumfjöllunarinnar. Glögg, skýr og málefnaleg. Máltækið segir að aftur hverfi lygi þegar sönnu mætir. Hitt mun þó líklegra í þessu tilfelli, að dylgjurnar, hálfsannleikurinn og rógurinn, sem dreift var leynt og ljóst um þjóðfélagið um þessar mundir, hafi orðið lífseigari en þær staðreyndir, sem lagðar voru á borðið um vandamál SH á þessum tíma.


Mitt í þessu moldviðri fjölmiðlafárs og pólitísks upphlaups í þingsölum ákvað stjórn SH að kalla til aukafundar þann 14. febrúar til að hreinsa andrúmsloftið. Má segja að sú ætlan hafi tekist bærilega. Mun enginn fundur SH fyrr eða síðar hafa fengið eins mikla umfjöllun fjölmiðla og athygli eins og þessi fundur.

Morgunblaðið, Vísir, Alþýðublaðið og Tíminn birtu óhlutdrægar fréttir af fundinum og tvö þau fyrstnefndu ítarleg viðtöl við Jón Gunnarsson að fundinum loknum.

Þjóðviljinn hélt sig að vísu við sama heygarðshornið og talaði um „hrakfarir Jóns á fundi SH", þar sem fundurinn hefði samþykkt að fara fram á það við Árna Ólafsson og Pálma Ingvarsson, að þeir fastréðu sig ekki hjá öðrum aðila fyrr en að loknum aðalfundi um vorið.


Lítið æsifréttablað „Ný vikutíðindi" hafði sérstaklega lagt sig fram um að gera hlut Jóns Gunnarssonar tortryggilegan með dylgjum um dulda reikninga erlendis og söluprósentur af viðskiptunum. Eftir fundinn lék blaðið að vísu tveimur skjöldum. Það hélt dylgjunum áfram í forsíðugrein en sagði hins vegar í leiðara 23. febrúar: „Yfirlýsingar fundar SH bera það með sér, að fallist hefur verið á skýringar Jóns Gunnarssonar á erfiðleikum í rekstri Sölumiðstöðvarinnar og vinnslustöðvarinnar í Nanticoke. Þá hafa málin að öðru leyti skýrst nokkuð, t.d. varðandi eignarréttinn á Coldwater. Það er augljóst mál, að Sölumiðstöðin á þetta fyrirtæki og engir einstaklingar." Og ennfremur: „Allt um það er það svo gleðiefni, að ekki virðist minnsta tilefni til rannsóknar á málefnum og rekstri Sölumiðstöðvarinnar. Það heyrist ekki að Lúðvík Jósepsson og flokksbræður hans á fundi Sölumiðstöðvarinnar hafi staðið upp og krafist slíkrar rannsóknar sem kommúnistinn Einar Olgeirsson krefst nú á Alþingi. Erfiðleikar Sölumiðstöðvarinnar eiga semsé ekki rætur sínar í beinni fjármálalegri spillingu heldur fljótfærni sem stafar af ofurkappi. Kapp er best með forsjá."

Í grein sem Benedikt Gröndal, síðar formaður Alþýðuflokksins en um þessar mundir ritstjóri „Samvinnunnar", tímarits samvinnuhreyfingarinnar, skrifar í Alþýðublaðið um nauðsyn heildarlöggjafar um útflutningssamtök segir hann: „Kommúnistar hafa krafist, að Alþingi skipi rannsóknarnefnd á Sölumiðstöðina til að kanna fjárfestingu hennar og fleira. Þetta telur Alþýðuflokkurinn varhugaverða braut. Ef byrjað er að setja pólitískar rannsóknarnefndir á atvinnufyrirtæki er ekki



Jóhannes Stefánsson, Neskaupstað, heimsótti Coldwater 1961 og lýsti hann mikilli ánægju með þá ferð og hvernig staðið væri að málum þar vestra. Álit Jóhannesar vó þungt gegn kröfu Einars Olgeirssonar á Alþingi um opinbera rannsókn á fjárfestingum SH erlendis.

Í þessum húsaþyrpingum við smábátahöfnina í Nanticoke var að mestu fólgin hin mikla fjárfesting er SH var gefið að sök að hafa lagt í erlendis. Höfundur Reykjavíkurbréfs Morgunblaðsins laugardaginn 17. febrúar 1962 kvaðst helst halda að þetta væri misskilningur, SH virtist alls ekki hafa farið offari í fjárfestingum erlendis, þær væru þvert á móti minni en flestir ætluðu.



séð fyrir endann á því máli. Þarf enginn að efast um að þá mundu flokkarnir sjá um, að stöðugt færu fram slíkar McCarthyrannsóknir. – Meirihlutinn mundi jafnan reyna að ná sér niðri á minnihlutanum með því að setja rannsóknir á fyrirtæki, sem honum eru tengd. Slíkar rannsóknir mundu kosta offjár og valda stöðugum truflunum á öllum atvinnurekstri. Verður að treysta réttvísinni um það, sem varðar við lög í starfsemi fyrirtækja, en skapa ríkisvaldinu aðstöðu til eftirlits þar fyrir utan."

Reykjavíkurbréf Morgunblaðsins gerir aukafund SH að umtalsefni laugardaginn 17. febrúar og veltir fyrir sér hvort þessi öflugu samtök hafi að undanförnu verið á rangri leið eins og umræður undanfarinna vikna um „örðugleika og ósamkomulag innan fyrirtækisins" kunni að benda til. Höfundur Reykjavíkurbréfs telur enga ástæðu til að tala um einokun SH meðan aðilar telja sjálfir hag sínum best borgið gagnvart útlendum kaupendum með því að vera í slíkum samtökum. Þá sé SH borið á brýn að hafa fjárfest geypifé erlendis. „Að því er best verður vitað er það misskilningur. Eiginleg fjárfesting, þ.e. binding eigin fjármuna í mannvirkjum erlendis virðist þvert á móti minni en flestir mundu ætla." Minnt er á hvert öryggi sé í því dreifikerfi, sem SH hafi byggt upp í Bandaríkjunum. Áður hafi það gerst, að stórir markaðir hafi horfið á einni nóttu, svo sem þegar breska ríkisstjórnin hætti að kaupa frysta fiskinn eftir stríðið, og einnig þegar Sovétstjórnin hætti kaupum á fiski um sjö ára skeið. Síðan segir:

„Til þess að ná því, sem í Bandaríkjunum hefur náðst, hefur þurft að beita miklu kappi. En kapp er best með forsjá. – Til þess að vinna úr vörunni fyrir vestan og selja hana smásölum þarf mikið fjármagn, meira fjármagn en félítil þjóð getur lagt til úr eigin rekstri nema sérstaklega standi á. Meðan miklar sölur eiga sér stað til aðila, sem greiða jafnskjótt og varan fer úr landinu, er auðveldara að þola, þótt greiðsludráttur verði á nokkrum hluta framleiðslunnar. En eftir því sem sá hluti verður stærri, því tilfinnanlegri hlýtur greiðslufresturinn að verða. Þess vegna

er það höfuðnauðsyn að útvega sérstakt fjármagn til að hafa í þessari veltu. Á þessu hefur orðið misbrestur. Eftir því sem best verður vitað, eiga núverandi örðugleikar SH fyrst og fremst rætur sínar að rekja til þessa, en hvorki til óhóflegrar fjárfestingar né meiriháttar mistaka í rekstri. Það er úr þessum misbresti sem þarf að bæta, og allar líkur eru til að unnt sé að bæta, ef allir leggjast á eitt. Ráðið er að afla lána út á vöruna vestanhafs. Að þessu hefur verið unnið síðastliðið ár og allar líkur benda til að það takist, ef því verður ekki spillt með óviturlegum aðgerðum hér heima fyrir."

Það má því segja að vopnin hafi snúist í höndum þeirra aðila, sem af mestu offorsi réðust gegn SH og nýttu til þess þá erfiðleika, sem óneitanlega höfðu komið upp í rekstri samtakanna og stjórnkerfi. Allir, sem með sanngirni litu á málin munu hafa séð, að hér var skotið langt yfir markið. Einar Olgeirsson gaf líka tilefni til þess með lofræðum sínum um sovéska markaðinn og meintar tilraunir stjórnar SH til að spilla fyrir sölum þangað, að menn settu tillögur hans í samhengi kalda stríðsins. Höfundur Reykjavíkurbréfsins bætir því við: „En ekki tjáir að dylja sig þess, að til eru þeir aðilar, sem vilja spilla markaðinum í Bandaríkjunum. Kommúnistar vilja leggja á það meginkapp að gera Íslendinga sem allra háðasta viðskiptunum við löndin bak við járntjald. Einn liðurinn í því er að reyna að eyðileggja allt það, sem þegar hefur áunnist í að skapa öruggan fiskmarkað vestan hafs. Þess vegna flytja kommúnistar ár eftir ár tillögur á Alþingi í því skyni að gera þessa viðleitni SH sem allra tortryggilegasta og láta líta út fyrir að af hálfu samtakanna hafi gerst þeir hlutir, sem knýi Alþingi til að skipa sérstaka rannsóknarnefnd. Með þessu er reynt að brjóta samtökin niður eða a.m.k. að gera þau svo tortryggileg, að erfitt verði að afla erlendis nauðsynlegs lánsfjár. Einir fá kommúnistar litlu ráðið í þessum efnum. Því ákafari eru þeir að reyna að sá fræjum tortryggni og úlfúðar, svo að aðrir vinni óþurftarverkin í þeirra þjónustu. Mjög ríður á, að þátttakendur SH átti sig á hvað á ferðum er. Þeir þurfa sjálfir að gera sitt til að laga þær misfellur, sem fram hafa komið, gæta þess að gerast ekki eigin böðlar og fylgjast ætíð með tímanum, svo að með réttu verði ekki að rekstri þeirra fundið."

Sjálfur viðurkenndi Jón Gunnarsson í viðtali við Morgunblaðið eftir fundinn, að SH mætti vera opnara og gefa almenningi meiri upplýsingar um störf sín.

SH hafði fram að þessu hvorki lagt sig fram um að útskýra framkvæmdir sínar og athafnir á erlendum vettvangi né skapa almennan skilning á mikilvægi hraðfrystiiðnaðarins. Þá voru komnir ákveðnir brestir í framkvæmd mála og skipulag fyrirtækisins var ekki sem skyldi miðað við gjörbreytt umhverfi heima fyrir sem erlendis. Eðlilegar boðleiðir innan samtakanna höfðu ekki verið skilgreindar. Losaralegu skipulagi mátti kenna, að ágreiningurinn milli framkvæmdastjóra sölumála, Jóns Gunnarssonar og sölustjóranna tveggja hjá Coldwater Seafood Corp., Árna Ólafssonar og Pálma Ingvarssonar, skyldi hlaupa í slíka hörku og hnút, sem raun varð á. Meðal félagsmanna SH voru skiptar skoðanir um áherslur í mikilvægum málum svo sem varðandi verðjöfnun á milli afurða og markaða, rekstur fiskiðnaðarverksmiðjanna í Bandaríkjunum og á Bretlandi. Ennfremur drógu ýmsir í efa réttmæti þess að byggja slíka verksmiðju í Hollandi. Innri ágreiningur var mikill, bæði persónulegur og málefnalegur. Samkvæmt samþykktum SH var hlutverkið skýrt, en skipulag og framkvæmd mála frekar óljós. Fyrstu áratugina gat þetta gengið, en eftir því sem SH óx fiskur um hrygg og markaðssvið varð víðtækara og kröfuharðara komu gallarnir í ljós. SH var á góðri leið með að verða stórfyrirtæki á sínu sviði á heimsmælikvarða hvað umsvif áhrærði, en útfærslan, skipulagið, hafði dregist aftur úr. Þetta kom skýrt í ljós á árunum 1961 og 1962.

Það fyrirkomulag að hafa fimm manna stjórn, sem að jafnaði hittist vikulega í Reykjavík ásamt tveim framkvæmdastjórum, gekk ekki upp, þrátt fyrir það að annar þessara framkvæmdastjóra bæri alla ábyrgðina á sölumálum samkvæmt þeim samningi, sem gerður var árið 1955. Þegar við það bættist að framkvæmdastjóri sölumála var verulegan hluta árs búsettur erlendis hlaut að skorta á festu og nægja yfirsýn æðstu stjórnar samtakanna.

Í vissum skilningi var um kaflaskil að ræða, þegar upp úr sauð um áramótin 1961-'62. Upphafstímabilinu, frumherjastarfinu, 1942-1961, var lokið. Við tók tímabil aukinnar verkaskiptingar og meiri valddreifingar. Þá var ný kynslóð kölluð til starfa við framkvæmd mála heima fyrir og erlendis. Nýir tímar fóru í hönd.

Aukafundurinn 14.-16. febrúar 1962 og störf skipulagsnefndar

Aukafundurinn stóð yfir í 3 daga. Á fundinum voru mættir 55 félagsaðilar með atkvæði, en þá töldust félagsaðilar SH vera 67 talsins. Mörg og stór mál voru á dagskrá. Meðal þeirra voru tillögur stjórnar varðandi starfsgrundvöll hraðfrystihúsanna, þar sem því er beint til stjórnvalda að vextir á afurðalánum verði lækkaðir og afurðalán verði aukin. Ennfremur var tillaga um að allur freðfiskur af framleiðslu ársins 1962 skyldi greiddur fljótlega eftir afskipun, þótt eitthvað væri óselt eða óuppgert af hálfu SH frá fyrra ári. Þessi tillaga olli miklum deilum með tilliti til þess hversu mikið var ógreitt af afskipuðum afurðum ársins 1961, einkum af útflutningnum til Bandaríkjanna. Þegar hér var komið var greiðsludráttur kominn upp í allt að 6-7 mánuði. Þessi staða var að verða sumum hraðfrystihúsanna óviðráðanleg. Þá var tillaga frá meirihluta stjórnar um að leggja niður verðjöfnun milli landa og pakkninga. Þessi tillaga olli einnig miklum deilum, enda um grundvallarbreytingu að ræða í starfsemi SH, hefði hún náð fram að ganga, en hún var felld og ákveðið að hafa á sama hátt og áður.

Fimmti dagskrárliður var skýrsla Jóns Gunnarssonar. Þá var samkvæmt dagskrá gert ráð fyrir ítarlegri umfjöllun um starfsgrundvöll frystihúsanna fyrir árið 1962, þ.e. framleiðslukostnaðaráætlun, útborgunarverð, fjárhagsmál frystihúsanna og fjárhagsmál SH. Ennfremur var lögð fram söluáætlun fyrir árið 1962 og hugmyndir um skipulagsbreytingu á sölu afurðanna. Í vissum skilningi var um ákveðinn uppgjörsfund að ræða bæði hvað varðaði starfsgrundvöll SH og frystihúsanna og skipulag fyrirtækisins. Inn í þetta blandaðist að vissu marki persónulegt uppgjör milli ráðandi manna, en ákveðin spenna hafði safnast upp allt frá því að Jón Gunnarsson var ráðinn aðalsöluframkvæmdastjóri 1955. Deilan snerist ekki um hæfni Jóns eða vanhæfni, heldur um áherslur og mat á framtíðarsýn. Jón Gunnarsson lagði mikla áherslu á uppbyggingu í Bandaríkjunum og sagði, að þar væri framtíðarlandið í sölu frystra sjávarafurða frá Íslandi. Þar með var hann ekki að útiloka aðra möguleika svo sem í Vestur-Evrópu og að SH nýtti sér hagkvæma möguleika í Sovétríkjunum og Austur-Evrópu.

Það var því af mörgu að taka á aukafundinum 1962. Margar ræður voru fluttar og sumar allhvassyrtar. Árna Ólafssyni og Pálma Ingvarssyni var boðið að mæta á fundinn og gera grein fyrir sínum málum. Jón Gunnarsson vísaði öllum ásökunum þeirra á bug, bæði gagnvart stjórn SH og aukafundinum. Bar mikið á milli í málflutningi þeirra. Pálmi lýsti skipulagi Coldwater þannig að það starfaði í fjórum aðskildum deildum eða básum. Væri skrifstofan í New York einn básinn, verk-



Frá aukafundi SH sem haldinn var í febrúar 1962 í Sjálfstæðishúsinu við Austurvöll í Reykjavík. Mikill tími fundargesta fór í umræður um vanda Coldwater.

smiðjan í Nanticoke annar, sölustarfið í vestanverðum Bandaríkjunum þriðji og í mið- og austurríkjunum fjórði. Á milli þessara bása væru engin tengsl heldur yrði hver fyrir sig að bera alla skapaða hluti undir Jón Gunnarsson, sem mest allt árið væri staddur hinum megin Atlantshafsins, í Englandi eða á Íslandi. Dró Pálmi upp þá samlíkingu að þetta væri eins og útgerðarmaður sem ræki alla skipstjóra sína, en ætlaði sjálfur að stjórna skipunum úr landi gegnum talstöð.


Mest bar þó á milli um verksmiðjuna í Nanticoke. Í stað þess að auka afköst hennar töldu þeir félagar að skynsamlegra hefði verið að selja meira af blokkum til keppinautanna, þar sem greiðsla fengist fyrr með því móti. Verksmiðjan væri líka illa staðsett og hlæðist þess vegna mikill aukakostnaður á fiskinn, sem hún notaði. Jón lýsti því hins vegar yfir að verksmiðjan hefði aldrei verið rekin með tapi, og væri hún orðin ein fullkomnasta og stærsta verksmiðjan á þessu sviði í Bandaríkjunum. Bar hann á þá félaga að hafa misnotað fé til óhóflegrar risnu svo að nam nokkrum þúsundum dollara og hafði hann krafið þá um endurgreiðslu á því fé. Meðal annars í þessu andrúmslofti, þar sem skarst í odda í persónulegum tilfinningahita fóru umræður fram á fundinum. Og það var um þetta atriði, sem fylkingar skiptust í atkvæðagreiðslu. Gísli Konráðsson bar í lok fundarins fram tillögu um að innheimta á kröfum Coldwater á hendur Árna Ólafssyni og Pálma Ingvarssyni kæmi ekki til framkvæmda fyrr en þá að loknum aðalfundi 1962 og að stjórn SH yrði falið að ná samkomulagi við þá um að fastráða sig ekki til starfa hjá öðrum aðila fyrr en að loknum sama aðalfundi. Tillaga um að vísa þessari tillögu til stjórnar var felld með 23 atkvæðum gegn 19 og hún síðan samþykkt.

Fundarstjóri á fundinum var Jón Árnason, alþingismaður, Akranesi, en hann var fulltrúi Heimaskaga hf.

Í upphafi fundarins flutti formaður stjórnar, Elías Þorsteinsson frá Keflavík, inngangsræðu og sagði m.a.:

„Ytri aðstæður eru að verulegu leyti undirrót hins erfiða rekstursástands hraðfrystihúsanna og SH.“

„Í upphafi starfsemi SH var aðeins rekin umboðssala á erlendum mörkuðum.



Í upphafi aukafundarins 1962 flutti Elías Þorsteinsson, formaður stjórnar SH, inngangsræðu þar sem hann reyndi að útskýra orsakir erfiðleikanna er steðjuðu að Coldwater og SH.

Enginn kostnaður lagðist á afurðirnar vegna auglýsinga eða dreifingar afurðanna. Húsnæði var leigt. Síðari þróun krafðist þess að SH eignaðist eigin skrifstofur og vörugeymslur. Allir voru því sammála og ennfremur að fara inn á nýjar áður óþekktar brautir í sölumálum, sem hlutu að fela í sér talsverðar fjárfestingar."

„Í ársbyrjun 1959 voru hraðfrystihúsin neydd til að fallast á rekstursgrundvöll, sem var þeim óhagstæðari en áður hafði verið. Áður höfðu stjórnvöld sagt að þessar ráðstafanir yrðu ekki til langframa. Þess var vænst að þegar hið nýja efnahagskerfi væri tekið upp yrði miðað við meðallagsafkomu fleiri undangenginna ára og þau lögð til grundvallar í starfsgrundvelli hraðfrystihúsanna, en ekki byggt á árinu 1959. Við þetta var ekki staðið.

Þetta atriði, þ.e. versnandi afkoma húsanna, samfara hinum snöggu umskiptum í utanríkisverslun landsmanna árin 1960 og 1961 og ákveðin framkvæmdaratriði hinnar nýju efnahagsstefnu, einkum í útlána- og vaxtastefnu bankanna, hafa fyrst og fremst valdið hinum gífurlegu erfiðleikum, sem við stöndum nú frammi fyrir."

„Við þetta bættist að Rússar vildu ekki sem áður kaupa mikið magn frystra sjávarafurða á verðlagi, sem var viðunandi. Þá var þess freistað að framleiða meira fyrir Ameríku, þótt mönnum væri ljóst að greiðslum myndi stórseinka.

Í ársbyrjun 1961 hófust umleitanir við stjórnvöld um lánsfjáröflun út á þær afurðir, sem sendar voru til Bandaríkjanna á sama hátt og áður hafði gerst, þ.e. óseldar."

Til þessa hafði allt sölukerfið hvílt einhliða á herðum frystihúsanna á Íslandi, þ.e. verið fjármagnað af þeim.

Lánsfjáröflunin gekk seint og var ekki komin í höfn þegar boðað var til hins sögulega aukafundar 14. febrúar 1962; náðust raunar ekki viðhlítandi tök á þeim málum fyrr en kom fram á árið 1963.

Árið 1961 var því afar erfitt í sögu SH og ekki hvað síst með tilliti til sölumálanna í Bandaríkjunum. Hafa ber í huga, að skipulag SH, stjórn og framkvæmd, var þegar hér var komið svipað því sem var við stofnun fyrirtækisins 1942. Segja má að bæði ytri og innri aðstæður hafi því knúið á um það, að á árinu 1962 voru gerðar grundvallarbreytingar á skipulagi og starfsemi SH, sem hélst svo til óbreytt til ársins 1985.

10 manna nefndin

Þegar aukafundurinn hafði kosið í kjörbréfanefnd, allsherjarnefnd og fjárhagsnefnd, kom fram tillaga frá 24 aðilum um 9 manna nefnd úr hópi fundarmanna til að afla sem nákvæmastra upplýsinga um starfsemi, rekstursafkomu og efnahag SH og fyrirtækja hennar heima og erlendis. Samþykkt var að kjósa þessa nefnd að viðbættum einum aðila og hlaut nefndin þar af leiðandi heitið – 10 manna nefndin.

Auk fyrrgreinds verkefnis var nefndinni falið að athuga í samráði við stjórn SH, hvaða skipulagsbreytingar æskilegt væri að gera á SH. Skyldi nefndin leggja bráðabirgðaskýrslu fyrir aukafundinn, en starfa til næsta aðalfundar og leggja fullnaðarskýrslu og tillögur fyrir hann. Eftirtaldir menn voru kosnir í nefndina: Huxley Ólafsson, Keflavík, Óskar Kristjánsson, Suðureyri, Sturlaugur Böðvarsson, Akranesi, Gísli Konráðsson, Akureyri, Kristinn Gunnarsson, Hafnarfirði, Þorsteinn Árnason, Reykjavík, Gunnar Bjarnason, Ólafsvík, Óskar Sigurðsson, Vestmannaeyjum, Ólafur Jónsson, Sandgerði og Lúðvík Ingvarsson, Eskifirði.

Nefndin réði strax tvo starfsmenn til að vinna milli funda, þá Sigurð Stefánsson, löggiltan endurskoðanda, og Gísla Hermannsson, verkfræðing. Á síðari stigum kvaddi stjórn SH þá Björn Halldórsson, framkvæmdastjóra, og Guðmund H.



Sturlaugur Böðvarsson, í miðið, var kjörinn í tíu manna nefndina. Hér skoðar hann ásamt Ólafi Þórðarsyni og starfsmanni sínum í frystihúsinu 15 punda pakkningu í sellófani, ætlaða Ameríkumarkaði. Litlu strákarnir, við hliðina á Sturlaugi eru synir hans og framkvæmdastjórar framtíðarinnar, Haraldur og Sturlaugur.

Garðarsson, viðskiptafræðing, til starfa að þeim þætti er laut að skipulagsmálum SH.

Eðli málsins samkvæmt gat nefndin ekki skilað bráðabirgðaskýrslu til fundarmanna, en í nánu samstarfi við stjórnina vann hún að lausn verkefnisins og tillögugerð fyrir aðalfundinn 1962.

Aðalfundurinn 1962

Aðalfundurinn 1962 var haldinn fyrstu dagana í júní. Tíu manna nefndin, sem kosin hafði verið á aukafundinum í febrúar, lagði fram tillögur sínar um skipulag SH, sem í stórum dráttum voru eins og hér segir:

Ástæða er til að breyta atkvæðisrétti á fundum SH þannig að hann verði að nokkru leyti látinn fara eftir útflutningsmagni hvers aðila.

Æskilegt er talið að taka upp þá skipan að landinu verði skipt í framleiðslusvæði og hvert framleiðslusvæði hafi rétt til að kjósa einn mann í stjórn.

Stjórnina skipi 9 manns, þar af 7 kosnir fyrir framleiðslusvæðin, en formaður og varaformaður verði kosnir hlutbundinni kosningu.

Ráðnir verði þrír framkvæmdastjórar er ásamt formanni myndi framkvæmdaráð.

Formaður starfi daglega í fyrirtækinu.

Nefndin gerði ekki tillögu um verkaskiptingu milli framkvæmdastjóra.

Ákveða þarf sölusvæði erlendis. Í þeim efnum sé engum ætlað meira verk en ætla má að hann komist yfir að sinna.

Nefndin gerði ekki tillögur um breytingar á samþykktum SH í tengslum við þessi mál, þar sem hún vænti þess að stjórn SH myndi annast það.

Varðandi eignarhald SH á Coldwater Seafood Corp., Frozen Fresh (Fillets) og Snax (Ross) sagði nefndin, að þessi fyrirtæki væru ótvírætt í eigu SH.

Nefndin taldi fyrirvaralausa uppsögn Árna og Ólafssonar og Pálma Ingvarssonar ekki réttlætanlega og kvaðst vænta þess að stjórn kosin á aðalfundi gengi þannig frá málum að báðir aðilar mættu við una.

Rekstur og efnahagur SH og dótturfyrirtækja

Þá fylgdi ítarlegt yfirlit yfir rekstur og afkomu Coldwater árin 1958, 1959, 1960 og 1961. Ennfremur fyrir Frozen Fresh (Fillets) Ltd. í Englandi, fyrir árin 1960 og 1961 og SH fyrir árið 1961.

Helstu niðurstöður voru:

Coldwater Seafood Corp. (C.S.C.)

Bundið fé frá SH í C.S.C. 31/12 1961 var 3,4 milljónir dollara, 147 milljónir íslenskra króna miðað við skráð gengi. Auk þess voru í birgðum í Bandaríkjunum um 3.400 smálestir, söluverðmæti þeirra var um 2,2 milljónir dollara eða sem svaraði 94 milljónum króna.

Birgðir í Bandaríkjunum í árslok 1960 og 1961, aðrar en birgðir verksmiðjunnar, námu um 2 1/2 mánaðar meðalsölu þangað. Samtals birgðir SH í Bandaríkjunum og innistæða SH samsvaraði um 1/2 árs meðalsölu þangað.

Á árunum 1958-1961 var hagnaður C.S.C. samtals 65.572,00 dollarar.

Tap var á rekstri verksmiðjunnar í Nanticoke 1960 og 1961 samkvæmt umreikningi samtals 495.966,00 dollarar. Þá var tap á rekstri skrifstofunnar.

Einnig var tap á rekstri fyrirtækisins í Englandi.

Nefndin taldi verksmiðju C.S.C. vel búna vélum og tækjum og að hún stæði fyllilega jafnfætis velflestum líkum verksmiðjum í Bandaríkjunum.

Nefndin taldi þó ólag á rekstri verksmiðjunnar. Rætt var um sparnað í rekstri skrifstofunnar og á fleiri sviðum.

Frozen Fresh (Fillets) Ltd.

Hvað Bretland áhrærði taldi nefndin að gera þyrfti rækilega úttekt á því, hvort hagkvæmt væri að vera með verksmiðjurekstur þar í landi. Samkeppnisaðstaða væri mjög erfið.

Samhliða starfi 10 manna nefndarinnar vann stjórn SH ötullega að þeim málum, er aukafundurinn hafði samþykkt, með sérstakri áherslu á útfærslu skipulagsmála SH. Fól stjórnin Guðmundi H. Garðarssyni að vinna að útfærslu hugmynda, er lagðar yrðu fram með tilliti til framvindu mála. Í þeim tillögum, sem stjórnin fékk til umfjöllunar og afgreiðslu, var kveðið á um stofnun fimm manna framkvæmdaráðs skipað formanni, varaformanni og þremur framkvæmdastjórum. Í tengslum við framkvæmdaráð skyldi starfa sérstök hag- og félagsdeild. Ítarleg skilgreining var á verkaskiptingu framkvæmdastjóra og hvað heyrði undir starfsvið hvers. Um var að ræða framkvæmdastjóra fjármála, framkvæmdastjóra framleiðslumála og framkvæmdastjóra sölumála. Fulltrúi hag- og félagsmála, sem einnig færi með almannatengsl, heyrði undir framkvæmdaráðið í heild.

Aðalfundurinn samþykkti lagabreytingar, sem nauðsynlegar voru, og fól stjórninni að vinna áfram að breytingum á yfirstjórn samtakanna.

Skipulaginu breytt

Tillögur framkvæmdaráðs og útfærsla þeirra var þó ekki samþykkt af stjórn SH fyrr en í september 1962 eftir mikla vinnu og umræður af hálfu stjórnar. Endanlega afgreiðslu fékk málið eftir að stjórnin hafði skipað fimm manna nefnd, sem í



Frá aðalfundinum 1962. Jón Gunnarsson er í ræðustól.

voru Elías Þorsteinsson, Einar Sigurðsson, Gunnar Guðjónsson, Gísli Konráðsson og Rafn Pétursson til að fara yfir tillögur Guðmundar H. Garðarssonar um skipulagsmál, er höfðu verið sendar stjórnarmönnum fyrir stjórnarfund 25. september 1962. Á þeim fundi kom ekki upp ágreiningur um meginefni tillagnanna. Gísli Konráðsson lagði að vísu sérstaklega fram skriflegar tillögur um skipan þessara mála, en lýsti því yfir við síðari umræður að þær væru í meginatriðum svipaðar þeim, sem fyrir fundinum lágu. Daginn eftir kom stjórnin aftur saman til að fjalla um skipulagsmálin. Í fundargerð þessa stjórnarfundar segir svo:

„Tekið var fyrir eina málið á dagskrá: Skipulagsmál SH.

Lagt var fram álit fimm manna nefndar, sem var falið á síðasta stjórnarfundi, að vinna úr tillögum um framtíðarskipulag SH. Formaður bað Guðmund H. Garðarsson að lesa upp álit nefndarinnar og skýra tillögurnar, sem nefndarmenn höfðu orðið einróma sammála um.

Álit nefndarinnar hljóðaði sem hér segir:

„Nefnd sú, sem kjörin var á stjórnarfundi þriðjudaginn 25. september 1962, hefur farið yfir og rætt þær skipulagstillögur, sem lágu fyrir fundinum og henni var falið að vinna úr.

Að athuguðu máli, kom nefndin sér saman um meðfylgjandi tillögur, sem byggist í stórum dráttum á þeirri verkaskiptingu sem hér greinir:

Framkvæmdaráð sé skipað eftirtöldum fimm mönnum: Formaður SH, varaformaður SH, framkvæmdastjóri sölumála, framkvæmdastjóri fjármála og framkvæmdastjóri framleiðslumála.

Framkvæmdastjóra sölumála er heimilað að ráða sér aðstoðarframkvæmdastjóra, sem gegnir störfum framkvæmdastjóra í fjarveru hans.

Framkvæmdastjórar erlendra hlutafélaga í eigu SH heyra beint undir framkvæmdaráð sem heild.“

Umræður urðu um nefndarálitið og tillögurnar, þar sem einn stjórnarmanna taldi, að þær væru ekki í samræmi við lög SH og röskuðu framkvæmdavaldi samtakanna samkvæmt túlkun laganna.

Ólafur Jónsson lýsti sig samþykktan tillögunni, sem myndi vera í gildi til aðalfundar sem og ráðning framkvæmdastjóra.

Lúðvík Jósepsson taldi tillögurnar spor í rétta átt, en hreyfði athugasemdum við 4. málsgrein nefndarálitsins hér að framan og var síðan samþykkt, að hún skyldi felld niður og í staðinn skuli koma:

„Stjórnin getur ráðið aðstoðarframkvæmdastjóra, sem gegnir framkvæmdastjórastörfum í fjarveru framkvæmdastjóra sölumála.“

Ennfremur var samþykkt að formaður SH sé formaður framkvæmdaráðsins og varaformaður SH sé varaformaður þess.

Umræður urðu um stjórnarfundafyrirkomulag og voru stjórnarmenn sammála um, að fundir skyldu vera hið minnsta einu sinni í mánuði.

Tryggvi Ófeigsson taldi það eigi fullnægjandi með tilliti til sambandsins við félagsmenn.

Eftir ítarlegar umræður var skipulagsuppdrátturinn borinn undir atkvæði og var hann samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

Þá var gerð tillaga um að eftirfarandi yrði fellt inn í nefndarálitið og var það samþykkt samhljóða:

Formaður framkvæmdaráðs hefur vald til þess að stöðva framkvæmd á samþykktum ráðsins telji hann þess þörf, enda skjóti hann þá ágreiningsmálinu til úrskurðar stjórnarfundar, sem haldinn verði svo fljótt sem úrlausn málsins krefur. Hver einstakur framkvæmdaráðsmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn til þess að taka afstöðu til mikilvægra mála.

Stjórnarfundi skal eigi halda sjaldnar en einu sinni í mánuði.

Nefndarálitið með innfærðum framanskráðum breytingum var síðan borið upp í heild og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Formaður tók nú til máls og sagði, að þar sem framangreint skipulag hefði verið samþykkt, væri næsta stig að ráða menn til starfa innan ramma hins nýja skipulags. Kvaðst hann vilja gera tillögur um skipan nefndar til að gera tillögu um menn í þessi störf.

Var samþykkt að kjósa slíka nefnd og skyldu eftirtaldir stjórnarmenn eiga sæti í henni:

Elías Þorsteinsson, Einar Sigurðsson, Gísli Konráðsson, Rafn A. Pétursson, Gunnar Guðjónsson, Jón Gíslason, Huxley Ólafsson.“

Enn kom stjórnin saman til fundar daginn eftir, fimmtudaginn 27. september 1962.

Annar dagskrárliður var ráðning framkvæmdastjóra. Meirihluti nefndar þeirra, sem kosin var á stjórnarfundinum daginn áður til að gera tillögur um ráðningu framkvæmdastjóra lagði til að stöðurnar yrðu skipaðar sem hér segir:

Framkvæmdastjóri sölumála: Björn Halldórsson.

Framkvæmdastjóri framleiðslumála: Einar G. Kvaran.

Framkvæmdastjóri fjármála: Eyjólfur Ísfeld Eyjólfsson.

Á fundinn voru mættir 14 aðal- og varamenn. Tillagan var samþykkt með 12 atkvæðum, tveir sögðu nei. Síðan var gert fundarhlé, sem formaður og varaformaður notuðu til viðræðna við fyrrgreinda þrjá menn. Að því loknu kom stjórnin aftur



Guðmundur H. Garðarsson vann, í samráði við forystumenn SH, tillögu að nýju skipuriti fyrir SH. Hinn 1. nóvember 1960 réðst Guðmundur til SH og tók þegar að kynna sér skipulag og uppbyggingu erlendra stórfyrirtækja á borð við Frionor í Noregi, Unilever í Englandi og önnur keimlík í Danmörku og Vestur-Þýskalandi. Dró hann að sér mikla þekkingu um þessi efni og aðlagaði íslenskum aðstæðum í hinu nýja skipuriti árið 1962.

saman og samþykkti ráðningu þeirra samkvæmt nýsamþykktum skipulagsreglum, sem þremenningarnir höfðu kynnt sér.

Í samræmi við skipuritið var Guðmundur H. Garðarsson ráðinn til að fjalla um hag- og félagsmál og almannatengsl (PR). Jafnframt var hann ritari stjórnar og framkvæmdaráðs.

Árni Finnbjörnsson var ráðinn sölustjóri og sá m.a. um öll viðskipti SH í Sovétríkjunum, Austur-Evrópu, Þýskalandi, Sviss og Ítalíu.

Með samþykkt nýs skipulags fyrir SH, sem náði einnig til dótturfyrirtækja, og ákveðnari verkaskiptingu meðal helstu ábyrgðarmanna á framkvæmda- og stjórnunarsviði, hófst nýtt tímabil í sögu fyrirtækisins. Aukin valddreifing og annar sveigjanleiki í útfærslu mála var í samræmi við nýtt starfsumhverfi er hófst með viðreisnarstjórninni. Einnig fullnægði það betur kröfum eigenda um nánari tengsl og samráð.

Árið 1962 var vissulega ár mikilla og stundum hatramra innri átaka í Sölumiðstöðinni. Það þurfti tíða fundi og mikla umræðu meðal félagsaðila, samfara grundvallarbreytingum í starfsháttum SH og dótturfyrirtækja til að lægja öldurnar. Sennilega hefur SH aldrei verið nær því í fimmtíu ára sögu sinni að liðast í sundur, heldur en árið 1962. Þessu tókst að afstýra með einhug og samstilltu átaki eigenda og helstu starfsmanna. Þótt stundum síðar hafi syrt í álinn hefur fyrirtækið þó oftast átt velgengni að fagna. Sótt hefur verið inn á nýja markaði og eldri sambönd styrkt.

Í rúmlega tvo áratugi starfaði SH samkvæmt skipulaginu frá 1962 með því fráviki að Eyjólfur Ísfeld Eyjólfsson var gerður að aðalframkvæmdastjóra árið 1969.

Í millitíðinni hafði það gerst að strax tveimur dögum eftir aðalfundinn segir Jón Gunnarsson upp störfum og óskar eftir að hætta í lok mánaðarins. Vissulega hafði honum verið margt mótdrægt á aukafundinum um veturinn og á aðalfundinum.



Fimmtudaginn 27. september 1962 var samþykkt á stjórnarfundi SH að ráða Einar G. Kvaran (lengst til vinstri) til að stjórna framleiðslumálum, Björn Halldórsson (við hlið Einars) til að stjórna sölumálum og Eyjólf Ísfeld Eyjólfsson (lengst til hægri) til að fara með fjármál samtakanna. Þessir þrír, að viðbættum formanni stjórnar og varaformanni, skipuðu framkvæmdaráð. Myndin sýnir fyrsta framkvæmdaráð SH, skipað áðurnefndum framkvæmdastjórum, Elíasi formanni, fyrir miðri mynd, og Einari varaformanni, til hægri. Húsgögnin á myndinni, borð og stólar, voru hönnuð af Sveini Kjarval, syni Jóhannesar Kjarvals listmálara.

Þó má segja, að meginstefna hans varðandi verksmiðjurekstur og sölumál hafi sigrað í þessari orrahríð og því líkt farið um hann og Njála segir um Brján konung forðum eftir Brjánsbardaga: „Brjánn féll og hélt velli.“ Hins vegar dró mjög úr þeirri áherslu, sem Jón hafði lagt á framleiðslu í smápakkningar, enda var önnur framleiðsla hagstæðari.

Sjálf kom Sölumiðstöðin sterkari út úr þessum átökum en nokkru sinni fyrr. Félagsaðilar voru betur upplýstir um styrk samtakanna og veikleika. Allur almenningur var fróðari en áður um starfsemi fyrirtækisins og nauðsyn þess að ráða yfir eigin dreifingarkerfi í Bandaríkjunum og reka þar glæsilega fiskréttaverksmiðju. Fljótlega tókst að ráða fram úr greiðsluerfiðleikunum á Ameríkumarkaði og varð hann þá langtraustasti fiskmarkaður okkar um áratugi. Stjórnendur frystihúsanna hér heima áttu eftir á næstu árum að kynnast betur rekstrinum á fyrirtækjum sínum í Bandaríkjunum og fór þá líkt og Jóhannesi Stefánssyni á Neskaupstað eftir heimsóknina til Coldwater 1961: Fylltust stolti yfir þeim glæsilega árangri, sem unnt var að ná í skjóli öflugra samtaka og fannst það fyllilega þess virði að ganga gegnum tímabundna erfiðleika til að ná settu marki.

Hagkerfið og frystihúsin

Íslendingar komu vel undan vetri styrjaldarinnar. Þjóðin öll var bjartsýn og í sigurvímu. Sjálfstæðisbarátta þjóðarinnar hafði verið leidd til lykta með stofnun lýðveldis, sem þegar í stað hafði fengið viðurkenningu grannþjóða og hinna voldugu sigurvegara heimsstyrjaldarinnar. Fátækt, atvinnuleysi og volæði kreppuáranna var langt að baki. Atvinnuvegirnir og herliðið höfðu slegist um hverja vinnandi hönd undanfarin stríðsár. Innistæður í erlendum gjaldeyri hrúguðust upp, peningar flæddu yfir landslýð, kaupgetan var meiri en nokkru sinni, en fátt um varning til að kaupa; bankarnir fóru bónarveg að mönnum að taka lán á 2% vöxtum.



Kutinn brýndur. Ófáir eldri Íslendingar hafa unnið um lengri eða skemmri tíma við fiskvinnslu af einhverju tagi. Það er Elínborg Guðmundsdóttir, hjá Haraldi Böðvarssyni á Akranesi, sem brýnir.

Stríðsgróði og dýrtíð

Ofan á þetta bættist að síðasta stríðssumarið, fyrsta lýðveldissumarið, varð síldveiði meiri en nokkru sinni fyrr, öll fyrri met slegin, og afurðirnar einnig í hæsta verði og eftirsóttar. Síldargróðinn og stríðsgróðinn runnu saman og hrísluðust út um allt þjóðfélagið eins og stórfljót í leysingum, sem rennur um óshólma og flytur með sér lífsnauðsynleg næringarefni og áburð, svo að gróðurinn geti tekið við sér. Síldveiðarnar höfðu reyndar bjargað því sem bjargað varð á kreppuárunum fyrir þúsundir heimila í landinu, og síldveiðarnar höfðu einmitt orðið til þess að bjarga Kveldúlfi úr klóm bankanna og pólitískra andstæðinga árið 1937 og rétt af hag fjölmargra útgerða um allt land. Í draumum manna og væntingum um framtíðina átti síldin því stóran hlut, og ekki dró það úr, þegar í ljós kom á fyrstu árunum eftir stríðið, að mörg viðskiptalönd fengust því aðeins til að kaupa íslenskan freðfisk að á móti fengist síldarlýsi eða mjöl í ákveðnum hlutföllum. Það er svo önnur saga að síldin stóð ekki undir þessum væntingum: Það áttu eftir að líða nærri 20 ár þangað til að annað eins mok yrði á sumarsíldveiðum og 1944. Hvalfjarðarsíldin varð drjúg búbót þann eina vetur sem hún gaf sig 1948, en varð þó kostnaðarsamt ævintýri um það er lauk.

Skuggahliðin á þessum ævintýralega stríðsgróða var dýrtíðin, eins og verðbólgan var þá kölluð. Sú tilraun, sem stjórnvöld gerðu til að koma á hana böndum með gerðardómslögunum um áramótin 1941-'42, var brotin á bak aftur með skæruverkföllum. Þegar Alþingi gat ekki komið sér saman um myndun ríkisstjórnar tók við utanþingsstjórn, sem ekkert pólitískt bolmagn hafði til markvissra efnahagsaðgerða. Ungur hagfræðinemi, Jónas H. Haralz, sem þá var við nám við Stokkhólmsháskóla, hefur lýst því hvernig efnahagsástandið kom honum fyrir sjónir á þessum árum:

„Eftir að ég fór að nema hagfræði ofbauð mér sú efnahagslega óstjórn, sem var heima á Íslandi á stríðsárunum. Ég man að ég fyrirvarð mig fyrir þetta og þótti erfitt að tala um það. Einn kennara minna, Ingvar Svennilsson, sem síðar varð þekktur hagfræðingur í Svíþjóð, fór eitt sinn að spyrja mig um efnahagsmál á Íslandi. Ég greindi honum frá því hvernig þeim væri háttað, og ég man hvað mér leið illa að þurfa að segja frá þessari stjórnlausu verðbólgu og vitleysu, sem þekktist ekki í Svíþjóð. Þar höfðu menn stjórn á hlutunum. Ástæða þess að við höfðum ekki taumhald á málum okkar á styrjaldarárunum var ekki síst sú, að við vorum ekki í neinni hættu og gátum lifað í vellystingum á stríðsgróðanum."[26]

Það var enginn slíkur ljómi yfir bolfiskveiðum og frystihúsum eins og síldarævintýrunum. Aldrei neinn ofsagróði, þótt góðar vertíðir gætu stundum skilað

sæmilegum hagnaði, ef saman fór við eftirspurn á erlendum mörkuðum. En oftast eru frystihúsin rekin á barmi tapsins. Á stríðsárunum liggur hvað eftir annað við framleiðslustöðvun síðari hluta árs. Þannig lá starfsemi þeirra að mestu niðri síðustu mánuði ársins 1941. Samningar eru gerðir við Breta til eins árs í senn, sem við undirskrift eiga að geta gefið örlítinn hagnað. Síðan rýkur kaupgjald og verð á aðföngum upp í dýrtíðinni, og óðar en varir eru menn komnir í tap. Samt eru frystihúsin byggð upp jafnt og þétt. Þetta er verkunaraðferð bátaflotans, enn eru saltfiskmarkaðirnir lokaðir og tekur nokkurn tíma að endurnýja þar gömul viðskiptasambönd. Alls staðar, þar sem er útgerð, verður að vera frystihús. Samgöngur eru þá óvíða þannig að fiskur verði með góðu móti fluttur á milli staða. Fyrst í stað er algengast að útgerðarmenn eigi frystihúsin til að tryggja sér verkun. Síðar meir taka húsin að eignast báta til að tryggja sér hráefni til verkunar. Víða er hins vegar stöðugur skortur á fólki til fiskvinnslunnar; það stendur gjarnan stutt við og leitar í önnur störf við fyrsta tækifæri. Flestir eldri Íslendingar, konur jafnt sem karlar, eiga minningar úr störfum við fiskvinnslu af einhverju tagi. Með slíku farandverkafólki sem uppistöðuna í vinnuaflinu var hins vegar erfitt eða nær ómögulegt að koma á vönduðum og samræmdum vinnubrögðum í frystihúsunum og viðhalda þannig stöðugum gæðum frá ári til árs.

Nýsköpunarstjórnir

Því var varpað fram fyrir nokkrum árum, að allar ríkisstjórnir frá 1960 mættu kallast viðreisnarstjórnir í þeim skilningi, að engin þeirra hefði stigið varanleg skref afturábak frá þeim ráðstöfunum, sem viðreisnarstjórnin hrinti í framkvæmd. Þvert á móti hefðu þær byggt ofan á þann grunn sem lagður var á þeim stjórnarárum.

Í sama skilningi mætti kenna allar stjórnir eftir stríðið og fram að 1960 við nýsköpun, þar sem þær byggja ofan á þann grunn áætlunarbúskapar, sem þá var lagður, með tilheyrandi afskiptum ríkisvaldsins, meiri eða minni skömmtun lífsgæða og höftum í innflutningi.

Nýsköpunarstjórnin hefur fengið misjöfn eftirmæli. Hitt fer vart milli mála, að aldrei hefur setið í landinu ríkisstjórn, sem jafnvel endurspeglaði vilja og væntingar fólksins í landinu. Þessi ríkisstjórn komst á með harmkvælum. Liðin voru tvö ár af kjörtímabilinu, þegar Alþingi tókst að koma saman meirihlutastjórn. Í millitíðinni hafði setið tilþrifalítil og daufleg utanþingsstjórn embættis- og kaupsýslumanna.

Þessi fyrsta stjórn lýðveldisins sætti forna fjendur um það markmið að endurnýja og byggja upp framleiðsluatvinnuvegina. Flokkar þeir, sem kenndu sig við alþýðuna, og flokkur atvinnurekenda við sjávarsíðuna, tóku höndum saman um stórtækar framkvæmdaáætlanir. Þjóðin skyldi fá upp í hendur þau fullkomnustu tól og tæki, sem þá þekktust, til strits síns og erfiðis: Togaraflotinn endurnýjaður, bátaflotinn aukinn og efldur, stuðlað að byggingu frystihúsa, síldarverksmiðjur í eigu ríkisins reistar.

Allt skyldi þetta gert undir merkjum áætlunarbúskapar og skipulagshyggju. Ekki var aðeins að slíkar hugmyndir væru hluti af alþjóðlegu andrúmslofti tímans. Hér áttu þær hefð að baki frá því í upphafi fjórða áratugarins.

Frá aldamótum fram undir 1930 má segja að hér sé frjálst markaðskerfi við lýði, en þá tekur við tími sósíalisma og skipulagshyggju, „tími síaukinna pólitískra áhrifa og afskipta af atvinnulífinu – og hér á landi vaxandi vantrúar atvinnurekenda á mátt sinn og megin og vantrúar Sjálfstæðisflokksins á eigin stefnu.“[27]



Frá byggingu Landshafnarinnar í Ytri-Njarðvík í lok 5. áratugar 20. aldar. Karvel Ögmundsson og bróðir hans, Þórarinn, lánuðu fjármuni til verksins og varð því lokið með þeim hætti. Eftir seinna stríð kepptust Íslendingar við að styrkja innviði atvinnulífsins á eyjunni köldu.

Dr. Gylfi Þ. Gíslason lýsir hagstjórn ríkisstjórnar Framsóknarflokks og Alþýðuflokks á kreppuárunum þannig, að ráðstöfunum hennar á sviði félagsmála, atvinnumála og menntamála hafi að mörgu leyti svipað til stefnu ríkisstjórna jafnaðarmanna á Norðurlöndum, „að því þó auðvitað frátöldu, að á Íslandi var stuðst við haftabúskap".[28]

Hugmyndirnar um haftabúskap voru þó síður en svo einskorðaðar við sósíalista. Bæði í Framsóknar- og Sjálfstæðisflokknum var að finna þjóðlega einangrunarsinna, „sem voru að hugsa um að halda í gamla íslenska þjóðfélagið, vildu hafa stjórn á öllum hlutum og héldu að þeir gætu ráðið við þróunina."[29]

Og þannig var það áfram næstu 15-20 árin, fram að stjórnarárum viðreisnarstjórnarinnar – og raunar miklu lengur.

„Almennt var því ekki trúað hér á landi að frjáls viðskipti fengju staðist á Íslandi. Allt varð að vera undir stjórn, annars keyptu menn alltof mikið og landið fylltist af vörum sem menn gátu ekki borgað. Þessi hugsunarháttur nær aftur í fornöld. Kaupmenn máttu ekki versla hér nema með leyfi goðanna, sem hlutuðust til um verðlag. Íslendingum hefur alltaf gengið illa að trúa á frjáls viðskipti. Jafnvel eftir að Jón Sigurðsson hafði lýst kostum frjálsrar verslunar á síðustu öld." [30]

Ráðstjórn

Nýsköpunarstjórnin setti á laggirnar tvö valdamikil ráð. Viðskiptaráð hafði úthlutun fyrir almennar neysluvörur en Nýbyggingarráð fyrir framleiðsluvörur. Öllum gjaldeyri var úthlutað og menn töldu að gjaldeyrir væri lykill að öllu og með því að stjórna því hvernig hann nýttist mætti hafa þróunina í hendi sér. Sósíalistar,


einkum Einar Olgeirsson, vildu hafa tök á að úthluta gjaldeyri til framleiðsluvöru, en það voru togarar, bátar, vélar til landbúnaðar, iðnaðar og fiskvinnslu.[31]

Sósíalistar litu á framleiðslutækin sem svar við öllu. Reksturinn væri ekkert vandamál. Þetta var grundvallarhugsun sósíalismans. Einar Olgeirsson trúði því að ef við bara ættum nóg af skipum og frystihúsum væri velgengnin vís og Nýbyggingarráð sá um að kaupa framleiðslutæki í stórum stíl, þrjátíu togara og á fjórða tug báta og nóg lánsfé fyrir þá sem vildu kaupa. Menn gátu fengið skip nánast án þess að leggja nokkuð fram sjálfir. En það var bara enginn grundvöllur fyrir rekstrinum. Þess vegna lentu togararnir flestir hjá bæjarútgerðum því að þær þurftu ekki að hugsa um hvort fyrirtækið væri rekið með tapi eða ekki.[32]

Meðan á öllu þessu stóð rann gjaldeyririnn út, gengið var kolvitlaust skráð og engar hömlur gátu komið í þess stað. Stórhugurinn og bjartsýnin, sem farið var af stað með 1944 entist ekki lengi. Ekkert var gert til að koma efnahagsmálunum í skynsamlegt horf. Gjaldeyrisforðinn var brátt upp urinn, síldarvonirnar brugðust að verulegu leyti, og frysti fiskurinn var erfiðari í sölu erlendis en menn höfðu vænst, ekki síst vegna rangrar gengisskráningar.

Nýsköpunarstjórnin var umdeild. Á hana var einkum ráðist fyrir sukk, bruðl og óráðsíu. Auðvitað kom í ljós á næstu árum að margar þessar fjárfestingar skiluðu ekki arði, einkum þær sem miðuðu að því að hagnýta stærstu toppa síldargangna. Einnig að í öllum framkvæmdaákafanum gleymdist að mestu að hyggja að því, hvort til væri mannafli í landinu til að nýta öll þessi framleiðslutæki. Fjölmargir fylgismenn Alþýðu- og Sjálfstæðisflokks voru ósáttir við aðild flokka sinna að stjórninni. En gagnrýnin beindist fyrst og fremst að því, að ráðlegra hefði verið að fara hægar í sakirnar. Hún snerist ekki um það, að rétt hefði verið að byrja á því að skrá gengið rétt, ná tökum á ríkisfjármálum og peningamálum, o.s.frv. og ná markaðsjafnvægi milli útflutnings og innflutnings. Enda fór svo að ríkisstjórnin varð vinsæl. Í kosningunum 1946, að lokinni tveggja ára stjórnarsetu, bættu allir stjórnarflokkarnir lítillega við fylgi sitt og Alþýðuflokkurinn vann tvo þingmenn af stjórnarandstöðunni. Það urðu svo utanríkismálin sem urðu stjórninni að fótakefli síðar um haustið, þegar herstöðvabeiðni Bandaríkjamanna var afgreidd með svonefndum Keflavíkursamningi. (Herstöðvabeiðnin kann hins vegar að hafa haft þau áhrif að opna sovéska markaðinn um stund fyrir frysta fiskinum.)

Í kjölfarið kom lengsta stjórnarkreppa Íslandssögunnar. Mitt í þeirri pólitísku kreppu var ljóst að sjávarútvegurinn var staddur í djúpstæðri lægð. Útgerðin bar sig ekki og var illa stæð eftir tvö undanfarin síldarleysissumur. Fiskverðið – sem um þessar mundir var 0,50 kr. pr. kg. miðað við slægðan fisk með haus – var of lágt fyrir útgerðina. Hins vegar var ógerningur fyrir frystiiðnaðinn að greiða hærra verð að óbreyttum aðstæðum og bera einnig áhættuna við framleiðsluna, meðan allt var í óvissu um sölu afurðanna. Allur rekstrarkostnaður fór síhækkandi og útlit var fyrir áframhaldandi hækkanir innanlands. Verð útflutningsframleiðslunnar hélst ekki í hendur við aukinn framleiðslukostnað og pólitískar aðstæður komu í veg fyrir að hróflað væri við gengi krónunnar. Af þessu tilefni var haldinn aukafundur félagsmanna SH seinni hluta nóvembermánaðar 1946. Var á þessum fundi lögð fram áætlun um framleiðslu næsta árs og framleiðslukostnað og ákveðið það verð, sem yrði að fást fyrir frysta fiskinn, en engar fyrirframsölur höfðu þá verið gerðar. Enn fremur ályktaði fundurinn, að ef ekki yrði verulegt magn af framleiðslu frystihúsanna 1947 selt fyrirfram um áramótin 1946-'47, en verð á hráefni og annar framleiðslukostnaður stórykist, þá væru ekki skilyrði til að hefja framleiðslu á komandi vertíð.



Maðurinn og máttarvöldin gæti þessi ágæta ljósmynd Ólafs K. Magnússonar frá 1950 heitið. Sjómennskan hefur þó sjaldnast verið eingöngu barátta við máttarvöldin, stjórnvöld hafa einnig leikið þar stórt hlutverk, iðulega stærra en veðurguðirnir sjálfir. Þetta benti Ólafur Jónsson í Sandgerði á 1947 þegar hann skrifaði grein í Frost um þátt ríkis og bæja í útgerð landsmanna. Á þessum tíma börðust útgerðarmenn harðvítugri baráttu við að fá umráðarétt yfir þeim gjaldeyri sem þeir öfluðu. Allt kom þó fyrir ekki og í garð gekk tími Fjárhagsráðs er tók til starfa í ágúst 1947. Deildi það og drottnaði yfir athafnalífi landsmanna, hafði stjórn á fjárfestingum í landinu, innflutnings- og gjaldeyrismálum, verðlagseftirliti og skömmtun. Var haft á orði að smærra væri skammtað í tíð Fjárhagsráðs en á stríðsárunum og þótti þá sumum steininn taka úr.

Ríkisábyrgð á útflutningsverði

Hér var því komið í óefni og stefndi í stöðvun bátaútvegsins og útflutningsframleiðslunnar. Lagði því atvinnumálaráðherrann, Áki Jakobsson, fram rétt fyrir jólin 1946 lagafrumvarp um ríkisábyrgð á útflutningsverði fiskafurða og var með því lögskipað 65 aura verð á kíló af fiski til bátaflotans, en 1,33 kr. á hvert lbs. af hraðfrystum fiski og 2,25 kr. fyrir hvert kíló af fullstöðnum saltfiski. Ráðherrann taldi ríkisábyrgð einungis rökrétt framhald af þeirri skipan gjaldeyrismála, sem komið hefði verið á með lögum 12 árum fyrr, árið 1934. Var frumvarp þetta sam-

þykkt með öllum atkvæðum viðstaddra þingmanna gegn tveimur. Jafnframt var sett á laggirnar sérstök nefnd, Fiskábyrgðarnefnd, sem fór með framkvæmd þessara laga í umboði ráðherra atvinnumála.

Margir framleiðendur og útvegsmenn gengu tregir til þessa leiks og voru mótfallnir þessari ríkisábyrgðarleið. Í augum flestra var hún ill nauðsyn, sem menn urðu að sætta sig við. Furðu litlar umræður urðu þó um þær leiðir sem færar voru. Á aukafundi SH í nóvember 1946 verður þó Eggert Jónsson í Njarðvík til að minna menn á að beinast lægi við að líta á frystihúsin sem sjálfstæð iðnfyrirtæki, sem byðu það verð sem þau teldu sig geta greitt fyrir hráefnið og tækju áhættuna af endanlegum sölum. Með ábyrgðarverðinu var þrengt að frystihúsunum á báða vegu, hráefnisverðið lögákveðið og ábyrgð ríkisins á endanlegu afurðaverði samningsbundin. Þetta ríkiskerfi hélt að vísu framleiðslunni gangandi, en jafnframt hlaut það að hafa margvíslegar aukaverkanir, sem ekki voru atvinnugreininni til framdráttar. Þannig er ljóst að tilhneiging hlaut að verða til þess að verka í stórar og fljótunnar pakkningar og áherslan á vöruvöndun að víkja fyrir öðrum sjónarmiðum.

Haustið 1947 voru þessi mál enn til umræðu, þegar að því kom að ákveða, hvort framlengja skyldi ríkisábyrgðina, og skrifaði þá Ólafur Jónsson í Sandgerði greinina Verðbólga – dýrtíð – ráðstafanir í Frost, fjölritað málgagn Sölumiðstöðvarinnar (3.-11. tbl., 2. árg.), og gefur hún góða innsýn í afstöðu margra frystihúsaeigenda til þessara ráðstafana ríkisvaldsins.

Ólafur rekur í upphafi hvernig framleiðendum sjávarafurða hafi verið gert ókleift að framleiða vöru sína á heilbrigðum grundvelli til sölu á erlenda markaði. Ekki hafi það verið þeir, sem höfðu forystu um kauphækkanir eða hækkun neysluvara, heldur hafi það oftast verið þeir aðilar, sem hafi getað lagt hækkunina við verð vörunnar, eða verksins, sem þeir hafi selt – og oftast einnig haft aukaálagningu á hækkunina. Ríkið og bæjarfélögin hafi einnig átt sinn þátt í hækkunum – að ógleymdu hinu erlenda setuliði. Bændur hafi líka ávallt fengið aukinn kostnað bættan með hækkuðu afurðaverði – og stundum ríflega, að sumra áliti.

Síðan hafi kaupgjaldið verið „samræmt" við aðra aðila og allar hækkanir að lokum lent á útflutningsframleiðslunni. Varla sé við því að búast, að hinn tiltölulega fámenni hópur sem ábyrgur sé fyrir útflutningsframleiðslunni, fái borið uppi hlut sinn, þegar allir knýja á með hagsmunakröfur sínar.

Síðan segir Ólafur:

„Margir hafa fordæmt fiskábyrgðarlögin og það jafnvel menn, sem stóðu að samþykkt þeirra og þeir, sem fyrst og fremst hafa notið góðs af þeim. En slík fordæming er aðeins byggð á misskilningi eða vafasamri dómgreind.

Það eru sjálfsagt allir sammála um, að æskilegt hefði verið, að til ábyrgðar ríkisins á afurðaverði hefði aldrei þurft að koma. En eins og allt var hér í pottinn búið og ríkisvaldið máttlaust að framkvæma raunhæfar aðgerðir, þá var bara ekki um annað að ræða, ætti ekki allur – eða meirihluti – bátaflotans að liggja í höfn á yfirstandandi ári, og frystihús og önnur slík tæki að vera óstarfrækt. Þessum staðreyndum virðast menn gleyma, sem eru að fordæma fiskábyrgðina. Sjálfur er ég þeirrar skoðunar, að á næstu árum verði framleiðsla fiskafurða (þorskveiðar á vélbátum og vinnsla úr þeirra afla) ekki rekin hér af æskilegum krafti (almennt), nema ábyrgð verði tekin á lágmarksverði (framleiðslukostnaðarverði) afurðanna. Þetta byggi ég á því, að ég held að kaupgjald verði ekki fest (lögbundið) á næstunni, og ég held að gjaldeyrisverslunin verði heldur ekki gefin frjáls, en gengið áfram bundið í óhagstæðu hlutfalli við gjaldmiðil viðskiptaþjóða okkar og framleiðslukostnað hér. Ég held semsé, að svo lengi sem vinnuþiggjendur fá ráðið hér

kaupgjaldinu, – því að það gera þeir raunverulega nú með sínum sterku samtökum – og gjaldeyririnn er afhentur innflytjendum og öðrum á ákveðnu verði (gengi), sem byggist ekki á því hvað kostar að afla hans, þá verði ekki hægt að framleiða hér vörur, sem mikil vinna er við, til sölu á erlenda markaði í samkeppni við aðrar þjóðir, nema því aðeins að sú framleiðsla njóti stuðnings hins opinbera, t.d. með ábyrgð á föstu verði (framleiðsluverði).“

Ólafur bendir á þá þverstæðu, að þótt allir landsmenn eigi afkomu sína beint og óbeint undir útflutningsframleiðslunni, þá vegi útflutningshagsmunirnir svo létt á pólitíska valdaskala miðað við flokkaskipan og kosningar til Alþingis að þeir verði ekki hafðir að leiðarljósi við skipan efnahagsmála.

„Það er því fyrst, þegar útflutningsframleiðendurnir eru komnir í þrot, og getuleysi þeirra til framleiðslustarfa fer að hafa áhrif á afkomu alls almennings í landinu, að valdhafarnir neyðast til að gera einhverjar ráðstafanir.

En vegna þess hvernig málum er háttað hjá okkur – sbr. það sem áður er sagt – þá verða þessar ráðstafanir ekki jákvæðar (positivar) fyrir framleiðendur, heldur öllu heldur nokkurs konar skottulækningar. Af þessu höfum við reynslu af árunum fyrir stríð (kreppulánasjóðirnir) og erum nú að fá hana aftur (fiskábyrgðin).“

Eins og áður er getið voru fiskábyrgðarlögin fyrst og fremst sett til þess að hægt væri að tryggja útgerðarmönnum hækkun á fiskverði úr 50 aurum á kíló í 65 aura. Fróðlegt er að sjá útreikninga Ólafs á því hversu miklu munaði á framleiðslukostnaðarverði og því verði sem framleiðendur fengu fyrir gjaldeyrinn á opinberu gengi í bönkunum. Hann telur Breta hafa í nýgerðum samningum verðlagt þorskflökin okkar á u.þ.b. helming þess verðs, sem við þurftum að fá fyrir þau, en viðbótargreiðslan var dregin frá síldarlýsisverðinu (sem var hægt vegna þess að flestar síldarverksmiðjurnar voru í eigu ríkisins). Verðið í Ameríku var framan af árinu ennþá lægra, „en er nú orðið ca. helmingur af því, sem við þurfum að fá fyrir þorskflök í öskjum.“ Sé þetta talið markaðsverð þýðir það að við getum greitt 10-20 aura fyrir kílóið af fiskinum. Síðari sölur til Bretlands jafngilda 30-40 aurum fyrir kílóið af slægðum fiski. „Til ýmissa svonefndra clearing landa höfum við aftur á móti selt fisk fyrir verð, sem jafngildir núverandi ábyrgðarverði.“ Ólafur telur því mikilvægt að binda ríkisvaldið með verðábyrgð til þess að það hafi beina hagsmuni af að beina viðskiptunum til clearing-landanna og spara ríkissjóði þannig útgjöld.

Af grein Ólafs í Frosti er ljóst, að ekki skorti á, að frammámenn í útflutningsatvinnuvegunum gerðu sér grein fyrir vandanum, en einnig að pólitísk valdahlutföll í landinu voru þannig, að samkomulag fékkst ekki um annað en „skottulækningar“. Því var ekki um annað að gera en að sætta sig við orðinn hlut og vinna innan þess kerfis, sem af þessu leiddi.

Skömmtun

Á haustmánuðum 1946 voru fjórir kunnustu hagfræðingar landsins (Gylfi Þ. Gíslason, Jónas H. Haralz, Klemens Tryggvason og Ólafur Björnsson) fengnir til að gera tillögur um efnahagsaðgerðir næstu ríkisstjórnar. Skömmtunar- og skipulagshugsunarháttur þessara ára einkennir þessar tillögur. Allt átti að gera „með handafli“, eins og það var orðað síðar. Aðhaldi skyldi beitt á öllum sviðum, í úthlutun gjaldeyris, útgjöldum ríkisins og skattamálum. Ábyrgðarleiðin var valin til styrktar sjávarútveginum. Aðeins Ólafur Björnsson lét í ljós að þetta væri í grundvallaratriðum rangt og það ætti að láta markaðskerfið ráða. En jafnvel hann féllst á að það væri ekki unnt við þær aðstæður, sem ríkjandi voru. Löngu seinna taldi




Aðalfundur SH 13. til 15. júní 1946. Sitjandi, talið frá vinstri; Kristján Árnason, Hraðfrystihúsi Suðurfjarðarhrepps, Bíldudal, Jón Gunnarsson, erindreki SH í Bandaríkjunum, Magnús Z. Sigurðsson, erindreki SH í Evrópu, Guðmundur Albertsson, framkvæmdastjóri SH, Elías Þorsteinsson, varaformaður stjórnar SH, Einar Sigurðsson, stjórnarformaður, Eggert Jónsson, Hraðfrystihúsi Eggerts Jónssonar, Innri-Njarðvík, Ólafur Þórðarson, Hraðfrystihúsinu sf., Siglufirði, Einar Guðfinnsson, Íshúsfélagi Bolungarvíkur, Jón Jónsson, Hólanesi hf., Skagaströnd, Ólafur Jónsson, Miðnesi hf., Sandgerði, Huxley Ólafsson, Keflavík hf., Keflavík, Sæmunda Pétursdóttir, ritari, Þorgrímur St. Eyjólfsson, Jökli, Keflavík, Karvel Ögmundsson, frá samnefndu frystihúsi í Ytri-Njarðvík, Hreggviður Bergmann, Keflavík hf., Keflavík, Bjarni Albertsson, Frosti, Keflavík, Alexander Magnússon, Hraðfrystistöð Keflavíkur, Júlíus Þórðarson, Heimaskaga, Akranesi, Þórður Guðmundsson, Hraðfrystihúsi Gerðabátanna, Friðrik Guðjónsson, Hrímni, Siglufirði, Ingvar Vilhjálmsson, Ísbirninum, Reykjavík, Þórarinn Ögmundsson, Ytri-Njarðvík, og Helgi Pálsson, aðalbókari. Aftari röð, frá vinstri; Grímur Jónsson, Frosta, Súðavík, Karl Ó. Jónsson, Garði, Sandgerði, Sigurður Baldvinsson, Hraðfrystihúsi Ólafsfjarðar, Oddur Kristjánsson, Hraðfrystihúsi Grundarfjarðar, Magnús Guðbjartsson, Fiski og ís, Vestmannaeyjum, Árni Böðvarsson, Ís hf., Kópavogi, Ingólfur Flygenring, Íshúsi Hafnarfjarðar, Elías Ingimarsson, Hraðfrystihúsinu hf., Hnífsdal, Eggert Ólafsson, Höfnum hf., Steingrímur Árnason, Hraðfrystihúsi Keflavíkur, óþekktur, Hafsteinn Bergþórsson, frá samnefndu húsi, Jón Gíslason, Frosti hf., Hafnarfirði, Sigurjón Einarsson, frá sama, Hálfdán Hálfdánarson, Hraðfrystihúsinu Norðurtanga, Ísafirði, Ásgeir Guðnason, Snæfelli, Flateyri, Magnús Magnússon, Hraðfrystistöð Eyrarbakka, Adolf Björnsson, Fiski hf., Reykjavík, Gísli Jónsson, afgreiðslumaður í vörugeymslu SH, Þorlákur Skaftason, sama, Jón Benediktsson, Vogum hf., Guðsteinn Einarsson, Hraðfrystihúsi Grindavíkur, óþekktur, Gísli Hermannsson, verkfræðingur SH, Jakob Sigurðsson, Guðrún G. Albertsdóttir, ritari, óþekktur, Guðmundur Einarsson, Hraðfrystihúsi Stokkseyrar, og Finnbogi Guðmundsson, Hraðfrystihúsi Gerðabátanna.

Jónas H. Haralz, sem var fulltrúi Sósíalistaflokksins í þessari nefnd hagfræðinganna, að þetta álit hefði verið byggt á misskilningi: Þörf hefði verið á breytingum sem næðu til grundvallaratriða. Þarna hefði þurft að gera þá gengisbreytingu, sem þeir Benjamín Eiríksson og Ólafur Björnsson lögðu til fjórum árum síðar.

Ný stjórn, samsteypustjórn Alþýðuflokks, Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, löngum kennd við forsætisráðherrann, Stefán Jóhann Stefánsson, og nefnd „Stefanía“, var hins vegar mynduð í anda þessara tillagna. Fjárhagsráð tók við af Nýbyggingarráði og Viðskiptaráði sem skömmtunarskrifstofa stjórnvalda. Tekin var upp skömmtun á ýmsum nauðsynjavörum, einkum byggingavörum. Gjaldeyrisforðinn var þrotinn og gengið hafði ekki verið leiðrétt. Útflutningsatvinnuvegirnir voru reknir með tapi og haldið gangandi á grundvelli ríkisábyrgðarinnar, sem var upphaf millifærslukerfis, sem þróaðist næsta hálfan annan áratug. Gengið var sem fyrr ákveðið af Alþingi. Háværar kröfur voru uppi um að útflutningsatvinnuvegirnir fengju umráðarétt yfir þeim gjaldeyri sem þeir öfluðu. Þannig samþykkti aðalfundur aukafundur SH í nóvember 1946 slíka kröfu. Árið 1948 kom svo upp fyrirbæri, sem kallað var „gotupeningar“. Með því fengu útgerðarmenn að flytja út hrogn og ýmsar aðrar tilteknar afurðir gegn gjaldeyri, sem þeir fengu til frjálsrar ráðstöfunar. Í rauninni var þar með kominn á vísir að tvöföldu gengi.

Reynt var að hverfa af þessari braut haftastýringar með efnahagsráðstöfunum á árinu 1950, sem minnihlutastjórn Sjálfstæðisflokksins undir forsæti Ólafs Thors



Bátur á innsiglingunni að höfninni í Vestmannaeyjum. Í byrjun árs 1951 var tekið upp svokallað bátagjaldeyriskerfi sem var í raun fyrsti vísirinn að frjálsum innflutningi til Íslands eftir seinna stríð. Áður höfðu heildsalar þurft að sækja um innflutningsleyfi fyrir allar vörur en í bátagjaldeyriskerfinu var þeirri kvöð aflétt af tilteknum vöruflokkum. Heildsalinn, eða innflytjandinn, þurfti þá ekki annað en að líta við á skrifstofu Sölunefndar innflutningsréttinda bátaútvegsins, kaupa þar svokölluð B-skírteini og eftir það hafði hann frjálsar hendur um að flytja til landsins hverja þá vöru sem var á frílistanum. Á aðalfundi SH 1957 hældi Elías Þorsteinsson þessu fyrirkomulagi en sagði valdamenn hafa ónýtt það. Greiðslur hefðu dregist svo mjög að í árslok 1955 mátti heita að þær væru orðnar ári á eftir, sagði Elías. Það sem gerði þó útslagið að hans áliti var að sömu vörurnar voru á frílistanum allan tímann sem kerfið hélt velli eða til ársins 1956. Vitaskuld hefði þurft að fjölga vöruflokkum á listanum í samræmi við áætlaðar gjaldeyristekjur, var skoðun Elíasar. „Þetta fékkst ekki fram, þrátt fyrir harða baráttu bæði okkar hér í S.H. og einnig Landssambands íslenskra útvegsmanna“, upplýsti Elías. „Þetta var skefjalaus barátta á hverju ári um að fá vörulistann verulega aukinn, og sannað með tölum, að þess væri knýjandi þörf, því að annars færi þetta á þennan ógæfuveg, sem það fór, . . .“ Við þetta er því að bæta að vinnslan og bátaflotinn stóðu að bátagjaldeyrisfyrirkomulaginu og var hagnaði af sölu B-skírteina skipt þannig að vinnslan fékk 55% en bátarnir 45%. Togararnir stóðu hins vegar fyrir utan kerfið sem þýddi að útgerðarmenn þeirra urðu að sætta sig við skráð gengi hverju sinni á meðan bátarnir og fiskvinnslan fengu frá 25% og upp í 60% álag á helming gjaldeyristekna sinna.

beitti sér fyrir og dr. Benjamín H. J. Eiríksson og Ólafur Björnsson voru höfundar að. En þrátt fyrir 42,6 % gengisfellingu krónunnar, sem samsvaraði 74,35% hækkun erlends gjaldeyris í íslenskum krónum, gengu þær ráðstafanir ekki upp. Olli þar miklu aflabrestur innanlands og erfið viðskiptakjör í kjölfar Kóreustyrjaldarinnar: Afurðaverð stóð í stað eða lækkaði, meðan öll aðföng, þar á meðal olía, hækkuðu gífurlega. Á tveimur árum minnkuðu afköst bátaflotans um 27%. Verðlag innfluttrar vöru hækkaði um 30% vegna Kóreustríðsins og bættist það ofan á verðhækkanir vegna gengislækkunarinnar.

En pólitísk valdahlutföll innanlands komu líka í veg fyrir að hægt væri að stíga skrefið til fulls. Vísitölubindingu launa hefði þurft að afnema og vextir að hækka og sterkan gjaldeyrissjóð hefði þurft sem bakhjarl aðgerðanna. En umfram allt hefði þurft gagngera hugarfarsbreytingu þjóðarinnar. Vantrú á markaðsbúskap var almenn og rótgróin og við minnsta andbyr voru menn reiðubúnir að beygja af leið inn á kunnuglegar leiðir stjórnvaldsafskipta.

Bátagjaldeyrir

Við þessar aðstæður leið ekki á löngu þar til útflutningsatvinnuvegirnir þurftu á ný styrk og stuðning. Var þá gotupeningafyrirkomulagið endurvakið og útvíkkað með svonefndu „bátagjaldeyriskerfi“ í byrjun árs 1951. Meginhugsun þess var að útgerð og fiskvinnsla fengju að hluta til yfirráð yfir eigin gjaldeyrisöflun. Búinn var til svonefndur skilorðsbundinn frílisti yfir vörur, sem eingöngu mátti kaupa fyrir gjaldeyri útgerðarmanna, sem fengu nær helming andvirðis útfluttra afurða til ráðstöfunar með útgáfu svonefndra A-skírteina. Þeir gátu svo komið þessum gjaldeyri í verð með útgáfu B-skírteina, sem þeir máttu selja innflytjendum með álagi. Álagið var mismunandi eftir upprunalandi innflutnings, 25% vegna vörukaupa frá jafnvirðiskaupalöndum og 60% á innflutning frá öðrum löndum. Sett var á fót skrifstofa á vegum LÍÚ, sem sá um sölu þessara skírteina og var Sverrir Júlíusson forstöðumaður hennar. Þegar frystihúsin fengu aðild að þessu fyrirkomulagi varð Elías Þorsteinsson fulltrúi SH í stjórn skrifstofunnar.

Í þessu bátagjaldeyriskerfi hefði getað falist vísir að nýrri skipan gjaldeyrismála, þar sem útflytjendur hefðu selt gjaldeyrinn á frjálsum markaði. Í raun hafði verið komið á tvöföldu gengi, einu skráðu gengi fyrir innflutning á sumum vörum, öðru raunverulegu gengi fyrir innflutning á öðrum vörum. Gengismunurinn átti að nægja til að halda útgerð og fiskvinnslu gangandi. Nú fór hins vegar svo á næstu árum að eftirspurn eftir vörum á bátagjaldeyrislista fór minnkandi. Hefði þá verið eðlilegt að lækka álagið – fella gengið á skírteinunum. En þá hefði útvegurinn ekki náð endum saman. Forráðamenn LÍÚ og fiskvinnslunnar ákváðu því að halda uppi verðinu en við það dróst sala skírteinanna á langinn og andvirðið skilaði sér ekki til aðilanna, sem höfðu átt að sjá hag sínum borgið með þessu móti.

Strax á árinu 1954 er komið upp kerfi beinna uppbóta við hliðina á bátagjaldeyriskerfinu með beinum rekstrarstyrkjum til togaranna miðað við úthaldsdag. Eftir langt og víðtækt verkfall og 13% kauphækkun vorið 1955 fór kerfið úr böndunum. Í ársbyrjun 1956 er komið á Framleiðslusjóði til að styrkja útgerð og fiskvinnslu. Tekna til hans var aflað með sérstöku framleiðslusjóðsgjaldi, 40% gjaldi á innlendar tollvörutegundir og sérstökum skatti á bifreiðainnflutning.

Vinstri stjórnin, sem tók við á miðju ári 1956, breytti Framleiðslusjóði í Útflutningssjóð og lagði bátagjaldeyriskerfið niður. Hinn nýi sjóður aflaði tekna með breytilegum aðflutningsgjöldum, sem síðan voru færðar yfir til útgerðar og fiskvinnslu eftir mati sjóðsstjórnar á afkomu einstakra þátta.

Uppbætur voru greiddar á fiskinn, mjög mismunandi eftir tegundum, stærðum, veiðitímum og veiðiaðferðum og síðan lögð á gjöld til að afla fjár til uppbótanna, þar til geysiflókið kerfi bóta og gjalda hafði þróast undir lok sjötta áratugarins. „Enda þótt skráðu gengi væri haldið í kr. 16,32 fyrir dollarann var raunverulegt meðalgengi um 32 kr. og það gengi, sem einstakar vörur, þjónusta eða heilar atvinnugreinar báru, gat verið allt frá skráðu gengi upp í 80-90 kr. Útgerðarmenn voru sérstaklega verðlaunaðir fyrir að veiða smáýsu á sumrin. Fyrir þann fisk feng-

ust yfir 80 krónur á dollar, toppurinn á útflutningsbótakerfinu. Á sama tíma fékk togaraútgerðin kr. 16,32, svo að hún gat ekki með nokkru móti borið sig. Það gafst semsagt því meira í aðra hönd sem reksturinn var kostnaðarsamari og fiskurinn vandfundnari, sem verið var að veiða."[33]

Um það leyti, sem þetta millifærslukerfi var einfaldað undir lokin, á vegum vinstri stjórnarinnar 1958, var talið að um 40 mismunandi gengi væru í gangi eftir tegund útflutningsvörunnar. Með breytingum á lögunum um Útflutningssjóð 1958 var fjölgengið að mestu aflagt og þess í stað lagt 55% yfirfærslugjald á nær alla gjaldeyrissölu, sem nefnt var „bjargráðið". Þessi breyting jafngilti verulegri gengislækkun og að mati Ólafs Björnssonar, hagfræðiprófessors, nam hún 30-40%.

Að undanskilinni tilrauninni til frjálsra viðskiptahátta 1951 má segja að viðskiptastefnan allan 6. áratuginn hafi einkennst af því að innflutningur er forsenda útflutnings, því að skattlagning á innflutning var notuð til að afla fjár til millifærslna til sjávarútvegsins. Allar þrjár ríkisstjórnirnar, sem sátu við völd á þessu tímabili, gripu til einhverra ráðstafana í þessum anda, þótt óneitanlega hafa vinstri stjórnin 1956-'58 kórónað sköpunarverkið, þannig að öllu lengra varð ekki gengið undir fána millifærslnanna. Kerfið var komið í þrot.

Þetta séríslenska hagkerfi hafði auðvitað margvísleg áhrif á möguleika þeirra fyrirtækja, sem stunduðu útflutning sjávarafurða, setti þeim ákveðnar skorður um verð og kannski ekki síður um vinnsluaðferðir og pakkningar. Því verður ávallt að hafa í huga þann efnahagsramma og leikreglur, sem íslenskum útflytjendum voru settar, þegar litið er á feril þeirra í sögulegu samhengi. Hitt verður líka að hafa bak við eyrað að framan af eru lík kerfi einnig við lýði í viðskiptalöndum okkar, eins og rakið hefur verið hér að framan.

Umbrotatímar eftir 1960

Umbrotatímar voru í efnahagsmálum á Íslandi um og eftir 1960.

Við endalok vinstri stjórnarinnar í desember 1958 mátti flestum ljóst vera, að stefna sú, sem hér hefur verið kennd við „nýsköpun", var komin í þrot. Hins vegar var þá enginn pólitískur meirihluti í landinu fyrir nýrri efnahagsstefnu. Niðurstaða hinnar pólitísku kreppu varð sú, að Alþýðuflokkurinn myndaði minnihlutastjórn, sem sat í tæpt ár. Í efnahagsmálum var farin svonefnd verðhjöðnunarleið, þar sem verðlag og kaupgjald var fært niður með samræmdum aðferðum, sem leiddu til lækkunar vísitölu, eða öllu heldur var vísitölunni beitt til að skrúfa niður kaupgjald og verðlag, með líkum hætti og hún hafði áður skrúfað það upp. Til þessa hafði stjórnin tilstyrk Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Jafnframt beitti stjórnin sér fyrir endurskoðun kjördæmaskipunarinnar og hafði til þess tilstyrk Sjálfstæðisflokks og Alþýðubandalags.

Fóru því fram tvennar kosningar í júní og október 1959. Í seinni kosningunum, þegar kosið var samkvæmt hinni nýju kjördæmaskipan, skapaðist naumur meirihluti Alþýðuflokks og Sjálfstæðisflokks á þingi. Sjálfstæðisflokkurinn hafði ekki borið ábyrgð á stjórnarathöfnum í tæp fjögur ár og verið í harðri andstöðu við aðgerðir vinstri stjórnarinnar. Hann var því tilbúinn til að standa að gagngerri kerfisbreytingu í efnahagsmálum. Alþýðuflokkurinn hafði fengið nóg af ríkisstjórnarsamstarfi við Framsóknarmenn og Alþýðubandalag, þar sem óbreytt gengi var óhagganlegt trúaratriði, og einu færu úrræðin þá einhvers konar hafta-, uppbóta- og millifærslukerfi, sem byggði á því að skattleggja innflutninginn til að bæta útflutningsgreinunum tapið vegna rangskráðs gengis. Bitur reynsla hafði kennt

flokknum að lengra varð ekki komist á þessari braut. Alþýðuflokkurinn var því líka tilbúinn til gagngerrar stefnubreytingar þrátt fyrir stjórnarábyrgð undanfarin ár.

Niðurstaðan varð sú að þessir tveir stjórnmálaflokkar tóku höndum saman um myndun ríkisstjórnar undir forystu Ólafs Thors, formanns Sjálfstæðisflokksins.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar voru efnahagsmálin efst á blaði. Meginstefnan var fólgin í því að koma skyldi efnahagslífi þjóðarinnar á traustan og heilbrigðan grundvöll. Stuðlað skyldi að aðgerðum er hefðu framleiðsluaukandi áhrif í för með sér samfara stöðugri atvinnu. Boðaðar voru ráðstafanir er myndu hindra víxlhækkanir kaupgjalds og verðlags og þar með slá á verðbólguþróunina. Markmiðið var að bæta lífskjör Íslendinga.

Á grundvelli rækilegrar úttektar á stöðu atvinnuveganna var boðað að lagt yrði fram frumvarp til laga um aðgerðir í efnahagsmálum.

Fjárfestingar Íslendinga erlendis höfðu fram að þessu verið bannaðar og þurfti sérstök leyfi stjórnvalda til að verja fjármunum í sölu- og markaðsuppbyggingu erlendis. Þetta ásamt erfiðu ástandi í efnahagsmálum innanlands og röngu skipulagi af hálfu stjórnvalda gagnvart atvinnulífinu var að setja þjóðina í þrot, er líða tók á sjötta áratuginn.

Afstaða stjórnvalda til rekstrarumhverfis atvinnuveganna á Íslandi hefur jafnan ráðið úrslitum um stöðu þeirra og velgengni á hverjum tíma. Þetta á ekki hvað síst við um útgerð og fiskvinnslu. Allt frá kreppuárunum 1930-'40 voru íslenskir atvinnuvegir reyrðir niður í viðjar fjötra og hafta með beinum og óbeinum hætti, eins og rakið hefur verið hér að framan. Ríkisbankar voru alls ráðandi í bankaviðskiptum og höfðu einkaleyfi á gjaldeyrisviðskiptum. Þeir önnuðust afurðalán fyrir helstu atvinnugreinar landsmanna, sjávarútveg og landbúnað, og höfðu alla milligöngu um erlend viðskipti á sviði peningamála.

Þegar viðreisnarstjórnin kom til valda í nóvember 1959 ríkti mikið jafnvægisleysi í gjaldeyris- og peningamálum. Ókyrrð var á vinnumarkaðnum og mikil óvissa var í efnahags- og atvinnumálum. Því var brýnt að fast væri tekið á málum með markvissum aðgerðum.

Ríkisstjórn Ólafs Thors kvaddi til sérfræðinga í efnahagsmálum til að vinna að undirbúningi löggjafar til viðreisnar efnahagslífsins. Meginþungi þess verks hvíldi á herðum Jónasar H. Haralz og Jóhannesar Nordals. Þeim til halds og trausts var sérstök ráðgjafarnefnd, sem í sátu Ólafur Björnsson prófessor, Davíð Ólafsson fiskimálastjóri, Birgir Kjaran, stórkaupmaður, og Benjamín H. J. Eiríksson, hagfræðingur.

Viðreisnarlöggjöfin

Hinn 19. febrúar 1960 voru lög um efnahagsmál afgreidd frá Alþingi og þau síðan staðfest sem lög nr. 4, 20. febrúar 1960. Lög þessi hlutu nafnið Viðreisnarlögin í hinni almennu umræðu. Lögin fólu meðal annars í sér eftirfarandi:

- Bótakerfið í sjávarútvegi var afnumið.
- Skráningu gengis var breytt þannig að útflutningsframleiðslan yrði rekin hallalaust, án bóta og styrkja.
- Framleiðslustörfum og viðskiptalífi var skapaður traustari, varanlegri og heilbrigðari rekstrargrundvöllur.
- Ýmsar breytingar voru gerðar í rekstrarumhverfi fyrirtækja, er tryggðu varanlega viðreisn í atvinnulífi landsmanna þ.á m. voru gerðar viðeigandi breytingar í skattamálum.



Stjórn SH eins og hún var skipuð á árunum 1955 til 1960 í sjötugsafmæli hjá Haraldi Böðvarssyni á Akranesi. Talið frá vinstri; Sigurður Ágústsson, Elías Þorsteinsson, Ólafur Þórðarson, Haraldur Böðvarsson, Einar Sigurðsson og Jón Gíslason. Björn Halldórsson, framkvæmdastjóri SH, stendur að baki Elíasar.

- Gengi dollarans var ákveðið kr. 38,00 og gengi krónunnar miðað við annan gjaldeyri ákveðið í samræmi við það. Dagleg skráning skyldi verða á frjálsum gjaldeyri þannig að kaup- og sölugengi Bandaríkjadollars var fyrst um sinn fast, en gengi á öðrum frjálsum gjaldeyri breytilegt eftir gengi hlutaðeigandi gjaldeyris gagnvart dollar.
- Verslun var að mestu gefin frjáls.
- Tekjuskattur var felldur niður á lágtekjum.
- Víðtækar breytingar voru gerðar á skipan innflutnings- og gjaldeyrismála í átt til aukins frelsis.
- Ráðstafanir voru gerðar er stuðla skyldu að jafnvægi í peningamálum.
- Vísitölukerfið var afnumið og komið í veg fyrir víxlhækkanir kaupgjalds- og verðlags.

Öll þessi atriði snertu stöðu hraðfrystiiðnaðarins og þar með SH meira og minna.

Í ágúst 1961 var Seðlabanka Íslands að fengnu samþykki ríkisstjórnar falið að ákveða stofngengi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldeyri og gulli.

Þar með var þetta mikilvæga tæki, gengisskráningin, tekið úr höndum stjórnmálamanna og gert óháð geðþóttaákvörðun þeirra og fært yfir til fagaðila, Seðlabankans, sem leggja skyldi efnahagslegar forsendur til grundvallar ákvarðanatöku um nauðsynlegar gengisbreytingar á hverjum tíma.

Fyrsta ákvörðun Seðlabankans í þessum efnum var tilkynning um að nýtt stofngengi kæmi til framkvæmda hinn 4. ágúst 1960, og var það ákveðið þannig að 43,00 kr. skyldu jafngilda Bandaríkjadollar og var annar erlendur gjaldeyrir skráður í samræmi við það.

Með efnahagsstefnu viðreisnarstjórnarinnar undir forsæti Ólafs Thors var brotið blað í sögu íslensku þjóðarinnar í margþættum skilningi. Hér voru ekki eingöngu á ferðinni ráðstafanir í efnahagsmálum, sem færðu Íslendinga inn í nútímaumhverfi í viðskipta- og atvinnumálum, heldur var hér á ferðinni stefnumörkun, sem fól í sér fyrstu róttæku skrefin í sögu lýðveldisins í átt til viðskiptafrelsis.

Viðreisnin og endurskipulagning SH

Áhrifa þessa átti á næstu árum eftir að gæta á flestum sviðum íslensks atvinnu- og þjóðlífs. Miklar breytingar urðu í innflutningsmálum, sem og í útgerð og fiskvinnslu. Aðlögun að hinni nýju og framsæknu útfærslu stjórnvalda í atvinnumálum var ekki sársaukalaus og í mörgum tilvikum krafðist hún endurmats í stefnumörkun og rekstri fyrirtækja. Þetta átti ekki hvað síst við um íslenskan hraðfrystiiðnað, sem átti allt sitt undir erlendum mörkuðum og góðum aflabrögðum. Bótakerfið hafði sett þessa atvinnugrein í óbeint haft, auk beinna, óæskilegra afskipta hins opinbera, sem fylgdu þessu haftakerfi. Viðreisnarstefnan braut þetta úrelta kerfi upp og færði útflutningsatvinnugreinarnar nær því að geta óhindrað stundað sína atvinnustarfsemi, innanlands sem erlendis.


Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og hraðfrystihúsin innan vébanda hennar, þurftu að mæta hinni nýju efnahagsstefnu og nýta sér sem best kosti hennar fyrir útflutning frystra sjávarafurða frá Íslandi. Það var ekki einfalt mál, því að rekstur og útfærsla þessara fyrirtækja, var mótuð af áratuga afskiptasemi stjórnvalda af þessari atvinnugrein, sem var burðarás íslensks atvinnulífs. Sú afskiptasemi mótaðist oft af skilningsleysi á stöðu og þörf greinarinnar á að fá að starfa á heilbrigðum grundvelli. Þá gerðist það oft og tíðum að stjórnvöld beinlínis torvelduðu hraðfrystiiðnaðnum að útfæra starfsemi sína á erlendum mörkuðum í samræmi við þarfir og kröfur markaðanna. Þá fengu hraðfrystihúsin ekki eðlilegan starfsgrundvöll. Útgerðin og fiskvinnslan voru skattpíndar, þar sem því var unnt að koma við. Stjórnmálamenn ákváðu gengisskráninguna og útlánastarfsemin var svo til öll í höndum ríkisbanka. Út úr þessu umhverfi þurftu hraðfrystihúsamenn eins og aðrir útflytjendur að vinna sig og styrkja stöðu sína heima fyrir og erlendis.

Viðreisnin varðaði veginn inn í hinn nýja tíma og skapaði SH og íslenskum hraðfrystiiðnaði nýja og betri möguleika. En til þess að unnt væri að nýta sem best hin nýju skilyrði varð að endurskipuleggja starfsemina í ljósi nýrri og betri tækifæra. Það var gert bæði út á vettvangi hraðfrystihúsanna sjálfra sem og í Sölumiðstöðinni.

Eitt var þegar ljóst, en það var að hinir dugmestu meðal frammámanna hraðfrystihúsanna eygðu strax hina nýju möguleika og nýttu sér þá óspart í uppbyggingu öflugra hraðfrystihúsa eins og sagan hefur leitt í ljós. SH var sölutæki þeirra fyrir hraðfrystar sjávarafurðir og hafði reynst vel frá upphafi stofnunar hennar árið 1942. En nú voru nýir tímar að ganga í garð, sem kröfðust nýrrar útfærslu. Gamla skipulagið var ekki í takt við nýjar kröfur og nútímalegri vinnubrögð.

Markaðshyggja og hörð samkeppni innanlands sem erlendis, voru kjörorð í vestrænum heimi um og eftir 1960. Ísland hlaut að verða þátttakandi í þessari þróun, ef tryggja átti tengsl þjóðarinnar við vestræn ríki og skapa landsmönnum sambærileg kjör og fólk bjó við í þessum ríkjum. Viðreisnarstefnan var veigamikill liður í þessari framsókn.

Innan SH þurfti að framkvæma mikið endurmat á útfærslu fyrirtækisins til þess að hún væri í stakk búin til að gegna hlutverki sínu sem best í nýju starfsumhverfi. Segja má að frystihúsamenn hafi ekki verið sem best búnir til að takast á við mikl-



Hraðfrystihús Júpiters hf. og Marz hf. í júlí 1962. Frá vinstri, Ólafur Þórðarson, framkvæmdastjóri Jökla, Tryggvi Ófeigsson, einn stofnenda frystihússins og framkvæmdastjóri, og Guðmundur H. Garðarsson, er þetta sama ár tók að sér nýstofnaða hagsýsludeild SH. Hraðfrystihús Tryggva á Kirkjusandi í Reykjavík lagði mikinn fisk inn í sölukerfi SH og var iðulega í 2. sæti yfir afkastamestu hús félagsins og stundum því fyrsta.

ar breytingar á SH, þegar haft er í huga að þeir höfðu sjálfir nóg að gera við breytingar í eigin fyrirtækjum til að mæta hinum nýju og frjálsari starfsskilyrðum eftir ófrelsi fyrri ára.

Uppstokkunin innan SH gekk því ekki þrautalaust fyrir sig sem vonlegt var. Bæði þurfti að aðlaga SH og frystihúsin hinu nýja rekstrarumhverfi, sem og endurmeta og endurskipuleggja stöðu SH. Í því sambandi varð meðal annars að endurskipuleggja sölumálin erlendis og tengsl móðurfyrirtækis SH við markaðina, hvort sem um var að ræða dótturfyrirtæki eða söluskrifstofur. Hafa ber hugfast, að þótt SH tækist að stofna til fyrirtækjareksturs í Bandaríkjunum og Bretlandi á haftaárunum, var það nánast í óþökk ríkjandi efnahagskerfis. Þessi fyrirtæki háðu harða samkeppni á sínum markaðssvæðum við öfluga erlenda seljendur. Því fór víðs fjarri, að þessi starfsemi nyti skilnings og stuðnings á Íslandi á þessum tíma, ef undan eru skildir frystihúsamenn sjálfir, og örfáir íslenskir valdamenn.

Árin 1959-'62 munu hafa verið meðal hinna örlagaríkustu í sögu Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna. Umbreytingar sem fylgdu undirbúningi og framkvæmd viðreisnarstefnunnar áttu hér stóran þátt. Þar við bættist það mikla umrót, sem var að hefjast í atvinnu- og viðskiptaháttum Vestur-Evrópu vegna stofnunar Efnahagsbandalags Evrópu árið 1956 og EFTA 1959.

Þótt persónuleg átök og innri ágreiningur ættu sinn þátt í þeirri ólgu og gerjun, sem átti sér stað innan SH á þessum árum, er skipulagsbreytingin 1962, kannski fyrst og fremst viðbrögð við nýjum kröfum heima og erlendis, sem komu í kjölfar viðreisnarinnar. SH varð að sníða sér nýjan stakk eftir vexti, gera skipulag sitt skilvirkara, boðleiðir greiðari, ákvarðanatöku hnitmiðaðri. Þetta skipulag entist í höfuðatriðum næsta aldarfjórðung og þótti gefast vel, eins og nánar verður rakið hér á eftir.

IV 1962-1985
Tveir markaðir

Nýir stjórnendur


Forstjóranna þriggja sem tóku við stjórn SH í kjölfar endurskipulagningarinnar 1962 beið mikið og vandasamt hlutverk. Allir höfðu þeir helgað SH þorrann af starfsævi sinni og gerþekktu fyrirtækið.

Björn Halldórsson kom til starfa hjá SH vorið 1947 að loknu hagfræðiprófi frá Harvardháskóla í Bandaríkjunum. Hann var fyrst skrifstofustjóri, en frá 1948 var hann framkvæmdastjóri framleiðslumála. Honum var nú falin framkvæmdastjórn sölumála. Á hans verksviði voru markaðsleit, allar afurðasölur og afskipanir, auk þess sem sölustjórar lutu hans verkstjórn. Björn Halldórsson lét af störfum 23. september 1977, eftir 30 ára starf. Árni Finnbjörnsson tók við sem framkvæmdastjóri sölumála. Þann 3. mars 1978 var Benedikt Guðmundsson ráðinn sölustjóri og aðstoðarmaður Árna.

Einar G. Kvaran hóf störf hjá SH 1949 að loknu námi og starfi við skipamiðlun og skipatryggingar í Lundúnum. Framan af sinnti hann ýmsum skrifstofustörfum varðandi innkaup og afskipanir, en vann svo að því að undirbúa vátryggingarstarfsemi á vegum samtakanna, sem síðar varð sjálfstætt tryggingafyrirtæki, Tryggingamiðstöðin hf. Einar varð nú framkvæmdastjóri framleiðslumála, og gegndi því næstu tólf árin, til 1974, en þá varð hann framkvæmdastjóri Umbúðamiðstöðvarinnar til æviloka 1985. Frá 1962 fól verksvið hans í sér mikil og bein samskipti við frystihúsin, því hann stjórnaði innkaupum, birgðahaldi, tæknideild og gæðaeftirliti, framleiðnideild, framleiðslustýringu og útreikningum hráefnis- og framleiðsluverðs. Hjalti Einarson tók við starfi Einars sem framkvæmdastjóri framleiðslumála.

Eyjólfur Ísfeld Eyjólfsson hóf störf hjá SH 15. september 1949 sem endurskoðandi, að loknu námi við Verslunarháskólann í Kaupmannahöfn. Eyjólfur hafði eftirlit með rekstri og umsjón með öllum fjármálum SH og dótturfyrirtækjanna erlendis. Samskipti við banka og aðrar fjármálastofnanir heyrðu undir hann ásamt verkstjórn gjaldkera og starfsfólks á skrifstofu. 1969 ákvað stjórn SH að Eyjólfur Ísfeld skyldi verða aðalframkvæmdastjóri SH, en jafnframt skyldu aðrir framkvæmdastjórar halda stöðum sínum.

Eins og áður er getið var sú nýbreytni nú tekin upp að skipa framkvæmdaráð, sem í sátu forstjórarnir þrír auk formanns og varaformanns stjórnar. Elías Þorsteinsson var áfram formaður og til dauðadags, 25. mars 1965. Þá tók Sigurður Ágústsson við stjórnarformennsku fram að aðalfundi. Svo stóð á, að Einar Sigurðsson, sem verið hafði varaformaður stjórnar mörg undanfarin ár, hafði fyrir áramót-



Sölumiðstöðin teygði anga sína um allt land. Flest voru húsin þó á vertíðarsvæðinu á suðvestur-horninu, Vestmannaeyjum og við Faxaflóa, um 30 talsins. Flest frystihúsin við Breiðafjörð og á Vestfjörðum voru einnig innan vébanda SH. Á Austfjörðum og Norðurlandi voru fá en öflug hús og fulltrúar þeirra létu oft mikið að sér kveða á fundum SH-manna. Eins og samgöngum var þá háttað var eðlilegt að fyrstu árin væru stjórnarmenn flestir úr nágrenni Reykjavíkur, en lagafyrirmæli um að allir færu með jafnan atkvæðisrétt án tillits til framleiðslumagns tryggðu að enginn væri ofurliði borinn við ákvarðanatöku.

in sagt frystihús sín úr samtökunum. Úrsögnin kom þó aldrei til framkvæmda í reynd, en varð til þess að Einar varð ekki formaður stjórnar svo sem við hefði mátt búast. Á aðalfundi í maí 1965 var Gunnar Guðjónsson kjörinn formaður stjórnar og gegndi því starfi næstu 17 ár, til 1982. Þá tók Ágúst Flygenring við starfinu næstu tvö ár og síðan Jón Ingvarsson sem enn er stjórnarformaður árið 1997.

Varaformenn stjórnar með setu í framkvæmdaráði voru: Einar Sigurðsson 1962-'65 og aftur frá 1971-'77, Sigurður Ágústsson 1965-'69, Ólafur Jónsson 1969-'71, Ágúst Flygenring 1977-'82, Jón Ingvarsson 1982-'84, Ólafur B. Ólafsson 1984-'95 og Sigurður Einarsson 1995-'96.

Með skipan framkvæmdaráðs komst meiri festa á yfirstjórn samtakanna og nánari samvinna milli framkvæmdastjóra hins daglega starfs og stjórnarmanna.

Viðfangsefni hinnar nýju stjórnar

Fyrsta viðfangsefni hinnar nýju stjórnar SH var að treysta innviði samtakanna. Meðal þeirra þátta í starfseminni, sem mjög voru styrktir á næstu árum, var starf tækni- og eftirlitsdeildar (sjá kafla hér á eftir).

Annað viðfangsefni hinnar nýju stjórnar var að styðja forstjóra dótturfyrirtækjanna við endurskipulagningu þeirra. Bandaríkjamarkaður var stærsti markaðurinn og ljóst var að brugðið gat til beggja vona um hvort tækist að halda hlutdeild Íslands í innflutningi þangað. Einkum stóð verksmiðjureksturinn í Nanticoke tæpt og fyrsta kastið var engan veginn einhugur innan samtakanna um að halda verksmiðjurekstrinum áfram. Margar raddir heyrðust um að best væri að losna við verksmiðjuna, en halda fisksölunni í því horfi sem verið hafði fyrir byggingu hennar, gegnum umboðsmannakerfið. En frá 1962 var þessi hlið rekstrarins í traustum höndum Þorsteins Gíslasonar, sem hafði á næstu árum þriggja til átta manna stjórn sér við hlið og gagnvart Coldwater var hlutverk stjórnar og framkvæmdaráðs SH heima fyrst og fremst samráð og eftirlit með rekstrinum vestra.

Í þjóðaratkvæðagreiðslu á árinu 1963 höfnuðu Norðmenn inngöngu í Efnahagsbandalag Evrópu og varð þá ljóst að íslensk stjórnvöld gerðust fráhverf þátttöku í bandalaginu og meðfram þess vegna voru áform um byggingu fiskréttaverksmiðju í Hollandi endanlega lögð á hilluna. Sovétmarkaðurinn hafði verið að dragast saman á undanförnum árum, einkum vegna minnkandi karfaafla. Í Bretlandi var verksmiðjurekstri hætt og sala á þorskflökum fór minnkandi og var komin niður í 56 tonn 1966. Bretland var þó áfram höfuðmarkaðsland okkar fyrir flatfisk og ýmsar aðrar tegundir, sem ekki vógu þó þungt í markaðsstarfinu. Olli þar mestu um að Íslendingar ákváðu líka að standa utan við efnahagssamstarf ríkjanna í EFTA framundir 1970 og því var 10-15% innflutningstollur á okkar framleiðslu í Bretlandi, sem þá var enn í EFTA, meðan norsk, dönsk og færeysk flök innan 24 þúsund tonna kvóta voru án tolla. Þá samkeppni gátu Íslendingar ekki staðist. Því var höfuðkapp lagt á að beina framleiðslunni til Bandaríkjanna, Sovétríkjanna og Austur-Evrópu. Árið 1966 er svo komið að Bandaríkin og Sovétríkin kaupa nánast alla flakaframleiðsluna og helst það ástand næsta áratug.



Björn Halldórsson var hagfræðingur að mennt frá Harvardháskóla í Bandaríkjunum 1946. Hann réðist til SH vorið 1947 sem skrifstofustjóri en varð framkvæmdastjóri framleiðslumála sumarið 1949. Við skipulagsbreytinguna 1962 varð hann framkvæmdastjóri sölumála og voru á hans sviði markaðsleit, allar afurðasölur og afskipanir. Björn Halldórsson lét af störfum 1977 eftir 30 ára starf hjá SH.

Jafnkeypisviðskipti lögð af

Á þessum árum var líka horfið frá jafnkeypisviðskiptum við flest ríki önnur en Sovétríkin, og viðskiptum komið á grundvöll frjáls gjaldeyris. Frumkvæði að þeim breytingum kom þó ekki frá íslenskum yfirvöldum, heldur var látið undan þrýstingi viðskiptaríkjanna. Í freðfiskiðnaðinum þóttust menn sjá fram á það, að við þessar breytingar mundi draga verulega úr fisksölu til jafnkeypislandanna. SH mótmælti þessu eindregið, eins og flestir aðrir útflytjendur sjávarafurða á þessum tíma. Þeir reyndust sannspáir og freðfiskviðskipti við þessi lönd lögðust fljótlega nánast af. Áhyggjur af jafnkeypisviðskiptum komu meðal annars fram á framhaldsaukafundinum 12. janúar 1967, sem átaldi að ekki skyldu hafa verið endurnýjaðir vöruskiptasamningar við Pólland og Tékkóslóvakíu á grundvelli jafnvirðiskaupa með ákveðnum vörulistum eins og verið hafði. Þetta valdi því að ekki sé unnt að selja þessum löndum nema brot af því magni sem þau áður höfðu keypt af freðsíld. Sérstaklega auki þetta á erfiðleika hraðfrystihúsanna á Suðvesturlandi, sem höfðu bætt mjög nýtingu sína með frystingu á síld á haustvertíð. Stóðu þau þó mjög höllum fæti fyrir.

Fiskverð og Verðlagsráð

Annað meginviðfangsefni SH á þessum tíma, auk sölu sjávarafurða, var að gæta hagsmuna frystihúsanna gagnvart útgerðinni og hinu opinbera.



Einar G. Kvaran varð stúdent frá MR 1944 og var við nám og störf í Bretlandi og Danmörku til 1949, einkum við skipamiðlun og tryggingar. Hann hóf störf hjá SH árið 1949 og undirbjó með öðrum stofnun Tryggingamiðstöðvarinnar hf. Skrifstofustjóri SH frá 1956. Framkvæmdastjóri framleiðslumála frá 1962 til 1974 að hann tók við starfi framkvæmdastjóra Umbúðamiðstöðvarinnar.



Eyjólfur Ísfeld tók til starfa sem endurskoðandi hjá SH 15. september 1949 að loknu námi við Verslunarháskólann í Kaupmannahöfn. Við skipulagsbreytinguna var Eyjólfur andvígur því að fela yfirstjórn SH í hendur „troiku", taldi það of veika yfirstjórn og var sammála þeim, sem vildu „sterkan" forstjóra. Eyjólfur hafði eftirlit með rekstri og umsjón með öllum fjármálum SH og dótturfyrirtækjanna erlendis, sat í Verðlagsráði og Verðjöfnunarsjóði, og flestum þeim nefndum um málefni hraðfrystiiðnaðarins, sem stofnað var til í samvinnu við ríkisvaldið eða á þess vegum. Eyjólfur varð aðalforstjóri 1969 og til starfsloka um áramótin 1985-'86.

Verðlagsráð sjávarútvegsins hafði verið sett á laggirnar með lögum frá 18. desember 1961. Megintilgangur laganna var að skapa formlega umgjörð utan um samninga um fiskverð. Í upphafi var kveðið á um, að Verðlagsráð skyldi við ákvarðanir sínar hafa hliðsjón af markaðsverði sjávarafurða á erlendum mörkuðum, og með breytingu á lögunum 1964 var því bætt við að einnig skyldi taka tillit til framleiðslukostnaðar. Yfirnefnd Verðlagsráðs var í upphafi eins konar gerðardómur, en með lagabreytingunni 1964 varð forstöðumaður Efnahagsstofnunar oddamaður Verðlagsráðs og með því í rauninni viðurkennt að ákvörðun fiskverðs væri lykilatriði í efnahagsákvörðunum stjórnvalda. Var því oftast samið bak við tjöldin um það, hvernig helstu stærðir væru látnar ganga upp. Ef fiskverð var ákveðið nægilega hátt til að flotinn færi til veiða, en hærra en fiskvinnslan gæti staðið undir, var samkomulag um það að fiskvinnslunni yrði bætt þetta ýmist með einhvers konar uppbótum, eða gengisfellingu. Markmið ríkisvaldsins var yfirleitt að greinin yrði rekin á núlli að jafnaði, þ.e. að vinnsla og veiðar væru í innbyrðis jafnvægi, og engin átök milli þeirra um sinn hlut í afrakstrinum. Þegar uppbætur dugðu ekki til var gripið til gengisfellinga.

Það hafði raunar legið fyrir allt frá lokum styrjaldarinnar að meginviðfangsefni stjórnvalda um hver áramót var að búa svo um hnútana, að flotinn kæmist af stað í upphafi vertíðar. Raunar átti það að heita svo að fyrst semdu útgerðarmenn við fiskverkendur um fiskverð og síðan við sjómenn um kjör þeirra. Oftar en ekki þurftu þó ríkisstjórnir að hlutast til um niðurstöður svo að dæmið gengi upp.[1]

Frá 1956 og fram til 1962 hafði sjávarútvegsráðherra í raun endanlegt vald til úrskurðar um fiskverð. Stjórnvöld höfðu því kvatt til fulltrúa frá helstu hagsmunasamtökum útgerðar og fiskvinnslu til samráðs og samninga um ákvörðun fiskverðs og á tímum uppbótakerfisins var það eitt meginviðfangsefni stjórnvalda að ákveða fiskverðið með þessum hætti. Oft gekk þetta seint og keyrði um þverbak í upphafi árs 1961, þegar vertíð hófst ekki fyrr en í mars. Með fyrrgreindum lögum var svo settur ákveðinn rammi utan um þessa starfsemi og hélst þessi skipan næstu áratugi, þar til fiskmarkaðir fóru að láta að sér kveða upp úr 1990. Með lögum nr. 84/1991 um Verðlagsráð sjávarútvegsins varð það almenn regla að fiskverð skyldi vera frjálst en meirihluti ráðsins gæti þó ákveðið tímabundið lágmarksverð. Yfirnefnd ráðsins var þá jafnframt felld niður.

Óhætt er að fullyrða að mikil bót var að stofnun Verðlagsráðsins fyrst í stað og störf þess minnkuðu hættuna á stöðvun flotans vegna ágreinings um fiskverðið. Hins vegar var sá galli á skipan ráðsins, að það voru ekki hreinir hagsmunir sem tókust á. Sjómenn og útgerðarmenn áttu oftast sameiginlegra hagsmuna að gæta gagnvart fulltrúum fiskkaupenda. Stór hluti útgerðarinnar var hins vegar jafnframt í eigu fiskkaupenda. Sömu aðilar höfðu því hagsmuna að gæta báðum megin borðsins, sem gerði starf fulltrúa þeirra mjög erfitt og stundum illframkvæmanlegt (sjá Viðtal við Friðrik Pálsson bls. 533).

Við allar verðákvarðanir var Verðlagsráðið skipað 12 mönnum, sex frá fiskkaupendum og sex frá fiskseljendum. Næðist ekki samkomulag þar var ágreiningi vísað til yfirnefndar með tveimur fulltrúum frá hvorum, seljendum og kaupendum, en forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar var oddamaður. Yfirnefndin kvað svo upp fullnaðarúrskurð. Í raun má því segja að það hafi verið fulltrúi ríkisstjórnarinnar, sem ákvað verðið, ef kaupendur og seljendur urðu ekki ásáttir.

Fyrsti fulltrúi SH í Verðlagsráði var Helgi G. Þórðarson forstjóri Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar. Eyjólfur Ísfeld Eyjólfsson tók við af honum 1965 og átti sæti í Verðlagsráði í 20 ár. Eyjólfur sat einnig í stjórn frystideildar Verðjöfnunarsjóðs frá

stofnun hans og til starfsloka sinna. Var þetta hvort tveggja mjög mikilvægur og sýnilegur þáttur í starfi hans sem aðalforstjóra SH.

Viðreisnarstjórnin vann mikið þrekvirki við að losa um höft í efnahagskerfi landsmanna og stýra því fyrstu skrefin í átt til þeirra frjálsu viðskipta, sem þá voru að ryðja sér til rúms um gervalla Vestur-Evrópu. Það skýtur því nokkuð skökku við að einmitt á tímum þessarar stjórnar skyldi grundvallaratvinnuvegurinn, frystiiðnaðurinn, ganga í gegnum lengri og erfiðari kreppu en áður voru dæmi til og eiga meira undir beinni ríkisforsjá en nokkru sinni fyrr.

Að nokkru má segja að um arf úr fortíðinni hafi verið að ræða. Sennilega var örlagaskrefið stigið um áramótin 1946-'47, þegar ríkisábyrgð á fiskverði – og jafnframt markaðsverði afurðanna – var ákveðin. Eins og ýmsir úr röðum frystihúsamanna urðu þá til að benda á var grundvallarmarkaðsákvörðunin í íslensku þjóðfélagi færð í hendur stjórnmálamanna. Eftir það litu allir stjórnmálaflokkar og stjórnmálamenn á það sem heilaga skyldu sína að sjá svo um við hver áramót að vertíðarflotinn færi til veiða. Þetta var gert með því að ákveða fiskinum verðlagsgrundvöll, sem sjómenn og útgerðarmenn gætu sætt sig við. Hver fisktegund fékk sitt verð, mismunandi eftir nákvæmri stærðarflokkun, mælt frá „trjónu að sporðblöðku". Innan skamms hlóðust utan á þetta kerfi uppbætur eftir gerðum skipa og veiðarfæra, eftir því hvenær árs fisktegundin eða fiskstærðin var veidd, eins og rakið hefur verið hér að framan.

Viðreisnarstjórnin afnam þetta verðlagningarkerfi á fiskinum með setningu laganna um Verðlagsráð sjávarútvegsins, eða öllu heldur einfaldaði það og skapaði því formlegar leikreglur. Eftir sem áður var fiskverðsákvörðunin gangráður alls hagkerfisins og þótt hún skyldi samkvæmt lögum byggð bæði á markaðsverði afurðanna á erlendum mörkuðum svo og framleiðslukostnaði þeirra, vó hitt jafnan þyngst: Hvað þurfti verðið að vera til að sjómenn fengjust á flotann og útgerðarmenn til að halda skipum sínum úti? Fulltrúar hraðfrystiiðnaðarins í Verðlagsráði urðu þar nauðugir viljugir að dansa með, þótt þeim væri fullljóst að með því gengi sem fiskiðnaðurinn þurfti að búa við, var hann ófær um að greiða þetta háa fiskverð. Það sem á milli bar til að jafna metin, þurfti ríkissjóður að leggja til. Við verðákvörðunina var því á bak við tjöldin samið við ríkisvaldið um að greiða það sem á vantaði, og var það á þessum árum ýmist kallað „hagræðingarfé" eða „framleiðnifé". Þessar fjárhæðir námu 43 milljónum 1964, 33 milljónum 1965, og 50 milljónum hvort árið 1966 og 1967, auk verðfallsbóta.




Árni Finnbjörnsson varð stúdent frá MA 1940 og viðskiptafræðingur frá HÍ 1945. Framkvæmdastjóri Íslenska vöruskiptafélagsins í Reykjavík 1953-1956. Árni gekk í þjónustu SH árið 1956 sem sölustjóri á meginlandi Evrópu með aðsetri í Vestur-Berlín en flutti til Prag 1957 og var þar til 1960. Sölustjóri með viðskiptin við Austur-Evrópu á sinni könnu frá 1960, sem og Norðurlöndin, Þýskaland, Sviss og Ítalíu. Framkvæmdastjóri 1976-1984. Árni var aðalsamningamaður Íslendinga í árlegum viðræðum við Sovétmenn um sölur frystra sjávarafurða til Sovétríkjanna. Samhliða störfum fyrir SH í Prag var hann ræðismaður Íslands þar.

Feitu kýrnar og hinar mögru

Meginþversögnin í þessari kreppu frystiiðnaðarins á fyrsta og öðru kjörtímabili viðreisnarstjórnarinnar er kannski sú að hún átti fyrst og fremst rætur að rekja til góðæris. Eftir gengisfellingarnar tvær 1960 og 1962 var verðlag mjög hagstætt á erlendum mörkuðum. En, eins og segir í ályktun aukafundar SH í febrúar 1967, „allar þessar verðhækkanir hafa horfið frystiiðnaðinum jafnóðum vegna gífurlegrar hækkunar innanlands á öllum framleiðslukostnaði. Þannig má benda á að frá 1963-'66 hefur meðaltalskauphækkun í frystihúsunum numið samtals 70-80%, og kemur þar fram veruleg kauphækkun kvenna, en mestur hluti rekstrarkostnaðar frystiiðnaðarins hefur aukist hlutfallslega, án þess að eigendur frystihúsanna fengju þar nokkru um ráðið."

Á árunum 1963-'66 urðu mikil umskipti í samsetningu aflans. Árið 1963 var þorskaflinn um helmingur heildaraflans, en árið 1966 var hann aðeins fjórðungur.



Guðmundur H. Garðarsson er fæddur 17. október 1928 í Hafnarfirði. Stúdent VÍ 1950, viðskiptafræðingur HÍ 1954. Framhaldsnám í Kiel, London og síðar Harvard. Skrifstofustjóri Iðnaðarmálastofnunar 1955-'60. Fulltrúi hjá SH 1961-'96. Alþingismaður 1974-'78 og varamaður á Alþingi bæði fyrir þann tíma og síðar. Formaður Verslunarmannafélags Reykjavíkur 1957-'80. Í miðstjórn ASÍ 1966-'76. Í miðstjórn Alþýðusambands Evrópu 1972-'82. Í bankaráði Verslunarbankans og síðar Íslandsbanka. Í stjórn Lífeyrissjóðs verslunarmanna. Í stjórn Fjárfestingafélags Íslands. Formaður fulltrúaráðs Sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík um árabil.

Guðmundur réðist til Sölumiðstöðvarinnar á árinu 1961. Ritstjóri Frosts, rits SH 1961-'87. Guðmundur átti drjúgan hlut að skipulagsbreytingunni 1962 og var framsögumaður 10-manna nefndar um þau mál. Vann síðan með stjórnarformanni og framkvæmdaráði að breytingum á samþykktum SH ásamt lögfræðingi SH, þegar slíkt bar að.

Skipulagði margvíslega kynningarstarfsemi SH, svo sem með þátttöku í erlendum vörusýningum. Annaðist móttöku erlendra gesta SH, svo sem blaðamanna og fiskkaupenda, og ferðaðist með þá um landið. Hafði yfirumsjón með gerð fræðslukvikmynda á vegum SH og Coldwater. Umsjón með gerð ársskýrslu stjórnar 1961-'92 í samráði við fjármáladeild SH og sá um útgáfu hennar, ritari stjórnar SH frá 1961 til ársloka 1996, ritari framkvæmdaráðs frá stofnun þess og ritari stjórnar Coldwater frá 1971-'96. Guðmundur skrifaði mikið í dagblöð og tímarit um starfsemi SH heima og erlendis, einkum í Morgunblaðið, Ægi, Iceland Review og Fishing News International.

Þrátt fyrir það voru þorskafurðirnar tæplega 50% útflutningsverðmætis sjávarafurða það ár. Síldar- og loðnuaflinn breyttist á þessum árum úr því að vera 10% verðmætis sjávarafurða 1959 í tæp 50% 1966. Á aðeins þremur árum hafði heildarþorskaflinn lækkað um 18,4%, úr 415 þúsund lestum 1964 í 340 þúsund lestir 1966. Þessi þróun kom sérstaklega hart niður á hraðfrystiiðnaðinum, sem var með mikið fjármagn bundið í húsum, vélum, tækjum og þess háttar. Í stórum dráttum má segja að þorskveiðarnar hafi ekki getað keppt við síldveiðarnar hvað arðsemi snerti. Hin stórkostlega tækniþróun í síldveiðunum, miklar síldargöngur, og hagstæðir markaðir beindu áhuga útgerðarmanna og sjómanna æ meira að síldveiðum. Það athafnafrelsi sem viðreisnin hafði veitt mönnum beindi líka fjármagninu í þennan arðbærasta hluta útgerðarinnar. Framleiðslan beindist því sjálfkrafa í þær áttir sem hagkvæmastar voru. En að sama skapi var minnkandi áhersla lögð á þorskveiðar. Öll viðbótar- og endurbygging íslenska fiskveiðiflotans beindist að síldveiðunum, en þorskveiðiflotinn minnkaði stöðugt. Glöggt dæmi þess var þróunin í togaraflotanum. Árið 1965 voru gerðir út 30 togarar með það sem nefna mætti „eðlilegt ársúthald", en árið 1966 voru þessir togarar aðeins tuttugu talsins. Heildarafli togaranna 1963 var 80 þúsund lestir og þótti það ár ekki gott hjá útgerðinni, en 1966 var togaraaflinn kominn niður í 60 þúsund lestir – hafði dregist saman um fjórðung á aðeins fjórum árum. Þar við bættist að mun hagstæðara var að sigla með togaraaflann en frysta hann.

Í árslok 1966 var vitað um 37 fiskiskip í smíðum fyrir íslenska aðila. Flest þessara skipa voru um eða yfir 300 smálestir brúttó, þ.e. fyrst og fremst síldveiðiskip. Því var haldið fram að fyrir hvert nýtt síldveiðiskip sem bættist í flotann væri tveimur gömlum þorskveiðiskipum lagt. Hjá frystiiðnaðinum óttuðust menn að þess væri ekki langt að bíða við óbreyttar aðstæður, að þorskveiðarnar gætu ekki fullnægt lágmarks hráefnisþörf helstu vinnslugreina fiskiðnaðarins, þ.e. hraðfrystihúsanna, saltfiskvinnslustöðvanna og skreiðarvinnslunnar.

Síldveiðunum fylgdi mikil þensla í flestum geirum þjóðlífsins og frystihúsin bjuggu við stöðugan vinnuaflsskort. Það vinnuafl sem fékkst var oft stopult, sem aftur hafði sínar afleiðingar á verkkunnáttu og gæði framleiðslunnar.

Þessir erfiðleikar endurspeglast í fjölda aukafunda sem SH hélt til viðbótar við



Gunnar Guðjónsson var fæddur 26. desember 1909 í Reykjavík, stúdent MR 1928 og var við verslunarnám í Þýskalandi og Englandi 1928-'31. Rak skipamiðlunar- og útgerðarskrifstofu í Reykjavík 1933-'80. Framkvæmdastjóri Eimskipafélagsins Ísafoldar hf. 1934-'41 og hvalveiðifélagsins Kóps í Tálknafirði 1938-'40. Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri Sænsk-íslenska frystihússins hf. 1961-'68. Stjórnarformaður Olíuverslunar Íslands hf. 1955-'79. Stjórnarformaður Pappírsvers hf. frá 1963. Varaformaður í stjórn Umbúðamiðstöðvarinnar hf. um skeið. Í stjórn Síldar- og Fiskimjölsverksmiðjunnar hf. í Reykjavík 1962-'70. Kjörinn formaður Stéttarsambands fiskiðnaðarins við stofnun þess 1964. Meðdómari í Sjó- og verslunardómi um árabil frá 1950. Formaður Verslunarráðs Íslands 1957-'62. Í framkvæmdastjórn Vinnuveitendasambandsins 1962-'80, varaformaður 1973-'78. Í framkvæmdastjórn Sambands almennra lífeyrissjóða 1973-'79. Kjörinn formaður stjórnar Sölumiðstöðvarinnar á aðalfundi 1965 og gegndi því starfi þar til hann baðst undan endurkosningu á aðalfundi 1982, eða í 17 ár. Í stjórn Coldwater Seafood Corporation frá 1966. Ræðismaður Belgíu 1955-'61 og var sæmdur belgísku Leópoldsorðunni og stórriddarakrossi hinnar ísl. Fálkaorðu.

aðalfundina á árunum 1965 til 1968. Á þessum fundum eru ítrekaðar ályktanir og tilmæli til stjórnvalda um að bæta rekstrarumhverfi hraðfrystiiðnaðarins – þar til hann er nánast kominn í þrot árið 1968 og þá gripið til nærri 33% gengisfellingar. Samfara hruni síldarstofnsins, auknum bolfiskafla og hækkandi verði erlendis, verða þessar ráðstafanir til þess að koma fótunum undir hraðfrystiiðnaðinn á nýjan leik.

Hér á eftir verða atburðir áranna 1965 til 1970 raktir nánar.

Varað við þenslu

Aðalfundir og aukafundir SH 1965 og 1966 ályktа um erfiða stöðu frystingarinnar og lýsa áhyggjum af því hvert stefni. Stjórn SH ákvað að boða til aukafundar 25. febrúar 1966. Um ástæðuna fyrir því segir í skýrslu stjórnar: „Undanfarin ár hafa frystihúsaeigendur verið uggandi yfir hinni miklu þenslu, sem hefur verið í atvinnulífi landsmanna. Sumpart hefur hún stafað af mikilli framleiðsluaukningu í sjávarútvegi og fiskiðnaði, sem hefur leitt til jákvæðra áhrifa, bæði á atvinnuuppbygginguna og greiðslujöfnuðinn, eins og hinn mikli gjaldeyrisforði, um 2000 milljónir króna um síðustu áramót, ber vott um. En hins vegar hefur viðbótar einkaneysla, opinberar framkvæmdir og þess háttar, leitt til óeðlilega mikillar eftirspurnar eftir fjármagni og vinnuafli og neikvæðra áhrifa á undirstöðuatvinnuvegina. Um áramótin var ljóst að þetta ástand mundi stórversna, sjávarútvegi og fiskiðnaði í óhag, vegna fyrirhugaðra stóriðjuframkvæmda á Reykjanesi, stórvirkjunarframkvæmda við Búrfell, aukinna íbúðabygginga, sérstaklega í Reykjavík, og varnarliðsframkvæmda.“

Í ályktun þessa aukafundar sagði: „Forsvarsmenn freðfiskiðnaðarins telja það skyldu sína að vara við, að sú þróun eigi sér stað í atvinnu- og efnahagsmálum, sem kynni að raska rekstursgrundvelli þessarar atvinnugreinar. Þrátt fyrir verðbólguþróun undanfarinna ára, sem hefur haft óæskileg áhrif á uppbyggingu freðfiskiðnaðarins og rekstursmöguleika þess fiskiflota, sem sérstaklega sér fyrir hrá-





Þann 25. nóvember 1964 var haldinn stofnfundur Stéttarsambands fiskiðnaðarins. Með stofnun þess vildu menn freista þess að setja hagsmunagæslu og almenn félagsmál fiskiðnaðarins út fyrir ramma útflutningsfyrirtækjanna og fela þau mál í hendur viðtækari samtökum. Þessi tilraun tókst þó ekki að því sinni. Á minni myndinni sést Gunnar Guðjónsson í ræðustól á stofnfundinum, en hann var kjörinn formaður Stéttarsambandsins. Á aðalfundi SH árið eftir var hann kosinn formaður samtakanna. Stærri myndin er frá stofnfundi Stéttarsambandsins og má þar kenna Baldur Jónsson frá Ísafirði, Eyjólf Ísfeld Eyjólfsson framkvæmdastjóra SH og Finnboga Guðmundsson í Gerðum. Það kom einmitt að verulegu leyti í hlut Eyjólfs að sinna hagsmunagæsluhlutverki fyrir fiskiðnaðinn, þegar mistókst að gera Stéttarsambandið virkan aðila á þeim vettvangi.


efnisöflun hans, hefur þó að nokkru leyti tekist til þessa, vegna hagstæðrar markaðsþróunar, aukinnar hagræðingarstarfsemi frystihúsanna og ráðstafana hins opinbera, að afstýra almennum vandræðum hjá fiskiðnaðinum."

Fundurinn lýsti yfir „sérstökum ótta við ráðgerðar stórframkvæmdir útlendinga í landinu, á sama tíma sem landsmenn sjálfir ráðast í stærri og meiri raforkuframkvæmdir er nokkru sinni fyrr." Fundurinn leit svo á, að áframhald þessarar þróunar hlyti að leiða til gengisfellingar íslensku krónunnar. Svo varð þó ekki fyrr en í kjölfar gengisfellingar pundsins 1967.

Tillögur ríkisvaldsins 1966 og '67


Erfiðleikar hraðfrystiiðnaðarins jukust mjög eftir því sem leið fram á árið 1966. Orsakirnar voru margþættar, en hinar helstu voru: hækkandi framleiðslukostnaður innanlands, minnkandi hráefnismagn og lækkandi verð frystra sjávarafurða á erlendum mörkuðum. Undir lok ársins var ástandið orðið það alvarlegt, að stjórn SH taldi rétt að boða til aukafunda þar sem rætt væri um stöðu hraðfrystiiðnaðarins og til hverra aðgerða grípa þyrfti til að tryggja áframhaldandi rekstur hraðfrystihúsanna. Má segja að hraðfrystihúsamenn hafi verið á stöðugum fundum allan veturinn 1966-'67.

Síðari hluta árs 1966 seig mjög á ógæfuhliðina með verðlag á Bandaríkjamarkaði og í lok ársins var verð á frystum flökum komið 11% niður fyrir meðalverð ársins. Strax í september 1966 hóf stjórn SH að undirbúa aðgerðir vegna síversnandi rekstrarástands hraðfrystihúsanna. Fyrsti aukafundurinn var haldinn 7.-8. desember 1966 á Hótel Sögu. Í kjölfar þess fundar var skipuð nefnd fulltrúa hraðfrystiiðnaðarins annars vegar og ríkisvaldsins hins vegar. Í þeirri nefnd áttu sæti Eyjólfur Ísfeld Eyjólfsson fyrir hönd SH og Bjarni V. Magnússon, framkvæmdastjóri sjávar-



Pokinn tekinn inn á síðuna. Nýsköpunartogararnir stóðu aldrei undir þeim vonum, sem þjóðin gerði sér í stríðslokin um endurreisn atvinnulífsins eftir hnignun kreppuáranna og nýjar stoðir undir nýfengið ríkidæmi stríðsáranna. Frá upphafi bjuggu þeir við erfið rekstursskilyrði. Flestir þeirra urðu því í eigu bæjarútgerða, sem héldu þeim úti á kostnað skattborgaranna. Um miðjan 6. áratuginn var byrjað að veita þeim beina ríkisstyrki á úthaldsdag. Æ erfiðara reyndist líka að manna togarana og orð fór af óreglu togarasjómanna. Um þverbak keyrði eftir uppgang síldveiðanna í byrjun 6. áratugarins. Milli áranna 1965 og 1966 fækkar togurunum úr 30 í 20 og fljótlega eftir það er tími flestra síðutogaranna liðinn og skuttogararnir taka við um 1970.

afurðadeildar SÍS, og af hálfu ríkisvaldsins Jóhannes Nordal, bankastjóri Seðlabankans, og Jónas H. Haralz, forstjóri Efnahagsstofnunarinnar. Niðurstaðan af störfum þessarar nefndar varð sú að ríkisstjórnin gaf fyrirheit um ákveðna „verðfallstryggingu“ árið 1967, og að afurðalán skyldu verða óbreytt að krónutölu, sem þýddi í raun hærra lánshlutfall vegna verðfallsins erlendis. Ennfremur skyldi hagræðingarfé greitt svo sem gert hafði verið á undanförnum árum, en greiðslunni flýtt. Ytri aðstæður voru að mörgu leyti vissulega erfiðar. Margir vildu þó leita orsaka erfiðleikanna innan iðnaðarins sjálfs og krafa um endurskipulagningu frystiiðnaðarins var hávær og stjórnvöld urðu að nokkru leyti til að taka undir þær kröfur. Ákveðið var að ríkisstjórnin léti fara fram athugun á rekstraraðstöðu og fjárhagslegri uppbyggingu frystiiðnaðarins. Á grundvelli þeirrar athugunar skyldu lagðar fram tillögur sem miðuðu að því að bæta rekstargrundvöll frystihúsanna með bættri uppbyggingu iðnaðarins, aukinni hráefnisöflun, tæknibreytingum og fjárhagslegri endurskipulagningu. Af hálfu sérfræðinga ríkisvaldsins höfðu komið fram ákveðnar hugmyndir í þessu efni:[2]



Á árunum eftir 1960 var norsk-íslenski síldarstofninn með stærsta móti og göngur hans nokkuð reglubundnar yfir hafið. Þó er óvíst hversu vel hann hefði nýst, ef Íslendingar hefðu ekki um svipað leyti verið búnir að ná tökum á asdic-inu og kraftblökkinni, sem gerðu veiðarnar óháðar því, að síldin sýndi sig í yfirborðinu. Síldarævintýrið 1962-67 raskaði mjög hefðbundnu útgerðar-og fiskvinnslumynstri. Uppúr 1967 hrundi stofninn, eflaust að einhverju leyti vegna ofveiði, en um svipað leyti urðu gríðarlegar umhverfisbreytingar í Norður-Atlantshafi, Seltufrávikið mikla, sem hafði mikil áhrif á vöxt og viðgang alls dýralífs á þessum slóðum. Mikill hafís var norður af landinu, sjór kólnaði og átustofnar hrundu. Það er fyrst núna síðustu árin, sem norsk-íslenski síldarstofninn hefur rétt við og tekið upp fyrri hætti um göngur þvert yfir hafið.

1. Að finna lausn á þeim vandamálum, sem stafa af of mikilli framleiðslugetu í hraðfrystiiðnaðinum.

2. Unnið verði að sameiningu frystihúsa, þar sem það þykir henta, en annars staðar verði óarðbær og illa staðsett hús lögð niður.

3. Leiða verði leitað til að auka framleiðni og bæta skipulagningu bæði tæknilega og rekstrarlega, svo að tryggð verði betri afkoma í framtíðinni.

4. Kannaðar verði hugsanlegar leiðir, til dæmis með fiskflutningum, til að lengja rekstrartíma frystihúsanna.

Í skýrslu stjórnar er svo að orði komist, að sé framangreindum hugmyndum fylgt eftir megi segja, að í vændum geti verið gjörbylting í skipulagningu hraðfrystiiðnaðarins á Íslandi.

Sérstaklega varð mönnum starsýnt á staði þar sem tvö lítil frystihús voru að berjast um takmarkað hráefni, annað gjarnan í eigu kaupfélags en hitt í eigu einkaaðila. En fljótlega kom í ljós að svo sterkar pólitískar valdablokkir stóðu að baki þessu fyrirkomulagi, að torvelt reyndist að koma í gegn samruna eða hagræðingu svo neinu næmi. Þó má nefna að á Skagaströnd tókst að fá frystihús kaupfélagsins sameinað frystihúsinu Hólanesi, og má rekja síðari uppgang Skagastrandar til þessa árangurs. Tvö frystihús á Suðureyri í Súgandafirði, Ísver og Freyja, sem bæði voru innan SH, voru einnig sameinuð um þessar mundir undir nafni Freyju og átti það fyrirtæki síðan miklum uppgangi að fagna um tíma.

Að loknum þessum viðræðum við fulltrúa ríkisstjórnarinnar boðaði stjórn SH til framhaldsaukafundar 12. janúar 1967. Á þeim tíma höfðu engin ákveðin svör borist frá ríkisstjórninni og samþykktu fundarmenn að slíta ekki aukafundinum, heldur kalla hann saman á ný, er lokið væri þeirri athugun á málefnum frystihúsanna sem ríkisstjórnin hafði lofað að láta fara fram í samvinnu við fulltrúa SH og SÍS. Á fundinum kom til umræðu, hvort stöðva skyldi rekstur húsanna, þar til tillögur lægju fyrir frá stjórnvöldum um viðunandi rekstrargrundvöll, en ekki fékk sú tillaga hljómgrunn. Þess í stað var samþykkt að bíða svara frá ríkisstjórninni og boða til framhaldsaukafundar ekki síðar en 6. febrúar. Þá lágu fyrir frá ríkisstjórninni „Frumhugmyndir varðandi aðgerðir til endurskipulagningar hraðfrystiiðnaðarins“. Formaðurinn, Gunnar Guðjónsson, gerði grein fyrir þessu plaggi og taldi útkomuna úr þessum viðræðum ekki nógu góða og tillögur ríkisstjórnarinnar og sérfræðinga hennar ófullnægjandi. Eyjólfur Ísfeld Eyjólfsson gerði grein fyrir starfi fjögramannanefndarinnar og bar þar að sama brunni.

Fundurinn taldi „útilokað með öllu að frystihúsin í landinu geti haldið uppi rekstri við þau rekstrarskilyrði, sem felast í tilboði því, sem fulltrúar ríkisstjórnarinnar hafa gefið kost á.“ Ennfremur að „fáist ekki lausn á vandamálum frystihúsanna, telur fundurinn að óhjákvæmilega hljóti að koma til stöðvunar húsanna.“ Fundurinn frestaði síðan störfum sínum enn einu sinni en kaus þrjá menn af sinni hálfu til að ganga á fund ríkisstjórnarinnar ásamt tveimur fulltrúum SÍS, og voru það þeir Gunnar Guðjónsson, formaður, Eyjólfur Ísfeld Eyjólfsson og Ólafur Jónsson frá Sandgerði.

Ekki kom þó til þess að kalla saman aukafund fjórða sinni þennan vetur. Fjögramanna nefndin, sem skipuð var eftir desemberfundinn, vann ásamt síðari nefndinni og sérfræðingum ríkisvaldsins á næstu vikum að nýjum tillögum. Ákveðið tilboð frá ríkisstjórninni lá svo fyrir stjórn SH 23. febrúar og var það svo sem að ofan greinir: 55-75% verðfallstrygging árið 1967 miðað við endanleg verð ársins 1966, afurðalán óbreytt í krónutölu, hagræðingarfé óbreytt frá fyrra ári, en 75% þess greitt við veðsetningu afurða. Ákvað stjórnin þá að „fallast eftir atvikum á þessa

skipan mála í trausti þess að ekki verði gripið til innheimtuaðgerða gegn frystihúsunum á meðan athugun á fjárhag þeirra fer fram."

Stjórnendur sjávarafurðadeildar SÍS ákváðu líka að láta sér þessi málalok lynda, en ljóst er að mönnum fannst hvergi nærri nógu langt gengið til lausnar á vandanum.

Til viðbótar þessu voru sett lög um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins þann 21. mars 1967. Var þar ákveðin 8% uppbót á fiskverð utan síldar og loðnu og skyldi henni skipt þannig að 5% greiddust fyrir fisk veiddan í mars og apríl, en 11% uppbót aðra mánuði ársins. 20 milljónum króna skyldi varið til að greiða verðbætur á línu- og handfærafisk umfram þá 25 aura á kíló, sem áður hafði verið boðið með lögum. Sérstaklega skyldi verðlauna línufisk veiddan á tímabilinu frá 1. október til 31. desember. Gert var ráð fyrir að ríkissjóður verði 140 milljónum króna fyrir árið 1967 til verðfallsbóta þeirra sem áður er getið. Yrði afgangur af þeim peningum skyldu þeir renna í sérstakan sjóð, Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, enda yrðu þá sett um hann sérstök lög. Það var reyndar ekki gert fyrr en í kjölfar gengisfellingarinnar 1968, þegar svokölluðum „gengishagnaði" var ráðstafað.


Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins má hiklaust telja einna merkastan þeirra sjóða, sem mynduðu það sem kallað hefur verið sjóðakerfi sjávarútvegsins. Sjóðakerfið myndaðist í tímans rás og voru helstir Fiskveiðasjóður Íslands, Fiskimálasjóður, Stofnfjársjóður fiskiskipa, Aflatryggingasjóður, Tryggingasjóður fiskiskipa, Úreldingarsjóður o.fl.

Þessir síðastnefndu sjóðir voru lagðir niður með lagabreytingu 1986.

Verðjöfnunarsjóðnum var ætlað það hlutverk að draga úr áhrifum sveiflna á erlendu verði á hagkerfið. Með hliðsjón af markaðsverði erlendis var ákveðið svonefnt viðmiðunarverð. Væri markaðsverðið hærra en viðmiðunarverðið var helmingur mismunarins greiddur inn í sjóðinn. Væri markaðsverðið lægra en viðmiðunarverðið var greitt út úr sjóðnum. Þegar fram liðu stundir reyndist mesti vandinn kannski sá, að á tímum erlendra verðhækkana rauk íslenskt verðlag oft upp hraðar og örar en erlenda verðið. Menn voru því að borga inn í sjóðinn, þegar dúndrandi tap var á fyrirtækjunum. Væri innistæða í sjóðnum freistuðust stjórnmálamenn líka til að láta sjóðinn leysa vandamál, sem ekkert höfðu með verðsveiflur að gera. Reynt var að lappa upp á sjóðinn með nafnbreytingu í Verðlagssjóð sjávarútvegsins vorið 1990 og breyttum reglum um viðmiðunarverð. Inngreiðslum í sjóðinn var þó hætt í desember 1991 og fyrirtækjunum greidd út inneign sín nokkrum mánuðum seinna, þótt samkvæmt reglunum hefði þeim borið að greiða inn í sjóðinn. Ástæðan var sú að tekjur fyrirtækjanna voru að dragast saman vegna aflasamdráttar, þótt verð væri á uppleið. Miklar vonir voru bundnar við sjóðinn í upphafi en undir lokin var öllum í greininni illa við hann og óskuðu þess eins að fá sjálfir forráð eigin mála og leggja fyrir í góðæri til að mæta hallærum, hvort sem þau stöfuðu af verðfalli, aflabresti eða gæftaleysi.

Genginu breytt

Erfiðleikunum var engan veginn lokið. Á aðalfundi SH 1967 ríkti almennur kvíði og bera samþykktir fundarins þess ljósan vott. Enn er ítrekað að erfiðleikar undanfarinna ára hafi stafað af minnkandi hráefni, auknum innlendum kostnaði og lækkandi verði á erlendum mörkuðum. Við það bættist að á þessu ári afnam páfinn bann við kjötáti á föstudögum og á föstunni, sem hafði umtalsverð áhrif á fiskneyslu kaþólikka og á fiskmarkaði okkar, ekki síst í Bandaríkjunum. Vonir höfðu



Það voru ekki aðeins síldveiðarnar sem röskuðu mjög jafnvæginu í atvinnulífi landsmanna. Á aukafundi SH í febrúar 1966 höfðu menn miklar áhyggjur af afleiðingum fyrirhugaðra stóriðjuframkvæmda við Álverið í Straumsvík, virkjunarframkvæmda við Búrfell, varnarliðsframkvæmda og gífurlegs uppgangs í íbúðabyggingum í Reykjavík. Frystiiðnaðurinn lét þó ekki sitja við mótmæli og viðvaranir. Á þessum árum var gífurlegt átak gert í hagræðingarmálum húsanna, nýjar vinnslulínur settar upp, kaupaukakerfi, byggt á vinnumælingum, breiddist út og vélvæðing framleiðslunnar var aukin.

staðið til að samræmdar aðgerðir ríkisvaldsins yrðu til að fleyta hraðfrystiiðnaðinum yfir erfiðleika um sinn, en misheppnuð vetrarvertíð gerði þá von að engu. Lögð var áhersla á að gengið yrði rétt skráð, eða að öðrum kosti nauðsynlegar uppbætur greiddar til að tryggja rekstrargrundvöllinn. Það yrði þjóðarógæfa ef íslenskum hraðfrystiiðnaði hnignaði og afleiðingar ófyrirsjáanlegar fyrir mörg sjávarpláss í landinu.

En strax um haustið 1967 var rekstur hraðfrystihúsanna orðinn það erfiður og rekstarútlit svo svart, að stjórn SH ákvað að efna til aukafundar, og var hann haldinn að Hótel Sögu 23. október. Meginkrafa fundarins var um rétta skráningu gengis krónunnar, eða aðrar ráðstafanir, sem kæmu útflutningsframleiðslunni að sömu notum. Fundurinn heimilaði stjórn SH að ákveða kaupstöðvun á fiski til vinnslu hjá hraðfrystihúsum innan samtakanna frá 1. janúar 1968, hefði ekki verið tryggður viðunandi rekstrargrundvöllur fyrir þann tíma. Um mánaðamótin október/nóvember 1967 bar ríkisstjórnin fram frumvarp um efnahagsaðgerðir, sem fólu í sér svipaðar uppbætur og greiddar höfðu verið á árunum 1966-'67, þó með nokkurri hækkun til frystihúsanna.

En áður en þetta frumvarp yrði afgreitt sem lög, breyttust viðhorfin mjög með gengisfellingu sterlingspundsins. Hinn 24. nóvember 1967 var gengi íslensku krón-

unnar lækkað um 24,6 %. Samkvæmt hinu nýja gengi jafngiltu 57 íslenskar krónur einum bandarískum dollar, en vegna gengisfellingar sterlingspundsins breyttust hlutföll þar á milli minna, eða aðeins um 12%. Aðrar Evrópuþjóðir breyttu líka flestar gengi sínu til samræmis við lækkun pundsins, svo að segja má að þessi gengisfelling hafi aðeins gilt gagnvart dollar. Forráðamenn frystiiðnaðarins lýstu því þó yfir að þessi gengislækkun dygði ekki til að rétta við hlut þeirrar atvinnugreinar. Ríkisvaldið tók þær athugasemdir ekki til greina.

Stefnir í þrot

Um áramótin 1967-'68 hækkaði fiskverð, auk þess sem gengisbreytingunni höfðu fylgt hækkanir á ýmsum rekstrarliðum frystihúsanna. Þessar byrðar gátu hraðfrystihúsin ekki axlað, og leiddi það til stöðvunar þeirra í byrjun ársins 1968. Ákvað stjórn SH að boða til aukafundar eftir áramótin og var hann haldinn hinn 11. janúar. Allir framkvæmdastjórar SH og sölustjóri gerðu þar grein fyrir ástandi og horfum í helstu markaðslöndum og ástandi í framleiðslumálum, og ítarleg skýrsla var lögð fram um rekstrargrundvöll hraðfrystihúsanna, sem byggð var bæði á rekstrarathugunum SH og Efnahagsstofnunarinnar. Fundurinn samþykkti að staðfesta ákvörðun stjórnar SH um framleiðslustöðvun, þar til viðunandi rekstrargrundvöllur hefði fengist.

Enn var boðað til aukafundar 29. janúar. Lá þá fyrir ákveðið tilboð frá ríkisstjórninni um starfsgrundvöll fyrir hraðfrystihúsin á árinu 1968. Í tilboðinu fólst að ríkisstjórnin greiddi hraðfrystihúsunum 173 milljónir króna á árinu 1968 og veitti jafnframt tryggingu fyrir helmingi af verðfalli á frystum fiski frá því verði sem verið hafði um áramótin. Yrði hins vegar um verðhækkanir að ræða, skyldi sama prósenta greidd af verðhækkunum í Verðjöfnunarsjóð. 148 milljónir króna skyldu greiddar hraðfrystihúsunum sem hagræðingarfé, þ.e. við veðsetningu afurðanna í bönkunum. 30 milljónir yrðu þó greiddar út strax og við þá greiðslu tekið mið af framleiðslu ársins á undan. Ekki taldi fundurinn þetta tilboð fullnægjandi og fól stjórninni að velja 3 menn í nefnd til frekari viðræðna við ríkisstjórnina. Í þeirri nefnd voru Eyjólfur Ísfeld, Ólafur Jónsson í Sandgerði og Guðfinnur Einarsson. Fundurinn heimilaði þó þeim frystihúsum, sem treystu sér til, að hefja rekstur strax í trausti þess að ríkisstjórnin sæi sér fært að verða við tilmælum fundarins um bætta rekstrarstöðu.

Meðan á stöðvun frystihúsanna stóð, hafði stjórn SH samþykkt að stöðva afgreiðslu umbúða til allra frystihúsa innan samtakanna. Stjórn sjávarafurðadeildar SÍS gerði slíkt hið sama, en eftir aukafundinn 29. janúar var afgreiðslubanninu aflétt og innan skamms hófu flest hraðfrystihúsin aftur störf. Nokkur komust þó ekki í gang á nýjan leik og lokuðu fyrir fullt og allt.

Á árinu 1967 féll síldaraflinn úr 770 þúsund smálestum 1966 í 460 þúsund smálestir. Veiðin var líka miklu tregari, aðeins 95 þúsund lestir fengust á heimamiðum, og þurfti flotinn að elta síldina allt norður í Barentshaf til að ná þó þessu magni. Þorskaflinn var svipaður og áður, en nú fóru margir útgerðarmenn að huga að því, hvort ekki væri hægt að nýta hin nýju síldveiðiskip frekar en verið hafði til þorskveiða. Þátttaka þessara nýju skipa varð því meiri á vertíðinni en árið á undan, og þau stunduðu veiðarnar með fjölbreyttari veiðarfærum en nótinni, sem einkum kom að notum við að veiða hrygningartorfur. Menn urðu því vonbetri um að þorskveiðar- og vinnsla myndu rétta úr kútnum á ný.

Árið 1968 var með þeim erfiðustu í sögu íslensks hraðfrystiiðnaðar. Gætir þessa



Vegna uppgripanna í síldveiðunum hnignaði hinum hefðbundna bátaflota, sem aflaði frystihúsunum hráefnis og þorskveiðarnar drógust saman. Við endurnýjun flotans tóku menn mið af síldveiðunum og því var haldið fram að fyrir hvert nýtt síldveiðiskip væri tveimur gömlum þorskveiðibátum lagt. Eftir hrun síldveiðanna 1967 samfara verðhruni frystra afurða á Bandaríkjamarkaði tók við mjög erfitt aðlögunartímabil, enda var þetta mesta efnahagsáfall, sem Íslendingar höfðu orðið fyrir síðan á tíma kreppunnar miklu. Verðmæti vöruútflutnings landsmanna féll um 45% árin 1967-'68.
Ljósmynd: Sigurgeir.

mjög í samþykktum aðalfundar SH 29.-30. maí það ár, en þar segir meðal annars: „Frystihúsin standa nú á tímamótum. Á næstunni verður úr því skorið hvort þessi atvinnugrein verður áfram að meginhluta rekin á ábyrgð einstaklinga á grundvelli einkareksturs, eða að bæjar- og sveitarfélög sem hafa breiðari bök taki að sér þennan taprekstur."

Fundurinn taldi að mikill áróður hefði verið rekinn gegn hraðfrystihúsunum og starfsemi þeirra, sem sérstaklega hefði beinst að því að gera upplýsingar þeirra um afkomu tortryggilegar, og að ekki þyrfti annað til en nokkra skipulagsbreytingu til að rekstur þeirra væri tryggður. Hvorugt þessara atriða hefði við rök að styðjast. Í samþykktum fundarins var rakið hvernig stöðugt tap hefði verið á rekstri frystihúsanna frá 1966 og að ráðstafanir ríkisvaldsins hefðu hvergi nærri nægt til að bæta þeim þennan taprekstur. Fundarmenn sáu fram á álíka tap og á árinu 1967, kæmu ekki til verðhækkanir erlendis. Ennfremur sagði í ályktun fundarins: „Augljóst mál er, að einkarekstur hefur ekki fjárhagslegt bolmagn til að standa undir jafn stórfelldum taprekstri þrjú ár í röð. Brýn nauðsyn er því að taka starfsgrundvöll frystihúsanna til endurskoðunar nú þegar, til að forða þessum atvinnurekstri frá hruni."



Þrjár blómarósir úr frystihúsinu slappa af í „pásu" niðri á bryggju. Algeng sjón í höfnum landsins fyrir 1970. Bátaflotinn var uppistaðan í hráefnisöflun frystihúsanna, sem var þá mjög vertíðabundin. Unnið var úr línu- og netafiski, en á sumrin fóru stærri bátarnir á síld. Á síldarárunum er bátaflotinn endurnýjaður með stærri skipum en eftir 1970 hefst bylting með skuttogarabylgjunni, sem á næstu árum berst um allt landið.

Var skorað á Alþingi og ríkisstjórn að leggja fram skýrt mótaða stefnu um framtíðarhlutverk frystiiðnaðarins í atvinnulífi þjóðarinnar, og ennfremur hver skyldi verða staða einstakra rekstrarforma fyrirtækja í þessari atvinnugrein.

Sjá má, hversu þessi varnaðarorð voru brýn, á því, að ástæða þótti til að kalla saman aukafund þegar þann 23. júlí 1968. Á þeim fundi skýrði formaðurinn, Gunnar Guðjónsson, frá bréfi sem stjórn samtakanna hefði skrifað sjávarútvegsráðherra, Eggert G. Þorsteinssyni. Í því bréfi kom fram að ekki yrði hjá því komist að endurskoða starfsgrundvöll frystihúsanna strax. Ástæðurnar séu mikil vandræði sem skapast hafi vegna söluerfiðleika á saltfiski og skreið, og vegna óvissu um sölur og verð á fiski til Sovétríkjanna. Einnig hafi stóraukinn bolfiskafli eftir að vertíð lauk um vorið leitt til aukinnar framleiðslu á fiskblokkum, sem erfitt sé að selja í Bandaríkjunum vegna ört fallandi verðs. Stjórn SH taldi því að frystihúsin gætu ekki haldið áfram framleiðslu nema tryggt væri það verð, sem gilt hefði til síðustu áramóta, og trygging yrði fyrir fullri greiðslu á andvirði afurðanna þótt þær seldust ekki. Aukafundinum var síðan frestað til 31. júlí. Var þá skýrt frá viðræðum við ríkisstjórnina og samþykkt í framhaldi af því að ganga til framhaldsviðræðna um sölutryggingu afurðanna og leiðréttingu á rekstursgrundvelli. Í nefndina voru kosnir: Gunnar Guðjónsson, Einar Sigurðsson, Finnbogi Guðmundsson, Sighvatur Bjarnason og Ólafur Jónsson.

Enn var boðað til framhaldsaukafundar 6. september 1968 og þar skýrt frá því að ríkisstjórnin væri reiðubúin til þess að setja 75% verðtryggingu á framleiðslu eftir 1. ágúst og að greiddar yrðu aukalega 25 milljónir í hagræðingarfé. Auk þess samþykkti fundurinn ýmsar tillögur um bætta meðferð afla og aukna vöruvöndun og að hlutverk ferskfiskmatsins yrði eflt.

Þá um haustið var sýnt með ítarlegum athugunum, bæði af hálfu SH og opinberra aðila, að flestöll hraðfrystihús voru komin í þrot og blasti ekkert annað við en algert hrun ef ekki yrði gripið til gagnráðstafana. Þótti nú stjórnvöldum óhjákvæmilegt að laga þjóðarbúskapinn að fullu að gerbreyttum ytri skilyrðum og endurreisa rekstrargrundvöll atvinnuveganna með nýrri gengisskráningu. Þann 11. nóvember 1968 tilkynnti Seðlabanki Íslands, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, um 35,2% gengislækkun. Var hið nýja stofngengi 88 íslenskar krónur miðað við dollar. Við gengisákvörðunina var tekið mið af því lága verði útflutningsafurða, sem þá var orðið og gert ráð fyrir að síldveiðar væru með öllu úr sögunni í fyrirsjáanlegri framtíð. Þorskveiðarnar og vinnsla bolfiskafla urðu að vera burðarás atvinnulífsins á komandi árum.[3]

Meginástæður gengisfellingarinnar voru samkvæmt yfirlýsingu Seðlabankans að nettógjaldeyrisstaða þjóðarinnar var komin niður fyrir núll, og nettógjaldeyristekjur sjávarútvegsins höfðu lækkað um ekki minna en 55% frá því, sem þær voru á árinu 1966.

Í kjölfar gengisfellingarinnar voru lögð fram margvísleg lagafrumvörp um hliðarráðstafanir vegna þessara breytinga. Meðal þeirra var frumvarp um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, sem áður er getið.

Þrátt fyrir hina miklu erfiðleika á þessu ári, voru þó ýmis teikn á himni um betri tíma. Þorskaflinn jókst um 40 þúsund lestir og útgerðarmenn sýndu nú meiri áhuga á bolfiskveiðum en áður. Nýir sölumöguleikar á hraðfrystum flökum í neytendaumbúðum á Bandaríkjamarkað og „fish and chips" veitingastaðirnir höfðu jákvæð áhrif á framleiðendur, þannig að þeir framleiddu nú eins mikið og unnt var í von um betri tíma. Árið 1968 eru síldin og loðnan aðeins um þriðjungur heildaraflans og voru það mikil umskipti frá árinu 1966, þegar þessar tegundir námu um tveimur þriðju hlutum heildaraflans.

Tvenns konar gengi

Það var ekki nema von, að fleiri en frystihúsaeigendur veltu því fyrir sér hvernig erlendar verðhækkanir undanfarinna ára hefðu gersamlega horfið fiskiðnaðinum, þannig að það þyrfti að „bjarga" og „hjálpa" sjávarútveginum eða hluta hans á einhverjum mestu veltiárum, sem hann hafði gengið í gegnum og samfara stórfelldum verðhækkunum erlendis.

Hagfræðingarnir dr. Jóhannes Nordal og Sigurgeir Jónsson leituðu skýringa á þessu og birtu niðurstöður sínar í Fjármálatíðindum (3.tbl.) 1968:

„Hinir miklu yfirburðir fiskveiða og sjávarútvegs yfir svo til alla framleiðslu í landinu hafa átt meginþátt í að móta efnahagskerfi landsins það sem af er öldinni. Í stað þess að leyfa sjávarútveginum einum að sitja að hagnaði fiskveiðanna, hefir sú stefna fyrir löngu orðið ofan á, að þennan hagnað beri að nota til þess að jafna metin milli þeirra, sem stunda sjávarútveg, og hinna, er stunda óhagkvæmari atvinnuvegi, svo sem iðnað og landbúnað. Hefur þessi tekjutilflutningur frá sjávarútveginum í stórum dráttum gerst með þeim hætti, að gengis- og verðlagskerfið hefur verið gert sjávarútveginum óhagstæðara en öðrum framleiðslugreinum. Helstu tækin, sem notuð hafa verið til þess að framkvæma þennan tekjutilflutning eru verndartollar á iðnaðarvörum og verðákvörðunarkerfi landbúnaðarafurða. Með þessu móti hefur þessum tveimur framleiðslugreinum verið sköpuð aðstaða til þess að tryggja þeim, sem við þær hafa starfað, sambærilegar tekjur og hinn miklu afkastameiri sjávarútvegur hefur getað greitt. Af þessu hefur svo leitt hærra

Á árunum 1967-'70 er lagður gagnagrunnur, sem hröð uppbygging fiskiðnaðarins eftir 1970 byggðist á. Skipulagsnefnd frystihúsa lét gera fjárhagslega og tæknilega úttekt á öllum frystihúsum landsins. Hollustunefnd stóð fyrir úttekt á umhverfi vinnslustöðva, byggingum, aðbúnaði starfsfólks, vinnsluferli og öllu öðru, sem laut að hreinlæti og hollustuháttum. Þessi vinna skilaði sér á næstu árum í gagngerri uppbyggingu flestra frystihúsanna. Eins og þessi mynd frá 1971 sýnir var umhverfi fiskvinnslunnar oft óhrjálegt og ekki síst hlutverk sveitastjórna að bæta þar úr. Mörg sjávarpláss gerbreyttu líka um svip á næstu árum. Athuganir á vegum SH og SÍS 1970 leiddu í ljós að til æskilegra endurbóta, nýbygginga og endurnýjaðs vélakosts væri fjármagnsþörf 67 SH-frystihúsa og um 30 SÍS-húsa, um 2.300 milljónir króna, sem þá samsvaraði um sjöunda hluta fjárlaga ríkisins. Þótt afkoman væri áfram þröng, fengust nú greiðlega lán til þessara hluta, enda vofði yfir, að Bandaríkin settu strangar reglur á þessum sviðum, en þangað fór yfirgnæfandi meirihluti afurðanna á þessum tíma.



innlent verðlag og kaupgjald en ella hefði verið, en það hefur dregið úr ágóða sjávarútvegsins, sem selja hefur þurft afurðir sínar á erlendum mörkuðum. Lýsa mætti þessu kerfi þannig, að í því felist raunverulega tvenns konar gengi. Annars vegar hefur verið hið skráða gengi, sem verið hefur á útflutningi sjávarútvegsins, en hins vegar skráð gengi að viðbættum tollum, sem ráðið hefur afkomu hinna verndduðu framleiðslugreina."

Við þessa greinargóðu lýsingu á samtímanum má kannski bæta því að á síðustu árum hafa hagsögufræðingar verið að uppgötva, að ámóta kerfi hefur viðgengist um aldir, að minnsta kosti frá upphafi einokunarverslunar 1602. Rannsóknir þeirra hafa leitt í ljós, að kaupmenn verðbættu landbúnaðarvöru með hagnaði af sjávarvöru, en mikill verðmunur var á fiskverði innanlands og utan. Þetta er nánast sama fyrirkomulag og hér hefur verið ríkjandi síðan farið var að rangskrá gengið á þriðja áratugnum. Munurinn er sá helstur að fyrr á öldum sá erlendi kaupmaðurinn um hina röngu gengisskráningu, en nú eru það yfirvöld landsins.

Birtir yfir 1969 -'71

Á aðalfundinum 29.-30. maí 1969 var kominn nýr og bjartari tónn í félagsmenn SH. Gengisbreytingin í nóvember 1968 hafði greinilega gerbreytt starfsgrundvellinum til hins betra. Fundurinn taldi þessar aðgerðir hafa leitt til aukinnar framleiðslu til útflutnings og fagnaði því að sérstök áhersla hefði verið lögð á það að vinna verðmæta vöru úr sem mestum hluta aflans.

Eftirlitsdeild SH voru þökkuð góð störf, svo og verkstjórum frystihúsanna og starfsfólki öllu við veiðar og vinnslu. Útflutningstekjur hefðu aukist, atvinnuhorfur batnað, og framundan gæti verið vöxtur í sjávarútveginum, ef rétt væri á haldið. Fundurinn lýsti óánægju með blaðaskrif sem nýlega hefðu átt sér stað um viðskipti Íslands og Sovétríkjanna og þýðingu þeirra fyrir útflutningsframleiðsluna og áréttaði mikilvægi þessara viðskipta. Fundurinn varaði einnig við hugmyndum um byggingu olíuhreinsunarstöðvar hér á landi, sem kynnu að útiloka áframhaldandi viðskipti við Sovétríkin og skoraði á stjórnvöld að gera engar þær ráðstafanir sem skertu viðskiptahagsmuni þjóðarinnar gagnvart sovéska markaðinum.

Árið 1969 jókst þorskaflinn enn um rúman fimmtung, eða 77.500 lestir, og varð 450 þúsund lestir alls. Stór hluti bátaflotans stundaði þorskveiðar svo til allt árið og aukin áhersla var lögð á betri meðferð aflans, til þess að sem stærstur hluti hans færi í frystingu. Með samræmdum aðgerðum ríkisstjórnar, verkalýðshreyfingar og atvinnurekenda í svonefndum atvinnumálanefndum var stuðlað að því að stærri bátum, sem stunduðu bolfiskveiðar, fjölgaði, ennfremur voru gerðar ráðstafanir til að efla og endurbæta hraðfrystihús á þeim svæðum sem áður höfðu einblínt á síldveiðar. Síldaraflinn var nú kominn niður í 56.500 lestir, eða tíunda hluta þess sem hann var 1967 og nú var kröftum atvinnumálanefndanna einbeint að eflingu þorskveiða og aukinni vinnslu og nýtingu þorskafla, auk þess sem stefnt var að nýtingu annars sjávarafla eins og loðnu, humars, rækju og skelfisks.[4]

Í heild er árið 1969 vaxtarár, bæði í framleiðslu og verðmætum. Þorri framleiðslunnar var seldur til Bandaríkjanna og Sovétríkjanna og verð á Bandaríkjamarkaði fyrir flestar tegundir fór verulega hækkandi á þessu ári.

Á þessum tíma voru íslensk stjórnvöld að undirbúa inngöngu í EFTA og fengum við aðild að samtökunum 1. mars 1970.

Auknar fjárfestingar SH þrátt fyrir kreppu

Þótt misjafnlega áraði, var forsvarsmönnum SH ljóst að búa þurfti í haginn fyrir framtíðina. Margvíslegar áætlanir höfðu verið gerðar á velgengnistímum um uppbygginguna í Ameríku og stofnun öskjugerðar til að sjá félagsmönnum fyrir ódýrum umbúðum. Þótt kreppa brysti á þurfti að hyggja að framtíðarþróun. SH hafði því í mörg horn að líta á þessum árum. Aðalfundurinn í maí 1964 ákvað að stofna til öskjugerðar og samþykkti að leggja 2,5 milljónir króna úr endurgreiðslureikningi félaga SH til stofnunar hlutafélagsins. Umbúðamiðstöðin var svo formlega stofnuð 1966.

Frá því veturinn 1961-'62 hafði verið ljóst, að verksmiðjan í Nanticoke var alls ófullnægjandi og nauðsynlegt að byggja að nýju yfir þann rekstur annars staðar í Bandaríkjunum. Á aðalfundinum 1965 var stjórninni veitt heimild til að ráðast í byggingu nýrrar verksmiðju í Bandaríkjunum. Áætlaður kostnaður verksmiðjunnar var 1,5 milljónir dollara, eða um 65 milljónir króna, og var heimildin háð því skilyrði að eigi minna en 90% kostnaðar fengist að láni með hagstæðum kjörum.



Um og eftir 1980 var víða orðið svona umhorfs í höfnum landsins. Skuttogurum í tengslum við fiskvinnsluna var haldið úti í stuttar veiðiferðir, gjarnan að hámarki 5 daga, fiskurinn ísaður í kassa og skipað upp í kældar fiskmóttökur, þar sem þrautþjálfað starfslið tók við og vann úr fiskinum í vel skipulögðum vinnslurásum. Ekki er of mælt að á áttunda áratugnum hafi orðið bylting í þessum efnum.

Á aðalfundinum 1966 voru teknar fjölbreyttar ákvarðanir um fjárfestingar. Í ársbyrjun var bjart yfir, og hækkandi verðlag á Bandaríkjamarkaði. Fundurinn samþykkti að af þeim 690 þúsund dollurum, sem Coldwater hafði greitt í viðbótarverð á blokkir, og með lækkun sölulauna á flökum 1965, skyldi 150 þúsund dollurum, eða 6.350.000 krónum, úthlutað í samræmi við heildarútflutningsverðmæti hvers félagsmanns hjá SH árið 1965. Þessi upphæð var talin svara til lækkunar sölulauna á flökum úr 10% í 7,5%. Jafnframt samþykkti fundurinn að félagsmenn lánuðu SH þessa fjárhæð í 6 ár til ráðstöfunar fyrir Coldwater í sambandi við fyrirhugaða verksmiðjubyggingu. Ennfremur var samþykkt að á sama hátt skyldi úthluta 60 þúsund dollara tekjuafgangi Coldwater 1964 til félagsmanna, og framlána Coldwater til verksmiðjubyggingarinnar.

Á sama aðalfundi var samþykkt að auka hlutafjáreign samtakanna í Umbúðamiðstöðinni úr 2,5 milljónum króna í 5 milljónir. Umbúðamiðstöðin var hið eina af íslensku dóttur- eða hliðarfyrirtækjum Sölumiðstöðvarinnar, sem SH beinlínis átti hlut í.

Í öðrum fyrirtækjum samstæðunnar voru hlutafé og hlutafjáraukning lögð fram af einstökum frystihúsum. Hins vegar var það oft gert með samstæðu átaki með samþykkt aðalfunda, þannig að af inneign félagsmanna hjá SH var þeim greitt út í hlutfalli við viðskipti sín og sú upphæð lögð inn sem hlutafé hjá viðkomandi fyrirtæki. Nú ákvað aðalfundurinn að greiða meðlimum 10 milljónir úr endurgreiðslureikningi félagsmanna vegna hlutafjáraukningar í Jöklum hf., og allt að 4 milljónir króna til hlutafjáraukningar í Tryggingarmiðstöðinni. Loks samþykkti fundurinn, að eftir 1. janúar 1967 skyldi greiða 0,25% af heildarútflutningsverðmætum félagsins í sérstakan sjóð tengdan nafni Elíasar Þorsteinssonar. Tilgangur sjóðsins var að veita styrki til náms, tilrauna og vísindastarfa í þágu fiskiðnaðarins, en einnig

mátti veita félagsmönnum lán til skamms tíma í samræmi við meginmarkmið og tilgang félagsins.

Ekkert af þessu hafði farið fram hjá ráðamönnum þjóðfélagsins, sem á vissan hátt undruðust framfarahuginn í grein sem var svo illa stödd og þurfti á opinberri fyrirgreiðslu að halda til þess að geta borgað útgerðarmönnum hráefnið. Nú bættist það við, að Eimskipafélag Íslands gerði SH tilboð um helmingslækkun farmgjalda til Ameríku. SH var ljóst að tilgangurinn með þessu tilboði var fyrst og fremst sá, að leggja Jökla hf. að velli og útrýma þar með samkeppni (sjá kaflann um Jökla hf.), og hugðist því ekki taka þessu tilboði. Ef SH hefði verið óháð ríkisvaldinu á þessum tíma, hefði það mögulega getað bjargað Jöklum hf. Stjórnvöld gerðu frammámönnum SH það hins vegar ljóst, að það færi ekki saman að fyrirtæki teldi sig hafa efni á því að hafna lægstu farmgjöldum, jafnframt því sem það krefðist styrkja til félagsmanna sinna úr hendi ríkisvaldsins og að ríkið greiddi verulegar uppbætur á fiskverð, sem félagsmenn treystu sér ekki til að borga til útgerðarinnar.

Áratugur mikilla breytinga 1970-1980

Hagvöxtur áttunda áratugarins var einn sá mesti, sem hér hefur orðið eða um 6,5% til jafnaðar á ári. Hins vegar var gengið mjög á fiskistofnana, svo að lá við afkomubresti þegar skammt var liðið á 9. áratuginn. Fjármunamyndun var gríðarleg og yfir þriðjungi landsframleiðslu varið til fjárfestinga.[5]

Fastgengiskerfi helstu mynta í alþjóðaviðskiptum, sem kennt hefur verið við Bretton-Woods, leið undir lok, þegar gullinnlausnarskylda dollarans var endanlega afnumin 15. ágúst 1971. Á undanförnum árum hafði mjög sorfið að þessu kerfi vegna stríðsreksturs Bandaríkjanna í Víetnam, sem þau höfðu að verulegu leyti fjármagnað með peningaprentun. Frá og með mars 1973 hófst tímabil fljótandi gengis. Gerði þetta Íslendingum kleift að hafa mun meiri verðbólgu en var í viðskiptalöndunum og var það svigrúm óspart notað af stjórnvöldum. Verðbólgan fór stigvaxandi samfara verulegri ofþenslu á flestum sviðum og komst í 30-50% farið.

Vaxandi óstöðugleiki í stjórnmálum varð ekki til að bæta ástandið. Ríkisstjórnir komu og fóru og aðeins ein ríkisstjórn sat út kjörtímabil sitt, ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks 1974-'78. Vorið 1977 skar verkalýðshreyfingin upp herör gegn efnahagsaðgerðum þessarar ríkisstjórnar Geirs Hallgrímssonar og í svonefndum Sólstöðusamningum um sumarið var samið um 25% launahækkanir eftir langvarandi skærur á vinnumarkaði. Í kosningunum 1978 unnu A-flokkarnir stóran sigur og mynduðu ríkisstjórn undir forsæti Framsóknar, sem hafði tapað kosningunum. Var sú ríkisstjórn undir forystu Ólafs Jóhannessonar. Sú ríkisstjórn varð að glíma við afleiðingar Sólstöðusamninganna og fékk ekki við neitt ráðið, enda engin samstaða um úrræði. Féll hún eftir árið og við tók minnihlutastjórn Alþýðuflokksins, þar til nýjar kosningar fóru fram haustið 1979. Hrundi nú fylgið af A-flokkunum á ný, en eftir langa stjórnarkreppu leiddi Gunnar Thoroddsen vinstri flokkana saman undir sínu forsæti og nokkurra annarra Sjálfstæðismanna. Ekkert samkomulag varð í neinni þessara ríkisstjórna um samræmda efnahagsstefnu. Orka þeirra fór í að glíma við vísitöluna, færa hana niður um nokkur stig, eða semja við hagsmunasamtök um skerðingu bóta.

Kreppa þessa áratugar var þó ekki eingöngu heimatilbúin, heldur líka angi af heimsviðburðum. Með þeirri alþjóðlegu olíukreppu, sem hófst um haustið 1973 lauk því góðæristímabili, sem hafist hafði eftir gengisfellinguna í nóvember 1968. Sumir erlendir hagfræðingar telja raunar olíukreppuna endalok „gullaldarinnar



Í eðlilegu árferði láta frystihúsamenn sér nægja að koma allir saman á aðalfundi. Þegar á bjátar er kvatt til aukafunda og lagðar línur um sameiginlega afstöðu. Á kreppuárunum 1966-1968 eru slíkir fundir tíðir. Aukafundur í febrúar 1966 hefur áhyggjur af þenslu í þjóðfélaginu. Aukafundur 7.-8. desember 1966 skoðar afleiðingar verðfalls í Bandaríkjunum. Honum er fram haldið 12. janúar 1967 og enn 6. febrúar. Upp úr þessu kom svonefnd „verðfallstrygging" og margvíslegar aðrar opinberar ráðstafanir og gagngerar athuganir á stöðu frystiiðnaðarins og Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins var komið á fót. Þann 23. október er enn haldinn aukafundur og krafist réttrar skráningar gengis. Gengisfelling í nóvember er allsendis ófullnægjandi og í byrjun árs 1968 stöðvast framleiðslan. Aukafundur er haldinn 11. janúar 1968 og ákvörðun stjórnar SH um framleiðslustöðvun staðfest svo og stöðvun á afgreiðslu umbúða til frystihúsanna. Framhald þess fundar er 29. janúar og framleiðsla hafin á ný að honum loknum. Aðalfundurinn 29.-30. maí ályktar að nú verði stjórnvöld að gera það upp við sig hvort einstaklingar eigi áfram að eiga og reka frystihúsin, eða bæjar- og sveitafélögin að taka við. Strax 23. júlí er enn kvatt til aukafundar og nefnd send á fund ríkisstjórnarinnar. Fundinum var fram haldið 31. júlí og ákveðið að halda áfram viðræðum við ríkisstjórnina. Enn er fundi fram haldið 6. september og skýrt frá tilboðum ríkisstjórnarinnar um bráðabirgðaráðstafanir. Loks þótti stjórnvöldum sýnt að hrun blasti við fiskvinnslunni og óhjákvæmilegt að laga þjóðarbúskapinn að gerbreyttum ytri skilyrðum. Þann 11. nóvember var gengið fellt. Þar með var botni kreppunnar náð og með samstilltu átaki tókst þjóðinni að rétta við á undra skömmum tíma.
Myndin sýnir hluta fundarmanna á einum fundi SH 1967.
Á myndinni þekkjast: Björn Guðmundsson Vestmannaeyjum, fundarstjóri, Gunnar Guðjónsson stjórnarformaður, Huxley Ólafsson Keflavík, Björn Halldórsson í ræðustóli.
Fremsta röð (talið frá vinstri): Jón Guðmundsson Gerðum Garði, Þórður Guðmundsson Gerðum.
Næsta röð (baksvipir). Hermann Kristjánsson Grindavík, Jón Benediktsson Vogum, Ólafur Guðmundsson SH. Gegnt þeim sitja Guðsteinn Einarsson Grindavík og Ingvar Vilhjálmsson Reykjavík og hægra megin við þá eru Páll Janus Þórðarson, Súgandafirði og Hjalti Einarsson SH. Röð við vegg (f.v.): Börkur Ákason Súðavík, Guðmundur Páll Einarsson Bolungarvík, Guðmundur M. Jónsson Ísafirði, Vigfús Þórðarson Stokkseyri, Snæbjörn Bjarnason „Frosti" Hafnarfirði, Finnbogi Guðmundsson Gerðum.

eftir Stríðið". Olíuverðið þrefaldaðist þetta haust og leiddi til minnkandi framleiðni um allan heim með vaxandi atvinnuleysi og verðbólgu í kjölfarið. Enn önnur hækkun olíuverðs varð síðan 1979-'80.[6]

Þetta er áratugur gengisfellinga hér á landi og gengissigs. Árið 1972 er gengið fellt um 10,7% í desember og aftur um 10% í febrúar 1973, en hækkað um 6% í apríl sama ár. Enn er gengið fellt eftir stjórnarskiptin í ágúst 1974 og þá um 17%. Í febrúar 1975 lækkar gengið um 20% og í febrúar 1978 um 13%. Eftir stjórnarskipti í september 1978 er gengið fellt um 15% og að auki sett sérstakt 10% yfirfærslugjald á stóran hluta erlends gjaldeyris, sem að sjálfsögðu jafngildir gengislækkun.

Í apríl 1979 var verðtrygging inn- og útlána heimiluð með svokölluðum Ólafslögum, en áhrifa þessa fór þó ekki að gæta fyrr en á næsta áratug.

Í skýrslu stjórnar SH 1981 er litið yfir farinn veg síðasta áratug og segir þar:

„Áratugurinn 1970 til 80 mun að öllum líkindum verða talinn meðal sögulegustu tímabila í sjávarútvegi og fiskiðnaði Íslendinga. Á þessum áratug hófust loðnuveiðar með svo stórfelldum hætti, að fárra hliðstæðna er að leita í sögu sjávarútvegs landsmanna, nema í síldveiðunum á sínum tíma.

Þá var fiskveiðilögsaga Íslendinga færð út tvisvar, fyrst í 50 sjómílur 1972 og síðan árið 1975 í 200 sjómílur, með þeim árangri að 1. desember 1976 sátu Íslendingar einir að öllum helstu fiskimiðunum umhverfis landið. Erlendir togarar sem hundruðum saman höfðu stundað botnvörpuveiðar við Íslandsstrendur, áratug eftir áratug allt frá aldamótum, hurfu af þessum mikilvægu fiskislóðum.

Á þessu tímabili hófst endurnýjun togaraflotans með svonefndum skuttogurum, og sá floti varð grundvöllur þeirrar miklu atvinnustarfsemi og framleiðslu sem á sér stað í hundruðum fiskvinnslustöðva allt í kringum landið."

Ennfremur segir: „1. desember 1969 voru togararnir 21, allt síðutogarar, og smíðaðir fyrir og um árið 1950. 15. desember 1981 eru skuttogararnir 92 (16 yfir 500 tonnum, en 76 undir 500 brúttótonnum)". Grein er gerð fyrir skiptingu botnlægra fiskitegunda á báta og togara, en með því er átt við allan fisk annan en síld, loðnu og skelfisk. Heildarafli botnlægra fiskitegunda eykst um 88,8% á þessum áratug, fer úr 387.000 lestum í 731.000 lestir – og verður aukningin öll rakin til togaranna. Bátaaflinn breyttist lítið, var 330.200 lestir 1972 og 330.100 lestir 1981. Togaraaflinn jókst hins vegar til muna: hann var 56.900 lestir 1972 en var orðinn 400.900 lestir 1981. Hlutfallið milli báta og togara breyttist því mjög: Árið 1972 var bátaaflinn ráðandi, nam 85,3% af heildarafla á móti 14,7% hjá togurunum. Togararnir hafa náð yfirhendinni 1981 og veiða þá 54,8% heildaraflans, meðan bátarnir veiða aðeins 45,2%. Hlutdeild vinnslugreina í þorskaflanum breyttist umtalsvert frá 1975 til 1981. Hlutur frystingar fór lækkandi úr um 60% niður í 47,3% 1981. Hlutdeild skreiðar hækkaði úr 6,5% í 16,7%, en hlutur söltunar hélst stöðugur, um 25%. Í lok yfirlitsins segir: „Eigi þarf að fjölyrða um hversu alvarleg þróun er hér á ferðinni fyrir hraðfrystiiðnaðinn. Orsakir þessara óhagstæðu umskipta fyrir frystinguna eru margþættar, m.a. neikvæð áhrif mikillar innlendrar verðbólgu fyrir fjármagnsfrekan iðnað, röng gengisskráning, og óhagstæð markaðsþróun samanborið við markaði fyrir skreið og saltfisk". Uppgangur skreiðarverkunarinnar reyndist þó skammær og ekki til að hafa áhyggjur af.[7]

Skiptingin milli söltunar og frystingar hefur alltaf sveiflast nokkuð eftir markaðsaðstæðum, aflasamsetningu og gæðum hráefnisins. Flest stærri frystihús stunda líka hvort tveggja, frystingu og söltun, og leggja áherslu á það sem hagkvæmara er hverju sinni.

Þessi áratugur var tími mikilla sviptinga fyrir íslenskan sjávarútveg, útflutningsverðmæti meiri en nokkru sinni fyrr, en afkoma frystihúsa með eindæmum slæm, svo að oftar en einu sinni stefndi í algert þrot. Verða nú atburðir þessa áratugar raktir nánar.

Landhelgisútfærslan í 50 mílur 1971

Allt frá því fyrstu landgrunnslögin voru sett árið 1948, var það ljóst að Íslendingar ætluðu að færa út fiskveiðilögsögu sína að endimörkum landgrunnsins. Í því efni var þó ekki hægt að fara miklu hraðar en þróunin á sviði alþjóðaréttar leyfði. Þetta

Það er ekki alltaf sem stjórnendur fyrirtækja muna eftir því að velgengni fyrirtækja þeirra er undir dugnaði og árvekni starfsfólks þeirra komin. En á aðalfundinum 1969, þegar fyrirtækin eru að rísa úr öldudal kreppunnar er starfsfólki öllu við veiðar og vinnslu, starfsmönnum eftirlitsdeildar og verkstjórum húsanna þökkuð góð störf með sérstakri ályktun. Á þessum árum er lagður grunnur að stóraukn-um afköstum og bættri nýtingu með aukinni vélvæðingu og kaupaukakerfinu, sem þá er verið að taka upp.



markmið náðist í fjórum áföngum með útfærslu í fjórar mílur 1952, jafnframt því sem mörkin voru dregin út frá grunnlínupunktum og fjörðum og flóum lokað fyrir veiðum með botnvörpu, í 12 mílur 1958, sem samningar náðust um 1960, með útfærslu í 50 mílur 1972 og í 200 mílur 1975, sem samningar tókust um með Oslóarsamningnum 1. júní 1976.

Með þessari síðustu útfærslu náði fiskveiðilögsagan yfir 733.470 km^2, en hafði verið aðeins 24.530 km^2 fyrir útfærsluna 1952. Þannig hafði víðátta lögsögunnar þrítugfaldast á tæpum aldarfjórðungi. Á þessum tíma höfðu erlendir togarar að jafnaði veitt um 360.000 tonn af botnfisktegundum á Íslandsmiðum árlega, fyrst og fremst Bretar og Þjóðverjar.

Eftir að 12 mílna útfærslunni hafði verið ráðið til lykta á Genfarráðstefnunni 1960 sagði Einar Sigurðsson í blaðagrein:[8] „En eitt verða þó Bretar og allar þjóðir að vita, og ekki ganga duldar neins í þeim efnum, að 12 mílurnar eru ekki lokatakmark. Stöpullinn, sem landið stendur á, landgrunnið, er eign íslensku þjóðarinnar, jafnt sem landið sjálft, og rétturinn til að nytja þann fisk, sem syndir þar í sjónum, Íslendinga einna. Þetta er frumburðarréttur íslensku þjóðarinnar, sem aldrei getur verið um að ræða að afsala sér að meira eða minna leyti, þótt kyrrt sé látið liggja í bili."

Óhætt mun að segja að þetta hafi verið sjónarmið langflestra Íslendinga, hver útfærsla var aðeins áfangi að lokamarkinu.

Þegar nær áratugur var liðinn frá útfærslu fiskveiðilögsögunnar í 12 mílur, hófust umræður víða í þjóðfélaginu um nauðsyn frekari útfærslu. Hraðstígar framfarir höfðu orðið í smíði fiskiskipa, og fleiri og fleiri þjóðir stefndu stórum flotum verksmiðjuskipa og frystitogara á fjarlæg mið. Í skýrslu stjórnar SH 1968 er vakin athygli á því að meginorsök á versnandi markaðsstöðu fyrir fryst fiskflök sé stóraukið framboð á þessum afurðum með tilkomu frystitogaraflota Breta, Þjóðverja, Sovétmanna, Frakka, Pólverja og loks Norðmanna. Þessir flotar kepptu ekki aðeins við okkur um markaði, heldur einnig um hráefnið, þar sem stórir flotar frystitogara frá Sovétríkjunum, Bretlandi og Vestur-Þýskalandi veiddu á íslenska landgrunninu.

Á stjórnarfundi SH 17. ágúst 1970 var bent á, að hefja þyrfti vakningu í landhelgismálinu. Var ákveðið að taka upp viðræður við forystumenn samtaka sjávarútvegsins um aðgerðir málinu til styrktar.

Á fundi stjórnar SH 12. nóvember 1970 var síðan samþykkt svohljóðandi ályktun: „Stjórn SH lýsir áhyggjum sínum yfir vaxandi fjölda erlendra togskipa á fiskimiðum hér við land. Þar sem gera má ráð fyrir, að þessi sókn fari enn vaxandi, er óhjákvæmilegt að gera nú þegar ráðstafanir til verndunar fiskistofnanna og jafnframt að tryggja afnot landgrunnsins fyrir okkar fiskiskip."

Stjórnin tekur undir samþykkt aðalfundar LÍÚ þann 5.-7. þessa mánaðar um að fram fari viðræður um landhelgismálið milli fulltrúa hinna ýmsu greina sjávarútvegsins og fulltrúa ríkisstjórnarinnar. Öll helstu samtök sjávarútvegsins áttu síðan viðræður við fulltrúa ríkisstjórnarinnar um þessi mál. Á árinu 1970 voru að jafnaði 107 erlendir togarar að veiðum á íslandsmiðum, þar af um 60 breskir og 30 vestur-þýskir. Frá því um 1950 höfðu erlend fiskiskip tekið um helming botnfiskaflans við landið og stofnarnir sýndu nú ýmis merki ofveiði og rányrkju. Það var því ekki til lítils að vinna fyrir þjóð í örum vexti að ná að fullu yfirráðum yfir auðlindum sínum.

Veturinn 1970-'71 fór að koma veruleg hreyfing á landhelgismálið. Á Alþingi komu fram tvö frumvörp. Frumvarp stjórnarandstöðunnar fól í sér að tafarlaust yrðu samþykktar einhliða aðgerðir um útfærslu fiskveiðilögsögunnar í 50 sjómílur frá og með 1. september 1972. Frumvarp ríkisstjórnarinnar, sem hlaut þingmeirihluta, gerði ráð fyrir að beðið yrði með ákvarðanir um útfærslu þar til að aflokinni alþjóðaráðstefnu um hafréttarmál, sem boðuð hafði verið á árinu 1973. Þó lýsti ríkisstjórnin því yfir, að til greina kæmi að ákveða útfærslu fyrr, ykist ásókn erlendra fiskiskipa óeðlilega mikið, áður en ráðstefnan hæfist. Stjórnmálaflokkarnir urðu sammála um að setja á laggirnar nefnd til að fylgjast með og vinna að framgangi landhelgismálsins. Formaður þeirrar nefndar var Jóhann Hafstein, forsætisráðherra.

Hörð átök urðu um útfærslu fiskveiðilögsögunnar í kosningunum 13. júní 1971. Féll þá viðreisnarstjórnin, en ný ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar hafði útfærslu fiskveiðilögsögunnar efst á stefnuskrá sinni.

Aðalfundur SH 25.-26. maí það ár samþykkti að fela væntanlegri stjórn SH að vera vel á verði í landhelgismálinu og taka hið fyrsta upp viðræður um það við ríkisstjórnina. Taldi fundurinn að mjög vaxandi ágengni erlendra fiskiskipa á fiskimið Íslendinga kallaði óhjákvæmilega á skjótar aðgerðir í útfærslu fiskveiðilögsögunnar. Í því sambandi benti fundurinn á áætlun hins breska Whitefish Authority um sókn breskra togara á fiskimið við Ísland vegna lokunar annarra veiðisvæða, en þar er gert ráð fyrir að stóraukinn fiskifloti verði á Íslandsmiðum eftir 1. ágúst 1971. Til marks um yfirvofandi aukningu má nefna, að áætlaðir veiðidagar bresku skipanna mánuðina ágúst til desember 1971 voru 14.077, en höfðu verið 5.762 árið 1969.

Þann 14. júlí 1972 var ákveðið með reglugerð sjávarútvegsráðuneytis að færa út landhelgi Íslands í 50 mílur frá og með 1. september það ár.

Aðalfundur SH 24.-25. maí 1973 hófst með því að samþykkja tillögu um mótmæli gegn því ofbeldi Breta að senda herflota inn í fiskveiðilögsögu Íslands. Sú tillaga var send áfram á gífurlega fjölmennan útifund sem efnt var til á Lækjartorgi síðdegis sama dag, en mikill hiti var í landsmönnum vegna þessa máls.

Það mun nokkuð samdóma álit þjóðréttarfræðinga nú, að útfærsla Íslendinga í 50 mílna fiskveiðilögsögu, og sú heimsathygli, sem barátta þeirra við breska



Ráðuneyti Bjarna Benediktssonar 1965-1970 stóð í ströngu. Fyrst þurfti að glíma við afleiðingar góðæris og stórvinninga í síldarlotteríinu. Síðan dýpstu kreppu eftirstríðsáranna. Eftir mikla gengisfellingu haustið 1968 tókst að beina kröftum allra þjóðfélagsafla að því að vinna sig út úr erfiðleikunum, skipa þorskinum í öndvegi að nýju og þá um leið auka veg frystihúsanna.

heimsveldið vakti, hafi verið það sem mestum straumhvörfum olli í þróun alþjóðahafréttarins. Sigurinn í þeirri baráttu gerði það að verkum að eftirleikurinn, útfærslan í 200 mílur, gekk tiltölulega fljótt og greitt fyrir sig, þótt það kostaði átök við breska flotann og stjórnmálaslit við Breta nokkra hríð. Fyrir Íslendinga varð þó meginbreytingin með 200 mílna lögsögunni því að með henni voru útlendingar útilokaðir frá öllum veiðum á Íslandsmiðum, nema með sérstökum samningum. Munurinn kemur glöggt í ljós, ef skoðaðar eru tölur um botnfiskaflann. Árið 1959 veiddu Íslendingar aðeins 52% af heildarbotnfiskaflanum, 1969 er þetta hlutfall komið í 60% og árið 1974 í 63%. Á næstu árum á eftir hverfur hlutur útlendinga að mestu.

Á stjórnarfundi 29. ágúst 1975 var fjallað um útfærslu íslensku lögsögunnar í 200 mílur, sem fyrirhuguð var. Allir stjórnarmenn voru sammála um nauðsyn þessa. Einnig var rætt um nauðsyn þess að leyfa erlendum fiskiskipum ekki að veiða innan 50 sjómílna og að þau færu út fyrir þau mörk þegar þann 5. október 1975, en Bretar færu einnig þegar samningurinn við þá rynni út.

Afleiðingar útfærslunnar

Kreppan á árunum 1967 og '68 var óvenjudjúp, fallið mikið eftir fimm ára síldarævintýri enda sennilega fá eða engin dæmi til þess að hagkerfi þjóðríkis hafi mátt standa frammi fyrir 44% lækkun útflutningstekna sinna á svo skömmum tíma. En strax og rofaði til fóru menn að huga að eflingu bolfiskveiðanna á ný.

Jón Páll Halldórsson, framkvæmdastjóri Norðurtangans á Ísafirði, hefur bent á að síldarævintýrið hafi engan veginn verið svo endasleppt, sem menn vilji stundum vera láta. „Síldarskipstjórarnir hófu togveiðar á stærstu síldarbátunum og fluttu með sér dýrmæta reynslu og þekkingu á sjávarhita og meðferð nákvæmra fiskleitartækja yfir í annan veiðiskap. Hér var því um áframhaldandi þróun að ræða." Jón Páll minnir á, að margir af gömlu síldarskipstjórunum hafi síðar skarað fram úr sem togaraskipstjórar og staðhæfir að reynsla þeirra í meðferð hinna margbrotnu og nákvæmu fiskileitartækja, sem þeir hafi lært að nota við síld-

veiðarnar, hafi verið það, sem kom þeim að mestu gagni við aðrar veiðar. Því megi líta á síldarárin sem nauðsynlegt þróunartímabil, sem íslensk útgerð hafi þurft að ganga í gegnum til að samhæfa bolfiskveiðarnar nútímatækni.


Strax með umræðunni um útfærslu landhelginnar óx mönnum í útgerð og fiskvinnslu líka kjarkur, áræði og bjartsýni. Hafist var handa um endurnýjun togaraflotans með stórfelldri skuttogaravæðingu. Keyptur var fjöldi togara frá Japan, Spáni, Póllandi og Noregi, auk nokkurra togara sem smíðaðir voru innanlands. Endurnýjun flotans kallaði á bætta aðstöðu og aukin afköst í landi. Frystihús voru víða stækkuð, endurbætt og vélvædd. Við þær framkvæmdir tóku forráðamenn frystihúsanna auðvitað grannt mið af kröfum einstakra markaða. Það ýtti líka á eftir mönnum að hraða endurbótum, að um þessar mundir var víðtæk umræða í Bandaríkjunum um nauðsyn hertra reglna um búnað, þrifnað og hreinlæti í matvælaiðnaðinum yfirleitt, og fiskvinnslunni sérstaklega, og lágu fyrir Bandaríkjaþingi mörg frumvörp þess efnis. Eins og jafnan beittu áhrifamikil öfl í Bandaríkjunum sér fyrir því að slíkar reglur yrðu til að útiloka erlenda samkeppni, eða draga úr henni eftir föngum. Forystumenn SH brýndu því mjög fyrir mönnum á aðalfundum félagsins að vera viðbúnir að mæta ítrustu, hugsanlegum kröfum og tæknideild SH fylgdist grannt með framvindu mála þar vestra. Raunar mun þó aldrei hafa orðið af setningu hinnar umtöluðu reglugerðar.

Í kjölfar umræðunnar um erfiðleika frystiiðnaðarins á árunum 1962-'68 var líka mikill og almennur áhugi í þjóðfélaginu á að bæta stöðu frystingarinnar. Ýmsar nefndir unnu á vegum ríkisstjórnarinnar og annarra opinberra aðila að því að gera nauðsynlegar og ítarlegar úttektir, og ríkur vilji var á lánsútvegun til nauðsynlegra framkvæmda og skilningur á þörf umbóta til að auka bæði gæði og afköst. Með rannsóknunum, sem voru undanfari kaupaukakerfisins, sem nú var verið að innleiða, var líka allt vinnsluferlið skoðað og skipulagt frá upphafi til enda.

Er óhætt að segja að á þessum og næstu árum tóku fiskvinnsluhús um allt land gagngerum stakkaskiptum og sveitarfélögin fóru líka að leggja sitt af mörkum til að bæta starfsumhverfið með varanlegu slitlagi á götum, bættu holræsakerfi, hreinsun á fjörum og auknum kröfum um góða umgengni yfirleitt.

Tveggja nefnda ber að geta sérstaklega í þessu sambandi. Skipulagsnefnd hraðfrystihúsanna var skipuð af sjávarútvegsráðherra 22. maí 1967 og hélt áfram starfi fjögurra manna nefndar, sem fyrr er getið. Davíð Ólafsson fiskimálastjóri var formaður nefndarinnar, en aðrir nefndarmenn Eyjólfur Ísfeld Eyjólfsson, Bjarni V. Magnússon, Jóhannes Nordal og Jónas H. Haralz. Á vegum þessarar nefndar var gerð ítarleg úttekt á fjárhagsstöðu allra frystihúsa og var það verk unnið af sérstakri frystihúsanefnd Fiskveiðasjóðs og hagdeildum Landsbanka og Útvegsbanka. Einnig var unnin viðamikil tækniúttekt á öllum frystihúsunum og önnuðust þeir Hjalti Einarsson og Baldur Sveinsson þann hluta fyrir SH.

Tillögunefnd um hollustuhætti í fiskiðnaðinum, oftast kölluð Hollustunefnd, var skipuð af sjávarútvegsráðherra 25. ágúst 1969. Verkefni hennar var að hafa forgöngu um undirbúning nauðsynlegra aðgerða hér á landi vegna væntanlegrar lagasetningar í Bandaríkjunum um eftirlit með fiski og fiskafurðum. Skyldi nefndin starfa í samráði við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og var forstjóri hennar, Þórður Þorbjarnarson, formaður nefndarinnar. Guðlaugur Hannesson gerlafræðingur var ritari nefndarinnar og varaformaður. Aðrir nefndarmenn voru Einar G. Kvaran frá Sölumiðstöðinni (síðar leysti Hjalti Einarsson af bæði hann og Guðlaug, þegar þeir hurfu til annarra starfa), Guðjón B. Ólafsson frá SÍS, Jón Sigurðsson frá Efnahagsstofnun og Jón J. Ólafsson frá Fiskmati ríkisins. Með tilliti til



Allt frá því að Sölumiðstöðin tók ákvörðun um að stofna skipafélag, „Jökla“ hf., til þess að sjá flutningum sínum borgið austur og vestur um haf, óháð reglubundnum siglingum annarra skipafélaga, hafði sambandið verið viðkvæmt á milli „óskabarns þjóðarinnar“, Eimskips, og olnbogabarnsins. Þegar frystihúsin sáu sig tilneydd til að taka við ríkisstyrkjum, „hagræðingarfé“ og „framleiðnifé“ á árunum 1964-1968, sá Eimskip sér leik á borði að undirbjóða farmgjöld Jökla. Frystihúsin áttu ekkert val: Meðan framleiðslan gekk ekki án ríkisframlaga varð líka að taka lægstu tilboðum í alla kostnaðarliði, þar á meðal farmgjöld. Hér er Bakkafoss að lesta frystan fisk á Eskifirði í maí 1963.

þeirra frumvarpa, sem fram voru komin í Öldungadeild Bandaríkjaþings, gaf nefndin út Handbók fyrir frystihús um hreinlætis- og hollustuhætti árið 1970. Viðamikil úttekt var líka gerð á öllum frystihúsum og umhverfi þeirra með hliðsjón af þeim nýju stöðlum, sem nauðsynlegir þóttu og sumir voru leiddir í lög og reglugerðir.

Ítarlegar úttektir þessara tveggja nefnda auðvelduðu mjög þá gífurlegu og hröðu uppbyggingu hraðfrystihúsanna í landinu, sem átti sér stað næsta hálfan annan áratuginn.

Landhelgisútfærslan hafði líka sína dökku hlið, því að nær útilokað var að vinna að eðlilegu markaðsstarfi í Vestur-Evrópu þar til 1976 að þessar deilur þjóðanna voru leystar. Á árunum frá 1971 til ’76 eru því Bandaríkin og Sovétríkin nánast einu kaupendur frystra sjávarafurða frá Íslandi. Í viðtali við Frjálsa verslun 10. tbl. 1974 svarar Eyjólfur Ísfeld Eyjólfsson þeirri spurningu blaðamanns, hvort fisksölunni hefði ekki verið betur borgið með málamiðlun við Vestur-Þjóðverja, sem hefðu greitt íslenskum afurðum leið inn á þýska markaðinn. Eyjólfur bendir á að „vegna þeirrar stefnu, sem íslensk stjórnvöld hafa haft gagnvart Efnahagsbandalagi Evrópu og stefnu okkar í landhelgismálinu, þá höfum við lagt megináherslu á tvo markaði í útflutningi á frystum fiski, það er Bandaríkin og Ráðstjórnarríkin. Þessir markaðir hafa verið okkur mjög hagstæðir og vegið hvor annan upp að því leyti, að þeir hafa tekið við mismunandi fiskitegundum“.

Þess vegna, heldur Eyjólfur áfram, þvingar sölustefna SH á undanförnum árum okkur á engan hátt til samninga við Vestur-Þjóðverja. „Hins vegar skulum við ekki gleyma, að í aðildarríkjum Efnahagsbandalagsins er mikill markaður fyrir okkar afurðir, og eðlilegur markaður frá okkar sjónarmiði, því að þegar okkur tekst að ýta þeim út úr landhelginni, þá minnkar þeirra eigin fiskframboð, og hvað er þá eðlilegra en að við fyllum það skarð?“



Eitt af ævintýrum hins „sögulega áratugar" 1970-80 voru loðnuveiðarnar. Enga hliðstæðu er að finna í sögu sjávarútvegsins nema í síldveiðunum á sínum tíma. SH lagði sig frá byrjun fram um að finna markaði fyrir loðnuafurðir, frysta loðnu og hrogn. Á þeim grunni voru markaðir í Austur-Asíu byggðir. Hér sést stúlka við hrognavinnslu.
Hin ævintýrin voru ekki síður söguleg: 200 mílna landhelgi og brotthvarf útlendinga af miðunum, upphaf sóknar inn á fleiri markaði, uppbygging skuttogaraflotans, gagnger endurnýjun frystihúsanna, verksmiðjubyggingar Coldwater í Bandaríkjunum og stöðug sókn á markaðnum þar á síhækkandi verðlagi.

Af þessu er ljóst að í forystu SH voru menn þegar á þessum erfiðu árum landhelgisútfærslunnar farnir að hugleiða þá markaðsmöguleika, sem opnast mundu innan Efnahagsbandalagsins við það að útiloka úthafsveiðiflota aðildarríkjanna úr lögsögu strandríkjanna við Norður-Atlantshaf.

EFTA og „bókun 6"

Íslendingar gengu í Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA) árið 1970. Þá voru aðildarlöndin níu, en þremur EFTA-ríkjum, Bretlandi, Danmörku og Noregi, hafði árinu áður verið heitið aðild að Efnahagsbandalagi Evrópu, sem nú kallast Evrópusambandið. Norðmenn urðu reyndar að hætta við aðild sína að Efnahagsbandalaginu í september 1972, eftir að henni var hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslu, og hófu því tvíhliða samninga við Efnahagsbandalagið ári síðar.

Viðræður milli Efnahagsbandalagsins og EFTA-ríkjanna sex hófust stuttu eftir inngöngu Íslands í samtökin, þar sem reynt var að finna viðeigandi lausn á þeim vandamálum sem stækkun bandalagsins og úrsögn Bretlands, Danmerkur og Noregs hefðu í för með sér fyrir hin EFTA-löndin. Samningar tókust árið 1972, en tóku að mestu til fríverslunar á iðnvarningi. Íslendingar gátu hins vegar ekki sætt sig við að gera samning eingöngu um iðnaðarvörur, og var því höfuðáhersla lögð á sérstöðu Íslands, sem byggði útflutning sinn að langmestu leyti á sjávarafurðum. Eftir umtalsvert þóf lauk samningaviðræðunum í júlí 1972, og voru niðurstöðurnar þannig að báðir aðilar töldu sér fært að undirrita samninginn. Þessi samningur, sem kenndur hefur verið við „bókun 6", er eflaust einn þýðingarmesti og stærsti viðskiptasamningur um útflutning sjávarafurða, sem Íslendingar hafa nokkru sinni gert. Þórhallur Ásgeirsson stýrði samningaviðræðunum af Íslands hálfu og lýsti samningnum þannig:

„Samningurinn tekur til allra iðnaðarvara og auk þess flestra íslenskra sjávaraf-



Eftir að lokið var vel heppnaðri uppbyggingu nýrrar verksmiðju Coldwater í Cambridge í Maryland í Bandaríkjunum var um 90 manns, frammámönnum frystihúsa, fulltrúum opinberra stofnana og viðskiptabanka sjávarútvegsins, ásamt fréttamönnum, boðið þangað í kynnisferð dagana 22.-30. september 1969. Bandaríkin voru nú orðin langþýðingarmesti markaðurinn og því valt á miklu að hér heima hefðu menn sannar fregnir af umsvifum og umfangi dótturfyrirtækisins Coldwater. Ferðin þótti afar vel heppnuð og góð kynning fyrir SH og Coldwater. Hér sést hópurinn fyrir framan verksmiðjubygginguna í Cambridge.

urða sem tollur bandalagsins nær til. Undir hann falla fleiri sjávarafurðir heldur en EFTA-samninginn, svo sem ísfiskur, heilfrystur fiskur og fryst hrogn, en aftur á móti verður fríverslunin með niðursuðuvörur samkvæmt samningnum ekki eins víðtæk og í EFTA.“[9]


Þannig náði samningurinn til um 70% af útflutningnum til Efnahagsbandalagsins, og að auki voru um 20% af útflutningi Íslands til EB tollfrjáls, en þar var einkum að ræða saltfisk, skreið og nýja síld. Tollur á heilfrystum fiski var lækkaður um 75%.

Gildistaka bókunarinnar var hins vegar bundin lausn á deilunni um fiskveiðilögsöguna, og gekk samningurinn ekki í gildi fyrr en fjórum árum síðar, eða 1. júní 1976, þegar Oslóarsamkomulagið um útfærslu fiskveiðilögsögunnar var undirritað.

Samningamenn Efnahagsbandalagsins töldu það óverjandi að samningurinn kæmi til framkvæmda strax og, að á sama tíma og Íslendingar væru að hrekja aðildarþjóðir þess út úr fiskveiðilögsögu sinni, hlytu þeir enn meiri fríðindi fyrir fiskafurðir sínar á Evrópumarkaðnum. Því var settur á sá fyrirvari, að hann tæki ekki gildi fyrr en landhelgisdeilan væri útkljáð. Það kom þó ekki að sök að mati Þórhalls Ásgeirssonar.

„Ég tel að það hafi verið ákaflega góð lausn fyrir okkur, þó að hann hafi ekki komið til framkvæmda fyrr en 1976, að þeir gerðu þó við okkur samning 1972, meðan enn var stríð út af útfærslu landhelginnar. Ég tel að það hefði óneitanlega haft áhrif á seinni tíma, ef samningurinn hefði ekki legið fyrir, því freðfiskurinn var svo ákaflega þýðingarmikil útflutningsvara fyrir okkur. Það hefði orðið verra ef við hefðum þurft að taka upp samninga á nýjan leik eftir að fiskveiðideilunni lauk.“[10]

Þórhallur, sem þá var ráðuneytisstjóri viðskiptaráðuneytisins og aðalsamningamaður Íslendinga við Efnahagsbandalagið, segir að ekki verði annað sagt en að bandalagið hafi komið vel fram við Íslendinga í þessum samningum, þó svo að margir hafi verið reiðir og vondir yfir því að þeir gengu ekki strax í gildi.



Þótt Íslandsmið séu einhver gjöfulustu fiskimið veraldar þoldu þau ekki ótakmarkaða sókn æ tæknivæddari flota. Fljótlega að loknu stríði fóru að sjást glögg merki um ofveiði og minnkandi afla á sóknareiningu. Strax og Íslendingar höfðu tekið utanríkismálin í eigin hendur með lýðveldisstofnuninni fóru þeir að búa sig undir baráttu fyrir viðurkenningu annarra þjóða á eigin forræði á fiskimiðunum kringum landið. Ólafur Thors hafði í nýsköpunarstjórninni forgöngu um að ráða Hans G. Andersen, þjóðréttarfræðing, til að undirbúa löggjöf um þessi efni. Lagafrumvarp um vísindalega verndun fiskimiðanna var samþykkt 1948 og á þeim lögum hafa útfærslur landhelginnar verið byggðar síðan. Árið 1954 var fært út í 4 mílur frá grunnlínupunktum og fjörðum og flóum lokað. 1960 var fært út í 12 mílur, 1972 í 50 mílur og fullnaðarsigur náðist með undirskrift Oslóar-samningsins í júní 1976, þar sem 200 mílurnar hlutu viðurkenningu helstu andstæðinga okkar.

„Ég held að þetta hafi verið mjög þýðingarmikill samningur fyrir okkur, og við njótum ennþá góðs af því að hafa þarna frjálsan aðgang að Evrópusambandinu með okkar vörur, þó að við séum ekki í því."

Þegar samningurinn tók gildi 1976, kom í ljós að Íslendingar höfðu með bókun 6 náð mun hagstæðari samningum við Efnahagsbandalagið en keppinautar okkar, Norðmenn. Árangur samningsins sést glöggt á því, að útflutningur Íslendinga til Bretlands fimmfaldaðist á þremur árum eftir gildistökuna, úr 2.580 tonnum 1976 í 14.860 tonn 1979.

Í skýrslu stjórnar SH fyrir aðalfundi 1982 var lagt mat á tollaívilnanir á útfluttar íslenskar sjávarafurðir samkvæmt þessum samningi á árinu 1981 og var hagsbótin talin nema um 100 milljónum króna, þar af 56 milljónum af frystum fiskflökum. Útflutningur Íslands á sjávarafurðum til EBE-landanna árið 1981 nam um 1.050 milljónum króna og voru því tollaívilnanirnar á þeim að meðaltali um 10%. Á frystu fiskflökunum, sem mestu máli skiptu fyrir frystihúsin, voru þær þó 15%.



Með Oslóar-samningnum 1. júní 1976 var endir bundinn á þorskastríðin við Breta með því að þeir fengu takmarkaðar veiðiheimildir í 6 mánuði en viðurkenndu síðan 200 mílna lögsöguna. Ákvæði bókunar 6 gátu þá tekið gildi og leiðir opnuðust inn á Vestur-Evrópumarkað. Á myndinni sjást þeir Matthías Bjarnason sjávarútvegsráðherra, Einar Ágústsson utanríkisráðherra og Anthony Crosland utanríkisráðherra Breta við frágang samningsins.

Erfiðleikaárin 1972-'76

Verður nú nánar fjallað um gengi frystiiðnaðarins á þessum „sögulega áratug".

Aukafundur er haldinn 21. janúar 1972, vegna áhyggna manna af framtíðarhorfum í fiskiðnaðinum. Eftir þrjú góð ár, hefur rekstraraðstaðan versnað, svo að taprekstur er fyrirsjáanlegur. Meginorsakir eru örar hækkanir á fiskverði, kjarasamningar, sem fela í sér þungar álögur, m.a. vegna lögbundinnar vinnustímastyttingar, lögbundins orlofs og kaupgjaldshækkana. Við bætist hækkun rekstrarliða, svo sem rafmagns, umbúða, flutningsgjalds innanlands og erlendis og aukins viðhaldskostnaðar.

Á aðalfundi 1. júní 1972 er fagnað þeirri aukningu sem orðið hefur og er í vændum á fiskiskipaflotanum, sem bæta muni úr tilfinnanlegum hráefnisskorti undanfarinna ára. Enn er minnt á þær stórfelldu endurbætur, sem verið sé að gera á frystihúsunum, m.a. vegna væntanlegra laga í Bandaríkjunum um heilbrigðis- og hollustuhætti, og farið fram á við ríkisstjórnina að ekki standi á lánum til þeirra framkvæmda. Vakin er athygli á vaxandi vinnuaflsskorti í greininni og mælt með að nætur- og helgidagavinna verði skattfrjáls. Til marks um vinnuaflsskortinn má nefna að á vetrarvertíðinni 1973 ákváðu stjórnendur menntamála að gefa tímabundið leyfi frá námi í framhaldsskólum til að bjarga mætti verðmætum. Er þetta sérstaklega þakkað á aðalfundi SH vorið 1973.

Um haustið, 29. september, er haldinn aukafundur vegna erfiðleika, sem fyrst og fremst mátti rekja til 15% lækkunar framleiðslumagns frá síðasta ári og óhagstæðrar þróunar í samsetningu framleiðslunnar, þar sem mestur samdráttur var í framleiðslu á þorskafurðum. Fundurinn heimilaði stjórn SH að boða stöðvun á vinnslu í frystihúsunum frá 1. október, ef ekki hefði náðst viðunandi starfsgrundvöllur. Að loknum viðræðum við sjávarútvegsráðherra og stjórn Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins var mál þetta leyst með 15% fiskverðshækkun 1. október, er greidd skyldi úr Verðjöfnunarsjóði. Þessi ákvörðun var tekin í trausti þess að ríkisstjórnin



Með inngöngu Íslands í EFTA 1. mars 1970 má segja að Ísland hafi lýst yfir vilja sínum til að vera með í viðskiptaþróun Vestur-Evrópuríkja eftir föngum. Búast mátti við að EBE og EFTA semdu fljótlega sín á milli um aðild ríkjanna. Reyndin varð þó sú, að Bretland, Írland og Danmörk gengu í EBE, en hin EFTA-löndin áttu kost á samningum við EBE. EFTA-aðildin ruddi þannig brautina fyrir „bókun 6", einn mikilvægasta viðskiptasamning Íslands við önnur ríki. Á myndinni sést íslenska sendinefndin taka sæti sitt í EFTA-ráðinu 5. mars 1970. Einar Benediktsson sendiherra lengst til hægri.

gerði ráðstafanir fyrir áramót, sem leystu sjóðinn undan nær 900 milljóna króna útgjöldum vegna þessa. Af þessari fjárhæð skyldi 280 milljónum beint til fiskvinnslunnar. Nýtt gengi íslensku krónunnar var svo ákveðið 19. desember 1972. Voru nú 98,56 krónur í hverjum bandaríkjadollar, í stað 88 áður.

Þorskaflinn dróst saman um 22 þúsund tonn, eða rúm 5%, árið 1972 og þá minnkaði þorskflakaframleiðslan í heild um tæp 6.500 tonn. Samanlögð hlutdeild Bandaríkjanna og Sovétríkjanna í kaupum á flökum og blokkum var 91,7% (USA 77,2; USSR 14,5%), og fór verð hækkandi á báðum svæðunum.

Samfara samdrætti í bolfiskafla jókst bæði veiði og frysting loðnu á þessum árum. Í framhaldi af ferð sendinefndar SH og SÍS til Japan í nóvember 1971 varð mikil aukning á loðnuveiðum og loðnufrystingu.

Haustið 1972 fór Einar G. Kvaran framkvæmdastjóri til Japans til að kynna sér vinnslu og sölu frystrar loðnu. Stoðum var enn rennt undir verðandi viðskipti við Japan á þessu ári með ferð sendinefndar SH þangað. Í þeirri nefnd voru Gunnar Guðjónsson, Einar Sigurðsson, Eyjólfur Ísfeld Eyjólfsson og Árni Finnbjörnsson. Stofnað var sameiginlegt fyrirtæki SH og TMS, (sjá kaflann um Japansviðskipti í III. bindi).

Miklar vonir höfðu verið bundnar við loðnuvertíðina 1973, og fjöldi frystihúsa hafði keypt sér loðnuflokkunarvélar. En vegna rysjótts tíðarfars stóð framleiðslan í stað.

Miklar verðhækkanir urðu á sjávarafurðum bæði á Bandaríkjamarkaði og í Sovétríkjunum 1973, en verðhækkanir á olíu og verðbólguþenslan innanlands gerðu meira en að vega upp á móti þeim áhrifum. Þorri alls útflutnings blokka og flaka fór á þessu ári til Bandaríkjanna (87,5%), en 6,6% fóru til Sovétríkjanna. Í Bandaríkjunum hækkaði þorskblokkin úr 48,6 centum í 80 cent fyrir pundið, ýsa hækkaði úr 60 centum í 85 cent og ufsi úr 29 centum í 55 cent. Þorskflök í 5 punda umbúðum hækkuðu líka, en minna: úr 65 centum í janúar 1973 í 85 cent í desember, og í janúar 1974 var þessi pakkning komin í 89 cent á pund. Á þessu ári var tekin í notkun helmingsstækkun verksmiðjunnar í Cambridge, Massachussets.


Hvað Sovétríkin varðar, þá náðist mjög góður sölusamningur þar með verðhækkunum sem námu að meðaltali um 48%.




Hér eru Einar Sigurðsson og Sigurður Þórðarson útgerðarmaður Eyjabergsins og framkvæmdastjóri samnefndrar fiskvinnslustöðvar, sem var innan SH. Myndin er tekin í ferð forystumanna SH til Eyja með Hofsjökli. Þeir félagarnir standa við hraunbrúnina og gufustrókarnir rísa á bak við þá. Hraun og aska lagðist yfir mikinn hluta bæjarins og um tíma óttuðust menn að hraunið lokaði innsiglingunni í höfnina. Hraunveggurinn braust í gegnum gafl Fiskiðjunnar og stöðvaðist þar. Á mynd 2 streymir hraunið fram á milli Fiskiðjunnar og Ísfélagsins og reynt er að stöðva framgang þess með sjódælingu. Að gosi loknu var ástandið eins og sést á þriðju myndinni. Fremst til hægri (neðst) er Hraðfrystistöðin, þá mjölgeymsluhús Hraðfrystistöðvarinnar og loks hús Fiskiðjunnar og Ísfélags Vestmannaeyja.

Jörðin opnast á Heimaey

Klukkan tvö aðfaranótt 23. janúar 1973 vöknuðu íbúar Vestmannaeyja við það, að eldur og eimyrja streymdu úr iðrum jarðar. Tveggja kílómetra samfelld sprunga myndaðist þvert yfir norðausturhluta eyjarinnar, frá Helgafelli og út í sjó. Um kvöldið og fram yfir miðnætti hafði verið austan hvassviðri og lá því flotinn allur í höfn. Skömmu áður en gosið hófst hafði lægt og var þegar hafist handa um brottflutning íbúanna með fiskiskipunum, nær 5000 manns. Meginþorri þeirra var kominn upp á land að morgni sama dags.


FISKIÐJAN
ÍSFÉLAG VESTMANNAEYJA
R 29935



Í fyrstu voru mannvirki ekki í hættu, en eftir nokkurra daga gos var einsýnt að hverju stefndi. Hraun streymdi til sjávar og á tímabili var útlit fyrir að höfnin lokaðist, en svo varð þó ekki. Hraunstraumurinn eyðilagði fjölda húsa, og var Hraðfrystistöð Einars Sigurðssonar meðal þeirra. Reynt var að stöðva hraunið með sjódælum, og stöðvaðist það við austurgafl Fiskiðjunnar hf. og Ísfélags Vestmannaeyja hf.

Vestmannaeyjar voru stærsta verstöð landsins og komu þar á land 11,5% af aflaverðmæti landsmanna. Í áætlun, sem gerð var skömmu eftir að gosið hófst var gert ráð fyrir að efnahagsleg áhrif þess gætu numið 1-2% samdrætti í landsframleiðslu og 4-5% samdrætti í útflutningi. Áhrifin urðu þó í reynd minni, en þó ekki fjarri lagi að tjónið af völdum gossins hafi numið ríflega 1% af landsframleiðslu næstu fimm árin. Í Vestmannaeyjum höfðu verið starfrækt fimm hraðfrystihús og voru öll aðilar að SH. Í þessum húsum störfuðu hundruð manna að staðaldri og voru húsin meðal hinna fullkomnustu hér á landi. Auk þeirra áðurnefndu voru það Vinnslustöðin hf. og Eyjaberg hf. Hlutdeild Vestmannaeyja í útflutningi SH árið áður hafði verið tæpur fimmtungur, eða 19,5%. SH átti því mikilla hagsmuna að gæta í Eyjum og þegar gosið hófst voru 2.100 smálestir af frystum sjávarafurðum í geymslum frystihúsanna.

Nú þurfti að bregðast skjótt við. Strax og fréttist um gosið gerðu SH-menn ráðstafanir til að bjarga þessum verðmætum og lagði Hofsjökull úr höfn um kvöldið með vaska sveit björgunarmanna um borð. Meðal þeirra má nefna Einar Sigurðsson varaformann stjórnar SH, Eyjólf Ísfeld Eyjólfsson forstjóra, Einar G. Kvaran framkvæmdastjóra, Benedikt Guðmundsson fulltrúa og Gísla Ólafsson forstjóra Tryggingamiðstöðvarinnar hf. Þess er sérlega getið í skýrslu stjórnar að Gunnar Guðjónsson stjórnarformaður hafi verið erlendis. Leiðangurinn stóð yfir í þrjá sólarhringa og tókst að bjarga stærstum hluta birgðanna, tæpum 1.700 tonnum.

Eins og við var að búast kom eldgosið miklu róti á hraðfrystiiðnað Vestmannaeyinga, en þó skemur en búast mátti við, því að innan tveggja mánaða hafði Ísfélag Vestmannaeyinga keypt Hraðfrystihús Júpíters og Mars í Reykjavík og tók við rekstri þess 1. apríl 1973.

Eldgosið í Vestmannaeyjum hafði óbeint mikil áhrif á fiskvinnsluna annars staðar, því það olli gífurlegri eftirspurn eftir vinnuafli í byggingariðnaði á Suður- og Suðvesturlandi og jók þar með enn á vinnuaflsskortinn í fiskvinnslunni.

Strax eftir gosið var sett á laggirnar sérstök nefnd í Bandaríkjunum til söfnunar fjár til Vestmannaeyinga. Formaður nefndarinnar var frú Ingibjörg Thors, eiginkona Þorsteins Gíslasonar. Coldwater gaf 260 þúsund dollara í söfnunina, eða 25 milljónir íslenskra króna.

Magnsamdráttur á Bandaríkjamarkaði

Aukafundur var haldinn hjá SH hinn 17. mars 1974 eftir verðlækkanir á bandarískra markaðinum, auk þess sem alþjóðleg olíukreppa hafði skollið á. Þeim fundi var frestað um ótiltekinn tíma meðan frekari viðræður ættu sér stað við stjórnvöld.

Orsök olíukreppunnar var að OPEC-samtökunum tókst á árinu 1973 að ná samstöðu um gífurlega hækkun á olíuverði og geysilegir fjármunir færðust frá Vesturlöndum til olíuframleiðslulandanna. Áhrif olíukreppunnar voru víðtæk og ollu meðal annars mikilli verðbólgu í mörgum viðskiptalöndum okkar, ekki síst í Bandaríkjunum. Íslensk stjórnvöld misstu öll tök á efnahagsmálum og ríkti óðaverðbólga hér á landi í hálfan annan áratug.



Á árinu 1974 varð Japan næststærsti markaðurinn að magni fyrir afurðir SH. Gífurlegt magn af loðnu var þá fryst fyrir þennan markað. Að baki þessum árangri lá sjö ára markaðsstarf. Eyjólfur Ísfeld tók að sér að stýra sókninni inn á þetta ókunnuglega og framandi svæði.
Haustið 1971 fór sameiginleg sendinefnd SH og SÍS til Japans og í kjölfarið varð mikil aukning á loðnufrystingu. Í þeirri ferð var þessi mynd tekin og sést að þeir félagar höfðu ýmislegt á prjónunum auk viðskiptamálanna. Guðjón Baldvin Ólafsson, Eyjólfur Ísfeld Eyjólfsson og Árni Finnbjörnsson kynna sér japanskar neysluvenjur í fyrstu ferð íslenskra fisksölumanna til Japans.
„Þetta var furðuleg flugferð", rifjar Eyjólfur upp. „Við flugum til Kaupmannahafnar og þaðan til Kairó, þar sem við gistum eina nótt. Síðan var haldið áfram með arabísku flugfélagi, sem bauð eitthvað ódýrara flug en aðrir, en lenti á fjögurra klukkustunda fresti. Þetta var óskaplega erfitt ferðalag, en það bætti úr skák, að yfirleitt var fátt í flugvélinni. Við fórum þessa sömu leið til baka með tilheyrandi lendingum í Indlandi og víðar."
Ári síðar fór Einar G. Kvaran til að kynna sér kröfur Japana um hráefnisgæði og vinnslu.
Í stjórn og framkvæmdaráði SH var mikið fjallað um framtíðarskipan þessara mála og í nóvember 1973 er ákveðið að formaður og varaformaður, Gunnar Guðjónsson og Einar Sigurðsson, fari ásamt Eyjólfi Ísfeld framkvæmdastjóra og Árna Finnbjörnssyni sölustjóra til Japans til að semja um stofnun sameiginlegs fyrirtækis SH og japanska innflutningsfyrirtækisins TMS. Einar Sigurðsson og Eyjólfur Ísfeld voru í stjórn þessa sameiginlega fyrirtækis með Japönunum H. Tani og Genichi Sasada.

Aðalfundur 1974 var haldinn 30.-31. maí. Þá var heldur þungt í mönnum. Fyrri hluta árs 1974 fór verðlag lækkandi, fiskneysla minnkaði og framboð á fiski jókst erlendis. 1974 var erfitt ár fyrir Coldwater. Verðbólga, atvinnuleysi og efnahagsörðugleikar hrjáðu bandarískt efnahagslíf. Á aðalfundinum 1975 dregur Þorsteinn Gíslason upp dökka mynd af ástandinu vestan hafs, með miklum birgðamyndunum á fiski og verðfalli fiskblokka. Hins vegar tókst að halda uppi verðinu á flökum.

Hið stórfellda framboð á ódýrum ufsa frá Alaska ásamt erfiðu efnahagsástandi í Bandaríkjunum hafði mjög slæm áhrif á markaði okkar vestra. Fundurinn taldi frystihúsin standa frammi fyrir rekstrarhalla sem næmi um einum milljarði króna

á árinu 1974. Ástæðurnar væru fyrst og fremst stórfelld innlend verðbólga, miklar erlendar verðhækkanir á nauðsynlegum rekstrarvörum og 11,5% hækkun fiskverðs. 17% gengislækkun krónunnar í ágúst 1974 gerði ekki betur en að vega á móti þeim verðlækkunum sem orðið hefðu á frystum fiskafurðum erlendis.

Þau tíðindi gerðust á erlendum mörkuðum 1974, að Japan skaust framúr Sovétríkjunum sem kaupandi afurða SH; gífurlegt loðnumagn var fryst fyrir þann markað. Útflutt magn til Bandaríkjanna dróst saman um 17%, en 1975 var útflutningur til Bandaríkjanna 49% af heildinni. Sölumagn til Sovétríkjanna jókst um 91% 1974 og hlutdeild þeirra miðað við verðmæti óx úr 6,6% í 19,4%, og enn jukust sölur um þriðjung árið 1975. Samtals var hlutur þessara landa um 95% bæði að magni og verðmætum.

Þrátt fyrir söluerfiðleika, kostnaðarhækkanir og verðlækkanir afurða ákvað stjórn Coldwater að byggja frystigeymslu í Everett í útjaðri Boston (sjá kaflann um Coldwater í III. bindi).

Óðaverðbólga og gengislækkanir 1974-'75

Allt árið 1974 heyja fyrirtæki atvinnulífsins mikla varnarbaráttu gegn áhrifum óðaverðbólgu sem dundi yfir þjóðina. Á hinu hagstæða tímabili jákvæðra viðskiptakjara 1970-'73 hafði þess ekki verið gætt að draga úr verðþensluáhrifum, meðal annars með samdrætti í byggingariðnaði og sparnaði hjá hinu opinbera. Var svo komið árið 1973, að á árinu hækkaði vísitala neysluvöruverðs að meðaltali um 25%. Ofan á þessa þróun komu miklar kröfur um kauphækkanir af hálfu verkalýðshreyfingarinnar haustið 1973, sem lyktaði með því, að eftir margra mánaða samningaviðræður og verkföll voru undirritaðir samningar milli aðila vinnumarkaðarins 24. febrúar 1974. Samkvæmt hinum almennu launasamningum hækkaði kaup um 20-25% á fyrsta ársfjórðungi 1974, auk 6% vísitöluhækkunar. Var þá ákveðið með lögum, að hækkun kaupgjaldsvísitölunnar skyldi ekki hafa áhrif á laun. Hinn 1. október 1974 komu til sérstakar láglaunabætur, sem jafngiltu 6-6,5% launahækkun og 1. desember bættist við 3% launahækkun. Heildaratvinnutekjur voru taldar hafa hækkað um 50% og kauptaxtar um 48%, en rauntekjur á mann hækkuðu aðeins um 7%.

Þessi þróun, ásamt verðhækkun innfluttra vara, auk peninga- og útlánaþenslu á árinu, gerði það að verkum að vísitala neysluvöruverðs hækkaði að meðaltali um 42% frá 1973. Þessi gífurlega verðbólga innanlands, ásamt stórhækkun erlendra rekstrarvara vegna olíukreppunnar, hafði mjög neikvæð áhrif á rekstur og afkomu útflutningsatvinnuveganna. Það jók á erfiðleika fiskvinnslunnar að fiskverð hækkaði innanlands um 11,5% fyrrihluta árs 1974, og aftur um 11% á síðasta ársfjórðungi. Við bættist að verðlag veigamikilla útflutningsafurða, eins og freðfisks og loðnu, fór lækkandi á erlendum mörkuðum. Leit svo út um tíma að frystiiðnaðurinn myndi stöðvast. Enn jók það á erfiðleikana, að á árinu fóru fram kosningar og stjórnarskipti og leiddi það af sér að ekki var tekið af nægilegri festu á vandamálunum fyrr en ráðuneyti Geirs Hallgrímssonar hafði verið myndað í ágúst 1974.

Frá áramótum 1973-'74 til ágústloka hafði gengi krónunnar verið lækkað hægt og sígandi, þannig að íslenska krónan var í ágústlok orðin nærri 17% lægri en í upphafi árs. Þetta gengissig nægði þó ekki til að vega upp á móti versnandi afkomu útflutningsatvinnuveganna og versnandi viðskiptahalla. Fjármálaráðherrann framkvæmdi því það sem hann kallaði „hratt gengissig í einu stökki" 2. september 1974, og lækkaði gengi krónunnar þá um nærri 17% til viðbótar. Gengið hélst svo



Framkvæmdaráð árið 1973. Frá vinstri Guðmundur H. Garðarsson, Einar G. Kvaran, Björn Halldórsson, Gunnar Guðjónsson formaður, Einar Sigurðsson varaformaður, Eyjólfur Ísfeld Eyjólfsson, Árni Finnbjörnsson.
Það var í mörg horn að líta á þessum árum. Ákvarðanir eru teknar um aukna sókn á Japansmarkaðinn. Væntanleg löggjöf í Bandaríkjunum um hollustuhætti þrýstir á um gagngerar umbætur á hraðfrystihúsunum utan og innan, svo og á umhverfi þeirra. Vaxandi hlutdeild hinna nýju skuttogara skapaði ný vandamál: gæta þurfti þess að togurunum yrði ekki haldið of lengi til veiða, fiskinn þurfti helst að ísa jafnóðum í kassa og koma þurfti upp kældum fiskmóttökugeymslum. Amerikumarkaðurinn var kröfuharður sem jafnan um vöruvöndun, en sveiflukenndur. Sovéski markaðurinn örugg-ur, en tregur til verðhækkana. Árið 1973 hækka verðin þar þó um 38-82%, mismunandi eftir fisktegundum.
Verðbólgan er að hefja sig til flugs og á næstu árum fer æ meiri tími formanns og framkvæmdastjóra í að sjá hag greinarinnar borgið í holskeflum efnahagsöngþveitis.

óbreytt þar til í byrjun febrúar 1975, að það var enn lækkað um 20%. Frá miðjum júlí 1974 voru vextir almennt hækkaðir um 4%, afurðalánavextir um 1%, en dráttarvextir úr 18% í 24%, og kom það harkalega niður á útgerð og fiskvinnslu.

Árið 1975 hélt verðbólgan áfram að leika íslenskan frystiiðnað grátt. Í febrúar var gengi krónunnar lækkað um 20% og gengismun ráðstafað til að létta greiðslubyrði skulda sjávarútvegsins. Meðalverðhækkun vöru og þjónustu á árinu var heldur meiri en árið áður, eða um 50%. Þrátt fyrir hinar erfiðu kringumstæður, sem frystihúsin áttu við að stríða vegna verðbólgunnar innanlands, voru flest frystihús starfrækt með eðlilegum hætti, ef undan eru skilin hraðfrystihús á Suðvesturlandi. Auk hinna almennu erfiðleika stafaði þetta af því, að fiskaflinn á nálægum miðum hafði gengið mjög saman á síðustu árum. Kastaði þó tólfunum á þessu ári. Þessi landshluti hafði líka dregist afturúr við skuttogaravæðinguna og bátaflotinn gengið úr sér eða snúið sér að loðnuveiðum. Það hafði sín áhrif að útgerðar- og fiskverkunarfyrirtæki í þessum landshluta áttu ekki aðgang að Byggðasjóði, vegna staðsetningar álversins í Reykjaneskjördæmi.

Eftir 33% fiskverðshækkanir og 27% hækkun launa á miðju ári var talið að 14-1500 milljónir króna vantaði til þess að atvinnugreinin næði endum saman. Á aðalfundi 29.-30. maí lýsa menn miklum áhyggjum vegna þessarar þróunar.

Í skýrslu stjórnar 1975 er rætt um ástand veiða hér við land í samanburði við 1970.



Stjórn SH 1976-77. Af gömlu jöxlunum er Einar Sigurðsson, varaformaður, einn eftir, en þetta er síðasta aðalstjórn SH sem hann átti sæti í. Aðrir í stjórninni eru Gunnar Guðjónsson formaður, Guðfinnur Einarsson ritari. Aftari röð: Ágúst Flygenring, Einar Sigurjónsson, Ólafur Gunnarsson, Gísli Konráðsson, Þórarinn Guðbergsson, Ísstöðinni, Garði. Á myndina vantar Ólaf B. Ólafsson, Sandgerði.
Að loknum landhelgisdeilunum er nú kominn grundvöllur til sóknar inn á Bretland og meginlandsmarkaðina. Velgengnin í Bandaríkjunum hefur að vísu aldrei verið meiri en árið 1976, þegar salan vex úr 100 milljónum dollara í 145 milljónir. En menn eru samt staðráðnir í að færa út kvíarnar og á næstu árum er ötullega starfað að því að koma upp þriðja stóra markaðnum í Bretlandi. Á fimm árum fór salan þangað í rúm 14.000 tonn á árinu 1980.

Bent er á að 1970 hafi 24 togarar veitt 84.000 smálestir alls, en bátaflotinn hafi þá veitt 396.000 smálestir. Árið 1975 hafi togarar verið orðnir 65 talsins og þeir veitt 180.000 smálestir, en afli bátaflotans hafi minnkað niður í 240.000 smálestir. Afli á úthaldsdag eða togtíma togara hafi dregist saman og fiskifræðingar lýstu þeim ugg að helstu nytjastofnar við landið væru í hættu vegna ofveiði. Var rætt um nauðsyn þess að draga úr sókn í þorskstofninn, en engar ákvarðanir teknar umfram það, að ákveðin hrygningarsvæði voru friðuð (sjá kaflann Stjórn fiskveiða).

Verðhækkanir á Bandaríkjamarkaði

Árið 1976 var með betri árum fyrir hraðfrystiiðnaðinn í heild, borið saman við árin á undan. Hins vegar var afkoma einstakra frystihúsa mjög misjöfn. Á heildina litið má segja að best hafi gengið í rekstri hraðfrystihúsa á Vestfjörðum og Norðurlandi. Hráefnis- og fjármagnsskortur háðu hins vegar húsum á Suðvesturlandi, Reykjavík og Reykjanesi og frystihúsin í Vestmannaeyjum höfðu enn ekki náð sér fyllilega eftir gosið. Útfærsla fiskveiðilögsögunnar í 200 mílur hafði í för með sér minnkandi sókn erlendra fiskiskipa og því voru jákvæð áhrif strax merkjanleg á þessu ári.

Mörg húsanna voru líka að ná betri tökum á samræmingu vinnslu og veiða skuttogaraflotans, sem hafði í för með sér meiri framleiðslu og jákvæðari árangur í rekstri. Jafnframt gerðist sú breyting að í staðinn fyrir að útgerðir rækju verkunarstöðvar, varð hitt algengara: að fiskvinnslustöðvar ættu og rækju skuttogara, fyrst og fremst til að afla hráefnis til eigin vinnslu.

Árinu áður, 1975, tókst Coldwater að halda og síðan hækka verð sitt á flökum. Ástandið á Bandaríkjamarkaði batnaði við það að framboð af Alaskaufsa frá Japan féll nú í 25 milljón pund, miðað við 67 og 82 milljónir punda árin á undan. Því var fagnað að á þessu ári seldi Coldwater í fyrsta skiptið fyrir meira en 100 milljónir dollara. Aðeins 8 árum fyrr hafði velta fyrirtækisins verið 18 milljónir. Gífurleg breyting hafði orðið á greiðslufyrirkomulagi og benti Þorsteinn Gíslason á að meðaltalsgreiðslufrestur fyrir fisk var nú aðeins 18 dagar frá því fiskurinn var afhentur – en um 1960 hafði hann verið um 7 mánuðir.

Árið 1976 eykst hlutdeild Bandaríkjamarkaðar gífurlega bæði að verðmætum og magni, og fara nú 90% frystra fiskflaka og blokka til Bandaríkjanna. Að krónutölu hafði verðmæti útflutnings til Bandaríkjanna stóraukist undanfarin ár, úr 6,8 milljörðum 1974 í 13,3 milljarða 1975 og 20,4 1976. Meðalverð þorskblokkar náði algeru hámarki 1976, verðið steig jafnt og þétt úr 60,8 centum í janúar og náði 87,5 centum í desember. Enn meiri hækkanir fengust fyrir blokkir, framleiddar úr öðrum tegundum, en þær seldust í mun minna magni. Þessar afurðir áttu þó enn eftir að stíga mjög í verði eins og síðar kemur fram.

Íslenskar afurðir stóðu sig mjög vel í samkeppni við annan innflutning til Bandaríkjanna: Þorskflök frá Kanada voru seld á 87 cent í janúar og stigu í 94 cent í desember, en þá voru íslensk þorskflök seld á 1,25 dollara.

Á árinu 1976 var söluaukningin hjá Coldwater meiri en nokkru sinni fyrr. Söluverðmætið fór úr 100,6 milljónum dollara í 145,5 milljónir á einu ári. Coldwater hafði forystu á markaðinum og átti stóran þátt í hækkandi verðlagi vestra, enda var fyrirtækið orðið meðal hinna stærstu á sínu sviði.

Á þessu ári var lokið við byggingu frystigeymslunnar í Everett og hafinn undirbúningur fiskréttaverksmiðju þar.

Samskiptin við Breta voru ýmsum erfiðleikum bundin fyrri hluta árs 1976. Landhelgisdeilan leystist ekki fyrr en með svonefndum Oslóarsamningi 1. júní 1976. Á grundvelli hans komst „bókun 6“ um tollalækkanir á fiskafurðum til EBE-landa til framkvæmda frá 1. júlí.

Á þessu ári og árunum á undan höfðu miklar umræður farið fram á fundum stjórnar og aðalfundum SH um markaðsmálin. Miklar sviptingar og sveiflur höfðu verið á Bandaríkjamarkaði og mönnum var almennt ljóst, að óæskilegt væri að hafa öll eggin í sömu körfunni, eða í mesta lagi tveimur körfum, eins og verið hafði á árum landhelgisútfærslunnar. Um 80% af framleiðslu sumra húsanna fór til Bandaríkjanna og önnur sérhæfðu sig mjög fyrir Sovétmarkaðinn.

Ljóst var að gerbreyttir markaðsmöguleikar mundu skapast í Vestur-Evrópu við lok landhelgisdeilnanna og gildistöku „bókunar 6“ og samtökin yrðu að búa sig undir að hagnýta þau tækifæri, eins þótt Bandaríkjamarkaður væri traustur í bili og dollarinn sterkur. Ólafur Guðmundsson framkvæmdastjóri í Englandi áréttaði þetta líka ítrekað í ræðum sínum á aðalfundum.

Á þessum árum voru ýmsar nefndir skipaðar innan SH til að fara ofan í saumana á þessum málum og undirbúa markaðssókn í Bretlandi og á meginlandi Evrópu um leið og „normalástand“ kæmist á í samskiptum Íslands og þessara ríkja.

Frystihús stöðvast

Það er til marks um efnahagslega óstjórn hér á landi, að þrátt fyrir hina miklu söluaukningu og gífurlegar verðhækkanir sem fengust í Bandaríkjunum, gerðu þær ekki betur en duga á móti verðbólgu, launahækkunum og hækkun fiskverðs hér heima. Verðbólgan varð 32% 1976. Kauptaxtar launþega hækkuðu um 26% að meðaltali, atvinnutekjur um 33% á mann og tekjur sjómanna um 45%. En metið átti þó hækkun á almennu fiskverði sem nam 63,5% á árinu. Frystideild Verðjöfnunarsjóðs tæmdist í október, og var þá veitt ríkisábyrgð á útgreiðslu sjóðsins til áramóta.

Ástandið varð síst betra á starfsárinu 1977, en þá nam verðbólgan nærri 50%. Gott verðlag á helstu tegundum útfluttra frystra afurða nægði ekki til að mæta innlendum kostnaðarhækkunum. Þar við bættist að ýmis hraðfrystihús áttu við svæðisbundna erfiðleika að etja, sem m.a. stöfuðu af hráefnisskorti og óhagstæðri tegundasamsetningu afla. Sem dæmi um kostnaðarhækkanir á þessu ári má nefna að hráefnið til vinnslunnar hækkaði um 32% og vinnulaun um allt að 65%, en þessir tveir kostnaðarliðir nema um 83% af heildartekjum. Vextir af rekstrarlánum hækkuðu um 87% og rafmagnsverð um 40%. Á móti þessu kom 12% hækkun á markaðsverði og gengissig sem einnig nam 12% á árinu.

Þann 18. desember var haldinn aukafundur í SH. Þá höfðu nokkur frystihús stöðvast, og mönnum þótti nánast óskiljanlegt „að þetta ástand skuli ríkja þegar markaðsverð er hærra en það hefur nokkurn tímann áður verið".

Í ályktun fundarins segir meðal annars: „Aðgerðir stjórnvalda í sambandi við fiskverðshækkun 1. október hafa engan veginn leyst úr rekstrarerfiðleikunum, þvert á móti eykst tap sífellt vegna stöðugra hækkana á rekstrarliðum. Þannig er háttað starfsemi frystihúsa víðast hvar á landinu, að þau eru burðarás atvinnulífs á hverjum stað. Lokun frystihúss veldur stórfelldu atvinnuleysi og raunar upplausn. Þetta gera forráðamenn frystihúsa sér ljóst, og hafa því ávallt reynt að halda þeim gangandi í lengstu lög. Sú afstaða forráðamanna frystihúsa að stöðva ekki rekstur, má ekki verða til þess að hlutur þessara fyrirtækja sé fyrir borð borinn." Aukafundurinn skoraði síðan á ríkisstjórnina að beita sér fyrir lausn á vandanum.

Það skýtur skökku við að á meðan hraðfrystihúsin börðust í bökkum hér innanlands fóru markaðsaðstæður enn batnandi í Bandaríkjunum og Bretlandi, þar sem þess gætti nú áþreifanlega að landhelgisdeilan var leyst. Í Bandaríkjunum hækkaði verð á þorskblokk um 30% frá árinu áður, og fór pundið í 97,8 cent. Þar með hafði verð á þorskblokk fjórfaldast á 9 ára tímabili milli 1969-1977. Verðið á flökum í 5-punda pakkningum hélst líka hátt, og stóð sig vel í samkeppni við sömu pakkningar frá Kanada: 1,50 á móti 1,15 dölum fyrir pundið.

Salan til Bretlands óx um 4.100 tonn í 6.600 tonn. Þetta markaði tímamót, því að úr þessu fór Bretlandsmarkaður vaxandi og rauf hið einhæfa mynstur útflutnings SH síðasta áratuginn, þegar Bandaríkin og Sovétríkin voru nánast einu kaupendur frystra sjávarafurða og Bandaríkin alltaf yfirgnæfandi. Á næstu þremur árum margfaldast heildarútflutningur til Bretlands úr 2.500 í 15.000 smálestir.

Tvær gengisfellingar

Árið 1978 var heildarafli landsmanna meiri en nokkru sinni fyrr, 1.557.000 lestir. Mesta aukningin var í loðnuafla, sem nú fór upp í 967 þúsund lestir, en þó varð svo til engin frysting á loðnu. Frysting síldar jókst hins vegar um 133% (í 3.700



Á árinu 1978 er mikið um að vera í kynningarmálum SH og Coldwater. Þrjár skipulagðar kynnisferðir eru farnar til Bandaríkjanna. Í fyrstu ferðina, 9.-14. júlí, fóru 20 verkstjórar ásamt 6 eftirlitsmönnum SH af Vestfjörðum, Norðurlandi og Akranesi. Stjórnendur frystihúsa og gestir þeirra, alls 142, heimsóttu svo Coldwater 17.-24. september. Síðar um haustið, frá 30. október-4. nóvember, fór 41 verkstjóri víðsvegar að af landinu, ásamt 14 eftirlitsmönnum SH. Þeim fylgdu 8 fréttamenn frá dagblöðum og fréttastofum. Þátttakendur í þessum ferðum voru því samtals 234 manns. Fararstjórn önnuðust af hálfu SH þeir Hjalti Einarsson, framkvæmdastjóri, Markús Waage deildarstjóri og Guðmundur H. Garðarsson, en af hálfu Coldwater þeir Þorsteinn Gíslason og Othar Hansson.
Allar þessar ferðir tókust hið besta og urðu hin besta kynning fyrir SH og Coldwater. Lögð var áhersla á að kynna hinar miklu kröfur bandarískra neytenda um framleiðslugæði og nauðsynina á órofinni vöruvöndun og meðhöndlun frá veiðiskipi til endanlegrar neysluvöru. Má telja víst að annars vegar skiluðu þessar ferðir sér í betri meðferð vörunnar og hins vegar í vandaðri fréttaflutningi af starfsemi sölufyrirtækjanna.
Myndin var tekin í fyrstu ferðinni.
Fremsta röð: Indriði Ívarsson SH, Birna Markúsdóttir SH, Viðar Sigurgeirsson Raufarhöfn, Björn Þór Haraldsson Þormóði Ramma Siglufirði, Daníel Baldursson, Ísafold Siglufirði, Bjarni Elíasson gjaldkeri SH. Næsta röð: Þorsteinn Þorsteinsson Coldwater, Friðrik Karlsson eftirlitsd. SH., Ólafur Tr. Elíasson HB Akranesi, Halldór Kristjánsson eftirlm. SH., Lárus Björnsson Hjálmi Flateyri, Guðmundlína Þ. Samúelsdóttir Heimaskaga Akranesi, Unnur Torfadóttir Tálknafirði. Þriðja röð: Hjálmar Ágústsson SH, framan við hann Rúnar Guðmundsson Norðurtanganum Ísafirði, Jón Kristmannsson, Íshúsfélagi Ísfirðinga, Guðbjörn Kristmannsson Súgandafirði, Gunnar Lórenzson ÚA, Kristleifur Meldal (með skegg), Páll Guðmundsson Ísbirninum, Björn Friðbjörnsson SH, Halldór Pálsson Hnífsdal, framan við hann Haraldur Árnason Hólanesi Skagaströnd (með yfirskegg). Aftast: Þorsteinn Gíslason, Ólafur sonur hans, bandarískur starfsmaður Coldwater. Ekki tókst að bera kennsl á alla í hópnum.

tonn). Útflutningur frystra sjávarafurða hafði aldrei verið meiri; heildarframleiðslan var 120.850 smálestir að verðmæti rúmlega 66 milljarðar króna. Hlutur SH í útflutningnum var rúmlega 85.000 smálestir að verðmæti 45 milljarðar króna. Flakaframleiðsla landsmanna hafði aldrei verið meiri, 97.000 lestir samanlagt hjá SH og SÍS. Þorskflaka- og blokkaframleiðslan hafði aukist um 45% frá árinu 1976, en útflutningur á flökum og blokkum hafði aukist um 64,5% á 5 árum. Verð á afurðum SH vestanhafs var nokkuð stöðugt á árinu, og nam verð á þorskblokk 1 dollar á pundið. Magnið jókst þó stöðugt og árið 1978 fer heildarverðmæti seldra afurða frá Coldwater í fyrsta sinn yfir 200 milljón dala mörkin – og nær 205,5 milljónum.

Þrátt fyrir stóraukinn útflutning voru miklir erfiðleikar í frystingunni. Verðbólg-

an hélt sínu striki og var gengið fellt tvisvar á árinu, í febrúar og september. Fyrri gengislækkunin, 13%, varð 10. febrúar 1978, og hin síðari kom til framkvæmda 6. september og nam 15%. Aukafundur var haldinn í kjölfar gengisfellingarinnar í febrúar, og var hann framhald fundarins 18. desember 1977. Beðið hafði verið aðgerða stjórnvalda, og taldi fundurinn nú að gengisbreytingin mundi ekki leysa vanda fiskvinnslunnar nema að nokkru leyti. Aðalfundur SH 1. og 2. júní tók í sama streng og vakti athygli á því að frystihúsin hafi einungis getað mætt kostnaðarhækkunum ársins 1977 vegna hækkaðs verðs á erlendum mörkuðum og stöðugs gengissigs. Því er ekki að heilsa árið 1978, engar verðhækkanir hafa orðið erlendis og gengi helstu gjaldmiðla hefur staðið í stað. Rekstrarskilyrðum er þannig komið í maí 1978, að tap frystihúsanna á árinu er áætlað 1500 milljónir. Kröfur hraðfrystingarinnar um aðgerðir stjórnvalda eru ítrekaðar á aukafundi SH 1. ágúst. Í byrjun september er gengið svo fellt að nýju, og nú um 15%.

Síaukin framleiðsla, fiskistofnar í hættu

Togurum fjölgaði jafnt og þétt eftir því sem á leið áttunda áratuginn og eru skuttogarar orðnir 82 árið 1979. Bolfiskaflinn jókst ár frá ári og knúði það mjög á um endurbætur í frystihúsunum. Árið 1975 var heildarframleiðsla flaka og blokka 67.600 smálestir en var orðin 114.000 árið 1979 (70% aukning). SH framleiddi 47.600 smálestir af flökum og blokkum 1973, en 1979 var framleiðslan 83.500 tonn (75,5% aukning). Aukningin ein, 36.000 tonn, hefði þótt ótrúleg ársframleiðsla tveimur áratugum fyrr. 1979 er heildarafli landsmanna 1.641.000 smálestir og hafði aldrei orðið meiri. Þar af er loðnuaflinn 2/3. Ufsaaflinn jókst um 30% í 57.000 lestir, karfaafli um 91% í 62.000 lestir.

Í kjölfar „svörtu skýrslunnar" frá Hafrannsóknastofnuninni 1976 var farið að huga að aðgerðum til að draga úr þorskveiðum. Sókn í aðrar tegundir jókst verulega, en markaðir fyrir þær voru af skornum skammti. Vegna aukningar á karfa-, ufsa- og grálúðuveiðum var mjög brýnt að nýta sovéska markaðinn til fullnustu. Salan til Sovétríkjanna 1979 nam 7,7% af heildarútflutningi SH og var aðeins hærri en árið áður. En tveir samningar voru gerðir á árinu 1979, í ársbyrjun og í september og tókst að auka mjög söluna á þessum tegundum, sem þar með renndi stoðum undir hina nýju fiskveiðistefnu.

Bandaríkin halda markaðshlutdeild sinni sem fyrr og verð er mjög hátt. Þorskblokk er seld á 103 cent í maí og fer heldur hækkandi. Á 5 árum hefur meðalblokkarverð til Ameríku á þorski, ýsu og ufsa tvöfaldast – og verð Coldwater er hærra en meðalverð. Heildarsala Coldwater 1979 er 223,6 milljónir dala.

Mikið var fjallað um Bretlandsmarkaðinn í stjórn SH árið 1979, og í framhaldi af samþykkt aðalfundar um eflingu sölustarfs í Bretlandi var kosin nefnd til að fjalla um þessi mál. Auk Gunnars Guðjónssonar, sátu í henni Jón Páll Halldórsson, Guðmundur Karlsson og Jón Ingvarsson. Nefndin fór m.a. til Englands og átti viðræður við forráðamenn færeyska fyrirtækisins Førøya Fiskasøla og Chaldur Ltd. um hugsanlegt samstarf. Að vel athuguðu máli varð ekki að sinni af samvinnu við þessa aðila á breska markaðinum (sjá kaflann um Bretland). Nefndin kom til baka með hugmyndir um að kaupa frystihús á hafnarbakkanum í Grimsby. Eyjólfur Ísfeld Eyjólfsson segist hafa lagst eindregið gegn þeim hugmyndum, minnugur verksmiðjanna í Nanticoke og Gravesend á sínum tíma. Í framhaldinu var svo ákveðið að hefjast handa á eigin spýtur við uppbyggingu í Grimsby með byggingu frystigeymslu og síðar fiskréttaverksmiðju.



Aðalfundur 1980 tekur af skarið með uppbyggingu í Evrópu með því að fela framkvæmdaráði að koma á fót söluskrifstofu í Hamborg og sameina alla starfsemi í Bretlandi undir einu þaki í Grimsby. Var þar hafist handa um að byggja frystigeymslu og fiskréttaverksmiðju. Þessi mynd er tekin árið 1982, þegar Sigurður Bjarnason frá Vigur, sendiherra í London, er í heimsókn á byggingarsvæðinu. Frá vinstri Sturlaugur Daðason, Roy Yates, Douglas Smith aðalverktaki, Ólafur Guðmundsson framkvæmdastjóri, Sigurður Bjarnason, Ragnar Guðmundsson.

Sókn í Evrópu

Árið 1980 var hlutdeild togarafisks í heildarafla komin yfir helming (57,4%). Þorskaflinn hafði náð sögulegu hámarki, 426.000 lestum (18,7% aukning frá árinu áður) og naut flotinn þar stórrar þorskgöngu frá Grænlandi. Karfaaflinn nam 70.000 lestum (hafði aukist úr 28.000 lestum 1977) og grálúðuaflinn jókst um 56% milli ára.

En þótt aflinn væri góður var þróunin óhagstæð á helstu mörkuðum fyrir veigamestu afurðirnar, sölutregða og mikil birgðasöfnun. Heildarútflutningurinn til Bandaríkjanna minnkaði um 11.000 smálestir (13,4%), en verð Coldwater á þorskblokk var óbreytt og heildarsala Coldwater fór yfir 200 milljónir dala.

Í kjölfar góðra samninga, sem gerðir voru í árslok 1979, jókst sala til Sovétríkjanna um 10.000 smálestir eða 122%. Gerður var nýr 5 ára samningur sem sýnir aukna þýðingu sovéska markaðarins vegna þróunarinnar í veiðiflotanum, fiskveiðistefnunnar og breyttrar aflasamsetningar. Hin breytta tegundasamsetning aflans knúði á að nýrra markaða væri leitað í Evrópu, og árið 1980 komast Frakkland og Belgía vel á blað með um 1000 tonn hvort.

Þessar breyttu áherslur endurspeglast í samþykkt stjórnar SH á síðasta stjórnarfundi fyrir aðalfund 1980: „Vegna breyttra framleiðslu- og markaðsaðstæðna, leggur stjórn SH áherslu á að efla sölustarfsemi samtakanna í Vestur-Evrópu. Í því skyni samþykkir hún að fela framkvæmdaráði að vinna að því að sett verði á stofn skrifstofa í Vestur-Þýskalandi, sem annist sölustarf á meginlandinu. Auglýsingastarfsemi í Vestur-Evrópu verði efld.

Einnig verði stofnað hlutafélag í Bretlandi, sem yfirtaki alla markaðsstarfsemi SH á þessu svæði, eða nafni Snax (Ross) Ltd. verði breytt, ef það verður talið hagkvæmara. Opnuð verði skrifstofa í Grimsby, sem vinni að sölustarfsemi í Bretlandi undir stjórn skrifstofunnar í London, og athugað hvort hagkvæmt sé að flytja alla starfsemina í Bretlandi til Grimsby.“

Aðalfundur SH 1980 samþykkti þessar tillögur og fór mikið af tíma stjórnar SH og framkvæmdastjóra næsta árið í að undirbúa byggingu frystigeymslu og fiskréttaverksmiðju í Grimsby. Á næsta ári varð 39% söluaukning til Bretlands og var fyrirtækið Snax (Ross) Ltd. hinn formlegi framkvæmdaaðili SH.

Stjórn SH fól framkvæmdaráði að setja á stofn skrifstofu í Vestur-Þýskalandi og var ákveðið að skrifstofan yrði staðsett í Hamborg. Þann 8. janúar 1981 var Gylfi Þór Magnússon ráðinn forstöðumaður hennar og var skrifstofa SH í Hamborg, IFP GmbH, formlega opnuð 19. júní 1981 (sjá kaflann um Hamborgarskrifstofu).

Þrátt fyrir góðan afla, var árið 1980 hraðfrystihúsunum mjög erfitt. Um 60% óðaverðbólga geisaði og fiskverð og kaupgjald hækkuðu jafnt og þétt. Afdrif íslensku krónunnar undanfarin ár endurspegluðust í því að í byrjun þessa árs var gefinn út nýr gjaldmiðill á Íslandi með hundraðföldu verðgildi hins gamla.

Sölutregða var á fiski í Bandaríkjunum, mikil birgðasöfnun átti sér stað fyrri hluta árs. Vegna mikillar frystingar og sölutregðu á þorsk- og ýsuflökum, var gripið til framleiðslutakmarkana á þessum afurðum. Í byrjun júní ákvað stjórnin að vara félagsmenn SH við að halda áfram rekstri. Í framhaldi af því sagði í ályktun stjórnarinnar: „Stjórn SH vill vekja athygli félagsmanna á því, að ekki er að vænta frekari afskipana um ófyrirsjáanlegan tíma, en í þau skip sem nú er verið að lesta. Því er nauðsynlegt að hver og einn framleiðandi undirbúi nú þegar uppsagnir starfsfólks og rekstrarstöðvun með tilliti til þessa ástands." (Sjá kafla um efnahagsmál 9. áratugarins bls. 437)

Allt árið stóðu forráðamenn SH í viðræðum við opinbera aðila um aðgerðir til lagfæringar rekstrarafkomu frystihúsanna. Þau tíðindi gerðust að sjávarútvegsráðherra, Steingrímur Hermannsson, mætti með aðstoðarmanni sínum á stjórnarfund SH þann 11. ágúst. Ráðherra hafði aldrei fyrr mætt á stjórnarfund SH í 40 ára sögu fyrirtækisins. Andspænis yfirvofandi fiskverðshækkun bókaði stjórn SH 10. október, að ríkisstjórnin yrði sjálf að fjármagna fiskverðshækkun, frystingin muni ekki samþykkja nein lán til Verðjöfnunarsjóðs í því sambandi.

Á árinu 1981 varð enn aukning í bolfiskafla en samdráttur í loðnu. Hlutdeild frystra sjávarafurða í heildarvöruútflutningi Íslendinga lækkaði enn, og nam nú aðeins um 39% í stað um helmingshlutdeildar áður. Saltfiskur og skreið bættu hins vegar stöðu sína og fór verðlag á þeim hækkandi. Þetta endurspeglaði markaðsaðstæðurnar. Frystivörumarkaðurinn í Bandaríkjunum var veikur, sérstaklega vegna samkeppni við Kanadamenn, sem buðu nú frosinn fisk á mun lægra verði en Íslendingar treystu sér til að selja á. Árið 1981 missa Íslendingar forystuna í innflutningi þorskflaka til Bandaríkjanna, og lækkaði hlutdeild þeirra úr 52,5% í 40% milli áranna 1980 og 1981. Þótt samdráttur á magni útflutnings til Bandaríkjanna yrði svipaður og árið áður (13%), hélst verðmætið óbreytt vegna hins háa verðs á íslenskum afurðum. Í júní hækkuðu bæði SH og SÍS verðlistaverð á 5-punda þorskflökum úr 1,60 í 1,80 dali pundið, en aðalkeppinautarnir, Kanadamenn, fylgdu ekki eftir, heldur lækkuðu þeir sín 5-punda flök úr 1,38 niður fyrir 1,30 dali. Að meðaltali voru íslensku vörurnar því nærri 40% dýrari en þær kanadísku. Það auðveldaði ekki sölu íslensku afurðanna, að almennt efnahagsástand í Bandaríkjunum var slæmt árið 1981. Atvinnuleysi var mikið, samdráttur í framleiðslu grundvallariðngreina, vextir háir og kaupgeta fór minnkandi. Á bandarískan mælikvarða var nokkur verðbólga, sem hafði óhagstæð áhrif á fiskmarkaðinn og var sérstaklega erfitt þeim aðilum sem leggja áherslu á gæðavöru á háu verði. Kom þetta hart niður á sölu þorskflaka. Engu að síður var afkoma Coldwater betri en árið áður, og var hagnaður af fyrirtækinu.



Síðasta stjórn Gunnars Guðjónssonar ásamt varamönnum. Fremri röð frá vinstri: Rögnvaldur Ólafsson Hellissandi, Ágúst Flygenring Hafnarfirði, Gunnar Guðjónsson, Guðfinnur Einarsson Bolungarvík, Einar Sigurjónsson Vestmannaeyjum. Aftari röð: Jón Erlingsson Sandgerði, Guðmundur Björnsson Ólafsvík, Guðmundur Karlsson Vestmannaeyjum, Ásgrímur Pálsson Stokkseyri a, Gísli Konráðsson Akureyri a, Ólafur Baldur Ólafsson Sandgerði a, Ólafur Gunnarsson Neskaupstað a, Jón G. Stefánsson Flateyri, Jón Ingvarsson Reykjavík, Knútur Karlsson Grenivík. Á myndina vantar varamennina Harald Sturlaugsson Akranesi, Jón Pál Halldórsson Ísafirði og Einar Sveinsson Reykjavík. Aðalstjórn var óbreytt frá 1979.

Eins og fyrr getur, jókst mikilvægi Sovétmarkaðarins með breyttri tegundasamsetningu aflans og tóku þeir við karfa í meira mæli en nokkur annar. Í desember 1980 hafði verið gerður samningur um 18.000 tonna sölu til Sovétríkjanna árið 1981. Óvenjumikil karfaveiði var í byrjun árs 1981, með þeim afleiðingum að búið var að framleiða flök upp í desembersamninginn þegar á miðju ári. Strax voru gerðar ráðstafanir til að reyna að fá Rússa til að kaupa meira, jafnframt því sem framleiðsla á 7-punda pakkningum fyrir sovéska markaðinn var takmörkuð, en þrátt fyrir þessar ráðstafanir mynduðust miklar birgðir af 7-punda fiski. Í september tókst að selja Rússum 500 tonn af flökum, en það leysti þó ekki birgðavandamálið. Enn var óskað eftir samningum og 9. desember tókst að selja 21.000 tonn. Afskipanir hófust þegar í lok desember og voru allar birgðir sem lágu af Rússlandsfiski sendar út, eftir því sem skip gátu annað flutningunum.

Á aðalfundi 27. maí 1982 lét Gunnar Guðjónsson af stjórnarformennsku eftir 17 ár í því embætti. Við tók Ágúst Flygenring sem verið hafði varaformaður, en Jón Ingvarsson var kjörinn varaformaður.



Veitingahúsakeðjan Long John Silver's í Bandaríkjunum var orðin langstærsti kaupandinn að íslenskum þorskflökum og þýðingarmesti viðskiptavinur Coldwater Seafood. Þann 4. maí 1983 var aðaleigandi keðjunnar, Warren W. Rosenthal, sæmdur riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu við hátíðlega athöfn á Bessastöðum. Í viðtali við Rosenthal í Morgunblaðinu daginn eftir segir hann kanadískan fisk að vísu ódýrari en íslenskan, en enn geti Kanadamenn aðeins boðið upp á takmarkað magn gæðafisks. „Ég fæ ekki séð að tengsl fyrirtækjanna verði rofin," hefur Morgunblaðið eftir Rosenthal. Skömmu fyrir áramót 1983 sneri Rosenthal sér hins vegar beint til stjórnar SH í Reykjavík og kvartaði undan einstrengingslegri verðlagningu Þorsteins Gíslasonar og krafðist verðlækkunar. Samningar náðust í byrjun árs 1984 en í kjölfarið sagði Þorsteinn Gíslason af sér og ári seinna einnig Othar Hansson, sölustjóri Coldwater, sem átti að baki merkilegan feril frá 1958 lengst af hjá SH, en hafði líka starfað hjá aðalkeppinautnum Sjávarafurðadeild SÍS um nokkurra ára skeið.

Aflasamdráttur í loðnu og þorski

Á veiðitímabilinu 1982/1983 voru loðnuveiðar alfarið bannaðar, enda sýndu endurteknar mælingar að hrygningarstofninn mundi ekki einu sinni ná þeim viðmiðunarmörkum, 400 þúsund tonnum, sem talið var nauðsynlegt að skilja eftir til að tryggja viðkomu stofnsins. Tæplega helmingssamdráttur í heildarafla landsmanna (45,3%) varð þó ekki einungis rakinn til loðnuveiðibannsins, því verulegur samdráttur varð einnig í þorskveiðum (16,8%). Heildarþorskaflinn varð 382.000 smálestir, og aðeins um þriðjungur hans fór í frystingu og nærri helmingur í salt. Afgangurinn fór í skreið, sem ekki fór vel fyrir, því að Nígeríumarkaður lokaðist og nam útflutningurinn aðeins 4.270 smálestum miðað við 19.000 smálestir árið áður. Langan tíma tók að losna við skreiðarbirgðirnar.

Ekki varð samdráttur í allri veiði, því karfa-, ýsu- og ufsaafli jókst, en mest jukust grálúðuveiðar, um tæp 80%, og varð heildarafli grálúðu og lúðu um 30.000 lestir.

Árið 1982 varð fiskútflutningnum almennt erfitt, og varð nokkur samdráttur á flestum mörkuðum, ef frá eru talin Sovétríkin, en við þau var gerður samningur um efnahagssamvinnu, sem olli nokkru fjaðrafoki og fjölmiðlafári.

Árið 1983 heldur áfram hin alvarlega neikvæða þróun í aflasamsetningu frá árinu á undan. Ekki tókst að veiða leyfilegan hámarksafla á þorski þetta ár, en hann hafði miðast við 370.000 lestir. Nærri fjórðungs hrun varð á þorskaflanum sem náði aðeins 294.000 lestum og átti enn eftir að falla. 1984 var þorskaflinn kominn

niður í rúm 60% af því sem hann hafði verið 1981. Þarf ekki að orðlengja að þessi þróun hafði afar neikvæð áhrif á afkomu frystiiðnaðarins.

Karfaafli jókst hins vegar, svo og skelfiskur, einkum rækja. Hlutdeild rækju miðað við verðmæti óx úr 3,8% 1983 í 9,5% 1984.

Eftir hrunið og veiðibann hefur loðnuaflinn náð sér á strik í 859.000 tonn árið 1984.

Minnkandi hlutdeild Bandaríkjamarkaðar

Til tíðinda dró í málefnum Coldwater árið 1983 og skömmu eftir áramót 1984 sagði Þorsteinn Gíslason upp störfum hjá fyrirtækinu (sjá kafla um Coldwater í III. bindi).

Bandaríkin höfðu óumdeilanlega verið langþýðingarmesti markaðurinn fyrir frystar sjávarafurðir undanfarna áratugi. Þetta tekur breytingum á níunda áratugnum. Í byrjun áratugarins er staðan sú að um og yfir tveir þriðju hlutar fiskflaka og fiskblokka fara inn á þennan markað, en aðeins um 20% til ríkja EBE, Bretlands, Frakklands, Þýskalands og Belgíu. Sala til Vestur-Evrópu er þó í örum vexti.

Á fimm árum, milli 1980 og 1984 lækkar innflutningur þorskflaka frá Íslandi til Bandaríkjanna um þriðjung, mest vegna minnkandi þorskveiði, og hlutdeild þessarar afurðar á Bandaríkjamarkaði fellur um helming, úr 52,5% 1980 í 25,3% 1984 – á móti auka Kanadamenn hlutdeild sína. Útflutningur á blokk dróst einnig saman og verðið féll. Meðalverð á þorskblokk féll um 12% árið 1984 og varð lægra en það hafði verið í 5 ár. Þrátt fyrir þennan samdrátt í innflutningi íslenskra flaka og blokka, vegnaði Coldwater vel þetta fyrsta ár Magnúsar Gústafssonar í forstjórastóli. Árið 1984 varð heildarvörusalan sú næsthæsta nokkru sinni, rúmlega 208 milljónir dala, (hæst var hún 1979: 223,6 milljónir dala). 1985 varð heildarsalan 215,7 milljónir dala, og jókst um 3,7% að verðmæti þrátt fyrir nokkurn samdrátt í magni.

Árið 1984 var gerður stórsamningur til 15 mánaða við veitingahúsakeðjuna Long John Silver's. Í lok ársins 1985 komst verð á þorskblokk hærra en nokkru sinni fyrr, í 1,30 dali pundið, og hafði hækkað um tæpan fjórðung á 6 mánuðum. Verðlag á frystum flökum hélst óbreytt 1,80 dalir á íslenskum flökum, en sú breyting varð á verðstefnu keppinauta, að kanadísk flök hækkuðu líka úr 1,25 í 1,40 – 1,55 dali pundið. Dró því nokkuð saman.

Í desember 1985 sagði Othar Hansson sölustjóri Coldwater starfi sínu lausu, en hann hafði þá starfað hjá SH og Coldwater svo til samfellt frá 1958.

Þróunin á Bretlandsmarkaði

Veik staða sterlingspunds gagnvart dollar hafði áhrif til samdráttar í framleiðslu og sölu til Bretlands í byrjun níunda áratugarins. Strax á árinu 1983 voru ýmis teikn á lofti sem bentu til þess að breski markaðurinn færi halloka fyrir öðrum mörkuðum SH. Staða dollarans var mjög sterk gagnvart öðrum gjaldmiðlum og styrktist enn frekar eftir því sem leið á árið 1984. Í árslok var pundið komið niður í 1,12-1,15 dali en hafði verið að meðaltali 1,51 árið 1983. Áhugi manna fyrir frystingu fyrir Bretland dvínaði, þegar aðrir markaðir voru hagstæðari.

Árið 1983 verða þau umskipti í Bretlandi að starfsemin öll er flutt til Grimsby og gengið er frá uppsetningu véla í verksmiðjunni. Var stór vinnslusalur tekinn í notkun árið eftir. Samningar höfðu náðst um framleiðslu fyrir McDonalds skyndibitakeðjuna, og var fjöldi starfsmanna verksmiðjunnar 170-180 manns. Á árinu



Strax og fiskréttaverksmiðjan í Grimsby hafði tekið til starfa voru skipulagðar kynnisferðir Íslendinga þangað. Haustið 1983 fóru verkstjórar og stjórnunarmenn frystihúsa í 10 manna hópum til að kynna sér starfsemina í Bretlandi bæði í höfuðstöðvunum og í fiskréttaverksmiðjunni og kynnast þeim kröfum um frágang vörunnar sem þessi nýja starfsemi útheimti. Í september 1984 fóru 120 frystihúsamenn til Grimsby og í nóvember var fulltrúum Seðlabankans, viðskiptabankanna og fjölmiðla boðið þangað. Myndin sýnir starfsmenn IFPL taka á móti gestum að heiman, sem komu með þotu Flugleiða til Bretlands.

1984 breytir stjórn SH 360.000 punda láni til IFPL í hlutafé, sem með þessu framlagi er orðið 560.000 pund.

Á árinu 1985 varð mikil breyting á breska fiskmarkaðinum. Fiskveiðar á strandmiðum við Bretlandseyjar brugðust gersamlega og á sama tíma minnkaði framboð á fiski frá Noregi og Danmörku. Eftir því sem á árið leið styrktist staða sterlingspundsins og í lok ársins náði pundið fyrri stöðu gagnvart bandaríkjadal. Þessi þróun hafði það í för með sér að afar hagstætt varð að selja bæði ísaðan fisk og frystan á breska fiskmarkaðnum. Á uppboðsmörkuðum í Bretlandi fór verð á ferskfiski uppúr öllu valdi og sala á frystum afurðum var einnig mjög lífleg. Jókst hún um 40%, eða 8.415 smálestir, þar af voru flök og blokkir um tæp 40%.

Um áramót 1985-1986 var unnið að uppsetningu nýrrar framleiðslulínu í verksmiðju fyrirtækisins í Grimsby og á árinu var Ingólfur Skúlason hagfræðingur ráðinn aðstoðarframkvæmdastjóri IFPL.

Þátttaka í fiskeldi

Snemma á níunda áratugnum fór áhugi manna á fiskeldi, einkum laxeldi, mjög vaxandi hér á landi. Norðmenn og Skotar höfðu tekið forystu í þessari atvinnugrein, og sérstaklega jókst fiskeldi Norðmanna hröðum skrefum. Mörg stærstu fiskeldisfyrirtækin á Íslandi voru reist í náinni samvinnu við Norðmenn.

Ljóst var, að ef einhver viðlíka viðgangur yrði í fiskeldi hér á landi eins og í Noregi, yrði markaðssetning afurðanna geysiumfangsmikið verkefni. Í Noregi fór markaðsvirði fiskeldislaxins fljótlega fram úr þorskinum að verðmæti. Forystumenn SH fylgdust því vel með í þessum efnum, og á aðalfundinum 1983 var samþykkt að heimila stjórn SH að gerast hluthafi í slíku fyrirtæki, og var sérstök nefnd skipuð til að athuga fýsilega kosti á þessu sviði. Á næstu árum varði SH nokkrum tugum milljóna til þessa verkefnis, 6 frystihús fengu lán til að leggja í fiskeldi og sjálft gerðist SH hluthafi í Vogalaxi (með 20% eignaraðild, 10,2 milljónir króna) og í Sjóeldi (30% eignaraðild, 12,0 milljónir króna) gegn forgangi að sölu afurða.

Eins og kunnugt er, náði fiskeldi ekki að dafna hér á landi að þessu sinni, en SH



Stjórnendur SH fylgdust af miklum áhuga með þeim stórhuga tilraunum sem gerðar voru með laxeldi hér á landi í byrjun 9. áratugarins. Til mikils var að vinna ef jafnvel tækist til og í Noregi þar sem markaðsvirði eldislax varð fljótlega meira en þorskaflans. Frystihúsunum hefði líka getað orðið drjúg búbót að frystingu á laxi, sérstaklega á þeim tímum minnkandi hráefnis, sem fóru í hönd, eins og síðar kom í ljós. SH fjárfesti í tveimur stöðvum, Vogalaxi hf. og Sjóeldi hf., með það í huga að taka að sér markaðssetningu afurðanna. Væntingar manna um þessa nýju atvinnugrein brugðust þó illilega á næstu árum og varkárnisleg hlutafjárframlög SH töpuðust.

tapaði þó ekki umtalsverðum fjármunum í þessu sambandi. Sala fyrirtækisins á afurðum fiskeldisstöðva í kringum 1990 nam nokkrum þúsundum tonna (sjá viðtal við Friðrik Pálsson bls. 533).

Kaflaskil

Um þessar mundir verða allglögg kaflaskil í starfsemi Sölumiðstöðvarinnar. Í lok ársins 1985 lætur Eyjólfur Ísfeld Eyjólfsson af störfum eftir meira en aldarþriðjung í þjónustu félagsins, þar af 23 ár sem framkvæmdastjóri og aðalforstjóri. Árið áður hafði ný kynslóð tekið við stjórnartaumunum með kjöri Jóns Ingvarssonar sem formanns og Ólafs Baldurs Ólafssonar sem varaformanns. Á næstu árum taka ungir menn við yfirmannsstöðum í öllum dótturfyrirtækjum og deildum innan félagsins. Evrópa vinnur stöðugt á sem helsta markaðssvæðið, Bandaríkjamarkaður dregst saman og Sovétmarkaðurinn hverfur með hruni Sovétríkjanna. Japansmarkaður eflist og sígur að lokum fram úr öðrum mörkuðum. Kerfið, sem sett hafði verið á laggirnar í upphafi Viðreisnar með Verðlagsráði sjávarútvegsins, Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins og viðamiklu sjóðakerfi, tekur að riða til falls. Verðbréfamarkaðir leggja drög að opnum viðskiptum með hlutabréf í fyrirtækjum landsmanna. Frjálsir fiskmarkaðir komast á fót, vextir eru gefnir frjálsir, grunnur er lagður að takmörkunum fiskveiða með framseljanlegum aflaheimildum, takmarkanir fyrri áratuga á frelsi til útflutnings eru smám saman afnumdar, útflutningur óunnins fisks eykst gífurlega og frystitogaraflotinn eflist og stækkar, þorskaflinn minnkar nálega með hverju ári og aðrar tegundir koma í staðinn. Aðeins eitt breytist ekki framan af þessu tímabili: Verðbólgan æðir áfram og afleiðingar efnahagslegrar óstjórnar verða óviðráðanlegri og háskalegri með hverju ári. Um það hversu Sölumiðstöðinni vegnaði í þessum ólgusjó verður fjallað í kafla hér á eftir.

Kaupaukakerfi og gæðaeftirlit

Eins og áður hefur komið fram stóð tæknideildin á gömlum grunni og hafði smám saman verið að eflast á sjötta áratugnum með auknum kröfum um tæknilega þjónustu og sífellt auknar kröfur markaðanna erlendis, einkum Ameríkumarkaðar, um aukin gæði afurðanna.

Áður hefur verið minnst á þá verkfræðingana Gísla Hermannsson og Þorstein Gíslason.

Gísli var í tæknideildinni fram til 1959 og annaðist tæknilega þjónustu við frystivélakerfi húsanna um árabil. Gísli hannaði einnig og teiknaði frystigeymslur og í ýmsum tilvikum stór frystihús fyrir félagsmenn SH. Á síðari árum tengdist hann þó öllu meira beinni framleiðsluráðgjöf og framleiðslustýringu og í lok starfstíma síns vann hann náið með Jóni Gunnarssyni framkvæmdastjóra sölumála. Þegar Gísli hætti hjá SH 1959 stofnaði hann ásamt fleirum Baaderþjónustuna hf. og var framkvæmdastjóri hennar þar til 1965.

Þorsteinn Gíslason vélaverkfræðingur hafði verið í tæknideildinni frá því hann kom frá námi í MIT árið 1949 og starfaði þar til 1955 og meðal annars hannað framleiðslulínur fyrir frystihúsin og tengst framleiðslunni á margan hátt. Hann flutti til Bandaríkjanna með fjölskyldu sinni, en kom aftur til samtakanna sjö árum síðar, þegar hann gerðist forstjóri Coldwater árið 1962.

Á Bjarna Guðjónsson er einnig áður minnst, en honum bættist nú liðsauki þar sem var Kristberg Magnússon. Þeir höfðu báðir verið vélstjórar á skipum Jökla hf. Bjarni aðstoðaði vélstjóra frystihúsanna og leiðbeindi við keyrslu frystivélanna og lét öryggismál í vélasölum mikið til sín taka. Kristberg, sem hóf störf hjá SH árið 1957 veitti ráðgjöf við val á ýmsum vélbúnaði sem tengdist vinnslunni, m.a. roðflettivélum og flökunarvélum og sá alfarið um klórtækin, þegar átak var gert um 1960 til þess að innleiða klór og tryggja heilnæmi þess vatns sem notað var í frystihúsunum. Hann sá um að tæki og varahlutir væru ávallt til staðar á lager SH og öryggis gætt í hvívetna, m.a. við notkun og geymslu ammóníaks og klórs. Kristberg vann því lengst af í nánum tengslum við innkaupadeildina og varð á síðari árum starfsmaður hennar.

Tækniþjónusta efld

Baldur Sveinsson vélaverkfræðingur réðst til SH á árinu 1957 og var starfsmaður tæknideildar samfellt þar til hann lét af störfum fyrir aldurs sakir 1989. Allan þann tíma sinnti Baldur nær alfarið frystikerfum og frystigeymslum, og í sumum tilvikum hitakerfum, en eins og að framan greinir hafði Gísli Hermannsson annað starfssvið hjá SH síðustu ár starfstíma síns. Það má með sanni segja að á þeim rúmum 30 árum, sem Baldur starfaði hjá SH, hafi hann hannað nær öll frystikerfi í frystihúsum innan vébanda SH og var í raun einn aðalsérfræðingur landsins í frystivélatækni, ásamt Páli Lúðvíkssyni, vélaverkfræðingi hjá tæknideild Sambands íslenskra samvinnufélaga. Þá má geta þess hér að á árunum 1951 til 1957 hafði Baldur verið verkfræðingur hjá vélaverkstæði Björgvins Frederiksen hf. sem hafði meðal annars umboð fyrir frystivélar og frystibúnað sem frystihúsin keyptu. Björgvin hafði á árinu 1943 verið ráðinn eftirlitsmaður véla frystihúsanna.




Ýsan handflökuð.

Vinnuhagræðing og framleiðni

Frystiiðnaðurinn hér á landi hafði byggst mjög hratt upp. Hver reyndi að læra af öðrum eftir fremsta megni, en samgöngur voru erfiðar og langtímum saman varð hver að búa að sínu og byggja framleiðsluferilinn upp án fyrirmynda. Vinnuafl í greininni var stopult og stóð oft stutt við, svo að þjálfun í vinnubrögðum varð oft endaslepp. Vinnubrögðum gat hrakað mjög á stuttum tíma, án þess menn yggðu að sér. Með ört vaxandi framleiðslu á sjötta áratugnum olli þetta stundum verulegum vandræðum.

Í Bandaríkjunum var farið að huga að hagræðingu og mælingum vinnu fyrir síðustu aldamót og er talið að Frederic W. Taylor hafi verið upphafsmaður skipulegrar hagræðingar eða þeirra aðferða sem notaðar voru. Hugmyndin barst til Íslands



Ólafur Þórðarson frá Laugaból, einn frumkvöðullinn að stofnun SH og lengi framkvæmdastjóri Jökla, var áhugasamur um vinnutilhögun og tækni í frystihúsunum. Hann hannaði meðal annars vél til þess að ná hreistri af ýsu og tæki til að hausa þorsk. Myndin sýnir hausunarvél Ólafs er var tekin í notkun í nokkrum frystihúsum.

með Guðmundi Finnbogasyni, síðar landsbókaverði, en hann var menntaður heimspekingur og sálfræðingur. Hann starfaði að tímamælingum og rannsóknum en fékk lítinn hljómgrunn og um miðjan þriðja áratuginn gafst hann endanlega upp á að koma þeim á framfæri við atvinnurekendur. Vinnurannsóknir lágu því að mestu niðri þar til 1954 er Rafmagnsveitur ríkisins réðu norskt ráðgjafarfyrirtæki til að sinna hagræðingu innan fyrirtækisins, eins og síðar verður vikið að.

Haustið 1957 var haldin ráðstefna í Tromsö í Norður-Noregi um vinnuhagræðingu í fiskiðnaði og skýrt frá tveggja ára rannsóknum á vegum norsku iðnaðarmálastofnunarinnar (Norsk Produktivitetsinstitutt) og Frionor (Norsk Frossenfisk A/L). Iðnaðarmálastofnun Íslands hafði milligöngu um að Íslendingum var boðið að sitja ráðstefnuna. Þeirra á meðal voru nokkrir starfsmenn og stjórnarmenn SH. Einar Sigurðsson, varaformaður, henti hugmyndina á lofti og var mjög áhugasamur um að Sölumiðstöðin hæfist handa á þessum vettvangi og tæki upp skipulegar

vinnurannsóknir, en hérlendis höfðu þessar vinnuaðferðir hingað til eingöngu verið notaðar í sælgætisiðnaðinum, auk fyrrgreinds framtaks Raríks.

Björn Halldórsson, sem þá var framkvæmdastjóri framleiðslumála, sýndi málefninu mikinn áhuga og hóf undirbúning verksins. Tæknideildinni var falið að hefjast handa og í því skyni voru ráðstafanir gerðar til þess að efla deildina og ráða sérfræðinga.

Árið 1958 verða því straumhvörf hjá tæknideildinni, þegar fjórir nýir sérfræðingar voru ráðnir til starfa, Ólafur Gunnarsson byggingarverkfræðingur, Helgi G. Þórðarson rekstrarverkfræðingur, Snæbjörn Bjarnason véltæknifræðingur og Rögnvaldur Johnsen hönnuður. Ólafur og Rögnvaldur sáu einkum um hönnun og byggingar frystihúsa og kælikerfa, en verksvið Helga og Snæbjarnar var að hafa yfirumsjón með framleiðslutækni, sem var nýjung innan deildarinnar.

Grundvöllur verðlagningar

Eitt fyrsta verkefni þeirra Helga og Snæbjarnar var að gera tillögur um ýmsar lagfæringar, svo sem nýskipan í húsnæði frystihúsanna með tilliti til framleiðslu- og flutningarásar. Sumarið 1960 var þeim falið að finna út beinan framleiðslukostnað í frystihúsunum, en Gísli Hermannsson hafði áður byggt upp reiknilíkan, sem meðal annars var notað í samningum um hráefnisverð.

„Það byggði á forsendum, sem menn töldu að væru annað tveggja úreltar á þeim tíma eða að menn hefðu haft vaðið fyrir neðan sig svo ríkulega, að það hefði verið alltof vilhallt frystihúsunum“, segir Helgi Þórðarson.

Í tíðum viðræðum og samningum Sölumiðstöðvarinnar á þessum árum við stjórnvöld um „starfsgrundvöll“, hafði gætt vaxandi tortryggni embættismanna um áreiðanleika þeirra útreikninga, sem SH lagði fram og þeir stundum verið hafðir að engu.[1]

Var því brýn nauðsyn á að forráðamenn Sölumiðstöðvarinnar hefðu áreiðanlegar og nákvæmar upplýsingar um framleiðslukostnað, sundurliðaðar eftir fisktegundum og mismunandi pakkningum.

Jón Gunnarsson, sem þá var framkvæmdastjóri sölumála, hafði frumkvæðið að þessum athugunum. Jóni þótti mikilvægt að upplýsingar lægju fyrir um réttan grundvöll til að verðleggja mismunandi fisktegundir og pakkningar á ólíkum mörkuðum erlendis, svo sem í Bandaríkjunum, Sovétríkjunum eða Þýskalandi, svo að unnt væri að vita af öryggi, hvort rétt væri að hafna verðtilboði á einum stað til að taka því annars staðar.

Þeir Helgi, Ólafur og Snæbjörn höfðu skamma dvöl hjá SH, réðust allir sem framkvæmdastjórar hjá frystihúsum innan vébanda Sölumiðstöðvarinnar og urðu þannig virkir þátttakendur í þeirri þróun sem framundan var og notendur þeirrar tækni, sem innleidd var á næstu árum. Helgi G. Þórðarson var framkvæmdastjóri Ishúsfélags Ísfirðinga árin 1960 til 1963, Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar 1963 til 1965 og síðan Meitilsins í Þorlákshöfn. Ólafur Gunnarsson var framkvæmdastjóri Hraðfrystistöðvar Vestmannaeyja 1959 til 1967 en gerðist þá bæjarverkfræðingur í Eyjum. Snæbjörn Bjarnason var framkvæmdastjóri Frosts hf. í Hafnarfirði 1962 til 1967.

Undirbúningur hafinn

Með auknu starfsliði tæknideildar SH á árinu 1958 var undirbúningur hafinn að nauðsynlegri skráningu á magntölum einstakra vinnsluþátta. Vinnuaðferðir og



Valdimar Þórðarson sýnir hvernig á að bregða hnífnum. Valdimar átti langan starfsferil innan SH, fyrst sem vörubílstjóri á meðan SH var enn í Mýrargötunni, og síðan sem eftirlitsmaður og leiðbeinandi.

flutningaleiðir voru skráðar kerfisbundið í því skyni að finna hagkvæmustu leiðirnar, þær sem kostuðu minnstan tíma á framleiðslueiningu. Venjan í frystihúsunum hafði verið sú að fylgjast aðeins með innvegnu hráefni, heildarvinnulaunakostnaði og endanlegu framleiðslumagni, en lítið var vitað um árangur einstakra þátta, með undantekningum þó. Þar sem skráning komst í framkvæmd leiddi hún fljótlega til betri nýtingar og lægri vinnulaunakostnaðar, og gerðist það óháð því hvort greitt væri sérstaklega fyrir afköst og nýtingu. Það kom berlega í ljós við vinnurannsóknir þessar að verkkunnáttu var áfátt og nýting í handflökun og snyrtingu ekki sem skyldi. Aðferðir sem þróast höfðu hér á landi beindust að hraða en lítið var hugsað um nýtingu. Til dæmis var karfi oftast flakaður með einu handbragði á flak (sleikjuaðferð) en með því að flaka hann eins og þorsk, sem var mun seinlegra, varð miklum mun minna af holdi eftir á beinunum, nýtingin þeim mun betri.

Í október 1960 réð SH tvo breska flakara til þess að kenna breskar flökunaraðferðir í frystihúsunum. Tveir eftirlitsmenn SH, þeir Markús Waage og Valdimar Þórðarson, unnu með Bretunum, útfærðu handtökin og stöðluðu aðferðir við flökun með aðstoð vinnurannsóknarmanna. Þeir Markús og Valdimar urðu síðan starfsmenn deildarinnar, sem brátt var farið að kalla framleiðnideild og var aðskilin frá tæknideildinni.

Sölumiðstöðin ræður norska ráðgjafa

Stjórn SH og forráðamenn töldu ráðlegt, að vel athuguðu máli, að fá erlent ráðgjafarfyrirtæki til að taka að sér kerfisbundnar vinnurannsóknir í frystihúsunum og aðstoða við að koma á ákvæðisvinnu. Niðurstaðan hlaut að hafa mikil áhrif á tekj-



Othar Hansson (með gleraugu og burstaklipptur) mylur ís yfir fisk árið 1962. Með honum eru bandarískir umboðsmenn Coldwater. Á aðalfundi SH 1961 ræddi Othar um ferð sem hann hafði farið á vegum SH til Noregs að kynna sér fiskvinnslu. Það var almennt viðurkennt að nýting aflans var ekki sem skyldi í íslenskum frystihúsum. Á tímum uppbótakerfisins hafði ríkisvaldið tryggt framleiðendum ákveðið lágmarksverð fyrir afurðina. Ef söluandvirði fisksins var lægra greiddi ríkisvaldið frystihúsunum það sem á vantaði. Því var einblínt á magn frekar en gæði og kappkostað að koma sem flestum tonnum í gegnum vinnslusalina. Þetta kom niður á nýtingunni sem kom frystihúsamönnum í koll þegar ríkisábyrgðin var afnumin 1951. Othar hirti reyndar ekki um að nefna þessa þróun en niðurstaða hans var hin sama; nýting Norðmanna var mun betri en þekktist í íslenskum frystihúsum.

ur starfsfólksins og fyrirkomulag vinnu og því um vandasamt og viðkvæmt verk að ræða og skynsamlegt að fá erlenda sérfræðinga í verkefnið. Eftir að hafa leitað fyrir sér, m.a. í Englandi og Noregi, varð að ráði haustið 1960 að semja við norskt ráðgjafarfyrirtæki, Industrikonsulent (IKO), sem hafði mikla reynslu í vinnurannsóknum og auk þess nokkra þekkingu á íslenska vinnumarkaðinum, því að einmitt það fyrirtæki hafði áður unnið hliðstætt verk fyrir Rafmagnsveitur ríkisins og komið á ákvæðisvinnu við línulagnir.

Athuganir hófust svo í ársbyrjun 1961 á fjölmennustu vinnuliðunum í frystihúsunum, annars vegar handflökun og hins vegar snyrtingu, vigtun og pökkun. Í maí 1961 sendi IKO sérfræðing, Rolf Holmar, til landsins og hóf hann þá þegar, ásamt starfsmönnum tæknideildar, tímamælingar og vinnurannsóknir í frystihúsinu Frost hf. í Hafnarfirði. Rolf Holmar reyndist einstaklega vel fallinn til verksins, vann traust þeirra, sem með honum unnu, og ekki síst starfsfólks frystihúsanna og forystu verkalýðsfélaganna í Hafnarfirði. Benedikt Sigurðsson, tæknifræðingur hjá SH, var ráðinn til þess að vinna með Rolf og fékk þjálfun hjá honum og á námskeiðum. Ýmsir fleiri Íslendingar unnu á þessum tíma með IKO-mönnum, SH og frystihúsamönnum. Auk þeirra Markúsar og Valdimars, sem að framan greinir, má telja Óskar Einarsson, Magnús Bjarnason og Jón Skúla Sigurðsson og á síðari árum Ásgeir Ragnarsson, Svein Guðmundsson o.fl.

Skilgreining verkþátta

Í árslok 1961 var búið að vinna ýmsa undirbúningsþætti, m.a. (a) að endurbæta og skilgreina handflökunaraðferðir A og B; (b) að hanna handflökunarkerfi sem gerði kleift að mæla afköst og nýtingu hvers einstaks flakara; (c) að semja verklýsingu fyrir snyrtingu, vigtun og pökkun fyrir veigamiklar pakkningar; (d) að hanna snyrtingar- og pökkunarsamstæðu þar sem þrjár stúlkur unnu saman að hámarki; (e) gera tillögur um launakerfi og (f) að gera ýmsar nauðsynlegar tímamælingar til ákvörðunar á staðalafköstum fyrir handflökun og borðavinnu.

Staðaltími er fjórþættur: tími til beinnar verkframkvæmdar, þjónustutími við verkframkvæmd, tími til persónulegra þarfa (umsaminn tími, sem er hlutfall af hinum tveimur) og þreytuviðauki. Að auki var fundinn út tími við hverja pakkningu. Staðaltími er því sá tími, sem þarf til að vinna verkið með eðlilegu atfylgi við vinnuna.

Bónusgreiðslurnar byggðust svo á því, að verkafólk hélt sínu samningsbundna tímakaupi, en væri það skemur að vinna en sem nam staðaltíma við venjulegt atfylgi, jukust tekjurnar sem því nam.

Sem dæmi má nefna, að þegar unnið var fyrir Bandaríkjamarkað á þessum tíma, var oftast flakað beinlaust, þunnildið ásamt beingarði fylgdi hrygg og haus. Þunnildin voru gjarnan tekin sérstaklega og söltuð fyrir Ítalíumarkað. Samkvæmt gömlu viðmiðunartöflunni var reiknað með að ná 29,7% í frystingu úr slægðum þorski með haus (þunnildi ekki með), segir Helgi G. Þórðarson. Verkstjórar um landið voru mjög ánægðir, ef þeir náðu um það bil 31% nýtingu. Væru þeir 2-3 prósentum yfir þessari áætlun, töldu þeir sig vera að ná sérstökum árangri. Með því að breyta flökun, vigta að og frá flökurum og fylgjast með nýtingu og kynna niðurstöðuna á hverjum degi fyrir handflökurunum og konunum í snyrtingunni, komust menn á einu ári, 1961-1962, upp í 42% nýtingu í pakka fyrir utan beingarð, þunnildi þá meðtalið, en það fór í blokk. „Gildi þess miðað við verðlag og kaupgjald á þeim tíma þýddi að 4% viðbótarnýting greiddi bein vinnulaun í frystihúsinu“, segir Helgi. Þrátt fyrir þennan augljósa ávinning breiddist bónuskerfið alls ekki hratt út innan Sölumiðstöðvarinnar.

Í mars 1962 lá niðurstaða fyrir um nokkra helstu staðaltíma í borðavinnu og handflökun. Á sama tíma fóru fram viðræður við verkalýðsfélögin og varð að samkomulagi að vinna eftir nýju launakerfi í Frosti hf., Hafnarfirði, í þrjár vikur til reynslu. Að þeim reynslutíma loknum var hafist handa að laga og samræma staðla og gera viðbótarathuganir. Á vertíð 1963 höfðu 13 frystihús tekið upp ákvæðisvinnu, annars vegar í handflökun og hins vegar í borðavinnu (snyrtingu, vigtun og pökkun). Þetta voru að vísu þau hús, sem framleiddu megnið af afurðum SH, eða 60-70%. Hús þessi voru nokkuð dreifð um landið, en voru þó aðallega á þremur svæðum, í Vestmannaeyjum, Suðvestanlands og við Ísafjarðardjúp. Það liðu hins vegar 10-15 ár þar til flest, ef ekki öll, frystihús landsins höfðu innleitt bónusinn.

Ákvæðisvinna hafði raunar tíðkast lengi í fiskvinnslu á Íslandi. Þá var yfirleitt um að ræða umsamin ákvæði, stundum kölluð „slump“-ákvæði. Samið var við verkalýðsfélögin eða beint við hóp manna, um greiðslu fyrir unnið magn. Vinnan var ekki tímamæld en í þess stað byggt á reynslu og hefð. Dæmi um slík ákvæði eru til dæmis síldarsöltun, slæging og fiskþvottur („vaskað“) upp úr salti o.s.frv. Þá er eingöngu greitt fyrir unnið magn en ekki fyrir unninn tíma.



Snyrting og pökkun. Bónuskerfið (eða kaupauka-) útrýmdi færiböndunum. Til að hægt væri að mæla afköst hvers og eins var hráefnið vigtað og fært fiskvinnslufólkinu í bökkum.

„Skipt í fjöru“

Kaupaukagreiðslur byggðust hins vegar á því að starfsfólk héldi sínu samningsbundna tímakaupi, en væri það skemur að vinna, en sem nam staðaltíma, jukust tekjurnar sem því nam.

„Það þýðir að árangrinum er skipt í fjöru en ekki beðið eftir því að hann sýni sig í hagnaði fyrirtækisins“, segir Helgi G. Þórðarson. Afkastaaukning lá bæði í auknum vinnuhraða og einföldun vinnuaðferða. Laun starfsfólksins voru í tvennu lagi, annars vegar tímalaun og hins vegar kaupauki (bónus). Í handflökun, og síðar borðavinnu, samanstóð kaupaukinn af tveimur þáttum, annars vegar afköstum og hins vegar nýtingu. Vegna þess hve mikill árangur náðist í að auka nýtingu í handflökun og hve vel var greitt fyrir nýtingaraukningu, vó nýtingarbónusinn mikið í kaupaukakerfinu og flakarar kepptu markvisst að því að auka nýtingu sína. Þetta varð til þess að fyrst í stað a.m.k höfðu góðir handflakarar mest út úr kerfinu, en það tók lengri tíma hjá borðavinnufólki að auka afköst sín og nýtingarákvæði í borðavinnu komu seinna. Það voru því handflakarar, sem fengu mestu tekjuaukninguna fyrst í stað, en það átti eftir að breytast eins og síðar er vikið að.

En bónuskerfið hafði ekki einungis í för með sér aukna framleiðni og aukna nýtingu á fiskinum, heldur einnig aukin gæði. Til þess að reka bónusinn varð að skilgreina gæði vörunnar, sem skila átti, og því var komið á sérstöku eftirliti innan húsanna sjálfra samhliða eftirliti Sölumiðstöðvarinnar.

Bónusinn varð þannig tæki til að halda utan um gæði og leiddi til aukins innra eftirlits frá því sem verið hafði. Menn vissu meira um gæði vörunnar, sem þeir seldu, og starfsfólkið allt fékk gleggri skilning á markmiði vinnu sinnar og vinnuferlinum öllum. Með bónuskerfinu breyttist þessi starfsgrein, sem hingað til hafði að verulegu leyti byggst á íhlaupavinnu og farandverkafólki, í iðnað, þar sem öguð vinnubrögð og fyrirhyggja voru í fyrirrúmi. Ytri aðstæður voru líka að breytast á næstu árum. Með skuttogaravæðingunni hverfur vertíðarbragurinn smám saman af frystihúsunum og hráefnið berst jafnar að allan ársins hring.



Neðri röð, talið frá vinstri; Benedikt Sigurðsson, Hjalti Einarsson, Valdimar Þórðarson og Markús Waage. Standandi, frá vinstri; Jón Skúli Sigurðsson, Kjartan Kristjánsson, Magnús Bjarnason, Jens Erlingsson og Óskar Einarsson. Þessir voru allir í vinnurannsóknum á vegum SH og frystihúsanna. Ljósm: Bragi Guðmundsson.

Nokkrir forgöngumenn

Þegar Hjalti Einarsson kom heim frá Bretlandi í októberlok 1963, var hann ráðinn af Birni Halldórssyni framkvæmdastjóra, sem þá hafði tekið við sölumálum af Jóni Gunnarssyni, til að annast ýmsa tilraunastarfsemi, nýjungar í vinnslu, nýjar pakkningar o.s.frv. Með öðrum orðum að sinna sérverkefnum, sem tengdust sölu og framleiðslu, samanburði á framleiðslukostnaði mismunandi pakkninga með tilliti til verðlagningar og önnur hliðstæð verkefni, störf, sem nú er farið að kalla þróunarstörf.

IKO hafði á þessum tíma opnað skrifstofu í Reykjavík og ráðið Benedikt Gunnarsson tæknifræðing til að sjá um hana. Rolf Holmar hafði farið aftur til Noregs eftir mitt ár 1963 og Benedikt tekið við störfum hans. Hann hafði áður verið starfsmaður Rafmagnsveitna ríkisins og unnið með IKO-mönnum á þeim vettvangi. Benedikt stýrði í raun um skeið starfsemi framleiðnideildarinnar varðandi vinnurannsóknir og ákvæðisvinnu í frystihúsunum sem ráðunautur og starfsmaður IKO, en enginn starfsmaður SH hafði verið settur yfir deildina.

Á miðju ári 1964 fór Einar G. Kvaran fram á það við Hjalta að hann tæki að sér að stjórna framleiðnideildinni og tæki með sér þangað þau verkefni sem hann var með. Deildin heyrði undir framleiðslusvið, en Einar G. Kvaran var framkvæmdastjóri þess, og hafði tekið við því af Birni Halldórssyni eins og annars staðar greinir. Kostnaðarsamanburður og áætlanir voru þó áfram oftast gerðar að beiðni Björns Halldórssonar og hafði hann alla tíð mikinn áhuga á starfi deildarinnar, enda söfnuðust þar upplýsingar um framleiðslu einstakra pakkninga, nýtingu og afköst, sem nýttust við samanburð á framleiðslukostnaði og ákvörðun á söluverði.

Benedikt Gunnarsson (IKO) var áfram um nokkurt skeið ráðunautur við fram-

kvæmd ákvæðisvinnunnar en þjónusta sú, sem SH keypti af IKO, fór minnkandi og fjaraði alveg út á næstu mánuðum. Þess má geta hér að Benedikt gerðist framkvæmdastjóri hægri umferðar þegar skipt var úr vinstri í hægri umferð, en Helgi G. Þórðarson keypti síðar starfsemi IKO á Íslandi og rak fyrir eigin reikning.

Undir handleiðslu Hjalta var nú unnið markvisst að því að bæta nýtingu í frystihúsunum, koma á ákvæðisvinnu hjá þeim húsum, sem voru utan við kerfið, og óskuðu eftir því að gerast þátttakendur, að vinna með fagmönnum verkalýðsfélaga og vinnuveitenda, setja staðla fyrir ýmsa verkþætti og pakkningar og ekki síst að safna og skrá ýmsar tæknilegar upplýsingar, m.a. til notkunar við gerð kostnaðaráætlana. Auk þess hafði deildin á að skipa sérmenntuðum mönnum í véltækni, sem hönnuðu vinnslubúnað og vinnslulínur fyrir frystihúsin. Þetta urðu aðalverkefni deildarinnar næstu árin ásamt því að sinna ýmsum tilraunaverkefnum.

Meðal þeirra véltæknimanna sem hönnuðu vinnslubúnað og vinnslulínur voru Benedikt Sigurðsson og síðar tæknifræðingarnir Bergur Ólafsson og Magnús Eiríksson. Þeir sem unnu að vinnurannsóknum voru allmargir. Þeir Markús Waage og Valdimar Þórðarson sinntu báðir tímamælingum og þó ekki síður verkkennslu. Þeir komu báðir úr eftirlitsdeild SH eins og að framan greinir. Síðar komu einnig þaðan meðal annarra Björn Óskarsson og Valdimar Friðbjörnsson. Áður hefur verið getið Óskars Einarssonar, Magnúsar Bjarnasonar, Jóns Skúla Sigurðssonar, Ásgeirs Ragnarssonar og Sveins Guðmundssonar. Ágúst Oddsson og Ólafur Guðlaugsson komu síðar úr hópi þeirra, sem á vegum stjórnvalda höfðu verið sendir til Noregs í nám í vinnurannsóknum, eins og síðar getur.

Frystihúsin ráða sérfræðinga og taka upp samstarf

Ákvæðisvinnan, eins og hún var byggð upp, þarfnaðist mikils eftirlits og stöðugt þurfti að setja nýja staðla. Sú vinna var ýmist unnin af starfsmönnum framleiðnideildar eða sem samstarfsverkefni frystihúsahópa. Þannig settu Vestmannaeyjahúsin fjögur, Hraðfrystistöðin, Ísfélagið, Vinnslustöðin og Fiskiðjan, upp sameiginlega skrifstofu í Eyjum, Samfrost, sem m.a. sá um framkvæmd ákvæðisvinnunnar og launaútreikninga.

Til að byrja með réðu Vestmannaeyingarnir norskan hagræðing frá IKO-mönnum, Oddvar Ingebrigtsen, og með honum tvo vinnurannsóknarmenn, Magnús Bjarnason og Óskar Einarsson. Kjartan Kristjánsson, verkfræðingur, tók við deildinni Í Eyjum á árinu 1964 og stýrði henni fram að eldgosinu 23. janúar 1973.

Frystihúsin við Ísafjarðardjúp settu af stað samstarfsverkefni undir nafninu BEIS (Bolungarvík, Eyrarhreppur, Ísafjörður, Súðavík) og höfðu um skeið tvo starfsmenn en lengst af einn. Meðal þeirra framleiðnimanna, sem unnu fyrir BEIS, voru Markús Waage, Ágúst Oddsson og Einar Ingvarsson. Samstarfsverkefni BEIS var við lýði fram til 1992 er Einar Ingvarsson gerðist starfsmaður eftirlitsdeildar (skoðunarstofu) SH.

Svipuð starfsemi var reynd á öðrum stöðum en stóð ekki lengi.

Samtök vinnumarkaðarins ráða sérfræðinga

Á árunum eftir 1964 og fram yfir 1970 komu fleiri og fleiri hús inn í ákvæðisvinnukerfið og þegar kom fram á miðjan 8. áratuginn má fullyrða að langflest hús og langstærsti hluti framleiðslunnar hafi verið kominn í kaupaukakerfi. Upp komu ýmis vandamál sem þurfti að leysa, enda launamál alltaf viðkvæm. Íslensk stjórn-



Vinnslusalur Ísbjarnarins hf. Þegar stundir liðu urðu tekjumöguleikar duglegra kvenna miklir í kaupaukakerfinu. Þetta olli óróa og voru bónusgreiðslur loks takmarkaðar þannig að þegar ákveðnum afköstum var náð hækkaði bónusinn ekki frekar þó að afköstin væru enn aukin.

völd styrktu tæknimenn til náms í vinnuhagræðingu í Noregi og voru nokkrir þeirra síðar ráðnir hjá samtökum verkafólks og vinnuveitenda og höfðu bein afskipti af ákvæðisvinnunni í frystihúsunum. Meðal þeirra voru Ágúst Elíasson og Magnús Gústafsson, sem fóru til Vinnuveitendasambands Íslands, og Bolli Thoroddsen og Kristmundur Halldórsson, sem unnu hjá Alþýðusambandinu og Verkamannasambandinu. Fleiri úr þessum hópi tengdust þó samtökum vinnumarkaðarins og frystihúsunum, svo sem Ívar Baldvinsson og Ágúst Oddsson, sem var um skeið hjá framleiðnideild SH og BEIS eins og áður greinir.

Þróun síðari ára

Ákvæðisvinnukerfið skekktist, þegar fram liðu stundir, og það skapaði eðli sínu samkvæmt mismun milli tekna einstakra manna og starfshópa. Nú fór að draga úr handflökun, er flökunarvélum fjölgaði, en vélflökun liggur ekki eins vel við ákvæðisvinnu og handflökun. Flökunarvélar eru oft með meiri afköst en fólkið í salnum ræður við, og því ekki gerlegt að flaka að vild, en það er að jafnaði forsenda fyrir ákvæðisvinnu að þátttakendur geti ráðið sínum vinnuhraða. Auk þess munaði mikið um nýtingarbónus í handflökun eins og áður greinir. Tekjumöguleikar í borðavinnu urðu, þegar fram liðu stundir, miklum mun meiri, og afkastamiklar konur höfðu „rífandi bónus“. Karlmenn voru gjarnan í þjónustustörfum, sem gáfu ekki ákvæðisvinnutekjur. Allt þetta skapaði nokkurn óróleika á vinnustöðum. Að tillögu verkalýðsforustunnar í Vestmannaeyjum var því samið um þak á bónusnum: þegar konur í borðavinnu náðu tilteknum afköstum var ekki greitt fyrir afköst umfram þak. Þá lá einnig í loftinu, þegar samkeppni var um vinnuafl og fólk vantaði í frystihúsin, að sumir atvinnurekendur reyndu að fela auknar kaupgreiðslur með því að lyfta bónusnum með aðferðum sem samrýmast engan veginn þeim faglegu vinnubrögðum sem á bak við staðlana liggja.

„Ef ráðamaður frystihúss vill umbuna einstökum starfsmönnum innan fyrirtækis á ekki að fela það í kaupaukakerfinu“, segir Hjalti Einarsson.

Óhjákvæmilega skapaðist nokkur óróleiki og öfund í kringum kaupaukakerfið og verkalýðsforustan átti stundum í erfiðleikum með sitt fólk. Starfsmenn framleiðnideildar SH urðu því stundum að gerast sáttasemjarar í frystihúsunum, en forustumenn framleiðnideildar höfðu stuðning forustumanna SH varðandi það, að staðlar væru settir á faglegum grunni. Greiðslan var samningsatriði milli samtaka verkafólks og vinnuveitenda.

Skuttogarar og aukinn afli valda straumhvörfum

Skuttogaravæðingin hafði hafist um 1970 og hún gekk hratt yfir. Mikill uppgangur var í íslenskum sjávarútvegi og mikill vöxtur í framleiðslu frystihúsanna. Þorskafli Íslendinga var 193 þúsund tonn 1967 og fór síðan vaxandi, með nokkrum sveiflum þó, er kominn í 265 þúsund tonn 1975 og 428 þúsund tonn 1980.

Þorskfrysting fór ört vaxandi og við bættist mikil loðnufrysting á fyrrihluta 8. áratugarins og í kjölfarið loðnuhrognafrysting. Það var mikil gróska í frystihúsunum, sem m.a. kom fram í aukinni tæknivæðingu. Á sama tíma áttu sér stað miklar umbætur á sviði hreinlætis- og hollustumála, fyrir tilstilli stjórnskipaðrar nefndar um hollustuhætti í fiskiðnaði, sem Sölumiðstöðin tók virkan þátt í, eins og annars staðar er vikið að. Í kjölfarið komu aðgerðir til afkastaaukningar. Allt þetta skapaði ný og stóraukin verkefni fyrir tækni- og framleiðnideildir SH.

Fiskverð var á þessum tíma ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins eða yfirnefnd þess. Gjarnan var unnið með svokallað núllhús, það er meðaltalshús, sem rekið væri án hagnaðar og án taps. Þetta þrýsti enn á bætta rekstrarafkomu. Það þýddi að ákveðin hús voru alltaf í tapi meðan önnur áttu að skila hagnaði. Jók það þrýstinginn á framleiðnideild SH að aðstoða þau hús, sem enn voru utan kaupaukakerfisins, að bæta nýtingu og auka afköst. Það var talið eðlilegt að afköst í tímavinnuhúsi hafi verið um 80% af staðalafköstum en í ákvæðisvinnuhúsum um 115%. Borðanýting hækkaði úr 84% upp í 89%. Nýting í pakka hafði farið úr 39% í 42%. Allt eru þetta þó aðeins viðmiðunartölur.

Verðmismunur milli flakapakkninga og blokkar til Bandaríkjanna hafði ætíð verið breytilegur, en í heild farið vaxandi í tímans rás. Skráningarkerfið, sem fylgdi kaupaukakerfinu, auðveldaði stjórnendum að fylgjast með því, hvernig einstök borð í vinnslusal nýttu hráefnið og höfðu þannig áhrif á afkomu fyrirtækisins, en með tímanum fóru frystihúsamenn þó að horfa á aðra þætti, til dæmis að fækka mönnum í hjálparstörfum, auka vélvæðingu og svo framvegis. Einnig var farið að huga að svokölluðu sérvinnslukerfi í stað framangreinds kerfis, sem nú var farið að kalla fullvinnslukerfi. Í sérvinnslukerfinu var notast við færibandalínu fyrir snyrtingu, vigtun og pökkun. Eftir 1980 fóru íslenskar vélsmiðjur að hanna og útfæra slíkar vinnslulínur og var þá farið að kalla þær flæðilínur.

Mannabreytingar í framleiðnideildinni

Á haustmánuðum 1974 tók Hjalti Einarsson við framkvæmdastjórastarfi hjá SH af Einari G. Kvaran sem varð framkvæmdastjóri Umbúðamiðstöðvarinnar hf. Undir Hjalta heyrðu nú sömu mál og áður höfðu heyrt undir Einar: framleiðslan, tæknimálin og innkaup samkvæmt skipulaginu frá 1962. Magnús Jóhannesson, verkfræðingur, var ráðinn deildarstjóri framleiðnideildar en nokkrum mánuðum síðar



Björn Halldórsson sýnir bandarískum umboðsmönnum hvernig farið er að í frystihúsi Júpiters og Mars árið 1962.

bauðst honum starf hjá Siglingamálastofnun ríkisins, sem hann þáði. Í hans stað var ráðinn Sturlaugur Daðason verkfræðingur, sem áður hafði verið deildarstjóri hreinlætis- og búnaðardeildar Fiskmats ríkisins. Sturlaugur stjórnaði deildinni til 1981, er hann var ráðinn verksmiðjustjóri hjá dótturfyrirtæki SH í Bretlandi, Icelandic Freezing Plants Ltd. í Grimsby. Við starfi Sturlaugs hjá SH tók þá Jón Jóhannesson matvælafræðingur, en hann tók síðan við af Sturlaugi í Grimsby á árinu 1986. Þá var Össur Kristinsson verkfræðingur ráðinn til framleiðnideildarinnar.

Þær þrjár deildir á tæknisviðinu, sem heyrðu undir Hjalta sem framkvæmdastjóra, þegar hann tók við 1974, voru eftirlitsdeild, framleiðnideild og tæknideild. Verkaskipting var þannig að eftirlitsdeildin sá um gæðaeftirlit, tæknideildin aðallega um frystivélakerfið og búnað tengdan því, en framleiðnideildin um rekstrarlegu hliðarnar, eins og áður greinir, ákvæðisvinnu og vinnuhagræðingu, vinnuleiðbeiningar, verðútreikninga, hagkvæmnisútreikninga, og einnig hönnun á vinnslulínum og tækjum.

Aukin tækni og vélvæðing

Í kjölfar aðgerða í hollustumálum og skuttogaravæðingar kom aukin vélvæðing og stækkun frystihúsanna og framkvæmdir til afkastaaukningar. Menn fóru aftur að huga að vinnslulínum og margir að hverfa frá hinum svokölluðu fullvinnsluborðum, sem voru innleidd um og eftir 1960 af norsku hagræðingarráðunautunum, eins og að framan greinir. Nú fóru menn að beina athyglinni að sérvinnsluborðum, þar sem snyrting og niðurskurður er á sérstökum borðum, vigtun á öðrum stað og pökkun á þeim þriðja. Fljótlega eftir 1980 höfðu mörg frystihús innleitt vinnslurás sérvinnslu, sem í raun var undanfari flæðilínunnar, sem tók við í flestum frystihúsanna nokkrum árum síðar. Má segja, að þá hafi menn verið búnir að fara heilan hring, því að færibandavinnsla var ríkjandi á árunum eftir stríð og fram til loka 6. áratugarins. Svipað færibandakerfi var til dæmis alla tíð í frystihúsi Júpiters og Mars á Kirkjusandi í Reykjavík, að vísu frumstæðari smíði en síðari tíma flæðilínur.

Flökunarvélar og hausunarvélar síðari tíma skila mun betri nýtingu en eldri

gerðir og hafa þannig stuðlað að aukinni framleiðni í frystihúsunum. Flestar þessara véla hafa komið frá BAADER-fyrirtækinu í Lübeck í Þýskalandi. Þannig hafa fyrstu gerðirnar BAADER 99 og BAADER 338 nær alveg horfið, en í staðinn komið BAADER 189 og síðar 184 og fleiri gerðir. Þá hefur tölvuvæðing síðari ára komið við alla þætti frystihúsareksturs. Handflökun hefur því sem næst horfið, en nauðsyn þess að fylgjast með flökunarnýtingu er enn til staðar. Með tölvuvæðingunni varð kleift að tölvutengja vogir að og frá vélum og fylgjast þannig með nýtingu einstakra vélasamstæðna, og sama gildir um borðavogir. Þær hafa í vaxandi mæli verið tölvutengdar á síðari tímum.

„Það má segja að fyrstu húsin, sem komu með heilsteypta mynd af þessu vinnsluferli, hafi verið Útgerðarfélag Akureyringa og Ísbjörninn í Reykjavík," segir Sturlaugur Daðason. „Það átti sér stað mikil uppbygging í báðum þessum fyrirtækjum. Ísbjörninn reisti nýtt fiskiðjuver við höfnina í Reykjavík og það má sennilega segja að það hafi verið eitt fullkomnasta frystihús við Norður-Atlantshaf á þeim tíma, með vinnslulínur, tölvutengingar og vélvæðingu. Útgerðarfélag Akureyringa endurbyggði öll hús um svipað leyti og fór svipaðar leiðir í tölvuvæðingu en hélt sig nokkuð við hefðbundna uppbyggingu vinnslukerfanna."

Um 1980 var nálægt 90% af framleiðslu frystihúsa SH unnin í húsum, sem voru með kaupaukakerfi, og unnið var að nýjum aðferðum við ákvæðisvinnuna. Æ fleiri þættir vinnslunnar voru teknir inn í kerfið og voru tæknimenn SH í fararbroddi í þeirri þróun sem varð.

Sturlaugur segir, að þetta hafi haft þau áhrif, að samskipti við starfsmenn frystihúsanna hafi orðið skarpari vegna þess að allar ákvarðanir höfðu áhrif á tekjumöguleika einstaklinganna. Það krafðist því formfastra samskipta varðandi skipulag vinnu. Það kallaði á samkomulag milli vinnuveitenda og verkalýðsfélaganna um nákvæma skilgreiningu um útfærslu vinnunnar en það minnkaði líka sveigjanleika innan fyrirtækjanna. Það varð erfitt að færa starfsmenn milli deilda, segir Sturlaugur, jafnframt því sem fólk var undir meira álagi við vinnuna.

Vegna þessa fóru að myndast göt í kaupaukakerfið, þar sem allt var orðið rígneglt niður og erfitt að færa starfsfólk milli vinnslutækja. Því var farið út í hópvinnukerfi, heildarbónus, eða nokkurskonar premíu, þar sem greidd var tiltekin krónutala eftir því hve mikil framleiðslan var yfir daginn og því síðan skipt milli manna í hlutfalli við unninn tíma. Með þessu var kleift að færa fólk milli staða þar sem það fékk þá greiddan meðalkaupauka hússins.

Með minnkandi þorskgengd og aukinni sókn í aðrar fisktegundir samfara fjölgun pakkninga að kröfu markaðarins jókst fjölbreytni framleiðslu, og nauðsynlegt reyndist að auka sveigjanleika þann, sem fékkst með því að færa fólk til í samræmi við álagið í vinnslunni. Það fóru því æ fleiri inn í premíu-kerfið, en þeim sem unnu í kaupaukakerfinu voru sett stífari mörk. Starfsmenn í einstaklingsákvæði voru taldir vera undir meira álagi en þeir, sem voru í premíu-kerfi. Tekjudreifingin var að sjálfsögðu meiri í kaupaukakerfinu og spennan talin vera meiri.

Kaupaukakerfið í hnút

Það er skemmst frá að segja, að í árslok 1986 virtust menn vera komnir í hnút með kaupaukakerfið, sem varð með árunum æ flóknara og kostnaðarsamara fyrir smærri hús að halda utan um. Æ fleiri gallar komu fram með hverju árinu sem leið. Áhugi fyrir breytingum og einföldun fór því vaxandi.

Um þessar mundir stóðu yfir kjarasamningar milli verkalýðsfélaga og vinnuveit-

enda. Tilraunir höfðu verið gerðar í Reykjavík að fella alla starfsmenn inn í premíukerfið, en það hafði verið gert við tilkomu flæðilínu í Hraðfrystistöðinni. Vestfirðingar voru fyrstir til að hefja samninga um breytt ákvæðisvinnukerfi. Þegar samningaviðræður hófust fyrir áramótin var mikill áhugi meðal vinnuveitenda vestra að fá fram breytingar á ákvæðisvinnukerfinu. Þeir fengu Ásgeir Ragnarsson, sem þá var starfsmaður framleiðnideildar SH, ásamt Einari Ingvarssyni, þá starfsmanni frystihúsanna við Djúp, til þess að móta einfaldara kerfi. Gerðu þeir tilraunir með nýtt kaupaukakerfi, sem reynt var á Flateyri og víðar fyrir vestan meðan samningaviðræður stóðu yfir. Um þetta kerfi náðist fljótlega sæmileg sátt, enda einfaldara í allri framkvæmd. Samningar tókust á Vestfjörðum í lok janúarmánaðar og var þá jafnhliða samið um nýtt kaupaukakerfi, sem byggt var á hópvinnu. Þetta voru fyrstu samningarnir, sem gerðir voru í þessari samningalotu. Hliðstæðir samningar voru gerðir á öðrum landssvæðum síðar. Einstaklingskaupaukinn heyrði fortíðinni til, svo og það kerfi sem notast hafði verið við í nær þrjátíu ár.

Nú, tíu árum síðar, er farið að bera á efasemdum um að nýting og afköst þeirra, sem vinna á flæðilínum, séu eins góð og þau sem náðust í fullvinnslukerfinu. Flæðilínukerfið hefur ekki boðið upp á það að fylgjast með afköstum og nýtingu einstaklinga. Nú virðist þó vera að skapast möguleiki á því, en fyrirtækið Marel hefur þróað flæðilínu, sem talin er opna möguleika til þess að taka upp einstaklingsákvæði á flæðilínum.

Framleiðnideildin annaðist alla tíð verðútreikninga og framlegðarútreikninga og með aukinni fjölbreytni í pakkningavali skapaðist enn meiri þörf á reiknilíkani til að meta hagkvæmni mismunandi pakkninga. Samfrost í Vestmannaeyjum reiknaði fyrir húsin í Eyjum arðsemi einstakra pakkninga, sem Sölumiðstöðin síðan yfirtók. Þá má geta þess að samstarfsverkefni var í gangi meðal nokkurra frystihúsa, þar sem gerður var samanburður á nýtingu í ýmsum fisktegundum, pakkningavali og arðsemi. Óskar Einarsson sá um það verkefni um árabil.

Á síðustu árum hefur mikil breyting orðið á starfsemi tækni- og framleiðnideilda. Þjónusta á byggingarsviðinu og véltæknisviði er alveg horfin og þjónusta við kaupaukakerfið færð yfir til Samtaka fiskvinnslustöðvanna (SF). Eftir að einstaklingsákvæði var lagt af og húsbónus tekinn upp, var eftirspurn eftir þjónustu sáralítil og ákvæðisvinnustaðlar hurfu nánast úr notkun. Öll gögnin voru afhent SF, og Ásgeir Ragnarsson, sem sinnt hafði þeirri þjónustu, varð starfsmaður SF.

Tækniþjónusta SH lögð niður

Þegar þrengdi að hag frystiiðnaðarins á sjöunda áratugnum varð lítið um nýbyggingar og endurnýjun og fjaraði þá út þjónusta Sölumiðstöðvarinnar á byggingasviðinu. Rögnvaldur Johnsen hætti sem starfsmaður SH árið 1967, en rak eftir það eigin hönnunarstofu, sem vann nær eingöngu fyrir frystihúsin. Meðal verka hans má nefna frystihús ÚA á Akureyri og Íshúsfélags Ísfirðinga á Ísafirði. Eftir brottför Rögnvalds varð verksvið tæknimanna SH því fyrst og fremst að þjóna frystihúsunum á sviði framleiðslu og frystingar en síðan fór þjónusta SH við frystivélarnar sömu leið.

Eftir hina miklu úttekt nefndanna tveggja, sem skipaðar voru á árunum fyrir 1970, skipulagsnefndar frystiiðnaðarins og hollustunefndar, var skipulega unnið að endurnýjun frystihúsanna um allt land og á næsta áratug tóku salarkynni þeirra, umhverfi og útlit stökkbreytingum, svo að óhætt mun að staðhæfa, að íslensk frystihús urðu einhverjar fremstu matvælaframleiðslustöðvar í heimi.



Í nóvember 1974 lét Einar G. Kvaran, framkvæmdastjóri, af störfum hjá SH en við tók Hjalti Einarsson. Undir hann heyrðu þrjár deildir á tæknisviðinu; eftirlitsdeild, framleiðnideild og tæknideild að viðbættum innkaupum og lager. Miklu seinna tók Hjalti að sér framkvæmdastjórn framleiðslu- og flutningamála og sýnir myndin starfsfólk hans þá. Fremri röð, talið frá vinstri; Þorsteinn Auðunn Pétursson, Hjalti Einarsson, framkvæmdastjóri, og Ingibjörg Kolbeins. Aftari röð, frá vinstri: Guðrún Jenný Sigurðardóttir, Lára Konráðsdóttir, Kristín Bragadóttir, Magnea Magnúsdóttir, Halldóra Emilsdóttir, Óskar Einarsson, Ingvar Sveinsson, Haraldur Þórðarson, Kristín Harðardóttir og Solveig Pétursdóttir. Á myndina vantar lestunarmennina þrjá, Baldur Marinósson, Markús Markússon og Óla Kr. Jóhannsson, og eru þá allir starfsmenn Hjalta taldir.

Við endurskipulagningu Sölumiðstöðvarinnar 1985 voru tæknideild og framleiðnideild sameinaðar aftur í eina tæknideild. Starfsmenn deildarinnar héldu áfram að aðstoða húsin við framlegðarútreikninga og pakkningaval. Sölumiðstöðin hefur á síðari árum dregið úr hagsmunagæslu fyrir frystihúsin og hefur hún færst yfir til Samtaka fiskvinnslustöðvanna og þangað fóru framlegðarútreikningarnir einnig.

Guðmundur Ásgeirsson, tæknifræðingur, annaðist þjónustu á frystivélasviðinu, eftir að Baldur Sveinsson hætti fyrir aldurs sakir, og Magnús Valdimarsson, tæknifræðingur, hafði tekið við af Bjarna Guðjónssyni. Nú var svo komið að frystihúsin voru í vaxandi mæli farin að ráða til sín sérfræðinga á tæknisviði og ráðgjafarverkfræðingar að hasla sér völl um land allt. Því var það að tæknideildin var lögð niður á árunum 1993 til 1994 og Guðmundur Ásgeirsson varð yfirmaður innkaupadeildar en Magnús Valdimarsson hafði hætt hjá SH nokkrum árum áður.

Með þessum breytingum lauk löngum og þýðingarmiklum kafla í starfsemi Sölumiðstöðvarinnar. Með ákvæðisvinnukerfinu voru vinnubrögð samræmd í öllum húsunum innan vébanda félagsins og reynsla hinna bestu færð á milli húsa. Við þetta skapaðist miklu meiri festa í framleiðslunni og allar nýjungar í tækni og vinnubrögðum bárust mjög fljótt um landið. Hvert frystihús hafði möguleika á að bera sig saman við önnur og öll rekstrarstaðan varð mönnum ljósari. Samtökin urðu líka samþjappaðri og heilsteyptari fyrir vikið.

Örðugt tímabil – en glæsilegt

Þrátt fyrir örðugt efnahagsumhverfi, stöðuga verðbólgu með tilheyrandi gengiskollsteypum, eins og rakið hefur verið hér að framan, hlýtur tímabilið, sem hefur verið hér til umfjöllunar, að teljast farsældarskeið í sögu SH, einkum eftir 1970.

Mikil festa er í yfirstjórn fyrirtækisins og mannabreytingar ekki miklar. Eyjólfur Ísfeld Eyjólfsson setur mark sitt á allt þetta tímabil sem framkvæmdastjóri og forstjóri, eða nærri aldarfjórðung. Hann er fulltrúi SH og frystiiðnaðarins í stjórnkerfinu, situr í margvíslegum opinberum ráðum og nefndum og túlkar málstað samtakanna þar. Stjórnarformaðurinn, Gunnar Guðjónsson, gegnir stöðu sinni í 17 ár, frá dauða Elíasar Þorsteinssonar 1965 til 1982. Hann hefur á sér rólyndissvip bresks hefðarmanns, er andlit samtakanna út á við og leiðir hið félagslega starf með mikilli prýði. Með yfirstjórn sölumála fara tveir menn, Björn Halldórsson til 1977 en eftir það Árni Finnbjörnsson til 1984. Árni sér um hinn þýðingarmikla Sovétmarkað allan þennan tíma. Með yfirstjórn framleiðslumála, fara líka tveir menn, Einar G. Kvaran til 1974 en Hjalti Einarsson síðan.

Það er Ameríkumarkaðurinn sem er aflvélin í fyrirtækinu. Þar á Þorsteinn Gíslason nær óslitinni velgengni að fagna í tvo áratugi. Í krafti þess, að ekki þarf að óttast að önnur íslensk fyrirtæki komi í bakið á Coldwater með undirboð, er Coldwater ráðandi aðili á ameríska markaðnum fyrir fryst flök. Þótt á ýmsu velti með verðlag á blokkum – sem lúta heimsmarkaðsverði – fer verðið á frystum þorskflökum aðeins eina leið – upp. Þorsteinn þarf aldrei í sinni forstjóratíð að lækka verðið á flökunum, en þrýstir því upp jafnharðan og aðstæður leyfa og er alltaf verulega yfir verði keppinautanna. Jafnframt eykst fiskmagnið jafnt og þétt með skuttogaravæðingu og þeirri útfærslu fiskveiðilögsögunnar, sem gerir Íslendingum kleift að sitja einir að sinni fiskislóð. Við öllu tekur Ameríkumarkaður á stöðugt hærra verði.

Sovétmarkaðurinn sér um jafnvægið. Árna Finnbjörnssyni tekst að auka magnið og fjölbreytni fisktegundanna á þann markað, nánast eftir því sem á þarf að halda með auknum veiðum og aukinni sókn í aðrar tegundir en þorsk. Þessir tveir markaðir bæta þannig hvor annan upp og eru fullnægjandi á þessum tíma.

Þótt naumt sé skammtað um afkomugrundvöllinn nýtur frystiiðnaðurinn að öðru leyti velvildar stjórnvalda og velþóknunar lánakerfisins. Á grundvelli þeirra úttekta, sem gerðar voru á hag og skipulagi greinarinnar um og fyrir 1970 er aðgangur greiður að lánsfjármagni til endurbóta og uppbyggingar. Stjórnvöld og sölufyrirtækin kappkosta að iðnaðurinn standi feti framar þeim kröfum, sem öflugar neytendahreyfingar í Bandaríkjunum berjast fyrir að séu lögfestar þar í landi. Forráðamönnum frystihúsanna er það líka kappsmál að laga þau að þeim kröfum, sem skuttogaravæðingin og sívaxandi afli gera um aukin afköst og bættan búnað húsanna og umhverfi þeirra.

Stoðdeildir SH eru líka mjög virkar á þessum árum. Gæðaeftirlitið er aukið og

vinnur mjög náið með innra eftirliti frystihúsanna sjálfra. Fjölmennt starfslið er í kringum kaupaukakerfið, sem breiðist út til flestra húsanna smám saman, vinnubrögð eru samræmd og framleiðsluferillinn allur í sífelldri endurskoðun. Einnig er tæknideildin mjög öflug á þessum árum og starfsmenn hennar ferðast um landið við uppsetningu tækja og eftirlit með vélum og frystikerfum. Búnaður, verkþekking og tækni berst því ört milli aðildarhúsanna. Snertifletirnir milli starfsliðs SH og starfsfólks húsanna eru því margir utan hinnar eiginlegu sölu á afurðunum. Á þessum tíma hverfur vertíðarbragurinn af flestum húsanna og frystingin verður að stórum hluta iðngrein fastráðins og vel þjálfaðs fólks, sem temur sér markviss og öguð vinnubrögð.

Geysifjölmennar ferðir verkstjóra og annars starfsfólks húsanna og SH til að kynna sér rekstur Coldwater og verksmiðjunnar vestanhafs og síðar til Grimsby skapa líka aukinn skilning á rekstri og markaðsstarfi SH og dótturfyrirtækjanna. Fjölmargir frammámenn í stjórnmálum og opinberum stofnunum taka einnig þátt í slíkum ferðum og erlendir viðskiptavinir og sölumenn eiga þess kost að koma til Íslands og kynna sér framleiðslustarfsemina. Erlendir fjölmiðlamenn sækja landið einnig heim og íslenskum starfsbræðrum þeirra býðst að kynna sér starfsemi SH erlendis og hún nýtur meiri skilnings og velvilja í fjölmiðlum hér en oft áður.

Á þessum tíma eru alls staðar aukin umsvif og vöxtur. Sennilega hefur markaðsstarfið, framleiðslan, og þjónusta SH við hvort tveggja, aldrei verið samhæfðara en á þessum tíma né sú tilfinning almennari, að innan samtakanna séu allir að keppa að sama marki: Að vinna úr vaxandi afla vandaða vöru, sem seljist fyrir hæsta verð.

Hér að framan hefur verið rakið hversu þröngur stakkur afkomu frystihúsanna var skorinn á þessum tíma óðaverðbólgu og ofstjórnar á atvinnulífi landsmanna. Samt var það svo, að sú bjartsýni sem braust fram með þjóðinni við að ná fullum yfirráðum yfir auðlindum sínum fann sér farveg í frystiiðnaðinum og gerbylti honum við örðugar aðstæður. Í minningu margra frystihúsamanna er því ákveðinn ljómi yfir þessum tímum. Iðandi umsvifin ber hæst, en örðugleikarnir eru gleymdir.

V 1946-1991
Sovéski markaðurinn

Viðskiptin við Sovétríkin og önnur ríki Austur-Evrópu hafa ævinlega verið með allt öðrum hætti en viðskipti á frjálsum mörkuðum og á sama tíma umdeildari hér innanlands. Í fyrsta lagi hlutu þau að byggjast á pólitískri ákvörðun og frumkvæði ríkisvaldsins. Fisksalinn gat ekki farið neinar leiðir, sem venjulegar eru í viðskiptum: Sent sýnishorn og kynnt vöru sína, verð hennar og gæði og síðan áreiðanleika og þjónustulipurð fyrirtækis síns.

Milliríkjasamningar og jafnkeypi

Upphaf slíkra viðskipta var ævinlega með milliríkjasamningum, þar sem samið var í stórum dráttum um magn, vöruflokka og afhendingartíma hinnar seldu vöru. Þar sem nær ævinlega var um jafnkeypisviðskipti að ræða þurfti jafnframt að semja um magn, vöruflokka og afhendingartíma hinnar keyptu vöru. Um þetta voru gerðir svonefndir rammasamningar, en að þeim gerðum hófust svo samningar við hin eiginlegu fyrirtæki, sem keyptu og seldu. Í þessum viðskiptum fléttuðust því ævinlega saman starfsemi sölufyrirtækjanna, innflutningsfyrirtækja, bankanna og ríkisvaldsins, þ.e. utanríkis- og viðskiptaráðuneytis. Um eiginlega sölumennsku er því vart að ræða, enda á seljandinn þess engan kost að kynna sér óskir neytandans, né þarf hann nokkru að kosta til kynningar á vörunni, svo að hún seljist.

En það, að seljandinn á þess engan kost að komast í tengsl við sjálfan markaðinn og það fólk, sem vörunnar neytir, þýðir hins vegar það að land eins og Ísland varð, eftir að viðskipti voru komin á, að eiga verulegan hluta þjóðarútflutningsins undir stjórnmálalegum hagsmunum og duttlungum þessa stórveldis. Sú hætta blasti alltaf við, að Sovétmenn ákvæðu einn góðan veðurdag að láta þessi viðskipti falla niður með öllu – eins og þeir höfðu raunar gert árið 1947. Undir það síðasta voru þeir líka nánast orðnir sjálfum sér nógir með fisk og hlutur Íslands í innflutningi þeirra á fiski orðinn nálægt 80%.

Það er því eðlilegt að vegna þessarar áhættu væru þessi viðskipti jafnan umdeild. Ekki síst þegar við bættist að vegna þessara viðskipta varð beinlínis að slaka á þeirri yfirlýstu stefnu íslenskra stjórnvalda eftir 1960 að auka frjálsræði í verslun og viðskiptum. Olíukaupin af Rússum gengu auðvitað þvert á þá stefnu. Og staðreyndin er sú, að undir það síðasta beittu Sovétmenn sér fyrir því að færa þessi samskipti þjóðanna yfir á grundvöll frjálsra viðskipta en Íslendingar streittust af alefli á móti, enda töldu þeir það stríða gegn sínum hagsmunum og auka hættuna á því að botninn dytti úr þessum viðskiptum með öllu.

Frumkvæði íslenskra stjórnvalda

Það virðist óhætt að slá því föstu, að það hafi frá fyrstu byrjun verið Íslendingar, sem leituðu á um viðskipti við Sovétríkin. Á árinu 1927 var gert í Moskvu „samkomulag varðandi verslunar- og siglingaviðskipti þjóðanna."

Í kjölfar þess var þrívegis flutt út nokkurt magn af saltsíld (1927: 25 þúsund tunnur; 1930: 30 þúsund tunnur; 1936: 19 þúsund tunnur). Innflutningur frá Sovétríkjunum var einnig lítill og óreglulegur og sum árin áttu engin viðskipti sér stað. Einkum var flutt inn timbur og kornvara og lítilsháttar af olíu.

Það er fyrst með breytingu fiskverkunar á Íslandi yfir í hraðfrystingu, sem Íslendingar hafa stöðugt framboð af vöru í verulegum mæli, sem hentað gæti þessum markaði. Öllum var þá líka ljóst að í stærð þessa markaðar fólust miklir möguleikar, ef Íslendingum tækist að ná þar fótfestu. „Hugmyndir íslenskra ráðamanna um möguleika á viðskiptum við Sovétríkin voru hins vegar mjög óraunhæfar, bæði meðan stjórn Björns Þórðarsonar var við völd og eftir að nýsköpunarstjórn Ólafs Thors tók við."[1]

Í stríðslok stóðu mál þannig að Íslendingar höfðu byggt upp einhvern öflugasta frystiiðnað í heimi. En sá böggull fylgdi skammrifi að hann hafði verið byggður upp á viðskiptum við eina þjóð í undantekningarástandi stríðsáranna. Matvælaöflun var hluti af stríðsrekstrinum og breska ríkisvaldið keypti allan fiskafla Íslendinga, en Bandaríkjamenn önnuðust greiðslur í dollurum. Var það hluti af láns- og leiguaðstoð („lend-lease") Bandaríkjanna við Bretland.

Í stríðslok mátti sjá fyrir erfiðleika með sölu á þessu feikna magni af frystum fiski, strax og forsjár ríkisvaldsins hér heima og í viðskiptalöndunum nyti ekki við. Fiskneysla hlaut að minnka í viðskiptalöndunum, þegar landbúnaðarframleiðslan kæmist í samt horf. Víðast vantaði frystikeðjuna til að sjá fyrir því að frysti fiskurinn kæmist óskemmdur á borð neytandans. Með vaxandi útgerð ófriðarþjóðanna mátti búast við harðnandi samkeppni við „ferskan" fisk um leið og neysluvenjur sæktu í sama horf og fyrir ófriðinn. Aðeins eftirsóttustu vörur eins og síldarlýsi var hægt að selja í „hörðum gjaldeyri." Fram undir daga Marshalláætlunarinnar og fyrstu ár hennar var ríkjandi gjaldmiðilskreppa í öllum löndum Evrópu. Almennt höfðu því ríkisstjórnirnar hönd í bagga um öflun matvæla og jafnkeypisviðskipti voru hinn almenni viðskiptamáti. Það lá í loftinu árið 1945, að breska ríkisstjórnin mundi draga úr innkaupum sínum á frystum fiski og þegar fyrir árslok hafði hún tilkynnt að hún mundi draga verulega úr kaupum á frystum fiski frá Íslandi á árinu 1946. Í ágúst hafði ríkisstjórn Bandaríkjanna þegar hætt öllum greiðslum fyrir matvæli til Bretlands.

Sendiför til Moskvu

Þannig var þá ástatt, þegar Pétur Benediktsson, sendiherra í Moskvu, og Einar Olgeirsson, alþingismaður, fara í sendiför um Austur-Evrópu, Sovétríkin, Pólland og Tékkóslóvakíu í september og október 1945 í því skyni að koma á viðskiptum milli landanna. Nýsköpunarstjórnin stóð þá á hátindi veldis síns. Sósíalistar voru þar valdamiklir og höfðu alltaf haft trú á mörkuðum í Móðurlandinu, í kreppulausu hagkerfi, þar sem hægt var að gera samninga langt fram í tímann. Kannski smitaði þessum áhuga yfir á aðra aðila stjórnarinnar. Enga þá hugmyndafræðilegu örðugleika þurfti að yfirstíga, sem síðar komu til skjalanna með köldu stríði. Sovétmenn voru bandamenn meðal sigurvegara í stríði gegn alræmdri harðstjórn og



Rauða torgið í Moskvu. Myndina tók Ólafur Jónsson, fyrsti samningamaður SH í Moskvu. Þar áttu íslenskir samningamenn eftir að eiga mörg spor á leið til funda eða í þungum þönkum vegna seinagangs Rússanna. Það var ekki að ástæðulausu að Einar Sigurðsson sagði eitt sinn á stjórnarfundi SH að það sem réði úrslitum í samningum við Rússa væri gott úthald.

nutu aðdáunar um allan heim fyrir að hafa molað stríðsvél Hitlers á sléttum Austur-Evrópu. Gleymdur var griðasáttmáli Hitlers og Stalíns, hreinsanir og morðæði síðustu áranna fyrir stríð. Þjóð, sem hafði varið föðurland sitt svo vasklega, hlaut, að margra áliti, að vera sátt við þjóðskipulag sitt og forystu. Loks hafði stríðið gert víðtæk ríkisafskipti af framleiðslu og dreifingu nauðsynleg og óhjákvæmileg. Sá stríðssósíalismi hafði verkað. Kannski gæti sósíalískt hagkerfi verkað á friðartímum? Alls staðar voru menn reiðubúnir að láta sósíalismann njóta efasemdanna. Kommúnistar tóku sæti í ríkisstjórn í flestum ríkjanna, sem hernumin höfðu verið af nasistum.

Áhugalausir Sovétmenn

Sendiráðið í Moskvu var eitt fyrstu sendiráðanna sem Ísland stofnaði til á eftir sendiráðum í Bretlandi, Bandaríkjunum og í Svíþjóð. Stjórnmálasamband við Sovétríkin var tekið upp haustið 1943. Var Pétur Benediktsson sendur til Moskvu þegar vorið 1944. Var þetta öðrum þræði gert til að fá opinbera viðurkenningu Sovétríkjanna á sjálfstæði hins íslenska lýðveldis, en jafnframt voru sendiherranum gefin mjög ákveðin fyrirmæli um að vinna að því að koma á viðskiptum milli landanna. Vann Pétur mjög ötullega að þeim málum, eins og í öllum þeim löndum, þar sem hann gegndi sendiherraembætti. Ráðuneyti utanríkisviðskipta í Moskvu sýndi hins vegar engan áhuga á Íslandsviðskiptum, benti meðal annars á að skipakost vantaði.

Eins og áður segir er það í september 1945, að Pétur Benediktsson og Einar Olgeirsson eru gerðir út af örkinni til markaðsleitar í Finnlandi og Austur-Evrópu. Að þessu sinni eru þeir 16 daga í Moskvu og fór mestur tíminn í bið eftir viðtölum við hlutaðeigandi embættismenn. Á þessum tíma fengu þeir eitt viðtal í utanríkisviðskiptaráðuneytinu og tvö viðtöl í utanríkisráðuneytinu, þar af annað við Visjinski, fyrsta varautanríkisráðherra. Í lok október komu þeir aftur til Moskvu og

voru þá 12 daga og tókst eftir mikinn eftirrekstur að fá eitt viðtal í utanríkisviðskiptaráðuneytinu og var þá einungis tilkynnt, að málaleitun þeirra væri í athugun. (Í bókinni „Ísland í skugga heimsvaldastefnunnar“ telur Einar Olgeirsson þá félaga hafa rætt við Mikojan viðskiptamálaráðherra. Pétur Thorsteinsson telur hér „sýnilega um misminni“ Einars að ræða, þótt hugsanlegt sé að hann hafi einn fengið viðtal við Mikojan meðan á dvöl hans og Péturs Benediktssonar stóð í Moskvu. (Hvort eitthvert samhengi er milli þessa „misminnis“ og þess hlutverks Mikojans, sem rakið er hér á eftir, skal ósagt látið). En þrátt fyrir þennan mikla áhuga og eftirrekstur Íslendinga var það ekki þeim að þakka að þessi viðskipti komust á. Hjá Sovétmönnum höfðu viðskipti ævinlega öðrum þræði pólitískt ívaf og hér var það sem alþjóðastjórnmál komu í spilið.

Samið í Moskvu 1946

Um sömu mundir og Pétur Benediktsson og Einar Olgeirsson eru í Moskvu tilkynnti Bandaríkjastjórn ríkisstjórnum Bretlands og Sovétríkjanna, að hún væri um það bil að leggja fram beiðni um herstöðvar á Íslandi og 1. október bar hún slíka beiðni síðan formlega fram við ríkisstjórn Íslands. Engar mótbárur heyrðust frá Sovétstjórninni fyrst í stað. Hefur þess verið getið til að stjórnin í Moskvu hafi haft til athugunar að gera samkomulag við Bandaríkin um að Sovétmenn fengju herstöðvar í öðrum Norðurlandaríkjum. Sovétmenn höfðu þegar á árinu 1944 leitað hófanna við Norðmenn um möguleika á herstöð á Svalbarða. Eftir að deilur hófust snemma á árinu 1946 vegna þess að Sovétmenn fóru ekki á brott með herlið sitt frá Norður-Íran varð ekki lát á áróðri af hálfu Sovétríkjanna og fylgjenda þeirra vegna aðstöðu Bandaríkjamanna á Íslandi. Kom þessi afstaða meðal annars fram í ummælum V. M. Molotovs á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna um þetta leyti (sbr. hér á eftir). Viðræðum Íslendinga og Bandaríkjamanna um herstöðvar var frestað í byrjun desember 1945. Mál þetta var því í biðstöðu er Sovétmenn sendu Íslendingum boð gegnum íslenska sendiráðið í Moskvu um viðskiptaviðræður 6. mars 1946.

Íslendingar brugðu skjótt við og sendimenn þeirra voru komnir til Moskvu 18. apríl og hófu viðræður daginn eftir, á föstudaginn langa. Í sendinefndinni að heiman voru þrír menn: Eggert Kristjánsson stórkaupmaður, Jón Stefánsson skrifstofustjóri Síldarútvegsnefndar og Ársæll Sigurðsson framkvæmdastjóri.[2]

Þá stóð svo á að Pétur Benediktsson, sendiherra í Moskvu, hafði í janúar verið skipaður sendiherra í Frakklandi og var um þessar mundir að koma upp sendiráðinu þar. Var því Pétur Thorsteinsson, þá starfsmaður íslenska sendiráðsins í Moskvu, skipaður formaður samninganefndarinnar.

Meginregla Sovétríkjanna í viðskiptum frá upphafi vega var, eins og áður segir, að um gagnkvæm viðskipti væri að ræða, svonefnd jafnkeypisviðskipti. Höfðu þeir meðal annarra nýgert samninga við Norðmenn á þeim grundvelli. En þegar frá fyrsta samningafundi varð ljóst að ætlunin var að gerðir yrðu kaup- og sölusamningar í dollurum milli sovéskra stofnana og íslenskra aðila. Var það að sjálfsögðu miklu hagstæðara fyrir Íslendinga, ekki síst vegna takmarkaðra möguleika á vörukaupum frá Sovétríkjunum.

Það tromp, sem Íslendingar höfðu helst á hendinni í milliríkjasamningum um viðskipti á þessum fyrstu árum eftir stríðið, var sala á síldarlýsi. Gífurlegur feitmetisskortur var ríkjandi í heiminum eftir styrjöldina og lýsið ákaflega eftirsótt. Þetta hagnýttu íslenskir samningamenn sér í samningunum við Breta 1946-1948

og sömdu þá um að Bretar keyptu hraðfrystan fisk í hlutfalli við það síldarlýsi sem afhent yrði. Rússar voru nú beittir sama bragðinu. Eini gallinn á þessu fyrirkomulagi var sá að í hönd fóru lélegar síldarvertíðir og nýttist þetta tromp því ekki í framkvæmd eins og vonir stóðu til. Síldarlýsi og saltsíld var þó selt með fyrirvara um veiði og verkun, þannig að ekki kom til skaðabótagreiðslna, þótt ekki yrði unnt að standa við samninga. Var þetta ákvæði raunar Rússum mikill þyrnir í augum og lá við að slitnaði upp úr samningum vegna þess.

Þessar fyrstu samningaviðræður í Moskvu stóðu í rúmar 6 vikur og voru haldnir 16 samningafundir, sumir mjög langir. Niðurstaðan varð sú að útflutningur til Sovétríkjanna nam um 20% af heildarútflutningi Íslands, innflutningur þaðan um 9% af heildarinnflutningnum og mismunurinn greiddur í dollurum. Hefðu vonir manna um síldveiðar ræst, hefði þetta hlutfall orðið mun hærra. Í samningnum hafði verið kveðið á um kaup Sovétmanna á allt að 12 þúsund tonnum af síldarlýsi, sem í framkvæmd urðu aðeins 5.700 tonn; umsamið hámarksmagn af saltsíld var 100.000 tunnur, en afhentur var innan við helmingur. Auk þess voru seld um 15.000 tonn af frystum fiskflökum og var það allt afhent. Var það mikill léttir fyrir frystiiðnaðinn eftir samdráttinn á breska markaðnum.

Í staðinn keyptu Íslendingar 7 þúsund „standarda“ af timbri og 30 þúsund tonn af kolum, sem afhent voru í Póllandi.

Mikojan gengur í málið

Um samningaviðræðurnar í Moskvu veturna 1946 og 1947 er fjallað ítarlega í riti Péturs Thorsteinssonar „Utanríkisþjónusta Íslands og utanríkismál“. Þar er m.a. skýrt frá áhuga eins af aðalráðamönnum Sovétríkjanna, Anastas I. Mikojans þáverandi viðskiptaráðherra, á samningsviðræðunum við Íslendinga. Segir þar ennfremur að á fyrstu fjórum samningafundunum hafi sovésku viðsemjendurnir verið heldur stirðir viðskiptis og virst hafa lítinn áhuga á viðræðunum. En á fimmta fundinum um þremur vikum eftir að samningarnir hófust, breyttist andrúmsloftið:

„Þennan dag, 8. maí, sagði Stepanov, formaður viðsemjenda, eitthvað á þá leið, að hann vonaði að samningar tækjust og lét þess síðan getið – og sagði það eins og það væri mikill heiður fyrir okkur Íslendingana – að Mikojan ráðherra hefði sjálfur persónulega mikinn áhuga á þessum samningum. Eftir því sem orð féllu mátti ráða að Stepanov hefði alveg nýlega uppgötvað þennan áhuga.

Eftir þetta var miklu léttara yfir viðræðunum og í nokkur skipti, þegar þær virtust ætla að stranda, kvaðst Stepanov ætla að bera hlutaðeigandi vandamál undir ráðherrann. Leystist síðan úr vandanum Íslendingunum í vil. Í lok viðræðnanna virtist ætla að slitna algerlega upp úr samningunum. Sovétmenn vildu ekki sætta sig við veiði- og verkunarfyrirvarann að því er snerti saltsíldina og síldarlýsið. Þeir kváðust aldrei hafa keypt vörur án þess að seljandinn ábyrgðist afgreiðslu á öllu hinu umsamda magni. Fyrirvarinn var hins vegar algert skilyrði af hálfu Íslendinga og sendimennirnir þrír að heiman gerðu ráðstafanir til að fljúga til Stokkhólms án þess að samningarnir tækjust. Á síðustu stundu kom fundarboð frá Sovétmönnum og varð þá endanlegt samkomulag.“[3]

Eftir 8. maí var íslensku samningamönnunum einnig sýnd mikil gestrisni. Þeim voru tvívegis haldnar kvöldveislur, þeim var boðið á óperusýningu og tvívegis var þeim auk þess boðið í stórveislur Molotovs utanríkisráðherra. Önnur þeirra var haldin fyrir hina nýju stjórnendur Póllands og hin til heiðurs Tító marskálki og föruneyti hans. Um lok viðræðnanna segir í skýrsludrögum Péturs Thorsteinssonar:

Bjarni Benediktsson var utanríkisráðherra í „Stefaníu." Hér er hann allmörgum árum síðar í heimsókn hjá Coldwater í Bandaríkjunum. Guðni Gunnarsson, verksmiðjustjóri, fylgist með ráðherranum smakka fiskstauta. Þrátt fyrir stjórnmálaskoðanir sínar var Bjarna það kappsmál að koma á góðum viðskiptasamböndum í austurveg og viðhalda þeim.



„Um klukkan 11 að kvöldi mánudagsins 27. maí voru samningarnir loks undirritaðir. Rússarnir tóku þá upp konjak og eitthvað af sætum vínum. Á eftir vorum við boðnir inn til Mikojans ráðherra . . . Við ræddum við Mikojan í 10-15 mínútur. Mikojan sagði m.a. að mikill tími og fyrirhöfn hefði farið í þessar samningagerðir og nú væri áríðandi að staðið yrði við samningana."[4]

Samningarnir 1947

Miklu tregar gengu samningaviðræður árið eftir, 1947. Samningalotan hófst 22. febrúar. Tók hún fjóra mánuði. Milli 30 og 40 fundir voru haldnir og leið oft langt á milli funda. Í þessum viðræðum var Pétur Benediktsson sendiherra formaður íslensku samninganefndarinnar, en komst þó ekki til Moskvu fyrr en 11. mars. Gegndi Pétur Thorsteinsson formennskunni í fjarveru hans. Aðrir nefndarmenn voru Björn Ólafsson fyrrverandi ráðherra, Erlendur Þorsteinsson framkvæmdastjóri Síldarútvegsnefndar, Helgi Pétursson, framkvæmdastjóri hjá SÍS og Ársæll

Sigurðsson framkvæmdastjóri. Ráðunautur var Sveinn Jónsson útgerðarmaður frá Sandgerði. Þrír nefndarmanna fóru þó heim í apríl, en þeir Helgi Pétursson og Ársæll urðu eftir ásamt Pétri Benediktssyni.

Þá stóðu mál þannig, að herstöðvabeiðni Bandaríkjanna hafði verið hafnað með gerð Keflavíkursamningsins 7. október 1946, en jafnframt hafði nýsköpunarstjórnin fallið með úrsögn sósíalista og farið frá völdum rúmum hálfum mánuði áður en þessir samningar hófust (4. febrúar 1947). Tók þá við ríkisstjórn undir forsæti Stefáns Jóhanns Stefánssonar („Stefanía"). Utanríkisráðherra í þeirri stjórn var Bjarni Benediktsson, en með viðskiptamál fór Emil Jónsson.

Vonbrigði

Svo er að sjá sem Íslendingar hafi gert sér miklar vonir um árangur viðræðnanna. Þær rættust ekki, hvorki að því er snerti fjölbreytni útflutningsafurða né magn. Samið var um sölu á allt að 15 þúsund tonnum af síldarlýsi. Eins og í samningunum við Breta 1946-1948 voru tengsl milli síldarlýsisins og frysta fisksins. Á móti hverju hálfu öðru tonni sem afgreitt yrði, áttu Sovétmenn að taka á móti 1 tonni af frystum fiskflökum, að hámarki þó 10 þúsund tonnum. Einnig var samið um sölu á allt að 105 þúsund tunnum af saltsíld og 2000 tonnum af þorskalýsi. Hefði verið unnt að afgreiða hámarksmagn af síldarlýsi og saltsíld samkvæmt samningunum hefði andvirði íslensku afurðanna numið um 15 milljónum dollara, en andvirði keyptra sovéskra vara um 2.2 milljónum dollara eða 12,8 milljónum dollara Íslendingum í hag. Sambærileg tala árið áður var 9,7 milljónir dollara Íslendingum í hag. Að þessu sinni vildu Sovétmenn þó ekki lofa því að allur mismunurinn yrði greiddur í dollurum, eins og árið áður, og var samið um að hluti hans yrði greiddur í sterlingspundum eða svissneskum frönkum. Síldarvertíðin brást sumarið 1947, eins og árið áður, svo að miklu minna var afgreitt af síldarafurðum en samningar heimiluðu.

Niðurstaðan var sú að afhent voru 7.840 tonn af frystum flökum, 2.197 tonn af saltsíld, 9.500 tonn af síldarlýsi og tæp 1.800 tonn af meðalalýsi. Á móti keyptu Íslendingar 5 þúsund „standarda" af timbri, nokkuð af krossviði, 60 þúsund tonn af pólskum kolum og 15 þúsund tonn af austur-þýsku sementi.

Fimm ára hlé á viðskiptum

Þrátt fyrir miklar tilraunir af Íslendinga hálfu til framhalds þessum viðskiptum, datt hér botninn úr þeim allt til 1953. Er hægt að leiða getum að því að utanríkispólitískir atburðir hafi hér átt hlut að máli. Nokkrum vikum eftir að samningarnir í Moskvu voru undirritaðir, eða í júlí 1947, gerðust Íslendingar aðilar að Marshalláætluninni og því viðreisnarstarfi sem þar var unnið á hagkerfum Evrópu. Stalín bannaði hins vegar ríkjunum á áhrifasvæði Rússa að taka þátt í Marshalláætluninni. Þann 24. febrúar 1948 frömdu kommúnistar valdarán í Tékkóslóvakíu og hafði það mikil áhrif á almenningsálit um allan hinn vestræna heim, hér á landi ekki síður en annars staðar, þótt ekki vildu ráðamenn blanda þeim málum inn í viðskipti landanna. Þann 24. júní 1948 lokuðu Rússar öllum samgönguleiðum á landi til Berlínar og stóð sú lokun í 323 daga. Má segja að með þeirri aðgerð hafi kalda stríðið breyst úr orðasennum í aðgerðir. Í janúar 1949 stofnuðu Sovétmenn svo til Markaðsbandalags Austur-Evrópuríkja, COMECON, og dró eftir það mjög úr viðskiptum þeirra vestur á bóginn. Þann 30. mars 1949 kom svo innganga Íslendinga í NATO.

Um mitt ár 1950 hófst Kóreustyrjöldin. Í kjölfar hennar gerðu Ísland og Bandaríkin síðan með sér herverndarsamninginn í maí 1951. Á tíma Kóreustyrjaldarinnar 1950-1953 voru raunar öll viðskipti milli austurs og vesturs almennt í lágmarki. Það var því ekki fyrr en á árinu 1953, sem skilyrði sköpuðust aftur til að taka upp þráðinn frá 1947 í viðskiptum landanna. Þá var Stalín dauður.

Samhengi viðskiptanna og alþjóðastjórnmála

Í áðurnefndu riti Péturs Thorsteinssonar eru þessi viðskipti að nokkru sett inn í veruleika alþjóðlegra stjórnmála eins og hann var á þessum tíma. Honum segist svo frá:

„Við viðskiptaviðræðurnar milli Íslands og Sovétríkjanna vorið 1946 komu aldrei fram óskir af hálfu Sovétmanna um jafnvirðiskaup, þótt Sovétmenn hefðu þá nýlokið samningum við Norðmenn á þeim grundvelli. Þeir buðust strax í upphafi til að greiða verulegan mismun á andvirði vörukaupa og vörusölu í dollurum. Árið 1947 voru Sovétmenn einnig reiðubúnir til að greiða samsvarandi mismun í dollurum og/eða sterlingspundum og/eða svissneskum frönkum. Í hinni erfiðu efnahagsstöðu Sovétríkjanna eftir styrjöldina var þessi gjaldeyrir, sem notaður var til að greiða fisk, lýsi og síld frá Íslandi, Sovétmönnum dýrmætur. Nokkuð ljóst er að ákvörðun Sovétríkjanna um gjaldeyrisgreiðslur til Íslands 1946 og 1947 var tekin af stjórnmálalegum ástæðum, en ekki af því að þörfin fyrir frystan fisk, síld og lýsi væri svo brýn.“[5]

Í rauninni eru til sovéskar heimildir fyrir því að þessu hafi einmitt verið þannig varið. Pétur Thorsteinsson nefnir bókina Auðhringir í Bandaríkjum Ameríku og lönd Norður-Evrópu eftir Pavel Risakov og út kom í Moskvu árið 1956: „Þar eru tilfærð ummæli V. M. Molotovs utanríkisráðherra Sovétríkjanna á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 1946 í fyrstu nefndinni, þar sem hann ræðir átök milli Íslands og Bandaríkjanna út af herstöðvum og fordæmir afstöðu Bandaríkjamanna. Segir höfundur, að rödd sovéska ráðherrans hafi verið hvatning og uppörvun fyrir íslenska föðurlandsvini í baráttu þeirra fyrir sjálfstæðri tilveru Íslands og bætir við að Sovétmenn hafi sýnt stuðning sinn með raunhæfum aðgerðum er sýndu fúsleika sovétstjórnarinnar til að taka upp samskipti við Ísland á jafnréttisgrundvelli, sem stuðluðu að hagkvæmri lausn á vandamálum íslensku þjóðarinnar.

Á árunum 1946 og 1947 keyptu Sovétríkin frá Íslandi mikið af ýmsum fiskafurðum og auðvelduðu Íslendingum með því lausn vandamála við sölu útflutningsafurða þeirra. Með þessu voru sköpuð skilyrði til að gera íslenskan útflutning óháðari breskum og amerískum fyrirtækjum.“

Pétur bætir við: „Eins og öll skrif um opinber málefni, sem birtust í Sovétríkjunum, túlkaði bók þessi sýnilega skoðanir og viðhorf sovéskra stjórnvalda.“[6]

Sovétmönnum boðinn helmingur útflutningsafurða Íslands

Hafi sá verið megintilgangur Sovétmanna með þessum viðskiptum að gera íslenskan útflutning óháðari fyrirtækjum auðvaldsríkjanna þá bauðst þeim enn stórkostlegra tækifæri árið eftir, 1948. Í upphafi þess árs var Sovétmönnum boðið að kaupa hvorki meira né minna en nær helming af öllum aðalframleiðsluvörum landsins. Af sovéskum vörum átti að kaupa á móti sem svaraði allri ársþörf Íslend-

inga af kornvöru (hveiti, rúgmjöli, haframjöli, hrísgrjónum) og fóðurvörum (maís, hveitiklíði, höfrum, byggi o.fl.), auk 25 þúsund tonna af kolum til heimila og togaraflotans. Hér var í rauninni boðið upp á að Ísland yrði háð Sovétríkjunum bæði með útflutning og innfluttar lífsnauðsynjar. En svo undarlega brá við að nú höfðu Sovétmenn ekki áhuga. Engin svör bárust frá Moskvu. Sovétmenn keyptu þó mikið síldarmagn af Norðmönnum þetta ár og viðskiptafulltrúi Sovétmanna í sendiráðinu í Reykjavík lét í veðri vaka að hann hefði mikinn áhuga á áframhaldandi viðskiptum og setti fram ýmsar tillögur í þá átt. Erfitt er þó að sjá að full alvara hafi verið á bak við þau tilboð.

Í nóvember 1948 óska Íslendingar eftir viðræðum um viðskipti á árinu 1949 á svipuðum nótum og 1946-1947. Eftir mikinn eftirrekstur sendiráðsins í Moskvu er svarað í apríl 1949. Viðræður eru hafnar í júní 1949 við sovéska verslunarfulltrúann í Reykjavík en renna út í sandinn. Sovétmenn vildu nú ekki heyra minnst á frystan fisk og léðu ekki máls á kaupum á öðru en saltsíld og síldarlýsi og verðhugmyndir þeirra voru langt frá hugmyndum Íslendinga, bæði hvað snerti íslenskar vörur og þeirra eigin. Í nóvember 1949 og seint á árinu 1950 er sendiráðinu í Moskvu falið að leita eftir viðræðum við sovésk stjórnvöld um viðskipti milli landanna. Þær tilraunir báru engan árangur. Þá var sendiráðinu lokað. Árin 1951 og 1952 er óskað eftir viðræðum með milligöngu sovéska sendiráðsins í Reykjavík, einnig án árangurs. Sölumiðstöðin gerði tilraunir til að selja fisk til Sovétríkjanna fyrir milligöngu skrifstofu sinnar í Prag. Síldarútvegsnefnd reyndi að nota viðskiptasambönd sín við hlutaðeigandi sovéska einkasölu á saltsíld án árangurs. Í júní 1952 átti forstjóri SÍS, Vilhjálmur Þór, viðræður við sovéska kollega sína á alþjóðafundi samvinnumanna í Reykjavík. Lýstu þeir áhuga á viðskiptum, en þegar svör bárust eftir langan tíma voru þau neikvæð.

Þannig er ljóst að það eru Íslendingar sem stöðugt knýja á um viðskipti við Sovétríkin, en Sovétmenn ljúka ekki upp dyrum nema þegar þeim hentar. Og næst hentaði þeim ekki fyrr en Stalín var hallur af heimi og fyrsta þíðan hófst aftur í samskiptum Sovétríkjanna og Vesturveldanna, 1953. En þá stóð aftur svo á, að þau sinnaskipti komu Íslendingum einstaklega vel. Baráttan um útfærslu landhelginnar var hafin og Bretar höfðu sett löndunarbann á íslenska togara.

Sovétviðskiptin endurvakin

Um mitt ár 1952 hafði hafist löndunarbann á íslenskum fiski í breskum höfnum. Um fjórðungur botnfiskafla landsmanna hafði farið til Bretlands. Við missi þess markaðar jókst framleiðsla á saltfiski, skreið og frystum fiski, en jafnframt jukust erfiðleikar á sölu þeirra afurða. Hingað til hafði framleiðsla frystihúsanna svo til eingöngu verið unnin úr bátafiski af dagróðrabátum. Nú bættist togarafiskurinn við. Framleiðsla á frystum fiski árið 1952 hafði verið meiri en nokkru sinni fyrr, eða nálega 35 þúsund tonn, og um þriðjungur þess magns átti ekki að afskipast fyrr en á fyrri hluta árs 1953, en þetta torveldaði mjög sölu á framleiðslu ársins 1953. Birgðir í árslok 1952 voru 12.160 tonn. Um þessar mundir hófu togararnir einnig karfaveiðar í stórum stíl. Erfitt reyndist hins vegar að finna markað fyrir karfann.

Árið 1952 hófu Íslendingar að senda fulltrúa á árlegan fund Viðskiptanefndar Efnahagsnefndar Evrópu (ECE) í Genf. Sendimaður Íslendinga þá var Kristján Albertsson, fulltrúi við sendiráðið í París. ECE er ein af undirnefndum Fjárhags- og félagsmálaráðs Sameinuðu þjóðanna, sett á stofn 1947. Undir forystu fram-



Í mars 1946 fengu Íslendingar boð um að Sovétmenn hefðu áhuga á að gera við þá viðskiptasamning, þann fyrsta eftir seinna stríð. Pétur Thorsteinsson, starfsmaður í íslenska sendiráðinu í Moskvu, var í forsæti íslensku samninganefndarinnar er hóf störf í kjölfarið. Samningar tókust og voru endurnýjaðir árið eftir en síðan duttu viðskipti þjóðanna niður til 1953. Á myndinni er Pétur lengst til vinstri með þeim Ólafi Jónssyni í Sandgerði (í miðið) og Helga Péturssyni en þeir sátu allir í samninganefndinni sem endurnýjaði viðskiptin við Sovétmenn 1953.

kvæmdastjórans, sænska hagfræðingsins Gunnars Myrdals, var reynt að gera nefndina að vettvangi samskipta Vestur- og Austur-Evrópuríkja, einkum á sviði viðskipta.

Íslendingar bregðast skjótt við

Við andlát Stalíns 4. mars 1953 voru ýmis teikn á lofti um að Sovétmenn hefðu nú aukinn áhuga á viðskiptum við Vesturlönd og brá Myrdal skjótt við og boðaði til sérstaks fundar í nefndinni um viðskipti þessara ríkja 13.-25. apríl. Þar tjáðu Sovétmenn sig reiðubúna til að auka viðskiptin við Vestur-Evrópu upp að því hámarki sem viðskipti viðkomandi lands og Sovétríkjanna höfðu náð eftir heimsstyrjöldina. Þar stóðu Íslendingar vel að vígi eftir hin miklu viðskipti á árunum 1946-1947. Þórhallur Ásgeirsson var fulltrúi á þessum fundi fyrir Íslands hönd. Þórhallur fór vel undirbúinn á fundinn. Ríkisstjórn Steingríms Steinþórssonar var mjög áfram um að hann kannaði endurupptöku viðskipta við Sovétríkin, ekki síst ráðherrar Sjálfstæðisflokksins, Bjarni Benediktsson, sem fór með utanríkismál, og Ólafur Thors, sem var atvinnuráðherra. Sovéski sendifulltrúinn í Reykjavík var beðinn að koma því á framfæri við stjórn sína að óskað væri eftir sérstökum viðræðum við fulltrúa Sovétríkjanna á fundinum um þessi mál. Lagði Þórhallur fram strax í upphafi lista yfir þær vörur, sem Íslendingar óskuðu að selja Sovétmönnum, og einnig yfir þær vörur, sem til greina kæmi að kaupa þaðan. Sovésku fulltrúarnir lofuðu að senda svör til Reykjavíkur.

Þrem vikum síðar, hinn 14. maí, flutti sovéski sendiherrann Þórhalli Ásgeirssyni þau skilaboð að áhugi væri á kaupum á því magni af frystum þorskflökum og saltsíld, sem hann hefði nefnt í Genf, og var íslenskri sendinefnd boðið til Moskvu til viðræðna. Var nú skipuð samninganefnd undir formennsku Péturs Thorsteins-

sonar sendiherra. Aðrir nefndarmenn voru Ólafur Jónsson frá Sandgerði, fulltrúi SH, Helgi Pétursson hjá SÍS og Bergur G. Gíslason stórkaupmaður, fyrir hönd innflytjenda. Komu nefndarmenn til Moskvu 2. júní og dvöldu þar í tvo mánuði.

Sovétmenn tregðast við

Formaður sovésku sendinefndarinnar og aðrir nefndarmenn komu frá einkasölunni Prodintorg, sem annaðist út- og innflutning á matvælum. Enginn þeirra talaði erlend tungumál, en túlkur þeirra talaði sæmilega ensku. Kom sér nú vel að Pétur Thorsteinsson var ágætur rússneskumaður.

Íslenska nefndin lagði megináherslu á sölu frystra fiskflaka. En Sovétmenn kváðust ekki geta keypt frystan fisk. Kom fram, að þeir voru alls ekki sammála Íslendingunum um hvað hefði gerst fram að þessu, bæði í viðræðunum við Þórhall í Genf og viðræðum Þórhalls og Péturs Thorsteinssonar við sendifulltrúa Sovétstjórnarinnar í Reykjavík, sem og í skeytaskiptum Prodintorgs og Síldarútvegsnefndar. Sovétmennirnir héldu því fram að þeir hefðu einungis fallist á að ræða kaup á saltsíld í vöruskiptum fyrir kornvöru og sement. Þeim var bent á, að Prodintorg hefði í símskeyti til Síldarútvegsnefndar samþykkt að greiða 50 þúsund tunnur af Norðurlandssíld í frjálsum sterlingspundum. Þeim var fengin í hendur ensk þýðing á skýrslu Þórhalls Ásgeirssonar, og Pétur Thorsteinsson rakti fyrir þeim ummæli sovéska sendiherrans í Reykjavík lið fyrir lið.

Þegar Sovétmennirnir svo sannfærðust um, að Íslendingum var alvara að kaupa ýmsar vörur af þeim fóru þeir að linast hvað varðaði aukin flakakaup og aukið síldarmagn. Vandinn var bara sá, hvað kaupa átti af Sovétmönnum í staðinn. Af sovétvörum höfðu Íslendingar einna mestan áhuga á kornvöru. Þá var verð á landbúnaðarvörum á Vesturlöndum hins vegar óvenjulágt og hríðfallandi. Voru verðtilboð Rússa fremur óhagstæð, en þó samdist um kaup á miklu magni. Dugði það þó skammt til að vega upp á móti fiskkaupum Sovétmanna. Timbur, sem á árunum eftir stríðið hafði verið aðalinnflutningsvaran, gátu Íslendingar ekki keypt, þar eð þeir voru bundnir af langtímaviðskiptasamningi við Finna um timburkaup þaðan í skiptum fyrir saltsíld. Sementsverksmiðjan var þá ekki tekin til starfa og gátu Sovétmenn boðið fram verulegt magn af sementi frá Austur-Þýskalandi.

Olíur og bensín

En allt hrökk þetta fremur skammt þar til Sovétmenn gerðu tillögu um olíur og bensín. Kom þetta íslensku sendinefndinni á óvart þar sem Sovétmenn höfðu jafnan verið ófúsir til að láta þær vörur af hendi, enda „harðar“ vörur, sem fá mátti fyrir dýrmætan og eftirsóttan vestrænan gjaldeyri. Að athuguðu máli, og þrátt fyrir andstöðu íslensku olíufélaganna, var samið um kaup á ársbirgðum af olíum og bensíni. Aðeins flugvélabensín var undanskilið, þar eð Sovétmenn kváðust ekki geta afgreitt það. Urðu olíuvörur aðaluppistaða innflutningsins, um það bil 80% af heildarverðmæti hans, og hélst sú hundraðstala lítt breytt allan tíma sovétviðskiptanna. Þessi kaup ollu nokkrum blaðaskrifum í Vestur-Evrópu og þóttu Íslendingar djarfir að rjúfa þannig tengsl við bresk og bandarísk olíufélög.

Strax 1954 urðu Sovétríkin næststærsta viðskiptaland Íslendinga og 1958 varð það langstærst með 20% heildarviðskiptanna. Á þessum vinstristjórnarárum komust viðskiptin við vöruskiptalöndin upp í 40% af heildarutanríkisviðskiptum þjóðarinnar.

Annar hornsteinn utanríkisstefnunnar

Samningar voru undirritaðir 1. ágúst 1953. Gerð þeirra þótti merk tíðindi á Íslandi. Í útvarpsávarpi í tilefni af samningunum sagði Bjarni Benediktsson, þáverandi utanríkisráðherra: „Þetta eru mikil tíðindi og góð, því að engin þjóð er jafnháð utanríkisverslun um afkomu sína og við Íslendingar. Með samningum þeim, sem nú hafa náðst, hefur verið seldur þriðjungur freðfiskframleiðslu landsins á þessu ári og svipaður hluti af væntanlegri framleiðslu næsta árs. Einnig hefur selst 1/3 hluti af áætluðu saltsíldarmagni Norður- og Austurlands í sumar, og að minnsta kosti helmingur af væntanlegu saltsíldarmagni Suðvesturlands í sumar og haust og verulegt magn af freðsíld þaðan. Í staðinn fyrir þessar afurðir fáum við nauðsynjavörur svo sem brennsluolíur, bensín, kornvörur, sement og járnvörur. Mega þetta teljast hagstæð skipti.“[7]

Pétur Thorsteinsson bendir á kringumstæður samninganna. Þegar viðræðurnar í Moskvu hófust hafði löndunarbannið í Bretlandi staðið í um það bil ár. Að öllum jafnaði var samningagerð við Sovétmenn tímafrek og þung í vöfum. Í þessum samningum skapaðist fljótlega létt og skemmtilegt andrúmsloft og Sovétmenn sýndu mikla lipurð. Má telja víst að sovéskir stjórnmálamenn hafi talið að fisklöndunarbannið gæti mögulega gefið þeim tækifæri til að tefla Íslendingum gegn bandamönnum þeirra í NATO, ef þeir sjálfir héldu skynsamlega á málum. Örugg, hagstæð og stöðug viðskipti með freðfisk austur á bóginn gætu orðið til að stappa í Íslendinga stálinu og skapa Sovétmönnum möguleika á að reka fleyg í varnarsamstarfið á Norður-Atlantshafi. Auk þess sköpuðu þau möguleika á ýmsum samstarfstilraunum á öðrum sviðum, sem síðar mætti heimfæra til annarra Norðurlanda eða Vestur-Evrópulanda. Loks gáfu þau Sovétmönnum tækifæri til að vera hér á landi með miklu fjölmennara starfslið en svaraði til stærðar og mikilvægis þjóðarinnar.

Engum manni gat verið þetta betur ljóst en Bjarna Benediktssyni. Samt beitti hann sér fyrir því að koma þessum viðskiptum á og viðhalda þeim allt frá fyrstu dögum sínum í sæti utanríkisráðherra á árinu 1947. Má örugglega telja þetta annan meginþáttinn í utanríkisstefnu hans, jafnframt því sem hann lagði áherslu á að tengjast nágrannalöndunum sem traustustum böndum á sviði varnarmála, menningar og viðskipta. Sem dæmi um fordómaleysi hans í þessum efnum má nefna að eftir að Viðreisnarstjórnin hóf víðtækar ráðstafanir til þess að efla frelsi í viðskiptum, gætti hann þess jafnan að sú stefna hefði ekki neikvæð áhrif á viðskiptin við Sovétríkin. Gekk þetta svo langt, að þegar Sovétmenn lögðu til að viðskipti landanna yrðu framvegis í frjálsum gjaldeyri 1965, höfnuðu Íslendingar því snarlega, enda óttuðust þeir að við það mundu viðskiptin leggjast af.

Mun líka nánast óhætt að fullyrða að þessi viðskipti gáfu okkur aukið svigrúm í utanríkisstefnu okkar, sérstaklega hvað varðar útfærslu fiskveiðilögsögunnar, sem var eitt megininntak hennar næsta aldarfjórðunginn.

Enn má nefna, að eftir að viðsjár jukust og spenna magnaðist í alþjóðasamskiptum eftir byggingu Berlínarmúrsins 1961, hófust umræður í Atlantshafsráðinu um að stöðva öll verslunarviðskipti við Sovétríkin og fylgiríki þeirra. Ákváðu ríkin síðan hvert á fætur öðru að taka þátt í slíku banni en Ísland tregðaðist við. Í byrjun nóvember 1962 höfðu öll Nato-ríkin nema Ísland samþykkt slíka áætlun, en Íslendingar áttu þarna langmestra hagsmuna að gæta. Að lokum heimilaði ríkisstjórnin íslensku fastanefndinni hjá NATO að skrifa undir áætlunina með þessum fyrirvara:

„Vegna viðskiptasamninga og þýðingar Austur-Evrópumarkaðar fyrir Ísland annarsvegar og þess hinsvegar, að ekki er enn tryggt að íslenskar útflutningsafurðir geti notið Vestur-Evrópumarkaðar, getur Ísland, meðan svo stendur, engar fyrirfram skuldbindingar tekið á sig um þátttöku í viðskiptabanni á Sovétblokkina, en með því að tillaga þessi felur ekki í sér neinar slíkar fyrirfram skuldbindingar og það er á valdi hverrar þjóðar að taka ákvörðun um þátt í viðskiptabanni, ef til kemur, og í trausti þess að ekki verði gripið til viðskiptabanns, nema því aðeins að styrjöld sé yfirvofandi eða viðskiptabann sé eina leiðin til að afstýra styrjöld, samþykkir Ísland tillöguna.“[8]

Pólitísk markmið Sovétmanna

Hins vegar er hollt að hafa í huga þegar þessi viðskipti eru metin, að í augum Sovétmanna voru viðskipti aldrei eingöngu viðskipti, heldur snerust öðrum þræði um stjórnmálalegan ávinning og áhrif. Hvort Sovétmönnum virtist ávinningur þessara viðskipta svara kostnaði þegar upp var staðið tæpum fjörutíu árum síðar, skal ósagt látið. Á hinu leikur varla nokkur vafi að Íslendingar spiluðu kænlega á þá áráttu Sovétmanna að láta viðskipti snúast um eitthvað annað og meira en viðskipti – og geta með nokkru stolti litið yfir farinn veg í viðskiptum landanna.

Þýðing Sovétmarkaðar fyrir fiskvinnsluna

Í fyrsta lagi léttu sovétviðskiptin mjög á mörkuðunum á Vesturlöndum. Ameríkuviðskiptin höfðu tekið mjög vel við sér eftir gengisfellinguna miklu 1950, en verulegur skriður fór ekki að koma á þau fyrr en einmitt á þessum árum þegar Íslendingar stilltu sér í fararbrodd þeirra sem framleiddu blokkir, sem voru að slá í gegn sem undirstaða verksmiðjuframleiddra, tilbúinna fiskrétta í Bandaríkjunum.

Enn var frystikeðjan mjög vanburða í Evrópu nema helst í Bretlandi, sem hafði frá upphafi hraðfrystiiðnaðarins verið aðalmarkaðsland okkar og – á stríðsárunum – eina viðskiptalandið. Með löndunarbanninu í kjölfar landhelgisdeilunnar lokaðist markaðurinn ekki aðeins fyrir fryst flök. Enn meira máli skipti að þá lokaðist fyrir siglingar togaranna með ísfisk. Þessi fiskur varð nú að fara í salt – þar voru markaðirnir þröngir líka – eða til frystingar. Hefði sovétmarkaðurinn ekki opnast er næsta víst að markaðirnir hefðu yfirfyllst og verðið fallið. Uppbygging frystiiðnaðarins í landinu hefði þá orðið önnur næstu tvo áratugina og þróun mála mun hægari, því að þrátt fyrir mikilvægi Bandaríkjamarkaðar fullnægði hann einn og sér ekki möguleikum og þörf hins ört vaxandi frystiiðnaðar.

Vaxtarbroddur útgerðar

Eitt úrræði togaranna var að fara á karfaveiðar. Gallinn var sá að markaðirnir í hefðbundnum viðskiptalöndum okkar voru ekki tilbúnir til að taka við karfanum, allra síst í miklu magni. Strax 1954 kom hins vegar í ljós að Sovétmenn tóku karfann fram yfir þorskinn. Á þeim grundvelli var hægt að auka sóknina í karfann og fór veiðin vaxandi. Eftir að karfamiðin frægu fundust við Nýfundnaland 1958 komst ársaflinn upp í 100 þúsund tonn.

Hefði ekki sovéski markaðurinn verið tilbúinn til að taka við langmestu af því magni, má ganga að því sem vísu, að verðið hefði kolfallið og ef til vill ekki borgað sig að stunda þennan veiðiskap. Þær karfaveiðar, sem hafnar höfðu verið fyrir



Myndin er af aðalfundi SH 1965 og sýnir þá Jóhannes Stefánsson, Neskaupstað, til vinstri, og Pál Janus Þórðarson, Súgandafirði, fremsta. Fyrir aftan þá lúta Hjalti Einarsson, framkvæmdastjóri SH, og Marteinn Jónasson, Reykjavík, yfir stjórnarskýrslu. Vigfús Þórðarson, Stokkseyri, er við gluggann í sömu sætaröð. Yfir Hjalta sér í Jón Jónsson, Hafnarfirði. Aftastir sitja Baldur Jónsson, Ísafirði, og Guðmundur Páll Einarsson, Bolungarvík, úti við gluggann. Þessi aðalfundur var fyrir margar sakir eftirminnilegur. Elías Þorsteinsson var nýlega látinn og hafði Sigurður Ágústsson tekið við stjórnarformennskunni á meðan leitað var eftirmanns Elíasar. Þá var Jón Gíslason allur en hann hafði setið í stjórn SH frá 1955. Ólafur Thors andaðist um áramótin á undan en hann hafði ávallt verið ákaflega hlynntur SH og í góðu vinfengi við Elías Þorsteinsson. Fleira var samtökunum mótdrægt. Þorskveiðar áttu undir högg að sækja vegna mikillar samkeppni við síldina. Allir vildu í uppgripin á síldinni. Höfðu SH-menn af því ærnar áhyggjur að línuveiðar væru að leggjast af, bæði vegna síldveiðanna og hins að línufiskurinn væri ekki borgaður nógu vel. Sjálfsagt hefur meirihluti fundarmanna einnig verið því samþykkur að verja vöruskiptin við Sovétríkin þótt ekki kæmi það til umræðu á aðalfundinum 1965.

heimsstyrjöldina fyrir atbeina Fiskimálanefndar, höfðu byggst á því að bræða hann í lýsi og mjöl. Engar stórveiðar var lengur hægt að byggja á þeim grundvelli.

Karfamoksturinn stóð ekki lengi. Strax 1960 var farið að draga úr veiðinni og þar sem viðskipti landanna voru farin að komast í alvarlega úlfakreppu vegna minnkaðs afla á vetrarvertíð og aflabrests á síldveiðum 1961 var farið að athuga möguleika á því að selja til Sovétríkjanna aðrar fisktegundir. Eftir því sem veiðarnar þróuðust var unnið að því að koma inn í samninginn við Sovétmenn sem flestum fisktegundum og ýmsum pakkningum er í notkun voru fyrir aðra markaði á þessum tíma. Samningarnir voru í höfuðatriðum tvískiptir og skýr greinarmunur gerður á flökum og heilfrystingu. Framleiða mátti nær allar bolfisk- og flatfisktegundir upp í heilfrystisamninginn. Verðið var oftast eitt og hið sama fyrir allar tegundir og létu Sovétmenn sig engu varða í hvaða magni hver tegund var afgreidd hverju sinni. Í flakasamningnum var þetta ekki eins rúmt, en hagkvæmt eigi að síður. Ufsaflökum var haldið sér, að minnsta kosti síðustu árin, ákveðið magn og á

lægra verði með tilvísun til heimsmarkaðsverðs. Karfi, grálúða, steinbítur, langa og fleiri bolfisktegundir voru á hærra verði og heildarmagn þess hluta flakasamnings meira síðari árin, án sundurliðunar á einstaka tegundum. Þetta þýddi það, að Sovétmarkaðurinn tók á heimsmarkaðsverði við þeim birgðum, sem ekki hafði tekist að selja á fullnægjandi verði á aðra markaði. Með þessum samningum var tryggt að SH hafði val. Afgreiðslutíminn var rúmur, óbundinn innan samningstímans, sem oftast var 10-12 mánuðir. Ef birgðir hlóðust upp vegna verðlækkunar eða sölutregðu á aðra markaði, var í senn hægt að auka framleiðsluna á Sovétríkin og jafnvel um leið afgreiða flök, sem upphaflega voru ætluð á aðra markaði, ef markaðs- og framleiðsluforsendur studdu slíkt. Væru birgðir til dæmis miklar við áramót var kappkostað að tæma geymslurnar sem fyrst og koma fiskinum til Sovétríkjanna. Væru markaðsaðstæður hins vegar hagstæðar á öðrum mörkuðum var framleiðslan fyrir Sovétmarkaðinn hins vegar oft látin sitja á hakanum þar til á síðari hluta ársins. Var ómælt hagræði að þessu fyrir íslensku framleiðendurna. Mun á engan hallað þegar fullyrt er, að Árni Finnbjörnsson, sölustjóri og síðar framkvæmdastjóri sölumála hjá SH, átti drýgstan þátt í að sveigja árlegu sölusamningana í þetta horf.

Eftir að tókst að vekja áhuga Sovétmanna á tegundum, sem áður hafði lítið verið sinnt og lítið verið veiddar, voru skapaðir nýir möguleikar fyrir útgerðina jafnt og fiskvinnsluna. Árið 1961 var byrjað að selja þeim steinbít og ári síðar bættust við langa, ufsi og ýsa. Ufsinn varð þó langmikilvægastur þessara nýju tegunda. Hann komst fyrst á blað 1961 með 21 tonn en var kominn í 7.600 tonn 1970.

Langan var 700 tonn 1962 og hélst mikið til í því magni síðan milli ára. Í góðum aflaárum tvö- og þrefaldaðist þó þessi útflutningur. Keilan kemst á blað 1969 með 71 tonn, 170 tonn árið eftir.

Veiðar á grálúðu hófust 1957 og selur SH þá 3,5 tonn til Hollands. Á næsta áratug selst hún í litlu magni til Sovétríkjanna, Hollands, Belgíu, Vestur-Þýskalands og Englands. Veiðin virðist hafa fallið niður árin 1966-68, en á árinu 1969 eru framleidd 1.200 tonn á vegum SH og er selt til Bandaríkjanna og Vestur-Þýskalands. Árið eftir hófst útflutningur hennar til Sovétríkjanna, sem kaupa 1.550 tonn og tóku síðan lengi vel við meiru en 90% af magninu. Sovéski markaðurinn stóð þannig undir vexti og þróun grálúðuveiðanna. Síðar varð grálúðan eftirsóttur fiskur annars staðar, einkum í Japan. Keilan hafði verið verkuð í skreið fram að því að Nígeríumarkaðurinn lokaðist, en varð þó tæpast verslunarvara fyrr en sovétmarkaðurinn tók við henni.

Þannig má segja að verulegur vaxtarbroddur í útgerðinni hafi átt rætur í sovéska markaðnum. Margir voru hins vegar á því að sovétviðskiptin væru vafasöm, jafnvel neikvæð, fyrir frystiiðnaðinn. Sovétmarkaðurinn gerði alltof litlar kröfur um vöruvöndun, gæði, pakkningar og umbúðir. Þannig væri hætta á að iðnaðurinn drægist aftur úr í tæknilegri þróun, drabbaðist niður og yrði einnig ófær um að halda uppi þeim orðstír sem hann hafði getið sér á hinum kröfuharða markaði Bandaríkjanna.

Bjargaði aflahrotum

En á móti þessum ókostum vógu líka töluverðar málsbætur. Vinnsla fyrir ameríska markaðinn var hæggeng og tímafrek. Í aflahrotum vetrarvertíðar og þegar stórir togarafarmar bárust að landi var útilokað að vinna allt í dýrar smáumbúðir, beinhreinsa og snyrta, auk þess sem hráefnið, og þá einkum netafiskurinn, var ekki



Karfi flakaður í frystihúsi Haralds Böðvarssonar um 1950. Í viðskiptum sínum við Íslendinga tóku Sovétmenn nánast allt sjávarfang gott og gilt. Árni Finnbjörnsson orðaði þetta svo á aðalfundi SH 1965 að það væri nokkuð sama hvað væri afgreitt upp í samningana við Rússa, „ . . . svo lengi sem kvikindið er sívalt og með köldu blóði og lifði í sjó." Árið eftir tóku Sovétmenn einnig að kaupa fiskinn heilfrystan, fyrst þorsk, ýsu og lýsu en aðrar tegundir fylgdu í kjölfarið. Flökin héldu þó áfram að vera uppistaðan í viðskiptunum.

alltaf af þeim gæðastaðli, sem slík vinnsla krefst. Rússneska pakkningin varð því til að bjarga í frystingu fiski, sem ella hefði farið í skreið, verðlága saltfiskflokka eða jafnvel fiskimjöl.

Eins og áður sagði, þurfti engum tíma eða kröftum að eyða til að fylgjast með kröfum neytenda í Sovétríkjunum eða sjá við markaðsbrögðum keppinauta. Verkun flakanna var jafnan einföld og fljótleg. Sovétmenn gerðu í upphafi mjög strangar kröfur, sendu hingað eftirlitsmenn og kvörtuðu hástöfum undan ýmsum göllum. En þegar fram í sótti kærðu þeir sig kollótta um einstaka beinflís, holdrosa var þeim sama um, og þeir hættu fljótlega að gera veður út af einstaka hringormi.

Reyndar var, ár eftir ár, langur kafli í samningnum um gæðamál en jafnframt var bæði opinbera, íslenska fiskmatinu og innra gæðakerfi sölusamtakanna greinilega treyst. Í kerfi Sovétmanna var sérstakt matvælaeftirlit og vitað var til þess að sýni væru tekin við móttöku vöru í viðtökuhöfn, þó í litlum mæli væri.

Pökkun flakanna var frá upphafi til enda hin sama. Pergamentsörk var vafið utan um sjö ensk pund af flökum og þau fryst. Eftir frystingu var átta slíkum pökkum stungið í pappakassa og honum lokað með stálböndum. Þannig fékkst kassi, sem var 56 lbs. og var það jafnframt farmeiningin („master carton" eða „shipping unit". Pakkning þessi var fyrst tekin upp fyrir Breta í síðasta stríði og þaðan er enska vogarmálið komið). Þetta er talin elsta pakkning SH og hélst í þessu formi fram til loka viðskiptanna við Sovétríkin 1991.

Mikilvægi sovéska markaðarins lá kannski ekki síst í því að þangað var hægt að selja fisktegundir og fisk, sem lítill eða enginn markaður var fyrir annars staðar. Viðhorfum margra frystihúsamanna er kannski best lýst með ummælum sem höfð eru eftir brautryðjendum í greininni: „Ég er nú að pakka fyrir andskotann, innpakkað í sellófan," á Hálfdán í Búð að hafa sagt skömmu eftir stríðið, þegar hann var spurður hvað hann væri að framleiða núna. Hálfdán var þá að vinna fyrir ameríska markaðinn eftir að hafa framleitt fyrir „Rússann" 1946-'47.

Elías Þorsteinsson, fyrsti formaður SH, orðaði þetta hins vegar þannig: „Enginn



Grálúðan flökuð hjá Haraldi Böðvarssyni árið 1987. Grálúða hefur aldrei átt upp á pallborðið hjá Íslendingum. Sölumiðstöðin seldi hana fyrst árið 1957, þá þrjú og hálft tonn til Hollands. Á aðalfundi SH í maí árið eftir gerði Jóhannes Stefánsson á Norðfirði grálúðuna að umtalsefni og sagði: „Það var byrjað í fyrra á að framleiða fisk, sem kallaður er grálúða, eða svartlúða, eins og Bjarni Sæmundsson kallar hana í bók sinni, og segir að sé mikið af hér við land, bæði hérna fyrir Suð-vestur-landinu og síðan fyrir Austfjörðum. Austfjarðartogararnir fóru og veiddu þessa lúðu. Fengu mikið magn á skömmum tíma. Hún virðist vera, eins og karfinn, nokkuð mikið á vissum svæðum. Við tókum það eiginlega upp hjá okkur, þarna ein tvö Austfjarðarhús, að framleiða þetta bara í mestu óvissu og setja þetta í 7 punda umbúðir og eitthvað í 14 punda líka. Þetta lá hérna fram á haust, en síðan tókst Sölumiðstöðinni að selja það. Þetta er afar feitur fiskur, eins og þið vitið. Einhver sá allra feitasti, sem sést, og fæst úr honum mjög mikið lýsi og sæmilegt mjöl. En nú er búið að selja til Rússlands um 200 til 500 tonn af þessum flökum.“

Ekkert framhald varð á þessum sölum til Sovétríkjanna í bili en næstu árin seldi SH óverulegt magn af grálúðu til Evrópu, aðallega Hollands og Belgíu. Árin 1966 til 1968, að báðum meðtöldum, var engin grálúða seld á vegum SH en 1969 hófst grálúðusalan aftur og 1970 hófu Rússar að kaupa hana. Komust þá grálúðuveiðar Íslendinga í allt annan farveg en verið hafði því að Rússarnir vildu verulegt magn af henni. Á aðalfundi SH 1970 ræddi Árni Finnbjörnsson um þessi viðskipti og sagði þá meðal annars: „Verð á þessum dularfulla fiski hefir verið óbreytt í Vestur-Evrópu um árabil.“ Þess var þá ekki langt að bíða að þessi „dularfulli fiskur“ yrði Íslendingum veruleg búbót.

vill Rússasamning, en þegar Rússasamningur er gengur allt vel – þegar enginn Rússasamningur er gengur allt illa.“

Það má kannski líka orða það þannig að íslenskar frystiafurðir hafi sigrað á Bandaríkjamarkaði – með Sovétmarkaðinn að bakhjarli.

Samningar og samskipti

Viðskipti Íslands og Sovétríkjanna mótuðust strax í upphafi af þeim viðskiptaháttum, sem tíðkuðust í Sovétríkjunum. Öll utanríkisviðskipti Sovétríkjanna voru í höndum ríkisstofnana að fráteknum litlum hluta, sem samvinnusamtökin fóru

með. Þetta hafði það í för með sér, að miðað við hlutverk og eðli sendiráða almennt varð því staða sendiráðs Íslands í Moskvu sérkennileg, þar eð í raun urðu aðalstörf þess verslunarstörf, sérstaklega fyrstu 5-6 árin meðan aðilar voru að venjast viðskiptunum.

Af Íslands hálfu varð viðskiptaráðuneytið formlega kaupandi að öllum sovésku vörunum, þar á meðal olíuvörunum, en það framseldi kaupsamningana hlutaðeigandi innflytjendum. Þannig beitti viðskiptaráðuneytið sér til dæmis fyrir því að öll bifreiðaumboð í landinu tækju höndum saman um innflutning frá Sovétríkjunum. Var þá stofnað fyrirtækið Bifreiðar og landbúnaðarvélar hf. Fulltrúi þess, Bergur G. Gíslason, var í samninganefndinni við Sovétmenn 1954.

Seljandi íslensku afurðanna var að forminu til viðskiptadeild utanríkisráðuneytisins (Foreign Trade Commission of the Government of Iceland). Framkvæmd útflutningsins höfðu útflytjendur með höndum en öll afskipunarskjöl voru í fyrstu skrifuð í viðskiptadeild utanríkisráðuneytisins, sem hafði margvíslega aðra milligöngu.[9]

Síðar færðust þessi mál yfir til viðskiptaráðuneytisins og voru þar í umsjá Þórhalls Ásgeirssonar, sem einmitt á sínum tíma hafði haft forgöngu um að koma þessum viðskiptum á. Hann reyndist alla tíð mjög áhugasamur um framgang þeirra og létti undir með sölufyrirtækjunum eftir fremsta megni.

Frá fyrsta viðskipta- og greiðslusamningi ríkjanna var gengið 1. ágúst 1953. Sá samningur lítt breyttur varð undirstaða viðskipta ríkjanna síðan allt til loka. Helstu ákvæði samningsins voru þessi:

1. Hann sé til tveggja ára og framlengist sjálfkrafa um eitt ár í senn, segi hvorugur aðilinn honum upp með þriggja mánaða fyrirvara.

2. Viðskiptin skulu vera í samræmi við vörulista („ramma“) er gerðir skulu af ríkisstjórnunum. Á grundvelli þeirra vörulista geri sovéskar utanríkisverslunarstofnanir og íslensk verslunarfélög og kaupmenn með sér kaup- og sölusamninga.

3. Viðskiptin skulu vera á jafnvirðiskaupagrundvelli. (Þetta ákvæði hélst til ársins 1975, þegar því var breytt í frjáls gjaldeyrisviðskipti að ósk Sovétmanna).

Auk þess voru í samningnum ákvæði um gagnkvæma yfirdráttarheimild, hvernig fara skyldi með umframskuldir, deilumál sem rísa kynnu, vöruflutninga o.fl.

Jafnframt viðskipta- og greiðslusamningnum voru undirritaðir kaup- og sölusamningar við hlutaðeigandi verslunarstofnanir í Moskvu.

Samningstímabil

Þessi viðskipta- og greiðslusamningur var gerður til tveggja ára en gildistími vörulistanna með honum var til eins árs. Næsti rammasamningur var einnig til tveggja ára, en síðan framlengdur nokkrum sinnum til þriggja og fjögurra ára. Frá árinu 1975 var gildistíminn svo framlengdur um fimm ár í senn. Var það til aðlögunar að áætlunarbúskap Sovétríkjanna, sem byggðist á 5-ára áætlunum. Ísland var eitt fyrsta vestræna ríkið, sem gerði langtíma viðskipta- og greiðslusamninga við Sovétríkin og reyndar var það að tillögu Íslendinga að samningstímabilin voru lengd. Það skapaði visst öryggi fyrir útflutninginn og sparaði tíma þeirra manna er að samningum stóðu á vegum íslensku ríkisstjórnarinnar. Rússarnir höfðu þá mótbáru fram að færa að þá misstu þeir af þeirri persónulegu ánægju að þrefa árlega við landann!

Um leið og samningurinn var framlengdur hverju sinni voru gerðar bókanir um nýja vörulista með kvótum, sem giltu fyrir næsta samningstímabil.

Samningagerðin

Kaup- og sölusamningar, sem gerðir voru árlega, voru í sjálfu sér ekki flóknir eftir að samningar tókust í upphafi. Ýmislegt gat þó komið upp á, sem flækti málin, til dæmis bar það ósjaldan við, að á fyrsta samningafundi með fulltrúum Prodintorg, síðar Sovrybflot, kom í ljós að fjárveiting samkvæmt „protokoll"-samningnum hafði ekki verið innt af hendi af viðkomandi yfirvöldum. Var þá ekki um annað að ræða en að fulltrúar SH og SÍS ásamt fulltrúum kaupandans, sneru sér til viðkomandi ráðuneytis, oftast verslunarráðuneytisins, og ýttu á eftir því að greiðslur færu fram. Var þá íslenski sendiherrann oftast með í för og beitti áhrifum sínum til þess að fá þessu framgengt. Þannig þurftu kaupandi og seljandi að snúa bökum saman gegn sovéska skriffinnskukerfinu og varð það oft til að létta andrúmsloftið, þegar kom að samningsgerðinni þeirra á milli. Stundum gat þetta tekið viku eða tíu daga. Þá fyrst var hægt að fara að snúa sér að samningum við fyrirtækin.

Samningamenn hafa borið lof á þátt íslenska sendiráðsins í Moskvu við þessa samningagerð. Það veitti samningamönnum alla þjónustu, aðstöðu og stuðning við starfið. Samningafundir stóðu yfirleitt í klukkutíma á dag. Þess á milli höfðu samningamenn skrifstofu í sendiráðinu og greiða símalínu til Íslands (en væri pantað venjulegt símtal frá hóteli var undir hælinn lagt hvenær það komst í gegn, klukkutímum síðar, jafnvel um miðja nótt), aðgang að telexi og allri annarri skrifstofuþjónustu. Fyrir kom að íslenska sendinefndin gisti í sendiráðinu, og í tíð Tómasar Tómassonar var það regla fremur en undantekning. Þessi stuðningur sendiráðsins frá upphafi var ómissandi þáttur í þessum viðskiptum Íslands við Sovétríkin.[10]

Þótt SH og SÍS ættu jafnan í harðri samkeppni á öðrum mörkuðum, var samstarf fulltrúa þeirra gagnvart sovésku kaupendunum alltaf snurðulaust og með fullum heilindum. Var þetta sá eini vettvangur, þar sem þeir unnu saman alla tíð nánast eins og um eitt fyrirtæki væri að ræða.

Helstu samningamenn frá SH voru: Ólafur Jónsson í Sandgerði, tók þátt í samningagerð 1954-'58. Jón Gunnarsson var við samningana í Reykjavík 1956 og kom að einum samningum í Moskvu 1960. Árni Finnbjörnsson kom frá Prag 1960 og tók eftir það við þessum málum sem sölustjóri SH og síðar framkvæmdastjóri allt til ársins 1985. Benedikt Guðmundsson sá um samningana 1986. Gylfi Þór Magnússon, sem verið hafði framkvæmdastjóri dótturfyrirtækis SH í Hamborg, annaðist síðan samningana frá 1987 og samdi við Sovétmenn þar til þessum viðskiptum lauk.

Af hálfu SÍS voru samningamenn: Helgi Pétursson fyrstu árin, Valgarð J. Ólafsson kom að samningum eitt árið og Bjarni V. Magnússon í nokkur ár eða til ársins 1968, er Guðjón B. Ólafsson tók við. Sigurður Markússon framkvæmdastjóri Sjávarafurðadeildar SÍS annaðist samningana lengst af með Árna Finnbjörnssyni eða frá 1975-'85; þeir hættu báðir sama árið. Benedikt Sveinsson aðstoðarframkvæmdastjóri tók síðan við samningamálum með Gylfa Þór, nema síðustu tvö árin, er Sæmundur Guðmundsson var fulltrúi Sjávarafurðadeildar SÍS. Hinum eiginlegu viðskiptaviðræðum lauk 1992, enda þá ljóst að kaupgeta Sovrybflot í umboði sovéska utanríkisviðskiptaráðuneytisins var að engu orðin.

Í opinberum samninganefndum af hálfu ríkisins voru bæði diplómatar og fulltrúar ýmissa hagsmunaaðila. Í fyrstu samninganefndinni 1946 var Pétur Thorsteinsson formaður, en aðrir nefndarmenn þeir Eggert Kristjánsson stórkaupmaður, Jón Stefánsson skrifstofustjóri Síldarútvegsnefndar og Ársæll Sigurðsson fram-



Árni Finnbjörnsson. Hann kom heim frá Tékkóslóvakíu árið 1960 þegar SH lagði niður skrifstofu sína í Prag. Eftir það starfaði Árni á skrifstofunni í Aðalstræti í Reykjavík undir stjórn Björns Halldórssonar og sinnti mest Austantjaldslöndum. Þegar Björn lét af störfum í september 1977 tók Árni við framkvæmdastjórn sölumála af honum og var Benedikt Guðmundsson þá ráðinn sölustjóri undir stjórn Árna. Framkvæmdastjóri var Árni til ársloka 1984 og átti þá að baki margra ára samningaþjark við Rússa. Á aðalfundi SH 1967 lýsti Árni gangi viðræðnanna svo: „ . . . samningar við þetta land fara eiginlega fram í tvennu lagi. Þriðja hvert ár koma fulltrúar þessara ríkisstjórna saman, annað hvort í Reykjavík eða Moskvu, og draga upp áætlun fyrir útflutning eða viðskipti landanna til næstu 3ja ára, og er þá ráðgert að 1/3 hluti heildarútflutnings á þessum þremur árum falli á hvert ár. Síðan takið þið við [það er Árni sjálfur í umboði frystihúsa SH] og aðrir útflytjendur, eða þá innflytjendur í Rússlandi, og semjið [um ákveðin viðskipti til eins árs] . . . eða þá styttri tíma, ef áhugi eða markaðsástæður mæla ekki með að til lengri tíma sé samið, það er að segja til heils árs.“ Seinna, þegar Árni rifjaði upp samningaviðræðurnar við Rússa sem oft stóðu ansi lengi, sagði hann: „Stundum var þetta þref en einkanlega bið.“

kvæmdastjóri. Árið 1947 var Pétur Benediktsson formaður, Pétur Thorsteinsson varaformaður og aðrir nefndarmenn Björn Ólafsson fyrrverandi ráðherra, Erlendur Þorsteinsson framkvæmdastjóri Síldarútvegsnefndar, Helgi Pétursson framkvæmdastjóri hjá SÍS og Ársæll Sigurðsson. Sveinn Jónsson í Sandgerði er titlaður ráðunautur nefndarinnar og Halla Bergs frá sendiráði Íslands í Stokkhólmi ritari.

Í fyrstu samninganefndinni eftir að viðskipti tókust á ný voru Pétur Thorsteinsson sendiherra í Moskvu, formaður, Ólafur Jónsson í Sandgerði, Helgi Pétursson og Bergur G. Gíslason stórkaupmaður. Í samninganefnd 1954 voru, auk Péturs Thorsteinssonar, Ólafur Jónsson, Hallgrímur Fr. Hallgrímsson forstjóri Shell, Hjörtur Hjartar framkvæmdastjóri hjá SÍS og Bergur G. Gíslason. Ritari að því sinni var Áslaug Skúladóttir frá sendiráðinu í Stokkhólmi. Árið 1955 voru viðskiptaviðræðurnar eingöngu í höndum diplómatanna Péturs Thorsteinssonar og Þórhalls Ásgeirssonar ráðuneytisstjóra og Tómas Á. Tómasson, sendiráðsritari var ritari nefndarinnar.

Sumarið 1956 átti Einar Olgeirsson í samningaviðræðum við meðal annarra Efnahagssamvinnunefnd Sovétstjórnarinnar í umboði Lúðvíks Jósepssonar viðskipta- og sjávarútvegsráðherra.

Í opinberum viðskiptaviðræðum í Reykjavík sama ár var Þórhallur Ásgeirsson formaður nefndarinnar, en aðrir nefndarmenn Pétur Thorsteinsson, Davíð Ólafsson, Svanbjörn Frímannsson, Helgi Pétursson, Jón Gunnarsson, Erlendur Þorsteinsson, Jón L. Þórðarson hjá Síldarútvegsnefnd, Ársæll Sigurðsson og Bergur G. Gíslason. Ritari nefndarinnar var Ingvi Ingvarsson. Í viðræðum við I. S. Stepanov yfirmann „Prodintorgs“ í Reykjavík 1959 tóku þátt Gylfi Þ. Gíslason, viðskiptaráðherra, Jónas H. Haralz ráðuneytisstjóri og alþingismennirnir Gísli Guðmundsson, Jóhann Hafstein og Lúðvík Jósepsson. Í framhaldsviðræðum um vélakaup, sem fram fóru í Moskvu, tóku þátt Sigurður Jóhannsson, vegamálastjóri, Páll Sigurðsson, Haraldur Árnason, Bergur G. Gíslason og Guðmundur Gíslason.

Í samninganefnd í Moskvu 1960 voru Pétur Thorsteinsson formaður, Henrik Sv. Björnsson ráðuneytisstjóri, dr. Oddur Guðjónsson forstjóri innflutningsnefndar,

Pétur Pétursson forstjóri innkaupastofnunar ríkisins og Halldór Jakobsson formaður Útflutningsnefndar sjávarafurða. Til ráðuneytis voru Jón Gunnarsson SH, Valgarð Ólafsson SÍS, Jón L. Þórðarson Síldarútvegsnefnd, Hreinn Pálsson fyrir olíufélögin, Haraldur Sveinsson fyrir timburinnflytjendur, Hjörtur Hjartar fyrir innflytjendur járns og stáls, Óttarr Möller fyrir Eimskip, Hilmar Fenger fyrir Félag stórkaupmanna og Bergur G. Gíslason fyrir bifreiðainnflytjendur. Ráðunautarnir voru kostaðir af sínum fyrirtækjum og samtökum.

Í viðskiptaviðræðum í Reykjavík fyrir jólin 1962 voru dr. Oddur Guðjónsson formaður, Agnar Kl. Jónsson ráðuneytisstjóri, Davíð Ólafsson fiskimálastjóri, Björn Tryggvason skrifstofustjóri Seðlabankans, Pétur Pétursson forstjóri og Halldór Jakobsson framkvæmdastjóri. Ritari var Yngvi Ólafsson.

Í nefnd (sem aldrei fór til Moskvu) 1964 voru dr. Kristinn Guðmundsson, Lúðvík Jósepsson, dr. Oddur Guðjónsson, Pétur Pétursson og Haraldur Kröyer. Í viðræðunefndinni 1965 voru dr. Oddur Guðjónsson formaður, Lúðvík Jósepsson, Björn Tryggvason og Pétur Pétursson. Henni til ráðuneytis voru Vilhjálmur Jónsson forstjóri Olíufélagsins, Árni Finnbjörnsson SH, Bjarni Magnússon SÍS, Gunnar Flóvenz Síldarútvegsnefnd og Haraldur Kröyer sendiráðunautur.

Árið 1968 hófust viðræðurnar í Moskvu með heimsókn Gylfa Þ. Gíslasonar en með honum voru Þórhallur Ásgeirsson, dr. Oddur Guðjónsson sendiherra og Hannes Jónsson sendiráðunautur. Framhaldsviðræður fóru fram í Reykjavík og var Þórhallur Ásgeirsson þá formaður en aðrir nefndarmenn, dr. Oddur Guðjónsson, Lúðvík Jósepsson og Pétur Pétursson.

Rússar vildu fremur síld en fryst flök

Framan af höfðu Sovétmenn alltaf mestan áhuga á saltsíld, en voru tregir til að kaupa frystan fisk. Erfiðleikarnir í sambandi við síldina voru þeir fyrstir, að Íslendingar vildu hafa hlaup í kvótunum vegna óvissu um afla og fullkomna fyrirvara á afhendingu, ef veiði brygðist. Í öðru lagi var það svo með Norðurlandssíldina, að hún var „hörð vara“, auðseld fyrir frjálsan gjaldeyri, og tókust stundum samningar um það að hana greiddu Sovétmenn í sterlingspundum. Saltaða suðurlandssíld og freðsíld gátu Sovétmenn hins vegar fengið eftir því sem hún veiddist. Var það framan af oft undir því magni komið hvað þeir fengust til að taka af frystum fiski. Þegar hins vegar hafði verið unnið á tregðu þeirra varðandi frysta fiskinn, kom það sér vel hvað smekkur þeirra var gerólíkur því sem gerðist í öðrum markaðslöndum og að þannig fengust öruggir markaðir fyrir fisktegundir, sem ekki voru í miklum metum annars staðar.

Hvað átti að kaupa?

Meginerfiðleikinn fyrir Íslendinga var sá að finna vörur til að kaupa á móti svo stórfelldum útflutningi á okkar sjávarafurðum. Eftir að Rússar buðu upp á olíuna var sá vandi hins vegar að mestu leystur. Olíuvörur urðu uppistaðan í kaupum okkar þaðan, u.þ.b. 75-80%. Að öðru leyti höfðu Íslendingar í byrjun helst áhuga á kornvöru. Gallinn þar reyndist sá, að kornvörur voru um þessar mundir að falla í verði um öll Vesturlönd eftir því sem landbúnaðurinn rétti úr kútnum eftir styrjöldina og vél- og tæknivæddist, svo að innan skamms var komið fram offramboð á heimsmarkaði og niðurgreiddar og ríkisstyrktar búvörur flæddu yfir neytendur.

Í fyrsta samningnum var ekki hægt að semja um timbur, þar eð þar vorum við

bundnir jafnkeypissamningi við Finna, sem keyptu af okkur saltsíld. Úr þessu rættist 1956. Áður en sementsverksmiðjan reis keyptum við verulegt magn þeirrar vöru, af Sovétmönnum. Var það framleitt í A-Þýskalandi upp í stríðsskaðabætur til Rússa. Aðrar byggingavörur voru vatnspípur og steypustyrktarjárn. Loks var nokkuð keypt af koksi og kolum, en þær vörur létu hratt undan síga, eftir því sem hitaveitum hér á landi óx fiskur um hrygg og gasolían leysti kol af hólmi til upphitunar.

Einnig komu bifreiðar snemma inn í þessa samninga og greiddu íslensk stjórnvöld fyrir sölu þeirra með ýmsum hætti. Fram til 1961 var allur bifreiðainnflutningur bundinn leyfum og fengust þá ógjarnan heimildir fyrir öðrum bifreiðum en sovéskum og tékkneskum. Þegar innflutningurinn var gefinn frjáls 1961, var heimilaður sex mánaða gjaldfrestur á bifreiðum frá þessum tveimur löndum, en aðrar bifreiðar varð að staðgreiða. Tollaívilnanir til fatlaðra voru í fyrstu bundnar við bifreiðar framleiddar í þessum tveimur löndum og lengi var helmingur slíkra leyfa bundinn þeim. Varð Moskowitch þegar fram liðu stundir þriðja algengasta bílategundin hér á landi.

Gott að skulda Rússum

Íslendingar áttuðu sig fljótt á því, að því meira sem þeir keyptu af Rússum, þeim mun meira mundu Rússar kaupa af þeim. Þeir lögðu sig því fram um að kaupa sem mest og settu þá ekki ávallt fyrir sig, þótt verð á þeim innflutningi væri fremur óhagstætt. Var það lengst af þannig að Íslendingar skulduðu Sovétmönnum. Þegar skuldin þótti keyra úr hófi var hún oft jöfnuð með auknum kaupum Sovétmanna á sjávarafurðum eða iðnvarningi.

Á þetta reyndi verulega á fyrstu árum viðreisnarstjórnarinnar 1960-'61. Ekki var þó neinni stefnubreytingu um að kenna, heldur snerust ytri aðstæður þessum viðskiptum í óhag. Bæði vetrarvertíð og sumarsíldarvertíð brugðust og síldin, sem veiddist, uppfyllti ekki gæðaskilyrði samningsins. Verð féll á lýsi og mjöli, sem unnið var úr karfaúrgangi og hafði gert kleift að halda niðri flakaverði til Sovétmanna, auk þess sem karfaaflinn minnkaði. Fiskverð fór hækkandi á heimsmarkaði en Sovétmenn tregðuðust við að fylgja því eftir. Eftirspurn eftir rússnesku járni og timbri hér heima féll, þar sem byggingarstarfsemi dróst saman í kjölfar tveggja gengisfellinga. Svo vel vildi til að um áramótin 1959-'60 voru til geysimiklar freðfiskbirgðir í landinu, og féll því útflutningurinn til Sovétríkjanna ekki neðar en í 15% af heildarútflutningnum. Um næstu áramót voru birgðir uppurnar og féll útflutningurinn til Sovétríkjanna það ár um helming, varð ekki hema 7,2% af heildinni. Innflutningurinn frá Sovétríkjunum minnkaði hins vegar tiltölulega lítið, enda var uppistaðan í honum olía, sem var nokkuð jöfn stærð, en þó vaxandi frá ári til árs. Óx nú skuld Íslendinga á jafnkeypisreikningnum óðfluga. Ein leið til að sjá við þessari skuldaaukningu gat verið sú að draga úr innkaupum frá Sovétríkjunum. En Sovétmenn brugðust hart gegn því að dregið væri úr kaupum á vörum frá þeim, en sóttust nú mjög eftir því að fá keypt 6-8 þúsund tonn af fiskflökum umfram það sem kveðið var á um í gerðum samningum. Ekki tókst þó að ná samkomulagi um verð en opnað fyrir framtíðarviðskipti með sölu á ullarvörum, úlpum og niðursuðuvörum. Í samningunum fyrir tímabilið '63-'65 vildu Íslendingar því lækka flakakvótana um meira en helming, hækka saltsíldarkvóta og fá kvóta fyrir freðsíld. En nú gerðu Íslendingar í fyrsta sinn frá 1953 ráð fyrir því að kaupa ekki alla olíu frá Sovétríkjunum. Við þessu brugðust Sovétmenn hinir

verstu, máttu þeir ekki heyra á það minnst að Íslendingar sneru sér annað með olíukaup og buðust til að hækka saltsíldarkvótann gegn því að Íslendingar skuldbyndu sig til að kaupa allar olíuvörur af þeim eins og verið hefði.

Rússar vilja flök en enga síld

Eftir þetta mátti gera ráð fyrir að Sovétmenn vildu miða við olíusölusamning sinn, og kaupa vörur af Íslendingum, að minnsta kosti sem því svaraði. Ekki urðu næstu viðskiptasamningar milli ríkjanna þó auðveldari. Olli því meðal annars sívaxandi floti og eigin fiskveiðar Sovétríkjanna. Í samningum í Moskvu í júlílok sumarið 1965 fyrir árin 1966-'68 vildu Sovétmenn ekki sjá neina síld, enda sögðust þeir sjálfir orðnir síldarútflytjendur. Hins vegar vildu þeir nú hækka flakakaupin um fullan helming (upp í 30 þúsund tonn), sem þeir höfðu þó hingað til yfirleitt viljað halda í lágmarki. Heimsmarkaðsverð á þessari vöru hafði hins vegar hækkað mjög, eftirspurn var góð og minnkandi bolfiskafli við Ísland, svo að íslensku samningamennirnir vildu ekki selja nema við hæsta verði. Prodintorg hafði hins vegar verið erfitt í samningum undanfarin ár og hélt uppteknum hætti í þessum samningum. Fór svo að upp úr slitnaði eftir þriggja vikna þóf og bættu Sovétmenn gráu ofan á svart, áður en sendinefndin íslenska kvaddi, með því að bjóða upp á framtíðarviðskipti í frjálsum gjaldeyri! Voru Íslendingar skjótir til að segja „NYET", áður en þeir fóru heim í fússi.

Í nóvember barst svo nýtt tilboð frá Rússum, þar sem þeir féllust á 10-15 þúsund tonna flakakvóta og annað eins af saltsíld og 5.000 tunnur af freðsíld að auk. Var þá þegar gengið til samkomulags. Þessi síldarkvóti nýttist þó illa. Engir samningar náðust 1966 vegna verðágreinings og 1967 gengu afgreiðslur á síldinni illa, vegna þess hversu seint hún veiddist, enda norsk-íslenski síldarstofninn á barmi hrunsins, þótt engan grunaði það þá.

Nú bættist það við að eftir gengisfellingarnar 1967 og '68 kom upp harður ágreiningur milli Seðlabankans og Bank of Foreign Trade í Moskvu vegna gengisfellingar breska sterlingspundsins. Vildu Íslendingar nú að allir viðskiptasamningar yrðu gerðir í sama gjaldmiðli, helst dollurum, þ.e. í sömu mynt og verðið á sovésku olíuvörunum, en Sovétmenn tóku þvert fyrir það. Fallandi verð var á íslenskum afurðum á heimsmarkaði, en skuld Íslendinga á vöruskiptareikningnum sí-hækkandi. Sovétmenn felldu um þessar mundir niður alla kvóta í samningum við Norðmenn og Dani. Það þýddi fríverslun.

Ráðherrar semja

Var sýnt að nú dugði ekki lengur það venjulega fótgöngulið diplómata, útgerðarmanna og kaupsýslumanna sem að öllu jöfnu sá um þessa samninga. Þegar kom að því að gera rammasamning fyrir árin 1969-'71 varð það að ráði að viðskiptaráðherrann, Gylfi Þ. Gíslason, færi á undan samninganefndum og freistaði þess að ryðja brautina með viðræðum við starfsbróður sinn þar eystra, N. S. Patolitsjev, utanríkisviðskiptaráðherra. Árangurinn varð framar öllum vonum. Rússneski ráðherrann samþykkti að allir samningar yrðu framvegis í dollurum, að jafnkeypisviðskiptum yrði fram haldið með tilheyrandi vörukvótum í stað fríverslunar og, til að tryggja jöfnuð á vöruskiptareikningnum í árslok, skyldu innkaup frá Íslandi aukin. Gerði þó fyrirvara um raunhæft verð og að Íslendingar drægju ekki úr kaupum frá Sovétríkjunum.



Vorið 1969 urðu blaðaskrif um viðskiptin við Sovétríkin. Af því tilefni áréttaði Gunnar Guðjónsson, formaður stjórnar SH, mikilvægi freðfisksölunnar til Rússa á aðalfundi SH það sama ár. Kvað Gunnar ákaflega mikilvægt að stjórnvöld tefldu henni ekki í tvísýnu með neinum hætti. Samþykktu fundarmenn ályktun í þessum anda þar sem sagði meðal annars: „Treystir fundurinn á, að íslenzk stjórnvöld geri engar þær ráðstafanir, er geti skert viðskiptahagsmuni þjóðarinnar gagnvart sovézka markaðinum, svo sem með byggingu olíuhreinsunarstöðvar, sem kynni að útiloka áframhaldandi viðskipti. Fundurinn lýsir sig fylgjandi uppbyggingu nýrra atvinnugreina, sem styrkja grundvöll íslenzks efnahagslífs, en álítur að taka verði fullt tillit til hagsmuna þeirra atvinnugreina, sem fyrir eru.“
Myndin er tekin á aðalfundi SH í maí 1965 og sýnir Gunnar Guðjónsson, stjórnarformann, lengst til hægri. Fyrir aftan hann reykir Gísli Konráðsson pípu. Othar Hansson starir í kjöltu sér (með gleraugu) en Rögnvaldur Ólafsson horfir yfir salinn.

Hins vegar dugði það ekki alltaf til þótt valdamiklir ráðamenn í Kreml settu nafn sitt undir samkomulag við erlenda starfsbræður, eins og glöggt kemur fram hér á eftir.

Íslensku samningamennirnir hugðu gott til glóðarinnar um haustið að hækka verulega kvótana fyrir íslenskar vörur. Í ljós kom að sovésku samningamennirnir höfðu fyrirmæli um að halda sig við sömu kvóta og fyrr og urðu Íslendingarnir að sætta sig við það. Rússarnir ympruðu meira að segja á fyrri tillögu sinni um fríverslun, en fylgdu því ekki eftir, þegar vitnað var til samkomulags ráðherranna. Og þegar kom að því að semja við Prodintorg um kaup á nægu magni til að jafna viðskiptareikninginn fyrir árslok 1968 töldu menn þar á bæ sig óbundna af samkomulagi ráðherranna. Náðist því ekki það jafnvægi á jafnkeypisreikninginn, sem ráðherrarnir höfðu stefnt að.

Smásöluverð óbreytt í áratugi

Sovéska verðmyndunarkerfið varð oft til að gera samningana erfiða. Frá upphafi þótti samningamönnum Prodintorgs fiskurinn dýr þannig að hagnaður Sovétmanna yrði of lítill. Athugun árið 1955 leiddi þó í ljós, að þá var útsöluverð á þorski í Moskvu 430% hærra en innflutningsverð, á karfa 643% hærra, en 1900% hærra fyrir saltsíld. Smám saman tókst að þoka innflutningsverðinu upp á við, en verð á matvælum heima fyrir hækkaði lítt eða ekki. Árið 1971 var svo komið að smásöluverð á þorski var orðið jafnt innflutningsverðinu og því greinilega tap á þeim viðskiptum. Á ufsa var munurinn á innkaups- og útsöluverði 20%, en á karfa tæp 100%. Víðast í Vestur-Evrópu eru slík viðskipti ekki talin borga sig nema þau leyfi minnst 100% álagningu á innkaupsverð.

Heimsmarkaðsverð?

Í orði kveðnu sögðust Sovétmenn jafnan reiðubúnir að greiða heimsmarkaðsverð. Þar sem verkun og pakkningar fyrir Sovétmenn voru að jafnaði talsvert frábrugðnar því, sem tíðkaðist fyrir aðra markaði, gat þó reynst flókið að finna viðmiðun sem þeir tækju gilda. Oftast var þó höfð hliðsjón af svonefndri iðnaðarblokk, en verðskrá yfir hana er birt vikulega í Fisheries Market News Report, Boston Mass. Verðsveiflur á þessari vöru segja oftast fljótt til sín í verði annarra fiskpakkninga.

En Sovétmenn stunduðu einnig sjálfir útflutning til ýmissa landa Austur-Evrópu, Mið-Afríku og Japans og vildu stundum taka nokkurt mið af því verði, sem þeir fengu í þeim viðskiptum og þeim verðbreytingum, sem þar urðu.

Þá vildu þeir oft draga inn í umræðurnar nýleg kaup sín á slöttum af flökum frá Noregi, Danmörku eða öðrum Vestur-Evrópulöndum, sem Íslendingar vissu að voru á undirboðsverði og því þvert um geð að eyða tíma í að útskýra og ræða. Oftast varð þó útkoman áþekk heimsmarkaðsverði en þó gat skapast nokkurt ósamræmi milli „rússaverðs“ og heimsmarkaðsverðs síðari hluta árs, þegar örar verðbreytingar voru á markaðnum. Var það vegna þess að fiskverðið til Sovétríkjanna var samningsbundið og fast eitt ár fram í tímann. Var það þá gróði Íslendinga þegar heimsmarkaðsverðið hrapaði, en tap þegar það fór hækkandi.

Hér heima á Íslandi voru þessar aðstæður oft notaðar í áróðursstríði pólitískra fjölmiðla með eða móti þessum viðskiptum og oftast hægt að tína til einhverjar tölulegar röksemdir til stuðnings hvorum málstað einkum í samanburði við Bandaríkin. Hér var þó eins og áður segir yfirleitt ólíku saman að jafna, og yfirleitt vildi gleymast að t.d. var nýtingarmunurinn slíkur, að til þess að fá eitt tonn af flökum á Bandaríkjamarkað þurfti þrjú tonn upp úr sjó, en aðeins tvö tonn á Sovétmarkaðinn.[11] Einhliða verðsamanburður sagði því oft aðeins lítinn hluta sögunnar um hagkvæmni þess fyrir Íslendinga að leggja rækt við þennan markað.

Það sem sovétviðskiptin raunverulega snerust kringum var olíuinnflutningurinn. Olían nam að jafnaði kringum 70-80% af innflutningnum frá Sovétríkjunum. Sovétmenn keyptu að jafnaði af okkur vörur, sem þurfti til að greiða fyrir olíuna. Þó voru Íslendingar yfirleitt í skuld við þá. Viðskiptin héldust því nokkuð jöfn að verðmæti frá ári til árs. Hins vegar fór hlutfall sovétviðskiptanna af heildarutanríkisviðskiptum Íslendinga heldur þverrandi eftir að toppnum var náð kringum 1960. Árin 1953-'55 voru Sovétríkin næststærsta viðskiptalandið, 1956-'60 stærsta, færðust niður í 5. sæti 1970 (sjá mynd um þróun markaða í lok bókarinnar).

Skjótar og öruggar greiðslur

Einn meginkostur viðskiptasamninganna við Sovétríkin frá sjónarmiði frystihúsamanna var að greiðslur voru skjótar og öruggar. Greiðslur fyrir fiskinn höfðu oft borist meðan fiskurinn var í hafi. Fyrir kom þó að greiðslur drægjust vegna þess að hlutaðeigandi yfirvöld höfðu ekki yfirfært þær í tæka tíð inn á reikning kaupandans. Þurfti þá að leita fulltingis íslenskra ráðuneyta til að ýta á eftir greiðslunum. Samkvæmt upphaflega viðskipta- og greiðslusamningnum frá 1953 færðust vöruskipti landanna yfir reikninga hjá Seðlabanka Íslands og Bank for Foreign Trade í Moskvu.

Sjálfur vöruskiptareikningurinn var í krónum, en kaupsamningarnir flestir gerðir í dollurum eða sterlingspundum. Olíusamningarnir voru í dollurum og einnig flestar aðrar sovéskar vörur nema timbur. Fiskafurðir Íslendinga voru hins vegar í sterlingspundum fram til ársins 1969. Niðursuða og ullarvörur í dollurum. Sárafáar eða engar vörur munu hafa verið verðlagðar í íslenskum krónum, en ábyrgðir og innheimtur af hálfu íslenskra banka voru í krónum. Ábyrgðir, sem rússneski bankinn opnaði hér fyrir fiski, voru í sterlingspundum fram til 1969, eins og kaupsamningarnir.

Þessi viðskipti gengu snurðulítið með örfáum undantekningum. Við gengisfellingar íslensku krónunnar í upphafi viðreisnar 1960-'61 kröfðust rússnesku verslunarfyrirtækin gengisuppfærslu (miðað við gull) á öllum útistandandi kröfum, sem voru ákvarðaðar í krónum í innheimtum og ábyrgðum. Var á þetta fallist og þannig viðurkennt að um eins konar gullkrónu væri að ræða í þessum viðskiptum.

Hins vegar kom til ágreinings um þetta við gengisfellingu krónunnar 1967, sem að hluta átti rætur að rekja til gengisfellingar sterlingspundsins. Seðlabankinn vildi gera allar kröfur upp með viðmiðun við gull, en Sovétmenn héldu fast við ákvæði sölusamninga. Íslendingum fannst hart að þurfa þannig að taka á sig tap vegna efnahagsörðugleika þriðja lands, en Sovétmenn höfðu sitt fram. Má til þessa ágreinings rekja kröfu Íslendinga í næstu samningum á eftir um að gera alla samningana í sömu mynt og olían var verðlögð í, þ.e. dollurum.

Hins vegar var það Seðlabankanum í hag að samkvæmt ákvæðum greiðslusamningsins var skuldin á yfirdráttarreikningnum vaxtalaus. Þar hafði Seðlabankinn því til ráðstöfunar verulegt vaxtalaust fjármagn, sem hann gat lánað út á fullum vöxtum. Hlýtur það að hafa verið bankanum drjúgur tekjustofn.

Yfirdráttur

Í upphafi var gert ráð fyrir 10 milljón króna hámarksyfirdrætti á greiðslureikningnum. Eftir 1964 fór mjög að halla á Ísland og var það lengi vel eftir það í stöðugri skuld við Sovétríkin. Af þessu höfðu Íslendingar nokkrar áhyggjur, en Rússar gerðu lítið úr og aldrei fóru neinar beinar peningagreiðslur inn á reikninginn og raunar aldrei á það minnst.

Reyndar töldu Íslendingar, eins og áður segir, að þessi sífellda skuld Íslands við Sovétríkin auðveldaði þeim sölur á íslenskum afurðum. Þegar hún var orðin nógu há fundu Sovétmenn þörf á að lækka hana með auknum vörukaupum.

„Leyfi aðstæður hér heima (þ.e.a.s. að birgðir séu ekki orðnar óhóflega miklar) er gjarnan beðið eftir því að ofangreint ástand skapist. Undir þeim kringumstæðum kaupa Sovétríkin á hærra verði en ella. Mun þetta vera aðalskýringin á því, að Íslendingar fá jafnan hærra verð fyrir fisk sinn í Sovétríkjunum en Norð-

menn og Bretar, þótt um sömu fisktegundir sé að ræða og, hvað Bretland snertir, líka sömu pakkningu. Einnig mun hér nokkru um valda að í þessum löndum hafa Rússar fleiri vörutegundir en fisk, sem þeir geta keypt, finnist þeim fiskverðið óaðgengilegt. Hér á Íslandi er enn sem komið er um fáa valkosti að ræða fyrir Rússa, en skuldin ætti að gera það léttara en ella að vekja áhuga þeirra á íslenskum iðnvarningi og skapa þannig aukna möguleika til útflutnings hans.“[12]

Bitbein íslenskra stjórnmálaflokka

Áður hafa verið rædd rök frystihúsamanna með og móti þessum umfangsmiklu viðskiptum við Sovétríkin og austurblökkina. Verður ekki við þau bætt hér. En þessi viðskipti ollu líka öðru hvoru heitum pólitískum deilum milli íslenskra stjórnmálaflokka. Áttust þar annars vegar við þeir, sem töldu að með traustri tengingu við kreppulausan áætlunarbúskap Austur-Evrópu tryggðu Íslendingar sér efnahagslega kjölfestu. Var þá einkum að finna í Sameiningarflokki alþýðu, Sósíalistaflokknum. Hins vegar voru þeir sem töldu jafnkeypisviðskiptin tefja fyrir eða beinlínis hindra þátttöku Íslendinga í tilraunum Vestur-Evrópuþjóða til frjálsari markaðsbúskapar. Voru þar einkum innflytjendur í forsvari. Mitt í milli voru svo þeir, sem töldu rétt að nýta Austur-Evrópumarkaðina til að koma í verð þeirri framleiðslu, sem ekki varð með góðu móti komið fyrir á frjálsum mörkuðum, án þess að leiddi til verðfalls. Var í þeim hópi að finna frystihúsamenn, embættismenn í viðskipta- og utanríkisráðuneyti og stjórnmálamenn. Eflaust hafa stjórnmálamenn líka haft bak við eyrað, að gott væri að hafa Sovétmarkaðinn að bakhjarli í tíðum landhelgisdeilum við meginlandsríki Evrópu og Breta.

Bandaríska lánið og Sovétviðskiptin

Um mitt ár 1956 tók við völdum vinstri stjórn Hermanns Jónassonar. Mjög fljótlega varð ljóst að einn stjórnarflokkanna ætlaði að merkja sér viðskiptin við Sovétríkin og austurblökkina sérstaklega. Liðlega mánuði eftir stjórnarskiptin, þann 27. ágúst er Einar Olgeirsson, alþingismaður, kominn til Moskvu sem sérlegur fulltrúi Lúðvíks Jósepssonar viðskipta- og sjávarútvegsráðherra til að ræða um viðskipti. Hann fer um hina venjulegu viðskiptafarvegi með sendiherranum, Pétri Thorsteinssyni og ræðir við Efnahagssamvinnunefnd Sovétstjórnarinnar. En Pétur telur, að jafnframt hafi Einar talað við „aðra aðila flokks og stjórnar.“ Þá þegar hafði verið unnið að því af sendiráðinu og í viðræðum við sovéska verslunarfulltrúann í Reykjavík að selja til Sovétríkjanna umfram umsamda vörukvóta þessa árs 8.000 tonn af frystum fiskflökum og 50 þúsund tunnur af saltsíld. Einnig hafði verið rætt við Sovétmenn um að lengja samningstímabilið úr tveimur árum í þrjú, og að næstu samningar færu fram í Reykjavík. Eftir að Einar Olgeirsson kom til Moskvu fengust jákvæð svör við þessum atriðum öllum og var samið um síldina og freðfiskinn að óskum Íslendinga.

Eitt af stefnumálum þessarar ríkisstjórnar var uppsögn herverndarsamningsins við Bandaríkin. Við atburðina í Ungverjalandi og við Súez-skurð um haustið var þó þeim málum skotið á frest við mikla óánægju Alþýðubandalagsins. Nú tengdist þetta öðru stefnumáli ríkisstjórnarinnar, sem var að vinna að virkjun Sogsins. Hafði fyrri ríkisstjórn leitað eftir lánum erlendis til þessa verks en ekki tekist. Nú bauðst lán í Bandaríkjunum til verksins og var það tengt raforkusölu til hersins og þar með óbein viðurkenning á því að herinn sæti áfram enn um árabil. Voru Al-



Löndun árið 1950. Á 6. áratugnum var iðulega deilt um hagkvæmni þess að selja Sovétmönnum fisk. Þetta voru jafnt pólitískar deilur sem viðskiptalegar. En frystihúsakarlarnir höfðu þetta á hreinu. „Stór og góður Rússasamningur þýðir gott ár," var þeirra lífsspeki, byggð á lærdómi í lífsins skóla.

þýðubandalagsmenn að vonum óhressir með að þurfa að kyngja þessu í upphafi stjórnarsetu sinnar. Fóru þeir hamförum gegn bandaríska láninu og vildu leita lánsmöguleika í Austur-Evrópu, Sovétríkjunum og Tékkóslóvakíu. Í desember 1956 hóf Þjóðviljinn harða baráttu fyrir austrænu láni og voru rökin á þessa leið:

Miðað við að greiða lánið í fiski – sem er aðalútflutningsvara landsmanna og gjaldeyrislind – liti dæmið þannig út: Fyrir venjuleg þorskflök í 8x7 lbs. pökkum greiddu sósíölsku Evrópulöndin frá kr. 0,89 til kr. 1,18, en Bandaríkin ekki nema kr. 0,44. Fyrir karfa greiddu Sovétríkin kr. 0,74 en Bandaríkin 0,36. Við þurfum því að greiða með helmingi meira fiskmagni fyrir jafnhátt lán í Bandaríkjunum, en við þurfum í Sovétríkjunum, eða með öðrum orðum helmingi fleiri vinnustundir til að vinna fyrir bandarísku láni.

Það er kannski athyglisverðast við þennan verðsamanburð Þjóðviljans hve tamt mönnum er að hugsa í jafnkeypi fremur en gjaldmiðlum. Enda gat nú Sölumiðstöðin ekki orða bundist og gerði athugasemd við umræður um markaðsverð á fiski í Bandaríkjunum og Sovétríkjunum:

„Verð á hraðfrystum fiski til þessara tveggja markaðslanda er sem hér segir samkvæmt söluáætlun SH fyrir næsta ár.

Fob-verð á hraðfrystum þorski til Bandaríkjanna kr. 5.580.00 fyrir hverja smálest.

Til Rússlands er fob-verð miðað við árið sem er að líða kr. 5.326.00 fyrir hverja smálest.

Fob-verð á hraðfrystum karfaflökum er sem hér segir:

Til Bandaríkjanna kr. 5.575.00 fyrir hverja smálest.

Til Rússlands kr. 5.203.00 fyrir hverja smálest.

Þar að auki er rétt að geta þess, að allur steinbítur og nær öll ýsa fer á Banda-

ríkjamarkað fyrir mikið hærra verð en fyrir hinar tegundirnar. Fæst hærra verð fyrir ýsuflök í Bandaríkjunum en í nokkru öðru landi.

Frá þessu þykir rétt að skýra vegna villandi ummæla, sem birzt hafa um verð á freðfiski til hinna ýmsu markaðslanda."

Yfirdráttarlán eða efnahagsaðstoð?

En Þjóðviljinn var ekki af baki dottinn. Hann sakaði Sölumiðstöðina um falsanir: „Fölsunin í þessari athugasemd er í því fólgin að bornir eru saman athugasemdalaust algerlega ósambærilegir hlutir. Fiskur sá sem fer til Bandaríkjanna er allt öðruvísi unninn en sá sem fer til Sovétríkjanna. Það kostar miklu fleiri vinnustundir að framleiða sama magn fyrir Bandaríkjamarkað og pakkningarnar eru miklu dýrari. Til þess að fá fram raunverulegt fiskverð ber að sjálfsögðu að draga frá allan tilkostnað við vinnslu fisksins, pakkningu o.s.frv."

Síðan endurtekur blaðið samanburðinn úr fyrri grein sinni sem sannleikann í málinu og bætir við „að allar vörur sem við kaupum í Sovétríkjunum eru á heimsmarkaðsverði, en í Bandaríkjunum er margt á miklu hærra verði – t.d. vélarnar til Sogsins, sem eru helmingi dýrari en hliðstæðar vélar í Evrópu."

Í fyrrnefndri ferð Einars Olgeirssonar til Moskvu hafði hann einmitt leitað hófanna um möguleika á láni til Sogsvirkjunar fengist það ekki annars staðar. Þegar nú ameríska lánið fékkst virðast sósíalistar hafa sótt það fast að til mótvægis yrði tekið lán í Sovétríkjunum. Varð þó ekki af því fyrr en 1958 og þá tekið til að greiða hluta af andvirði tappatogaranna 12, sem smíðaðir voru á vegum ríkisstjórnarinnar í Austur-Þýskalandi. Var það lán með þeim einstæða hætti að yfirdráttarheimildin á jafnkeypisreikningi Íslands og Sovétríkjanna var hækkuð úr 20 milljónum króna í 70 milljónir. Pétur Thorsteinsson segir þetta form lánsins hafa komið Sovétmönnum á óvart og hafi þeir haft við orð að þeir vildu kalla hlutina réttum nöfnum og gera „samninga um efnahagsaðstoð frá ríkisstjórn Sovétríkjanna til ríkisstjórnar Íslands".[13]

Raunar var aldrei nema helmingur lánsins nýttur og var honum varið í Vestur-Evrópu til kaupa á vélum og tækjum í austur-þýsku bátana. Við fyrstu sýn virtist lán þetta mjög hagstætt, var til 12 ára með 2,5% vöxtum. En eins og áður sagði urðu íslensk yfirvöld við kröfu sovétmanna um gengisuppfærslu á yfirdráttarreikningnum eftir gengisfellingarnar 1960 og '61. Þótt vextir væru lágir var höfuðstóllinn því gulltryggður og gekk seint að greiða þetta lán niður.[14]

Félagi Brésnef kvaddur til fulltingis

Enn einkennilegri atburðarás kom upp í sambandi við Sovétviðskiptin á haustdögum 1964. Er hún rakin svo ítarlega í riti Péturs Thorsteinssonar að ekki er ástæða til að rifja upp nema helstu drættina hér. Þann 9. september 1964 birtist í Þjóðviljanum svohljóðandi fréttatilkynning:

„Nefnd frá Sósíalistaflokknum átti um s.l. mánaðamót viðræður við forystumenn í Kommúnistaflokki Sovétríkjanna. Eftirfarandi fréttatilkynning um viðræðurnar mun einnig birt í Pravda í dag:

„Nýlega átti félagi L. I. Breshnèv, meðlimur í framkvæmdanefnd Kommúnistaflokks Sovétríkjanna og ritari miðstjórnar hans, fund með fulltrúanefnd miðstjórnar Sameiningarflokks alþýðu, Sósíalistaflokksins, en í henni voru félagarnir Einar Olgeirsson, formaður Sósíalistaflokksins, Lúðvík Jósepsson varaformaður Sósíal-

istaflokksins, Guðmundur Hjartarson formaður framkvæmdanefndar Sósíalistaflokksins, Brynjólfur Bjarnason og Sigurður Thoroddsen.

Viðræðurnar fóru fram í vinsamlegum anda og voru rædd ýms áhugamál beggja flokkanna. Að frumkvæði nefndar Sósíalistaflokksins var rætt um möguleika á auknum viðskiptum milli Íslands og Sovétríkjanna. Í þessum viðræðum kom í ljós að góðar horfur eru á aukningu slíkra viðskipta.

Viðstaddur fundinn var varaformaður alþjóðadeildar miðstjórnar Kommúnistaflokks Sovétríkjanna A. S. Beljakov."

Óvenjulegar brautir

Hér var vissulega farið inn á óvenjulegar brautir. Viðskiptin við Sovétríkin höfðu hingað til runnið eftir venjulegum farvegum milliríkjaviðskipta fyrir milligöngu ráðuneyta hér heima og í Sovétríkjunum. Að vísu má færa rök að því, að þegar íslenskir sósíalistar hafi átt aðild að ríkisstjórnum hafi þeir með einum eða öðrum hætti neytt flokkslegra tengsla sinna til að greiða fyrir þessum viðskiptum í Moskvu, samanber ferðir Einars Olgeirssonar 1946 og 1956 til Moskvu, en það hafði þá aðeins verið á bak við tjöldin og til hliðar við hinar opinberu samningaviðræður. Nú var nánast komið í bakið á íslenskri ríkisstjórn með yfirlýsingu um eins konar bræðraflokkasamkomulag valdaflokks Sovétríkjanna og íslensks stjórnarandstöðuflokks, Sósíalistaflokksins, þar sem gefið var í skyn að stórauka mætti viðskipti ríkjanna, ef pólitískir hleypidómar íslenskra stjórnvalda stæðu ekki í vegi fyrir því. Íslenska ríkisstjórnin var með þessu sett í býsna óþægilega klemmu. Sérstaklega virtust sósíalistar vilja draga upp mjög bjarta mynd af vilja Sovétmanna til að stórauka kaup sín á niðurlagðri síld, sem gæti skapað síldveiðunum nýjan grundvöll og orðið undirstaða að nýjum iðnaði í síldveiðibæjunum fyrir norðan og austan.

Íslenskum síldarbæjum bjargað?

Þann 11. september sagði Þjóðviljinn um þetta: „Í ljós kom að möguleikar voru á að gera stóran samning við Sovétríkin um sölu á niðurlagðri síld þangað en slíkur samningur mundi skapa grundvöll fyrir gerbyltingu í íslenskum síldariðnaði, gera okkur fært að fullvinna síldina í stað þess að setja hana í bræðslu eða selja hana hálfunna úr landi, auka útflutningsverðmæti hennar og skapa atvinnuöryggi í síldarbæjunum þar sem nú blasir aðeins við atvinnuleysi og fólksflótti."

Er skemmst frá því að segja að utanríkisráðherra, Guðmundur Í. Guðmundsson, opnaði allar diplómatískar leiðir til að fá fram efndir á þessum björtu fyrirheitum. Var bæði rætt við sovéska sendiherrann á Íslandi, og íslenska sendiráðið í Moskvu virkjað til að koma þar á framfæri jákvæðum viðhorfum íslenskra stjórnvalda til aukinna viðskipta. Ennfremur var einn fulltrúanna úr viðræðunefnd Sósíalistaflokksins, Lúðvík Jósepsson fyrrverandi viðskiptaráðherra, skipaður í nefnd háttsettra embættismanna, sem ætlað var að ræða við sovésk stjórnvöld, sérstaklega um þessa auknu möguleika á sölu lagmetis. Sú nefnd fór þó aldrei til Moskvu, en vann að undirbúningi viðræðna.

Smábúbót í stað „gerbyltingar"

Þegar eftir var gengið tjáðu sovésk stjórnvöld sig reiðubúin að kaupa fiskilagmeti, en einungis gegn jafnvirði í vörum og fylgdi listi með yfir þær vörur, sem þeir



Um miðjan 7. áratuginn tóku íslenskir kommúnistar að reka áróður fyrir stórfelldri sölu á niðurlagðri síld til Sovétríkjanna. Sáu þeir í hillingum hvernig síldarbæirnir myndu við þetta breytast úr hallærisplássum, er fólkið flýði jafnskjótt og það hafði tækifæri til, í iðnaðarbæi er gætu boðið verkafólki örugga atvinnu árið um kring.

vildu selja á móti. Utanríkisráðuneytið taldi þennan lista ekki opna möguleika á viðskiptum og benti á að þessi viðskipti rúmuðust innan jafnkeypisreikningsins, þar sem Íslendingar væru í skuld við Sovétmenn.

Fór svo að íslensk stjórnvöld ákváðu að fresta þessum viðræðum og taka þær upp að nýju í samhengi við fyrirhugaðar viðræður um framlengingu íslensk-sovéska viðskiptasamningsins til þriggja ára og vildu þá flýta þeim sem mest. Mættu Íslendingar nú óvenjulegri tregðu í Moskvu og í viðræðum Kristins Guðmundssonar sendiherra í Moskvu við A. N. Mansjúlo, forstjóra Vesturlandadeildar sovéska utanríkisviðskiptaráðuneytisins, í apríl um vorið kom fram að þar á bæ væru menn að vísu tilbúnir til að ræða aukin kaup á lagmeti fyrir sem svaraði 25 milljónum króna. Það væri þó aðeins til að liðka fyrir viðskiptunum, því að markaðurinn í Sovétríkjunum væri yfirfljótandi af dósavöru. (Munu Sovétmenn á þessum tíma raunar hafa flutt út verulegt magn lagmetis til annarra landa á þeirra efnahagssvæði). Þessi kaup mættu þannig verulegri andstöðu innan Sovéska áætlunarráðsins, Gosplan, og því héldu þeir fast við að Íslendingar yrðu að taka við greiðslu fyrir vörur þessar samkvæmt áður fram komnum vörulistum, sem þeir höfðu lýst óaðgengilega. Enn var Lúðvík Jósepsson skipaður í nefnd háttsettra embættismanna, sem fór til Moskvu í lok júlí, og voru að venju með nefndinni til ráðuneytis fulltrúar viðskiptaaðila, þar á meðal Árni Finnbjörnsson frá SH. Það mátti því teljast til tíðinda að nefndin var samhljóða um að telja lokatilboð sovétmanna óaðgengilegt og slíta viðræðunum þann 18. ágúst. Kom þar einkum til að sovétnefndin vildi afnema kvóta fyrir freðsíld og lækka kvótann fyrir saltsíld, þó svo að hún léði máls á hærri kvóta fyrir niðursuðuvörur. Sovéskir embættismenn voru því greinilega ekki reiðubúnir til að standa að þeirri „gerbyltingu í íslenskum síldariðnaði", sem viðræðurnar við félaga Brésnef áttu að hafa gert mögulega.

Í byrjun nóvember 1965 fékk íslenski sendiherrann í Moskvu skilaboð um að Sovétmenn væru nú tilbúnir að semja um árlegan 5.000 tonna kvóta á frystri síld. Var nú samið snarlega um viðskipti í svipuðum dúr og verið hafði árin áður: 12-15 þúsund tonn af frystum fiskflökum, 5 þúsund tonn af heilfrystum fiski, 100-150

þúsund tunnur af saltsíld, prjónles og ullarábreiður. Inn kom kvóti fyrir lagmeti, 24-33,5 milljónir króna. Var það að vísu nokkur búbót en ekki til að valda gerbyltingu í síldariðnaði, enda var nú komið að lokum síldarævintýra við norðanvert Atlantshaf um áratugi, þótt enginn gæti séð þau ósköp fyrir um þessar mundir.

Vart er hægt að draga aðra ályktun af þessari atburðarás, en að sovéskum embættismönnum og viðskiptafulltrúum hafi gramist þessi pólitíska innrás inn á sitt verksvið. Þessi íhlutun frammámanna Sósíalistaflokksins hafi því beinlínis orðið til þess að hleypa kergju í samningamenn Rússa og gert samningamönnum Íslendinga erfiðara fyrir. Svipuð viðhorf komu fram eftir för Gylfa Þ. Gíslasonar til Moskvu 1968. Sovésku verslunarstofnanirnar tóku þá ekki nema mátulega hliðsjón af samkomulagi viðskiptaráðherranna. Var þá orðið greinilegt að þessar stofnanir voru að reyna að efla sjálfstæði sitt og freista þess að verða óháðari skipunum að ofan, hvort sem var frá flokki eða ríkisstjórn.

Fastar skorður

Eftir þetta má segja að viðskiptin við Sovétríkin hafi fallið í nokkuð fastar skorður. Ágreiningur kom þó upp hér innanlands vegna þeirrar stefnu íslenskra stjórnvalda að binda olíuviðskiptin við Sovétríkin og blossaði upp í sambandi við samning um efnahagssamvinnu, sem íslensk stjórnvöld gerðu við Sovétmenn 1984. Var það íslensku olíufélögunum alltaf þyrnir í augum að vera bundin með þessi viðskipti við einn aðila og strax 1962 höfðu þau farið fram á það við stjórnvöld, að að minnsta kosti helmingur olíuinnflutningsins yrði gefinn frjáls, enda var þá viðreisnarstjórnin sem óðast að breyta innflutningsreglum í frjálsræðisátt. Engin ríkisstjórn vildi þó verða til að breyta þessu, enda væntanlega öllum stjórnmálamönnum ljóst að olían var frá fyrstu tíð grundvöllur þessara viðskipta. Aðrar sovéskar vörur voru einfaldlega ekki samkeppnishæfar hér á landi, að minnsta kosti ekki í því magni sem þurfti til að standa undir svo stórfelldum kaupum sovétmanna á íslenskum sjávarafurðum, sem raun varð á um nærri fjögurra áratuga skeið.

Þessar íslensku hömlur á olíukaupum urðu líka til þess að þótt Íslendingar létu loks undan margra ára kröfu Sovétmanna 1975 um að breyta viðskiptunum úr jafnkeypisviðskiptum yfir í frjálsgjaldeyrisviðskipti, urðu engar stökkbreytingar, eins og gerst hafði í viðskiptunum við flest hin sósíalísku löndin. Magnið hélst svipað en hlutfallið gagnvart öðrum mörkuðum fór þó lækkandi. Á síðustu fimm árum Sovétviðskiptanna keyptu þau milli 10 og 15% af freðfiskframleiðslu okkar sem var að vísu mikil breyting frá fyrstu árum þessara viðskipta þegar hlutfallið var frá 25 og upp í 50%. Þá má líka segja að þessi viðskipti væru komin niður í eðlilega stærð og féllu vel inn í þá markaðspólitík, sem rekin var af SH, með fimm meginmarkaðssvæði: Bandaríkin, Bretlandseyjar, Vestur-Evrópu, Austur-Evrópu og svo Asíu, einkum Japan.

Eðlilegur hluti markaðanna fimm

Í fyrirlestri sem Gylfi Þór Magnússon, sölustjóri SH, hélt árið 1989 kemur þetta viðhorf vel fram. Hann taldi að með þessari skiptingu sölunnar værum við engum markaði of háðir og eðlileg jákvæð samkeppni í gangi milli markaða og kaupenda. Uppistaðan í sölunni til Sovétríkjanna er þá karfi, ufsi og grálúða, einkum flök, svo og heilfrystur fiskur, einkum smáfiskur. Gylfi óttast þá, að aukið framboð þessara fisktegunda, til dæmis inn á Vestur-Evrópumarkað, mundi fyrirvaralítið



Frá undirritun viðskiptasamnings við Rússa um sölu á freðfiski vorið 1987. Í efri röð, lengst til vinstri, er Gylfi Þór Magnússon, framkvæmdastjóri sölumála SH, en Friðrik Pálsson, forstjóri SH, situr á endanum vinstra megin. Við hlið hans er Benedikt Sveinsson frá Sambandinu, síðar forstjóri ÍS. Fimmti frá vinstri í aftari röð er Þórhallur Ásgeirsson, ráðuneytisstjóri í viðskiptaráðuneytinu, sem átti drjúgan hlut að farsælli framkvæmd þessara viðskipta frá árinu 1953.

leiða til offramboðs og óhagstæðra verðbreytinga – að minnsta kosti tímabundið. Það er hins vegar til marks um sveigjanleika og þó örugga kjölfestu sölunets SH á mörkuðunum, að þegar viðskiptin hurfu úr sögunni fyrirvaralaust eftir hrun Sovétríkjanna rúmum tveimur árum síðar, eða á árinu 1992, tókst að finna þessu mikla magni stað á öðrum mörkuðum án teljandi erfiðleika eða verðlækkana.

Síðasti áratugur Sovétviðskiptanna

Við endurskoðun 5 ára viðskiptasamnings ríkjanna fyrir árin 1986-1991 var ríkjandi talsverð bjartsýni meðal frystihúsamanna um auknar veiðar og þar með framleiðslu, einkum í ufsa, karfa og grálúðu. Lögð var áhersla á að auka magn það, er Sovétmenn skuldbyndu sig til að kaupa. Efri mörk viðskiptasamnings fyrir fiskflök voru hækkuð úr 17.000 tonnum í 25.000 tonn, og samið um 20.000 tonn sem neðri mörk. Þótti ýmsum djarft teflt með tilliti til annarra markaða, svo og óvissu með ástand fiskistofna. Efri mörkum um magn heilfrystingar var haldið óbreyttum, 7.000 tonnum.


Á sjö ára tímabilinu á undan, frá 1980-'86, voru að jafnaði afgreidd tæp 17.000 tonn af flökum og 5.000 tonn af heilfrystum fiski, alls 22.000 tonn.

Þrátt fyrir þetta stóraukna magn í þessum síðasta viðskiptasamningi ríkjanna, náðist aldrei að uppfylla þennan ramma í reynd. Árið 1987 var samið um 10.000 tonn af flökum og 1.500 tonn af heilfrystum fiski. Minnkaði það enn meir næstu ár á eftir.

Viðskiptunum við Sovétríkin lauk svo endanlega 1991. Síðasti samningurinn var gerður árið 1990. Lauk þar með mikilvægum þætti í sögu frystiiðnaðarins, er hófst árið 1946 og verið hafði óslitinn frá 1953.

Áfallalaus viðskipti – drengskaparbragð

Viðskiptin við Sovétmenn voru nær áfallalaus allt tímabilið frá upphafi viðskiptanna, ef undan er skilið árið 1986. Vanefndir um 5.800 tonn voru bættar með til-



Gylfi Þór Magnússon, framkvæmdastjóri sölumála SH, er hér lengst til vinstri ásamt Tómasi Tómassyni, sendiherra, og Benedikt Sveinssyni frá ÍS en þeir nutu oft gestrisni sendiherrans og greiðvikni meðan á samningaviðræðum í Moskvu stóð.

tölulega lágum skaðabótum. Ein meginástæða þess, að ekki var staðið við að framleiða upp í gerðan samning þetta ár, var sú að gengisþróun var viðskiptunum mjög óhagstæð. Samið var í Bandaríkjadölum og slaknaði gengi dollars verulega á þessu ári í samanburði við gjaldmiðla Vestur-Evrópu. Framleiðsla fyrir aðra markaði var því mun hagstæðari síðari hluta ársins. Sýndu Sovétmenn þessum aðstæðum íslensks frystiiðnaðar meiri skilning en menn hér áttu von á, því skaðabótaákvæði í samningnum voru mjög ströng og hefði þeim verið framfylgt samkvæmt bókstafnum, hefðu Íslendingar átt að borga milljónafúlgur í sektir. Kunnu íslensku samningamennirnir vel að meta þetta drengskaparbragð viðsemjenda sinna.

Gagnkvæm tengsl

Fram til ársins 1986 annaðist stjórnarfyrirtækið Prodintorg öll viðskipti með fisk og mynduðust gagnkvæm tengsl milli forráðamanna þess og íslenskra samningamanna, bæði embættismanna og fulltrúa SH, sem lengst af var Árni Finnbjörnsson. Gylfi Þór Magnússon sá svo um þessi viðskipti síðustu fimm árin. Frá árinu 1986 komu þessi viðskipti undir fyrirtækið Sovrybflot, sem heyrði undir sjávarútvegsráðuneytið og annaðist alla samræmingu innflutnings, útflutnings, verðlagningu og vinnslu sjávarafurða. Sovrybflot var svo skipt upp í 7-8 fyrirtæki, auk ýmissa stoðdeilda. Eitt þeirra, Moreprodukt, sá um samskiptin við Ísland, sem verslunaraðili. Starfsmannafjöldi þess var 31. Það var hins vegar fyrirtækið Sevryba í Murmansk, sem sá um móttöku vörunnar frá Íslandi. Sevryba gerði út 100 fiskiskip, ísfisk og verksmiðjutogara, sá um margháttaða fiskvinnslu og rak frystigeymslur.

Undir sovétskipulaginu var að sjálfsögðu ómögulegt fyrir erlend fyrirtæki að skapa neytendaeftirspurn eftir sínum vörum í landinu og í rauninni ómögulegt að vita með nokkurri vissu hvort vörukaup byggðust á viðskiptalegum forsendum eða pólitískum, eða hvoru tveggja í bland. Það var vitað orðið að sovéski fiskiskipaflotinn var fyrir löngu orðinn fullfær um að anna eftirspurn eftir flestum fisk-



Fundað í utanríkisviðskiptaráðuneytinu sovéska um rammasamning á milli þjóðanna. Frá vinstri; Sæmundur Guðmundsson, sölustjóri Sjávarafurðadeildar SÍS, Gylfi Þór, Ólafur Ólafsson, framkvæmdastjóri Álafoss, Sveinn Björnsson, formaður íslensku viðræðunefndarinnar, Björn Tryggvason, aðstoðarseðlabankastjóri, og Barði Árnason, forstöðumaður erlendra viðskipta Landsbankans. Á móti þeim sitja rússnesku viðsemjendurnir. Á myndina vantar Ólaf Egilsson, sendiherra, og Einar Benediktsson, framkvæmdastjóra Síldarútvegsnefndar.

tegundum strax um 1970, enda var þá svo komið að hlutur Íslendinga í innflutningi fisks til Sovétríkjanna var orðinn 80%. Það þarf vart að draga í efa, að Sovétmenn hefðu getað verið án þessara 20-30 þúsund tonna á ári, ef efnahagssjónarmið ein hefðu ráðið.

Stærsti hluti afurða okkar fór í dreifingu beint í verslanir og til stofnana. Gylfi Þór telur því að líta megi á sjö-punda flakapakkninguna sem dæmigerða neytendapakkningu, þótt hún væri ef til vill hlutuð í tvennt eða þrennt í versluninni að ósk kaupandans. Hann taldi sig líka hafa orðið áþreifanlega varan við áhuga fyrir frystum fiski héðan á ferðum sínum til Sovétríkjanna, einkum hafi karfaflökin verið sérstaklega eftirsótt. Því varð það, að á dögum „perestroiku“ Michails Gorbatsjovs var komið á gagnkvæmum heimsóknum milli íslensku sölufyrirtækjanna og Sevryba. Yfirmaður gæðaeftirlitsins í Murmansk kom hingað á árinu 1987, en héðan fóru tæknimenn frá SH og SÍS í fjögurra daga heimsókn til Murmansk árið eftir. Þessi viðleitni til að kynnast markaðinum betur féll þó niður með því að tók með öllu fyrir Sovétviðskiptin á árinu 1991.

Hrun Sovétríkjanna

Árið 1990 var gerður rammasamningur um viðskiptin fyrir árin 1991-1995. Er skemmst frá því að segja að engar afskipanir tókust samkvæmt honum. Sovétríkin voru að hruni komin, og fyrirtækin fengu ekki þær fjárveitingar frá ríkisvaldinu, sem þeim bar samkvæmt rammasamningnum. Nú dugðu engar fyrirbænir eða eftirrekstur frá íslenskum stjórnvöldum. Sovésku fyrirtækin komust einfaldlega í greiðsluþrot og þar með féllu þessi viðskipti niður.

Það lýsir kannski sérstöku eðli sovéska markaðarins best, að eftir nærri 40 ára viðskipti stóðu íslensku sölufyrirtækin skyndilega aftur á upphafsreit. Það var eins og þau hefðu aldrei komið þar. Þau stóðu frammi fyrir ónumdu landi og þurftu að vinna vörum sínum sess á ný meðal neytenda, sem höfðu ekki hugmynd um, að um áratugi hefðu þeir neytt íslenskra afurða – og líkað þær vel.



Gylfi Þór og Benedikt Sveinsson fylgjast með tveimur framkvæmdastjórum Sovrybflot undirrita sölusamning við SH og Sjávarafurðadeild SÍS. Slíkir samningar um ákveðin viðskipti, freðfisk eða annað, fylgdu jafnan í kjölfar rammasamninganna.

Viðskipti við Rússland

Á allra síðustu árum má svo segja að þessi viðskipti hafi snúist við. Einstök frystihús hafa keypt frystan fisk af rússneskum útgerðarfyrirtækjum til frekari vinnslu. Þau viðskipti hafa þó verið án milligöngu SH. Hins vegar hefur SH tekið að sér sölu á afurðum nokkurra frystitogara Rússa. Hafa þessi viðskipti gengið vel og farið vaxandi, og gefa ef til vill vísbendingu um hvernig takast megi að byggja upp viðskipti þjóðanna á þessu sviði í framtíðinni.

VI 1945-1996
Greinar af sama meiði
Jöklar hf.

Tekist á um skipakaup

Sunnudaginn 18. júní 1944 þustu Reykvíkingar út á götur bæjarins til að fagna stofnun lýðveldisins Íslands daginn áður. Ungir og gamlir, konur og karlar, sameinuðust í einni stærstu skrúðgöngu Íslandssögunnar. Bærinn iðaði af lífi. Í ófáum búðargluggum blasti við andlit frelsishetjunnar Jóns Sigurðssonar og íslenski fáninn blakti á öllum fánastöngum.

Í fullan hálftíma var skrúðgangan mikla að mjakast fram hjá Alþingishúsinu þar sem forseti Íslands, Sveinn Björnsson, stóð og veifaði til mannfjöldans.

Það var tímanna tákn að þennan sama sunnudag sátu nokkrir athafnamenn inni á herbergi númer 5 á Hótel Borg og lögðu drög að efnahagslegu sjálfstæði Íslands. Með fagnaðarlæti mannfjöldans á Austurvelli að undirspili skipulögðu þeir sókn Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna inn á hinn bandaríska markað undir forustu Jóns Gunnarssonar.

Um leið mörkuðu þessir íslensku kapítalistar stefnuna sem Sölumiðstöðin átti eftir að fylgja næstu áratugi. Félagið átti ekki að lúta vilja stjórnmálamanna eða stjórnmálasamtaka, heldur hasla sér völl sem sjálfstætt sölufyrirtæki er stjórnaðist eingöngu af hag eigenda sinn. Af þessari ástæðu afþakkaði stjórn SH boð frá atvinnumálaráðuneyti um að ráðuneytið seldi fiskinn fyrir félagið. Það er rétt að SH selji sjálft, svöruðu þeir ráðherranum en slógu þó þann varnagla að þegar ríkisstjórnir vildu kaupa gæti verið nauðsynlegt að opinber nefnd sæi um samningsgerðina.

Sölumiðstöðin óx í raun upp úr sama jarðvegi og lýðveldið; eigendur hennar voru framkvæmdamenn sem vildu standa á eigin fótum og vera sjálfum sér nógir. Þegar stofnun SH stóð fyrir dyrum komu menn að máli við helstu forkólfana, þá Einar Sigurðsson og Ólaf Þórðarson, og buðu þeim að ganga til liðs við SÍF og kváðu það hafa töluvert rekstrarfé fram að leggja – „ . . . en við sögðum nei takk, við ætlum að vera sjálfstæðir, þó við höfum lítið til að spila úr.“[1]

Þannig átti hinn sterki vilji þjóðarinnar allrar til að segja endanlega skilið við Dani sér mikinn hljómgrunn meðal eigenda SH. Keppikefli þeirra var að vinna og selja fisk eftir eigin höfði. Þeir vildu hagnast en ekki vera féþúfa eins eða neins. Búferlaflutningar Jóns Gunnarssonar til Bandaríkjanna og opnun skrifstofu SH á Broadway í New York í ársbyrjun 1945 var undirstrikun þessa. En um leið beindi hún sjónum manna enn frekar en áður að akkilesarhæl hinna ungu samtaka. Víðátta Atlantshafsins ofurseldi þau eigendum flutningaskipanna stóru og uppbygg-



Þann 18. júní 1944 var endanlega gengið frá ráðningu Jóns Gunnarssonar til SH. Ólafur Þórðarson hafði sótt það fast að fá hann í lið með frystihúsamönnum og á meðan mannfjöldinn fagnaði lýðveldisstofnuninni sátu athafnamennirnir inni á herbergi númer 5 á Hótel Borg og lögðu á ráðin um landvinninga í Bandaríkjunum. Jón Sigurðsson gnæfir yfir mannfjöldanum ótiltekinn 17. júní dag. Hótel Borg er stóra húsið í baksýn, til hægri á myndinni. Ljósm: Sigurður Tómasson/ Þjóðminjasafn Íslands.

ingin í Bandaríkjunum saup af því seyðið. Þegar hún var að hefjast voru flutningsgjöldin þangað svo há „ . . . að það var ómögulegt að ná saman endum“, fullyrti Ólafur Þórðarson. „Orsökin til þess, að við fórum út í þetta [skipareksturinn] var m. a. sú að það var erfitt að fást við það eina félag, sem þá var í landinu, Eimskip, það átti eitt frystiskip, sem var orðið gamalt, og þar að [auki] með vottorð upp á 10 gráðu frost, sem var náttúrulega alltof lágt, og fraktin var hræðilega dýr.“[2]

Það bætti ekki úr skák að skipaeigendur þóttu taka hátt gjald fyrir að lesta skipin. Á aðalfundi SH 1946 sáu fundarmenn ástæðu til að sporna gegn þessu og samþykktu áskorun á stjórn félagsins þar sem hún var beðin „ . . . að beita sér fyrir því með samningum við Eimskipafélag Íslands eða aðra viðkomandi aðila að fá sanngjarnari gjöld á útskipun á fiski félagsmanna á hinum ýmsu höfnum kringum landið.“

Mergurinn málsins var sá að stríðið hafði raskað öllum búskap þjóðanna og undir stríðslok gætti tilfinnanlegs skorts á vöruflutningaskipum í heiminum. Samkeppni um fiskflutninga SH var því lítil sem engin. Hvað eftir annað höfðu frystihúsin orðið að draga úr framleiðslu sinni vegna þess að þau losnuðu einfaldlega



Stríðið tók sinn toll af kaupskipaflota þjóðanna og fyrir vikið steðjuðu sífelld vandræði að SH, erfiðlega gekk að koma fiskinum á markað erlendis og frystiklefar voru af skornum skammti. Meiri fiskur fór því í salt en ella. Ljósmyndin er sennilega tekin í kringum 1950 og sýnir fiskvinnslufólk að störfum í Hraðfrystihúsi Eskifjarðar. Ljósm: Vilberg Guðnason.

ekki við fiskinn. Árið 1947 nam geymslurými allra SH-frystihúsa samtals um 23.000 tonnum. Þegar bæði vinnuafl og vélar voru nýttar til hins ýtrasta tók það ekki nema 35 daga fyrir húsin að vinna það magn.[3]

Uppbygging Jóns Gunnarssonar í Bandaríkjunum undirstrikaði þetta ófremdarástand í flutningsmálum SH. Í raun var aldrei á vísan að róa með erlend leiguskip en eftir að Dettifossi var sökkt í í febrúar 1945 hafði Brúarfoss verið eina íslenska frystiskipið.[4] Það gekk því iðulega treglega að koma freðfiskinum á markað erlendis, svo mjög að stundum lá við að menn örvæntu. Í mars 1947 skrifaði Einar Sigurðsson til Bandaríkjanna og tjáði Jóni Gunnarssyni að nú ætti SH enga völ á skipum til að flytja fiskinn. „Við höfum beðið alla okkar menn að útvega skip en án árangurs."

Utanríkisráðuneytið var komið í spilið og hafði falið sendiherra Íslands að svipast um eftir flutningaskipum til leigu. En þó að öll spjót væru höfð úti var ekki búið að afskipa nema rétt rúmum helmingi framleiðslu SH-frystihúsanna frá áramótum þegar september kvaddi. Önnur aðalástæða þessa var hversu sölusamningar um fiskinn tókust seint, hin var skipaskorturinn.

Fyrir vikið höfðu geymslur frystihúsanna víða um land yfirfyllst enda gerðist það eins og venjulega að 75% aflans komu á land í febrúar, mars, apríl og maí. Fáeinir frystihússtjórar, einkum þeir sem réðu yfir litlu frystirými, höfðu jafnvel neitað að frysta fisk. Þeir þorðu ekki að tefla í tvísýnu því litla geymsluplássi er þeir höfðu af ótta við að sitja uppi með freðfiskinn þegar síldarvertíðin hæfist um vorið. Þeir sem nutu góðs af þessu ástandi voru saltfiskverkendur.

Í mars 1947 lýsti Einar Sigurðsson afleiðingunum í bréfi til Finnboga Guðmundssonar „Ef séð hefði verið fyrir sölu í tæka tíð eða afskipun hefðu frystihúsin



Það er athyglisvert að fyrsta fyrirtækið sem eigendur SH réðust í að stofna, og tengdist beint starfsemi Sölumiðstöðvarinnar, var kaupskipafélag en ekki til dæmis kassagerð eða tryggingafélag. Frumkvöðlarnir vissu sem var að flutningar voru lykilatriði að velgengni sölusamtakanna. Og það má spyrja sig þeirrar spurningar hversu lengi þeir hefðu haldið út ef gætt hefði viðvarandi tregðu á afskipunum. Jón Gunnarsson, fyrir miðri mynd, í ljósum jakkafötum, samdi um kaup á Vatnajökli hinum fyrsta en Sigurður Ágústsson, lengst til hægri á myndinni, mælti mjög með því að af skipakaupunum yrði. Hann áleit lífsnauðsyn fyrir SH að eiga yfir kæliskipi að ráða. Myndin er tekin fyrir 1956 en ekki er ljóst af hvaða tilefni. Lengst til vinstri er Guðmundur Ólafs, þá lögfræðingur Útvegsbankans, en við hlið hans Ingvar Vilhjálmsson og eiginkona hans, Áslaug Jónsdóttir. Ingibjörg Helgadóttir er við hlið eiginmanns síns, Sigurðar. Vangi Jóns L. Þórðarsonar er fremstur á myndinni og úr skerpu en kona hans, Brynhildur Pétursdóttir, situr við hlið honum.

getað framleitt einhver ósköp og svo að lítið sem ekkert hefði þurft að vera búið að salta núna. Því það var þannig framan af að verið var að salta í gríð og ergju á meðan frystihúsin höfðu ekki nærri nógan fisk til að vinna."

Í augum framsækinna stjórnenda SH var þetta óviðunandi ástand. Þeir höfðu strax árið 1944 byrjað að leggja drög að lausn vandans þegar fótunum var komið undir nefnd er átti að „ . . . undirbúa stofnun skipafélags til tryggingar og reksturs kæliskipa."[5] Ennfremur átti nefndin að kanna hagkvæmni þess að skipafélagið, ef stofnað yrði, hefði greiðan aðgang að kæligeymslum erlendis.

Nefndin leitaði víða fyrir sér en varð lengi vel lítið ágengt, hvort heldur að útvega kæliskip á leigu eða til kaups. Samt sem áður var samþykkt á aðalfundi SH 1945 heimild til stjórnar um að verja rekstrarafgangi ársins á undan í kaup á kæliskipi. Stríðinu í Evrópu var loksins lokið með skilyrðislausri uppgjöf Þjóðverja. En það var hægara sagt en gert að fá smíðað skip. Athafnalíf þjóðanna var víðast í molum og hráefnisskortur mikill.

Einu landi hafði þó tekist að standa utan við skálmöldina miklu, nefnilega Svíþjóð, og þangað beindu nefndarmenn sjónum sínum. Þeir fóru því á flot við Vilhjálm Finsen, sendiherra Íslands í Svíþjóð, að hann kannaði hjá þarlendum skipasmíðastöðvum möguleika þess að SH fengi hjá þeim skip. Kom sendiherrann því

til leiðar að SH bauðst að yfirtaka samning er finnskur athafnamaður hafði gert um smíði 1.100 tonna vöruflutningaskips í Lidingövärken A/b í Stokkhólmi.

Var svo Jóni Gunnarssyni, sem þá var að ferðbúast til Norðurlanda á vegum SH, falið að kanna málið ytra og fékk hann umboð til að semja um byggingu skipsins þætti honum það álitlegt. Urðu þær lyktir að skipið var keypt og hinn 15. september 1945 var hlutafélagið Jöklar myndað um skipareksturinn.

Ekki er að sjá að miklar deilur hafi risið vegna stofnunar Jökla en hitt er víst að eigendur SH voru ekki allir á sama máli um ágæti hinna fyrirhuguðu skipakaupa. Þetta kom berlega í ljós á aukafundi Sölumiðstöðvarinnar er haldinn var síðla nóvember 1945. Jón Gunnarsson hafði þá sent heim upplýsingar um annað kæliskip sem fá mátti keypt í Bandaríkjunum og stjórn SH samþykkt að ganga að þeim skilmálum.

Það sem rak á eftir stjórninni að fá kæliskip sem allra fyrst var sú staðreynd að breska matvælaráðuneytið, sem hafði keypt nánast allan fisk íslensku frystihúsanna meðan á heimsstyrjöldinni stóð, kvaðst mundu hætta þessum viðskiptum í ársbyrjun 1946. En þau fáu kæliskip, sem höfðu þrátt fyrir allt verið í siglingum á milli Íslands og Evrópu, höfðu flest verið á snærum Breta og ekki við öðru að búast en að siglingar þeirra legðust af um leið og matvælaráðuneytið hætti að ásælast fisk af Íslandsmiðum.[6]

Óneitanlega settu þessar óvissu framtíðarhorfur svip sinn á umræður fundargesta á nóvemberfundinum 1945. Meirihluti þeirra vildi ganga sem fyrst til samninga um skipið sem Jón bauð til sölu í Bandaríkjunum. Sigurður Ágústsson, sem kjörinn hafði verið formaður flutninganefndar á þessum sama fundi, fór ekki í launkofa með þá skoðun sína að nauðsynlegt væri fyrir SH að eiga kæliskip.[7]


Suðurnesjamaðurinn Eggert Jónsson, og stjórnarmaður í SH, tók öðrum þræði undir með Sigurði. Ekki væri alveg fráleitt að SH leigði eða ætti eitt skip til að geta haft áhrif á farmgjöld en fyrst og fremst hlytu íslensk frystihús þó að treysta á Eimskipafélag Íslands enda ætti það skip í smíðum sem „gæfu næga flutningamöguleika".

Þessi ræða Eggerts gerði litla lukku hjá Elíasi Þorsteinssyni, fyrsta stjórnarformanni SH og þáverandi varaformanni. Benti hann á að SH gæti fengið 10 til 15% meira fyrir fiskinn ef félagið flytti hann sjálft yfir hafið, auk þess sem samskiptin við Eimskip væru örðug. Stjórnendur þess hefðu til dæmis neitað algerlega að fara inn á smærri hafnirnar eftir fiski. „Ef S. H. hefði sjálf skip gæti hún ráðið öllu um ferðir þeirra", var dómur Elíasar.

Niðurstaða flutninganefndarinnar varð í sama dúr og ræða Elíasar. Lagði nefndin til að stjórn SH skyldi heimilað, í samvinnu við Jökla, að kaupa nýtt kæliskip „ . . . ef ekki reyndist unnt að fá kæliskip á leigu." Þessi tillaga var í anda meirihluta fundarmanna og stjórnar SH en formaður hennar, Einar Sigurðsson, kvað upp úr með það að ef ekki næðist samstaða innan samtakanna um að kaupa skipið hlyti málið að falla um sjálft sig. Dró þá Eggert Jónsson í land og kvaðst ekki myndu leggjast gegn tillögu flutningsnefndarinnar.

Á endanum fór þó svo að hvorki ríkið né lánastofnanir vildu ljá málinu liðsinni sitt og varð því ekkert úr skipakaupunum frá Bandaríkjunum. Einar Sigurðsson kenndi Eimskipafélagsmönnum um þessa niðurstöðu. Ríkisstjórn Íslands hefði leitað álits Guðmundar Vilhjálmssonar, framkvæmdastjóra Eimskips, á viðskiptunum og hann lagst eindregið gegn þeim og það gert útslagið.

SH-mönnum sárnaði þetta mjög, ekki síst vegna þess að þeir höfðu beðið Eimskip að setja kælivélar í Fjallfoss og Reykjafoss en því verið neitað og einnig boðið



Brúarfoss Eimskipafélagsins, smíðaður 1927, var fyrsta frystiskip Íslendinga. Tíu árum síðar var hluta af lestum Dettifoss breytt í frystiklefa en frá því honum var sökkt í febrúar 1945 og til þess að Vatnajökull bættist í íslenska flotann í september 1947 var Brúarfoss eina íslenska frystiskipið. Ljósm: Þjóðminjasafn Íslands.

félaginu að kaupa bandaríska skipið fyrir milligöngu Jóns. Því hafði einnig verið hafnað. En Eimskipsmenn voru borubrattir og sendu SH skeyti þess efnis að þeir byggjust „ . . . fastlega við, að geta á næsta ári [1946] haft nægan skipakost til flutninga á afurðum frystihúsanna.“[8]

Um þetta leyti var, eins og áður segir, aðeins eitt frystiskip að finna í íslenska flotanum, Brúarfoss, og fór því fjarri að hann réði við að flytja allan freðfisk Íslendinga á erlendan markað. Fyrir vikið urðu frystihúsin og SH að treysta í verulegum mæli á erlend leiguskip til að koma afurðum sínum yfir hafið. Þrátt fyrir góðan ásetning stjórnar Eimskipafélagsins stóð þessi tilhögun alveg til 1947 en þá eignuðust Jöklar sitt fyrsta frystiskip. Sama árið sigldi frystiskipið Foldin, sem síðar varð Drangajökull, inn í íslenska flotann og árið eftir bættist Goðafoss í hafskipaflota Eimskips, fyrstur hinna svokölluðu þrílembinga er voru allir vel búnir kælivélum og aðeins að litlu leyti ætlaðir til flutnings ókældrar vöru. Dettifoss og Lagarfoss fullkomnuðu þrenninguna.

Jöklar verða til

Enginn þarf að velkjast í vafa um hvatirnar er lágu að baki stofnunar Jökla. Það sem hins vegar hlýtur að vefjast fyrir mönnum að skilja er af hverju hlutafélagsformið varð ofan á.

Sölumiðstöðin sjálf hafði verið stofnuð sem sölufyrirtæki. Tekjur hennar áttu ekki að vera aðrar en 2% þóknun fyrir að selja fiskinn og einhver álagning á þær vörur sem hún útvegaði og seldi frystihúsunum. Í þessu ljósi mátti vissulega heita eðlilegt að sérstakt fyrirtæki væri stofnað um skipareksturinn.

Samt var það svo að umræðan var alla jafna á þeim nótum að SH ætti að eiga Jökla. Sama var uppi á teningnum þegar Jón Gunnarsson sendi skilaboðin heim um að ákjósanlegt frystiskip væri til sölu í Bandaríkjunum. Á nóvemberfundinum 1945 var ekki annað að heyra á forsprökkum SH en að félagið ætti að eiga skipið enda þótt niðurstaðan yrði sú að Jöklum skyldi blandað í málið.

Látum vera þótt stofnað væri sérstakt félag um fraktsiglingarnar en af hverju var þá ekki haft sama formið á því og Sölumiðstöðinni sjálfri? Því er fljótsvarað. SH var aldrei ætlað að eiga nokkurn skapaðan hlut, hvorki fjármuni né aðra veraldlega hluti. Allur hagnaður átti að renna jafnskjótt til félagsmanna í réttu hlutfalli við framleiðslu þeirra. Þannig var eignarhluti hvers og eins í SH breytilegur frá ári til árs.

En það var kannski mest um vert að með þessum hætti komst Sölumiðstöðin hjá því að greiða skatta af rekstrarhagnaði. Þegar stjórnendur SH tóku að kanna hver áhrif það kynni að hafa á félagið, ef það gerðist eigandi flutningaskipa, runnu á þá tvær grímur. Útslagið gerði þegar lögfræðingur og endurskoðandi Sölumiðstöðvarinnar réðu eindregið frá því að SH væri látið eiga skipafélagið, „ . . . eins og fyrst var til ætlast, og töldu skattfrelsi S. H. stofnað með því í hættu“.[9]

Niðurstaðan varð því sú, eins og áður er fram komið, að hinn 15. september 1945 var hlutafélagið Jöklar stofnað um rekstur kæliskips. Eigendur voru 39 frystihús er öll áttu hlut í SH en samkvæmt ársskýrslu Sölumiðstöðvarinnar fyrir árið 1945 voru frystihúsin innan SH það ár 66 að tölu en höfðu verið 51 árið áður. Í orði var hið nýja skipafélag með öllu óháð Sölumiðstöðinni en reyndin var allt önnur. Jöklar voru stofnaðir fyrir fé er kom úr sjóðum félagsmanna SH. Allur ágóðahluti frystihúsanna í SH fyrir undangengin ár var látinn renna til hins nýstofnaða félags. Þar af nam hlutafé 486 þúsund krónum en átta hundruð þúsund krónur voru veittar fyrirtækinu að láni.

Fjármunirnir komu af bundnum reikningum frystihúsanna hjá SH en þeir geymdu rekstrarafgang Sölumiðstöðvarinnar og voru eyrnamerktir eigendum félagsins í réttu hlutfalli við útflutning þeirra. Þannig átti hvert frystihús innan SH sinn sérstaka reikning en þeir fjármunir, sem komu inn á hann, voru síðan bókfærðir sem lán til Sölumiðstöðvarinnar „ . . . þar til aðalfundur gerir aðrar ráðstafanir.“[10]

Með þessum hætti átti stjórn SH greiða leið að lánsfé, svo fremi að einhver rekstrarafgangur væri hjá félaginu, og enginn þurfti að greiða skatta af hagnaði Sölumiðstöðvarinnar. Þannig gafst færi á að verja tekjum af rekstrinum óskiptum til frekari uppbyggingar og það nýttu stjórnendur SH sér óspart, meðal annars til að koma fótunum undir Jökla.

Nafn hins nýja skipafélags átti að vera táknrænt fyrir eigendur þess, frystihúsin, og ekki síður hinar glæstu vonir er við það voru bundnar. „Það á því vel við að kenna hið væntanlega skipafélag við þá staði á fósturjörð okkar, þaðan sem víðsýnið er mest,“ skrifaði Einar Sigurðsson. Jöklar áttu að opna SH leiðir til allra átta. Þetta systurfélag Sölumiðstöðvarinnar, eins og Elías Þorsteinsson kallaði Jökla árið 1957, átti að þjóna hagsmunum SH í hvívetna. Skip þess áttu að sigla eftir boðum frá stjórn SH, það átti að stuðla að lækkun farmgjalda til útlanda og losa Sölumiðstöðina undan þeirri óþægilegu kvöð að þurfa sífellt að leita eftir dýrum leiguskipum í siglingar að og frá landinu.

Þetta voru markmiðin sem stjórn Jökla átti að kappkosta að ná en fyrsti formaður hennar var Einar Sigurðsson. Elías Þorsteinsson var varaformaður.[11]

Fyrstu tvö árin, á meðan beðið var eftir Svíþjóðar-skipinu, hafði stjórnin lítið að



Árshátíð SH í Þjóðleikhúskjallaranum einhvern tíma á 6. áratugnum. Frá vinstri; Sigurður Ágústson, Stykkishólmi, Lára Guðmundsdóttir, eiginmaður hennar, Ólafur Jónsson, Sandgerði, Elías Þorsteinsson og eiginkona hans, Ásgerður Eyjólfsdóttir. Sigurður, Ólafur og Elías stóðu allir þrír einhuga að stofnun Jökla árið 1945. Sigurður Ágústson hafði verið kjörinn til að leiða flutninganefndina svokölluðu sem mælti eindregið með því að SH eignaðist frystiskip. Ólafur var í fyrstu varastjórn Jökla, seinna lengi stjórnarmaður, og Elías einn af stjórnarmönnum félagsins frá upphafi til þess að hann andaðist 1965.

sýsla. Hún reyndi þó hvað hún gat að útvega leiguskip en hafði ekki árangur sem erfiði. Lánleysi stjórnarmanna virtist algert í þessum efnum. Loksins þegar þeim stóð til boða skip á hagstæðum kjörum kom í ljós að á stríðsárunum hafði það siglt á milli Svíþjóðar og Þýskalands og því komist á svartan lista hjá bandamönnum. Fyrir vikið fékkst það ekki leigt.

Til að bæta gráu ofan á svart dróst úr hömlu hjá Svíunum að afhenda nýja skipið. Um mitt ár 1946 voru eigendur Jökla orðnir ákaflega órólegir og lögðu hart að stjórninni að senda mann utan til að reka á eftir sænsku skipasmiðunum. Varð úr að Ólafur Þórðarson fór utan.

Fljótlega eftir komu sína til Stokkhólms, eða um miðjan júlí (1946), skrifaði Ólafur heim og kvað afar ólíklegt að smíðinni yrði lokið á yfirstandandi ári. Engu að síður taldi hann brýnt að skipinu yrði valið nafn, enda var því hleypt af stokkunum í október 1946, og urðu félagar hans heima á Íslandi sammála um heitið Vatnajökull. Þá var einnig búið að teikna reykháfsmerki og félagsfána fyrir félagið, tvær rauðar rendur á hvítum grunni.

Ólafur dvaldist á annað ár í Svíþjóð við eftirlit með smíðinni og honum varð berlega eitthvað ágengt ef dæma má af bréfi sem honum barst í mars 1947 á Terminus-hótelið í Stokkhólmi, þar sem hann gisti. Bréfritari var félagi hans og vinur, Einar Sigurðsson: „Við höfum, að ég held aldrei haft meiri þörf fyrir, að hann [Vatnajökull] væri kominn en nú. En hver veit, hvað við hefðum þurft að bíða, ef þú hefðir ekki verið þarna."

Þegar Vatnajökull kom loks til landsins í september 1947 voru stjórnarmenn Jökla orðnir mjög þjakaðir af fjárhagsáhyggjum. Hafði stjórnarformaðurinn, Einar Sigurðsson, stungið upp á því að skipið yrði leigt Eimskipafélagi Íslands. En þegar hann færði þessa hugmynd sína í tal við oddvita Eimskipafélagsins fannst þeim leiguverðið of hátt en vildu gjarnan ræða málið frekar með leigu eða jafnvel kaup á skipinu í huga.[12]

Það var til að ræða þessa hugmynd Einars, og aðrar um framtíð Jökla, að stjórn félagsins blés til auka-aðalfundar hinn 20. september 1947, tveimur vikum eftir komu Vatnajökuls til landsins. Vestfjarðahúsin voru þá einnig byrjuð að þrýsta á um að selja skipið og nota andvirðið til að styrkja SH.



Einar Sigurðsson, annar frá hægri, við afhendingu Drangajökuls 1961. Einar átti hugmyndina að nafni Jökla og var stjórnarformaður félagsins frá upphafi og til dánardægurs 1977.

Hvorug þessara hugmynda fékk mikinn stuðning á aukafundinum. Ólafur Þórðarson rifjaði upp að á fyrsta fundi Eimskipafélags Íslands hefðu menn samþykkt að afhenda Dönum Gullfoss og vildi líkja því við „ . . . að við færum nú að afhenda skipið til Eimskips.“

Magnús Guðbjartsson úr Eyjum var á bandi Ólafs og vildi engan veginn selja skipið en hann kvaðst í byrjun hafa verið á móti skipakaupunum. Ingvar Vilhjálmsson, í Ísbirninum í Reykjavík, lagðist á tog með þeim tveimur og talaði gegn bæði leigu og sölu. Vitnaði hann í rekstraráætlun er stjórn Jökla hafði látið gera fyrir Vatnajökul og var ákaflega uppörvandi. Í annan stað benti hann á að skipið ætti vísa flutninga næstu mánuðina. Hvatti Ingvar eindregið til þess að gengið yrði á fund bankastjóra Landsbankans og beðið um lán út á þessar vænlegu framtíðarhorfur Jökla.

Í þessum dúr voru umræður fundarmanna og var greinilegt að mikill meirihluti þeirra vildi ekki leigja Eimskipafélaginu, hvað þá selja skipið. Varð einhugur meðal fundarmanna um að fresta fundi á meðan stjórnin kannaði fjáröflunarleiðir fyrir félagið.

Þremur dögum síðar var blásið til framhaldsfundar. Stjórnin, með Einar Sigurðsson í broddi fylkingar, hafði þá gengið á fund Jóns Árnasonar bankastjóra Landsbankans, og fengið góðar viðtökur. Lofaði bankinn að lána Jöklum 1,3 milljónir króna til þriggja ára og veita þeim að auki 700 þúsund króna víxillán til eins árs. Þungum áhyggjum var létt af aðstandendum Jökla og eftirfarandi tillaga samþykkt á framhalds-aukafundinum: „Þessar undirtektir bankans leysa vandkvæði félagsins það mjög, að stjórnin leggur til að Vatnajökull verði rekinn eins og til hefur staðið.“



Jöklamenn létu sér ekki nægja að fjárfesta í kaupskipi, þeir keyptu einnig hlut í Loftleiðum með það fyrir augum að flytja frosinn fisk loftleiðina til Evrópu. Þessar áætlanir fóru þó ekki hátt. Ekkert er minnst á þær í fundabókum Jökla en á stjórnarfundi SH þann 11. júlí 1946 er samþykkt að greiða til Jökla, af sérstökum innstæðum félagsmanna, eitt hundrað þúsund krónur til hlutafjárkaupa í Loftleiðum. Stjórn SH virðist hafa hugnast þessi áform vel því að bæði 7. og 12. ágúst 1946 ræðir hún um möguleika þess að flytja freðfisk með flugvélum til Ítalíu. Var samþykkt að biðja Jón Gunnarsson í New York að leita tilboða í flutningana. Ekki verður séð að neitt hafi orðið úr þessum áformum. Heimildir þegja líka um samstarf Jökla og Loftleiða. Þó herma sagnir að samstarfið hafi náð svo langt að eitt sinn var flugvél höfð til reiðu en vegna ótíðar beið hún nokkra daga á vellinum eftir farmi. Seinast varð að hætta við flugið vegna ógæfta. Að þessu er þó ekki vikið í stjórnarfundabókum Jökla. Það eina sem þar er að finna um tengslin við Loftleiðir er bókað miðvikudaginn 21. maí 1958. Þá var samþykkt að bjóða til sölu hlutabréf Jökla í Loftleiðum hf., að upphæð kr. 150.600.

Vatnajökull; fall er fararheill

Föstudaginn 5. september 1947 sigldi Vatnajökull inn á ytri höfnina í Vestmannaeyjum, heilsaði eyjarskeggjum með íslenska fánanum, þeytti flautuna og hélt síðan áfram beina leið til Reykjavíkur án þess að hafa frekari samskipti við Eyjamenn. Til Reykjavíkur kom skipið um nóttina en undir hálftíu laugardagsmorguninn lagðist það að bryggju þar sem stjórn félagsins var saman komin. Klukkan þrjú um daginn var ráðherrum, bankastjórum frá Landsbanka og Útvegsbanka, stjórn SH og fréttariturum boðið að skoða skipið og sigla með því til Akraness og aftur til höfuðstaðarins. Heldur náði fréttanef blaðamannanna skammt og það var aðeins í Þjóðviljanum að sæmileg grein var gerð fyrir hinu glæsta skipi sem bæst hafði í flota Íslendinga.

Daginn eftir, sunnudag, fengu hluthafar og starfsfólk að ganga um skipið „ . . . og var siglt eins og daginn áður upp undir Akranes og ennfremur inn á Viðeyjarsund. Báða daga þágu gestir ýmsar veitingar.“[13]

Skipið fór vel með áhöfn sína, enda sjóhæfni þess „prýðileg“ að áliti Boga Ólafs-

sonar skipstjóra. Á siglingunni frá Stokkhólmi hafði hann sannreynt að Vatnajökli lét best að sigla fyrir allri þeirri orku er 810 ha. Atlas Polar-dieselvél skipsins bjó yfir en hún gat knúið það áfram á allt að 11 hnútum þegar slétt var í sjó. Í lest Vatnajökuls hafði verið útbúið sérstakt kælirúm[14] er tók á milli 750 og 800 tonn af fiski og átti eftir að reynast mjög vel. „Frost í lestum er mjög gott eða 18-23°", skrifaði Bogi skipstjóri árið 1948.[15]

Alls var skipið 1.100 rúmlestir að stærð, útbúið öllum nýtískulegustu siglingatækjum, sagði í Þjóðviljanum, nema hvað radarinn vantaði sem væri vegna þess að búist væri við endurbótum og verðlækkun á slíkum tækjum.[16] Það var þó ekki fyrr en árið 1950 að radar var settur í Vatnajökul „og var það . . . að nokkru vegna stríðshættu," útskýrði Ólafur Þórðarson. Kóreustríðið var þá nýhafið. Og svo mikil var ógnin er hinum vestrænu ríkjum þótti stafa af kommúnistum um þetta leyti að stjórn Jökla taldi sig nauðbeygða að setja vatnsþétt skilrúm í lestar skipsins til að draga úr líkum á að það fylltist af sjó, yrði það fyrir tundurskeytum.

En óneitanlega var stjórn Jökla nokkur vorkunn þótt hún léti undir höfuð leggjast í nokkur ár að kaupa radar í Vatnajökul, hvað þá vatnsþétt skilrúm. Þegar skipið kom til landsins var enn töluvert verk óunnið við innréttingar í lestum þess og tók tíu daga að ljúka því. Var Vatnajökull síðan fermdur og sendur af stað til New York.

Fljótlega fóru að koma í ljós alvarlegir gallar á rafmagnskerfi skipsins. Að kröfu tryggingafélagsins Lloyds höfðu sænsku iðnaðarmennirnir notað nýja gerð af rafmagnsköplum en ekki lagt þá rétt. Var reynt að gera við þetta smám saman og lauk viðgerðinni í janúar 1948. Fyrir vikið varð siglingatími Vatnajökuls býsna ódrjúgur fyrsta árið og urðu frátafirnar alls 29 dagar á aðeins fjórum mánuðum.

Enn áttu bilanir eftir að gera Jöklum þungar búsifjar. Ekki var fyrr búið að lagfæra raflagnirnar en að stýri skipsins tók upp á því að slá út í borð og festast. Fleiri bilanir hrjáðu Vatnajökul og rofaði ekkert til þegar í ljós kom að bómur skipsins voru of stuttar.

Það voru því töluvert gramir skipseigendur er mættu á aðalfund Jökla í júní 1948. Eins og við var að búist beindu þeir skeytum sínum mest að Einari stjórnarformanni og Ólafi Þórðarsyni sem hafði árið áður verið ráðinn framkvæmdastjóri Jökla. Kom fyrir lítið þó að Einar benti á hversu skipið væri grunnskreitt „ . . . og því eftirsótt á smærri hafnir." Auk þess hefði stjórn Jökla gefið frystihúsunum kost á að annast sjálf útskipun sem hefði sparað þeim nokkurt fé.

Allt var þetta góðra gjalda vert en fundarmenn heimtuðu skýringar á hrakfallasögu Vatnajökuls – höfðu skipasmiðirnir ekkert vit á því sem þeir voru að gera og hvað höfðust eftirlitsmenn Jökla eiginlega að allan þann tíma sem á smíðinni stóð?

Einar tók upp hanskann fyrir sjálfan sig og félaga sína í stjórninni og útlistaði hvernig stjórn Jökla hefði ráðið sænskan verkfræðing – „sem sænska ríkið hafði haft fyrir sig" – til að hafa eftirlit með smíðinni. Þá hefði Ólafur verið sendur utan og þar næst tveir vélstjórar til að líta eftir niðursetningu véla skipsins. Allir þessir menn hefðu reynst mjög vel, fullyrti Einar og benti á að erfitt hefði verið að sjá við rafmagnsbilununum. Nýtt efni hefði verið notað og sænskir fagmenn séð um raflögnina. Það væri ekki hægt að kenna íslensku eftirlitsmönnunum um klúðrið í Svíunum.

Næst hefðu vélarnar neitað að starta og var það rakið til þess að vitlaus olía var sett á tankana. „Síðan bilar hjól í [vélinni] og ekki er hægt að ásaka vélstjórana, þótt þeir sæju ekki þá bilun fyrir", endaði Einar mál sitt og fann enga sök hjá stjórn Jökla.



Ingvar Vilhjálmsson var einn þeirra sem mælti hvað eindregnast með því í september 1947 að Vatnajökull yrði hvorki leigður né seldur. Ingvar var aðaleigandi frystihússins Ísbjarnarins og hafði brotist áfram af eigin rammleik, stundað sjómennsku og síðar útgerð mótorbáta. Samhliða útgerðinni tók hann að verka afla sinn. Þetta var á 4. áratug 20. aldar þegar lífið var saltfiskur. Heimskreppan og borgarastríð á Spáni settu þó strik í reikninginn og Ingvar tók að þreifa fyrir sér með skreiðarverkun og síðar hraðfrystingu. (Sjá nánar í 1. b. Sögu SH, bls. 80-81).



Vatnajökull liggur við bryggju í Vestmannaeyjum. Vatnajökull var annað frystiskipið, sem Íslendingar eignuðust. Finnarnir, sem upphaflega ætluðu að kaupa skipið, höfðu látið teikna það sem ísbrjót. Brúin var aftur á og einnig káetur fyrir 19 manna áhöfn, þrír tveggja manna farþegaklefar og sjúkraherbergi.



Ólafur Þórðarson frá Laugabóli við Ísafjörð á skipsfjöl í september 1956. Ólafur var fyrsti forstjóri Jökla og annar tveggja aðalhvatamanna þess að SH var stofnað. „Það voru þeir Ólafur Þórðarson og Einar Sigurðsson, sem beittu sér fyrst og fremst fyrir stofnun þessara samtaka, og má því segja, að þeir séu feður að þessum félagssamtökum", sagði Elías Þorsteinsson á aðalfundi SH 1962. Ólafur starfrækti um skeið frystihús á Siglufirði í félagi við Gústav bróður sinn og Jón Ásgeirsson. Ólafur var vinmargur enda þótti hann ákaflega skemmtilegur í viðkynningu, heiðarlegur og traustur sem bjarg.

Enn hélt eitt og annað áfram að bila í Vatnajökli og viðurkenndi Ólafur framkvæmdastjóri að jafnvel þótt önnur skip hefðu orðið fyrir ýmsum óhöppum þá „ . . . munu fæst hafa orðið fyrir eins miklum [og Vatnajökull]." Loks fannst sökudólgurinn. Hinar þrjár hjálparvélar skipsins, Bolinder glóðarhausmótorar, voru hreinlega að hrista það í sundur. Í október 1948 voru þær teknar úr Vatnajökli og settar tvær General Motors dieselvélar í staðinn og það var eins og við manninn mælt. Kvillasýkin fór samstundis af Vatnajökli og hann varð eins og nýtt skip.

Það var með miklu stolti að Einar stjórnarformaður tilkynnti félögum sínum á aðalfundi Jökla 1950 að skip þeirra hefði gengið „vel og samfellt" síðastliðið ár og engra bilana orðið vart.

Félagið eflist

Fyrsta aðsetur Jökla var í Slipphúsinu við Mýrargötu 2, þar sem Sölumiðstöðin leigði vestari endann. Fyrst í stað voru Jöklar með skrifstofuaðstöðu í fundaherbergi SH en haustið 1947 varð á því breyting þegar Vatnajökull kom og Ólafi var falin framkvæmdastjórn skipsins. Jöklar fengu þá sérstakt herbergi í Slipphúsinu og þar inni sátu þeir andspænis hvor öðrum við tveggja manna skrifborð, Ólafur forstjóri og eini undirmaður hans og nafni, Ólafur Guðmundsson, sem falið var að annast um bókhald Jökla.

„Ég hafði verið ráðinn til SH til að sjá um afskipanir," rifjar Ólafur Guðmundsson upp. „En þegar ég kom stóð fyrir dyrum aukafundur vegna fjárhagskreppu. Landsbankinn hafði neitað að lána fyrir umbúðum og var ég því látinn aðstoða Helga Pálsson bókara við að ganga frá fjárhagsuppgjöri fyrir bankann svo hann gæti betur áttað sig á stöðunni."

Þegar átti svo að færa Ólaf um set setti Helgi hnefann í borðið og heimtaði að hann héldi áfram að aðstoða við bókhald Sölumiðstöðvarinnar sem var þá byrjað



Bogi Ólafsson, fyrsti skipstjóri Jökla. Á myndinni er Bogi skipstjóraklæddur um borð í Vatnajökli. Jón Gunnarsson er honum á vinstri hönd en bandarísk fjölskylda á þá hægri. Heimilisfaðirinn, jakkaklæddur með gleraugu, hefur væntanlega verið einn af viðskiptavinum Coldwater. Ljósmyndin var tekin við komu Vatnajökuls til New York í október 1947 sem var jómfrúrferð skipsins. Bogi skipstjóri var fæddur árið 1910 í Mýrasýslu. Hann fór fyrst á sjóinn 1928 sem háseti á togaranum Tryggva gamla frá Reykjavík, lauk farmannaprófi frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík 1934 og var hinn 1. maí 1947 ráðinn skipstjóri á Vatnajökli sem þá var í smíðum í Lidingö í Svíþjóð. Bogi var með Vatnajökul þangað til í desember 1961 að hann tók við Langjökli og stýrði honum þar til hann hætti hjá Jöklum í ágúst 1965.
Ljósm: Em. Gross.

að þenjast út, ekki síst vegna viðskipta SH í Bandaríkjunum. Þegar svo Jöklamenn tóku í septemberlok 1947 að falast eftir starfsmanni frá Sölumiðstöðinni til að annast bókhaldið fyrir þá lá beinast við að Ólafur tæki það að sér. Þannig atvikaðist það að næstu árin skipti Ólafur vinnutíma sínum til helminga á milli Sölumiðstöðvarinnar og Jökla.

„Ég byrjaði hjá Jöklum snemma árs 1948 og öll mín ár hjá félaginu voru Jöklar eins og deild innan SH [Ólafur hætti hjá Jöklum í árslok 1951, fluttist utan og tók við bókhaldi Coldwater]. Við sáum um að Vatnajökull hefði alltaf nóg að flytja út og lestun skipsins var skipulögð í nafni SH – eða ég hjá Jöklum sá um hana með hliðsjón af þörfum SH. Þannig voru Jöklar eins skyldir SH og skeggið hökunni.“[17]

Þegar Ólafur hafði gert upp reikninga Vatnajökuls eftir fyrsta heila árið kom í ljós að tíðar rafmagnsbilanir höfðu étið upp allan hagnað sem ella hefði orðið af skipinu. Jafnskjótt og tókst að uppræta bilanavaldinn skipti um í rekstrinum.




Vatnajökull kannaði ýmsa ókunna stigu sem íslensk skip höfðu aldrei komið á áður. Árið 1950 var hann leigður til smjörflutninga og varð að ná í smjörið til Chicago. Var siglt upp eftir öllu St. Lawrencefljóti, eftir vötnunum miklu og upp skipastigann í Niagarafossunum, alla leið til Chicago. Síðan var haldið sömu leið til baka og yfir Atlantshafið til Napoli á Ítalíu og Trieste við Adriahafið en til þessara tveggja borga átti smjörið að fara. Myndin er af áhöfn Vatnajökuls eins og hún var þegar skipið kom til Chicago; tekin þann 6. ágúst 1950. Fremri röð talið frá vinstri; Ari Einarsson loftskeytamaður, Haraldur Þórðarson, 2. stýrimaður og síðar skipstjóri hjá Jöklum, Júlíus Kemp, 1. stýrimaður og síðar skipstjóri á fjórum skipum Jökla, Bogi Ólafsson skipstjóri, Sigurlaugur Sigurðsson 1. vélstjóri, Kristberg Magnússon 2. vélstjóri og Bjarni Guðjónsson 3. vélstjóri. Aftari röð frá vinstri; Einar Friðfinnsson, þjónn yfirmanna og síðar bryti í áratugi á skipum Jökla, Haukur Guðmundsson háseti, Jón Örn Bogason, háseti og sonur Boga skipstjóra, Árni Björnsson bryti, Guðjón Guðnason matsveinn, Atli Helgason háseti, Magnús Axelsson háseti, Þórður Geirsson háseti, Kristján Hermannsson háseti, Höskuldur Þórðarson smyrjari, Sigurður Guðmundsson smyrjari, Páll Torp, háseti og síðar skipstjóri hjá Jöklum, og Sæmundur Þórarinsson smyrjari. Fyrir miðju er skipshundurinn Lassí.

En þetta var linnulaus barátta; farmurinn út var að vísu tryggður en oft gekk erfiðlega að finna farm heim aftur. Á þessu varð að finna einhverja lausn. Jöklar gátu ekki þrifist á útflutningi einum saman. Enginn gerði sér betri grein fyrir þessu en Ólafur Þórðarson. Því var hann varla fyrr sestur á framkvæmdastjórastól Jökla en að hann byrjaði að leggja snörur fyrir innflytjendur. Reyndar gekk hann skrefi lengra og leigði útlendingum Vatnajökul til vöruflutninga hvenær sem færi gafst.

Lítum örlítið nánar á þann veruleika er stjórnendur Jökla lifðu og hrærðust í þegar skipafélagið unga var að slíta barnsskónum. Í janúarlok 1948 bárust þau boð frá Bandaríkjunum að þar væri vaxandi eftirspurn eftir fiski. Í byrjun febrúar kom stjórn Jökla saman til að ræða boðskapinn að vestan. Það var mat sérfræðinga að fiskurinn yrði að vera kominn á markað fyrir febrúarlok en eftir þann tíma mátti búast við að eftirspurnin tæki að dvína og verðið að lækka.

Frystihúsin áttu því sem næst 560 tonn tilbúin á Ameríkumarkað og því vantaði ekki nema um það bil 200 tonn til að Vatnajökull hefði fullfermi.





Ferð Vatnajökuls til Chicago í ágúst 1950 þótti fréttnæm meðal annars vegna þess að aldrei hafði stærra skip farið alla þess leið. Kvíarnar í skipastigunum á leiðinni frá Montreal og upp í vötnin stóru voru ekki lengri en svo að Vatnajökull rétt komst fyrir í þeim en á þessari leið voru margir slíkir stigar. Á vötnunum miklu voru hins vegar miklu stærri skip í förum en þau komust aldrei til sjávar vegna þessara tiltölulega smáu skipastiga sem rétt rúmuðu Vatnajökul. Á annarri myndinni blasir skipastigi við áhöfn Vatnajökuls en á hinni er skipið statt í einum af litlu skipastigunum á milli Montreal og vatnanna miklu. Koma varð manni í land til að binda skipið og færa taug á milli kvía. Eina ráðið til þess var að sveifla honum í bómu eins og myndin sýnir. Páll Torp er í bandinu en hann fór flestar slíkar „sveifluferðir", en þær urðu margar, og hafði ákaflega gaman af.

Stjórnarmönnum kom saman um að færi Vatnajökull ekki þessa ferð væri ákaflega hætt við að farmurinn kæmi of seint á markað vestra. Þeir urðu því ásáttir um að senda skipið á ströndina að taka fisk frá frystihúsunum en á meðan skyldu þau 13 hús við Faxaflóa, sem væru að pakka fyrir Ameríkumarkað, kappkosta að frysta það sem á vantaði.

Þetta gekk allt eftir. Vatnajökull var um það bil átta daga í strandsiglingunni. Þegar hann kom til baka fylltu frystihúsin við Faxaflóa lestir hans af freðfiski sem fór beinustu leið til New York þar sem Jón Gunnarsson beið óþreyjufullur. Skipverjar áttu ekki langa viðdvöl í stórborginni því að skipið hafði verið leigt í ávaxtaflutninga til Venezúela „ . . . og er von um að skipið fái fullfermi af vörum til baka til New York." En heim aftur hafði Vatnajökull verið leigður Eimskipafélagi Íslands og átti að flytja matvöru.[18]

Þessi litla spegilmynd af starfsemi Jökla snemma árs 1948 sýnir í hnotskurn þá tvo þætti er áttu eftir að hafa mest áhrif á vöxt og viðgang félagsins næstu áratug-



Skipverjar Vatnajökuls fóru vítt um heim, meðal annars ítrekað til Ísrael, og var þá stundum brugðið á glens og gaman þegar fast land var aftur undir fótum. Á myndinni er Bogi Ólafsson skipstjóri að „skíra" Þóru Kemp, eiginkonu Júlíusar Kemp, síðar skipstjóra hjá Jöklum, í ánni Jórdan. Myndin er tekin í júní 1951.

ina: Annars vegar flutningana fyrir SH og leigusiglingar fyrir útlendinga. Hins vegar samstarfið, og samkeppnina, við Eimskipafélag Íslands.

Af þeim fáskrúðugu heimildum, sem til eru um sögu Jökla, verður ekkert séð um mikilvægi leigusiglinga fyrir félagið. Af orðum Ólafs Þórðarsonar má þó ráða að þær hafi verið drjúg tekjulind. Þegar eigendur Jökla byrjuðu árið 1951 að sækja fast á um lækkun farmgjalda varaði Ólafur þá við. „Það verður að fara varlega í að lækka fragtirnar", sagði hann. „Annars hefir skipið ekki grætt á því að flytja fiskinn, eini túrinn sem farinn var eingöngu með frosinn fisk kom út með tapi." Og Ólafur bætti við, til útskýringar þeim ágæta hagnaði sem flotið hafði af rekstri Jökla árið áður: „Gróðinn stafar af leigusiglingum erlendis."[19]

Við stöndum frammi fyrir sama vanda þegar kemur að þætti Eimskips í sögu Jökla fyrstu árin, heimildir segja okkur sáralítið um þessi samskipti. Fullvíst er þó að nokkur samvinna komst snemma á með þessum tveimur skipafélögum sem fólst fyrst í því að Eimskipafélagið útvegaði Jöklum stundum vörur að flytja heim, þó ekki alltaf við mikla hrifningu Ólafs Þórðarsonar. Á aðalfundi Jökla 1949 lýsti Ólafur fyrir fundargestum hvernig þessi samskipti hefðu gengið fyrir sig: „ . . . Vatnajökull

fékk alltaf verstu fragtirnar og var lítið upp úr þeim að hafa, þar eð mikill kostnaður varð við þær, mikið á framhaldsfragt út á land o. fl.“

Vaninn var sá að þegar búið var að afferma skipið erlendis gerði Ólafur sér ferð á skrifstofu Eimskips að semja við Guðmund Vilhjálmsson, forstjóra Eimskipafélagsins, um flutninga heim. Þarna stungu þeir félagarnir saman nefjum og hirtu ekkert um skriflega samninga en orð stóðu. „Venjulega varð niðurstaðan sú að Jöklar voru að taka smáslatta hér og þar fyrir Eimskip er sá um að lesta skipið. Þessi samskipti fóru alltaf fram í mikilli vinsemd.“[20]

Um mitt ár 1948 var horfið frá þessu ráði og Eimskipafélaginu þess í stað leigður Vatnajökull heim frá útlöndum. Þessi samningur náði þó aðeins til heimsiglinga frá Evrópu en ekki Ameríku.[21]

Samkeppni á milli skipafélaganna tveggja var ekki mikil á þessum árum. Enda þótt frystiskipum í íslenska flotanum fjölgaði úr einu árið 1945 í fimm 1949 var frekar að það vantaði skip. Á þessu varð þó smám saman breyting og endaði það með því að Eimskip lýsti stríði á hendur Jöklum, svo notuð séu orð Huxleys Ólafssonar á aðalfundi SH í júní 1963.

Árið 1952 hófu Jöklar að gefa frystihúsum SH afslátt af farmgjöldum og stóð sú tilhögun samfleytt í rúman áratug. Stefnan var að engir sjóðir mynduðust innan félagsins og var þetta gert til að forðast skattgreiðslur. Þrátt fyrir þetta færðust Jöklar í aukana og skipunum fjölgaði.

Árið 1952 spurðist út að hið ríflega 620 brúttólesta skip, Foldin, væri til sölu og horfðu forráðamenn Jökla á það miklum ágirndaraugum. Um mitt árið hafði þeim tekist að kría út gjaldeyrisleyfi til greiðslu skulda er hvíldu á skipinu í Þýskalandi, væntanlega vegna ógreiddra hafnargjalda, og einnig loforðs um lánsfé, var þá gengið frá kaupum á m/s Foldinni er átti að kosta röskar fjórar og hálfa milljón króna. Ekki gátu menn komið sér saman um heiti á skipið og það var ekki fyrr en eftir hlutkesti á stjórnarfundi að hægt var að gefa út yfirlýsingu um að Foldin myndi eftirleiðis heita Drangajökull. Hitt nafnið, sem helst hafði komið til greina, var Hofsjökull.[22]


Um svipað leyti, eða frá og með 1. júlí, lækkuðu Jöklar flutningataxta sína um 10%. Stjórnendur Eimskipafélagsins kættust lítið við þessi tíðindi en þeir þorðu ekki annað en að fylgja á eftir. Það var með þetta í huga að Sigurður Ágústsson andvarpaði feginsamlega á aðalfundi Jökla 1953: „Vonir okkar varðandi Jökla eru nú að rætast.“

Velgengni Jökla virtist engan enda ætla að taka. Aðeins tveimur árum eftir kaupin á Drangajökli var skipið að fullu greitt og oddvitar Jökla farnir að leiða hugann að þriðja skipinu. Varð þeim tíðrætt um hið mikla gagn er félagið hefði unnið SH; farið væri inn á allar hafnir eftir fiskinum, þarna ættu stjórnendur SH völ á skipi sem þeir gætu sent með fisk til landa sem ekkert annað skipafélag vildi líta við og síðast en ekki síst hefðu Jöklar beitt sér fyrir stórfelldum lækkunum á farmflutningum frá Íslandi.

Í hugum frumkvöðlanna lék enginn vafi á því að ef þriðja skipinu yrði bætt við flota Jökla, hlyti gagnið sem SH hefði af félaginu að aukast um að minnsta kosti þriðjung. Af þessari ástæðu var samþykkt á aðalfundi Jökla 1956 að útvega félaginu nýtt skip. Ekki var þó flanað að neinu, enda um stóra fjárfestingu að ræða, og það var ekki fyrr en rúmu ári síðar að gengið var til samninga við Århus Flydedok í Danmörku um smíðina.

Heldur hafði byrjað að síga á ógæfuhliðina hjá Jöklum þegar samningarnar um nýja skipið voru undirritaðir. Útkoman hafði verið hörmuleg árið 1956; reyndar sú






Vatnajökull var í margvíslegum flutningum. Stundum var dekkið hlaðið dráttarvélum og stundum voru lestarnar fylltar með salti. Tvær myndanna sýna skipið lestað salti við Ibisa í september 1950.



versta í sögu félagsins, fullyrti Einar Sigurðsson, „ . . . og er það skiljanlegt því að tilkostnaður hefur stöðugt vaxið hjá félaginu eins og öðrum en flutningsgjöld hafa mjög staðið í stað undanfarin ár.“[23]

Á aðalfundi Jökla 1958 dró Ólafur framkvæmdastjóri athygli fundargesta að þessari sömu staðreynd: „Eins og þið sjáið þá hafa fragtirnar verið orðnar nokkuð lágar, þegar ekki getur orðið neinn hagnaður á skipunum þrátt fyrir það, að búið er að afskrifa þau svo til niður.“

Barátta Jökla við að halda niðri farmgjöldunum var augljóslega byrjuð að koma félaginu sjálfu í koll og gerði því erfitt um vik að endurnýja skipaflota sinn. Einar Sigurðsson var þó hvergi banginn; „ . . . við treystum á Guð og gæfuna“, sagði hann og kvaðst sannfærður um að það myndi ekki reynast erfitt að standa straum af skipasmíðinni í Danmörku. Þetta gekk eftir og fyrsta sunnudaginn í október



Foldin, eða Drangajökull, eins og hún hét eftir að Jöklar eignuðust skipið, lestar tunnur í Flekkufirði í Noregi 31. júlí 1956. Drangajökull var smíðaður í Kalmar í Svíþjóð árið 1947 fyrir Skipafélagið Fold hf. í Reykjavík.

1959 sigldi Langjökull, hið nýja kæliskip Jökla, í fyrsta skiptið inn á Reykjavíkurhöfn.

Ólafur var þá búinn að ráða Einar S. M. Sveinsson til Jökla en hann hafði undanfarin þrjú ár verið í afskipunardeild SH og séð um farmskírteini og aðra pappíra er nauðsynlegir voru útflutningsversluninni með freðfisk.

„Það var mjög algengt að við útbyggjum farmskrár fyrir Jökla," segir Einar. „Mitt hlutverk hjá Jöklum var að útvega skipunum farm heim. Drangajökull og Vatnajökull voru lítil skip og sérkennileg, næstum skútulaga, og ákaflega erfið í siglingu ef þau voru tóm, sérstaklega Vatnajökull. Sjótankar hans voru litlir og gátu engan veginn komið í staðinn fyrir ballest. Fyrir vikið skófluðu menn sandi í Vatnajökul frekar en að sigla honum ólestuðum yfir hafið. Þetta var einkum gert á veturna þegar allra veðra var von. Ég átti að losa skipið við sandinn."[24]

Um þetta leyti önnuðust Eimskipafélagið og skipadeild SÍS mikinn meirihluta allra vöruflutninga sjóleiðis til Íslands. Vaxandi umsvif Sölumiðstöðvarinnar ytra, sérstaklega á Englandi og í Hollandi, vöktu þó bjartar vonir með Jöklamönnum um að þeir gætu ef til vill blandað sér í þann leik svo að um munaði.

„Þegar við fórum að skoða málin sáum við að vegna verksmiðju SH í Gravesend voru litlu skipin að sigla þangað með slatta. Þess vegna fórum við að leita eftir fragt á Lundúna-svæðinu sem okkur fannst ekki vitlaust því að keppinautarnir sigldu aðeins til Hull. Þá átti SH nokkur viðskipti við Hollendinga sem útlit var



Ingólfur Möller, til hægri, og Ólafur Þórðarson. Ingólfur hóf skipstjóraferil sinn á Foldinni og fylgdi henni síðan yfir til Jökla. „Hún var lítil, bar um 550 tonn, en mér fannst hún góð í sjó," segir Ingólfur. „Ég var með hana í tólf ár og flutti allskonar farm og lenti oft í mjög slæmu. Hún var afturbyggð eins og Vatnajökull, íbúðir og stjórnpallur aftur á. Það gat verið erfitt að ráða við skipið ólestað og þýddi ekkert að sigla beint á móti sjó og vindi. Ef skipið var tómt fylltum við botntanka þess af sjó svo það lægi betur."




Drangajökull í Korinthuskurði 1954. Talið frá vinstri; Hörður loftskeytamaður, Eyþór Fannberg, Gunnar Þór Ólafsson (sonur Ólafs Jónssonar í Sandgerði) og kokkurinn um borð, ónafngreindur.

Á stjórnarfundi Jökla í mars 1959 var samþykkt að Guðríður Einarsdóttir, elsta barn Einars Sigurðssonar stjórnarformanns Jökla, skyldi gefa Langjökli nafn.




Langjökull bíður þess að fá nafn.



Guðríður, með blómvönd, og Einar faðir hennar (með hatt) ganga ofan landganginn frá pallinum sem búið var að reisa við skipshlið til að nafngjöfin mætti fara fram með tilhlýðilegri reisn. Klukkan er að nálgast tólf á hádegi þann 15. apríl 1959.





Ingólfur Möller tók við Langjökli nýjum en Jón Þorvaldsson var ráðinn skipstjóri á Drangajökli í hans stað. Ingólfi féll strax mjög vel við Langjökul. Danirnir höfðu vandað mjög til smíðinnar og var skipið allt hið vistlegasta. Tækjabúnaður reyndist vel og vélin sló aldrei feilpúst. Vegna stærðar Langjökuls, en hann bar rúm 1.800 tonn, fór hann oftar en önnur Jöklaskip til Rússlands enda var siglt með stóra farma þangað austur.

fyrir að færu mikið vaxandi enda var Jón Gunnarsson byrjaður að hreyfa því að byggja fiskverksmiðju þar í landi. Hann sá Evrópubandalagslöndin fyrir sér sem eina heild og vildi vera þar innan dyra. Í Rotterdam hafði okkur tekist að fá mjög áhugasama umboðsmenn er höfðu áður starfað fyrir Eimskip. Umboðsmenn okkar í Hamborg voru líka mjög duglegir og þar tókst okkur snemma að ná góðri fótfestu. Okkur gekk vel að fá vörur heim en til Þýskalands fluttum við mikið af frystri síld. Einn daginn fengum við boð um að hitta stjórnendur Volkswagenverksmiðjanna. Þeir vildu gera samning við okkur um að við flyttum alla Volkswagen-bíla til Íslands og urðu bílaflutningarnir okkur mjög hagstæðir. Bílarnir voru svo fljótlestaðir en á þessum árum var öllu raðað eða staflað í lestarnar.“[25]

Þessi vöxtur Jökla varð þó ekki án áfalla. Árið 1960, eða árið síðar en Langjökull tók fyrst land á Íslandi, vildi það óhapp til að Drangajökull sökk á Pentlandsfirði er skilur að Skotland og Orkneyjar. Áhöfnin komst öll í bátana, 19 manns, og var bjargað um borð í skoskan togara sem var að koma af miðunum við Færeyjar.

Þegar stjórn Jökla bárust fréttirnar til eyrna lét hún það verða eitt sitt fyrsta verk að leita eftir tilboðum í smíði nýs frystiskips í stað Drangajökuls. Í ágúst 1960, aðeins rétt rúmum mánuði eftir óhappið, var ákveðið að ganga til samninga við fyrirtækið Van Der Werf, DEEST, í Hollandi um smíðina. Í desember árið eftir lagðist nýr Drangajökull að bryggju í Reykjavík.


Varð nú skammt stórra högga á milli. Aðeins tæpu ári eftir að Drangajökull hinn nýi kom siglandi inn í flota Jökla, eða í nóvember 1962, samþykkti stjórn þess að ganga að tilboði skipasmíðastöðvar í Grangemouth í Skotlandi í smíði ríf-



Að kvöldi hins 28. júní 1960 var Drangajökull á heimleið, fullhlaðinn kartöflum í lest og á dekki, auk þess sem tólf traktorar og einn bíll voru á dekki. Um hálfáttaleytið um kvöldið sendi skipið út neyðarskeyti. „Er að hvolfa á bakborða.“ Svo heppilega vildi til að skammt frá var skoski togarinn Mount Eden að koma úr tólf daga veiðiferð við Færeyjar. Var öllum skipverjum af Drangajökli, alls 16 manns, auk messadrengs, eiginkonu skipstjórans og syni, bjargað um borð í togarann. Þau voru þá öll komin í björgunarbáta og Drangajökull sokkinn. Sjóréttur komst ekki að neinni ákveðinni niðurstöðu um orsakir óhappsins og skipverjarnir létu hafa eftir sér í blöðum: „Óskiljanlegt hvers vegna skipið sökk.“

Haukur Guðmundsson skipstjóri sagði fyrir sjórétti að hann teldi líklegast að leki hefði komið að skipinu aftanverðu og því farið sem fór.

Myndin sýnir tvö elstu skip Jökla, Vatnajökul og Drangajökul, í Harbourside í New Jersey. Snemma á 6. áratugnum varð þessi höfn aðalviðkomustaður Jöklaskipa í Bandaríkjunum og kom í stað New York. Aðstaða var öll miklu betri í höfninni í Jerseyborg. Griðarlega stórt vöruhúsið á hafnarbakkanum hýsti meðal annars stórar og nýlegar frystigeymslur og þangað inn fór íslenski fiskurinn.





Á stjórnarfundi Jökla þann 23. maí 1962 lagði Einar Sigurðsson stjórnarformaður til að leitað yrði heimildar aðalfundar, er þá stóð fyrir dyrum, til að selja Vatnajökul og athuga um smíði á nýju 3000 tonna skipi. Stjórnin var þessu samþykkt og eftir gangi mála að dæma (aðalfundargerðabók fyrir þennan tíma er glötuð) hafa félagsmenn samþykkt tillöguna. Vatnajökull var seldur um sumarið til Frakklands og í nóvember þetta sama ár var samþykkt að ganga til samninga við skosku skipasmíðastöðina Grangemouth Dockyard C. Ltd. um smíðina. Myndin er frá undirritun samninga og sýnir þá Ólaf Þórðarson og forstjóra skoska fyrirtækisins hlið við hlið í sófanum. Lengst til hægri er Gísli Ólafson, framkvæmdastjóri Tryggingamiðstöðvarinnar og mikill vinur Ólafs, en hann hafði milligöngu um útvegun lánsfjármagns til verksins og aðstoðaði Ólaf á alla lund í samskiptum hans við Skotana. Þetta voru fyrstu verulegu afskiptin sem Gísli hafði af Jöklum en þau áttu eftir að aukast mjög síðar þegar hann tók að sér framkvæmdastjórn fyrirtækisins. Hárlitli maðurinn vinstra megin er ónafngreindur, gæti þó verið Th. Brennan, er aðstoðaði við fjármögnun fyrirtækisins og við að koma samningunum milli Jökla og Skotanna í höfn.


lega tvö þúsund og þrjú hundruð brúttólesta skips. Var það nefnt Hofsjökull og hafði þetta góða nafn þá loks fengið uppreisn æru eftir að hafa tapað hlutkesti á móti Drangajökli forðum. Í maí 1964 luku Skotarnir við smíðina og afhentu Jöklum skipið.

Stríðshanskanum kastað

„Við fórum strax að undirbúa komu Hofsjökuls í flota Jökla. Við höfðum verið að fá eina og eina ferð til Ameríku. Eimskipsmenn ætluðu þá alveg vitlausir að verða, þeir vildu okkur ekki þangað.“[26]


Þessi viðbrögð stjórnenda Eimskips þurftu ekki að koma neinum á óvart. Flutningarnir fyrir SH voru kjölfesta kaupsiglinga félagsins til Vesturheims. Án þeirra


Drangajökli gefið nafn haustið 1961





Hinn 9. september 1961 gaf Svava Ágústsdóttir, eiginkona Einars Sigurðssonar, Drangajökli nafn . Hér gengur hún til athafnarinnar ásamt forstjóra hollensku skipasmíðastöðvarinnar, Van Der Werf, er sá um smíðina.






Drangajökull rennur fram.



Svava tekur við árnaðaróskum.



Drangajökull var 1.909 tonn, ganghraði 13 sjómílur á klukkustund, lengd 82,55 metrar og breidd 12,29 metrar. Hann gat tekið 1.980 tonna farm og fjóra farþega. Á stjórnarfundi Jökla í ágúst 1961 var ákveðið að Ingólfur Möller tæki við skipinu en það var formlega afhent Jöklum þann 8. desember 1961. Ingólfi líkaði vel við skipið, vélbúnaður var góður en handbragðið á innansmíðinni var engan veginn jafnskemmtilegt og hjá Dönunum í Langjökli.

varð ekki annað séð en að „Fossarnir" myndu einfaldlega neyðast til að hætta siglingum til Bandaríkjanna.

Það fór þó svo að Jöklar gerðust æ umsvifameiri í siglingum vestur um haf. Borgin Charleston í Suður-Karolínu varð aðalhöfn félagsins í Bandaríkjunum. Þar voru lestaðar frystivörur, kjúklingar og fleira, sem siglt var með til Le Havre, Rotterdam og Hamborgar. Þaðan var haldið til Danmerkur og undirlestarnar fylltar af frosnum fiski, aðallega blokk, er átti að fara til Bandaríkjanna. Þá var aftur haldið til Hamborgar og millidekkið fyllt með Volkswagen-bílum og stykkjavöru, heimilistækjum og fleiru, er átti að fara til Íslands. Á Íslandi var millidekkið tæmt en jafnskjótt hlaðið aftur af freðfiski. Síðan var haldið til Cambridge í Marylandfylki í Bandaríkjunum og fiskinum skipað á land. En frá Cambridge sigldu Jöklarnir til Charleston og var þá hringnum lokað. Ef ekki fékkst næg frystivara í Karólínufylki var gripið til þess að koma við á Nova Scotia og lestarnar fylltar með frystum fiski.

Ætlunin var að hafa tvö skip í þessari hringferð sem hentaði ágætlega fyrir Langjökul og Drangajökul sem voru vel búnir tækjum, með millidekk og gangmiklir. Hinn nýi Hofsjökull, sem Skotarnir fullgerðu í maí 1964, var ekki síður vel fallinn til þessara siglinga meginlanda á milli enda hugmyndin sú að hann tæki þátt í þeim.

Til að standa straum af smíði Hofsjökuls hugðist stjórn Jökla meðal annars selja Vatnajökul en það jók Einari og félögum bjartsýni að mjög hafði skipt um til hins betra í rekstrinum eftir fáein erfið ár á undan.

En Adam var ekki lengi í Paradís. Í maí 1964 dró óheillabliku á loft. Eimskipafélag Íslands tilkynnti þá um mikla lækkun farmgjalda er átti þó aðeins að ná til frystra afurða. Allt í einu kostaði ekki nema 100 shillinga að flytja tonn af freðfiski til Englands og meginlands Evrópu en áður hafði gjaldið verið 151 shillingur. Freðsíldin varð jafnvel ódýrari í flutningum til Evrópu en síldar- og fiskimjöl og eftir lækkunina tók Eimskipafélagið álíka mikið fyrir að flytja frosinn fisk til Bandaríkjanna og kornmat að vestan; tonnið af fiskinum kostaði 28 dollara en mjölið 25.[27]

Þessi lækkun kom stjórnendum Jökla í opna skjöldu og þeir spurðu sjálfa sig: Hvernig má það vera að farmgjöld frystrar vöru og mjöls eru nánast þau sömu hjá Eimskipafélaginu? Og þeir voru fljótir til svars. Þetta var undirboð sem grundvallaðist ekki á hagkvæmnisútreikningum. Finnbogi Guðmundsson, stjórnarmaður í SH og Jöklum, talaði fyrir munn margra þegar hann fullyrti að enginn vafi léki á því að Eimskipafélagið hygðist með þessum hætti knésetja Jökla.[28]

Óneitanlega veltu menn því fyrir sér af hverju stjórnendur Eimskipafélagsins völdu að láta sverfa til stáls sumarið 1964. Gerðu margir því skóna að útslagið hefði verið vaxandi sókn Jökla eftir völuflutningum til Íslands sem hófst fyrir alvöru haustið 1959 þegar Einar S. M. Sveinsson var ráðinn til Jökla. Gerð var tilraun til að láta skip félagsins sigla til ákveðinna hafna erlendis eftir fyrirframgerðri áætlun í því augnamiði að geta boðið vísa völuflutninga til Íslands.[29] Jafnhliða þessu tók félagið á leigu fjórar völuskemmur við Kleppsveg, samtals um 1.200 fermetra að stærð. Um þær sagði Ólafur Þórðarson á aðalfundi Jökla 1960: „Það er ómögulegt að taka að sér að flytja vörur fyrir hina og þessa, nema hafa skemmur".

Jöklum varð vel ágengt á þessari nýju braut og 1963 voru tekjur þeirra af flutningum til landsins orðnar um þriðjungur af heildartekjum félagsins.[30] Á því var engin launung að stjórnendur Jökla ætluðu ekki að láta þar staðar numið. Þeir



Á fundi stjórnar Jökla snemma í mars 1964 upplýsti Ólafur framkvæmdastjóri að félagið væri búið að fá lóð og undirbúningur að byggingu tveggja vöruskemma væri hafinn. Húsin risu um sumarið. Myndin sýnir Hraðfrystihúsið á Kirkjusandi í forgrunni. Laugarnesvegurinn er eins og svart strik út á nesið. Í krappri beygjunni hjá risastóru fjölbýlishúsinu rennur Laugarnesvegurinn saman við Kleppsveginn. Stóra blokkin skyggir á vöruskemmu við Héðinsgötu sem SH lét byggja. Framundan skemmunni má sjá girðingu eða port en þar geymdi félagið klór og ammóníak. Fjær á myndinni, næst fyrir neðan skemmu SH, eru tveir braggar sem Félag íslenskra skreiðarframleiðenda byggði. Síðar hýstu þeir Landflutninga en seinast hafði SH afnot af þeim áður en þeir voru rifnir til að rýma fyrir nýrri vöruskemmu er SH byggði á lóðinni. Ljósu vöruskemmurnar fyrir neðan braggana (snúa stafni upp að Kleppsveginum) eru Jöklaskemmurnar svokölluðu sem Jöklar byggðu 1964. Rúmum áratug síðar, eða síðla árs 1975, keypti Umbúðamiðstöðin Jöklaskemmurnar.

unnu kappsamlega að því að skjóta styrkari stoðum undir siglingahringinn frá Charleston og Cambridge í Bandaríkjunum yfir til meginlands Evrópu og Íslands.

Um mitt ár 1964 byrjuðu Jöklamenn að leggja drög að öðrum siglingahring er átti að fela í sér reglubundnar ferðir frá Íslandi til Sovétríkjanna, Póllands, Vestur-Evrópu og heim aftur til Íslands. Hugmyndin var að flytja fisk til Sovétríkjanna og lesta þar og í Póllandi vörur til Íslands, og meginlands Evrópu, eins og skipsrými leyfði. Vestan járntjaldsins átti að ferma skipin með vörum til Íslands til jafns við það sem úr þeim væri tekið þannig að heimleiðis myndu þau halda fullhlaðin ef kostur væri. Til þessa verkefnis átti að nota tvö skip.[31]

Um vorið þetta sama ár 1964 reistu Jöklamenn vöruskemmur við Héðinsgötu, ekki langt frá skemmunum er þeir höfðu áður leigt við Kleppsveginn.

Í augum forráðamanna Eimskipafélagsins voru öll þessi umsvif vafalítið óþyrmileg áminning um að í næsta nágrenni við þá var að vaxa upp hættulegur keppi-

Hofsjökli gefið nafn hinn 17. mars 1964



Ólöf í góðum hópi gesta. Sturlaugur H. Böðvarsson er lengst til hægri. Við hlið hans er Ingveldur Þ. Viggósdóttir, eiginkona Gísla Ólafsonar, en Gisli, hávaxinn og gráhærður, með gleraugu, stendur fyrir aftan eiginkonu Sturlaugs, Rannveigu Böðvarsson, sem heldur kápunni á öxlum Ólafar. Ólafur Þórðarson kiprar munninn en á endanum vinstra megin er skoski forstjórinn glaðbeittur.



Ólöf, dóttir Einars Sigurðssonar, gaf Hofsjökli nafn. Hér mundar hún sig til við flöskuna. Ólafur Þórðarson fylgist með.




Forstjóri skosku skipasmíðastöðvarinnar aðstoðar Ólöfu.



Í september 1963 samþykkti stjórn Jökla í einu hljóði að nýja skipið skyldi heita Hofsjökull og sýnir myndin það standa uppi í skipasmíðastöðinni, reiðubúið að fá nafn.



Flaskan hendist af stað.



Flaskan hefur brotnað á stefni Hofsjökuls og nafngjöfinni lýkur með því að skipið er sjósett við mikinn fögnuð viðstaddra.



Vatnajökull, er áður hét Hvítanesið, bættist í kaupskipaflota Jökla í september 1964. Hann hafði verið smíðaður í Hamborg árið 1957, gekk hraðast 13 sjómílur, var 78,87 metrar á lengd, 1.734 brúttólestir og hafði rými fyrir fjóra farþega. Vatnajökull flutti mestmegnis stykkjavöru á milli Íslands og annarra Evrópulanda. Hann var einnig í innanlandssiglingum. Í janúar 1969 var skipið selt Eimskipafélaginu og hét eftir það Laxfoss.

nautur um vöruflutningana að og frá Íslandi. Þeir létu því til skarar skríða og hjuggu þar sem Jöklar voru veikastir fyrir. Þrátt fyrir allt hafði félagið ennþá tiltölulega fá járn í eldinum. Helsta lifibrauð þess voru freðfiskflutningarnir fyrir Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. Á því getur varla leikið nokkur vafi að farmgjaldalækkun Eimskips vorið 1964 hafði þann höfuðtilgang að koma Jöklum út úr húsi hjá SH.

Það er heldur ekki rétt að gleyma því að SH hefur óslitið frá lokum seinna stríðs og fram á þennan dag verið einn stærsti viðskiptavinur Eimskipafélagsins.[32] Vafalítið hafa stjórnendur félagsins borið kvíðboga fyrir því að þessi viðskipti kynnu að dragast verulega saman eða glatast ef Jöklar héldu áfram að færa út kvíarnar.

Það herti forustumenn Eimskipafélagsins enn í sókn sinni að í endaðan ágúst 1964 samþykkti stjórn Jökla að kaupa m/s Hvítanes af Kaupskipum hf. Fram að því höfðu öll skip félagsins verið frystiskip; Hvítanesið, sem fékk nafnið Vatnajökull, var hins vegar venjulegt flutningaskip.

Í herbúðum Eimskips heyrðust þær raddir að með kaupunum á Hvítanesinu væru Jöklar að segja félaginu stríð á hendur. Jöklamenn hefðu alltaf siglt undir því yfirskini að þeir væru að tryggja hag SH en svo mikið var víst að SH hafði lítið við skip að gera sem ekki gat flutt frosinn fisk. Hagsmunir Sölumiðstöðvarinnar voru því bersýnilega fyrir borð bornir þegar kaupin á Hvítanesinu voru afráðin.

En auðvitað mátti segja að stríðshanskanum væri kastað þegar Eimskipafélagið lækkaði farmgjöldin á frystum fiski um allt að 33%, eða liðlega það. Þó er vert að undirstrika, áður en lengra er haldið, að eftirleikurinn var SH-manna sjálfra. Þeirra

var að taka ákvörðun og það er næsta víst að þeir voru ófáir sem í hljóði og upphátt tóku undir með Karvel Ögmundssyni þegar hann sagði á aukafundi Jökla í október 1965, en þá var SH búið að semja við Eimskipafélagið um flutningana: „ . . . það hefur tekið mig 6 mánuði að skilja þá atburði, sem gerðust á milli Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og Jökla h. f.“

Við skulum nú rekja til rótar þá atburði er Karvel Ögmundsson, og ófáir félagar hans innan SH, áttu svo erfitt með að skilja.

Veikleiki Jökla

Allt frá upphafi voru Jöklar einkennilega í sveit settir. Formlega var félagið ekki í eigu SH en í reynd réðu hagsmunir Sölumiðstöðvarinnar mestu um stjórnun þess. Þessu lýsti Einar Sigurðsson á aðalfundi SH 1963: „ . . . Sölumiðstöðin hefur getað ráðið alveg fullkomlega yfir skipunum og sent þau hvert sem henni sýndist“.

Eins og þegar hefur komið fram voru Jöklar stofnaðir í þágu hagsmuna frystihúsanna innan SH. Jöklar áttu að lyfta frystihúsakörlunum upp úr þröngu dölunum sínum og opna þeim leiðir til allra átta. Fiskur, umbúðir og markaðir voru fyrir hendi en skip skorti til að yfirstíga þann þröskuld sem Atlantshafið var. Jafnframt áttu Jöklar að halda öðrum skipafélögum í skák og varna því að SH greiddi hærri flutningsgjöld yfir hafið en sanngjarnt mátti teljast. Um ágæti, eða jafnvel réttmæti, þessa ráðslags má vissulega deila en það sem skiptir máli hér er að þessi tilhögun kom um síðir eigendum Jökla í koll.

Strax á aðalfundi félagsins 1951 voru hluthafar í Jöklum byrjaðir að krefjast lækkunar farmgjalda og skírskotuðu þeir óspart til góðrar afkomu félagsins og hugsjónarinnar er lá að baki stofnun þess.

Sigurður Ágústsson í Stykkishólmi hafði framsögu um þetta hugðarefni frystihúsmanna. Rifjaði hann upp að í byrjun hefðu flestir lagt fé í fyrirtækið „af mikilli fátækt“ en fyrir öllum hefði vakað að koma böndum á farmgjöldin „ . . . og ef til vill þvinga þau niður.“ Sigurður fór ekkert í launkofa með þá skoðun sína að Jöklar hefðu verið stofnaðir til að styrkja SH „á allan hátt“. Og það gerði félagið fyrst og fremst með því að lækka farmgjöld.

Jón Árnason tók undir með Sigurði: „Vatnajökull var keyptur til þess að lækka fragtirnar, og að sýna fram á að það væri hægt.“

Eins og vænta mátti tóku þeir Ólafur Þórðarson og Elías Þorsteinsson upp hanskann fyrir Jökla. Minntu þeir á að félagið hefði lækkað farmgjöldin og að nauðsynlegt væri að það eignaðist varasjóði til að geta haldið áfram að vaxa og dafna.

Á yfirborðinu var hér tekist á um hver ætti að njóta góðs af hagnaði Jökla; skipafélagið sjálft eða frystihúsin. Kveikjan að umræðunni var þó sú staðreynd að vegna góðrar afkomu Jökla hafði félaginu verið gert að greiða um það bil 400.000 krónur í skatta. Þessi skattgreiðsla var í augum Sigurðar Ágústssonar og skoðanabræðra hans sönnun þess að Jöklar tækju alltof há farmgjöld af frystihúsunum og SH. Þannig voru stjórnendur Jökla að „henda fé“, eins og Jón Árnason orðaði það, í ríkissjóð; fé sem var miklu betur komið hjá Sölumiðstöðinni.

Enda þótt bæði Ólafur framkvæmdastjóri og Elías Þorsteinsson væru eindregið á móti því að millifæra fé Jökla með einhverjum hætti til félagsmanna Sölumiðstöðvarinnar varð það engu að síður ofan á.

Upp frá því varð árvisst að Jöklar greiddu allan hagnað ársins á undan sem afslátt á farmgjöldum inn á reikning SH og fengu þá oftar en ekki lán á móti frá

Ingólfur Möller fæddist í Reykjavík hinn 13. febrúar 1913 og lést 1. mars 1997. Hann byrjaði skipstjóraferil sinn á Foldinni og kom með henni til Jökla. Það féll í hans hlut að taka við Langjökli, Drangajökli og Hofsjökli nýjum. Mikið orð fór af skipstjórnarhæfileikum Ingólfs og dugnaði. Reyndar áttu þeir það sameiginlegt hann og Bogi að frystihúsamenn í landi báru mikla virðingu fyrir þeim, ekki síst vegna þess að þeir kappkostuðu að ná í fiskinn inn á stórar sem smáar hafnir. „Minnsta bryggjan sem við lögðumst að á Foldinni var á Drangsnesi við Steingrímsfjörð," rifjar Ingólfur upp. „Við lögðum framendanum upp að og rétt náðum að taka farminn af bryggjusporðinum. Akkerið var aftur af okkur svo skipinu slægi ekki flötu."

En víða voru engar bryggjur sem því nafni gátu kallast og varð þá að selflytja fiskinn í mótorbátum út í skip. Skipstjórarnir voru vanir að láta vita á undan sér hvenær þeir myndu leggja að og mátti mikið ganga á ef það brást. En þá var líka eins gott fyrir frystihúsamenn að allt væri til reiðu því að hvorki Ingólfur né Bogi tóku því með þegjandi þögninni ef skip þeirra urðu fyrir töfum vegna slælegra vinnubragða manna í landi. Jón Páll Halldórsson á Ísafirði hefur rifjað upp hin ágætu samskipti sem voru fyrr og síðar á milli frystihúsamanna vítt og breitt um landið og skipstjóra og skipverja Jökla: „Skipstjórar á skipum Jökla voru harðduglegir menn, sem veittu frystihúsunum, einkanlega á minni stöðunum, ómælda þjónustu. Þeir komu inn á minni hafnirnar, sem skip Eimskips fóru gjarnan fram hjá, oft í slæmum veðrum, gegn því skilyrði, að allt gengi í loftköstum meðan skipið stæði við, þannig að töfin yrði sem minnst. Milli skipstjóranna og verkstjóra frystihúsanna skapaðist á þessum árum sérstakt trúnaðartraust, sem hvorir tveggju nutu góðs af. Það var til dæmis ekki óalgengt að Ingólfur Möller hringdi um miðnætti frá Patreksfirði til að tilkynna hvenær hann yrði á Ísafirði. Þá yrði allt að vera tilbúið á hafnarkantinum, því að hann ætladi adeins að standa við í tvær klukkustundir. Ætlunin væri að vera kominn til Skagastrandar eða Siglufjarðar á þeim tíma sem hann tiltók."

Eins og sjá má af þessum orðum Jóns Páls var það mikið metnaðarmál skipstjóranna að vera sem fljótastir í förum og einnig að taka sem mest í skipin. Þeir víluðu ekki fyrir sér að atast í uppskipunarköllunum á bryggjunni og reka þá áfram, rétt eins og sína eigin menn, og skipti litlu eða engu hvort um innlenda eða erlenda höfn var að ræða. Þeim lá einfaldlega á að komast frá bryggju og halda áfram.


Ekki minnkaði kappið þegar kom út á rúmsjó. Kristberg



Magnússon, sem lengi var yfirvélstjóri á Jöklaskipum, rifjar upp þessa sögu sem dæmi þar um. „Við vorum að koma frá Bandaríkjunum á Drangajökli gamla. Um sama leyti lagði Lagarfoss af stað heim en hann var miklu stærra skip en Drangajökull. Ég man að þegar við komum fyrst til Bandaríkjanna á Drangajökli þótti heimamönnum skipið svo lítið að þeir spurðu í forundran: „Komuð þið á þessu yfir Atlantshafið?" Þrátt fyrir þessa miklu yfirburði Lagarfoss, bæði hvað varðaði stærð og vélarafl, var Ingólfur ekkert á því að láta Eimskipafélagsmenn verða á undan sér. Hann sigldi beint út í Golfstrauminn en hinn skipstjórinn fylgdi venjulegri siglingaleið. Við urðum á undan til Reykjavíkur og hinir fengu glósur. Þarna kom sér vel að Ingólfur spáði miklu meira en flestir aðrir skipstjórar í strauma og vinda og reyndi að hagnýta sér þessi náttúruöfl til að flýta för."

Sölumiðstöðinni er nam sömu upphæð. Þannig komust Jöklar hjá því að greiða skatt af tekjum en um leið var komið í veg fyrir að félagið eignaðist sjóði og jafnframt sáð til látlausrar óeiningar um Jökla.

Mátti ekki á milli sjá hvorir voru óánægðari með þessa tilhögun, þeir sem töldust hluthafar í Jöklum eða hinir sem ekkert áttu í skipafélaginu en voru engu að síður innan vébanda SH. Óánægjuraddirnar Jöklamegin lýstu yfir vanþóknun sinni á því að tekjur félagsins skyldu alltaf vera greiddar til SH aftur og þaðan inn á fiskreikninga allra frystihúsanna er höfðu flutt freðfisk með Jöklum, óháð því hvort þau voru hluthafar í Jöklum eða ekki.



Tryggvi Ófeigsson var einn þeirra er áttu erfitt með að sætta sig við hvernig sambandi Jökla og SH var háttað. Að baki Tryggva hangir uppi ljósmynd af togaranum Júpiter sem samnefnt útgerðarfélag er Tryggvi átti hlut í keypti. Hann var jafnframt skipstjóri Júpiters til ársins 1940.

Á hinn bóginn undu þeir eigendur SH, er ekki áttu hlut í Jöklum, því sífellt verr að vera notaðir nánast sem banki fyrir Jökla. Þeir féllust ekki á þann skilning er Einar Sigurðsson og fleiri vildu leggja í þessa peningatilfærslu á milli tveggja sjálfstæðra fyrirtækja. Á aðalfundi SH 1963, en þá var orðin megn óánægja með þetta fyrirkomulag, reyndi Einar að útskýra málið: „Þetta er . . . ekki venjulegt lán. Þetta er fé, sem Jöklar hafa greitt ykkur, frystihúsamenn. Við skulum kalla það afslátt, . . . [eða] bónus."

Þetta var engan veginn viðunandi fyrir um það bil 40% eigenda SH er áttu ekkert í Jöklum. Þeir töldu sig eiga heimtingu á endurgreiðslunni beint í vasann án þess að lán þyrfti að koma á móti. Tryggvi Ófeigsson rökstuddi þetta á aðalfundinum 1963: „ . . . [minni hlutinn] hefur siðferðislegan rétt til annars, þ. e. að hann fái endurgreiðslu á farmgjaldi af sínum hluta, sem hann hefði getað fengið, hefði farmgjaldið verið boðið út á frjálsum markaði, og það er þessi réttur, sem minni hlutinn á ekki að láta falla niður – ég endurtek, hann á ekki að láta hann falla niður".

Stóra brotalömin í sambandi Jökla og SH var vitaskuld sú, að enda þótt litið væri á Jökla sem dótturfyrirtæki Sölumiðstöðvarinnar, þá voru engin félagsbundin tengsl á milli. SH átti ekki krónu í skipafélaginu. Þetta bauð heim átökum um grundvallaratriði; hvort áttu Jöklar að vera þjónustufyrirtæki SH eða sjálfstætt hlutafélag? Svarið við þessari spurningu hlaut að ráða framtíð Jökla.

Í hita deilnanna á fyrri hluta 7. áratugarins varð þessi spurning þó enn þrengri og snerist iðulega að mestu um hugmyndafræði Einars Sigurðssonar en hann hafði verið stjórnarformaður Jökla frá upphafi og átti þess utan stærstan hlut í félaginu. Og óneitanlega var Einar grunaður um að skara eld að eigin köku. Það fór ekki leynt að hann var hlynntur hlutafélagsforminu og harðvítugur talsmaður þess að SH væri breytt í hlutafélag. Ekki var frítt við að menn kenndu honum um að hafa staðið í vegi fyrir því að öll SH-frystihúsin, sem það vildu, gætu eignast hlut í Jöklum. Einar hafði þó oftar en einu sinni viðurkennt að það væri æskilegt að hlutabréf Jökla deildust niður á alla eigendur SH. Til þess kom þó ekki fyrr en 1964 að samþykkt var að afsláttur Jökla fyrir árið á undan skyldi afhentur félagsmönnum SH sem hlutabréf.

En þetta var orðið of seint. Mikil óánægja og tortryggni hafði grafið um sig meðal fjölmenns hóps innan Sölumiðstöðvarinnar. Og hún beindist öll að Einari og fylgismönnum hans. „ . . . þeir vilja gera þetta félag, Jökla, að sjálfstæðu gróðafyrirtæki fyrir sig sjálfa, en þeir láta lönd og leið um heildarfélagsskapinn S. H.“, fullyrti Sveinn Benediktsson.[33]

Það var reyndar óþarfi fyrir Svein að tala um framtíðina í þessu sambandi; sú skoðun ófárra SH-manna, að Einar og aðrir eigendur Jökla hefðu minnihlutann innan SH að féþúfu, hafði kraumað undir um nokkra hríð áður en fyrst sauð upp úr á aðalfundi SH 1963. „ . . . fragtskipin, þau eru með rjómakönnuna, en það vita allir, þegar búið er að fleyta rjómann, hvað eftir er, það er undanrenna“, kenndi Tryggvi Ófeigsson félögum sínum á fundinum og lagði síðan út af líkingunni: „Það erum við, sem erum með undanrennuna“, og átti við félaga sína í SH.

Óþarfi er að fjölyrða mikið um það hverjir fleyttu „rjómann ofan af“ að dómi Tryggva, það voru auðvitað Einar Sigurðsson og aðrir eigendur Jökla. En þrátt fyrir þessa skiptingu mjólkurvörunnar þá voru Jöklar í erfiðri aðstöðu. Félagið varð að standa á eigin fótum en mátti þó ekki safna neinum sjóðum þegar vel gekk. Það var í öðru orðinu sjálfstætt hlutafélag en í hinu dótturfélag eða systurfélag SH og varð iðulega að setja hagsmuni þess ofar sínum eigin. Og síðast en ekki síst þá var sú skýlausa krafa gerð til félagsins, að það héldi flutningskostnaði freðfisks eins lágum og nokkur kostur var.

Á móti þessu komu svo að sjálfsögðu þau hlunnindi að Jöklar sátu að öllum flutningum fyrir SH enda hafði félagið verið stofnað til að sinna þeim sérstaklega. Um þetta segir Ólafur Guðmundsson sem í árslok 1955 sneri heim frá Coldwater til að taka við afskipunardeild SH af Einari Kvaran: „Okkur var það alltaf kappsmál að láta Jökla sitja fyrir fraktinni og í langan tíma var það undantekning ef hægt var að troða tonni í viðbót í skipin.“[34]

Tilboði Eimskips tekið

Af því sem sagt hefur verið hér að framan má vera deginum ljósara að Eimskipafélagið sáði ekki í grýtta jörð þegar það tilkynnti farmgjaldalækkun sína vorið 1964. Enginn hafði þó sagt að björninn yrði auðunninn enda fór svo að SH-menn reyndust nokkuð torsóttir og það var ekki fyrr en í mars 1965 að Eimskip gat hrósað sigri. Þá voru liðnir tíu mánuðir frá því að stjórnendur þess gerðu hina nýju farmgjaldaskrá heyrinkunna.

Staðreyndin er sú að þrátt fyrir allan ágreining um Jökla fór því fjarri að forráðamenn SH tækju hinni miklu verðlækkun Eimskipafélagsins fegins hugar. Elías Þorsteinsson, formaður stjórnar SH og stjórnarmaður í Jöklum, og Einar Sigurðsson, varaformaður stjórnar SH og stjórnarformaður í Jöklum, lögðust eindregið gegn samningum við Eimskipafélagið. Elías lýsti því yfir að hann tæki ekki þátt „ . . . í neinum aðgerðum, sem gætu veikt þá stöðu, sem mynduð hefði verið með uppbyggingu h. f. Jökla.“ Og Einar var ekkert að skafa utan af hlutunum frekar en fyrri daginn: „Tilgangurinn hjá Eimskipafélaginu væri augljós – hann væri sá að knésetja h. f. Jökla – eftirleikurinn hjá Eimskipafélagi Íslands yrði óvandaður gagnvart öðrum skipafélögum, þegar búið væri að koma h. f. Jöklum fyrir kattarnef, því menn skyldu ekki halda að Eimskipafélag Íslands muni láta staðar numið við Jökla eina.“[35]

Félagi Elíasar og Einars í stjórn Sölumiðstöðvarinnar, Sigurður Ágústsson, var sama sinnis og þeir um að skjóta bæri sem styrkustum stoðum undir Jökla. Á



Hofsjökull í reynslusiglingu, nýkomin úr skipasmíðastöðinni. Í ársbyrjun 1965 var álagið orðið mikið á stjórnendur Jökla. Einar Sigurðsson skrifaði í dagbók sína 10. janúar það ár: „Sturl.[augur H. Böðvarsson] sagði að Ólafur Þórðarson væri hættur að sofa, það er lítið að flytja með skipunum núna bæði út og heim [þetta er] í fyrsta sinn í sögu þeirra, sem þau fara ekki full."

stjórnarfundi SH þann 17. ágúst 1964 benti hann á að hér væri um „sysfurfélög að ræða." Skoðun Sigurðar var afdráttarlaus: „Við hljótum að efla Jökla og standa að baki þeirra."

Leið svo árið á enda án þess að hróflað væri við Jöklum eða tilboð Eimskipafélagsins rætt neitt nánar á stjórnarfundum SH eða fundum framkvæmdaráðs. Ekki var annað að sjá en að Eimskipafélagið hefði lotið í lægra haldi fyrir hugsjóninni er lá að baki Jöklum en þar á bæ höfðu menn lýst því yfir að enginn vegur væri að lækka farmgjöld, hvað þá að snarlækka þau eins og Eimskipafélagið hafði gert.

Eigendur SH létu sér þetta lynda, að minnsta kosti komu ekki mótmæli frá öðrum en forráðamönnum Bæjarútgerðar Reykjavíkur er heimtuðu án árangurs sömu kjör hjá Jöklum og Eimskipafélagið var að bjóða.

Þegar kom fram í janúar og febrúar 1965 var farið að kveða við annan tón. Jafnvel sjálfur grjótpállinn Einar Sigurðsson var tekinn að linast. Lýsti hann þeirri skoðun sinni „ . . . að það megi nota skip Eimskipafélagsins meira en gert er og auka það, að skip Jökla hf. fari í alþjóðaflutninga."[36]

Ekki fór á milli mála að grundvöllurinn var byrjaður að molna undan Jöklum. Vaxandi þrýstingur var á stjórn SH að semja við Eimskipafélagið. Gekk svo langt að sumir stjórnarmanna Sölumiðstöðvarinnar tóku að gera því skóna að sjálf ríkisstjórnin stæði að baki farmgjaldalækkun Eimskipafélagsins. Ólafur Jónsson kvaðst hafa það eftir helstu sérfræðingum ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum að ríkisstjórnin hefði lagt á ráðin í þessu máli til að auðvelda seinustu fiskverðshækkun.[37] Einar Sigurðsson tók enn dýpra í árinni: „Við erum sannfærðir um að ríkisstjórnin stendur á bak við þetta og hefur lofað Eimskip fjárhagslegum stuðningi með lánum til þess að ráða niðurlögum Jökla."[38]



Benedikt Gröndal skrifar um helgina:

Löggjöf um útflutningshringa

DEILURNAR um Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna eru ekki einsdæmi um útflutnings fyrirtæki hér á landi. Áður hefur staðið styrr um saltfisk hringinn, Samband íslenzkra samvinnufélaga og fleiri stofnanir. Almenningur veit, hve mikið er í húfi fyrir þjóðina alla í útflutningsverzluninni, og virðist auðvelt að vekja tor tryggni um starf þeirra stór fyrirtækja, sem velta hundruðum milljóna hvert á sínu sviði.

Alþýðuflokkurinn hefur flytja á Alþingi tillögu um að þegar verði settir menn til að semja frumvarp um þessi mál og það lagt fyrir næsta reglulegt þing.

Fyrir nokkru var fenginn hingað til lands einn færasti sérfræðingur Norðmanna í útvegsmálum, Gerhard Meidell Gerhardsen prófessor. Samdi hann eftir ítarlega rannsókn skýrslu, sem hann skilaði ríkisstjórninni. Þar mælir hann meðal annars eindregið með, að slík löggjöf um útflutnings samtök verði sett á Íslandi.

útgerð, tryggingafélagi og fleiru.

Það er matsatriði gagnvart þjóðarhag, hvort þessi þróun er æskileg. Er nokkur samkeppni eftir í siglingum, ef allir útflytjendur eiga sín eigin kaupskip? Hvernig er þjóðinni tryggt, að farmgjöld séu ekki alltof há og óeðlilegur gróði þannig tekinn af útflutningnum? Sama má segja um tryggingar og fleiri greinar. Þegar sömu menn eru orðnir stórlaxar í mörgum slík um fyrirtækjum, safnast á

Á 7. áratugnum veltu Íslendingar töluvert fyrir sér auðhringamyndun á Íslandi og má segja að SH hafi verið helsti skotspónn þeirrar umræðu. Ekki aðeins varð almenningi tíðrætt um samþjöppun valds og peninga, alþingismenn tóku einnig þátt í umræðunni, utan þings og innan. Einn þeirra var Benedikt Gröndal er skrifaði um þessi mál í Alþýðublaðið.

Báðum varð þeim Ólafi og Einari starsýnt á þá staðreynd að Bjarni Benediktsson hafði verið varaformaður stjórnar Eimskipafélags Íslands allt frá 1954 og til þess að hann varð forsætisráðherra 1964.

Sigurður Ágústsson, sem dró þessar fullyrðingar um ríkisstjórnina mjög í efa, var þó allra manna ötulastur að benda á þá staðreynd að ríkisstjórnin gæti varla tekið barlóm fiskverkenda alvarlega ef þeir hygðust greiða á milli 20 og 30 milljónum meira í flutningsgjöld en þeir væru nauðbeygðir til.

Sífelldar kvartanir þeirra höfðu leitt til þess að sama árið og Eimskipafélagið lækkaði farmskrá sína, sá Viðreisnarstjórnin sig nauðbeygða að greiða 6% útflutningsbætur á fisk. Þetta stríddi gegn því megintakmarki ríkisstjórnarinnar að afnema með öllu bótakerfið er útflytjendur höfðu búið við frá 1951.

Vissulega voru engin áhöld um afstöðu ríkisstjórnarinnar og Bjarna Benediktssonar forsætisráðherra. Það ergði Bjarna óskaplega hversu tregir forkólfar SH voru að taka tilboði Eimskipafélagsins en hvort ríkisstjórnin beinlínis stóð á bak við félagið verður ekki fullyrt. Jónas H. Haralz, sem þá var forstjóri Efnahagsstofnunar, telur það af og frá en hann átti eftir að koma verulega við þessa sögu sem formaður yfirnefndar verðlagsráðs sjávarútvegsins.[39]

Hlutverk verðlagsráðs var að ákveða lágmarksverð fisks en mikill ágreiningur var alla jafna í ráðinu og því kom það oftast í hlut yfirnefndarinnar að taka af skar-

ið. Í henni sátu tveir fulltrúar fiskseljenda (sjómanna og útgerðarmanna), tveir fulltrúar fiskkaupenda (vinnslunnar) ásamt oddamanni sem skipaður hafði verið af hæstarétti en eftir fiskverðsákvörðunina 1964 var lögunum breytt í þá veru að forstjóri Efnahagsstofnunarinnar skyldi vera þessi oddamaður. Þetta undirstrikaði þá skoðun ráðamanna að fiskverð hlaut að lúta almennri stjórn efnahagsmála í landinu. „Af því leiddi aftur á móti," skrifar Jónas H. Haralz, „að oddamaður hlaut að hallast til að reyna að ná samkomulagi við fiskseljendur frekar en fiskkaupendur, þar sem slíkt samkomulag gat verið forsenda fyrir þolanlegum stöðugleika á vinnumarkaði."[40]

Hin lækkuðu farmgjöld Eimskipafélagsins gáfu oddamanninum, og þá um leið ríkisstjórninni, kjörið tækifæri til að leggjast á sveif með fiskseljendum, það er sjómönnunum í landinu, án þess þó að vega um of að frystihúsunum og bjóða þannig heim gengisfellingu, launahækkunum og óðaverðbólgu. Enda fór það svo að þegar lágmarksfiskverð var ákveðið snemma í janúar 1965 var það með atkvæðum fulltrúa fiskseljenda en gegn vilja fiskkaupenda.[41]

Ríkisstjórnin og Jónas H. Haralz höfðu einfaldlega tekið tillit til farmskrár Eimskipafélagsins. Stjórnendum SH duldist þetta ekki og hófst því umræðan á nýjan leik um viðskiptin við Jökla og var nú komið alveg nýtt hljóð í strokkinn frá því sem verið hafði sumarið áður. Sigurður Ágústsson undirstrikaði „ . . . að hin lága frakt Eimskips hefði verið tekin inn í fiskverðið." Um leið benti hann á að ef tilboð „ . . . Eimskipafélagsins yrði hundsað myndi það spilla mjög fyrir ýmis konar fyrirgreiðslu, sem frystihúsin þyrftu að sækja undir hið opinbera, og væri óhjákvæmilegt að taka tilboði Eimskips."[42]

Ekki er að efa að Sigurður vissi betur en aðrir stjórnarmenn SH hvað klukkan sló á stjórnarheimilinu enda þingmaður Sjálfstæðisflokksins. En það var fleira en fiskverðið og velvild ráðherra er hékk á spýtunni. Öll athafnasemi Sölumiðstöðvarinnar, sem ekki laut beinlínis að því markmiði að selja fisk, var sem fleinn í holdi margra ráðamanna. Um ástæður þessarar vanþóknunar skrifaði Jónas H. Haralz: „Ég tel það hafa verið skoðun bæði ráðherranna og mín, að starfsemi S. H. í hliðargreinum, svo sem flutningum, væri með öllu óeðlileg og styddi ekki að heilbrigðum samkeppnisháttum, heldur þvert á móti."[43]

Þessi skoðun fór ekki leynt í samfélaginu. Meðal annars var í febrúar 1962 lögð fram á alþingi tillaga til þingsályktunar sem átti að vera fyrsta skrefið í þá átt að fylgjast með rekstri stórfyrirtækja og hindra „ . . . vöxt einokunarhringa og annarra slíkra fyrirbrigða," eins og Benedikt Gröndal orðaði það þegar hann talaði fyrir tillögunni. En í hnotskurn var hún ábending um að rétt væri að setja löggjöf um útflutningssamtök en SH var einmitt eitt þeirra félaga er Benedikt og félagar hans beindu skeytum sínum að. Í greinargerð er fylgdi tillögunni voru meðal annars þessar hugleiðingar: „Ríkið verður því að ákveða, hvort sölusamtök megi stofna dótturfélög til siglinga, trygginga, innflutnings, umbúðaframleiðslu o. s. frv."[44]

Þau voru því æði mörg spjótin er stóðu á stjórn SH veturinn og vorið 1965. Ríkisstjórn Íslands var gagnrýnin á störf hennar og þær raddir heyrðust að Sölumiðstöðin væri ekkert annað en auðhringur er stefndi að algerri einokun alls þess er að henni laut. Fyrri hluta árs 1964 hafði fyrirhuguð stofnun öskjugerðar á vegum SH hleypt nýju lífi í einokunar-umræðuna. Hefur sjaldan, eða aldrei, verið deilt jafnhart um stofnun fyrirtækis á Íslandi og þessa kassagerð er varð í fyllingu tímans að Umbúðamiðstöðinni. Sölumiðstöðin sætti kárínum fyrir og átti óvíða upp á pallborðið hjá ráðamönnum og almenningi. Síðast en ekki síst tefldi Jöklamálið í tvísýnu eindrægni aðildarfélaga Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna. „SH má ekki



Gunnar Helgason og Jón Þorvaldsson skipstjóri hafa auga með fermingu Vatnajökuls í erlendri höfn, trúlega í Bandaríkjunum. Jón hóf störf hjá Jöklum árið 1947 og var stýrimaður á Vatnajökli til ársins 1959. En í júlí það ár samþykktu stjórnarmenn Jökla að ráða Jón sem skipstjóra á Drangajökul. Jón var í leyfi þegar skipið fórst út af Skotlandsströndum árið eftir. Hann tók svo við Vatnajökli gamla af Boga þegar nýr Drangajökull bættist í flota Jökla 1961. Bogi tók þá við skipstjórn Langjökuls en Ingólfur Möller færðist yfir á nýja Drangajökul. Í janúar 1965 varð Jón skipstjóri á Langjökli en í fyrstu siglingu sinni með skipið varð hann fyrir því slysi að lærbrotna. Ferðinni var heitið vestur um haf. Nokkrum dögum síðar kom skipið til Nýfundnalands og var Jón fluttur á sjúkrahús þar sem hann andaðist 31. maí 1965.

einblína svo á hag Jökla, að samtökin verði í hættu“, benti Sigurður Ágústsson félögum sínum á og Ingvar Vilhjálmsson höfðaði til skynsemi stjórnarmanna Jökla þegar hann sagði við þá: „Ég vona, að þið skiljið, hvaða aðstöðu S. H. er í gagnvart sínum félagsmönnum, ríkisstjórn og alþjóð.“[45]

Það er auðsætt að þegar kom fram í febrúar 1965 töldu stjórnarmenn SH sér ekki lengur stætt á því að hunsa Eimskipafélagið en þeir vildu heldur ekki slíta öll tengsl við Jökla.[46] Það stóð hins vegar mjög þversum í forsvarsmönnum Eimskipafélagsins að fallast á einhvers konar samvinnu við Jökla um flutningana fyrir SH. Þeir höfnuðu tilboði SH um að fá flutningana til Evrópu óskipta, þeir vildu líka fá Ameríkusiglingarnar eins og þær lögðu sig.

Á endanum varð því samkomulag um það í stjórn SH að skipafélögunum tveimur skyldi gefinn kostur á því að bjóða í alla flutninga félagsins.

Niðurstaða útboðsins varð Jöklum í óhag. Þeir buðu að vísu sömu farmgjöld til Bandaríkjanna og Eimskipafélagið, eða 28 dollara á tonnið, en voru þriðjungi hærri þegar kom að Evrópusiglingum með 150 shillinga á móti 100 shillingum Eimskipafélagsins fyrir tonnið af frystum flökum og dýrafóðri. Þá var það sérstaklega tekið fram í tilboði félagsins að það gilti um „ . . . sjóflutninga til þeirra hafna í Evrópu (UK, Continent, Baltic) og Bandaríkjunum, sem frystiafurðir SH hafa verið fluttar á árinu 1964, og tekur til þeirra hafna á Íslandi, sem skip Eimskipafélagsins geta athafnað sig á.“[47] Síðar bættu Eimskipafélagsmenn um betur og buðust til að taka þátt í auknum aksturskostnaði er hlaut að verða ef og þegar skipa Jökla nyti ekki lengur við til að fara inn á smærri hafnir eftir fiskinum.



Í sátt og samlyndi á 75 ára afmælisdegi Ólafs Þórðarsonar; Ólafur næstur okkur, þá Gísli Ólafson og Einar Sigurðsson til hægri.

Að öllu athuguðu sá framkvæmdaráð SH sér ekki annað fært en að mæla með því við stjórn SH að tilboði Eimskipafélagsins yrði tekið.

Stjórnarformaðurinn Elías Þorsteinsson var þó ekki enn búinn að gefa upp alla von um að eitthvað óvænt gerðist. Fékk hann félaga sína í stjórn SH til að fallast á tillögu er gerði ráð fyrir því að framkvæmdaráðið semdi um flutninga SH „á ekki lakari kjörum en Eimskipafélag Íslands hf. hefur boðið". En þetta var vonlítil baráttа. Jöklar gátu ekki lækkað farmgjöldin frekar en orðið var. Tillagan sýndi þó vel þann hug er Elías og félagar hans báru til Jökla. Um það var engum blöðum að fletta að þeir vildu miklu frekar eiga viðskipti við Jökla, sem þeir litu á sem dótturfyrirtæki SH þó að Sölumiðstöðin ætti ekki eyri í því, fremur en að semja við Eimskipafélagið. En það varð ekki lengur staðið gegn straumi tímans og þann 9. mars 1965 var undirritað samkomulag á milli SH og Eimskipafélags Íslands þar sem staðfest var að Eimskipafélagið skyldi annast alla flutninga „á hraðfrystivörum" Sölumiðstöðvarinnar næstu tólf mánuðina.

Lék Einar tveimur skjöldum?

Jöklar höfðu verið bornir út, eins og Karvel Ögmundsson orðaði það á aukafundi skipafélagsins sem haldinn var í október 1965. „Það var félagslegur glæpur", bætti hann við. Fljótlega tóku menn að leita skýringa á þessum „félagslega glæp" og var þá stundum lagst undir þykkan feld í leit að svörum. Ein lífseigasta og án vafa safaríkasta skýring þess að upp úr slitnaði á milli SH og Jökla var sú að Einar Sigurðsson hefði staðið í baktjaldamakki með forustumönnum Eimskipafélagsins. Samkvæmt þessari sögusögn áttu þeir að hafa tryggt sér stuðning Einars áður en þeir lækkuðu flutningsgjöldin og síðan náð samningum við SH með hans tilstilli.



Jöklar tóku á leigu hæð í húsi Silla og Valda í Austurstræti 17 og þangað fluttist félagið úr Aðalstræti 6 vorið 1965. Myndin er tekin á vordegi 1997, löngu eftir þá atburði sem hér segir frá. Í stað Silla og Valda er komin 10-11 búð, vandlega merkt á stafni. Jöklar eru fluttir en við enda götunnar má sjá Aðalstræti 6, merkt Morgunblaðinu, en þar hafa höfuðstöðvar Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna verið um árabil.
Ljósm: Jón Hjaltason.

Það átti að gefa þessum kvitti byr undir vængi að þeir Einar og Ólafur Þórðarson voru ekki sömu fóstbræðurnir og áður, var jafnvel talað um alger vinslit þeirra á milli, sem auðvitað átti að tengjast þessum meintu undirmálum Einars. Á það skal ekki dregin nein dul að heldur hafði kólnað á milli vinanna þegar kom fram á árið 1964 en þar var ekki um að kenna neinu leynibralli með Eimskip. Þeir höfðu orðið saupsáttir út af Coldwater og stefnu Jóns Gunnarssonar á Bretlandseyjum. „Það er trúlegt að þetta sukk," skrifaði Einar í dagbók sína, „sem þá [um og fyrir 1962] var orðið á hlutunum hefði haldið áfram, ef andstaða mín gegn því og Jóni hefði ekki verið jafn hörð og hún var."[48] Ólafur var hins vegar eindregið á bandi Jóns Gunnarssonar og þykktist við Einar þegar Jón sagði að lokum starfi sínu lausu hjá SH og Coldwater um mitt ár 1962.

Einnig þótti Ólafi Einar stundum æði afskiptasamur og langt umfram það sem samrýmdist stjórnarformennsku hans fyrir félaginu. Og það kom fyrir að þeim lenti saman út af þessu. Til einnar slíkrar rimmu kom í nóvember 1964 en af því tilefni skrifaði Einar í dagbók sína:

„Hann [þ.e. Ólafur] sagði reiður að ég væri alltaf með krumlurnar í þessu. Hann er afturhaldssamur í eðli sínu og líkar ekki að ég hefi ýtt – að meiri og meiri framkvæmdir, stærri og stærri skip, allt frá því við létum byggja Langjökul, sem Ól[afur] vildi að yrði ekki stærri en Vatnajökull og eins með kaupin á Foldinni og alltaf hefi ég þurft að berjast við andstöðu hans og annarra, ekki þó mikið."

Kjarni málsins var þó sá að Ólafi fannst stefna Einars vera til þess fallin að grafa

undan Jöklum og samvinnu félagsins við Sölumiðstöðina. Þessi skoðun Ólafs hefur vísast styrkst um allan helming þegar Einar tilkynnti, í árslok 1964, úrsögn þriggja hraðfrystihúsa sinna; í Vestmannaeyjum, Keflavík og Reykjavík, úr Sölumiðstöðinni. Hafði hann þau orð um SH að samtökin væru „steinrunnin" en kvað úrsögnina þó háða því að útflutningur freðfisks yrði gefinn frjáls sem væri honum mikið kappsmál enda hollast útflytjendum að vera „ . . . í beinu sambandi við kaupendur."[49]

Þetta var mikill álitshnekkir fyrir Sölumiðstöðina. Það var ekki lengra síðan en á aðalfundi félagsins þetta sama ár að félagsmenn höfðu lýst því yfir að það væri „stórskaðlegt framtíðarþróun íslenzkra markaðsmála erlendis" ef útflutningur yrði gefinn algerlega frjáls. Heppilegast væri að aðeins SH og SÍS færu með þessi mál, enda langflest frystihús landsins innan þeirra vébanda.

Með úrsögn sinni dró Einar í efa að þessi grundvallarstefna félaga hans í SH væri rétt, hann fullyrti reyndar að hún væri röng. Slík orð frá sjálfum varastjórnarformanni Sölumiðstöðvarinnar og einum þekktasta útgerðarmanni landsins voru ekki líkleg til að liggja í láginni. Þau gátu sem hægast orðið vatn á myllu keppinautanna og gert ráðamenn þjóðarinnar tvístígandi en þeir höfðu hingað til samþykkt að nokkur bönd væru lögð á fiskútflutning landsmanna.

Það varð ekkert til að draga úr fæð ófárra SH-manna í garð Einars að veturinn 1964-65 tóku Jöklar á leigu heila hæð í húsi sem Silli og Valdi voru að byggja við Austurstræti 17 og þangað fluttist félagið úr Aðalstræti 6 vorið 1965. Sumir litu á þetta sem ögrun; að með þessu vildi Einar undirstrika sjálfstæði Jökla og um leið þá skoðun sína að ekki kæmi til mála að SH eignaðist hlut í fyrirtækinu.

Ólafur Þórðarson var ákaflega mótfallinn þessum flutningum. Þrátt fyrir þessa andstöðu framkvæmdastjórans hafði Einar sitt fram. Það þyrmdi þó fyrst yfir Ólaf þegar Einar tilkynnti úrsögn sína úr SH. Ólafur óttaðist ekkert meira en að félagar þeirra í Sölumiðstöðinni myndu taka þetta óstinnt upp og hugsa sig um tvisvar áður en þeir héldu áfram samstarfinu við Jökla.[50]

Það kom fljótlega í ljós að ótti Ólafs var ekki ástæðulaus. Jöklar höfðu alltaf átt greiða leið að skyndilánum hjá SH en nú var skrúfað fyrir alla slíka fyrirgreiðslu og um miðjan janúar (1965) kröfðust félagar Einars í stjórn SH að hann segði af sér varaformannsembættinu og þá um leið setu sinni í framkvæmdaráði. Einar hafði einsett sér að verma varaformannsstólinn fram að næsta aðalfundi en úrsögnin átti ekki að taka gildi fyrr en í árslok 1965. Neitaði hann staðfastlega öllum tilmælum um að láta sjálfviljugur af embættinu. Neyddist þá Elías Þorsteinsson, vinur Einars og samstarfsmaður um áratugaskeið, til að leggja fram tillögu um að honum yrði vikið frá og annar varaformaður kjörinn í hans stað. Um leið hlaut Einar að falla út úr framkvæmdaráði en þar átti varaformaður sjálfkrafa sæti.[51]

Varaformannsskiptin sýna betur en nokkuð annað að Einar var orðinn áhrifalítill, ef ekki algerlega áhrifalaus, innan SH nokkru áður en samið var um flutningana við Eimskip í mars 1965.

Og enn hélt áfram að draga í sundur með Einari annars vegar og Ólafi og Elíasi hins vegar. Þurfti þó meira en lítið til að ógna þeirri vináttu sem áratugalangt samstarf hafði treyst. „Fyrstu 15 árin, sem ég var í Sölumiðstöðinni, þá gengum við þrír þar eins og plóghestar samvaldir, Elías, Ólafur og ég," voru orðin sem Einar hafði um samvinnu þeirra.[52]

Hin mikla gjá sem var á milli lífsviðhorfa þessara manna staðfestist með rækilegum hætti á aukafundi Jökla sem haldinn var í októberlok árið 1965. Meirihluti stjórnar Jökla hafði þá komið sér saman um að auka hlutafé í Jöklum beinlínis



Drangajökull við bryggju í Deest í Hollandi árið 1961. Verið er að leggja lokahönd á smíði og frágang hans fyrir fyrstu siglinguna heim. Þetta var orðin mikil eign sem hluthafar Jökla áttu í skipum og húsnæði. Einari Sigurðssyni þótti sem yngri félagar hans í SH sætu um að komast yfir þessar eignir fyrir smánarverð, annaðhvort í eigin nafni eða í skjóli SH, er myndi þá kaupa svo og svo stóran hlut í skipafélaginu. Honum fannst heldur ekki eðlilegt „ . . . að þeir sem eru nýlega byrjaðir, eigi jafnmikið borið saman við framleiðslu og þeir sem hafa byggt félagið upp frá byrjun." (Úr dagbók Einars 2. mars 1965.)

með það fyrir augum að gera SH að hluthafa í skipafélaginu. Það er skemmst frá því að segja að þessi tillaga var felld á aukafundinum, mest fyrir tilstilli Einars, en hugmyndin á bak við hana var vitaskuld sú að sameina menn á ný um að láta Jökla hefja aftur siglingar fyrir SH.

Þetta var eins og talað beint út úr hjarta Ólafs enda hafði hann alltaf verið talsmaður þess að Jöklar sameinuðust „ . . . sem mest S. H., eins og til var ætlast í upphafi". En Einar var á öndverðum meiði: „Það hefur alltaf vakað fyrir mér í stjórn Jökla að varðveita sjálfstæði þeirra . . . einatt hafa menn haft þau sjónarmið, að Sölumiðstöðin ætti að eiga alla uppbyggingu, ég hef aldrei haft það sjónarmið, og ég áliti það mjög mikið spor afturábak, ef að yrði farið lengra inn á þá braut".[53] Hann óttaðist að ef Sölumiðstöðin eignaðist hlut í Jöklum „ . . . myndu þeir í SH eignast Jökla smátt og smátt. Skipin yrðu þá rekin sem þjónustutæki fyrir SH, sem gætu eins vel tapað ár frá ári, og hlutafé þannig orðið verðlaust."[54]

Einar vildi græða á eign sinni en Ólafur leit fremur á Jökla sem þjónustufyrirtæki fyrir SH. Um þetta voru þeir sammála, Ólafur og Elías Þorsteinsson. Hvorugur þeirra hafði verið því hlynntur í upphafi að Jöklar yrðu hlutafélag en báðir höfðu beygt sig fyrir þeirri röksemd að skattleysi SH yrði að öðrum kosti stefnt í tvísýnu.

Ólafur hafði þó aldrei sætt sig við þetta og iðulega verið að nefna það við Einar að best væri að SH ætti Jökla, annars hlyti allt að enda með ósköpum, einkum vegna þess að eignarhlutföll frystihúsanna í skipafélaginu voru orðin algerlega á skjön við það magn sem þau fluttu með skipum félagsins. „Ólafur óttaðist alltaf sprengingu og þegar hún loks varð kenndi hann Einari um að stjórn SH skyldi ekki standa með Jöklum."[55]

Þá var Ólafur ekki sammála Einari um leigu skipanna til útlanda. „Ólafur stóð oft þungt hugsi fyrir framan skrifborðið hjá mér en hann vildi ekki beita sér of

mikið. Einar var þá orðinn stór," rifjar Ólafur Guðmundsson upp en eins og þegar hefur komið fram var hann yfir afskipunardeild SH um það leyti sem Jöklar voru að verða undir í baráttunni við Eimskip. „Ólafur var vanur að segja eftir að Vatnajökull var kominn og Eimskip hafði eignast þrílembingana, Goðafoss, Dettifoss og Lagarfoss á árunum 1948 og '49: Þetta er ágætt, þá bind ég bátinn við bryggjuna, frystihúsin borga hafnargjöldin og við notum Eimskip á meðan fraktin er svo lág hjá þeim að það borgar sig frekar að greiða hafnargjöldin og bíða heldur en að láta skipið sigla. Ólafur sá að það var dúndrandi vitleysa að leigja skipin út og taldi að Einar gengi frá Jöklum með þessum hætti."[56]

Kannski hefur þeim Elíasi og Ólafi líka sárnað við sinn gamla vin að hann skyldi vera með sleggjudóma um Sölumiðstöðina sem þeir höfðu nálega aldarfjórðungi fyrr haft forgöngu um að koma á legg. En þegar öll kurl koma til grafar er ekkert sem bendir til þess að Einar hafi farið á bak við vini sína í Jöklum og SH. Hinu neituðu fáir að lífsskoðanir þessara manna voru gjörólíkar og því varla nema tímaspursmál hvenær skærist í odda.



Þórir Guðmundsson. Þórir hóf störf hjá SH í júlí 1946, var gjaldkeri í 16 ár og síðan innkaupastjóri til ársloka 1989.

Barist í bökkum

Ákvörðun stjórnar SH um að semja við Eimskipafélagið og úthýsa Jöklum kom eins og reiðarslag yfir marga starfsmenn Sölumiðstöðvarinnar. „Ég var rasandi," segir Þórir Guðmundsson, sem alið hefur mestan sinn starfsaldur hjá SH. „Þeir voru þvingaðir af ríkisstjórninni en maður taldi kannski óþarft að láta undan."[57]


Svo einkennilega sem það hljómar þá ollu viðskiptaslit SH við Jökla meiri titringi meðal ýmissa félagsmanna og starfsmanna Sölumiðstöðvarinnar en í sjálfum herbúðum Jökla. Stjórnarmenn Sölumiðstöðvarinnar höfðu miklar áhyggjur af framtíð Jökla sem þeir vildu fyrir engan mun að yrðu gjaldþrota eða hyrfu úr sögunni með öðrum hætti. Sú skoðun var ríkjandi meðal þeirra að SH þyrfti að eiga skip til að veita Eimskipafélaginu aðhald. Enginn var berorðari um þessa sannfæringu en Finnbogi Guðmundsson í Gerðum er hélt því blákalt fram að Eimskipafélagið myndi vafalaust hverfa fyrr en síðar frá hinum lágu farmgjöldum og þá yrði nauðsynlegt fyrir SH að geta leitað aftur til Jökla. Að öðrum kosti væri „ . . . fiskiðnaðurinn í verulegri hættu, nema þá að Sölumiðstöðin gæti komið sér upp skipum."[58]

Það sýnir betur en annað hvern hljómgrunn þessi skoðun Finnboga átti að tvívegis á árinu 1965, í ágúst og nóvember, samþykkti stjórn SH að hlaupa undir bagga með Jöklum og lána fyrirtækinu 6 milljónir króna í hvort sinn til að leysa úr bráðustu lausafjárerfiðleikum þess.

Þrátt fyrir þessi vandræði gerði stjórnarformaður Jökla, Einar Sigurðsson, sér góðar vonir um að fyrirtækið gæti vel þrifist án SH. Hann sá fyrir sér að það gæti lifað góðu lífi á siglingum fyrir útflytjendur í Evrópu og Ameríku á meðan Eimskipafélaginu blæddi í viðskiptunum við Sölumiðstöðina. Stjórnendur Jökla voru sama sinnis: „Ég var mjög bjartsýnn. Fraktir voru háar í Kanada og nóg að gera," rifjar Einar Sveinsson upp.[59]

Það var líka mjög grunnt á þeirri skoðun, eins og kom glögglega fram hjá Finnboga, að Eimskipafélagið myndi ekki halda lengi út, ef til vill eitt eða tvö ár í mesta lagi. Að þeim tíma liðnum myndu Jöklar komast aftur að kjötkötlunum hjá SH enda Eimskip þá búið „ . . . að ganga í gegnum sinn hreinsunareld", svo vitnað sé í orð Finnboga á stjórnarfundi SH í janúar 1965.

En allt fór þetta á annan veg en stjórnendur Jökla væntu. Flutningarnir fyrir




Sölumiðstöðina höfðu verið lífakkeri fyrirtækisins. Jafnskjótt og þeir voru úr sögunni byrjaði að halla undan fæti. Það gerðist líka allt á innan við einu ári að Hofsjökull og Vatnajökull bættust í flota Jökla, félagið lét innrétta dýrt leiguhúsnæði í Austurstræti 17 og viðskiptin við SH glötuðust.

Kaupsiglingarnar erlendis gengu heldur ekki eins vel og menn höfðu vonast eftir. Staðreyndin var sú að hinn alþjóðlegi markaður fyrir frystiflutninga sjóleiðis var ekki stærri en svo að þegar þrjú ný skip bættust fyrirvaralaust á markaðinn varð samkeppnin harðari en nokkru sinni með þeim afleiðingum að farmgjöld lækkuðu mjög á skömmum tíma. „Við vorum líka sviknir af umboðsmönnum erlendis og látnir bíða löngum stundum eftir farmi," rifjar Helgi H. Guðjónsson upp, núverandi skipstjóri Hofsjökuls. „Og stundum voru skipin hreinlega notuð eins og frystigeymslur fyrir bandaríska innflytjendur sem náðu í farminn þegar þeim þóknaðist."[60]

Þá var samkeppnisaðstaða Jökla erfið. Helstu keppinautarnir sigldu með 14 manna áhöfn en Jöklar urðu samkvæmt íslenskum lögum að hafa 24 skipverja á hverju skipi. Iðulega þurfti að greiða þessum mönnum álag því að Jöklaskipin voru oft mánuðum saman á siglingu um Evrópu og Ameríku án þess að koma við á Íslandi. Vegna hinna löngu fjarvista varð ekki lengur eftirsóknarvert að fá skipspláss hjá Jöklum og margur misjafn sauður slæddist um borð. „Ég var alltaf með óskaplega góðan mannskap á meðan við sigldum fyrir SH," segir Ingólfur Möller, „en þegar leigusiglingarnar byrjuðu varð maður að sætta sig við að fá allskonar fólk. Við vorum að flækjast mánuðum saman á milli Evrópu og Ameríku; sigldum þá oft með frosið nautakjöt frá Írlandi til Bandaríkjanna og með innmat, og stundum kjúklinga, að vestan til meginlands Evrópu. Ísland kom ekkert inn í þessa siglingleið og þá sjaldan menn áttu frí fóru þeir flugleiðis heim."[61]

Sjálfur fór Ingólfur sína seinustu ferð með Hofsjökul, og þá jafnframt fyrir Jökla, haustið 1966. „Við byrjuðum á því að taka frosin egg frá Englandi og sigla með þau til borgarinnar Savannah í Georgiu-fylki. Þaðan var haldið til Perú í




Hofsjökull nýr að koma úr reynslusiglingu. Hinn farsæli skipstjóri Jökla, Ingólfur Möller, fór sína seinustu ferð með Hofsjökul haustið 1966. Hann hafði tekið við skipinu nýju árið 1964. Það var stærst Jöklaskipa. Ágætis skip, að sögn Ingólfs, en innréttingin þó ekkert í þá veru sem Danirnir höfðu smíðað forðum í Langjökul. Eiginkona Ingólfs, Skúlína Brynhildur Skúladóttir, var með honum um borð í seinustu siglingunni. Í áhöfn Hofsjökuls voru yfirleitt 16 til 18 menn, allt Íslendingar, og höfðu þeir stundum eiginkonur sínar með í hinum löngu siglingum en annars sáu skipverjar ekki sína nánustu nema með einhverra mánaða millibili þegar þeir flugu heim í frí.

gegnum Panamaskurðinn þar sem var tekið fullfermi af túnfiski til Puerto Rico. Þegar við vorum að koma frá Perú barst mér skeyti um að sigla til Suðvestur-Afríku og lesta þar fullfermi af freðfiski úr spönskum togurum og flytja til Spánar. Ferðin yfir hafið til Afríku tók 21 dag með tómar lestar. Þegar skipið kom til Spánar gekk ég í land og hætti.“[62]

Ofan á dýrara mannahald og erfiðara bættist að Jöklum var gert að skyldu að skila inn í bankakerfið öllum erlendum gjaldeyri er fyrirtækið aflaði á gengi sem forsvarsmenn þess töldu af og frá að væri rétt. Að þeirra mati var íslenska krónan alltof hátt skráð en fyrir vikið fengust færri krónur fyrir dollar og pund en þeir töldu sig eiga heimtingu á.

Til að kóróna þessar óhagstæðu kringumstæður, er íslensk stjórnvöld höfðu búið fyrirtækjum eins og Jöklum, varð félagið fyrir ýmsum óhöppum er fyrir utan það að hafa kostnað í för með sér drógu áræði og kjark úr stjórnendum þess; skipsfarmur af úrvals fiski eyðilagðist í suður-ameríska höfn, smjörfarmur súrnaði, eldur varð laus í lest eins skipsins og umfangsmikil smyglmál töfðu ferðir skipanna.

Í ágúst 1965 voru Langjökull og Vatnajökull kyrrsettir með stuttu millibili og mikið áfengi og tugir þúsunda af sígarettum fundust í skipunum. Þetta kom sér illa, einkum vegna Langjökuls sem var á leið til Ameríku með danskan freðfisk og fleira. Svo grátlega vildi til að skipið átti alls ekki að taka land á Íslandi en Einar Sveinsson hafði samþykkt að leyfa skipverjum að koma við í tvo daga til að heimsækja fjölskyldur sínar, enda voru þeir þá búnir að vera lengi að heiman. En í stað þess að sigla áfram eins og til stóð fylltist Langjökull af tollvörðum sem fóru um allt, rifu þilplötur lausar, opnuðu skilrúm og skriðu inn í öll skúmaskot. Uppskeran varð um 4000 áfengisflöskur og 130 þúsund sígarettur.



Í ágúst 1965 voru Langjökull og Vatnajökull kyrrsettir með stuttu millibili. Tollverðir umturnuðu öllu um borð og fundu þúsundir áfengisflaskna og sígarettur í tugþúsundatali. Myndin sýnir Langjökul á siglingu. Finna varð nýja áhöfn á skipið í kjölfar rannsóknar tollvarðanna. Helgi H. Guðjónsson, sem seinna átti eftir að stjórna Hofsjökli um langt árabil, sigldi skipinu þá til hafnar í útlandinu og var þetta fyrsta ferð hans í skipstjórahlutverkinu.

Nokkrar skemmdir urðu á skipinu við þetta rask, einkum í frystilestinni, umskipa varð öllum farminum en alvarlegust fyrir Jökla var þó töfin sem skipið varð fyrir. Mikill meirihluti skipverja var settur á bak við lás og slá og varð að ráða alveg nýja áhöfn, allt frá skipstjóra niður í léttadreng.

Þessi óhöpp voru ekki til þess fallin að telja kjark í menn. Mikil umskipti urðu líka í stjórnun félagsins þegar Ólafur Þórðarson kaus að fara á eftirlaun um mitt ár 1966 og skömmu síðar þegar Einar Sveinsson sagði starfi sínu lausu. Einar hafði verið hægri hönd Ólafs en komist upp á kant við Einar Sigurðsson þegar stjórnarformaðurinn ákvað um mitt ár 1966 að leigja Langjökul og Drangajökul til ávaxtaflutninga við Miðjarðarhafið fyrir gjald er Einar Sveinsson taldi óviðunandi.[63]

Hvort sem útreikningar Einars Sveinssonar voru réttir eða ekki þá varð hinu ekki neitað að leiga skipanna tveggja styrkti lítið meginstoðir félagsins. Í lok ársins barst stjórn félagsins kauptilboð í Langjökul og Drangajökul frá stjórnvöldum í Norður-Kóreu. Buðust þau til að staðgreiða skipin. Hálfu ári síðar var endanlega gengið frá kaupunum og þann 20. júní 1967 voru Langjökull og Drangajökull teknir af íslenskri skipaskrá. Þeir höfðu verið seldir Kóreumönnunum.

Og helstríðið hélt áfram. Skyndilega voru skipin aðeins tvö sem Jöklar áttu, Vatnajökull (gamla Hvítanesið) og sjálft flaggskipið, Hofsjökull. Eimskipafélagið bauðst til að kaupa bæði skipin en stjórn Jökla vildi frekar leita tilboða erlendis frá. Kannski sagði stoltið til sín. Það var svo annað mál að stjórnendur Eimskipafé-



Sturlaugur H. Böðvarsson og eiginkona hans, Rannveig Böðvarsson, við formlega afhendingu Vatnajökuls til Jökla haustið 1964. Sturlaugur var stjórnarmaður í Jöklum og sat fundinn 26. nóvember 1968 þegar ákveðið var að hafna tilboði Eimskipafélagsins um að kaupa Jökla. Þess í stað var Eimskip boðið að kaupa Vatnajökul og leigja Hofsjökul og varð það úr.
Ljósm: Ólafur K. Magnússon.

lagsins létu starfsbræður sína hjá Jöklum ekki eiga lengi inni hjá sér. Síðari hluta árs 1968 buðust Jöklamenn til að taka að sér helming flutninga SH til Evrópu og Ameríku á sama verði og Eimskipafélagið bauð. Svarið kom um hæl; Eimskipafélagsmenn vilja halda öllum flutningunum áfram eða þeir hætta með öllu að ferja fisk fyrir SH yfir Atlantshafið. Stjórn SH beygði sig fyrir þessu og Jöklar voru áfram úti í kuldanum.[64]

Ekki löngu síðar bauðst Eimskipafélagið til að kaupa Jökla, eða að minnsta kosti 85% hlutabréfa í fyrirtækinu. Strax daginn eftir, eða þann 26. nóvember 1968, kom stjórn Jökla saman til að ræða tilboðið. Mættir voru fjórir af fimm stjórnarmönnum, þeir Einar Sigurðsson, Sturlaugur H. Böðvarsson, Finnbogi Guðmundsson og Jón Árnason. Einn vantaði, Ólaf Jónsson.

Þetta var tímamótafundur og um leið fyrsti stjórnarfundur Jökla sem fór fram í nýjum húsakynnum fyrirtækisins í Aðalstræti 6 í Reykjavík. Jöklar voru fluttir úr hinum glæsilegu vistarverum hjá Silla og Valda í Austurstræti 17, í skjólið aftur hjá Sölumiðstöðinni en undir verndarvæng þess hafði fyrirtækið byrjað starfsemi sína, fyrst á efri hæðinni í Slipphúsinu (Mýrargötu 2) og síðar í Aðalstræti þegar SH fluttist þangað 1957.

Þessir búferlaflutningar voru táknrænir fyrir ástand Jökla. Svanasöngur félagsins var búinn að hljóma lengi í eyrum stjórnarmanna. Ekki var lengur hægt að skjóta sér hjá þeirri staðreynd að sala Drangajökuls og Langjökuls árið áður hafði ekki gert neinn gæfumun í rekstrinum.

Enn var þó ekki allt blóð úr Einari Sigurðssyni. Hann hafði verið stjórnarformaður Jökla frá upphafi og séð tímana tvenna. Hann hafði lifað ævintýralegan uppgang fyrirtækisins þegar allt varð að gulli í höndum stjórnenda þess og síðan fylgt því niður brekkuna og loks alveg niður í dalbotninn þar sem öll sund virtust lokuð. Sömu sögu mátti reyndar segja um Finnboga Guðmundsson í Gerðum. Hann hafði setið í aðalstjórn félagsins síðan 1955 en verið áður í varastjórn þess frá upphafi. Sturlaugur hafði komið inn í stjórnina allmiklu seinna, eða 1962, og hafði

því líka fengið að takast á við bæði sætt og súrt í rekstrinum. Jón Árnason hafði bara af því súra að segja.

Þetta voru mennirnir sem í nóvember 1968 ákváðu að reyna áfram að klóra í bakkann. Þeir vildu ekki selja en buðu Eimskip þess í stað að kaupa fragtskipið Vatnajökul og leigja frystiskipið Hofsjökul „ . . . í 2 til 3 ár, þó ekki lengur en væntanlegur samningur yðar um flutninga S. H. er í gildi."

Forsvarsmenn Eimskipafélagsins gengu að þessu tilboði og þann 13. janúar 1969 afsöluðu Einar og félagar hans í stjórn Jökla sér Vatnajökli til Eimskipafélagsins.[65]

Á aðalfundi SH um vorið kenndi Einar „stórkapitalinu" í landinu; heildsölunum og umboðssölunum, um örlög Jökla. „Þeir hafa alltaf viljað þjóðnýta okkur, þeir hafa ekki viljað leyfa okkur að byggja upp okkar eigið skipafélag, þeir hafa reynt á allan hátt að koma því fyrir kattarnef," þrumaði gamli maðurinn yfir félögum sínum. Hann neitaði sem fyrr að horfast í augu við þá staðreynd að veikleiki Jökla hafði falist í eignarhaldsformi fyrirtækisins er hafði smám saman leitt til þess að böndin sem áttu að hnýta það við SH trosnuðu.

En svo má líka velta vöngum yfir því hvort rás viðburðanna hefði orðið önnur ef Sölumiðstöðin hefði átt Jökla; „S. H. hefði samt sem áður neyðst til þess að semja við Eimskip," fullyrti Finnbogi Guðmundsson.[66]

Breyttir hagir

Það var þungbært fyrir Ólaf Þórðarson að horfa upp á Jökla verða nánast eins og niðurseta hjá Eimskip. Hann hafði átt sér draum um að Jöklar og SH yrðu eins og tvær hverfur á sama fati. En draumurinn breyttist í martröð og frá 1969 til 1985 var miklu nær að tala um Eimskipafélagið og Jökla í sama orðinu, frekar en Jökla og SH, einfaldlega vegna þess að allan þennan tíma var Hofsjökull í leigu hjá Eimskipafélaginu.

Ólafur hafði ekki megnað að berjast gegn þessari þróun og um mitt ár 1966 lagði hann fram ósk sína um að hætta sem framkvæmdastjóri Jökla, þá vantaði hann aðeins eitt ár í sjötugt. Árið eftir var gengið formlega frá því við Tómas Óskarsson að hann tæki að sér framkvæmdastjórn Jökla en hann var þá búinn að starfa hjá fyrirtækinu um nokkurt skeið. Í byrjun september 1968 var Gísli Ólafson ráðinn framkvæmdastjóri fjármála Jökla og eftir að Tómas hvarf frá Jöklum á öndverðu ári 1969 var Gísli einn um að stjórna fyrirtækinu þangað til Friðrik Pálsson var ráðinn arftaki hans í nóvember 1986 en Friðrik var jafnframt forstjóri SH.

Framkvæmdastjórn Jökla var þó aðeins aukastarf hjá Gísla því að hann hafði verið forstjóri Tryggingamiðstöðvarinnar síðan 1956 og gegndi því starfi óslitið til 1991.

Meginástæðan fyrir því að stjórnun Jökla kallaði ekki á forstjóra í fullu starfi var einfaldlega leiga Eimskipafélagsins á eina skipi félagsins. Sem nærri má geta voru þetta viðburðalítil ár í sögu Jökla samanborið við þau er fóru á undan. Það lá líka í hlutarins eðli að eitt skip kallaði ekki á viðlíka umsvif og þrjú og fjögur, hvað þá þegar ekki þurfti að útvega þessu eina skipi farm að sigla með eins og var reyndin með Hofsjökul allan þann tíma sem hann var leigður Eimskip.

Þrátt fyrir þetta hafði Gísli í nokkur horn að líta. Hofsjökull hætti aldrei að sigla undir merki Jökla og sá félagið um allt er laut að áhöfn skipsins, tryggingum og viðhaldi. Engin þörf var lengur fyrir vöruskemmurnar og kom þar, í desember 1975, að þær voru seldar Umbúðamiðstöðinni og annaðist Gísli söluna. Leigusamninginn við Eimskip varð að endurnýja reglulega en aldrei var samið til lengri



Rannveig Böðvarsson gefur Vatnajökli nafn við Reykjavíkurbryggju haustið 1964. Kaupin á Vatnajökli voru ótvíræð skilaboð til Eimskipafélagsmanna um að Jöklar ætluðu ekki að láta sér nægja lengur að flytja fyrst og fremst frosna vöru. Engar frystilestir voru í Vatnajökli og því ekki um það að ræða að hann tæki frosinn fisk fyrir SH. Það má því ímynda sér að kaupin á Vatnajökli hafi hert forustumenn Eimskipafélagsins enn frekar í þeim ásetningi að ná flutningunum fyrir Sölumiðstöðina frá Jöklum. Þessu marki náðu þeir í mars 1965. Björninn var þó engan veginn unninn því að sú hætta var áfram fyrir hendi að Jöklum tækist á nýjan leik að komast í viðskipti við SH. Næstu árin var það því keppikefli Eimskipafélagsins að halda Jöklum úti í kuldanum hjá Sölumiðstöðinni. Þetta tókst. Á meðan reyttust skipin af Jöklum; Langjökull og Drangajökull hurfu úr íslenska kaupskipaflotanum 1967 og tveimur árum síðar var Vatnajökull seldur Eimskipafélaginu og Hofsjökull leigður sama félagi.

tíma en sem nam samningstíma Eimskipafélagsins við SH um frystivöruflutningana. Það lék ekki á tveimur tungum að stjórnendur Jökla áttu alltaf hálfpartinn von á því að stríðsgæfan snerist þeim í vil og Sölumiðstöðin yrði á nýjan leik helsti viðskiptavinur skipafélagsins.

Þegar árið 1977 gekk í garð var orðið mjög brýnt að marka Jöklum einhverja framtíðarstefnu, eins og það var kallað í fundargerðum. Í raun og veru snerist spurningin aðeins um það hvort útvega átti félaginu nýtt skip eða leggja það niður. Hofsjökull var á þrettánda ári, skattalegum afskriftum hans lokið og ljóst að söluverð skipsins myndi fara hríðlækkandi með hverju ári er liði.

En niðurstaðan var ekki eingöngu komin undir stjórnarmönnum Jökla. Það var ljóst að ef átti að endurnýja skipakostinn varð að fá aukið fé inn í fyrirtækið og þá hlaut að koma til kasta Sölumiðstöðvarinnar. Guðfinnur Einarsson sat um þetta leyti í stjórnum beggja félaganna og tók við stjórnarformennsku Jökla af Einari Sigurðssyni þegar hann lést í mars 1977. Einar hafði þá verið í formennsku fyrir stjórn Jökla frá upphafi.

Guðfinnur fór ekki dult með þá skoðun sína að ekki kæmi til greina að leggja Jökla niður. Hann vildi þó ekki leyna félaga sína í Jöklum því að innan stjórnar SH „ . . . væru mjög mismunandi skoðanir um hvernig haga ætti flutningsþörf S. H.“ Flestir væru þó sammála um að SH þyrfti að ráða yfir flutningstækjum, þetta væri í grundvellinum aðeins spurning um rekstrarformið.[67]

Þessi varð líka niðurstaða þriggja manna nefndar sem skipuð var til að gera tillögur um bestu lausn þessa máls. Í henni sátu þeir Eyjólfur Ísfeld forstjóri SH, Jón Páll Halldórsson frá Ísafirði og Ólafur Gunnarsson frá Neskaupstað. Þeir voru allir þrír sammála um að SH styddi við bakið á Jöklamönnum og auðveldaði þeim að kaupa nýtt skip. Eitt skilyrði varð þó að uppfylla fyrst.



Hofsjökull leggst að bryggju í New York. Enda þótt Eimskip leigði skipið óslitið frá árinu 1969 til 1985 sigldi það ávallt undir merkjum Jökla. Gísli Ólafson sá um mannahald, tryggingar, viðhald og annað er laut að rekstri skipsins og Jökla (sem var nánast eitt og hið sama því að allt snerist um skipið, einkum eftir að búið var að selja vöruskemmur félagsins við Héðinsgötu árið 1975). Það hvíldi hins vegar á Eimskipafélaginu að útvega Hofsjökli eitthvað að gera.

Þremenningarnir voru vel að sér í sögu Jökla og vildu koma í veg fyrir að óeining í röðum SH-manna yrði því að fótakefli öðru sinni. Þeir gerðu því að tillögu sinni að Sölumiðstöðin eignaðist að minnsta kosti fjórðung hlutafjár í skipafélaginu áður en önnur skref yrðu stigin. Aðeins þannig yrði komið í veg fyrir bollaleggingar um að SH væri að púkka undir og auka veg stærstu hluthafa Jökla.

Það varð því úr að Gísli Ólafson gekk á fund erfingja Einars Sigurðssonar, er átt hafði um þriðjungs hlut í Jöklum, og gerði þeim tilboð í hlutabréfin. Samningar tókust. Einnig var samið um kaup við fáeina smærri hluthafa í félaginu. Þannig atvikaðist það að Sölumiðstöðin gerðist eigandi að 39,9% hlutafjár í Jöklum og Jöklar réðust í að kaupa nálega 3000 rúmlesta skip frá Noregi, Maco Viking, er var gefið nafnið Hofsjökull. Gamli Hofsjökull var seldur Eimskipafélaginu og hét þar Stuðlafoss. Allt gerðist þetta á árinu 1977.

Ekki er að efa að þessi kaup efldu mjög vonir forráðamanna Jökla um að senn myndi SH endurskoða samning sinn við Eimskipafélagið. Það gerðist þó ekki og félagið tók að berjast í bökkum en það hafði skilað hagnaði fyrri hluta 7. áratugarins, áður en ráðist var í skipakaupin. Nýi Hofsjökull reyndist einfaldlega of stór biti að kyngja, leigutekjurnar hrukku engan veginn fyrir kostnaði og Jöklar tóku að ramba á barmi gjaldþrots. Næstu árin var það eingöngu fjárstuðningur frá SH er kom í veg fyrir að Jöklar kæmust í þrot. Árvisst tap varð á rekstrinum og það var ekki fyrr en 1983 að svolítið rofaði til en Adam var ekki lengi í Paradís því að bæði 1984 og '85 hélt skuldahalinn áfram að lengjast.

Þegar hér var komið sögu var hlutafjáreign SH í Jöklum orðin slík að vandamál síðarnefnda félagsins brunnu ekkert síður á því fyrrnefnda. Eignarhluti SH í Jöklum hafði vaxið í tveimur risaskrefum, fyrst 1977 og svo aftur 1980 þegar aðalfundur SH samþykkti mótatkvæðalaust og án nokkurra umræðna, hvað þá deilna, að leggja skipafélaginu til allt að 800 milljónir króna í auknu hlutafé. Um leið



Aðalstjórn Jökla starfsárið 1976 til '77, talið frá vinstri; Einar Sigurðsson, sem verið hafði stjórnarformaður félagsins frá stofnun, Guðfinnur Einarsson, er tók við stjórnartaumunum þegar Einar lést í mars 1977, Gunnar Ólafsson, Eyjólfur Martinsson, en hann kom nýr inn í stjórnina á aðalfundinum 1976, Jón Árnason og Gísli Ólafson en sem framkvæmdastjóri Jökla sat hann alla stjórnarfundi. Ljósm: Kristinn Benediktsson.

eignaðist SH yfir 90% í Jöklum. Þrátt fyrir þessa staðreynd fór því fjarri að menn gerðu sér skýra grein fyrir því hver ætti að vera framtíð Jökla og skuldasúpan hélt áfram að krauma.

Það varð ekki til að auka mönnum staðfestu að hinn nýi Hofsjökull reyndist fyrst í stað hálfgert óhappafley. Í fyrstu ferð hans til Bandaríkjanna biluðu frystitækin um borð með þeim afleiðingum að stórtjón varð á farminum. Skipið var sneisafullt af freðfiski og tjónið metið á hálfa milljón dollara. Coldwater, sem var kaupandi farmsins, tókst þó að selja allan skemmda fiskinn nema þann sem hafði verið neðst í stöflunum, við lestargólfið, hann lenti í vatni og var ónýtur.

Eftir þetta átti Hofsjökull eftir að verða fyrir tveimur meiriháttar vélarbilunum fyrir utan smávægilegri kvilla er sóttu á hann. Sumt af því, sem aflaga fór í Hofsjökli, mátti rekja beint til mannlegs eðlis; Eimskipafélagið hafði lagt skipinu til olíu og freistast til að kaupa hana ódýrt og kom það niður á gæðunum „ . . . en olía sú sem notuð hefur verið hefur valdið óeðlilega mikilli brennslu á útblásturslokunum og valdið félaginu miklu tjóni.“[68]

Það jók enn áhyggjur stjórnar Jökla þegar þeim barst til eyrna að töluverð óregla væri um borð í skipinu. Til að sporna gegn henni var Helgi H. Guðjónsson gerður að skipstjóra um mitt ár 1978 en hann hafði byrjað hjá félaginu sem háseti á Vatnajökli árið 1951, þá aðeins 18 ára gamall. Síðan hafði hann verið meira og minna á öllum skipum Jökla nema gamla Drangajökli sem sökk við Skotlandsstrendur. Helgi átti eftir að sýna að hann var traustsins verður og hefur hann stýrt Hofsjökli allar götur síðan.

Tíðar bilanir Hofsjökuls á 8. áratugnum urðu ekki til að stappa stálinu í menn eða gera þá einhlítari í svörum um hver ætti að verða framtíð Jökla. Þá var ekki frítt við að forsvarsmenn Eimskips færðu sér í nyt sífelldan hallarekstur Hofsjökuls. Væri kvartað við þá vegna hárra flutningsgjalda þurftu þeir ekki annað en að



Í júlí 1977 réðust Jöklar í að kaupa frystiskip frá Noregi. Það hafði verið smíðað í Kure í Japan ári 1973. Ekki löngu eftir að skipasmíðastöðin skilaði skipinu af sér varð eldur laus í því og skemmdist yfirbygging og vélarrúm mikið. Það var gert upp í Kristiansand í Noregi og þaðan keyptu Jöklamenn skipið sem fékk nafnið Hofsjökull. Var þá eldri Hofsjökull seldur Eimskipafélagi Íslands og fékk þar nafnið Stuðlafoss. Þegar nýi Hofsjökull bættist í kaupskipaflota Íslendinga var hann stærsta frystiskip flotans og það gangmesta. Helgi H. Guðjónsson skipstjóri tók við skipinu árið 1978. „Útgerðin á Hofsjökli nýja gekk alveg hrikalega illa til að byrja með," rifjar Helgi upp. „Vélarbilanir voru tíðar og svartolían til vandræða enda allskonar aðskotahlutir í henni. Svona gekk þetta í ein tvö ár en þá brá til betri vegar með útgerðina. Hins vegar er merkilega gott að eiga við skipið inni á þröngum höfnum, þó stórt sé. Það er 8000 hestafla vél í Hofsjökli svo að það gefur augaleið að maður siglir ekki á fullri ferð á móti stórum sjóum. Áður, þegar var lauslestað í skipið, tók það 3.800 tonn en eftir að palletturnar eða brettin komu til sögunnar ber það 2.700 tonn fulllestað. Öllu er skipað um borð á brettum, lyftarar sjá um erfiðið en áður þurftu bryggjukarlarnir að hlaða öllu upp í lestunum á höndum."
Myndin sýnir Hofsjökul við bryggju á Stöðvarfirði.
Ljósm: Helgi Magnússon.

benda á Hofsjökul, þar hefði SH lýsandi dæmi um kostnaðinn við útgerð stórra flutningaskipa.

Miklar breytingar voru líka að verða á frystiflutningunum. Laust fyrir 1980 byrjuðu brettin að ryðja sér til rúms í frystihúsum á Íslandi en 1980 notuðu aðeins 28 frystihús bretti af þeim 70, sem þá voru innan vébanda SH með einum eða öðrum hætti, en 42 „ . . . virðast ekki hafa aðstöðu til að nota þessa tækni."[69] Tveimur árum síðar var hrundið í framkvæmd mikilli herferð fyrir notkun bretta og stóðu Eimskipafélagið og SH að henni í sameiningu. En varla voru brettin fyrr orðin almenn en frystigámarnir komu til skjalanna. Forsvarsmenn SH voru þó til að byrja með ekki trúaðir á að þeir myndu ná fótfestu, fyrst og fremst vegna þess að „ . . . fjöldi gáma takmarkast mjög af innflutningsþörf fyrir frysta vöru og þótt þeir séu nothæfir fyrir almennan innflutning, þá eru þeir ekki samkeppnisfærir stofnkostnaðar vegna við ófrysta gáma."[70]



Helgi H. Guðjónsson hefur stýrt Hofsjökli allt frá 1978 og reynst ákaflega farsæll og vinsæll í starfi. Hann kom til Jökla fyrst árið 1951. Eftir að hann lauk Stýrimannaskólanum 1958 sigldi hann sem stýrimaður en 1965 fór hann sína fyrstu ferð sem skipstjóri, þá á Langjökli.

Þetta fór þó á annan veg og 1983 tók útflutningur í frystigámum að aukast mjög, jafnhliða brettavæðingunni sem þá stóð sem hæst. Frumkvæðið kom frá SH sem sótti það æ fastar að fiskur til Grimsby færi þangað í gámum. Það var fyrst og fremst vegna þessarar áherslubreytingar hjá Sölumiðstöðinni að Eimskipafélagið lét Selfoss frá sér um haustið 1983 en félagið hafði leigt skipið til að koma á brettavæðingu í freðfiskflutningum til Evrópu. Þá var svo komið að SH afskipaði um það bil 200 tonnum af frystum fiski á viku til Grimsby (Immingham), Felixstowe og annarra hafna á meginlandi Evrópu. Þessar breytingar í flutningatækni kölluðu á umtalsverðar fjárfestingar hjá Eimskip, kaupa þurfti frystigáma, byggja safngeymslur fyrir frystan fisk og fjárfesta í ýmsum nýjum tækjum er gámavæðingin krafðist.[71]

Spurningin var þessi; áttu Jöklar, og þá SH sem aðaleigandi félagsins, að leggja út í kostnaðarsama nývæðingu fyrirtækisins með sama hætti og Eimskipafélagið var að gera eða einfaldlega leggja upp laupana?

Stjórn SH var í vafa og greip því til þess ráðs á aðalfundi félagsins í maí 1983 að kjósa nefnd er skyldi „ . . . framkvæma gagngera úttekt á flutningsmálum frystihúsa innan S.H.“[72]



Árið 1983 fóru þeir Jóakim Pálsson, Hnífsdal, Páll Halldórsson, organisti í Hallgrímskirkju (en þeir voru bræðrasynir, hann og Jóakim), og Guðmundur Guðmundsson, framkvæmdastjóri Hrannar á Ísafirði, í siglingu með Hofsjökli að skoða starfsemina í Everett. Jóakim og Guðmundur voru öflugir talsmenn þess að SH héldi áfram útgerð Hofsjökuls. Þeir óttuðust að yrði skipið selt og Jöklar lagðir niður yrði erfitt að hafa eftirlit með farmgjöldum Eimskipafélagsins. Myndin er af þeim félögum í Everett. Jóakim er til vinstri og Guðmundur til hægri en Páll er í miðið.


Fast var lagt að nefndinni að mæla með sölu Hofsjökuls og fóru þar fremstir í flokki stjórnendur Eimskipafélagsins sem sögðu skipið allt of stórt og nýtingu þess afspyrnu slæma í hinni nýju brettavæðingu, ekki nema 53% miðað við til dæmis 75% hjá Goðafossi. Fullyrtu þeir að vegna Hofsjökuls væru flutningsgjöld um það bil 7% hærri en vera þyrfti og því hlyti að vera affarasælast fyrir alla aðila að losa sig við skipið. Það hentaði einfaldlega ekki til freðfiskflutninga. Þessa skoðun sína undirstrikuðu stjórnendur Eimskips með því að láta Hofsjökul í ávaxtaflutninga. Því var það að þegar flutningsnefndin hóf störf sumarið 1983 var Hofsjökull ekki lengur í siglingum með freðfisk frá frystihúsum SH.[73] Engu að síður buðust Eimskipafélagsmenn til að kaupa skipið (en sögðust jafnframt myndu selja það við fyrstu hentugleika) gegn því að fá flutningasamning við SH til þriggja ára.

Eyjólfur Ísfeld, forstjóri SH, var sama sinnis og starfsbróðir hans hjá Eimskip, Hörður Sigurgestsson. Benti Eyjólfur á að vegna stærðar Hofsjökuls, er rúmaði mest um 4000 tonn, tæki allt of langan tíma að lesta hann og að erfitt væri fyrir Coldwater að taka á móti „ . . . svona stórum förmum og fjármagna." Allt öðru máli gegndi um til dæmis Goðafoss er fulllestaður tæki um 2.800 tonn.


Framkvæmdastjóri Jökla, Gísli Ólafson, var á öndverðum meiði. Hofsjökull gæti skilað ágætum hagnaði, var álit hans, ef skipið væri notað á réttan hátt. Lykilatriði væri að láta það lesta á fáum höfnum í hverri ferð, kannski þremur til fjórum, en ekki 11 til 14 eins og raunin hefði verið undanfarin ár. Þá væri það reginmisskilningur að nýting skipsins myndi verða óhagkvæm í hinu nýja brettakerfi, það gæti aldrei orðið „ . . . enda skipið lyftaragegnt brettaskip."

Þegar hér var komið sögu hafði Gísli orðið lítið yfir leigu Hofsjökuls að segja. Þó að hann ætti að heita framkvæmdastjóri Jökla hafði ekkert samráð verið haft við hann undanfarin tvö ár um leigu skipsins. Um hana sá Eyjólfur Ísfeld fyrir hönd SH. Í þessu ljósi lagði flutningsnefndin til að nánara samstarf yrði á milli „ . . . forstöðumanna SH og Jökla hf., þannig að aðilar viti að minnsta kosti um áætlanir hins aðilans."

Þá átti nefndin viðræður við forsvarsmenn Hafskips og Víkurskips og var greini-







Forsvarsmenn Eimskipafélagsins stóðu á því fastar en fótunum að Hofsjökull væri ómögulegur til brettaflutninga og að nýting skipsins í slíkum flutningum yrði ekki nema 53%. Gísli Ólafson mótmælti þessu og sagði nýtinguna verða 70 til 75%. Ennfremur héldu Eimskipafélagsmenn því fram að lestargólf skipsins væru ekki nægjanlega sterk til að þola lyftara. Enn var Gísli á öndverðum meiði. „Lestunargólfin voru styrkt með miklum kostnaði þegar skipið var keypt auk þess sem sérstök lyftaralest var útbúin og þrír lyftarar keyptir. Þeir voru aldrei notaðir og voru seldir fyrir nokkrum árum“: skrifaði Gísli í skýrslu er hann samdi fyrir stjórn Jökla þann 30. apríl 1984. Og hann minnti á að Hofsjökull hefði í þessum sama mánuði flutt ávexti frá Ameríku til Evrópu. Þeir hefðu allir verið á brettum og bæði lestun og losun farið fram með lyfturum og tekið um sex daga samtals. Síðar kom í ljós að Gísli hafði á réttu að standa. Hofsjökull átti eftir að reynast hið prýðilegasta brettaskip. Með tilkomu brettanna hefst lestun skipsins í raun í vöruskemmunni á hafnarbakkanum þar sem vörunni er raðað á bretti eða jafnvel hjá útflytjandanum. Þaðan taka lyftarar brettin og flytja þau fram á hafnarbakkann þar sem ýmist togvindur skipsins sjálfs eru notaðar til að lyfta brettunum um borð – eins og sjá má á efstu myndinni sem tekin er við lestun skipsins á Akureyri – eða kranar á bryggjunni – líkt og sjá má á myndinni frá Gloucester þar sem er verið að skipa upp fiski frá Sambandinu. Í báðum tilvikum er brettunum slakað niður í lestina þar sem lyftari er notaður til að raða þeim sem haganlegast. Ekkert þarf lengur að bera á höndum í lestinni eins og var áður. Mun minni mannskap þarf því við lestun og losun skipsins og verkið tekur skemmri tíma en var fyrir daga lyftaranna.
Ljósmyndir: Helgi Magnússon.

legt að forstjóri Víkurskips, Finnbogi Kjeld, náði að grípa athygli nefndarmanna sem skrifuðu að hann hefði „ . . . sýnt málinu mikinn áhuga og látið nefndinni í té mikilsverðar upplýsingar, sem vert er að skoða."

Í hnotskurn má segja að við þetta tækifæri lagði Finnbogi meira og minna upp í hendurnar á SH stofninn að því kerfi sem síðar varð ofan á og reynst hefur Sölumiðstöðinni og Jöklum ákaflega arðbært. Að hans áliti var Hofsjökull hentugt skip fyrir frystihúsin. Það þyrfti þó að byggja stóra frystigeymslu til að safna í fiskinum víðs vegar af landinu. Söfnunin skyldi framkvæmd með sérstökum strandferðaskipum og þess gætt að allur fiskur væri á brettum. Hofsjökul átti hins vegar að nota nær eingöngu til Ameríkusiglinga og gæti hann þá annað öllum flutningum vestur um haf eða um 50.000 tonnum árlega. Skyldi hver hringferð taka 21 dag. Með þessu móti yrði ekkert undan nýtingu skipsins að kvarta. Evrópuflutningunum vildi forstjórinn sinna „ . . . með söfnunarskipi og hugsanlega í samvinnu við aðra."

Þannig voru þau vissulega ólík sjónarmiðin er voru viðruð við fimm manna nefndina en niðurstaða hennar varð sú að líklega væri Hofsjökull óhentugur og því réttast að selja hann. Það væri hins vegar af og frá að SH léti flutninga félagsmanna alfarið í hendurnar á einhverju skipafélagi enda var það samróma álit fimm-menninganna „ . . . að SH eigi skilyrðislaust að sjá sjálf um flutninga á afurðum félagsmanna sinna með eigin skipafélagi og útboðum." Um sinn yrði þó ekki hjá því komist að semja við einhvern um þessa þjónustu og þá væri best að það yrði kaupandi Hofsjökuls. Hentugast væri að hafa samninginn til þriggja ára og skyldi SH nota þann tíma „ . . . til þess að koma upp eigin flutningakerfi".[74]

Þessi hugmynd nefndarinnar vakti ekki upp neinn ánægjukór hjá Jöklum og á aðalfundi félagsins í maí 1984 kom upp greinileg andstaða gegn henni. Ekki var gerður ágreiningur um að hentugt væri að yngja Hofsjökul upp en mönnum leist þunglega á að selja skipið áður en búið væri að ganga frá kaupum á öðru í staðinn.

Þetta viðhorf Jökla hlaut óhjákvæmilega að endurspeglast í framvarðasveit SH, svo samtvinnaðar voru stjórnir félaganna tveggja. Til dæmis átti stjórnarformaður Jökla, Guðfinnur Einarsson, einnig sæti í aðalstjórn SH.

Stjórn Sölumiðstöðvarinnar var því vel kunnugt um andstöðu Jöklamanna gegn tillögum flutningsnefndarinnar og frekar en að ganga gegn vilja þeirra ákváðu stjórnarmenn SH, daginn fyrir aðalfund Jökla, að skipa aðra nefnd er skyldi fara í saumana á flutningsmálum Sölumiðstöðvarinnar.[75]

Varð nú skammt stórra högga í milli í sögu Jökla. Á aðalfundi SH, sem hófst sama dag og títtnefndur aðalfundur Jökla (og daginn eftir að flutningsnefndin seinni var mynduð), var samþykkt tillaga um að ef tækifæri gæfist skyldi SH taka skip Jökla í þjónustu sína á nýjan leik.

Liðlega hálfu ári síðar skilaði flutningsnefndin tillögum sínum og hvatti til þess að ekki yrði látið sitja við orðin tóm. „Frá 1. janúar 1985 eða við fyrsta tækifæri flytji S.H. beint með Jöklum hf. (Hofsjökli) allan fisk til Everett", var höfuðtillaga nefndarinnar. Að öðru leyti skyldu farmflutningar fyrir SH bjóðast út, var álit nefndarmanna, en fyrsta opna útboð SH í þessa flutninga hafði þá farið fram skömmu áður og Eimskipafélagið hreppt hnossið sem voru flutningarnir til Sovétríkjanna og Vestur-Evrópu.

Á grundvelli tillagna flutningsnefndarinnar var þessari stefnu haldið til streitu og auglýst eftir tilboðum í freðfiskflutninga SH til Bandaríkjanna að undanskildum flutningunum til Everett. Margir sýndu áhuga en aftur varð Eimskipafélagið hlutskarpast. Í kjölfarið var svo samið við Jökla um að annast alla flutninga til

Everett en þá voru tæpir tveir áratugir síðan þessi tvö félög höfðu seinast átt viðskipti saman.

Sjálfstæðir á ný

Enginn maður gerði sér betri grein fyrir hinni miklu breytingu er hlaut að verða á starfsemi Jökla þegar sagt yrði skilið við Eimskipafélagið en Gísli Ólafson forstjóri. „Beinn rekstur krefst meiri stjórnunar og eftirlits en leigurekstur," útskýrði hann fyrir stjórn Jökla í ársloK 1984, „auk þekkingar á ýmsum reglum t. d. í U.S.A. Ég hef hvorki þann tíma eða þá þekkingu, sem ég tel að þurfi og er því nauðsynlegt að fá slíkan starfskraft."[76]

Kvaðst Gísli fastlega gera því skóna að tími hans hjá Jöklum væri senn á enda en bauðst til að aðstoða eftirmann sinn á alla lund. Það var þó ekki fyrr en tæpum tveimur árum síðar, eða í nóvember 1986, að Gísli hætti að hafa hönd í bagga með stjórnun Jökla. Eftirmaður hans varð hinn nýi forstjóri SH, Friðrik Pálsson, sem þegar réði Birgi Ómar Haraldsson skipaverkfræðing sem rekstrarstjóra skipafélagsins og hvíldi öll framkvæmdastjórn félagsins á herðum Birgis Ómars. Hann hafði þá nýlokið prófi í flutninga- og viðskiptafræðum frá City University Business School í London og meðal annars unnið þar að skýrslu um framtíðarmöguleika Jökla á flutningamarkaðinum.





Um leið og Friðrik Pálsson gerðist forstjóri Jökla réði hann Birgi Ómar Haraldsson skipaverkfræðing til að sinna daglegum rekstri félagsins. Strax á fyrsta ári hins nýja stjórnanda hjá Jöklum komst sá kvittur á kreik að hann hlyti að vera í tengslum er næðu yfir gröf og dauða, slík væri heppni hans. Gengi hins vegar eitthvað miður var haft á orði að nú hefði Birgir Ómar gleymt að borga iðgjaldið en hvort það fór upp eða niður vildi upphafsmaðurinn að þessum orðasveimi, Helgi H. Guðjónsson, aldrei gefa upp. Eftirfarandi saga lýsir vel láninu sem var yfir Birgi Ómari. Einhverju sinni þurfti SH að koma íslenskum eftirlitsmanni um borð í rússneskan togara úti í Ballarhafi. Féllst Birgir Ómar á að taka manninn um borð í Sheet Harbour, þar sem Hofsjökull var að athafna sig, og skjóta honum til Rússanna. En ekki var Hofsjökull fyrr lagður af stað heimleiðis en á skall leiðindaveður. Í fjóra daga sigldi skipið og varð ekkert lát á brælunni. Á fjórða degi sást til Rússanna í ratsjánni. Skipin nálguðust hvort annað og datt þá skyndilega allt í dúnalogn. Manninum var samstundis skutlað yfir til Rússanna en í því sem Hofsjökull var að ná upp ferð aftur byrjaði vindur að blása á nýjan leik og þá tvo daga sem siglingin átti eftir að standa hélst sama leiðindaveðrið og hafði verið alla leiðina nema þessa einu andartaksstund þegar skipin mættust. Og það sagði Helgi Magnússon, sem var skipstjóri í þessari ferð, að alla sex dagana hefði verið gjörsamlega ómögulegt að koma manni á milli, slík hefði veðurhæðin verið, að slepptum þessum mínútum þegar allt datt í dúnalogn. „Nú hefur Birgir Ómar greitt iðgjaldið," varð Helga H. Guðjónsyni að orði þegar hann frétti þetta.

Í raun stóð Birgir Ómar ekki í ósvipuðum sporum í árslok 1986 og Ólafur Þórðarson fjörtíu árum fyrr. Skrifstofa félagsins var í 25 fermetra herbergi á 7. hæð við Aðalstræti 6 í Reykjavík. Starfsmenn á skrifstofunni voru tveir, Birgir Ómar og Þórunn Erlendsdóttir. Innflytjendur voru búnir að gleyma Jöklum, innviðir fyrirtækisins voru löngu trénaðir eftir áratugalanga leigu Hofsjökuls; hafnaraðstaða var engin, útvega þurfti umboðsmenn, byggja upp dreifingaraðstöðu og tölvuvæða fyrirtækið.

„Það var erfitt að skapa Jöklum ímynd. Eimskip og Samskip höfðu áratugalangt forskot og við vorum aðeins tvö á skrifstofunni," rifjar Birgir Ómar upp. „Við höfðum nánast ekkert að byggja á."[77]

En mjór er mikils vísir; innan fárra ára hafði Birgi Ómari tekist að hasla Jöklum völl og árið 1990 var félagið tekið að skila eigendum sínum mjög góðum arði.






Þessar tvær töflur gera ekki annað en að staðfesta að stjórn SH tók rétta ákvörðun árið 1985, þegar hún ákvað að endurvekja Jökla sem sjálfstætt starfandi skipafélag.

Í stjórn Jökla sveif svipaður andi yfir vötnum og má segja að forstjóraskiptin 1986 hafi endurspeglað afstöðu stjórnarmanna Jökla betur en allt annað. Röksemdafærsla þeirra var einföld; þar sem Sölumiðstöðin ætti 90,05% í fyrirtækinu væri réttast að treysta tengslin við þennan aðaleiganda sem allra best. Staðreyndin væri sú að rekstur Jökla yrði „ . . . ekki aðskilinn frá rekstri S.H. og því eigi S. H. að annast rekstur skipsins."[78] Það bólaði jafnvel á þeirri hugmynd í stjórn Jökla að hún væri ekki annað en „starfsnefnd stjórnar SH."

Þetta voru mikil umskipti frá því sem verið hafði en eitt þeirra atriða sem flutninganefndin fyrri hafði fett fingur út í árið 1984 var að samskiptin á milli stjórnenda félaganna tveggja „eru í lágmarki". Það lá í hlutarins eðli að þetta hlaut að breytast þegar Jöklar tóku að sigla í eigin nafni með fisk fyrir SH. Ráðning Friðriks sem forstjóra Jökla var ekkert annað en táknræn staðfesting þess að stjórnarmenn Sölumiðstöðvarinnar voru sama sinnis og félagar þeirra hjá Jöklum um að náið samstarf yrði að vera á milli félaganna. Þeir voru þó ekki reiðubúnir að nánast innlima Jökla í SH með því til dæmis að fela afskipunardeild SH að sjá alfarið um



Það þarf iðulega mikla lagni til að koma Hofsjökli upp að bryggju. Hér er skipið að bakka inn að bryggju í Stykkishólmi en innsiglingin er þröng. Helgi H. Guðjónsson skipstjóri hefur verið kallaður listamaður í því að athafna sig með stórt skipið inni á þröngum höfnum, hann er líka yfirvegaðri en meðal-jóninn. Af því sagði ónefndur farþegi þessa sögu en hann var staddur í brúnni á Hofsjökli þegar skipið var eitt sinn sem oftar að koma að bryggju á Tálknafirði. Aðsiglingin er þröng og nauðsynlegt að taka svolítinn snúning þegar lagst er að. Helgi stendur í brúnni tilbúinn að beygja. Hann setur í bakkgírinn en ekkert gerist. Í einni svipan rennur upp fyrir farþeganum að eitthvað er að. Tröllvaxið skipið æðir áfram beint að bryggjunni þar sem fjöldi vertíðabáta liggur bundinn. Ekkert virðist geta komið í veg fyrir stórslys. Engin svipbrigði sjást á Helga. Hann setur telegrafið aftur í núllstöðu og bíður örlitla stund. Síðan reynir hann aftur og þá tekur vélin loks við sér og byrjar að hamast afturábak. En það munaði aðeins hársbreidd, fullyrti farþeginn, að við æddum í gegnum allan bátaflotann og bryggjuna um leið.

rekstur Hofsjökuls. Þess í stað var Jöklum gefið tækifæri til að standa á eigin fótum og jafnvel færa út kvíarnar. Eins og þegar hefur komið fram átti þessi stefna eftir að gefa ríkulegan ávöxt.

Fljótlega skipti um til hins betra í rekstri Jökla og allt frá árinu 1987 hefur félagið skilað eigendum sínum arði. Framkvæmdastjórar félagsins fengu olnbogarými til athafna og frjálsræði til að stjórna Jöklum með hagsmuni félagsins sjálfs í huga.[79]

Þetta kom berlega í ljós um mitt ár 1987 þegar bollaleggingar hófust um aðstöðu Jökla í landi sem hafði verið næsta takmörkuð allt frá því skemmurnar við Héðinsgötu voru seldar Umbúðamiðstöðinni 1975. Raunar hafði félagið aldrei átt eða leigt vöruafgreiðslu við bryggjukant en nú virtist ætla að verða breyting þar á. Yfirvöld í Hafnarfirði höfðu úthlutað lóðum við Suðurhöfnina þar sem fyrirhugað var að reisa vöruskemmu og frystigeymslu og hafði Jöklum verið boðið að gerast meðeigandi. Í umræðunni sem varð um þetta fyrirtæki lögðu Friðrik Pálsson og Birgir Ómar áherslu á að sjálfstæði Jökla yrði vart betur treyst en með því að útvega félaginu „ . . . einhverja aðstöðu við viðlegukant.“[80]



Stjórn Jökla frá aðalfundi félagsins 1989 til aðalfundarins 1991. Talið frá vinstri, sitjandi Ágúst Einarsson, en hann var stjórnarformaður 1988 til 1991 að hann gaf ekki lengur kost á sér í stjórn, og Gunnar Þór Ólafsson frá Sandgerði. Standandi frá vinstri, Konráð Jakobsson, Hnífsdal, Róbert Guðfinnsson, Siglufirði, og Eyjólfur Martinsson, Vestmannaeyjum. Á borðbrúninni situr, Birgir Ómar Haraldsson, stjórnandi Jökla.

Niðurstaðan varð sú að í ársbyrjun 1988 gerðust Jöklar eigendur að 30% í nýstofnuðu hlutafélagi, Faxafrosti, er átti um 2.100 fermetra vöru- og frystigeymslu undir einu þaki. Í geymslum Faxafrosts var fitjað upp á þeirri nýlundu að hafa brettarekkana á teinum þannig að auðvelt varð að renna þeim fram og til baka eftir þörfum.

Kaup Jökla á 6% eignarhluta í Flugfaxi þetta sama ár (1988), en það var með umboð fyrir Panam, Federal Express og stærsta vöruflutningaflugfélag heims, Flying Tigers, voru sprottin af sömu rót og kaupin í Faxafrosti. Tilgangurinn var að efla þær stoðir er runnu undir félagið og auðvelda því að bjóða viðskiptavinum sínum upp á fjölbreyttari þjónustu. Laxeldi var þá vaxandi atvinnugrein á Íslandi og var hugmyndin að flytja lax og ígulkerahrogn flugleiðis á markað í Asíu.

„Þetta byrjaði í góðri samvinnu við Flying Tigers en þegar Federal Express keypti fyrirtækið lenti Flugfax í þjarki við stjórnendur þess. Þeir vildu ekki fisk í vélarnar. Þá var leitað til Panam en samstarfinu við Federal Express þó ekki slitið. Um tíma voru líka hugmyndir uppi um að sameina Arnarflug og Flugfax og voru samningaumræður þess efnis komnar vel á veg þegar nýir menn komust til valda hjá Arnarflugi og varð þá ekkert úr sameiningunni.“[81]

Eftir þetta átti Flugfax sér ekki viðreisnarvon og 1991 var eign Jökla í fyrirtækinu afskrifuð. Faxafrost olli líka vonbrigðum og þetta sama ár, eða 1991, var Eimskipafélagi Íslands seldur hlutur félagsins í Faxafrosti sem Eimskip átti þá þegar orðið stóran hlut í eða 43%. Það fór þó ekki svo að Jöklar hyrfu úr viðskiptum við Faxafrost, síður en svo. Félagið hélt þvert á móti áfram viðskiptum við fyrirtækið og átti gott samstarf við Eimskip.

„Við töpuðum þó engum peningum á þessari fjárfestingu," staðhæfir Birgir Ómar. „Og enn þann í dag nýtur SH góðs af lækkuðum geymslukostnaði. Faxafrost fitjaði nefnilega upp á þeirri nýbreytni að rukka viðskiptavini sína aðeins fyrir raunnotkun. Menn greiddu aðeins fyrir þá daga sem þeir áttu vöru í geymslum Faxafrosts en ekki fyrir mánuðinn allan eins og hafði tíðkast áður. Helstu vonbrigði okkar tengdust því að SH nýtti sér ekki geymslur Faxafrosts í sama mæli og við hafði verið búist."

Það var fitjað upp á nýjungum í rekstri Hofsjökuls sem gáfu mun betri raun en fjárfestingarnar í Flugfaxi og Faxafrosti. Höfuðverkefni skipsins hefur verið að halda uppi reglulegum siglingum til Everett í Bandaríkjunum. Að undanskilinni einni ferð í ársbyrjun 1989 til Murmansk hefur leiðin frá Íslandi ávallt legið til Bandaríkjanna en í Everett hefur skipið hafnað sig á 28 daga fresti undanfarin ár. „Þegar ég byrjaði var skipið alltaf fullt," segir Birgir Ómar. „Galdurinn var því að halda Hofsjökli sem allra mest úti. Til að ná þessu markmiði setti ég hann á fastar áætlunarferðir."


Þessar reglubundnu ferðir Hofsjökuls til Boston hafa haft mikla þýðingu fyrir höfnina í Everett sem fyrir vikið hefur orðið þekkt sem útflutningshöfn fyrir varning til Íslands.

„Aðstaðan þarna var ákaflega vanþróuð þegar við vorum að byrja," segir Birgir Ómar. „Þetta var ekki annað en prívatbryggja. Að fá farm heim var erfitt og engir akstursamningar voru til við vöruflutningabílstjóra vestra um að koma vörunum áfram til kaupenda. Heima höfðum við heldur ekki neitt markaðsnet til dreifingar og öflunar farms. Í stuttu máli; við áttum okkur enga flutningasögu, en það gerði okkur erfiðara um vik að ná fram hagstæðum samningum. Þá hafði Eimskipafélagið ekki haft uppi neina burði til að breyta Everett í útflutningshöfn. Þeir komu þangað að vísu með fiskinn en tóku allan varning til baka í New York og Norfolk. Af þessu leiddi að það var ekki auðvelt fyrir okkur að ná hagstæðum samningum fyrir innflytjendur á Íslandi er vildu fá vörur sínar með okkur í gegnum Everett. Bandaríkin eru víðáttumikið land og aksturskostnaður því oft stór hluti farmgjaldsins. Það var líka miklu auðveldara fyrir vörubílstjórana að fá farm aftur til baka frá til dæmis Norfolk en Everett sem var í þá daga engin útflutningshöfn."[82]

Það reið á miklu fyrir Jökla að ná góðri fótfestu í Bandaríkjunum. Keppikeflið var að standa við siglingaáætlun skipsins á milli Íslands og Ameríku og draga að varning í lestar skipsins að flytja heim aftur.

Mikið hefur áunnist í þessum efnum sem sést best á því að 1986 námu tekjur félagsins af innflutningi ekki nema einu prósenti af heildartekjunum. Fimm árum síðar var þetta hlutfall komið í 33%. Ekki er að efa að þetta átak Jökla skilaði Coldwater miklu; hafnaraðstaða félagsins breyttist smám saman úr móttökustöð fyrir frosinn fisk í alhliða flutningamiðstöð. Þessi breyting endurspeglaðist í nafninu sem hafði í byrjun verið Coldwater Seafood en er í dag Coldwater Terminals and Warehouses. „Þetta kostaði mikla vinnu. Við mættum skilningsleysi víða," segir Birgir Ómar. „En fyrir okkur skipti þetta meginmáli. Við höfðum aðeins þetta eina skip og það varð að vera fljótt í förum. Það var því ómetanlegt að geta losað fisk í sömu höfn og tekið var á móti vörum í skipið."

En lestunarhöfnum Hofsjökuls í Norður-Ameríku átti eftir að fjölga. Árið 1990 hafði borgin Portland komist á blað hjá Jöklum en þangað sótti Hofsjökull aðallega timbur og skyldar vörur. Það sama ár hafði félagið sótt timbur til Halifax, höfuðborgar Nova Scotia, fyrir Eimskip. Í kjölfarið var tekið að hyggja nánar að möguleikum þess að fá heimflutninga frá Kanada og þá einkum með Nova Scotia




Í Everett hefur fyrir tilverknað Jökla þróast blómleg skipaafgreiðsla á vegum Coldwater sem þjónar meðal annars Eimskipafélagi Íslands. Myndin sýnir Hofsjökul við bryggju í Everett. Frystigeymsla Coldwater er í baksýn. Ljósm: Helgi Magnússon.

í huga enda liggur héraðið vel við siglingaleið Hofsjökuls og þar stendur ýmiss konar trjávöruiðnaður með miklum blóma. Svo vel tókst til að strax 1992 var Sheet Harbour, sem er rétt norðan Halifax, orðin nánast fastur viðkomustaður Hofsjökuls.

Ferðir Hofsjökuls 1991 til 1995

Viðkomuhafnir í Norður-Ameríku

Höfn	1991	1992	1993	1994	1995
Bandaríkin:					
Boston/Everett	12	13	13	13	12
Portland	9	11	4	0	0
Kanada:					
Sheet Harbour	4	9	9	15	20
Halifax	4	1	2	1	0
Country Harbour	1	1	1	0	0
Shelburne	0	0	1	0	0
Yarmouth	0	0	1	0	0
Roddickton	0	0	1	0	1
Harbour Crace	0	0	0	0	1




Sheet Harbour var 1994 orðin sú höfn sem Hofsjökull heimsótti oftast. Engin byggð er í kringum hana, aðeins skógur. Það var fyrst og fremst fyrir atbeina Jökla að Sheet Harbour varð kaupskipahöfn. Þarna hafði verið þjónusta við borpalla en hún var hætt og dauflegt um að litast þegar Birgir Ómar kom þar fyrst í leit að ákjósanlegri höfn fyrir Hofsjökul. Í Halifax byggðu hafnaryfirvöld gjaldtöku sína á stórum gámaskipum. Hafnargjöld voru því há og skertu mjög samkeppnishæfni Jökla. Fyrir bragðið notaði Birgir Ómar tækifærið þegar Hofsjökull var í slipp ytra til að leita að ódýrari höfn. Og þrátt fyrir að ekki væri alls kostar líflegt í Sheet Harbour varð sá staður fyrir valinu. Þorpsbúum var safnað saman og þeim sagt hvað stæði til. Þeir gripu hugmyndina fegins hendi, stofnuðu fyrirtæki sem síðan sá um að þjónusta Hofsjökul. „Þetta varð hagkvæmt fyrir okkur," segir Birgir Ómar. „ Ekki aðeins er hafnarstæðið þarna gott heldur fengum við alltaf þjónustu hvort sem okkur bar að bryggju á nóttu eða degi, á helgum degi eða rúmhelgum. Þetta auðveldaði okkur mjög að láta skipið halda áætlun."
Ljósm: Helgi Magnússon.

Hofsjökull hefur flutt frá Ameríku mikinn efnivið fyrir byggingariðnaðinn á Íslandi. Ásókn eftir timburvörum frá Ameríku hefur þó farið dvínandi og hefur það bitnað mjög á Jöklum. Um leið hefur samkeppnin harðnað. Gengisskráning hefur tíðum haft áhrif í þessum efnum en lágt raungengi íslensku krónunnar gagnvart dollar, sem var til dæmis áberandi lungann úr árinu 1994, þrýstir innflytjendum til að leita á önnur mið. Þetta olli því að á aðeins tveimur árum féllu tekjur Jökla af flutningum til landsins úr því að vera 32% af heildartekjum félagsins 1992 niður í 22% árið eftir og 13% 1994.

Þrátt fyrir þetta jukust heildarflutningar Jökla um 11,5% á milli áranna 1993 og '94, fóru úr 30.809 tonnum í 34.356 tonn og höfðu þá ekki verið meiri síðan 1989 og '90.

Sókn forráðamanna félagsins eftir viðskiptum við fleiri útflytjendur en eingöngu SH var byrjuð að bera ávöxt. Vegna þessarar stefnu var hraðfrystum fiski skipað í ríkari mæli en áður niður í lestir Hofsjökuls en mestur var vöxturinn í flutningum saltfisks á vegum Sölusambands íslenskra fiskframleiðenda hf. (SÍF). Mátti heita að 1994 væri SÍF orðið stærsti viðskiptavinur Jökla, á eftir SH, en saltfiskurinn átti stóran þátt í hinum reglubundnu siglingum félagsins til Kanada. Eilítið af honum fór til Yarmouth og Shelburne, en mest þó til Sheet Harbour og 1994 fór hann allur þar á land.



Þessir ávinningar Jökla í baráttunni um farm hafa á tímum dvínandi útflutnings SH til Bandaríkjanna skipt félagið verulegu máli. Það vekur líka athygli að í raun stríðir þessi árangur Jökla gegn straumi tímans. Hin mikla gámavæðing, sem orðið hefur í vöruflutningum Íslendinga á 9. og 10. áratug 20. aldar, hefði sem hægast getað skákað Hofsjökli út í kuldann. Strax um 1990 var veldi gámanna hér á landi orðið svo mikið að á fáum siglingaleiðum voru þeir jafnmikið notaðir og á leiðinni að og frá Íslandi. Þetta hefur ekki komið svo mikið að sök vegna flutninga Jökla fyrir SH þar sem freðfiskinum er hlaðið beint á bretti hér heima og ytra er hann keyrður á brettunum beint inn í risavaxna frystigeymslu Coldwater í Everett.

Það hefur hins vegar reynst erfiðara að eiga við aðra inn- og útflytjendur. Forráðamenn Jökla hafa brugðist við óskum þeirra með því meðal annars að laga Hofsjökul að gámaflutningum eins og framast hefur verið unnt en þrátt fyrir þær breytingar er skipið fyrst og fremst sniðið að flutningum á pöllum.

„Í raun fórum við gegn straumnum í markaðssetningu," rifjar Birgir Ómar upp. „Eimskip og Samskip höfðu uppi harðan áróður fyrir ágæti gámanna og viðskiptavinir okkar vildu gáma. Allt snerist um gáma. Þetta var mjög þreytandi fyrir okkur en við sönnuðum að það var hægt að flytja alla vöru með skipinu þó að það væri hannað fyrir frystiflutninga á brettum. Við fengum það vottfest frá tryggingafélagi Jökla, GARD, að tjón hjá okkur á varningi var umtalsvert fyrir neðan allar meðaltalstölur. Við urðum aldrei fyrir neinu stórtjóni og yfirleitt komst farmurinn heill í höfn."

Þannig reyndu forráðamenn Jökla að vega upp það sem skipinu var áfátt í gámaflutningum með því að leggja áherslu á aðra þætti. Umfram annað var það rík áhersla á vandaða meðferð brettavarnings og að halda áætlun sem gerði félaginu



Árið 1991 fluttist skrifstofa Jökla úr Aðalstræti 6 í Aðalstræti 8. Myndin er tekin við það tækifæri. Lengst til vinstri er Valdimar Óskarsson sölumaður, en hann tók við af Ágústu Jónsdóttur, þá Þórunn Erlendsdóttir í bókhaldinu, er átti að baki langan starfsferil hjá Jöklum, Birgir Ómar og Hildur Jónsdóttir sölumaður.

kleift að spjara sig á öld gámanna. Stærð og vélarkraftur Hofsjökuls veldur því að hann heldur auðveldlega 16 til 17 hnúta hraða á ólgandi Atlantshafinu og hefur skipið fyrir löngu afsannað þá fullyrðingu stjórnenda Eimskips að það hentaði ekki til Ameríkuflutninga. Þvert á móti hafa eigendur Jökla haft af því góðan arð nánast allar götur síðan samvinnunni við Eimskip var rift 1985. Þá hefur sókn stjórnenda Jökla eftir vöruinnflutningi frá Bandaríkjunum valdið því að hafnaraðstaða Coldwater í Everett í Massachusetts er orðin að alhliða vöruhöfn sem meðal annars Eimskipafélag Íslands hefur notast við allar götur síðan 1989 í harðri samkeppni við Jökla. Má nærri geta að þessi þróun hefur orðið Coldwater til mikilla hagsbóta.

Eitt er þó það sem valdið hefur forsvarsmönnum Jökla nokkrum áhyggjum, nefnilega aldur Hofsjökuls en hann var smíðaður í Japan árið 1973. Söluverð hans á markaði lækkar ár frá ári, viðhaldskostnaður verður meiri og eftirlitsmenn erlendis skoða eldri skip mun gaumgæfilegar en þau yngri „ . . . enda hefur reglugerðum fjölgað og umfangsmiklum skoðunum í erlendum höfnum. Félagið þarf því ávallt að fylgjast vel með reglugerðarbreytingum og tryggja að skipið uppfylli þær.“[83]

Bollaleggingar um endurnýjun Hofsjökuls hafa reglulega stungið upp kollinum í stjórn Jökla á undanförnum árum án þess þó að neitt frekar væri aðhafst. Lengst náðu þessar umræður 1993 þegar við sjálft lá að Jöklar keyptu Jökulfellið af Samskipum en að lokum fór svo að ekki náðist samkomulag við seljanda um kaupin.



Stjórnendur Jökla hafa brugðist við ört vaxandi gámaflutningi til og frá Íslandi og reynt að laga Hofsjökul að gámaflutningum að einhverju leyti; skipið verður þó alltaf fyrst og fremst sniðið að flutningum á brettum. Þegar brettin urðu alls ráðandi minnkaði flutningsgeta Hofsjökuls úr um það bil 3.100 tonnum niður í 2.700 tonn sem er um tólf hundruð tonnum meira en Eimskipafélagsmenn sögðu gerlegt. Hofsjökull hefur jafnan verið í siglingum á milli Íslands og Ameríku. Eitt sinn, árið 1989, fór hann þó til Murmansk og var þá með 4.055 tonna farm sem er það almesta sem skipið hefur flutt í einni ferð. Þegar Hofsjökull var leigður Eimskipafélaginu fór hann átta ferðir á ári, og kom oftast tómur heim. Eftir að Jöklar tóku að starfa upp á eigin spýtur og Birgir Ómar tók við fjölgaði ferðunum í tólf og mikil áhersla var lögð á að fá farm í skipið heim aftur. Myndin sýnir Hofsjökul á heimleið í janúar 1996, lestaðan ræsarörum frá Kanada. Ljósm: Ragnar Th. Sigurðsson.

„Þreifingar höfðu átt sér stað á milli Eimskips, Samskipa og Jökla um flutninga að og frá Ameríku. Enginn árangur varð af þeim. Svo var það einn góðan veðurdag að þeir höfðu samband og buðu okkur að kaupa Jökulfellið. Við settumst niður og byrjuðum að reikna en fengum aldrei sömu niðurstöðu og þeir um rekstur skipsins. Þrátt fyrir að skipið væri í bullandi verkefnum gátum við ekki séð að rekstur þess væri arðsamur miðað við þær tölur um farmgjöld og annað sem við höfðum. Það var líka ýmislegt í sögu skipsins er hræddi okkur. Það átti sér óglæsilega bilanasögu og hafði þó komið nýtt til landsins. Jökulfellið átti að vera svokallað fjölnotaskip en ég hafði reynslu af slíkum skipum frá Hafskip sem sagði mér að vissulega gætu þau allt, eða flest, en ekkert nægilega vel. Við ákváðum því að hafna boði Samskipa um kaup á Jökulfellinu og litlu síðar lásum við um það í Morgunblaðinu að tap Samskipa á Ameríkusiglingunum næmi tugum milljóna.“[84]

Í stað þess að kaupa nýtt skip hafa stjórnendur Jökla kappkostað að bæta þjónustu félagsins með því að taka að sér umboð fyrir ýmis erlend skipafélög. Árið 1990 tókst samvinna með Jöklum og sænska skipafélaginu Cool Carriers um flutning á frystum fiski til Japans sem varð upphaf þess að Jöklar gátu tekið að bjóða



Hofsjökull um 1980 fullestaður við bryggju í Everett. Eins og sjá má var aðstaðan, á fyrstu árum Coldwater í Everett, ekki bjóðandi stórum skipum.

viðskiptavinum sínum sjóflutninga í allar áttir frá Íslandi en ekki aðeins til Norður-Ameríku eins og verið hafði.

„Við vildum efla samkeppni um loðnuflutninga til Japans en fram að þessum tíma höfðu tvö japönsk skipafélög, Kiokuyo og Tayio, setið að þeim," segir Birgir Ómar. „Það var ástæðan fyrir því að við settum okkur í samband við Svíana en Cool Carriers er sænskt fyrirtæki, eitt hið stærsta á sviði frystiskipaútgerðar í heiminum, með um 70 skip í rekstri að jafnaði."

Árið 1992 tóku Jöklar að annast þjónustu fyrir Van Ommeren Shipping, sem ásamt Samskipum, var í ferðum fyrir bandaríska herinn á Íslandi. Skip félagsins, M. V. Strong Icelander, sigldi á milli Íslands og Norfolk „ . . . og bætir það samkeppnisstöðu Jökla að geta boðið flutninga frá þessu viðskiptalega mikilvæga svæði í Bandaríkjunum."[85]

Enn var haldið áfram á þessari braut og 1993 fengu stjórnendur Jökla í sínar hendur umboð fyrir Frigoscandia Food Services sem á fjölda frysti- og kælibifreiða og heldur uppi áætlunarferðum um þvera og endilanga Evrópu með kældar og frystar vörur. Sú þróun var þá hafin fyrir allnokkru að fiskkaupendur leyfðu sér að panta sífellt minna magn í einu, um leið og þeir gerðu meiri kröfur um að fá fiskinn afhentan sem næst húsdyrum sínum. Frystigámarnir auðvelduðu mjög slíka samninga. Þegar á aðalfundi SH 1984 sagði Gylfi Þór Magnússon um notagildi gámanna á þýska markaðinum. „Möguleikinn á smærri samningum og afgreiðslum sem svo mjög er óskað eftir hefur opnast fyrir alvöru [vegna tilkomu frystigámanna], – og við finnum glögglega fyrir hinni jákvæðu breytingu, auknum sölumöguleikum og betri samkeppnishæfni."

Þannig leiddu frystigámarnir til aukinnar sölu en þeim fylgdi líka helmingi meiri pappírsvinna en áður því að sölusamningunum fjölgaði um allan helming þar sem jafnan var samið um minna magn hverju sinni en áður. Það má því með sanni segja að gámavæðing kaupskipaflotans hefur smám saman verið að breyta SH úr stórsala í smásala, sérstaklega í Evrópu. Frigoscandia er eitt þeirra fyrirtækja, sem



Sem framkvæmdastjóri Jökla hefur Birgir Ómar snúist í ýmsu og sýnt á sér margar hliðar. Hér er skipaverkfræðingurinn kominn upp í honum í kanadískri skipasmíðastöð þar sem Hofsjökull var í slipp.

hefur gert þróun þessa mögulega, með því að bjóða nokkurs konar heimsendingu vörunnar til kaupandans.

„Framtíðarsýn mín er að SH leiti í auknum mæli til fyrirtækja eins og Frigoscandia um dreifingu afurða sinna innan Evrópu," segir Birgir Ómar. „Þannig má komast enn lengra inn á markaðinn og hugsanlega fá hærra verð fyrir afurðina er myndi vega á móti meiri tilkostnaði."

Með þessum samningum við hin erlendu flutningafélög hafa stjórnendur Jökla blandað sér í slaginn um Evrópusiglingar án þess að eiga annað skip en Hofsjökul sem eingöngu siglir á milli Íslands og Norður-Ameríku. Einnig hafa stjórnendur Jökla lagt starfsbræðrum sínum hjá SH lið við að ná hagstæðum samningum við erlend skipafyrirtæki, fyrst 1993 þegar samið var við japanskar útgerðir en þeir samningar „ . . . áttu umtalsverðan þátt í að afskipanir loðnuafurða gengu samkvæmt áætlunum og þörfum útflytjenda."[86] Mikilvægi þessara samninga áttu enn eftir að aukast og bæði 1995 og '96 höfðu þeir mikið að segja um velgengni loðnuútflutnings Sölumiðstöðvarinnar, og þó einkum frystihúsa hennar á Austurlandi.


Tildrögin að slíkri samningavinnu sem hér um ræðir voru þau, að sögn Birgis Ómars, að umboðsmönnum Eimskipafélagsins í Evrópu hafði gengið illa að útvega gáma. „Við fórum þá að kynna okkur málin. Við höfðum áhuga á því að auka samkeppni um flutningana til Austurlanda fjær. Viðskipti SH við Asíu voru í örum vexti og því mikilvægt að ná eins hagstæðum samingum um flutningana og hægt var. Eimskip var fyrst og fremst í gámaflutningum og bauð ekki upp á frystiskip en félagið hafði og hefur forgang að öllum gámaflutningum SH til Evrópu."[87]

Niðurstaða þessara athugana Jöklamanna leiddi til þess að fiskflutningarnir til Asíu hafa síðan verið boðnir út og er þá aðallega rætt um loðnu, loðnuhrogn, síld og úthafskarfa. Jöklamenn hafa tekið ríkan þátt í þessum samningum, bæði sem ráðgjafar og beinir viðsemjendur fyrir hönd SH. Það sama hefur átt sér stað í samningum við Eimskipafélagið. Þar lögðu Jöklamenn drjúgt til mála enda hæg




Haraldur Páll Þórðarson og Birgir Ómar fagna sjötugsafmæli hins fyrrnefnda. Haraldur átti langan starfsaldur að baki, fyrst hjá Jöklum og síðan sem afskipunarstjóri hjá SH. Það var ekki síst vegna dugnaðar hans að flugfisksendingarnar stóru til Coldwater á fyrri hluta níunda áratugarins gengu jafnvel og raun varð á. Seinustu árin var Haraldur lestunarmaður um borð í Hofsjökli. „Þrátt fyrir töluverðan aldursmun áttum við einkar gott samstarf," rifjar Birgir Ómar upp. „Við tókumst vissulega á en alltaf í góðu." Það má segja að Jöklar og SH væru nánast lífið sjálft fyrir Haraldi, hann þekkti félögin út og inn og vann þeim eins og kraftarnir leyfðu, sem voru miklir. Það var dæmigert fyrir starfsferil Haralds að þegar hann hné niður á þilfari Hofsjökuls og vaknaði ekki aftur til þessa lífs var skipið að koma úr siglingu af ströndinni með 2.950 tonn af saltfiski og freðnum fiski á brettum. „Við höfum aldrei, hvorki fyrr né síðar, náð að stafla slíku magni af brettavöru í skipið og Haraldi tókst í þessari seinustu ferð sinni," segir Birgir Ómar.

heimatökin fyrir þá að bera saman hverju sinni alla kosti gáma- og frystiskipa, auk þess sem þeir sneru sér að því í ríkari mæli en áður að athuga dreifingarmöguleika SH í Evrópu. Þetta þýddi aðeins eitt, enn harðnandi samkeppni við Eimskipafélagið sem hafði að mestu séð um þessa flutninga. En þrátt fyrir oft á tíðum nokkurn reipdrátt milli Jökla og Eimskipafélag Íslands hefur iðulega tekist góð samvinna á milli félaganna um einstök mál og er þar skemmst að minnast fjárfestingar þeirra í Slippstöðinni á Akureyri. „Ég held," segir Birgir Ómar, „að fá íslensk félög hafi kunnað eins vel og við [það er Jöklar og Eimskipafélagið] að eiga í öflugri samkeppni en um leið að eiga gott samstarf um aðra hluti."




Helgi Magnússon, stýrimaður og afleysingarskipstjóri á Hofsjökli. Að baki honum er verið að festa niður frystigáma á dekkinu. Frystigámarnir opnuðu nýja möguleika til sölu á frosnum fiski eins og Gylfi Þór gerði að umræðuefni 1984; jafnt til Evrópu sem Asíu.


Lífið um borð í Hofsjökli



Skúrað og skrúbbað. Hinrik Þráinsson spúlar þilfarið. Herbert Ármannsson er uppi á spilpallinum og teygir sig í átt til Hinriks. Gunnar Laxdal er á skrúbbnum.




Timbur lestað í Halifax.



Stund milli stríða. Aftur á eru frá vinstri; Herbert Ármannsson (nær í mynd), Þorgrímur Ólafsson, Hinrik Þráinsson sitjandi og Eggert Oddur Birgisson með hártagl. Fimmti félaginn, sá sem ekki er í vinnugalla, er óþekktur.




Málað á brúarvængnum í veðurblíðu. Guðbjörn Ólafsson situr á kassanum en Guðmundur Valdimarsson málar upp fyrir sig.



Setið við loftskeytatækin. Bjarni Sigurðsson var í fjöldamörg ár loftskeytamaður hjá Jöklum, meðal annars á gamla Drangajökli þegar hann sökk út af Skotlandsströndum. Bjarni andaðist um borð í Hofsjökli.



Legið í sólbaði. Bjarni Sveinsson stýrimaður lætur fara vel um sig á meðan beðið er eftir bryggjuplássi í höfninni í Boston.




Staðið í klakahöggi.




Norður-Atlantshafið er með erfiðari siglingaleiðum í heiminum og stundum gefur á.



Horft yfir Everett um leið og loftnetsmastrið er skrapað og málað.



Einar Friðfinnsson er brytinn um borð og á lengstan starfsaldur allra hjá Jöklum. Á myndinni sem tekin var af áhöfn Vatnajökuls í Chicago 1950 er Einar að finna, þá kallaður „þjónn yfirmanna“ (sjá bls. 360 og 421).



Hofsjökull í flotkví Slippsins á Akureyri. Í mars 1995 keyptu Jöklar hlut í Slippnum og eiga nú einn fjórða í fyrirtækinu en Burðarás hf., Málning hf. og Marel hf. eiga 1/4 hvert. Jöklar hafa fjárfest í fleiri fyrirtækjum, svo sem Skildi á Sauðárkróki, Kambi á Flateyri og Skagstrendingi. Ljósm: Golli.

Niðurlag: Hofsjökull seldur


Á undanförnum árum hefur stjórn Jökla orðið tíðrætt um framtíð félagsins. Kostirnir hafa verið tveir; að endurnýja skipið eða hætta kaupsiglingum. Vitað var að Eimskipafélag Íslands hafði áhuga á að taka að sér alla flutninga Sölumiðstöðvarinnar til Bandaríkjanna og enn fremur að innan raða SH-manna var takmarkaður áhugi fyrir því að halda kaupskipaútgerðinni áfram. Þetta er angi af þeirri stefnu sem á undanförnum mánuðum og árum hefur látið æ meira til sín taka innan þessara stærstu fisksölusamtaka Íslendinga. „Við eigum að leggja rækt við það sem við gerum best," segja menn þar á bæ, „en láta öðrum eftir aðra starfsemi."

Þetta er í raun andhverfa hugmynda frumkvöðlanna en mjög í anda þeirra sem gagnrýndu Sölumiðstöðina hvað hæst á öndverðum 7. áratugnum fyrir það sem þeir kölluðu „tilburði til hringamyndunar." Þessi nýja stefna eigenda SH hefur opinberast almenningi í sölu Umbúðamiðstöðvarinnar til Odda, sölu hlutabréfa SH í Plastprenti og nú seinast í sölu Hofsjökuls til Eimskipafélags Íslands er átti sér stað 7. janúar 1997.

Það var stjórn SH sem tók ákvörðun um skipssöluna enda félagið nánast 100% í eigu Sölumiðstöðvarinnar. Stefnumótun fyrir Jökla hefur því alltaf á endanum hlotið að lúta markmiðum eiganda síns. Þegar félagið fékk mjög hagstætt tilboð



Áhöfn Hofsjökuls 1991 en hún tók litlum breytingum í áranna rás.



1 Ragnar Guðmundsson 2. vélstjóri; 2 Þorgrímur Ólafsson háseti; 3 Guðbjörn Ólafsson háseti; 4 Guðmundur Guðmundsson háseti; 5 Þorgeir Hjartarson; 6 Þorgrímur Jónsson yfirvélstjóri; 7 Geir Sigurjónsson 3. vélstjóri; 8 Gunnar Laxdal háseti; 9 Hrafnhildur Björnsdóttir loftskeytamaður; 10 Gunnar Kristinsson 3. stýrimaður; 11 Ingimar Kristinsson 2. stýrimaður; 12 óþekktur; 13 óþekktur; 14 Sigþór Rafnsson; 15 Einar Friðfinnsson bryti; 16 Kristinn Skúlason bátsmaður; 17 Helgi Magnússon; 18 Helgi Guðjónsson; 19 Dagnýr Marinósson 1. vélstjóri.

frá Eimskipafélaginu í bæði Ameríkuflutningana og skipið var ákveðið að láta slag standa og selja.

„Þetta var á margan hátt yfirveguð og vel grunduð ákvörðun," segir Birgir Ómar, fráfarandi framkvæmdastjóri Jökla. „Hofsjökull er orðinn gamall og viðhaldskostnaður hefur verið að aukast jafnt og þétt. Bráðlega hefðu menn byrjað að ganga á sjóði félagsins til að halda skipinu úti. Í annan stað hefur samkeppni verið að aukast mikið, dregið hefur úr flutningum Jökla fyrir SH og SÍF nánast dottið út sem viðskiptavinur fyrirtækisins. Það hefði því orðið erfitt að finna nýju skipi rekstrargrundvöll."


Það var svo eins og punkturinn yfir i-ið að Birgir Ómar ákvað síðla árs 1996 að skipta um starfsvettvang. Á aðalfundi Jökla í desember 1996 var eftirfarandi bókað:


„Jón Ingvarsson færði Birgi Ómari Haraldssyni sérstakar þakkir stjórnar SH fyrir frábær störf fyrir Jökla hf. og SH á liðnum árum og flutti honum árnaðaróskir um velfarnað í nýju starfi. Friðrik Pálsson þakkaði fráfarandi framkvæmdastjóra mjög vel unnin störf fyrir hönd félagsins. Konráð Jakobsson þakkaði Birgi Ómari vel unnin störf fyrir hönd hinna hluthafanna og þakkaði einstaklega ánægjuleg persónuleg kynni."

Af Jöklum er það hins vegar að segja að fyrirtækinu hefur verið breytt í fjárfestingarfélag SH og mun það lifa áfram um ókomna framtíð – þrátt fyrir að það sé ekki lengur í kaupskipaútgerð.

Hinn 26. janúar 1997 var Hofsjökull afhentur Eimskipafélagi Íslands. Skipið var þann sama dag tekið upp í flotkvína á Akureyri og sýna myndirnar hvar nafnaskiptin eiga sér stað. Búið er að mála nýtt nafn, Stuðlafoss, á kinnunginn og Hofsjökuls-nafnið er í þann veginn að hverfa af skut skipsins. Enn má sjá merki SH á brúnni en það var málað þar í tilefni 50 ára afmælis Sölumiðstöðvarinnar árið 1992. Ljósm: Ljósmyndastofa Norðurlands.







Ljósar öskjur settar í bylgjupappakassa en pappakassarnir tóku við af trékössunum, sem ytri umbúðir, þegar SH tók að leita leiða til að spara fyrir eigendur sína.

Umbúðamiðstöðin stofnuð

Pergament og öskjur

Í árdaga SH gerðu menn sér ekki mikla rellu út af umbúðum, þurftu þess heldur ekki. Sjö pund af flökum voru vafin í pergamentblöð, öðru nafni smjörpappír, fryst og flutt út til Englands í trékössum.

Haustið 1942 var farið að kreppa alvarlega að mörgum frystihúsum, kaupgjald og aðföng höfðu hækkað langt umfram það sem húsin réðu við og stjórnendur þeirra leituðu með logandi ljósi að sparnaðarleiðum. Þá kom upp sú hugmynd að fara því á flot við enska kaupandann hvort ekki mætti leggja af trékassana og taka upp pappakassa sem voru miklu ódýrari. Það varð eitt fyrsta verkefni hinna nýju samtaka frystihúsanna að annast þessa umleitun sem lyktaði með því að um áramótin 1942-'43 festi stjórn SH kaup á tuttugu og fimm þúsund pappakössum. Tími trékassanna var þó ekki alveg liðinn, þeir voru notaðir eitthvað áfram, til dæmis undir stórlúðu.

Þessi arftaki trékassanna, bylgjupappakassinn, hefur haldið velli allt fram á þennan dag. Hið enska vigtarkerfi lagði í upphafi grunninn að pakkningunum. Enskir vigtuðu alla léttavöru upp á „stone", pund (lb) og únsur (oz) þannig að 16 únsur voru í pundinu en 14 pund í einu „stone". Í hvern bylgjupappakassa voru settir átta pakkar, samtals fjögur „stone", eða 7 pund hver.[1] Svona og ekki öðruvísi vildu Bretarnir hafa þetta en á árum Hitlers og seinna stríðs, þegar SH var í frumbernsku, keyptu þeir allan fisk samtakanna.

Þrátt fyrir að þessi sjö punda pakkning ætti margsinnis eftir að senda kuldaskjálfta niður hrygglengju langskólagenginna markaðsfræðinga hefur engin pakkning til þessa, nema vera skyldi bandaríska 5 punda askjan, orðið lífseigari hjá SH.




Á fremsta borði eru karfaflök vafin í sellófan og pakkað í öskjur fyrir Ameríkumarkað.

Pergamentið stóðst allar atlögur markaðsfræðinnar en féll loks í valinn þegar Sovétríkin splundruðust (eða umhverfðust í Samveldi sjálfstæðra ríkja eins og það hét) árið 1991. Þau voru þá orðin eina ríkið í heiminum er keypti fiskflök af SH innpökkuð í smjörpappír.

Sjö punda pakkningin hafði þá fyrir löngu fengið heitið Rússapakkning í herbúðum Sölumiðstöðvarinnar og stóðu yngri menn þar á bæ í þeirri trú að hún væri sérhönnuð fyrir Rússa. Ungu áköfu sölumennirnir veltu þó stundum vöngum yfir því af hverju Rússum þóknaðist að nota pund í þessu tilviki en ekki kílógrömm sem var þó lenska hjá þeim. Sem von var náði minni þeirra ekki aftur til seinna stríðs þegar kröfur Englendinga lögðu grunninn að sjö punda smjörpappírspakkningunni. Þeim hafði heldur ekki verið sagt frá bollaleggingum forvera sinna um að breyta pundunum í kíló, eins og eðlilegt mátti teljast í „kíló-talandi-landi," eða hvernig Árni Finnbjörnsson var vanur að kveða þessa umræðu í kútinn. Þeir eru svo tortryggnir Rússarnir, sagði hann, að uppástunga um að hætta pundstalinu verður að koma frá þeim sjálfum, annars má guð vita hvað þeim dettur í hug.

Þannig héldu Rússarnir áfram að kaupa fiskflök, vafin í smjörpappír, löngu eftir að nábúar þeirra í Evrópu voru búnir að missa allan áhuga á smjörpappírnum. Það var þó ekki fyrr en á 7. áratugnum að sjálfir upphafsmenn Rússapakkningarinnar, Englendingar, hættu að kaupa hana. Sannleikurinn er sá að því fór fjarri að umbúðir um hraðfrystan fisk frá Íslandi tækju einhverjum stökkbreytingum þegar stríðinu lauk. Allan 5. og 6. áratuginn settu pergamentblaðið og sjö pundin mestan svip á útflutning SH til Evrópu. Frystihúsin héldu dauðahaldi í gamla tímann,



Þunnildi og beingarður skorin úr flakinu, sem á greinilega að fara á Bandaríkjamarkað. Fjölmargir frystihúsamenn töldu sig bera meira úr býtum með því að sleppa þessu nostri og pakka flökunum í 7 punda pakkningar handa Rússum. Það var líka á það að líta að þegar mikill afli barst að landi höfðu frystihúsin hreinlega ekki undan að verka fiskinn eins og Coldwater vildi fá hann.

það gekk vel með smjörpappírinn, pakkningin var stór og fljótlegt að vinna hana. En nýi tíminn varð ekki umflúinn. Hin áleitna og háværa markaðsmenning bandaríska sölumannsins var óðum að skáka hinum snobbaða og eilítið værukæra Evrópubúa til hliðar. Hismið og kjarninn, umbúðir og innihald, voru að renna saman í eitt. Það sem máli skipti var að fanga athygli væntanlegs kaupanda, gera hann agndofa af hrifningu og fúsan til að draga upp budduna. Og þá skiptu umbúðirnar ekki minna máli en sjálf varan.

Þetta hafði Jón Gunnarsson lært á Coldwater-árum sínum í Bandaríkjunum og heimtað að allur fiskur, er kæmi vestur um haf, væri vafinn í sellófan og innpakkaður í litlar öskjur. Hann hafði látið teikna álitsfagrar öskjur og ný vörumerki, ekki þó alltaf við mikla hrifningu íslenskra frystihúsamanna. Þeir töldu sig hafa lært það af reynslunni að hagkvæmara væri að vefja fiskinn inn í smjörpappír og frysta í 7 punda pakkningum.

Á aðalfundi SH 1948 hafði komið til tals að pakka eingöngu í litlar öskjur. Þá var komið á daginn að Hollendingar, Tékkar og Ítalir vildu gjarnan kaupa fiskinn í öskjum og jafnvel Bretar virtust á góðri leið með að verða afhuga sjö punda pakkningunni og pergamentinu. Magnús Guðbjartsson frá Vestamannaeyjum hafði hins vegar talið úr mönnum og sagt öskjupökkun útheimta svo mikið vinnuafl að það væri hreinlega ekki fáanlegt, að minnsta kosti ekki á suðvesturlandi. Þá var bent á kostnaðinn er yrði þessu samfara án þess þó að nokkur von væri til þess að meira hefðist upp úr litlu öskjunum en sjö pundunum. Það var líka mál manna að í miklum aflahrotum hefðu frystihúsin hreinlega ekki undan að verka í minni pakkningar en sjö pund.

Frystihúsamenn sáu því alla meinbugi á því að leggja niður sjö pundin á meðan þau gáfu svipað eða jafnvel betur af sér en minni pakkningarnar. Og tjóaði lítt fyrir Jón Gunnarsson og Magnús Z. Sigurðsson að mæla með öðru. Enda þótt þeir væru ekki sammála um margt, þessir tveir, kom þeim þó saman um að sjö punda

pakkningin væri afskaplega óheppileg handa húsmæðrum, hún væri of stór. „Þessar umbúðir ættu hvergi að vera á markaðnum sem neytendaumbúðir, en hins vegar má nota þær til sölu til veitingahúsa“, sagði Magnús Z. og bætti við: „Ég vil biðja frystihúsamenn að taka eftir því, að ekkert land býður kaupendum sínum upp á jafnslæmar, óþægilegar og ljótar umbúðir eins og Ísland gerir.“[2]

Þrátt fyrir þessi frýjuorð sátu fjölmargir frystihúsaeigendur fastir við sinn keip. Þeir töldu sig einfaldlega bera meira úr býtum með því að flaka fiskinn í sjö punda pergament-pakkningar og selja til Evrópu fremur en að tína úr flökunum öll bein, vefja í sellófan og pakka í litlar öskjur og senda til Bandaríkjanna.[3]

Á aðalfundi SH 1955, greip Jón tækifærið, þá nýráðinn framkvæmdastjóri samtakanna, og gagnrýndi stjórn Sölumiðstöðvarinnar fyrir sofandahátt. Umbúðirnar fyrir Evrópumarkað væru mjög á eftir tímanum og ekki væri hægt að tala um neina þróun í því sambandi.

„Fyrstu umbúðir S.H., eða pergamentblaðið, hafa lítið sem ekkert breytzt síðan samtökin voru stofnuð og er þá mikið sagt“, dæsti Jón hneykslaður. Og hann hófst þegar handa um að ráða bót á þessu og von bráðar voru pergamentblöðin orðin tvílit. Ekki kunnu allir að meta þessa nýbreytni. Var hún kölluð bruðl og sögð hreinn óþarfi, pergamentblaðið væri aðeins til varnar fiskblokkinni en ekki til að gera hana seljanlegri. Auk þess væru til dæmis Rússar þannig innréttaðir, fullyrtu sumir, að þeir vildu ekkert síður fá blokkirnar berar.[4]

En Jón var ekki vanur að láta sinn hlut og smám saman tók að gæta meiri fjölbreytni í fiskumbúðum Sölumiðstöðvarinnar. Smáar neytendapakkningar tóku að ryðja sér til rúms sem varð eingöngu fyrir frumkvæði hins nýja framkvæmdastjóra. Eins punds öskjur handa Tékkum og hálfs punds öskjur fyrir sænskan og hollenskan markað skutu upp kollinum, að sjálfsögðu með áprentuðum texta á máli heimamanna.

Um áramótin 1956/'57 tóku ytri kassarnir miklum stakkaskiptum, aukin áhersla var lögð á hreinleika þeirra og að merkja þá með mislitum límmiðum eftir innihaldi. Um leið hurfu ótal stimpilmerki úr sögunni sem áður höfðu sett svip á allar fisksendingar frá SH, hvort sem þær voru ætlaðar gamla heiminum eða hinum nýja vestan hafsins.

Aukin fjölbreytni í umbúðum og sífellt vaxandi útflutningur SH færði kassagerðum og prentsmiðjum heima og erlendis mikil verkefni. Þáttaskilin urðu 1956. Fram til þess tíma hafði straumurinn fyrst og fremst staðið með bylgjupappakössum og pergamentpappír og eftirspurnin eftir þessum vörum farið jafnt og þétt vaxandi vegna aukinna umsvifa SH. En 1956 var tekið til við að pakka síld og fiskblokkum í öskjur en fram að því hafði öskjunotkun frystihúsanna verið mjög svipuð frá ári til árs. Þetta gjörbreyttist nú á skömmum tíma og frá 1956 til 1959 fjórfaldaðist öskjuframleiðsla íslenskra framleiðenda „ . . . en áætlaður innflutningur vor [SH] af öskjum í ár er meiri en öll framleiðsla á innlendum öskjum var árið 1955 og fyrir þann tíma.“[5]

Á Íslandi var það aðallega Kassagerð Reykjavíkur sem sá um að uppfylla þarfir hraðfrystihúsanna fyrir pappaumbúðir. Fyrirtækið hafði verið stofnað 1932 af þeim Kristjáni Jóhanni Kristjánssyni og Vilhjálmi Bjarnasyni. Fyrstu árin framleiddu þeir eingöngu trékassa undir ísaðan fisk en skömmu síðar hafði útflutningur freðfisks hafist að einhverju ráði og þá óx trékassaframleiðslan töluvert en mestur hluti vinnunnar fór fram úti undir beru lofti á planinu bak við verslun Ellingsens.[6]

Þeir félagarnir Kristján Jóhann og Vilhjálmur stóðu vel að uppbyggingu fyrir-

tækisins og hafði Sölumiðstöðin lítið undan viðskiptunum við þá að kvarta. Það var helst að agnúast væri út í að þeir geymdu aldrei sjálfir umbúðirnar sem Sölumiðstöðin var að kaupa af þeim. Þess í stað neyddist SH til að leigja vöruskemmur úti um allan bæ til að geyma í öskjur og pappakassa, oftsinnis gegn okurgjaldi.[7]

Engu að síður gátu frumkvöðlar SH ekki fyllilega á heilum sér tekið á meðan þeir voru ekki sjálfum sér nógir um kassagerð. Það var líkt og kaldhamrað í menn eins og Einar Sigurðsson, Ólaf Þórðarson og Elías Þorsteinsson að SH ætti ekki að vera neinum háð um neitt það er gat skipt sköpum fyrir félagið. Af þessari ástæðu var strax á öndverðu ári 1945 farið að ræða á stjórnarfundum SH um kaup á vélum til kassagerðar. Og alltaf blossaði þessi umræða upp með vexti og slotum. Einar vakti hana upp í formannstíð sinni 1945 til '47 og á aðalfundi SH 1954 var samþykkt án umræðna og mótatkvæðalaust tillaga um að heimila stjórninni „ . . . að hefja undirbúning að framleiðslu eigin umbúða, annaðhvort í félagi við aðra eða á eigin spýtur."

Þremur árum síðar, á aðalfundi SH 1957, bar þetta mál enn á góma. Menn voru þá orðnir langþreyttir á háum leigugreiðslum vegna geymslupláss út um allan bæ og vildu ráðast í að kaupa eða byggja birgðageymslu er myndi fullnægja þörfum félagsins. Komu þá upp raddir er hvöttu til þess að birgðageymslan yrði höfð svo stór að þar mætti koma við kassaframleiðslu. Fjárhagsnefnd var falið að kanna til hvaða ráða væri heppilegast að grípa og komst hún að þeirri niðurstöðu að viðskipti SH við Kassagerðina hefðu verið félaginu svo hagstæð að ekki væri ástæða fyrir Sölumiðstöðina að efna í eigin kassagerð. Finnbogi Guðmundsson, sem hafði orð fyrir nefndarmönnum, sagði þó sjálfsagt að hafa þetta í huga síðar.

Ákvörðun tekin

Þessi óljósa framtíð sem Finnbogi hafði vísað til breyttist skyndilega og öllum að óvörum í nútíð á aðalfundi SH í júní 1963. Rekstur frystihúsanna hafði gengið bölvanlega enda fiskverð stórhækkað seinni hluta árs 1962 án þess að samsvarandi hækkanir yrðu á erlendum mörkuðum. Mikill órói var á vinnumarkaði. Almenn verkamannalaun höfðu stigið um 5% í ársbyrjun og allur almenningur var á höttunum eftir fleiri krónum í launaumslagið.

Þeir voru því ansi viðkvæmir fyrir öllu er laut að kostnaðarauka, gestirnir sem söfnuðust saman í húsi Slysavarnarfélags Íslands við Grandagarð í Reykjavík þessa þrjá júnídaga sem aðalfundurinn stóð. Ekkert í dagskrá fundarins benti til þess fyrirfram að ræða ætti um Kassagerð Reykjavíkur eða hvort Sölumiðstöðin ætti sjálf að annast þá vinnu sem hún hafði til þessa keypt af Kassagerðinni. Áður en fundinum lauk hafði þó umræðan beinst inn á þessar brautir, meira fyrir tilviljun en fastan ásetning fundargesta.

Eyjólfur Ísfeld hafði verið að útskýra góðvilja bankastjóra Landsbankans í garð SH, þeir hefðu meðal annars fallist á að hækka yfirdráttarlán Sölumiðstöðvarinnar „vegna umbúða". Við þessi orð framkvæmdastjórans valt boltinn af stað og varð ekki stöðvaður.

Tryggvi Ófeigsson reis úr sæti sínu og vildi fá að vita hversu miklum fjármunum SH hefði varið til umbúðakaupa á liðnu ári.

Fjörtíu og þremur milljónum og sex hundruð þúsund, svaraði Eyjólfur. Þar af væru innlend vörukaup fyrir 29,2 milljónir en af þeim hefðu rúmar 25,3 milljónir farið til Kassagerðarinnar. Þessi innkaup af Kassagerðinni hækkuðu í 40 milljónir árið 1963 og var SH þá kaupandi að helmingi allrar framleiðslu fyrirtækisins.



Tryggvi Ófeigsson undirstrikar orð sín með því að veifa gleraugum. Hann vildi fá að vita hversu miklum fjármunum SH hafði varið til umbúðakaupa.

Þá vildi Tryggvi fá að vita hvort tilboða hefði verið leitað innanlands sem utan í þessar umbúðir.

Einar G. Kvaran, framkvæmdastjóri framleiðslu- og framleiðnimála, kvað svo vera; tilboðin í ytri umbúðirnar, bylgjukassana utan um öskjurnar, hefðu komið frá Norðurlöndunum, Þýskalandi og Englandi en aðeins eitt þeirra verið samkeppnisfært við Kassagerðina. Sömuleiðis hefði verið leitað tilboða í öskjurnar en hænguri nn þar væri sá að tæki til að framleiða samskonar öskjur og SH vildi, hina svokölluðu Marathon-tegund sem væru brotnar í vélum og upplímdar, fyrirfyndust yfirleitt ekki í evrópskum verksmiðjum. „Það hafa ugglaust flestir ykkar séð umbúðir, sem evrópskir keppinautar ykkar nota," sagði Einar, „það eru yfirleitt t. d. eins punds öskjurnar, þetta eru áprentuð spjöld, sem eru síðan handbrotin á sama máta eins og við notuðum hér fyrir svona tíu fimmtán árum síðan."

Þrátt fyrir þetta mismunandi vinnulag kvaðst Einar hafa leitað tilboða erlendis frá og það komið á daginn að Kassagerðin byði einfaldlega best. „Við getum gert okkur að nokkru leyti grein fyrir því, í hverju þetta getur legið", útskýrði Einar fyrir fundarmönnum. „Kassagerðin hefur hér á Íslandi náttúrulega algjöra sérstöðu, þeir framleiða fyrir okkur eftir samningi, eftir pöntun, sem þeir hafa fyrirfram, magnið sem við kaupum og Sambandið, sem er með sams konar umbúðir, er svo mikið, að það fullnægir, að langmestu leyti, framleiðslugetu verksmiðjunnar á árinu."

Til að undirstrika enn frekar hagræði þessa fyrirkomulags fyrir Kassagerðina lýsti Einar heimsókn sinni í breska öskjuverksmiðju. Þar hefðu starfað um 750 manns en af þeim hefðu 175 eingöngu fengist við að selja vöruna og „ . . . að veita þá þjónustu, sem er í því fólgin að hjálpa mönnum til að búa til etikettur eða áletranir og ýmislegt, sem þeir verða að gera og reikna með í framleiðslukostnaði sinnar vöru. . . . Allt þetta sleppur Kassagerðin við, vegna þess að framleiðsla verksmiðjunnar er að langmestu leyti sjálfseld fyrirfram."

Nú hefði mátt ætla að fundargestir létu þetta gott heita, framkvæmdastjórinn



Einar G. Kvaran í ræðustóli. Þá Jón Árnason fundarstjóri, Elías Þorsteinsson, stjórnarformaður SH, og Benedikt Guðmundsson fundarritari. Myndin er tekin á aðalfundi SH í Slysavarnarhúsinu snemma á 7. áratugnum.

var búinn að lýsa þeirri eindregnu skoðun sinni að kaupin á eyrinni gerðust ekki betri en hjá Kassagerð Reykjavíkur. Í ofanálag mátti gera ráð fyrir því að Landsbankinn liti það hornauga ef Sölumiðstöðin gripi til sjóða sinna í því skyni að stofna til öskjugerðar á sama tíma og hún var sífellt að þrýsta á um meiri lán til að geta borgað fiskinn jafnóðum til framleiðenda. Einar Sigurðsson og Sigurður Ágústsson urðu báðir til að vekja máls á þessu og drógu þeir heldur úr því að menn gerðu sér einhverjar grillur um að SH yrði sér úti um kassaverksmiðju. Það væri einfaldlega ekki raunhæft á meðan frystihúsin berðust í bökkum.

Einar vildi þó að nafni hans upplýsti fundargesti um gróða Kassagerðarinnar af þeirri miklu hækkun sem hún hafði krafist og fengið fyrir vöru sína haustið á undan. Þetta var viðkvæmt mál og greinilegt að það þyngdi mjög í fundargestum þegar Einar G. tjáði þeim að hækkunin hefði skilað Kassagerðinni einni og hálfri til tveimur milljónum umfram það sem hún hefði vissulega átt rétt á vegna launahækkana á árinu og aukins flutningskostnaðar pappans að utan.

Hvers vegna var ekki hægt að stemma stigu við þessu, vildu frystihúsamennirnir fá að vita.

Þeir í Kassagerðinni höfðu tögl og haldir, var svar Einars. Sölumiðstöðin þarfnaðist sárlega umbúðanna og gat ekki fengið þær ódýrari annars staðar frá.

Í umræðunum um verðhækkunina hafði eigandi Kassagerðarinnar, Kristján Jóhann, vísað óspart til hinnar miklu endurnýjunar er staðið hafði yfir hjá Kassagerðinni síðastliðin tvö til þrjú ár. Fyrirtækið hafði verið flutt úr Skúlagötu í mikla nýbyggingu við Kleppsveg og hafði nánast verið endurbyggt, svo mikil voru umskiptin í tækjum og aðbúnaði frá því sem verið hafði í Skúlagötunni. Fastakostnaðurinn hlaut því óhjákvæmilega að hækka frá því sem verið hafði í eldri verksmiðjunni sem var orðin 25 ára gömul voru röksemdir Kristjáns Jóhanns.

SH-menn litu þetta öðrum augum. Hækkunin var óréttlát og engu líkara en að Sölumiðstöðin væri að hlaða undir ört vaxandi einokunarfyrirtæki er myndi í framtíðinni kúga viðskiptavini sína til að greiða það verð sem henni þóknaðist eða eins og Albert Sanders orðaði það á aðalfundinum: „ . . . það liggur alveg ljóst fyrir, að Kassagerðin er að verða það stórveldi hér í landi, að þeir fara að skammta verðið til okkar þá og þegar, og eru þegar byrjaðir á því."

Albert var ekki einn um að hafa áhyggjur af þessari þróun sem opinberaðist best í því að fundurinn samþykkti með tíu atkvæðum gegn tveimur tillögu hans um að fela stjórninni að kanna hagkvæmni þess að stofna umbúðaverksmiðju.

Í kjölfarið var verkfræðingurinn Loftur Loftsson fenginn til að athuga arðsemi fyrirhugaðrar öskjugerðar. Niðurstaða hans var afdráttarlaus; frystihúsin gætu hagnast verulega á slíkri verksmiðju.

Það var meðal annars til að ræða þessa skoðun verkfræðingsins að stjórn SH kom saman laust eftir hádegi mánudaginn 20. janúar 1964. Enginn fundarmanna hreyfði andmælum gegn skýrslunni. Að vísu dró Sigurður Ágústsson í efa að þetta væri rétti tíminn fyrir frystihúsin að ráðast í öskjugerð og hafði uppi sama rökstuðning og á aðalfundinum árið áður. Einar Sigurðsson, Guðfinnur Einarsson, Ingvar Vilhjálmsson og Rafn Pétursson gerðu allir harða hríð að Sigurði og vildu láta verkin tala, kaupa vélar og hefja öskjugerð. Gísli Konráðsson var á sama máli en vildi að SH ætti verksmiðjuna eða að minnsta kosti yfirgnæfandi meirihluta hlutafjár ef lagt yrði út á þá braut að stofna hlutafélag um fyrirtækið.

Tillaga Gísla fékk ekki hljómgrunn sem kom þó ekki í veg fyrir að stjórnarmenn slægju skjaldborg um öskjugerðina. Með öllum greiddum atkvæðum samþykktu þeir heimild til að „ . . . ráðstafa allt að 5 milljónum af sjóðseignum, sem hlutafjárframlag félagsmanna til stofnunar öskjugerðar.

Framlag hvers félagsmanns er háð samþykki hans, en hámark miðist við hlutfallslega sjóðseign, eins og hún verður í árslok 1963."

Fjandinn verður laus

Vissulega renndi stjórnarmenn SH grun í að samþykkt þeirra um öskjugerð myndi ekki vekja mikla hrifningu í þjóðfélaginu en þá óraði ekki fyrir fárinu sem þeir voru að kalla yfir sig. Fyrsti vísirinn að því sem koma skyldi birtist á síðum Þjóðviljans þann 11. febrúar 1964. Greinarhöfundur gagnrýndi Sölumiðstöðina fyrir að ætla að eyða gjaldeyri og vinnuorku í stofnun fyrirtækis er engin þörf væri fyrir út frá „þjóðhaglegu sjónarmiði" og kvað nóg komið „af vitleysunni."

Þetta voru tiltölulega hógværar athugasemdir í samanburði við þá háværu gagnrýni er SH mátti sæta í kjölfarið. Næstu sex vikurnar birtust á milli tuttugu og þrjátíu greinar í dagblöðunum þar sem iðulega var sneitt harkalega að stjórn SH fyrir að vilja stuðla að stofnun öskjuverksmiðju. Talað var um „milljónaglapræði", „fyrirhyggjulausa ævintýramennsku" og „einokunarfyrirtæki" svo eitthvað sé nefnt.

Í síbylju kvað við sama stefið um hina fullkomnu kassagerð, nefnilega Kassagerð Reykjavíkur, er gerði það með öllu óþarft fyrir frystihúsin að reisa aðra slíka; frystihús sem þar á ofan römbuðu mörg hver á barmi gjaldþrots og væru sífellt við fótagafl ríkisstjórnarinnar að biðja um ölmusufé. Í umræðunni breyttust frystihúsamenn í styrkþega og SH í styrkþegasamtök.

Þjóðviljinn gekk ötullega fram í áróðursstríðinu gegn Sölumiðstöðinni og tóku ritstjórar blaðsins hina fyrirhuguðu öskjugerð sem dæmi um „stjórnleysi gróðaskipulagsins" sem yrði sífellt þyngri baggi á almenningi því að í vasa hans væru



Á síðum blaðanna létu margir þá skoðun í ljós að félagsmenn SH ættu þegar í stað að hætta öllum hugleiðingum um byggingu umbúðaverksmiðju. Þess í stað ættu þeir að einbeita sér að því sem þeim léti best, að veiða fisk, vinna og selja. Myndin sýnir Akranes en þar var meðal annars að finna fyrirtæki Haralds Böðvarssonar, sem var eitt 49 félaga er gengu í Sölumiðstöðina á fyrsta starfsári hennar.

milljónirnar sóttar er héldu óráðsíukerfinu uppi. Einar Sigurðsson og félagar hans í SH voru í munni ritstjóranna „verðbólgubraskarar" sem hættir voru að hugsa um hagkvæmni, framleiðni eða skynsaman rekstur. Fyrir þeim vakti aðeins að fjárfesta sem mest og láta síðan verðbólguna éta upp skuldirnar.[8]

Alþýðublaðið sagðist hafa eftir „einum forráðamanna Kassagerðarinnar", að öskjuverksmiðjan væri runnin undan rifjum ónefnds manns er áður hefði reynt að fá Sambandið til að reisa með sér öskjuverksmiðju en ekki tekist. Síðar hefði þessi sami maður viljað kaupa hlut í Kassagerðinni fyrir 10 milljónir en ekki haft erindi sem erfiði.

Ekki þarf að velkjast í neinum vafa um að títtnefndur athafnamaður var Einar Sigurðsson. Kristján Jóhann hafði í viðtali við dagblaðið Vísi komið fram undir nafni og þá sagt frá því þegar Einar „ . . . og félagar hans föluðust persónulega eftir hálfum hlut í Kassagerð Reykjavíkur . . . án þess að S. H. ætti að eiga þar nokkra aðild."[9]

Þyngsta höggið á síðum blaðanna hlaut þó SH þegar dr. Benjamín Eiríksson, bankastjóri Framkvæmdabankans, gekk fram fyrir skjöldu og skrifaði tvær greinar í Morgunblaðið. Kallaði Benjamín það „ . . . tilræði við hið íslenzka þjóðfélag" að frystihúsamenn skyldu láta sér til hugar koma að reisa öskjugerð. Með því væri grafið undan „heilbrigðu iðnfyrirtæki". Var ekki annað að skilja á bankastjóranum en að í hópi eigenda SH væru miklir „vanskilamenn" er létu almenning greiða fyrir sig skuldirnar á meðan þeir sjálfir fjárfestu í gríð og erg í eignum upp á tugmilljónir.[10] Fyrir þessi orð og önnur samþykkti stjórn SH að stefna bankastjóranum fyrir meiðyrði.

Það hafði sjaldnast farið mikið fyrir stjórnendum Sölumiðstöðvarinnar í fjölmiðlum og þeir aldrei verið ginnkeyptir fyrir því að hlaupa með fréttir af rekstrinum í blöðin. En nú fannst Elíasi Þorsteinssyni og félögum hans svo nærri sér höggvið að undir febrúarlok 1964 sáu þeir sig nauðbeygða að senda blöðum og ríkisútvarpinu greinargerð þar sem ýmislegt var leiðrétt er þeir álitu misskilið eða missagt í deilunni

Á liðnum árum hafði það verið inntakið í stefnu SH, bentu stjórnarmennirnir á, að gera fiskverkunina sem hagkvæmasta og að krefjast ætíð hæsta fáanlega verðs fyrir afurðirnar. Öskjugerðinni væri ætlað að uppfylla fyrra skilyrðið. Hún ætti að vinna ódýrari öskjur en aðrir og lækka þannig framleiðslukostnað frystihúsanna. Umbúðirnar frá Kassagerðinni hefðu orðið sífellt dýrari síðasta misserið. Ofan á hækkunina haustið áður hefðu þær stigið í verði um að minnsta kosti 6% frá áramótum og enn boðaði Kristján Jóhann hækkanir þrátt fyrir að hann talaði um það í fjölmiðlum að þær myndu lækka. „Vildi ekki hr. Kristján Jóhann Kristjánsson skýra opinberlega frá því, hvernig beri að skilja þetta ósamræmi, og hversu mikillar lækkunar á umbúðaverði megi vænta“, spurðu forsvarsmenn SH í greinargerð sinni. Slíkar verðhækkanir hlutu að koma illa við frystihúsin, bentu þeir á, því að umbúðir væru „ . . . stór kostnaðarliður í framleiðslu frystra sjávarafurða, eða allt að 10% af f.o.b. andvirði vörunnar.“

Það væri hins vegar afskaplega erfitt að meta hvort verðlagning Kassagerðarinnar væri sanngjörn, hún væri eina kassagerðin hérlendis og raunhæfur samanburður við það sem gerðist erlendis fengist ekki nema SH gengi „ . . . til samninga við erlenda aðila um heildarviðskipti á sama hátt og viðskiptunum við Kassagerð Reykjavíkur hefur verið hagað.“ Sölumiðstöðin hefði þó ekki farið inn á þessa braut enda talið það eðlilegra að kaupa umbúðir framleiddar á Íslandi. Því væru tvær flugur slegnar í einu höggi við stofnun nýrrar öskjugerðar; áætlað væri að frystihúsin myndu spara allt að 20% í umbúðakaupum og í öðru lagi myndi Kassagerð Reykjavíkur fá keppinaut og fengist þá loks raunhæfur mælikvarði á samkeppnisfærni fyrirtækisins.

Eflaust áttu öll blaðaskrifin sinn þátt í því að stjórn SH reyndi að bera hönd fyrir höfuð sér en það rak ekki síður á eftir henni að láta til sín heyra að umræðan um öskjugerðina hafði stungið upp kollinum á alþingi Íslendinga. Einar Olgeirsson hafði tekið til máls utan dagskrár og bent á þá reginvitleysu sem hann taldi stofnun nýrrar öskjugerðar vera og heimtað að ríkisstjórnin tæki í taumana. Sagði þingmaðurinn tvær leiðir færar. Annað hvort væri Kassagerð Reykjavíkur sett slík yfirstjórn og eftirlit að hvorki frystihúsamönnum né öðrum þættu þeir hlunnfarnir eða þá „að ríkið kaupi slíka kassagerð“ og hefði á hendi allan rekstur hennar.

Þá gekk hún í endurnýjun lífdaganna tillagan um að eftirlit yrði haft með fyrirtækjasamtökum. Flutningsmaðurinn, Unnar Stefánsson, vísaði meðal annars til hinnar fyrirhuguðu stofnunar öskjugerðar á vegum frystihúsanna þegar hann reyndi að sannfæra þingheim um nauðsyn þess að eftirlit yrði haft með fyrirtækjum til að koma í veg fyrir að þeim tækist með hringamyndun að stjórna verðlagi á íslenskum markaði. Varð Unnari tíðrætt um þarfleysi þessa fyrirtækis frystihúsanna. Kassagerð Reykjavíkur gæti vel fullnægt allri umbúðaþörf landsmanna á komandi árum; hið nýja fyrirtæki yrði dýrt og myndi gera Kassagerðina „ . . . að miklu leyti eða nokkru leyti óstarfhæft“; hörgull væri á vinnuafli og því myndi hið nýja fyrirtæki ýta enn undir þenslu í hagkerfinu og seinast en ekki síst þá hefðu viðkomandi frystihús fengið fjárhagsaðstoð frá ríkinu.

Hvorki Einari Olgeirssyni né Unnari tókst þó að koma af stað neinni umræðu

um hringamyndun eða óþarfa öskjugerð á alþingi Íslendinga. Einar lét sitja við eina ræðu og fékk engin andsvör og tillögu Unnars dagaði uppi í nefnd eins og ávallt hafði gerst þegar einhver hreyfði því að setja lög til eftirlits með hringamyndun fyrirtækja á Íslandi.



Örn Baldvinsson, fyrsti framkvæmdastjóri Umbúðamiðstöðvarinnar. Hann var ættaður frá Dalvík og hafði lokið prófi í vélaverkfræði.

Umbúðamiðstöðin hf.

Þrátt fyrir allt karpið í blöðunum létu frystihúsamenn ekki af þeim ásetningi að stofna öskjugerð í samkeppni við Kassagerð Reykjavíkur. Þann 9. júlí 1964 var boðað til fyrsta stjórnarfundar fyrirtækisins, sem þá hafði fengið nafnið Umbúðamiðstöðin hf. en stjórnarformaður hafði þá verið kjörinn Einar Sigurðsson.[11]

En það átti ekki úr að aka fyrir hinni nýju öskjugerð. Varla hafði blaðafárið fyrr gengið yfir en að forstöðumenn hennar tóku að reka sig á veggi í kerfinu. Þegar reynt var að afla lánsfjár erlendis til vélakaupa reyndist Gylfi Þ. Gíslason, þáverandi viðskiptamálaráðherra, ófús að veita heimild til lántökunnar en benti á Framkvæmdabanka Íslands; þangað væri eðlilegt að leita eftir slíkri lánafyrirgreiðslu. En bankastjórarnir reyndust ófúsir að hlaupa undir bagga með öskjugerðinni nýju og enn syrti í álinn þegar lánanefnd ríkisins neitaði alfarið að veita heimild til erlendrar lántöku. Skrifaði þá Einar iðnaðarráðherra og bað hann að tala máli Umbúðamiðstöðvarinnar í ríkisstjórninni svo að taka mætti lán í erlendum banka til að koma fyrirtækinu á fót.

Þegar það dugði ekki heldur var ekki um annað að ræða en að leita ásjár Sölumiðstöðvarinnar. Það var því loks á stjórnarfundi SH í maí 1965 að þessi fjárhagsvandi Umbúðamiðstöðvarinnar var tekinn fyrir og samþykkt að SH lánaði eða ábyrgðist fimm milljón króna lán til hennar.

Nú var loks hægt að láta félagið taka til starfa en ljónin voru ekki úr veginum, síður en svo. Finna varð heppilega vél sem loks hafðist upp á í Sviss. Lýsti Örn Baldvinsson verkfræðingur, sem í maí 1965 hafði verið ráðinn til þess að koma verksmiðjunni á laggirnar sem hann átti síðan eftir að veita forstöðu fram undir árslok 1974, þessari vél svo að hún byggi til öskjur og áprentaði í fjórum litum. Lagði Örn til að einnig yrði keypt álímingarvél og önnur til vaxhúðunar.



Jón Árnason, Akranesi, var stjórnarformaður Umbúðamiðstöðvarinnar frá 1965 til þess að hann andaðist í júlí 1977.

Þegar hér var komið sögu þótti mönnum augljóst að vöruskemma SH við Héðinsgötu, en þar átti öskjuverksmiðjan að setjast niður, myndi hreinlega vera of lítil til að geta rúmað vélarnar og allan pappírinn með góðu móti. Var þá ráðist í að kaupa stálgrindarhús frá Bandaríkjunum og reisa áfast við skemmuna. En af einhverjum ástæðum dróst það von úr viti hjá borgaryfirvöldum að veita byggingarleyfi fyrir nýja húsinu og fékkst það ekki fyrr en í ágúst 1966.

Því var það að á aðalfundi Umbúðamiðstöðvarinnar árið eftir var ekki enn byrjað að framleiða kassa undir nafni verksmiðjunnar. Vélakosturinn var þó allur kominn til landsins en það var eftir öðru að yfirvöld voru mjög treg að gefa eftir tolla og söluskatt af vélunum sem stjórn fyrirtækisins hafði þó álitið að yrði auðsótt mál. Það var því engin furða þótt Jóni Árnasyni, stjórnarformanni Umbúðamiðstöðvarinnar frá 1965 til 1977, yrði að orði á aðalfundinum 1967: „Það er ekkert launungamál, að gegn þessu fyrirtæki hefur verið mjög hörð gagnrýni og áróður í landinu . . . og ég efast um að það hafi verið haft í frammi jafn mikill áróður gegn nokkurri félagsstofnun eða starfsemi, eins og átt hefur sér stað í sambandi við þessa Umbúðamiðstöð hraðfrystihúsanna."

Jón gat þó tilkynnt félögum sínum að viðbyggingin, sem átti að hýsa vélarnar, væri í þann veginn að verða vatns- og vindheld og því gæti kassagerðin tekið til



Freðfiski komið fyrir í frystigeymslu. Kassarnir eru á brettum, sem færð eru til með lyfturum eftir því sem henta þykir. Umbúðamiðstöðin framleiddi aldrei ytri kassa (það er pappakassa eins og sjá má á myndinni) heldur einbeitti sér að framleiðslu askja.


starfa innan skamms. Þetta gekk þó ekki eftir, ýmsir barnasjúkdómar gerðu vart við sig og það var ekki fyrr en um haustið, eða í októberlok, að öskjurnar tóku loks að streyma út úr verksmiðjunni.[12]

Draumurinn var orðinn að veruleika en Jón og félagar hans voru varir um sig. Í Umbúðamiðstöðinni voru eingöngu búnar til öskjur og því var Kassagerð Reykjavíkur ennþá eina fyrirtækið á landinu sem framleiddi ytri kassana sem öskjurnar voru settar í. Sá grunur læddist því óneitanlega að mörgum innan SH að nú myndi Kassagerðin einfaldlega hækka verð þeirra eins og þyrfti til að geta selt öskjurnar sem allra ódýrast og með því móti komið Umbúðamiðstöðinni á kaldan klaka.[13] „ . . . við vitum það af reynslunni að slíkt getur átt sér stað . . . „, rifjaði Jón Árnason upp á aðalfundi Umbúðamiðstöðvarinnar 1966 og þótt það væri ekki sagt berum orðum var stjórnarformaðurinn vafalítið að vísa til samskipta Jökla og Eimskips. Sá var þó munur á tengingu Jökla og Umbúðamiðstöðvarinnar við umheiminn að SH átti helming hlutafjár í því síðarnefnda en ekki krónu í hinu.

Það var því beinlínis að undirlagi stjórnar Sölumiðstöðvarinnar að flutt var tillaga á aðalfundi félagsins 1968 þess efnis að félagsmönnum væri „ . . . skylt að kaupa allar umbúðir um framleiðslu frystra afurða fyrir milligöngu S. H.“

Sveinn Benediktsson brást hart við þessari hugmynd og vildi hafa frjálst val um það hvar hann keypti öskjur. Stjórnin væri komin í orðaleik og gæti allt eins talað undanbragðalaust um að allir ættu að kaupa af Umbúðamiðstöðinni.

En hann talaði fyrir daufum eyrum. Menn höfðu lært af reynslunni og þar sem langflest frystihúsin innan Sölumiðstöðvarinnar áttu hlut í Umbúðamiðstöðinni stóð stjórnin fast á þessari uppástungu sinni. Í málatilbúnaðinum með tillögunni var hvergi minnst á reynsluna af Jöklum en ugglaust hefur hún verið þörf áminning og hjálpað stjórninni að hafa sitt fram.



Stjórn Umbúðamiðstöðvarinnar 1976. Talið frá vinstri; Einar Sigurðsson, Ásgrímur Pálsson, Eyjólfur Ísfeld Eyjólfsson, Ágúst Flygenring, Jón Árnason og Einar G. Kvaran. Í nóvember 1974 tók Einar við framkvæmdastjórn Umbúðamiðstöðvarinnar af Erni Baldvinssyni, fyrsta framkvæmdastjóra fyrirtækisins.

Það voru því engir brauðfætur settir undir Umbúðamiðstöðina í upphafi. SH tryggði henni föst viðskipti og þegar uppbygging fyrirtækisins hófst fyrir alvöru undir lok 8. áratugarins stóð Sölumiðstöðin eins og klettur að baki fyrirtækinu og lánaði því tugi milljóna króna. Það má líka segja að þá væri Umbúðamiðstöðin búin að sanna tilverurétt sinn og er þá vægt til orða tekið. Frá stofnun hafði fyrirtækið undantekningarlítið skilað hagnaði. Lánspeningunum frá Sölumiðstöðinni hafði verið varið til að stórauka öskjuframleiðslu í landinu sem var „mikil blessun fyrir frystiiðnaðinn," fullyrti Finnbogi Guðmundsson á aðalfundi Umbúðamiðstöðvarinnar 1971. Árið á undan hafði verið heilladrjúgt fyrir frystihúsin, eftirspurn eftir fiski nánast óþrjótandi og hann stigið í verði sem aldrei fyrr.

Þessi blessun hefði þó meira og minna gengið hjá garði Íslendinga, staðhæfði Finnbogi, ef við hefðum ekki blásið nýjum þrótti í öskjuframleiðsluna. Og hann klykkti út: „Það er alveg víst."

Enn má telja að SH hefur í tvígang leitað í herbúðir Umbúðamiðstöðvarinnar eftir stjórnarmönnum. Að vísu kom eftirmaður Arnar, Einar G. Kvaran, beint úr stjórnarliði Sölumiðstöðvarinnar og það kom í hans hlut að stjórna hinni miklu uppbyggingu er varð hjá Umbúðamiðstöðinni í kringum 1980 þegar öskjugerðin var stækkuð um allan helming og vélakosturinn endurnýjaður.

Öðru máli gegndi um eftirmann Einars, Bjarna Lúðvíksson. Hann sat innan við tvö ár á framkvæmdastjórastólnum, frá 1. júlí 1984 til 31. desember 1985, en þá var hann ráðinn til að stjórna fjármálum Sölumiðstöðvarinnar.[14]

Í tíð Bjarna gerðist það að stjórn Umbúðamiðstöðvarinnar ákvað að leita inn á hinn almenna markað eftir verkefnum. Þetta hafði reyndar komið til tals mörgum árum áður án þess þó að neitt yrði úr.

Það kom í hlut Hermanns Aðalsteinssonar, er tók við af Bjarna, að halda þessari



Guðmundur Karlsson, framkvæmdastjóri Umbúðamiðstöðvarinnar, og Agnar Friðriksson, fyrrverandi framkvæmdastjóri sama fyrirtækis, skrafa saman um ársskýrslu Jökla 1991 sem Guðmundur hefur í höndunum. Þórunn Erlendsdóttir krotar eitthvað sér til minnis en hún var lengi starfsmaður Jökla.

stefnu til streitu. Strax 1986 hafði Hermann náð þeim árangri að stjórn Umbúðamiðstöðvarinnar þótti rétt að gefa sjávarafurðadeild SÍS sama afslátt af umbúðakaupum hennar og Sölumiðstöðinni sem hefði einhvertíma þótt saga til næsta bæjar.

En Hermann varð ekki langlífur. Hann féll frá aðeins liðlega fertugur. Í hans stað var Agnar Friðriksson ráðinn úr stórum hópi umsækjenda og tók hann við starfi framkvæmdastjóra Umbúðamiðstöðvarinnar þann 1. janúar 1989. Þá gerðist það öðru sinni að hin langa hönd SH seildist inn um gættir hjá dótturfyrirtækinu. Agnari var boðið að taka við dótturfyrirtæki Sölumiðstöðvarinnar í Grimsby sem hann þáði. Í kjölfarið var samþykkt á stjórnarfundi þann 19. júní 1990 að semja við Guðmund Karlsson vélaverkfræðing um að veita Umbúðamiðstöðinni forstöðu sem hann hefur gert allar götur síðan.

Eftirmáli

Þann 20. mars 1996 seldi SH ríflega 77% eignarhluta sinn í Umbúðamiðstöðinni til Prentsmiðjunnar Odda. Þetta var í anda þeirrar stefnu stjórnenda Sölumiðstöðvarinnar að draga félagið út úr allri starfsemi er ekki lýtur beinlínis að fisksölu.

Sannleikurinn er líka sá að Umbúðamiðstöðin var þá orðin mjög fýsilegur fjárfestingarkostur. Stjórnendur hennar höfðu unnið að því jafnt og þétt að auka veltu fyrirtækisins og í því skyni leitað verkefna er ekki tengdust SH. Því hafði það gerst að hlutur Sölumiðstöðvarinnar í veltu Umbúðamiðstöðvarinnar hafði farið hríðlækkandi; verið 73% árið 1990, þegar veltan var í kringum 300 milljónir, en var 44% fimm árum síðar. Veltan hafði þá aukist um helming eða í um það bil 600 milljónir.

Þannig höfðu aðrir viðskiptavinir Umbúðamiðstöðvarinnar en SH fengið stöðugt meira vægi. Fyrirtækinu hafði með þessu móti tekist að styrkja enn stoðir sínar og var fyrir vikið betur búið til að uppfylla kröfur mismunandi viðskiptavina. Allt lagðist þetta á eitt um að gera Umbúðamiðstöðina auðseljanlegri.

VII 1985-1996
SH verður alþjóðafyrirtæki

Inngangur

Um miðjan níunda áratuginn verða greinileg kaflaskil í þróun SH og raunar sjávarútvegsins alls og úrvinnslugreina hans.

Ný kynslóð, þriðja kynslóðin, tekur við flestum helstu trúnaðarstöðum samtakanna af þeim, sem höfðu borið hita og þunga dagsins frá skipulagsbreytingunni 1962. Raunar hafði sú þróun hafist þegar með stjórnarkjörinu 1984, þegar Jón Ingvarsson tekur við formennsku og Ólafur Baldur Ólafsson er kosinn varaformaður. Nýr forstjóri, Friðrik Pálsson, hefur störf 1. janúar 1986 og á stjórnarfundi í nóvember það ár er eru samþykktar ýmsar breytingar á starfstilhögun framkvæmdastjórnar. Bjarni Lúðvíksson, sem verið hafði framkvæmdastjóri Umbúðamiðstöðvarinnar, verður framkvæmdastjóri fjármála og staðgengill forstjóra SH. Hjalti Einarsson er áfram framkvæmdastjóri tæknideildar og gæðaeftirlits, Ólafur Gunnarsson, áður framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar í Neskaupstað, verður framkvæmdastjóri framleiðslu- og afskipunardeildar, Gylfi Þór Magnússon verður framkvæmdastjóri markaðsmála. Sturlaugur Daðason verður forstöðumaður vöruþróunardeildar og stýrir innkaupum. Ákveðið er að Jöklar hf. verði framvegis sérstök rekstrareining innan SH og Birgir Ómar Haraldsson ráðinn til að veita félaginu forstöðu og sjá um skipulag og samræmingu flutninga. Svipuð breyting er að verða úti í frystihúsunum. Frumherjarnir falla í valinn einn af öðrum og við tekur kynslóð stjórnenda, sem margir hafa viðskiptamenntun að baki.

Gerbreyting verður í markaðsmálum. Markaðirnir tveir, sem best höfðu dugað Íslendingum á tímum þorskastríða og landhelgisútfærslu, Bandaríkjamarkaður og Sovétmarkaðurinn, dragast nú æ meir saman, en Vestur-Evrópuríki vinna að sama skapi á. Sovétmarkaðurinn hverfur reyndar af vettvangi um 1990. Auk þess eflist Japansmarkaður hratt og er orðinn langþýðingarmesti markaðurinn í lok tímabilsins.

Gífurlegar sviptingar eru á innbyrðis gengi helstu alþjóðlegra gjaldmiðla, svo að fyllstu gát þarf að hafa á því fyrir hvaða markað heppilegast er að framleiða í það og það sinnið.

Á næstu árum spretta frjálsir fiskmarkaðir upp víða um land. Útflutningur ísvarins fisks á uppboðsmarkaði í Evrópu vex. Hvort tveggja verður til að grafa undan verðlagsráðskerfinu, sem allur sjávarútvegurinn hafði snúist um í næstum aldarfjórðung. Hlutverki Verðlagsráðs er nánast lokið 1991, þótt enn hjari það að nafninu til.

Hinn 31. október 1985 var svohljóðandi fréttatilkynning send út frá aðalskrifstofu SH:
„Á fundi sínum í dag, samþykkti stjórn Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna að ráða Friðrik Pálsson, viðskiptafræðing forstjóra fyrirtækisins frá og með 1. janúar n.k. Friðrik Pálsson er fæddur að Bjargi í Miðfirði 19. mars 1947, sonur hjónanna Páls Karlssonar, bónda og konu hans, Guðnýjar Friðriksdóttur.
Friðrik lauk stúdentsprófi frá Verslunarskóla Íslands vorið 1969, og prófi í viðskiptafræðum frá Háskóla Íslands árið 1974.
Að loknu námi réðst Friðrik sem skrifstofustjóri hjá Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda. Árið 1978 var hann ráðinn framkvæmdastjóri fyrirtækisins og hefur gegnt því starfi síðan. Auk þess hefur hann gegnt fjölmörgum trúnaðarstörfum í þágu fiskiðnaðarins.
Friðrik er kvæntur Ólöfu Pétursdóttur, héraðsdómara."
Myndin sýnir Friðrik Pálsson á aðalfundi SH 1986 en þá flutti hann sína fyrstu aðalfundarræðu sem forstjóri Sölumiðstöðvarinnar og sagði meðal annars: „Miklu skiptir að hafa ánægju af því, sem við erum að gera."



Útflutningur sjávarafurða er smám saman gerður frjálsari og óháðari leyfum ríkisvaldsins.

Verðbréfamarkaðir skapa möguleika á að sjávarútvegsfyrirtæki opni sig fyrir almenningi og almennum fjárfestum og fer þeirrar stefnubreytingar verulega að gæta á seinni hluta tímabilsins.

Vextir eru gefnir frjálsir og verðtrygging fjármagnsskuldbindinga leggst á með fullum þunga, svo að fjármagnskostnaður verður hjá mörgum frystihúsum einn stærsti rekstrarliðurinn á eftir hráefniskostnaði og í sumum tilvikum jafnhár eða hærri en vinnulaun.

Horfið er að nýju kerfi til stjórnunar á veiðum, svonefndu kvótakerfi, og það fest í sessi við upphaf 10. áratugarins.

Þorskaflinn heldur áfram að minnka ár frá ári og sókn stóreykst í aðrar tegundir, sem einnig kallar á aukna sókn á nýja markaði. Fisktegundir eins og Alaskaufsi, lýsingur og hokinhali sækja inn á skyndibitamarkaðina og ryðja dýrari fisktegundum úr vegi.

Við þetta bætist, að sótt er að landfrystingunni innanlands úr tveimur áttum: Sívaxandi fiskmagn er framan af þessu tímabili selt úr landi óunnið til erlendra fiskverkenda, sem síðan keppa við íslenskar afurðir á erlendum mörkuðum. Með



Stjórn SH kjörin á aðalfundi samtakanna vorið 1986. Aftari röð, frá vinstri; Jón Páll Halldórsson, Guðmundur Karlsson, sem var nýr í stjórninni, Aðalsteinn Jónsson, Ágúst Einarsson og Rögnvaldur Ólafsson. Sitjandi, frá vinstri; Gísli Konráðsson, Ólafur Baldur Ólafsson, varaformaður, Jón Ingvarsson, stjórnarformaður, og Guðfinnur Einarsson. Þessi stjórn sat óbreytt til vors 1989 en þá kom Gunnar Ragnars í stað Gísla Konráðssonar. Engar breytingar urðu síðan á þeirri stjórn næstu tvö árin eða þangað til á aðalfundi vorið 1991 að stjórnarmönnum SH var fjölgað úr níu í fimmtán og um leið urðu veruleg mannaskipti.

fjölgun frystitogara flyst frystingin í æ ríkara mæli út á sjó og smám saman nálgast afurðir innlendra og erlendra frystitogara að verða 40% af sölumagni SH.

Jafnframt tekur SH í æ ríkara mæli að sér sölu afurða fyrir utanfélagsmenn, innlenda og erlenda, og lætur meira og meira að sér kveða á alþjóðavettvangi.

Þessi þróun kallar á breytingar á skipulagi samtakanna og viðamiklar og djúptækar lagabreytingar eru samþykktar á þessu tímabili, sem miða að því að nálgast hlutafélagsfyrirkomulagið, þar til lokaskrefið er stigið árið 1996, þegar SH er breytt í lokað hlutafélag.

Um þessar breytingar er fjallað hér á eftir. Óhugsandi er hins vegar að rekja þessa atburðarás án þess að fella hana inn í það efnahagsumhverfi, sem frystiiðnaðinum var búið á þessum tíma. Efnistökin eru því þau, að byrjað er að rekja þróun efnahagsmála í grófum drættum frá 1980. Síðan er rakin í annálsformi þróun hvers árs og hinar öru breytingar, sem verða á mörkuðunum. Þá er stuttlega gerð grein fyrir helstu nýjungum í starfi SH: Þróunardeild, aðild að alþjóðlegu gæðavottunarkerfi, og dótturfyrirtækinu Icecon, sem haslað hefur sér völl víða um heim. Lýst er í sérstökum köflum afstöðu og viðbrögðum Sölumiðstöðvarinnar til

hvalveiða, stjórnunar fiskveiða og flutnings óunnins fisks úr landi. Allt eru þetta atriði, sem varða hag Sölumiðstöðvarinnar og frystiiðnaðarins miklu. Í sérstökum kafla er síðan gerð grein fyrir harðnandi samkeppni höfuðkeppinautanna innanlands í fisksölunni um fiskvinnslustöðvarnar sjálfar, eins og hún hefur birst í kaupum ÍS á Vinnslustöðinni og tilraun til yfirtöku á ÚA.

Loks er klykkt út með viðtölum við þá Jón Ingvarsson, stjórnarformann SH hf., og Friðrik Pálsson forstjóra, þar sem reynslan er metin og spáð í framtíðina.

Efnahagsóstjórn leikur frystihúsin grátt

Af öllum þeim margvíslegu vandamálum, sem sjávarútvegurinn átti við að glíma á níunda áratugnum var efnahagsvandinn fyrirferðarmestur. Í gengisstefnu 8. áratugarins fólst að gengið var sígandi og oftast tiltölulega óvirkur þáttur í víxlverkun kaupgjalds og verðlags. Við upphaf níunda áratugarins er enn mikil þensla og verðbólga um 30%. Fastgengisstefna varð hins vegar lykilorð í efnahagsstefnu þessa áratugar. Í áramótaaðgerðum ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens árið 1981 er þessi stefna mótuð upphaflega. Markmiðið var að nota fastgengi sem bremsu eða akkeri á aðra þætti þjóðarbúskaparins. Þetta hefur þó ekki gengið eftir nema að hluta til, því að örðugt hefur reynst að sannfæra þjóðina um staðfestu stefnunnar.[1]

Gengisstefna 9. áratugarins einkenndist af því að gengið var fast meðan það var ekki fellt. Hinn 14. janúar 1982 var gengi krónunnar lækkað um 12%. Þann 21. ágúst 1982 er gengi krónunnar lækkað á ný, nú um 13%. Þann 5. janúar 1983 er gengið enn fellt um 9% í kjölfar 14% fiskverðshækkunar um áramótin.

Á síðustu mánuðum ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens stefnir verðbólgan í þriggja stafa tölu, samkvæmt spám í 130%. Strax eftir stjórnarskipti í maí 1983[2] var gengið fellt um 14,6% og jafnframt tilkynnt að hætt yrði að láta gengið síga og stefnt að stöðugu gengi. Sautján mánuðum seinna, í nóvember 1984, varð enn að láta undan og gengið fellt um 12%. Stóð það svo fast þar til í febrúar 1988, þegar það var fellt um 6%, og launaskatti létt af sjávarútvegi og samkeppnisiðnaði. Lán sjávarútvegs við Fiskveiðasjóð og ríkissjóð voru jafnframt lengd. Í maí sama ár var gengið enn fellt um 10% og um 3% til viðbótar eftir stjórnarskipti í september.[3] Þannig urðu þrjár gengisfellingar á árinu 1988.

Þessi óstjórn í efnahagsmálunum brann auðvitað heitast á framleiðendum útflutningsafurða og endurspeglast meðal annars í ályktunum aðalfunda SH. Hraðfrystiiðnaðurinn átti við mikinn rekstrarvanda að stríða strax á árinu 1981 vegna „mikillar verðbólgu, rangrar gengisskráningar, hávaxtastefnu og annarra vandamála“, eins og segir í ályktun aðalfundar SH árið 1982. Þann 13. október 1981 samþykkti stjórn SH ítarlegar tillögur til ríkisstjórnarinnar um lausn á rekstrarvanda frystingarinnar á því ári. Ríkisstjórnin kom til móts við þessar tillögur að hluta. Þá var unnið að breytingu afurðalána með því að þau yrðu á ný innlend og með föstum vöxtum. Rekstrarvandinn jókst þó áfram og um áramótin 1981-'82 var svo komið að tap á rekstri frystihúsanna var 8,5% á ársgrundvelli.

Í ályktun aðalfundar 1982 segir: „Í dag er afkoma frystihúsanna með þeim hætti að útilokað er að halda áfram rekstri við óbreyttar aðstæður.“ Þetta megi rekja til þess að framundan sé „hömlulaus óðaverðbólga“ og minnt á að verðbólga hafi verið miklu meiri hér á landi á undanförnum árum en í nokkru viðskiptalanda okkar. Þar við bætist að á síðustu mánuðum hafi þorskafli dregist verulega saman og leitt til enn lakari afkomu frystihúsanna en þess 8,5% taps sem spáð var í ársbyrjun.

„Enn fremur veldur hinn geigvænlegi rekstrarhalli útgerðarinnar frystihúsunum miklum rekstrarfjárskorti“.

Aðalfundur SH 27. maí 1983 vekur athygli á þeim meginvandamálum sem við blasa í sjávarútvegi: „Vaxandi verðbólga undanfarin ár hefur grafið undan fjárhag fyrirtækjanna. Verðtrygging og gengistrygging lána valda vaxandi greiðslubyrði afborgana og vaxta, en á sama tíma eru rekstursskilyrði við það miðuð, að afkoma frystihúsanna sé á núlli. Það er því óhjákvæmilegt við þessar aðstæður að fyrirtækin safni lausaskuldum, sem síðan hefur að hluta verið breytt í föst lán til þess að koma í veg fyrir rekstrarstöðvun. Þessi vítahringur leiðir síðan til sífellt veikari fjárhagsstöðu, sem kemur í veg fyrir eðlilega endurnýjun framleiðslutækja og hagræðingu í rekstri. Mikill samdráttur hefur orðið í þorskveiðum samfara aukningu í karfaveiðum. Þetta hefur mjög neikvæð áhrif á afkomu frystihúsanna, þar sem þorskur er mun verðmeiri og hagstæðari í vinnslu, enda eru mörg frystihús vanbúin að taka á móti verulegu magni af karfa til frystingar. Þessi breyting á aflasamsetningu skapar einnig vandamál í sölu, þar sem markaðir fyrir karfaflök eru mjög takmarkaðir. Við óbreyttar aðstæður getur þetta víða leitt til stöðvunar veiða og vinnslu á karfa í lok júnímánaðar.

Kanadamenn auka nú veiði ár frá ári, og sérstaklega á þorski. Því gætir einnig vaxandi samkeppni af hálfu þeirra, bæði í Bandaríkjunum og í Evrópu. Þessi samkeppni kemur einkum fram með tvennum hætti, annars vegar er um að ræða mun lægra verð, sem leiðir til minni eftirspurnar eftir okkar fiski, og hins vegar afla þeir sér markaðshlutdeildar með því að bjóða öðrum þjóðum veiðikvóta innan landhelginnar“.

Í lok ályktunarinnar er ítrekuð ályktun frá fyrra ári, um nauðsyn þess að allir standi saman um að tryggja rekstrarskilyrði og afkomu grundvallaratvinnuvega þjóðarinnar.

Á aðalfundi SH 1984 er mótmælt ákvörðun Seðlabankans um að minnka endurkaup afurðavíxla úr 52% í 47,5% af verðmæti afurða. „Lækkun endurkaupa kemur því til viðbótar þeim vanda, sem fyrir er í sjávarútvegi vegna margra ára taprekstrar. Það er ljóst að fyrirtæki í sjávarútvegi geta ekki lagt fram það fjármagn, sem hér um ræðir. Það er því vísvitandi stefnt að truflunum á framleiðslu sjávarafurða og greiðsluþroti margra fyrirtækja.

Þessi fyrirætlun Seðlabankans er atlaga, ekki einungis að fyrirtækjum í sjávarútvegi, heldur einnig að Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands, sem eru helstu viðskiptabankar sjávarútvegsins. Með aðgerðum sem þessum er sífellt verið að þrengja að möguleikum bankanna til eðlilegrar fjármögnunar fyrirtækja í höfuðatvinnuvegi þjóðarinnar. . . Aðalfundur SH fer þess því á leit við ríkisstjórn Íslands, að þessari ákvörðun Seðlabanka Íslands verði hnekkt nú þegar og áður en stórtjón hlýst af“.

Aðalfundurinn fór þess einnig á leit að lausaskuldum fiskvinnslufyrirtækja yrði breytt í lán til 10 ára vegna óviðunandi lausafjárstöðu fyrirtækjanna. Fjármagnskostnaður vegna lausaskulda væri þungur baggi á rekstrinum, enda væru raunvextir um 10-15%. Það væri óþekkt að samkeppnisaðilar sjávarútvegsins erlendis greiddu slíka vexti.

Eins og áður er getið var gengi krónunnar fellt um 14,6% þennan sama dag og aðalfundarmenn sátu á rökstólum, auk þess sem ýmsar aðrar ráðstafanir voru gerðar með bráðabirgðalögum. Þessar hörðu aðgerðir báru þann árangur að árið eftir minnkaði verðbólga úr rúmum 80% í tæp 30%. En um haustið 1984 knúðu opinberir starfsmenn fram launahækkun, sem vonlaust var að standa við, og var



Á aðalfundi SH 1984 var mikið rætt um afleita afkomu frystihúsanna og slæma peningastjórnun Seðlabankans. Myndin er tekin við þetta tækifæri. Frá vinstri (við vegg); Gísli Ásmundsson, styður hönd undir kinn, Einar Sigurjónsson, les fundarskjal, Vilhjálmur Ingvarsson, Björn Guðmundsson, óþekktur fundarmaður, og Stefán Runólfsson. Á móti þeim sitja meðal annarra Gunnar Ólafsson (næstur á myndinni), Jón Svansson, en sá fjórði í þessari röð, talið frá Gunnari, er Guðmundur Karlsson. Við háborðið eru, frá vinstri; Guðmundur H. Garðarsson, Jón Ingvarsson varaformaður, Ágúst Flygenring, formaður stjórnar, og Jón Páll Halldórsson fundarstjóri.

þá gripið til nýrrar gengisfellingar. Þótti þetta um margt minna á aðgerðir viðreisnarstjórnarinnar 1960-'61, enda þótt nú stæðu saman að ríkisstjórn þeir flokkar, sem á öndverðum meiði voru þá. Sjávarútvegurinn og fiskvinnslan stóðu þó enn mjög höllum fæti eftir óstjórn síðustu ára eins og glöggt kemur fram í ályktun aðalfundar SH 1985. Þar er varað við því alvarlega ástandi, sem skapast hefur í þjóðfélaginu að undanförnu vegna misgengis í afkomu atvinnuveganna. „Þetta ástand hefur leitt til fjármagnstilfærslu frá framleiðslugreinum til þjónustugreina. Á fjögurra ára tímabili frá 1981 til 1984 versnaði staða sjávarútvegs stöðugt, þar sem erlent lánsfé hefur streymt inn í hagkerfið og veikt stöðu hans í samkeppni við aðrar atvinnugreinar, sem notið hafa góðs af þenslunni í þjóðfélaginu, en auka enn á vanda útflutningsatvinnuveganna. Sjávarútveginum er nú haldið gangandi frá degi til dags með skuldbreytingum sem forða greiðsluþroti tímabundið, en eru þó í sjálfu sér aðeins frestur á lausn vandans, nema því aðeins að rekstrarskilyrðin verði bætt til muna. Á árinu 1984 jókst enn sá vandi sem atvinnugreinin á við að stríða og ljóst er að ástandið fer versnandi. Á síðastliðnum fjórum árum hefur eiginfjárhlutfall sjávarútvegsfyrirtækja rýrnað stöðugt. Í ársbyrjun 1981 námu skuldir þeirra í opinberum lánastofnunum og bönkum 41% af eignum, en í árslok 1984 var þetta hlutfall komið í 55%. Slæm rekstrarskilyrði valda mestu um þessa þróun.

Benda má á, að sjávarútvegurinn skuldar einungis 16% af erlendum lánum Íslendinga, en aflar 70% af útflutningstekjum, þannig að sjávarútvegurinn er síður en svo orsök efnahagsvandans. Í ársbyrjun 1981 námu erlendar skuldir 31,6% af þjóðarframleiðslu, en í byrjun þessa árs 63% og hafa því tvöfaldast, og viðskiptahallinn við útlönd er orðinn óviðunandi. Þetta hefur m.a. leitt til þess, að íslenskur sjávarútvegur er kominn í sjálfheldu, og verður ekki séð hvernig íslenskt efnahagslíf fær staðist til lengdar, verði þessari þróun ekki snúið við nú þegar. Hér er ekki um einkamál sjávarútvegsins að ræða, heldur hagsmuni allrar þjóðarinnar."

Það sem bjargaði frystiiðnaðinum í bili úr sjálfheldunni var, að í hönd fóru fjögur mikil aflaár samfara verulegum verðhækkunum erlendis. En eins og jafnan áður í góðæri var efnahagsstjórnin slök og öllum batanum hleypt jafnóðum út í verðlagið og ríflega það. Upp úr miðju ári 1984 hefst nýtt þensluskeið eftir efnahagsslakann 1982-'83 og náði hámarki á „skattleysisárinu" 1987. Kaupmáttaraukning á tímabilinu er talin hafa numið 44% og þar af 20% á síðasta árinu. Verðbólgunni var að vísu haldið nokkuð í skefjum, á bilinu 15-40%, en margvísleg önnur þenslumerki komu í ljós. Gengi krónunnar var haldið föstu, þótt kostnaðarhækkanir innanlands væru langtum meiri en verðhækkanirnar erlendis. Þetta hafði í för með sér gífurlega raungengishækkun; miðað við hlutfallsleg laun var hækkunin um 25% á árinu 1987 einu. Þótt sjávarútvegurinn væri aðþrengdur eftir skuldasöfnunina 1981-'84 gat hann þó fleytt sér áfram meðan aflaaukning og verðhækkanir héldust í hendur. Taumlaus bjartsýni ríkti á flestum sviðum þjóðlífsins utan sjávarútvegsins, og eru fjárfestingarnar í fiskeldi ekki síst til vitnis um það, en væntingarnar náðu ekki síður til einstaklinganna með ört vaxandi einkaneyslu og skuldsetningu heimilanna.[4] Til marks um Klondyke-andrúmsloft þessara ára er það að fjölmiðlar birtu fréttir af ráðagerðum nokkurra manna um að byggja háhýsi í Reykjavík yfir tvö þúsund manns, sem nauðsynlegt væri að flytja inn í landið vegna skorts á vinnuafli.

Í miðri þessari bjartsýnisbylgju var ný ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og Alþýðuflokks mynduð eftir kosningarnar 1987 undir forsæti Þorsteins Pálssonar. Undir lok ársins voru þó komnar fram ýmsar válegar vísbendingar á erlendum mörkuðum og ennfremur voru dökkar horfur um afla. Starfsgrundvöllur frystihúsanna hafði farið hríðversnandi á árinu, eins og fram kom í samþykkt stjórnarfundar þann 25. nóvember: „Stjórn SH lýsir yfir áhyggjum sínum yfir þeirri þróun, sem orðið hefur á starfsskilyrðum frystihúsanna á síðustu mánuðum. Lækkun bandaríkjadollars og verðlagsþróun innanlands hafa leitt til hallareksturs í frystingu og er þess ekki að vænta, að erlendar verðhækkanir vegi þar á móti, svo sem verið hefur undanfarin tvö ár. Þvert á móti bendir ýmislegt til að ytri aðstæður séu að snúast til hins verra, og framundan kunni að vera hægari sala og meiri þrýstingur frá kaupendum um lægra verð. Þess vegna hlýtur gengisskráning að verða að taka mið af breytingum á ytri aðstæðum. Afleiðing margfalt meiri verðbólgu hérlendis en í viðskiptalöndum okkar er rýrnandi samkeppnishæfni útflutningsgreina, bæði innanlands við kaup á framleiðsluþáttum og á mörkuðum erlendis. Slíkt heldur uppi falskri velmegun, stuðlar að stórkostlegri tekjutilfærslu og kyndir undir erlendri skuldasöfnun."

Síðar í samþykktinni leggst stjórn SH gegn Verðjöfnunarsjóði í núverandi mynd. Í staðinn beri að „taka upp jöfnun tekjusveiflna innan fyrirtækjanna sjálfra, þannig að þeir sem leggja til hliðar í góðæri njóti sjálfir eigna sinna þegar verr árar."

Veruleikinn varð sýnu verri öllum hrakspám. Í febrúar 1988 var gengið fellt um



Dagana 22. og 23. maí 1986 hélt SH aðalfund sinn í fyrsta skipti utan Reykjavíkur. Fundað var á Hótel KEA og í Alþýðuhúsinu á Akureyri. Erfitt ár var að baki, að sögn Jóns Ingvarssonar, eða „ . . . eitt hið erfiðasta ár, sem komið hefur í rekstri frystihúsa hér á landi.“ Aðallega var um að kenna lækkandi gengi bandaríkjadollars en um 77% tekna frystihúsanna voru bundin gengi dollars. Hækkun á gengi annarra gjaldmiðla og verðhækkanir á erlendum mörkuðum dugðu hvergi nærri til að vega upp gengistap frystihúsanna vegna rýrnandi gildis dollars. En Jón var bjartsýnn, sérstaklega hvað varðaði markaðina á Bretlandseyjum og meginlandi Evrópu vestanverðu. Veiðar þessara þjóða hefðu meira og minna brugðist, fiskistofnar á helstu miðum þeirra væru ofnýttir og því hefðu veiðiheimildir verið dregnar saman. Afleiðingin væri aukin eftirspurn eftir innfluttum fiski. Um þetta og fleira snerist tal manna á þessum tímamótafundi í maí 1986. Á myndinni er horft yfir fundarsalinn. Akureyringarnir sitja þétt saman. Jón B. Aspar, skrifstofustjóri ÚA, er þriðji frá vinstri. Gegnt honum sitja Gísli Konráðsson og Sverrir Leósson. Gísla á hægri hönd sitja Már Lárusson, Neskaupstað, og fitlar við gleraugu sín, Jóhannes Jónsson, Ísafirði, Jón Jóhannesson, SH, Ágúst Einarsson, sonur Einars Sigurðssonar frá Vestmannaeyjum, Guðmundur M. Jónsson, Ísafirði, styður hönd undir kinn, Jónatan Einarsson, Bolungarvík, Guðmundur Guðmundsson, Ísafirði, og tveir óþekktir. Guðfinnur Einarsson er í sömu röð og Gísli, á endanum næst lesandanum. Við háborðið, frá vinstri; Bjarni Lúðvíksson, Ólafur Baldur Ólafsson, Friðrik Pálsson, Jón Ingvarsson, Jón Páll Halldórsson í ræðustólnum, Guðrún Eyjólfsdóttir, Hjalti Einarsson, Ólafur Gunnarsson og Benedikt Guðmundsson.

6% og meðal annarra ráðstafana var launaskatti aflétt af sjávarútvegi og samkeppnisiðnaði, og lán sjávarútvegs við Fiskveiðasjóð og ríkissjóð lengd. Enn var gengið fellt um 10% í maí og eins árs bann lagt við verkföllum og verkbönnum með lögum. Á aðalfundi 1988 er eftirfarandi ályktun samþykkt:

„Aðalfundur SH lýsir þungum áhyggjum yfir þeirri alvarlegu stöðu, sem blasir við fiskvinnslunni í landinu.

Þessi staða er afleiðing margfalt meiri verðbólgu hérlendis en í viðskiptalöndum okkar. Stjórnvöld hafa brugðist þeim fyrirheitum sínum, að verðbólga hérlendis yrði svipuð og í nágrannalöndunum. Kostnaður fiskvinnslunnar hækkar jafnt og þétt en tekjur fara lækkandi.

Aðalfundurinn ítrekar að öflug fiskvinnsla er forsenda þess, að lifað sé á Íslandi við góð lífskjör. Aðalfundurinn harmar þá firru, sem fram hefur komið nú undanfarið, bæði hjá fjölmiðlum, stjórnmálamönnum og öðrum ráðamönnum, að fiskvinnslan sé illa rekinn hallærisatvinnuvegur, sem sé dragbítur á framþróun þjóðlífs. Fiskvinnslufyrirtæki eru stöðugt með strangar aðhaldsaðgerðir og endurskipulagningu í sínum rekstri. Þrátt fyrir það, er rekstrarvandi frystihúsanna meiri nú, en verið hefur um langt árabil og fer ört vaxandi. Í alþekktri dæmisögu vildu allir borða brauðið, en enginn vildi baka það. Dæmisögur eru til að draga lærdóm af. Eftir miklar hækkanir á verði fiskafurða síðustu tvö ár, verðhækkanir sem stórbættu lífskjör Íslendinga, þá hefur afurðaverð nú lækkað verulega. Í framhaldi af því hljóta lífskjör þjóðarinnar allrar að versna. Brestur í afkomu fiskvinnslufyrirtækja veldur byggðaröskun í landinu. Við slíkt verður ekki unað.

Útilokað er fyrir fiskvinnslufyrirtæki að bera uppi á sama tíma verðlækkanir erlendis og óðaverðbólgu innanlands. Þegar gengi krónunnar verður leiðrétt, sem er óhjákvæmilegt, er nauðsynlegt, að aðgerðir fylgi með til að ávinningur gengisbreytingarinnar haldist innan útflutningsatvinnuveganna. Annars þarf önnur gengisbreyting að fylgja strax í kjölfarið."

Á þessum aðalfundi gerði Friðrik Pálsson að umræðuefni vanda fiskvinnslunnar í kjölfar góðæris. Verðhækkanir hefðu orðið á nánast öllum okkar mörkuðum samtímis, en verðhækkanir innanlands étið þær upp jafnóðum og fiskvinnslan stæði tómhent og skuldug eftir. Góðærið veldur síðan slíkri spennu á vinnumarkaði, að vinnslan missir starfsfólk til þeirra greina, sem geta velt kauphækkunum út í verðlagið innanlands; vegna fólksfæðar verða menn að framleiða í ódýrari pakkningar; fyrir þær fæst lægra verð og síðan áfram hringinn.

Var nú almennt viðurkennt að útflutningsgreinarnar og samkeppnisiðnaður væru komnar í þrot. Skömmu síðar skipaði forsætisráðherra, Þorsteinn Pálsson, 6 manna nefnd til að gera tillögur um úrbætur í efnahagsmálum. Formaður nefndarinnar var Einar Oddur Kristjánsson en aðrir nefndarmenn voru Víglundur Þorsteinsson, Ágúst Einarsson, Eyjólfur K. Sigurðsson, Guðjón Baldvin Ólafsson og Jón Sigurðarson. Var nefnd þessi í daglegu tali kölluð „forstjóranefndin." Nefndin vildi koma í veg fyrir almenn gjaldþrot fyrirtækja og heimila og fyrirsjáanlegt hrun kaupmáttar. Hallaðist hún að svonefndri verðhjöðnunarleið, sem ekki hafði verið reynd nema einu sinni áður, í tíð minnihlutastjórnar Alþýðuflokksins 1959. Munurinn var sá, að nú voru laun ekki bundin vísitölu, en nefndin taldi að með 7-8% niðurfærslu launa og þar af leiðandi viðsnúningi lánskjaravísitölunnar mætti ná fram lækkun vaxta og allra aðfanga.

Með þessu móti yrði kaupmáttarrýrnun í lágmarki, raungengi krónunnar lækkaði og útflutningsatvinnuvegunum yrði á ný skapað svigrúm innan efnahagskerfisins. Um tillögurnar varð ekkert samkomulag og í þessum átökum sprakk ríkisstjórnin. Þann 28. september myndaði Steingrímur Hermannsson ríkisstjórn Framsóknarflokks, Alþýðuflokks, Alþýðubandalags og Samtaka um jafnrétti og félagshyggju (Stefán Valgeirsson).[5]

Með bráðabirgðalögum sama dag var gengið fellt um 3% og í stað umsaminna launahækkana, sem falla áttu til næstu 6 mánuði, var lögskipað að 1,25% hækkun kaups skyldi koma til 1. mars. Uppbótum var komið á með því að frystideild Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins var heimilað að taka lán allt að 800 milljónum króna með ríkisábyrgð. Skyldi allt að 750 milljónum króna varið til greiðslu 5% verðbóta á freðfisk og 50 milljónum króna til verðbóta á hörpudisk. Þá var rykið jafnframt dustað af gömlu millifærsluleiðinni með stofnun nýrra sjóða, Atvinnu-



Einar Oddur Kristjánsson var í forsvari fyrir hina svokölluðu „forstjóranefnd.“

tryggingarsjóðs útflutningsgreina og Hlutafjársjóðs. Hlutverk Atvinnutryggingarsjóðs skyldi vera að veita lán til „endurskipulagningar, hagræðingar og framleiðniaukningar“ hjá útflutningsfyrirtækjum. Jafnframt skyldi sjóðurinn hafa forgöngu um að breyta lausaskuldum fyrirtækja í útflutningsgreinum í föst lán til langs tíma. Stofnfé sjóðsins skyldi vera 1000 milljónir króna. Til þess kleip ríkissjóður 600 milljónir af framlagi til Atvinnuleysistryggingasjóðs og 400 milljónum skyldi ná með sérstökum tekjuskattsauka á næstu tveimur árum. Enn var sjóðnum heimiluð lántaka með ríkisábyrgð allt að eitt þúsund milljónum króna. Sjóðnum var heimilað að beita sér fyrir skuldbreytingu á allt að fimm þúsund milljónum króna af lausaskuldum útflutningsfyrirtækja og taka á sig ábyrgð af slíkum lánum með eignum sínum.

Verkefni Hlutafjársjóðsins var í reynd að freista þess að bjarga þeim fyrirtækjum sem hafnað hafði verið af fyrrnefnda sjóðnum.

Strax daginn eftir samþykkti stjórn SH svofellda ályktun:

„Ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar hefur sett bráðabirgðalög um fyrstu aðgerðir í efnahagsmálum. Í þeim er gert ráð fyrir stórauknum lánveitingum til sjávarútvegsins í gegnum Atvinnutryggingasjóð, auk þess að Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins taki lán til að hefja útgreiðslu, enda er innistæða engin nú.

Frekari lánveitingar gera lítið annað en að sökkva greininni dýpra í skuldafenið og hvetja til áframhaldandi rekstrar á röngum rekstrarforsendum. Ráðstafanir af þessu tagi fresta vandanum aðeins um sinn, en leysa hann ekki.

Frystiiðnaðurinn er ekki aðeins langmikilvægasti gjaldeyrisöflunaraðili þjóðarinnar, heldur ræðst atvinna þúsunda manna um land allt af velgengni hans.

Þess hlýtur því að verða krafist, að frystiiðnaðinum verði tryggð viðunandi rekstraraðstaða, svo að unnt verði að halda áfram uppi góðum lífskjörum í landinu.“

Uppbætur, millifærslur og skuldbreytingar voru náttúrlega ekki nýjar af nálinni í sögu sjávarútvegsins. En að þessu sinni voru þær óvenju fyrirferðarmiklar, eins og Sigurður Snævarr hagfræðingur hefur bent á:

„Skuldbreytingar í sjávarútvegi hafa verið ótalmargar í gegnum árin og ríkisstjórnir í öllum regnbogans litum hafa beitt sér fyrir slíku. Hins vegar voru þessar aðgerðir býsna stórar í sniðum. Í árslok 1990 námu útlán Atvinnutryggingarsjóðs rúmum 8 milljörðum króna. Í sjálfu sér getur slíkur millileikur verið fær, ef framhald er fyrir hendi og hvati til hagræðingar í fyrirtækjum er raunhæfur. Sagan kennir að slíku er sjaldnast til að dreifa og varð sú raunin á í þetta skipti, enda björgunarhringir af þessu tagi sjaldnast fallnir til að auka rekstraraðhald í fyrirtækjum.“[6]

Óhætt mun að fullyrða að jafnvel frystihúsamönnum brá í brún, þegar þetta uppgjör leiddi í ljós hve hrikalegt ástand greinarinnar var eftir tveggja áratuga uppsafnaðan vanda. Ytri áföll höfðu ekki verið teljandi fyrir utan olíuverðshækkanirnar 1973-’74 og 1979-’80, sem auðvitað þrengdu mjög að hag útgerðarinnar. Afli hafði stóraukist ár frá ári frá útfærslu landhelginnar í 200 mílur 1976 fyrir utan árin 1981 til ’83. Verðlag á erlendum mörkuðum hækkaði jafnt og þétt með nokkrum hléum þó. Viðskiptakjörin voru yfirleitt hagstæð til 1988. Verðmætisaukning aflans á árunum eftir 1976 nam 10-15% árlega og árlegur hagvöxtur varð 5-7%. Væntingar þjóðarinnar voru þó alltaf skrefi á undan bónusvinningunum og frystingin safnaði skuldum í góðærinu. Þegar svo verðtrygging fjármagnsskuldbindinga komst á um miðjan níunda áratuginn varð fjármagnskostnaður margra

þeirra næsthæsti kostnaðarliðurinn á eftir hráefniskostnaði – og hærri en launakostnaðurinn. Því var svo komið, að þrátt fyrir það að greinin væri tekin á ríkisframfæri með lánum og framlögum upp á annan tug milljarða króna, dugði það ekki nema rétt til að halda flestum húsanna gangandi. Nokkur heltust úr lestinni fyrir fullt og allt. Því var eftirfarandi ádrepa samþykkt á aðalfundi SH 28.-29. apríl 1989: „Af einstökum útflutningsgreinum skilar frystingin langmestum hluta af gjaldeyristekjum landsmanna. Án þessa gjaldeyris er ekki lífvænlegt í þessu landi. Höfuðnauðsyn er, að frystingin búi við þau skilyrði, að hún geti aflað gjaldeyris á hagkvæman og skynsamlegan hátt.

Ríkisstjórnir síðustu ára hafa kreppt þannig að frystingunni, að fjölda fyrirtækja er að blæða út og mörg byggðarlög horfa fram á greiðsluþrot og framfærslu opinberra sjóða. Þessu verður að snúa við, frystihúsin verða að hagnast, því að ekki er hægt til lengdar að lifa á erlendu lánsfé og með verðbólgu umfram nágrannalöndin.

Ríkisstjórnin mótaði launastefnu í BSRB samningunum, sem því miður tóku ekki mið af möguleikum atvinnulífsins, né ótryggu atvinnuástandi. Hins vegar verður ríkisstjórnin að bera ábyrgð á sinni launastefnu, sem hlýtur að varða veginn fyrir aðra samninga.

Geta fiskvinnslunnar til að hækka laun er engin og vantar þar mikið upp á, þegar tap liðins árs er haft í huga. Verðhækkanir á erlendum mörkuðum eru ekki í sjónmáli, enda er verð nú mjög hátt, sé horft nokkur ár til baka. Stjórnvöld ráða meðal annars gengisskráningu og gengisskráning verður að taka mið af öðrum breytingum í þjóðfélaginu.

Ef verðbólga hérlendis er umfram verðbólgu í nágrannalöndunum, verður gengið að falla og gerir það fyrr eða seinna. Þessum lögmálum breytir engin ríkisstjórn.

Það eru mörg verkefni sem sameiginlega verður að vinna að. Þar má nefna að hindra mengun sjávar, ná hagstæðum samningum við Evrópubandalagið, móta fiskveiðistefnu til lengri tíma, sem stuðli að sáttum manna og byggðarlaga, auka úrvinnslu sjávarafla hérlendis, brjóta leið til nýrra markaða, auka sjálfvirkni í framleiðslu, sameina aðila í sjávarútvegi við sameiginlega stefnumótun, efla virðingu þjóðarinnar fyrir fiskvinnslu. Þessi verkefni verða ekki unnin, nema fiskvinnslufyrirtækin séu sterk efnahagslega. Íslendingar verða að læra að lifa við þá möguleika, sem umhverfið skapar þeim, hvort sem um er að ræða aflamagnið úr sjónum, eða verð á erlendum mörkuðum. Þessi tvö atriði ráða mestu um lífskjör landsmanna. Slæm afkoma í fiskvinnslunni þýðir kjaraskerðingu, skuldasöfnun, ójafnvægi og óréttlæti. Góð afkoma sjávarútvegsfyrirtækja þýðir góð lífskjör fyrir alla landsmenn.“

En enn var langt í land að sjávarútvegsfyrirtæki gætu fagnað góðri afkomu. Landsmenn höfðu enn ekki sopið í botn seyðið af þeirri stefnu, sem mörkuð hafði verið með sólstöðusamningunum áratugi fyrr. Hingað til hafði allt bjargast með skammtímareddingum, stöðugri aukningu í aflamagni og verðlagshækkunum erlendis. En nú virtist komið að endimörkum vaxtarins. Árin 1988 til 1993 einkennast af samdrætti. Landsframleiðsla var svipuð að vöxtum 1992 og hún var 1987. Þennan samdrátt má rekja til þriggja þátta. Þyngst vegur bágt og hríðversnandi ástand þorskstofns, sem þýddi að aflaverðmæti dregst saman á föstu verðlagi um 15% frá 1987 til 1992. Slakt efnahagsástand í heiminum er annar þátturinn, en hagvöxtur í OECD-ríkjunum lækkaði um 1-2% árin 1991 og 1992. Þriðji þátturinn er svo aukið aðhald í ríkisfjármálum.

Framan af þessu samdráttarskeiði heldur 30-40% verðbólga áfram að naga inn-

Það er mikið verk að undirbúa aðalfundi SH og láta þá ganga snurðulaust fyrir sig þegar á hólminn er komið. Myndin er tekin á aðalfundi samtakanna 1988 og sýnir starfsfólkið er sá um að smyrja hjólin að tjaldabaki. Frá vinstri; Ágústa Gunnlaugsdóttir, skjalagerð, Ingibjörg S. Gunnarsdóttir, ritari forstjóra, en hún hóf störf hjá SH um leið og Friðrik Pálsson, og Eik Kristjánsdóttir, ritari Bjarna Lúðvíkssonar. Karlmaðurinn á myndinni er Össur Kristinsson er var fyrst í tæknideild en tók síðar að sér fjölmiðlatengsl SH.



an úr fyrirtækjunum, þar til í sumum tilfellum skurnin ein er eftir. Skuldirnar höfðu ekki verið afnumdar með millifærslusjóðum stjórnar Steingríms Hermannssonar, aðeins lengt í hengingarólunum og kaupmáttarhrunið varð rúm 16% árin 1988-'90. Má því segja að vegna þess að ekki var tekið á málunum strax 1988, hafi frestast um þrjú ár, að þjóðin tæki sér það tak, sem þurfti. Þessi þrjú ár urðu mörgum dýrkeypt.

En nú virtist sem þjóðin öll væri að vakna í einu af Jónsmessunæturdraumnum (sólstöðusamningunum 1977). Í febrúar 1990 tókust svonefndir þjóðarsáttarsamningar. Samningar ASÍ og BSRB voru gerðir á sama tíma og byggðir á sömu forsendu. Stéttarsamband bænda varð aðili að samningunum og bankarnir komu að þeim með vilyrði um vaxtalækkun. Þá lagði ríkið til mikilvægar forsendur, annars vegar með auknum útgjöldum til félagsmála en hins vegar með loforðum um efnahagsstefnu, ekki síst um festingu gengisins. Brá svo við að innan ársins hafði verðbólgan fallið niður í 3%, hækkar að vísu nokkuð á árinu 1991, en hefur síðan nokkurn veginn fallið innan viðmiðunarmarka við verðbólgu nágrannalandanna. Þetta var geysiþýðingarmikið skref í átt til heilbrigðara viðskiptaumhverfis, en engin snögg umskipti urðu þó í afkomu fyrirtækja eftir áratugarekstur á barmi gjaldþrots.

Árið 1992 var það fimmta í röðinni sem tekjur þjóðarbúsins lækkuðu. Nam lækkunin 4,5%. Orsakir þess voru þær sömu og áður: Rýrnandi tekjur í sjávarútvegi vegna skerðingar aflaheimilda og lækkandi verðlags á erlendum mörkuðum, og alþjóðleg efnahagskreppa. Í nóvember '92 beitti ríkisstjórn Davíðs Oddssonar sér fyrir víðtækum efnahagsaðgerðum til að bæta starfsskilyrði atvinnuveganna. Má þar nefna að gengi krónunnar var fellt um 6%, aðstöðugjald fellt niður, tekjuskattshlutfall einstaklinga hækkað um 1,5% og stofnaður Þróunarsjóður sjávarútvegsins.

Í ræðu sinni á aðalfundi SH 1993 endurspeglar Jón Ingvarsson stjórnarformaður ástandið í frystiiðnaðinum með þessum orðum:

„Fáum blandast lengur hugur um, að nú sé svo komið, að rekstrargrundvöllur



Landað í Reykjavíkurhöfn. Árið 1992 var fjórða árið í röð sem botnfiskafli dróst saman. Mörg sjávarútvegsfyrirtæki börðust í bökkum og sum römbuðu á barmi gjaldþrots.

sjávarútvegsins er til grunna hruninn og sjaldan eða aldrei hafi syrt í álinn sem nú. En veruleg umskipti til hins verra urðu á rekstrarskilyrðum sjávarútvegsfyrirtækja á síðasta ári." Jón bendir máli sínu til stuðnings á nýbirta reikninga fjölmargra sjávarútvegsfyrirtækja, þar sem tapið árið 1992 nemi frá nokkrum tugum milljóna króna í hátt á þriðja hundrað milljóna. Verðjöfnunarsjóður hafi verið tæmdur á síðasta ári og með því fengu hraðfrystihúsin 2,3 milljarða króna, eða tæp 5% af tekjum ársins. Til viðbótar ofannefndum orsökum efnahagserfiðleika nefnir Jón aukna skuldsetningu sjávarútvegsfyrirtækja og hækkandi raunvexti. Efnahagsástandið hafi raunar allan síðasta áratug verið andstætt atvinnurekstrinum. Verðbólga og vextir hafi ekki staðist nokkurn samanburð við okkar viðskiptalönd. Þetta hafi orðið enn þungbærara vegna verðtryggingarinnar, sem komið var á um miðjan níunda áratuginn.

Árið 1992 hafi verið það fjórða í röðinni sem botnfiskafli dróst saman vegna skerðingar á aflaheimildum. Samdrátturinn nam í heild 11% (en 13% af þorskafla) og hafði dregist saman um þriðjung á fimm árum. Heildarskuldir sjávarútvegsins námu nú 105 milljörðum króna og voru 50% hærri en útflutningstekjur greinarinnar, sem voru 70 milljarðar. „Það verður því ekki með neinu móti séð hvernig sjávarútvegurinn á að geta greitt skuldir sínar, ef svo heldur fram sem horfir, og virðist liggja beint við að fjöldi sjávarútvegsfyrirtækja verði gjaldþrota, ef ekkert verður að gert."

Í júní 1994 ákvað ríkisstjórnin að mæta aflasamdrætti með 7,5% gengisfellingu og um leið var ákveðið að afborganir sjávarútvegsfyrirtækja af lánum Atvinnutryggingarsjóðs, sem nú var orðinn deild í Byggðastofnun, fyrir árin 1994 og '95 yrðu færðar aftur fyrir aðrar afborganir og lánstíminn lengdur í 4 ár.

Það óvænta – og ánægjulega – gerðist að báðar þessar síðustu gengisfellingar skiluðu tilætluðum árangri og reyndust að mati frystihúsamanna hárréttar.

Í hvorugu tilvikanna leiddu gengisfellingarnar til víxlhækkunar kaupgjalds og verðlags, en höfðu þess í stað áhrif til lækkunar á raungengi íslensku krónunnar til augljósra hagsbóta fyrir útflutnings- og samkeppnisgreinar.

Umskipti

Árið 1993 var sjötta árið í röð sem þjóðartekjur Íslendinga lækkuðu. Vöruinnflutningur varð hins vegar 14% minni en árið áður og jöfnuður í viðskiptum við útlönd náðist í fyrsta skipti frá 1986. Verðlag var stöðugra en verið hafði um áratuga skeið og verðbólga því sem næst engin. Þrátt fyrir þessi jákvæðu teikn gætti mikillar tregðu til vaxtalækkunar hjá bankakerfinu, þar til ríkisstjórnin beitti sér fyrir aðgerðum í lok október sem leiddu til nokkurrar vaxtalækkunar. Jón Ingvarsson gerir vaxtastefnu bankanna enn að umræðuefni í aðalfundarræðunni 1994, en vextir og vaxtamunur eru þá þeir hæstu í Evrópu og Jón segir að þeir séu einn erfiðasti hjallinn til bættra lífskjara í þessu landi. „Vaxtamunurinn er svo mikill sem raun ber vitni, vegna afskrifta bankakerfisins sem skipta hundruðum milljóna í hverjum mánuði og stafa af gömlum útlánatöpum, sem núverandi viðskiptavinir bankanna eru látnir greiða. Auk þess er samkeppni milli banka hér á landi að því er útlán varðar nánast óþekkt fyrirbrigði". Meðan vextir lækka á heimsmarkaði hefur vaxtamunur afurðalána hér tvöfaldast eða úr 1,5% í 3-3,5%, en áhætta bankanna vegna þessara lána er hverfandi lítil. Á þeim rúmu fimmtíu árum, sem Sölumiðstöðin hefur starfað hefur viðskiptabanki þó aldrei tapað krónu vegna útfluttrar vöru á vegum félagsins.

Eftir langvarandi lægð í efnahagslífi þjóðarinnar frá 1988 til 1993 rofaði loks til á árinu 1994 og ýmis merki um bata komu í ljós. Stöðugt verðlag, lækkun vaxta, ásamt lágu raungengi stuðluðu meðal annars að eflingu útflutningsstarfseminnar. Þessi jákvæða þróun leiddi m.a. af sér verulegan afgang í viðskiptum við útlönd auk þess sem þjóðartekjur uxu um 3,7%, en höfðu lækkað samfellt í 6 ár þar á undan. Þá jókst landsframleiðsla um 2,8% og þess var vænst að hún yxi um 3% 1995. Verðbólgan var lægri 1995 en nokkru sinni síðan 1960. Þann skugga bar þó á, að atvinnuleysi var 5%.

Árið 1995 var stöðugleiki á flestum sviðum efnahagslífsins, annað árið í röð var verðbólga með því lægsta sem gerðist í helstu viðskiptalöndum okkar. Hagvöxtur var og þjóðartekjur vaxandi, viðskipti við útlönd jákvæð, gengi stöðugt og afkoma fyrirtækja almennt betri en áður. Þó eiga þau fyrirtæki enn í erfiðleikum sem við einhæfa landfrystingu búa.

Stjórnun fiskveiða hefur án efa haft meiri áhrif á útgerð og fiskvinnslu en nokkuð annað, og sjávarútvegurinn orðið að laga sig að gjörbreyttum aðstæðum. Fjöldi fyrirtækja hefur horfið úr rekstri og mikil samþjöppun átt sér stað í greininni. Fyrirtæki hafa sameinast, skip verið tekin úr rekstri og aflaheimildir þeirra lagðar við aflaheimildir annarra skipa. Tilkoma hlutabréfamarkaðar hefur haft veruleg áhrif á þessa þróun. Þótt fiskveiðiflotinn hafi lítt eða ekki minnkað við þetta hefur hluta af sóknarmætti hans verið beint að fiskimiðum utan lögsögunnar og heimamiðin væntanlega notið góðs af því.

Í aðalfundarræðu 1995 fjallar Jón Ingvarsson um þróun undanfarinna ára og segir: „Undanfarinn áratugur hefur verið tími mikilla breytinga og umróts í íslenskum sjávarútvegi. Sjávarútvegurinn hefur orðið að laga sig að breyttum aðstæðum vegna mikils samdráttar og rekstrarerfiðleika. Í þeim efnum hefur hann sýnt ótrúlega aðlögunarhæfni og brugðist skjótt við breyttum aðstæðum. Lögð hefur verið



Steingrímur J. Sigfússon, þáverandi samgöngumálaráðherra (lengst til hægri), heimsótti Anuga-sýninguna í Köln árið 1989. Helmut Kohl kanslari (fyrir miðri mynd, með gleraugu) frétti af ráðherranum og kom við á Íslandsbásnum, einum bása hinna norrænu þjóða á sýningunni. Þar var honum boðið upp á kræsingar og athyglisverða kynningu, enda stoppaði hann nokkrum mínútum lengur hjá hinum íslenska starfsbróður sínum en áætlað hafði verið og brá þannig út af hinni nafntoguðu þýsku nákvæmni. Í fylgd með kanslaranum voru um 100 frétta- og blaðamenn og má því fara nærri um auglýsingagildi slíkrar kynningar.

mikil áhersla á að vanda betur til í allri meðferð hráefnis, vöruvöndun aukin, og markaðsstarf ásamt vöruþróun aukið. Ennfremur hafa verið hafnar úthafsveiðar í stórum stíl og hafa þær nú verulega þýðingu fyrir íslenskan sjávarútveg."

Enn kveður við sama tón á aðalfundinum á Akureyri 1996. Þá segir Jón Ingvarsson: „Segja má, að á síðustu misserum hafi ríkt stöðugleiki á flestum sviðum efnahagslífsins hér á landi. Sér þess víða merki: verðbólga með því lægsta sem gerist í okkar helstu viðskiptalöndum annað árið í röð, auknar þjóðartekjur og hagvöxtur, viðskiptin við útlönd jákvæð, stöðugt gengi og almennt betri afkoma fyrirtækja. Þá hefur tekist að snúa vörn í sókn í uppbyggingu þorskstofnsins."

Þessi aðalfundur var sá síðasti sem haldinn var í Sölumiðstöðinni áður en henni var breytt í hlutafélag. Vonandi lofar það góðu um framtíðina, að hann skyldi enda á svo óvanalega björtum nótum, eftir áratuga þrengingar. Að minnsta kosti stakk þessi hressilegi tónn síðustu tveggja aðalfunda rækilega í stúf við ályktanir aðal- og aukafunda SH síðasta aldarfjórðunginn. Takist það ætlunarverk að auka afrakstur Íslandsmiða aftur að því hámarki, sem þau gáfu um áratuga skeið framan af þessari öld og koma flotanum í þá stærð sem hæfi veiðiþoli fiskistofnanna, ætti að vera bjart framundan fyrir íslenskan fiskiðnað í upphafi nýrrar aldar.

Annálar áranna 1985-1996

1985

Árið 1985 var mesta útflutningsár í sögu hraðfrystiiðnaðarins fram að þeim tíma. Þessi afurðasala átti þó rætur að rekja að nokkru leyti til birgða frá 1984, því frysting þorskfiskflaka og blokka dróst saman (um 5,4%) árið 1985, ýsufrysting hélt áfram að dragast saman og hafði á fjórum árum minnkað um 43,6%. Frysting karfaflaka og blokka dróst líka tilfinnanlega saman.

Þetta voru skjót og alvarleg umskipti til hins verra fyrir mörg frystihús, sem höfðu stillt sig inn á síaukna karfavinnslu á undanförnum árum, auk þess sem mikið markaðs- og sölustarf í þágu þessarar afurðar nýttist nú ekki sem skyldi.

Vaxandi útflutningur á ísuðum fiski í gámum olli fiskvinnslunni miklum áhyggjum. Þessi óunni fiskur var keyptur sem hráefni til vinnslu erlendis og naut tollaívilnana í ríkjum EBE, meðan unninn ferskur fiskur frá Íslandi var tolllagður (sjá kaflann Sótt að landvinnslunni).

Mikil breyting varð á markaðsaðstæðum í Bretlandi á þessu ári. Fiskveiðar á heimamiðum brugðust og á sama tíma minnkaði framboð frá Noregi og Danmörku. Sterlingspundið styrktist verulega eftir því sem leið á árið og varð afar hagstætt að selja þar bæði ísvarinn fisk og frystan. Sölur IFPL fóru yfir 20 milljónir sterlingspunda og jukust að verðmæti um nærri helming en um 20% að magni. Þriðju framleiðslulínunni var bætt við í fiskréttaverksmiðjunni í Grimsby og unnu nú um 200 manns hjá fyrirtækinu. Ingólfur Skúlason var ráðinn aðstoðarforstjóri en framkvæmdastjóri var sem fyrr Ólafur Guðmundsson.

Árið 1985 var annað hæsta árið í sögu Coldwater, þegar salan komst í 215 milljónir dollara. Lítilsháttar samdráttur varð þó í magni.

Útflutningur til Sovétríkjanna hafði verið nokkuð stöðugur það sem af var áratugarins, þegar nýr viðskiptasamningur fyrir 1986-'90 var undirritaður í apríl 1985. Þar voru árleg viðmiðunarmörk fyrir fryst fiskflök 20-25.000 lestir og 4-7000 lestir fyrir heilfrystan fisk. Voru þau mörk heldur rýmri en í fyrra samningi (sjá kaflann um Sovétviðskipti).

Um áramótin 1985-'86 lét Eyjólfur Ísfeld Eyjólfsson af störfum sem forstjóri SH eftir meira en 35 ára starf í sögu samtakanna. Hann varð einn af þremur framkvæmdastjórum SH eftir skipulagsbreytinguna 1962, en aðalforstjóri frá 1969.

1986

Enn var slegið met árið 1986 í útflutningi frystra sjávarafurða frá Íslandi. Að magni jókst útflutningurinn um 9% (13.700 lestir), en að verðmæti um 4,8 milljarða eða 35,4%. Gengi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum var tiltölulega stöðugt, og stafaði hin mikla verðmætisaukning í útflutningi sjávarafurða því einkum af verðhækkunum á erlendum mörkuðum, auknum útflutningi og þá sérstaklega verðmeiri afurða eins og rækju, loðnuhrogna og hörpudisks. Afkoma frystihúsanna varð betri en lengi hafði verið.

Afli þorsks, ufsa og steinbíts jókst heldur, en karfaaflinn dróst stöðugt saman og hafði minnkað um þriðjung á fjórum árum. Frystingin er á þessum tíma enn mjög mikilvæg fyrir nýtingu grálúðu, enda berst svo mikið af henni að landi að óhugsandi er að koma því öllu inn á ferskfiskmarkaði svo vel fari. Hins vegar hefur dreg-



Árið 1986 varð metár í útflutningi frystra sjávarafurða frá Íslandi. Hér standa þeir Gísli Lórenzson, verkstjóri hjá ÚA, og Magnús Gústafsson, forstjóri Coldwater í Bandaríkjunum, við álitlegan stafla, merktan húsi númer H-27 sem er frystihús ÚA. Fiskurinn á að fara vestur. Árið er 1986. Um langt árabil lagði ÚA sérstaka rækt við framleiðslu á Bandaríkjamarkað.

ið úr frystingu annarra flatfisktegunda, til dæmis skarkola, þannig að aðeins tæp 40% aflans voru fryst árið 1986 meðan rúm 70% fóru í frystingu 1983. Verð á flatfiski á ferskfiskmörkuðum Evrópu hafði verið það hátt, að gersamlega útilokað var fyrir frystinguna að keppa við það.

Skelfiskafli óx nú óðfluga og hafði aukist um rúm 80% á fjórum árum, aðallega rækjuafli, sem þrefaldast milli 1983 og '86. Á þremur árum jókst heildarútflutningur frystrar rækju úr 5.000 í 12.000 smálestir (130,5%) en verðmætið jókst um 333,3%. Mikið af rækjunni var fryst um borð í frystiskipum en jafnframt hafði rækjuvinnslustöðvum í landi fjölgað mjög og skiptu þær tugum árið 1986.

Staða markaðanna breytist mjög eftir miðjan áratuginn og á veik staða dollarans gagnvart Evrópumyntum stóran þátt í því. Hlutdeild Bandaríkjamarkaðar í af-

urðasölu SH á árunum 1981-'85 hafði verið nokkuð stöðug á bilinu 41 til 49%. Þessi markaður hafði verið öruggasti markaður SH frá 1960, enda styrkleiki hans ólíkt meiri en helstu markaða Vestur-Evrópu sem voru afar viðkvæmir fyrir verðsveiflum. Því er fátt sem bendir til þess að á þessum tíma hafi aðrir markaðir getað tekið við jafnmiklu magni og greitt fyrir jafnhátt verð og hinn bandaríski.

Þetta breytist síðari hluta níunda áratugarins. Verulegur samdráttur varð í útflutningi á Bandaríkjamarkað og lækkaði magnhlutdeild hans úr 47% í 30,5% milli 1985 og '87, en að verðmæti var hlutdeild Bandaríkjanna 59% 1985 en 46% 1986. Mitt í þessum samdrætti útflutningsins urðu mestu verðhækkanir sem orðið hafa í Bandaríkjunum og hafði verðið aldrei komist jafnhátt. Á tveimur árum, 1986 og '87, hækkaði þorskblokk úr 1,35 í 2 dali pundið. Sama var að segja um fiskflök. Árið 1987 eru flök komin í 2,45 dali pundið, en Kanadamenn og Norðmenn hækkuðu einnig sitt flakaverð og dró nú saman með þessum keppinautum. Þessar miklu verðhækkanir dugðu þó ekki til að vega á móti miklum verðhækkunum í Evrópu og hnignandi stöðu dollarans gagnvart gjaldmiðlum Evrópuríkjanna. Rekstri fiskiðnaðarverksmiðjunnar í Everett var hætt fyrir fullt og allt 1986. Jafnframt þurfti Coldwater að stórauka innkaup á ódýrari fiski annars staðar frá, til þess að geta tryggt viðskiptavinum sínum nægar verksmiðjuframleiddar vörur. Þrátt fyrir þessa erfiðleika í öflun hráefnis varð heildarsala Coldwater 1986 engu að síður sú mesta í sögu fyrirtækisins, 235,3 milljónir dala.

Útflutningur Íslendinga til EBE-ríkja stórjókst, og árið 1986 er markaðshlutdeild Frakklands orðin 6,6% og V-Þýskalands 5,5%. Á þremur árum hafði heildarútflutningur frystra sjávarafurða Íslendinga til Bretlands aukist um 13.000 smálestir (62%) og var hlutdeild Bretlands orðin 20,6%. Samanlagt tóku þessi þrjú EBE-ríki við þriðjungi frystra sjávarafurða frá Íslandi.

Þeir Gylfi Þór Magnússon, framkvæmdastjóri Hamborgarskrifstofunnar, og Benedikt Guðmundsson höfðu nú stólaskipti. Gylfi Þór tók við af Benedikt sem framkvæmdastjóri söluskrifstofu í Reykjavík, en Benedikt tók við forstöðu skrifstofunnar í Hamborg. Einnig var um þessar mundir ákveðið að setja fyrirtækinu sérstaka stjórn og voru í henni Ólafur B. Ólafsson formaður, Ágúst Einarsson og Haraldur Gíslason.

Í byrjun ársins 1986 keypti IFPL í Bretlandi fisksölufyrirtækið Brekkes, sem var meðal þekktustu heildsölufyrirtækja landsins í fisksölu. Var það rekið um nokkurra ára skeið sem sérstök eining, en þá var nokkur hluti þess seldur aftur, en það að öðru leyti sameinað starfsemi IFPL.

Eitt stærsta stökkið í sölu afurða 1986 varð þó til Japans. Mikil vinna hafði verið lögð í markaðssetningu þar á undanförnum árum og sýndu samningamenn SH bæði sveigjanleika og mikla hæfni til að nýta þau tækifæri sem buðust þar eystra. Tuttugu ára reynsla var komin á viðskiptin við Japani, sem eru meðal mestu fiskneysluþjóða heims og flytja mikið inn. Reynslan hefur þó sýnt að þeir geta verið fljótir að skipta um viðskiptasambönd, ef þeim býðst betra annars staðar. Á árinu 1986 önnuðust þeir Gylfi Þór Magnússon, Benedikt Guðmundsson og Helgi Þórhallsson markaðsmál í Japan í samráði við Friðrik Pálsson forstjóra SH. Starfið bar góðan árangur: Frá 1983 til '86 þrefaldaðist útflutningur SH til Japans (úr 3.200 í 11.500 lestir). Milli ára 1985-'86 var aukningin 106,8%, og enn hélt vöxturinn áfram með 128% aukningu 1987, en þá nam hlutdeild japanska markaðarins um fjórðungi af heildarútflutningsmagni SH.

Þær aðstæður sköpuðust árið 1986, meðal annars vegna stórminnkandi karfaafla, að ekki var unnt að framleiða upp í samninginn sem gerður hafði verið um



Verksmiðjan í Everett, stóra byggingin fyrir miðri mynd. Eftir 1986 hefur enginn verksmiðjurekstur verið þarna en þeim mun öflugri starfsemi á sviði birgðahalds, dreifingar og skipaþjónustu.

sölu til Sovétríkjanna í desember árið áður. Við uppgjör þessa máls voru vanefndir af hálfu framleiðenda alls 6.018 smálestir af flökum (30%); þar af var karfi um 23% og ufsi 47%. Áður en unnt yrði að ganga til samningaviðræðna vegna ársins 1987, varð að ná samkomulagi um uppgjör vegna 1986-samningsins. Eftir fundi í Reykjavík og Moskvu í ársbyrjun 1987 tókst að ná lausn, og tóku viðsemjendur af Rússa hálfu af mikilli sanngirni á þessu máli (sjá nánar kaflann um sovéska markaðinn).

Friðrik Pálsson tók við starfi forstjóra SH frá og með 1. janúar 1986. Friðrik hafði áður starfað fyrir Samband íslenskra fiskframleiðenda um árabil sem skrifstofustjóri og framkvæmdastjóri.

Í mars 1986 voru haldnir fundir með forvígismönnum frystihúsanna víðs vegar um land þar sem framkvæmdastjórar, deildarstjórar og frammámenn ýmissa dótturfyrirtækja kynntu starfsemi fyrirtækisins með stuttum framsöguerindum og síðan voru málin rædd við heimamenn. Fundirnir voru haldnir í Vestmannaeyjum, á



Gylfi Þór (með gleraugun) og Helgi Þórhallsson eru fyrir miðri mynd en þeir tveir, og Benedikt Guðmundsson, önnuðust markaðsmálin í Japan árið 1986. Til vinstri við tvímenningana er Már Lárusson, Neskaupstað, en Indriði Ívarsson, hjá markaðsdeild SH, er hægra megin (við hlið Helga). Aftari röð, frá vinstri; Þórir Guðmundsson, innkaupadeild SH, Páll Janus Þórðarson, verkstjóri á lager SH, Guðmundur Ásgeirsson, tæknideild, Sveinn Guðmundsson, tæknideild, Steindór Gunnarsson, Hraðfrystistöð Reykjavíkur, Jón Salvarsson, Þormóði ramma, og Gunnar Jónasson, Raufarhöfn. Myndin er tekin á aðalfundi SH 1988.

Neskaupstað, Akureyri, Ísafirði, Akranesi og í Reykjavík og framsöguerindi fluttu þeir Hjalti Einarsson, framkvæmdastjóri tækni- og þjónustusviðs, Össur Kristinsson, deildarstjóri tæknideildar, Þórir Guðmundsson, deildarstjóri innkaupadeildar, Ólafur Gunnarsson, framkvæmdastjóri markaðs- og flutningssviðs, Gylfi Þór Magnússon, framkvæmdastjóri söluskrifstofu í Hamborg, Ingólfur Skúlason aðstoðarframkvæmdastjóri IFPL í Grimsby, Hermann Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri Umbúðamiðstöðvarinnar hf. og Bjarni Lúðvíksson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs.

Forstjóri og stjórnarformaður sátu auk þess fundina eftir því sem við varð komið. Á þessum fundum var farið yfir öll þau mál sem efst voru á baugi í félaginu um þær mundir: Afkomumálin, verðfellingarkerfið, yfirstandandi loðnuvertíð og viðskiptin við Japani, útselda vinnu tæknideildar, umbúðir og starfsemi lagers, starfsemi dótturfyrirtækjanna erlendis, sölur á ferskum fiski í gegnum SH og kaup IFPL í Grimsby á Brekkes, upplýsingamiðlun milli framleiðenda og kaupenda, nýjar pakkningar og frammistöðu SH í baráttunni fyrir að ná jafnan sem hæstu verði á mörkuðunum.

Rúmlega 100 frammámenn frystihúsanna sóttu þessa fundi.

1987

Heildarafli ársins 1987 af Íslandsmiðum var 1.577.000 lestir. Afli þorsks, karfa og ufsa óx frá fyrra ári, en aðeins rúmur þriðjungur aflans fór í frystingu. Sömu þróunar gætti varðandi flestallar fisktegundir og var þetta sérstaklega áberandi í flatfiski. Af heildarafla þeirrar tegundar fóru 87% í frystingu 1983 en aðeins 55% 1987. Meginástæðan fyrir minnkandi frystingu var stóraukinn útflutningur á fiskmarkaði í Vestur-Evrópu og aukin söltun. Einnig mátti rekja þessa þróun „að einhverju leyti til innlendu uppboðsmarkaðanna, þar sem „vasaframleiðendur" hafa tök á að yfirbjóða í hráefnið í skjóli þess að þeir vinna fiskinn við mun lakari skilyrði og lægri fjárfestingarkostnað á framleidda einingu heldur en fullkomnar og vel útbúnar fiskvinnslustöðvar".[7]

Þrátt fyrir þetta varð árið 1987 enn eitt metárið í frystingu bæði hjá SH og SÍS, og stafaði það fyrst og fremst af stóraukinni frystingu um borð í frystiskipum. Sjófrystingin tók mikið stökk, eða um 8.000 lestir (147,8%) milli ára. Þessi aukning var í samræmi við fjölgun frystitogara, en að sjálfsögðu neikvæð fyrir hraðfrystihúsin, sem einnig þurftu að berjast við afleiðingar sívaxandi útflutnings á óunnum fiski. (Sjá kaflann Sótt að landvinnslunni).

Verð á flökum í Bandaríkjunum hafði aldrei verið hærra en nú í dollurum talið, 2,60 á pundið, og hafði hækkað um nærri 45% á rúmu ári. Samkeppnisvörur, eins og nautakjöt og kjúklingar, hækkuðu þó miklu minna. Varð 20% samdráttur hjá Coldwater að magni og tæp 7% að verðmæti og salan því um 220 milljónir dollara.

Breski markaðurinn var mjög erfiður og samkeppnin hörð við ísaðan fisk og breska framleiðendur, sem bjuggu við lægri framleiðslukostnað en íslenski hraðfrystiiðnaðurinn. Varð nokkur samdráttur í sölu á flökum en aukning í heilfrystum fiski og rækju.

Í lok ársins 1987 lét Ólafur Guðmundsson af störfum sem forstjóri IFPL eftir fjögurra áratuga starf hjá SH, og tók Ingólfur Skúlason við af honum. Frá áramótum 1988 varð sú breyting á skipan sölusvæða í Evrópu að ákveðið var að Frakkland, Belgía og Luxemburg heyrðu undir skrifstofuna í Reykjavík í stað Grimsby. Ólafi Guðmundssyni var falið að vinna að þessum breytingum með aðsetur að hluta til í Frakklandi.

Hlutdeild Vestur-Þýskalands hafði verið að aukast jafnt og þétt um þriggja ára skeið. Á þessu ári varð aukning að magni um 25% og um 20% að verðmæti.

Það var þó Japansmarkaður sem tók stærsta stökkið með magnaukningu um nærri 130%. Tók japanski markaðurinn nú við fjórðungi af afurðamagni SH. Mikil eftirspurn var í Japan eftir sjófrystum fiski og seldi SH þangað um 4.000 tonn af afurðum frystitogara.

Á aðalfundi 1987 gerir forstjóri SH, Friðrik Pálsson, hlutverk SH að umtalsefni. Samtökin séu fyrst og fremst sölusamtök, en þó sinni þau ýmsum öðrum þjónustustörfum fyrir félagsmenn. Meðal þeirra sé seta í nefndum og ráðum sem fjalla um málefni framleiðenda, eins og Verðlagsráði, Verðjöfnunarsjóði og Fiskveiðasjóði. Sú spurning sé áleitin, að hve miklu leyti, og á hvaða sviði, SH eigi að sinna hagsmunagæslu fyrir félagsmenn. Hann vísar til þess hvað útgerð og fiskvinnsla séu nátengd, og hvað línur verði óskýrar af þessum sökum í nefndum þar sem tekist sé á um hagsmuni útgerðar og fiskvinnslu. Sömu mennirnir kunni að lenda sitt hvorum megin borðsins eftir því í hvaða nefnd þeir sitji hverju sinni. Friðrik álítur þetta fyrirkomulag úrelt og segir: „Þið hafið flestir hverjir beinna hagsmuna að

gæta bæði í útgerð og fiskvinnslu. Ég fullyrði, að tæpast eru nokkur þau hagsmunamál brýnni til úrlausnar en sá vandi, sem stafar af úreltri uppskiptingu atvinnurekenda í andstæðar fylkingar. Ég hef áður sett fram hugmynd um að stofnuð yrðu samtök atvinnurekenda í sjávarútvegi (SAS) og hefðbundinni hagsmunatogstreitu þar með formlega hætt."

Þann 29. september sama ár var samþykkt að taka þátt í stofnun Samstarfsnefndar sjávarútvegsins (SAS). Hlutverk nefndarinnar var fyrst og fremst að fylgjast með þróun Evrópubandalagsins með tilliti til hagsmuna sjávarútvegsins, vinna að alhliða innlendri kynningu á sjávarútveginum og stofna upplýsingabanka um þróun sjávarútvegsins í samkeppnislöndum. Magnús Gunnarsson var ráðinn framkvæmdastjóri.

Í nóvember 1987 veitti viðskiptaráðherra, Jón Sigurðsson, sex nýjum aðilum leyfi til útflutnings á freðfiski til Bandaríkjanna. Þarna var um grundvallarstefnubreytingu stjórnvalda að ræða. Stjórn SH mótmælti þessari ákvörðun ráðherrans og benti meðal annars á, að sameinaðir hafa Íslendingar yfir nægilega miklu og fjölbreyttu framboði að ráða til að vera í forystu um verðmyndun og þar með skila framleiðendum og þjóðarbúinu í heild hæsta verði.

1988

Á aðalfundi, sem haldinn var 5.-6. maí 1988, fór fram mikil endurskoðun á gildandi lögum og samþykktum félagsins. Veigamesta breytingin var sú, að í staðinn fyrir eitt atkvæði fyrir hvert hraðfrystihús, skyldi atkvæðavægi fara eftir útflutningsverðmæti og eignarhlutfalli (sjá kafla um lög og lagabreytingar).

Ýtarlegar umræður fóru einnig fram um taprekstur IFPL í Grimsby á undanförnum árum, en niðurstaðan varð sú að halda þeim rekstri áfram. Þrátt fyrir skipulagða og öfluga markaðssókn á breska markaðnum var erfitt að auka sölumagnið. Í fjögur ár hafði árlegt heildarmagn íslenskra útflytjenda staðið í stað í um 30.000 smálestum. Fiskflök og blokkir höfðu að meðaltali verið um 22.700 smálestir á ári, en 1988 var magnið aðeins 18.600 lestir, eða um 18% undir meðallagi síðustu þriggja ára. Mörgum fannst því uppskeran rýr miðað við þá fyrirhöfn og fjármagn, sem lagt hafði verið í að bæta stöðuna í Bretlandi. Fram að þessu hafði SH þó haldið nokkuð sínum hlut með um 35-40% markaðshlutdeild af sölu frystra afurða til Bretlands. En árið eftir dróst sala SH saman og hlutdeild hennar fór niður í 27%. Brostnar vonir manna um aukna sölu frystra sjávarafurða til Bretlands voru að miklu leyti raktar til útflutnings á ísuðum fiski í gámum og úr fiskiskipum, sérstaklega frá Íslandi. Árið 1988 var heildarútflutningur á ísuðum fiski orðinn 109.000 tonn og fór sívaxandi. Þessi útflutningur stóð í samkeppni við frystinguna um hráefnið og hafði hlutdeild frystihúsanna í nýtingu verðmætra fisktegunda farið lækkandi ár frá ári og komist í algert lágmark 1987.

Árið 1988 jókst hlutdeild frystingar í vinnslu á þorskaflanum um 20.000 tonn frá fyrra ári, og varð tæp 43%. Þetta var þó alltof lágt miðað við framleiðslugetu frystihúsanna.

Grálúðuaflinn jókst um 5.000 tonn milli ára og með því jókst hlutdeild frystingar í flatfiski, en skarkoli og lúða fóru þó sem áður í sölu gegnum beinar siglingar eða gáma.

Markaðshlutdeild Bandaríkjanna í útflutningi flaka og blokka fór hríðlækkandi um miðjan níunda áratuginn, úr 60% 1984 í 37,5% 1988. Í skýrslu stjórnar 1988 segir: „Margir samverkandi þættir koma við sögu í þessari þróun niður á við, með-



Árið 1982 var verksmiðjan í Grimsby tekin í notkun. Hér má sjá nokkur dæmi um framleiðslu hennar en erfiðlega gekk að hasla afurðum hennar þann völl í Bretlandi sem eigendurnir heima á Íslandi óskuðu.

al annars veikari staða dollarans gagnvart helstu gjaldmiðlum, svo sem sterlingspundi, þýsku marki og yeni. Þá hafa sterkir markaðir fyrir saltfisk og hagstæðir ferskfiskmarkaðir veikt samkeppnisstöðu hraðfrystiiðnaðarins um hráefni. Án nokkurs vafa kom framkvæmd svonefndrar fastgengisstefnu harðast niður á hraðfrystiiðnaðinum, samfara mikilli hækkun alls tilkostnaðar við framleiðsluna. Þetta framkallaði meðal annars skort á nauðsynlegum vörum fyrir ákveðna markaði, þar á meðal Bandaríkjamarkað. Við það töpuðust verðmæt viðskiptasambönd þar sem viðkomandi aðilar urðu að útvega sér frystan fisk annars staðar. Segja má að útflutningur á fiski til Bandaríkjanna sé svipur hjá sjón hjá því sem hann var fyrir þremur árum og fyrr".

Á árinu 1988 urðu svo gífurlegar verðlækkanir á frystum sjávarafurðum á Bandaríkjamarkaði, sérstaklega blokkum. Af hálfu helstu seljenda var reynt að halda uppi verði á frystum flökum, en þar var við ramman reip að draga. Andstöðu við fisk og fiskafurðir gætti hjá bandarískum neytendum og hafði mikil umræða um sjávarmengun og losun ýmissa eiturefna í hafið haft neikvæð áhrif og dregið úr neyslu fisks á þýðingarmiklum sölusvæðum. Í þessari erfiðu stöðu þurftu íslensku fyrirtækin í Bandaríkjunum, þar á meðal Coldwater, að heyja mikla varnarbaráttu fyrir markaðsstöðu sinni. Meðal annars varð að lækka verulega verðið á flökum frá Íslandi um áramótin 1987-'88 til að mæta óvæntum verðlækkunum annarra í harðnandi samkeppni. Aftur þurfti Coldwater að lækka verð í maí 1989. Í árslok 1987 var verð á þorskblokk 2 dollarar á pundið, en hafði verið 1,60 í ársbyrjun. Það fór hríðlækkandi eftir því sem leið á árið 1988 og var komið niður í 1,25 í september en endaði í 1,40 í árslok. Ýsublokk lækkaði úr 1,90 í 1,60 og ufsablokk úr 1,03 í 80 cent.

Eftir nokkuð jafnan vöxt í Vestur-Þýskalandi undanfarin ár stóðu sölur þar í stað bæði að magni og verðmæti á þessu ári. Sama var að segja um Japan. Þar varð nú nokkur afturkippur eftir þriggja ára samfelldan vöxt. Samt hafði salan þangað fjórfaldast að magni á fjórum árum. Breiddin í útflutningnum var nú orðin miklu



Á aðalfundi SH 1989 gekk Gísli Konráðsson úr stjórn Sölumiðstöðvarinnar þar sem hann hafði setið síðan 1962 og haft mikil áhrif. Í hans stað kom Gunnar Ragnars er hafði þá tekið við forstjórastarfi hjá ÚA af Gísla. Þegar þetta gerðist hafði stjórn SH verið óbreytt síðan 1986. Hér er Gísli (í miðið) með starfsfélaga sínum til margra ára, Vilhelm Þorsteinssyni, og eftirmanni, Gunnari Ragnars (til vinstri).

meiri. Auk loðnuafurðanna, sem þessi markaður hafði áður byggst á, var nú mikið selt af sjófrystum karfa, grálúðu, síld og rækju.

Haustið 1988 voru óvenjulegar sviptingar í stjórnmálum og efnahagsmálum, þegar stjórn Þorsteins Pálssonar féll og stjórn Steingríms Hermannssonar tók við. Þann 16. nóvember efndi stjórn SH til félagsfundar vegna erfiðra rekstrarskilyrða frystingarinnar og óvissuástandsins í atvinnu- og efnahagsmálum.

Forsætisráðherra, Steingrímur Hermannsson, kom á fundinn og flutti ávarp.

1989

Árið 1989 var heildarafli 1.500.000 lestir, og var 250.000 lesta samdráttur frá fyrra ári, einkum í loðnuafla. Flatfiskafli hafði aukist um tæp 58% á þremur árum, og hlutdeild frystingar í honum stóraukist. Vó grálúðan þar þyngst á metunum. Árið var með hinum bestu í loðnufrystingu og voru frystar 22.000 smálestir alls af loðnu en 3.200 lestir af loðnuhrognum.

Þetta ár voru slegin öll fyrri met í útflutningi frystra sjávarafurða, og voru í heild flutt út 190.000 tonn (20% aukning, eða um 30.000 tonn frá fyrra ári). Til skamms tíma höfðu um eða yfir 90% allra útfluttra frystra sjávarafurða frá Íslandi farið gegnum SH eða SÍS. Á þessum árum er þetta að breytast og árið 1990 fer sala á um fjórðungi heildarfrystingar fram utan SH og SÍS. Verulegur hluti rækjuaflans hafði þó alltaf farið í gegnum umboðsaðila og með vaxandi rækjuveiðum fer hlutdeild SH og SÍS í heildarútflutningi lækkandi og er í lok áratugarins um 80%, bæði á vegum frystihúsa og frystitogara. Sé hins vegar aðeins litið á styrkleikahlutföll þessara tveggja fyrirtækja á þessum árum er SH aðeins að vinna á, úr 61% hlutdeild á móti 39% 1985, í 65,5% á móti 34,5% 1989. Sérstök nefnd var sett á laggirnar til að skoða, hvernig mætti styrkja stöðu SH í rækjusölu og sölu á afurðum frystitogaranna. Að tillögu nefndarinnar var stjórninni veitt heimild til að veita þessum aðilum lán og fyrirgreiðslu til hagræðingar og uppbyggingar, ef þeir



Japanskur stórmarkaður. Loðnan dregur að sér húsmæðurnar og Íslendingar njóta góðs af. Árið 1989 opnaði SH markaðsskrifstofu í Tokyo og í nóvember 1990 var stofnað dótturfyrirtæki SH þar í borg.

fælu SH afurðir sínar til sölu. Síðan hefur SH verulega styrkt stöðu sína á þessum sviðum, eins og síðar kemur fram.

Árið 1989 helst sala til Bandaríkjanna í svipuðu horfi og árið áður. Á aðalfundi árið eftir segir formaðurinn að þau ánægjulegu umskipti hafi orðið í rekstrinum að hann hafi snúist úr tapi 1988 í hagnað, en áhyggjuefni sé að velta fyrirtækisins hafi staðið í stað í tvö ár og raunar dregist saman, sé miðað við árið 1984. Gera þyrfti átak til að tryggja Coldwater stöðugt framboð af fiski.

Samdráttur er í sölu til Bretlands, eins og að ofan er getið, og tap á verksmiðjurekstrinum og starfsemi Brekkes er hætt um haustið vegna lélegs gengis.

Starfsemi Þýskalandsskrifstofunnar á hins vegar góðu gengi að fagna.

Í ársbyrjun 1989 var fyrirtækið Icelandic Freezing Plants Eur. Ltd. stofnað í Frakklandi, og skrifstofan flutt til Parísar frá Boulogne sur Mer. Lúðvík Börkur Jónsson var ráðinn framkvæmdastjóri.

Japansmarkaður sótti í sig veðrið aftur eftir nokkurn samdrátt árið áður. Þann 12. janúar 1989 samþykkti stjórn SH að forstjóra yrði falið að ganga frá stofnun markaðsskrifstofu í Japan. Í samþykkt stjórnar segir að hugmyndin sé engu að síður sú, að hin eiginlega sölustarfsemi milli SH og japanskra kaupenda fari fram, eins og hingað til, í gegnum innkaupaskrifstofur Japana í Evrópu eða beint til Japans eftir því sem henta þyki í hverju tilviki. Síðar kunni markaðsskrifstofan að taka upp beinar sölur, en það verði tíminn að leiða í ljós.

Gerð var tilraun með að senda 10 tonn af ferskum fiski með flugvél til Japans þann 11. janúar. Varð hann að hafa verið veiddur innan sólarhrings. Tilraunin gafst nokkuð vel en flutningsgjald var hátt, 3 dollarar á kíló, og varð ekki framhald á þessum flutningum.

Nú fóru erfiðir tímar í hönd í Sovétríkjunum. Heildarmagn samnings fyrir 1989 var komið niður fyrir 9.700 tonn og var verðlækkun töluverð (5,3%), sem endurspeglaði þróun markaðsmála almennt frá árinu áður. Í desember 1989 og febrúar 1990 var samið um sölu á samtals 10.000 tonnum.



Vorið 1989 voru Útflutningsverðlaun forseta Íslands veitt í fyrsta sinn og féllu SH í skaut. Jón Ingvarsson hampar viðurkenningarskjalinu sem frú Vigdís Finnbogadóttir, forseti Íslands, hefur afhent.

Á árinu 1989 lét Gísli Konráðsson af störfum sem framkvæmdastóri Útgerðarfélags Akureyringa, en hann hafði í áratugi setið í stjórnum SH og dótturfyrirtækja. Einnig lét Helgi Ingimundarson, skrifstofustjóri SH, af störfum eftir rúmlega 30 ára starf í þágu félagsins.

1990

Mikil gróska var í útflutningi sjávarafurða 1990 og erfitt að segja til um hvaða vinnslugrein vegnaði best í vinnslu og sölu. Ekki fer þó á milli mála að mest er hlutdeildaraukningin í frystum sjávarafurðum og var árið frystitogurunum sérstaklega hagstætt.

Útflutningur fersks og ísvarins fisks hélt áfram að aukast og fór í 140.000 lestir 1990, en heildarútflutningsverðmætið var 12 milljarðar.

Veik staða dollarans stórspillti markaðsstöðunni í Bandaríkjunum og hafði hlutdeild einstakra markaða í útflutningi sjávarafurða frá Íslandi breyst mjög á undanförnum fjórum árum: Hlutdeild Sovétríkjanna lækkaði um helming, úr 7% í 3,5%; Bandaríkjanna sömuleiðis úr 30,6% í 16,4%; en markaðsstaðan í Frakklandi og Vestur-Þýskalandi stórefldist og hafði útflutningur til þessara landa tvöfaldast á þessum tíma. Árið 1990 gekk rekstur Þýskalandsskrifstofunnar prýðilega og varð tæpra 30% söluaukning á milli ára, en um 50% að verðmæti í þýskum mörkum. Þar seldust nú um 16,5 þúsund lestir. Í Frakklandi voru seldar 17.300 smálestir, sem var fjórðungs aukning í magni, en 102% aukning að verðmæti frá árinu áður.

Frá sjónarmiði gengisbreytinga styrktist markaðsstaðan á árinu einkum í Frakklandi og Bretlandi, en meðalgengi dollarans var svo til óbreytt.

Hlutdeild Íslands í sölu frysts fisks á breska markaðnum hafði aukist jafnt og þétt og var rúmlega fjórðungur af heildarmagni árið 1990, en hlutdeildin í innflutningi á ísuðum fiski nam 60%, eða 64.000 tonnum.

Stjórn SH veitti í upphafi ársins dótturfyrirtækinu í Bretlandi tveggja milljóna punda víkjandi lán og fór nú hagur þess að færast til betri vegar. Framkvæmdastjóraskipti urðu á árinu og tók Agnar Friðriksson við af Ingólfi Skúlasyni.



Helgi Þórhallsson og Jón Magnús Kristjánsson (til hægri) ræða tugmilljóna loðnusamninga við japanska kaupendur á hótelherbergi í Tokyo. Fyrir daga landnáms SH í Japan var algengt að slíkir fundir færu fram þar sem íslensku samningamennirnir gistu. Þegar SH stofnaði dótturfyrirtæki í Japan hinn 15. nóvember 1990 tók Helgi við framkvæmdastjórn þess. Jón Magnús hélt þá um þræðina heima á Íslandi en 1994 sagði Helgi upp og tók Jón Magnús þá við stjórnartaumunum í Tokyo.

Í Bandaríkjunum hélt verð á blokk og flökum áfram að hækka. Meðalverð á þorskblokk fór yfir 2 dollara pundið, á þorskflökum nálgaðist verðið 3 dollara, og yfirleitt vantaði fisk á markaðinn. Til þess að tryggja helstu viðskiptaaðilum sínum lágmarksmagn af vörum varð Coldwater að leita víða fanga, og keypti fisk frá Alaska, Kanada, Suður-Ameríku og Danmörku, auk Færøya Fiskasølu, sem það hafði selt fyrir í tvo áratugi. Skorturinn á fiski sagði til sín í heildarsölu Coldwater, sem nam 195 milljónum dollara, en 5,3 milljón dollara samdráttur varð frá fyrra ári (2,6%).

Eins og áður er getið hafði stjórninni verið falið að vinna að uppsetningu söluskrifstofu í Japan. Var hún formlega opnuð 15. nóvember 1990 og voru þeir Friðrik Pálsson forstjóri og Gylfi Þór Magnússon framkvæmdastjóri viðstaddir, en forstöðumaður skrifstofunnar var Helgi Þórhallsson.

Nú fór að halla bratt undan fæti í viðskiptum við Sovétríkin. Eins og áður segir voru gerðir tvennir samningar við Sovrybflot um sölu 1990, sá síðari undirritaður 22. febrúar. Samtals var samið um sölu á tæpum 10.000 tonnum og var hlutur SH 2/3. Þegar greiðsluerfiðleika varð vart, var framleiðsla stöðvuð. Þá var lokið afskipunum á 45% samningsins (4.660 tonnum) og 615 tonna birgðir voru eftir í landinu. Eftir var að framleiða 1.400 tonn og féllust Sovétmenn á að fella niður eftirstöðvar samningsins. Þróun mála í Sovétríkjunum var mönnum áhyggju- og umhugsunarefni, og þreifuðu menn fyrir sér hvort takast mundi að finna einhvern þann aðila í Rússlandi er gæti greitt fyrir íslenskar sjávarafurðir á samkeppnisfæru verði. Loks tókst að selja mestan hluta birgðanna til annarra landa, en nokkur óþægindi hlutust óneitanlega af þessari skipan mála.

SH hefur ekki farið varhluta af þeim miklu breytingum sem orðið hafa í viðskiptaumhverfi fyrirtækjanna á síðustu árum. Hófust umræður um nauðsyn margvíslegra lagabreytinga til að halda félaginu í takt við tímann þegar á árinu 1986, og er þeirra getið annars staðar.

Á árinu 1990 fór mikill tími í umfjöllun um uppbyggingu fyrirtækisins og innra skipulag. Ákveðið var að fá Hagvang til að gera nýtt skipurit fyrir félagið. Nokkru fyrir aðalfund skipaði stjórnin nefnd til að fjalla um skipulagsmálin og nauðsyn



Finnbogi Jónsson, Neskaupstað, var einn þeirra sem sæti átti í Framtíðarnefndinni svokölluðu.

breytinga á samþykktum félagsins og var kölluð Framtíðarnefnd. Í henni áttu sæti Jón Ingvarsson stjórnarformaður, Friðrik Pálsson forstjóri, Jón Páll Halldórsson, Finnbogi Jónsson, Gunnar Ragnars og Sigurður Einarsson. Nefndin lagði fyrir aðalfund tillögu um breytingu á 20. grein samþykkta SH, sem kvað á um að engin breyting yrði gerð á þeim ákvæðum laganna, sem bundin væru með ákvæði í stofnsamningi. Með þessu ákvæði var einstökum félagsmönnum í raun veitt neitunarvald og vildi nefndin færa það til lýðræðislegri áttar með ákvæðum um tilskilinn meirihluta. En til þess að breytingin næði samþykki þurfti samþykki allra félagsmanna. Einn þeirra snerist gegn því og hélst svo ákvæði þetta allt til slitafundar samtakanna 1996.

Á stjórnarfundi 10. október 1990 skilaði nefndin áfangaskýrslu. Stjórnin ræddi skýrsluna aftur á fundi 16. október en vísaði henni síðan til sérstaks félagsfundar SH sem haldinn var 17. október. Á þessum félagsfundi urðu mjög líflegar umræður um málið.

Nefndin tók afstöðu til þeirrar hugmyndar að breyta SH í hlutafélag. Meirihluti nefndarinnar, 5 nefndarmenn af 6, taldi ekki ástæðu til að breyta um félagsform. Við atkvæðagreiðslu í stjórninni höfðu atkvæði líka fallið 6:1 á móti breyttu félagsformi. Þorri fundarmanna á félagsfundinum var samþykkur þessari afstöðu meirihluta stjórnar og Framtíðarnefndar. Sigurður Einarsson sagði að niðurstaða meirihlutans ylli sér vonbrigðum, en þó væri gott að niðurstaða væri fengin.

Á þessum félagsfundi var að öðru leyti ítarlega rætt um starfsemi samtakanna, stöðu og framtíðarhorfur.

Á þessum árum urðu nokkrar umræður um hlutverk Verðjöfnunarsjóðs. Friðrik Pálsson gerir hann að umræðuefni í aðalfundarræðu árið 1987 og bendir þá á, að þótt sjóðurinn hafi í upphafi verið þarfur og í vissum tilfellum jafnað sveiflur, eins og honum var ætlað að gera, verki hann nú sem hemill á möguleika fiskvinnslunnar til að keppa um hráefnið við erlenda fiskkaupendur. Sjóðurinn hvetji nú í reynd til útflutnings á óunnum fiski.

Árið 1990 leggur stjórn SH til að fyrirtækin fái sjálf að leggja í skattfrjálsan varasjóð til að mæta tekjusveiflum í útflutningi og verðjöfnun komi þannig inn í fyrirtækin. Árið 1991 leitar Sjávarútvegsnefnd Alþingis álits SH vegna breytinga á lögum um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins. Stjórn SH ítrekar fyrri afstöðu sína og leggur til að sjóðurinn verði lagður niður. Af því leiðir að stjórnin sér ekki ástæðu til að fjalla um efnislegar breytingar á starfi sjóðsins.

1991

Mikill samdráttur varð í heildarafla árið 1991, einkum vegna loðnubrests. Heildaraflinn varð rúmar 990.000 smálestir og hafði dregist saman um 453.000 lestir frá árinu áður. Árið er hins vegar metár í útflutningi frystra sjávarafurða frá Íslandi, bæði að magni og verðmæti. Að magni varð aukningin rúmar 4.000 smálestir (2,25%), en verðmætið jókst um 6 milljarða (17%). Hér um réði fyrst og fremst hærra verð fyrir afurðirnar, nokkur aukning í dýrari vöruflokkum eins og humri, og batnandi staða veigamikilla gjaldmiðla.

Útflutningur SH til Frakklands nam 17.900 lestum og var Frakkland nú orðið þriðji stærsti markaður okkar að verðmæti en fjórði að magni.

Útflutningur SH til Bretlands var svipaður og árið á undan en söluaukning fyrirtækisins var umtalsverð, eða um 12%.

Útflutningur ísaðs fisks dróst nú saman í fyrsta sinn í mörg ár, um 44.000 smá-



Um borð í loðnubáti. Mikill samdráttur varð í loðnuveiðum íslenska flotans 1991. Til að bæta gráu ofan á svart gerðist það þetta sama ár, í fyrsta skipti síðan 1953, að ekki einn einasti uggi var seldur til Sovétríkjanna.

lestir (31,6%), og varð 95.000 smálestir. Hins vegar lækkaði verðmæti þessa útflutnings aðeins um 13,5% (1.600 milljónir). Þessi þróun benti til skynsamlegri stefnu varðandi nýtingu uppboðsmarkaðanna í Evrópu en verið hafði.

Þann 1. ágúst tók Kristján Hjaltason við forstöðu Hamborgarskrifstofu af Benedikt Guðmundssyni.

Nokkur samdráttur varð í magni á Þýskalandsmarkaði, en verðmæti hækkaði nokkuð milli ára í þýskum mörkum. Í Japan varð hins vegar nokkur magnaukning.

Þau merku umskipti urðu árið 1991, að í fyrsta skipti í samfelldri viðskiptasögu Íslands og Sovétríkjanna í 37 ár, allt frá árinu 1953, var ekkert selt til þessa svæðis. Í kjölfar upplausnar Sovétríkjanna var mikið rót á öllu stjórnarfari og rík tilhneiging til að losa sem mest um fyrri tengsl og miðstýringu í efnahags- og atvinnumálum. Af hálfu SH fóru samt fram viðræður við aðila þar austur frá, en grundvöllur til viðskipta reyndist ekki til staðar þegar á átti að herða.

1992

Árið 1992 var heildarfrysting landsmanna 190.000 tonn, og útflutningur SH 83.200 tonn (42%). Verðþróun var framleiðendum óhagstæð á flestum mörkuðum að undanskildum Bandaríkjamarkaði. Þar hélst verð nokkuð stöðugt auk þess sem dollarinn styrktist umtalsvert.

Japan, Kórea og Tævan keyptu rúmlega 18.400 tonn (22%), Frakkland 17.500 tonn (21%), Bandaríkin 17.000 tonn (20%), Þýskaland 15.600 (19%) og Bretland 12.600 tonn (15%). Að magni er hlutdeild því að jafnast milli markaðanna, en það sama verður ekki sagt um verðmætið. Bandaríkin skiluðu 28%, Frakkland 20%, Þýskaland 18%, en Bretland og Japan 16% hvort. Bandaríkin kaupa sem fyrr aðallega beinlaus, roðlaus flök og flakastykki, en Japan mest heilfrystan karfa og einnig mikið af verðminni uppsjávartegundum.


Umbúðalagerinn við Héðinsgötu stækkaður



Þann 15. ágúst 1991 var viðbyggingin, (skemman næst á myndinni eða þriðja burstin talið frá stóru blokkinni við Kleppsveginn), opnuð við hátíðlega athöfn. Skemmurnar fjær (tvær burstir) voru byggðar árið 1959 og voru fyrstu vöruhúsin sem SH átti. Áður höfðu samtökin leigt húsnæði úti um alla borg, til dæmis í Slipphúsinu, í kjallara Neskirkju, sem þá var í byggingu, og í Tívolígarðinum við Njarðargötu. Það voru mest umbúðir sem geyma þurfti á þessum árum en þær voru þá aðalsöluvarningur SH innanlands. Seinna fjölgaði vöruflokkum mjög þegar tekið var að selja færibönd, ammóníak, klórgas og ýmiss konar tæki til fiskvinnslu. Nýjasta burstin, var viðbót við þetta geymslu- og þjónustuhúsnæði innkaupadeildar SH. Henni lýsti Jón Ingvarsson svo á opnunardegi byggingarinnar: „Húsið, sem við erum stödd í er 1.587 fermetrar að grunnflatarmáli og með 2. og 3. hæð samtals tæplega 2.000 fermetrar. Rúmmál þess er um 12.300 rúmmetrar."



Guðmundur Björnsson, innkaupastjóri lagers, og Ólafur Baldur Ólafsson, til hægri.



Meðal veislugesta voru þessir heiðursmenn mættir til að lyfta glasi í tilefni dagsins. Frá vinstri; Guðmundur Thorlacius, fyrrverandi skipstjóri og hleðslumaður á vegum SH, Gísli Jónsson, lagerstjóri frá 1948 til 1981, Bjarni Guðjónsson, fyrrverandi starfsmaður SH, Kristberg Magnússon, frá tæknideild SH, og Jón Þorleifsson, sölumaður á lager. Í áraraðir fóru þeir Bjarni og Kristberg árlega í hvert einasta frystihús innan SH og ráðlögðu um tækjabúnað, kynntu nýjungar á því sviði og hleruðu eftir þörfum vélstjóranna. Báðir höfðu þeir Bjarni og Kristberg mikla reynslu af frystivélum. Bjarni hafði til dæmis unnið hjá Vélsmiðjunni Héðni og sem vélstjóri hjá Jöklum þar sem Kristberg starfaði líka lengi áður en hann kom í land.




Horft yfir hluta boðsgesta. Páll Janus Þórðarson, verkstjóri á lager, er lengst til vinstri.



Þórir Guðmundsson, fyrrverandi innkaupastjóri SH, styður hendi á mjöðm og Gunnar A. Jónsson, afgreiðslumaður á lager, en hann hafði áður haft sama starfa í Jöklaskemmunum.



Teknir til starfa í nýju húsi. Páll Janus, verkstjóri, hallar sér að farminum, en hann hóf störf á lagernum hjá SH þann 4. júní 1975. Gísli Jónsson var þá yfirverkstjóri á lager en lét af þeim starfa árið 1981 sökum aldurs og tók Páll Janus við af honum. Lagerstjórar SH höfðu þá verið þrír frá upphafi; Friðjón Stephensen, sá fyrsti, síðan Gísli frá 1948 og þá Páll Janus. Helgi Guðmundsson, bílstjóri á lager, gerir upp bandspotta, en hann byrjaði fyrst á lagernum í apríl 1947, þá sextán ára, og hefur unnið þar samfleytt síðan að slepptum tveimur sumarvertíðum þegar hann fór á síld. Jón Þorleifsson sölumaður brosir út að eyrum.



Guðfinnur Einarsson lét af stjórnarsetu á aðalfundi SH 1992 en hann hafði þá verið í aðalstjórn samtakanna samfleytt síðan 1961, eða lengur en nokkur annar, og í stjórn Coldwater frá 1962, þar af stjórnarformaður frá 1977 til 1992, en hann lét af stjórnarstörfum hjá Coldwater 1993.

Hagnaður Coldwater nærri þrefaldaðist á milli ára, fór úr 700 þúsundum í tvær milljónir dollara. Þennan mikla hagnað mátti rekja til þess að verksmiðjan tók að sér að framleiða mikið magn af smásöluvöru fyrir Campbell Soup, sem misst hafði verksmiðju sína í bruna.

Á aðalfundi 1992 gerði stjórnarformaður SH, Jón Ingvarsson, grein fyrir miklum breytingum sem orðið höfðu á breska markaðnum og reyndust okkur hagstæðar. Fiskveiðar í Bretlandi höfðu dregist mjög saman og voru nú aðeins 6% af þorskneyslu Breta af afla heimabáta. Það, sem á vantaði, var því flutt inn, ýmist sem ísaður, óunninn fiskur, eða fryst flök og blokkir. Í ársbyrjun 1991 tóku gildi ný lög um neytendavernd sem kváðu á um hert eftirlit með framleiðsluferli vörunnar og aukið hreinlæti. Þetta hafði í för með sér verulegan kostnaðarauka fyrir framleiðendur og margir heltust því úr lestinni, – ótvírætt í hag IFPL, sem stóð vel að vígi.

Frakklandsskrifstofan beitti sér fyrir auknu markaðsstarfi og þrefaldaði söluna til Spánar og Portúgals. Mikil áhersla var lögð á smásölumarkaðinn í Frakklandi, og höfðu 14 nýjar pakkningar verið hannaðar undanfarin tvö ár til dreifingar til heildsala með prýðilegum árangri. Skoðanakönnun í Frakklandi sýndi að Icelandic var þekktasta og útbreiddasta merkið fyrir frosin fiskflök á veitingahúsamarkaðnum.

Skrifstofa SH í Japan tók í nokkrum mæli vörur í eigin sölu og leitaðist við að komast nær endanlegum notendum á markaðnum.

Á árinu 1992 er SH aftur byrjuð að þreifa fyrir sér með útflutning á ferskum fiskflökum í flugi og jókst hann úr 125 í 230 tonn milli ára. Nær allur þessi útflutningur var til Bandaríkjanna, þar sem innflutningstollar í lönd Evrópubandalagsins hömluðu eðlilegri samkeppni. Tilraunir með sölu á ferskum flökum til Bretlands og Þýskalands voru gerðar með góðum árangri á árinu, en þessi útflutningur var háður gildistöku EES-samningsins.

Það hafði færst mjög í vöxt erlendis, að svokölluð „vottun“ væri tekin upp í starfsemi fyrirtækja. Þarf þá að uppfylla kröfur samkvæmt alþjóðastöðlum um alla helstu þættina í starfsemi fyrirtækja. Þessir staðlar eru mjög strangir og sérhver hlekkur í starfseminni verður að standast ítrustu kröfur. Af hálfu SH var þegar í byrjun árs 1991 hafinn undirbúningur að því að SH uppfyllti ítrustu kröfur og fengi vottun alþjóðlegs skoðunarfyrirtækis. Fulltrúar frá breska ráðgjafarfyrirtækinu British Standard Institute komu til Íslands í mars 1992 og framkvæmdu nauðsynlegar prófanir á SH, úrskurðuðu að fyrirtækið uppfyllti allar kröfur og fékk það vottun samkvæmt staðli ISO 9001. Er nánar fjallað um þetta hér á eftir. Vafalaust er talið að vottunin verði til að styrkja orðstír SH erlendis.

Um áramótin 1992-'93 tóku í gildi ný íslensk lög um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra. Öllum framleiðendum var gert skylt að gera samning við viðurkennda skoðunarstofu. Stjórn SH ákvað í framhaldi af þessu að félagið skyldi starfrækja skoðunarstofu. Hlaut hún viðurkenningu Fiskistofu í lok febrúar 1993.

1993

Heildarútflutningur frystra sjávarafurða frá Íslandi 1993 nam 202 þúsund tonnum. Hlutdeild SH var 41%, eða 83.000 tonn. Að auki annaðist félagið sölu fyrir tvö erlend fyrirtæki, Mecklenburger Hochseefisherei og rússneska fyrirtækið Pirofisch, fyrir um 800 milljónir króna. Sala á eldisafurðum og kælivöru nam 600 milljónum króna.

Heildarmagn landvinnslunnar varð 190.000 tonn, 6.400 tonnum meira en árið áður (7,7%). Heildarframleiðsla íslenskra frystihúsa og frystiskipa sem fólu SH sölu afurða sinna jókst um 22% árið 1993 og varð 102.000 tonn. Erlendir aðilar framleiddu 12.000 tonn til sölu hjá SH og var það nýmæli í sögu félagsins. Framleiðsla frystiskipa varð 31.500 tonn eða 31% af heildarframleiðslu SH. Stærstu framleiðendurnir 1993, þeir sem framleiddu fyrir meira en milljarð króna á árinu, voru ÚA (12.000 tonn eða 2.736 milljónir), Grandi (11.200 tonn eða 2.030 milljónir), Þormóður rammi framleiddi fyrir 1.342 milljónir, Haraldur Böðvarsson fyrir 1.137 og Vinnslustöðin fyrir 1.104 milljónir.

Verðþróun var framleiðendum óhagstæð á flestum mörkuðum eins og árið áður, en gengisþróun var okkur hagstæð. Japanskt yen hækkaði um 35%, sem gerði betur en að vega upp þá verðlækkun sem varð á Japansmarkaði, og dollar styrktist verulega umfram Evrópugjaldmiðla.

Besta rekstrarniðurstaða í sögu Coldwater náðist 1993, þegar félagið skilaði 3,7 milljónum dollara í hagnað eftir skatta. Þessa velgengni má að hluta rekja til framleiðslunnar fyrir Campbell Soup, sem áður er getið, og til aukningar í sölu þorskflaka, einkum flakabita. Hins vegar leiddu auknar þorskveiðar Norðmanna og Rússa í Barentshafi til aukins framboðs og samkeppni. Einnig var töluvert um það, að einstakir framleiðendur á Íslandi byðu þorskflök, jafnvel tvífryst, á verulega lægra verði en stóru fisksölufyrirtækin tvö. Jón Ingvarsson stjórnarformaður gerir þetta að umræðuefni á aðalfundi: „Slík undirboð setja mikinn þrýsting á söluverðið og hætt er við að þau leiði fyrr eða síðar til almennrar verðlækkunar. Skýring þessara útflytjenda á lægra verði er einkum sú, að vegna lægri álagningar eða söluþóknunar, skili þeir jafnháu eða hærra verði til framleiðenda og stóru sölufyrirtækin gera. Ef þessar fullyrðingar eru réttar, en stjórnendur Coldwater draga það mjög í efa, er mér spurn: Af hverju keppa þeir ekki um athygli kaupandans á svipuðu verði og stóru fisksölufyrirtækin, og skila framleiðendum hærri verðum? Þannig myndu þessir útflytjendur stuðla að því, að styrkja hæsta söluverðið á markaðnum í stað þess að valda auknum þrýstingi á verðlækkun og auka enn á þá óvissu, sem nú ríkir um það hvort verðið haldi til lengdar."

Í Bretlandi gekk salan líka prýðilega og skilaði IFPL einni milljón sterlingspunda í hagnað, sem var 2% af veltu og meiri hagnaður en nokkru sinni fyrr í sögu félagsins. Til að styrkja stöðu IFPL enn frekar ákvað stjórn SH að auka hlutafé sitt um tvær milljónir punda, og í því skyni var víkjandi láni breytt í hlutafé. Á sama hátt og í Bandaríkjunum er það verksmiðjureksturinn sem fyrst og fremst skapar hagnað félagsins.

Staða SH styrktist verulega í Þýskalandi í samstarfi við Mecklenburger Hochseefischerei, útgerðarfélagsins sem ÚA hafði eignast að 60 hundraðshlutum.

Salan til Spánar og Portúgals þrefaldaðist. Í Frakklandi varð hins vegar samdráttur, en pakkningum, sérstaklega hönnuðum fyrir smásölumarkaðinn, hafði fjölgað um sex og voru þær nú orðnar tuttugu.

Í Tokyo varð um 27% aukning bæði á magni og verðmæti söluafurða 1993.

Í aðalfundarræðu sinni 1993 gerir Jón Ingvarsson stjórnarformaður grein fyrir áformum um nýja sókn á erlendum vettvangi: „Haustið 1993 ákvað stjórn SH að taka þátt í samstarfi um stjórnun og þátttöku í rekstri félags á Indlandi sem hefði með höndum veiðar og vinnslu á túnfiski í félagi við Tikkoo Corporation. Eigandi þess félags er fyrrum skipaeigandi að nafni Ravi Tikkoo. Fyrir liggur loforð indverskra stjórnvalda um að félagið fái leyfi til að veiða 50.000 tonn af túnfiski árlega innan indverskrar lögsögu, en talið er af vísindamönnum, að þarna séu auðug

SH fagnar 50 ára afmæli 25. febrúar 1992



Svo þyrptist fólkið að. Frá vinstri; Markús Waage, Guðmundur Björnsson innkaupastjóri, Guðmundur Jónmundsson, gæðakerfi SH, Magnús Axelsson, í afskipunum (fyrir aftan), Baldur Marinósson, sömuleiðis, Gunnar Kristjánsson sendibílstjóri, Ása H. Baldvinsdóttir, ritari í eftirliti, Doris Þórðarson, Birgir Ómar Haraldsson, framkvæmdastjóri Jökla, Ásta Eyjólfsdóttir, Arnar Sigurmundsson, Vestmannaeyjum, Sigríður Lóa Sigurðardóttir, Ingibjörg Kolbeins eftirliti, Einar Oddur Kristjánsson, Flateyri, Hannes Hafsteinsson, Guðrún Úlfarsdóttir, Hjalti Einarsson og Óskar Einarsson, markaðsdeild SH.



Frú Vigdís Finnbogadóttir, forseti Íslands, heiðraði samkomuna með nærveru sinni. Hér heilsar hún upp á starfsfólk. Talið frá vinstri; Ása H. Baldvinsdóttir, ritari í eftirliti, Ingibjörg S. Gunnarsdóttir, ritari forstjóra, Sigurður Ágústsson markaðsdeild, og Sigurbjörg Birgisdóttir eftirliti. Fyrir aftan Sigurbjörgu er Þórunn Christiansen markaðsdeild. Hægra megin við forsetann eru Hannes Hafsteinsson þróunarmálum, og Guðmundur H. Garðarsson, fundarritari á stjórnarfundum SH.



Benedikt Sveinsson, forstjóri Íslenskra sjávarafurða, afhendir Jóni Ingvarssyni blómaskreytingu í tilefni dagsins.



Fundarsalur SH, á 4. hæðinni í Aðalstræti, var skreyttur og starfsfólki boðið upp á kaffiveitingar í tilefni dagsins. Á veggnum sjást málverk af Ágústi Flygenring, Gunnari Guðjónssyni, Jóni Gunnarssyni og Einari Sigurðssyni.



Frá vinstri; Ágústa Gunnlaugsdóttir skjalagerð, Birgir Ómar Haraldsson, framkvæmdastjóri Jökla, Ása H. Baldvinsdóttir, Auður Daníelsdóttir gjaldkeri, og Alda Jóhannsdóttir aðalbókari. Að baki Auðar og Öldu er Guðrún Úlfarsdóttir matráðskona.



Síðan byrjuðu menn að stinga saman nefjum. Frá vinstri; Sigurður Margeirsson tölvudeild, Jón Jóhannesson markaðsdeild, Arngrímur Sverrisson lagerinnkaupum og Örn Guðmundsson skjalagerð. Fyrir aftan þá eru Jóhann Þorsteinsson, í eftirlitsdeild, og Jóhanna Gunnarsdóttir, í eftirlitsdeild.



Afmæli SH 1992 var ekki aðeins fagnað í aðalstöðvum Sölumiðstöðvarinnar í Aðalstræti. Starfsfólk dótturfyrirtækja SH og frystihúsa inn vébanda þess gerði sér glaðan dag af þessu tilefni. Allir höfðu fengið afmælisgjöf frá SH, pakka er innihélt svuntu merkta SH, spilastokk og afmælisblað Frosts, tímarits SH. Til að koma þessum 7.000 gjöfum til viðtakenda fékk Alda Möller stóran hóp unglinga úr 10. bekk Kópavogsskóla til að pakka.



Hinir frönsku sölumenn Icelandic France, Gérard Mauviére (til vinstri) og Jean-Pascal Troly, hampa les Initiés í frönskum stórmarkaði en svo nefnist ein smásöluafurðin, sem Icelandic France hefur þróað og lætur pakka undir Icelandic-merkinu.

túnfiskmið, sem til þessa hafa ekki verið nýtt svo neinu nemur. Indversk stjórnvöld eru jafnframt reiðubúin að tryggja félaginu með hagkvæmum kjörum 80% fjárfestingarinnar. Í samstarfssamningi milli aðila er m.a. gert ráð fyrir því, að SH hafi með höndum útgerðarstjórn, gæðastjórn og sölu afurða. Undirbúningur að stofnun félagsins er í fullum gangi og beðið endanlegrar staðfestingar indverskra stjórnvalda". (Sjá enn fremur viðtal við Friðrik Pálsson).

1994

Árið 1994 nam botnfiskafli á Íslandsmiðum aðeins um 500.000 tonnum og hafði ekki verið minni í tvo áratugi. Þorskaflinn var sá minnsti frá stríðslokum, eða 175.000 tonn og hafði minnkað um helming síðan 1990. Hins vegar hafði á sama tíma orðið 130% aukning í rækjuveiði og nam aflinn nú 71.000 smálestum og var hlutdeild SH um þriðjungur.

Eftir stöðugt verðfall sjávarafurða erlendis allt frá hausti 1991, var botninum loks náð upp úr miðju ári 1994 og fór verð þá nokkuð að hækka, – mest á skelfiski.

Árið 1994 var heildarframleiðsla frystihúsa, frystiskipa og annarra framleiðenda, sem fela SH sölu afurða sinna, 117.700 tonn (15,6% aukning milli ára). Framleiðsla innlendra aðila var tæp 102.000 tonn (13,3% aukning), en framleiðsla erlendra aðila tæp 16.000 (34% aukning). Af heildarframleiðslunni var hlutur frystiskipa 43.200 tonn, (var 31.500 tonn á fyrra ári) og voru nú 37% af framleiðslu SH frá frystiskipum komin, bæði erlendum og innlendum. Heildarútflutningur frystra sjávarafurða frá Íslandi var 244.000 tonn að verðmæti 55,7 milljarðar á fob verði. Hlutdeild SH var 43% af magni og 42% af verðmætum. Sala SH fyrir erlenda að-

ila jókst að verðmæti úr 800 milljónum í tvo milljarða. 1.300 tonn af ferskum afurðum voru seld fyrir 700 milljónir króna. Heildarsala félagsins nam 28,4 milljörðum á cif verði, sem var 34% verðmætisaukning frá fyrra ári.

Vöruþróun SH hafði nú borið þann árangur að um 60% af þeirri framleiðslu, sem SH seldi 1994, var neytendavara. Átti þetta við um afurðir úr öllum tegundum bolfisks nema ufsa, og bar karfa- og gráðlúðuflök hæst. Þar af voru sex þúsund tonn framleidd af neytendavöru samkvæmt sérsamningum. Voru það smásölupakkningar og ýmsir sérskornir bitar fyrir veitingahús. Við vöruþróunarstörf voru unnin 10 ársverk hjá SH hér á landi árið 1994, auk þróunarstarfs á söluskrifstofunum erlendis og hjá einstökum framleiðendum.

Árið 1994 jókst salan til Asíulanda um 80% frá fyrra ári. Japan var stærsti kaupandinn bæði hvað magn og verðmæti snerti og fór nú í fyrsta sinn fram úr Bandaríkjunum. Skrifstofan í Tokyo seldi 42.000 tonn eða 35% af afurðum SH. Mikið var um sölu á heilfrystum fiski, sjófrystri rækju, loðnuhrognum og flatfiski. SH var einnig stærsti útflytjandi ígulkerahrogna frá Íslandi. Sú vara er flutt fersk með flugi til Japans. Það á einnig við um ferskt hrossakjöt, sem skrifstofa SH hafði selt í Japan undanfarin ár. Með auknum umsvifum var starfsmönnum skrifstofunnar í Tokyo fjölgað í fimm. Þá lét Helgi Þórhallsson af framkvæmdastjórn skrifstofunnar en eftirmaður hans varð Jón Magnús Kristjánsson og hefur hann stýrt henni allar götur síðan.

Salan til Þýskalands var í öðru sæti á eftir Japan að magni, en í þriðja sæti, á eftir Bandaríkjunum, að verðmæti. Mikil aukning (40%) varð á milli ára og var SH nú orðin stærsti seljandi karfa í Evrópu, en einnig var mikið selt af frystri rækju og síld. Mjög jákvæð þróun varð í sölu á smásöluvöru og var hlutdeild fullunninna afurða 73% af veltu Hamborgarskrifstofunnar.

Í Bandaríkjunum varð samdráttur í verksmiðjuframleiðslunni frá fyrra ári, sem má rekja til þess að Campbell Soup var tekið til starfa í eigin verksmiðju á ný, og féll hagnaður Coldwater úr 3,7 í 1,7 milljónir dollara. Sala karfaflaka fimmfaldaðist á árinu í Bandaríkjunum, og má rekja það til hruns í karfaveiðum Kanadamanna. Framleiðendur höfðu mikinn áhuga á að selja á Bandaríkjamarkað og skapaðist hætta á offramleiðslu. Var því gripið til þess ráðs í september að takmarka framleiðsluna við 300.000 pund á mánuði, eða helming áætlaðrar sölu. Með þessu varð offramboði afstýrt og frá maí 1995 var óhætt að auka framleiðsluna aftur í áætlað sölumagn.

Hagur IFPL í Grimsby batnaði enn og hagnaður nam 1.255 þúsund pundum 1994. Sala fyrirtækisins á verksmiðjuréttum hafði rúmlega tvöfaldast að magni síðastliðin fimm ár. Sett var upp ný vinnslulína með mótunarpressu sem stóreykur afköst í framleiðslu aðalafurða verksmiðjunnar. Markvisst átak var gert með góðum árangri til að selja vöru sem fullunnin er á Íslandi, og jókst verulega sala félagsins á vörum, sem pakkað er í smásölupakkningar hér á landi. Þótt Bretland væri meginmarkaður IFPL voru 9% af framleiðslu verksmiðjunnar seld til annarra landa, einkum Frakklands. Fjölbreytni jókst einnig í nýtingu tegunda, og eru Alaskaufsi, lýsingur frá Suður-Ameríku og hokinhali frá Suður-Kyrrahafi orðnar mikilvægar tegundir í framleiðslu fyrirtækisins, á kostnað þorsks.

Hjá Frakklandsskrifstofunni var enn samdráttur í magni, en verðmæti söluafurða var óbreytt. Í Frakklandi er vaxandi áhersla lögð á eigið vörumerki fyrir smásölumarkaðinn. Á þeim markaði skipta þjónusta og áreiðanleiki öllu máli, og hefur félagið þurft að breikka vöruúrvalið og afla aðfanga frá öðrum löndum en Íslandi, jafnframt því að auka þjónustu sína birgðahaldi og flutningum.

Árið 1995 keypti SH helmingshlut í Superior Salmon Express í Belgíu sem sérhæfir sig í innflutningi og dreifingu fisks í Belgíu og viðar. SH hefur nú eignast belgíska fyrirtækið að fullu.



1995

Árið 1995 varð heildarframleiðsla SH 109.000 tonn, um 7% samdráttur varð frá fyrra ári, sem einkum má rekja til þess að Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum fól öðrum sölu afurða sinna (sjá kaflann Baráttan um frystihúsin). Framleiðsla innlendra aðila nam 92.000 tonnum (9% samdráttur) en framleiðsla erlendra aðila nam 17.000 tonnum (8% aukning), og er sjófrysting orðin 41% af heildarframleiðslu SH. Heildarsala félagsins dróst saman um 10%. Í fyrsta sinn eru karfaafurðir megintegund í sölu SH, 35.000 tonn, en sala á þorskafurðum er 21.000 tonn. Sú stefnubreyting varð í samráði við rækjuframleiðendur, en mest þó að frumkvæði Sigurðar Ágústssonar hf., að auka smápakkningar í rækjuframleiðslunni hér á landi. Þetta mætti mikilli mótstöðu erlendra aðila, sem keypt hafa rækju til smásölupakkningar.

Bættar flugsamgöngur innanlands og utan gerðu það kleift að leggja aukna áherslu á útflutning á kældum fiskafurðum. Ferskfiskdeild hafði nú fest sig í sessi og nokkrir framleiðendur sinntu þessu verkefni reglulega. Árið 1995 voru 1.900 tonn af kældum fiski flutt til 10 landa, og hafði útflutningurinn tvöfaldast á tveimur árum. Í framhaldi af þessu keypti SH helmingshlut í dreifingarfyrirtæki í Belgíu, Superior Salmon Express, sem sérhæfir sig í innflutningi og dreifingu á fiski í Belgíu og nálægum löndum.

Í Bandaríkjunum varð samdráttur í sölu bæði að magni og verðmæti. Neysla á afurðum fiskréttaverksmiðja í Bandaríkjunum dróst almennt saman. Á tveimur áratugum hefur árleg neysla á mann lækkað úr 2,2 í 1 pund. Harðrar samkeppni gætti m.a. í sölu ýsuflaka, þar sem ÍS bauð 5-punda ýsuflök á verði sem var 50-60 centum undir söluverði Coldwater. Þar við bættust undirboð íslenskra útflytjenda, sem stóðu utan stóru sölusamtakanna, er ollu Coldwater enn erfiðleikum við að halda uppi háu söluverði.

IFPL í Grimsby skilaði hagnaði sjötta árið í röð, en þess gætti þó, að nú var félagið farið að borga vexti af lánum, sem SH veitti því í upphafi. Á árinu 1995 keypti SH fyrirtækið Faroe Seafood Company í Grimsby. Við samrunann, sem gengið var frá í mars 1996, var ákveðið að láta fyrirtækið heita Coldwater Seafood UK Ltd. Var það þriðja stærsta fyrirtæki í Bretlandi í framleiðslu og sölu á frystum fiski, með 20% markaðshlutdeild.

Í Þýskalandi var árið 1995 heldur óhagstætt IFP GmbH. Samdráttur í seldri vöru nam fimmtungi en að verðmæti varð samdrátturinn þó aðeins 8%. Hátt afurðaverð endurspeglar hlut smásölupakkninga, sem jókst enn og var 20% af allri sölu árið 1995. Ný vörulína fyrir stórnotendur, svokölluð „portion-control-fish" lína, stærðarflokkaðir flakaskammtar, fékk góðar viðtökur og voru 500 tonn seld þegar á fyrsta ári. Eru þetta samvalin, jafnþung stykki, sem henta vel veitingahúsum.

Í Frakklandi seljast nánast allar þær tegundir sem veiðast við Íslandsstrendur. Nú varð í fyrsta sinn í mörg ár aukning í sölumagni (6%) og 14% verðmætaaukning. Eins og fyrr getur leggur fyrirtækið áherslu á að selja í eigin pakkningum og undir eigin merkjum. Stofnanir og veitingahús eru enn stærstu kaupendurnir, en smásalan er sífellt að aukast. Er óhætt að fullyrða að ekkert íslenskt útflutningsfyrirtæki hafði áður náð þeim árangri og útbreiðslu í smásölu á frystum fiski undir eigin merkjum, sem SH hefur náð á Frakklandsmarkaði.

Enn eykst salan til Japans og nemur 36% af magni og 26% af verðmæti sölu SH á árinu 1995. SH hefur helmingshlutdeild í markaðnum fyrir loðnuhrogn og ræður fimmtungi karfa- og grálúðumarkaðarins í Japan.

Árið 1995 fékk SH alþjóðlegt ráðgjafarfyrirtæki, P. A. Consultants, til að meta stöðu og þróun félagsins á erlendum mörkuðum. Eftir nokkurra mánaða vinnu skilaði fyrirtækið skýrslu sem var félaginu mjög jákvæð. Fyrirkomulag SH á mörkuðunum var talið mjög gott og staða þess samanborið við helstu keppinauta ágæt.

Á árinu 1995 flutti SH þriðjung starfsemi sinnar til Akureyrar (sjá kaflann Baráttan um frystihúsin), og fylgdi því töluverður kostnaður. Þessi kostnaður, ásamt minni hagnaði af verksmiðjurekstri í Bandaríkjunum og Bretlandi og lækkun tekna af sölulaunum vegna samdráttar í útflutningi er ástæða þess að hagnaður SH lækkaði niður í 277 milljónir á árinu (var 624 milljónir árið áður).

1996

Bráðabirgðatölur Fiskifélags Íslands í ársbyrjun 1997 sýndu að árið 1996 varð heildarafli íslenskra fiskiskipa 2.035.000 tonn og afli á Íslandsmiðum 1.990.000 tonn og hafði hann aldrei orðið meiri. Verðmæti aflans upp úr sjó varð um 50 milljarðar króna, svipað og árið áður. Loðnuaflinn varð 1,2 milljónir tonna, en þorskaflinn 180.000 tonn (6% aukning frá árinu áður), og bolfiskafli í heild rúm 470.000 tonn (dróst saman um 1,5%).

Árið 1996 var líka metár hjá SH og á þessu ári varð félagið stærsti söluaðili karfa, loðnu og grálúðu í heiminum.

Heildarframleiðsla SH var 123.700 tonn og hefur aldrei verið meiri. Rækjuframleiðsla varð 12.775 tonn og jókst um 46% frá fyrra ári. Humarframleiðslan varð 490 tonn (jókst um 44%). Framleiðsla frystrar síldar nam 7.585 tonnum (70% aukning frá fyrra ári) en loðnuframleiðslan varð 26.255 tonn (152% aukning). Framleiðsla annarra tegunda ýmist stóð í stað eða dróst nokkuð saman frá fyrra ári. Framleiðsla kældra afurða jókst enn um 33% og varð 2.520 tonn.[8]

Loðnuhrognum pakkað til útflutnings á Japansmarkað.





Til Japans var selt meira en nokkru sinni fyrr, 50.700 tonn, og var Japansskrifstofan langsöluhæst, með 41% af heildarmagni og 30% af heildarsöluverðmæti SH það ár. Coldwater seldi 18.400 tonn af framleiðslu SH (15% af heildarmagni og 23% af heildarverðmæti). IFPG í Hamborg seldi 21.900 tonn frá SH (18% að magni og 20.8% að verðmæti). IFSA-Paris seldi 13.200 tonn (11%) og 12% að verðmæti og Coldwater UK seldi 12.400 tonn (10% að magni og 14.3% að heildarverðmæti).

Salan til Japans og Bandaríkjanna samanlagt nemur nú 56% af heildarmagni SH og 53% af söluverðmæti, en Evrópa samanlögð er með tæpa helmingshlutdeild.

Þróun í takt við tímann

Þróunardeild SH

Þróunardeild SH var formlega sett á laggirnar árið 1986. Fyrir þann tíma var vöruþróun meira á ábyrgð dótturfyrirtækjanna, einkum Coldwater. Þróunarstarf hafði þó verið unnið í áratugi innan Sölumiðstöðvarinnar, en með óformlegri hætti en síðar varð. Þróunardeildin varð til við heimkomu Sturlaugs Daðasonar, en hann hafði á árunum 1981-1986 verið verksmiðjustjóri fyrirtækja SH í Grimsby. Sturlaugur tók við þróunardeildinni haustið 1986. Það sama ár var dr. Alda Möller, matvælafræðingur, sem nú stýrir starfi þróunardeildar, ráðin til Sölumiðstöðvarinnar, og einnig Sveinn Guðmundsson, fisktæknir, sem þá hafði unnið í nokkur ár hjá SH að þróunarstörfum fyrir Coldwater, og hafði því hvað mesta reynslu af slíkum störfum. Síðar bættist Hannes Hafsteinsson matvælafræðingur í hópinn.

Þessi hópur vann við þróunardeild SH fram til ársins 1989, að Sturlaugur var gerður að framkvæmdastjóra gæða- og þjónustu. Við brotthvarf Sturlaugs var ákveðið að marka aðra stefnu í þróunarmálum í tilraunaskyni og var þróunardeildin þá felld undir markaðsdeild, en eiginleg þróunardeild lögð niður. Þetta var gert í þeim tilgangi að færa þróunarstarfið enn nær markaðsmálunum. Starfsmenn þróunardeildar fengu því ný hlutverk innan markaðsdeildarinnar. Alda Möller varð sölustjóri fyrir ýmsar nýjar vörur, sem hún hafði unnið við að þróa, en sá einnig um alla sölu til Norðurlandanna. Hannes Hafsteinsson fylgdi fiskeldismálum eftir, það er sölu á laxi og silungi, og ferskfiski yfirleitt, og Sveinn Guðmundsson sá um sölu ýmissa annarra afurða. Þarna var um að ræða tilraun til að fylgja þróunarverkefnum betur eftir inn á markaðinn.

Þetta var þó aðeins til bráðabirgða, því nauðsyn þess að hafa sérstaka þróunardeild við Sölumiðstöðina kom fljótt aftur í ljós. Þróunardeildin var því endurreist árið 1991, með ráðningu dr. Sigurðar Bogasonar matvælafræðings, sem áður hafði unnið hjá SÍF. Sigurður hélt hins vegar til starfa sem framkvæmdastjóri fyrirtækis í Namibíu árið 1992. Dr. Alda Möller tók við þróunardeildinni, jafnframt því að vera kynningarstjóri SH, en hún hafði þá gegnt því starfi um nokkurt skeið. Guðmundur Jónmundsson og Valdimar Friðbjörnsson, sem báðir höfðu starfað hjá SH, höfðu þá gengið til liðs við þróunardeildina. Árið 1992 var Óskar G. Karlsson, iðnrekstrarfræðingur og fisktæknir ráðinn að deildinni; 1993 réðst Páll G. Pálsson matvælafræðingur til starfa en réðst síðar til Hamborgarskrifstofu; Gunnar B. Sigurgeirsson matvælafræðingur hóf störf árið 1995; og árið 1996 bættist Magnús H. Baldursson, sjávarútvegsfræðingur við hópinn, en hann starfar hjá SH á Akureyri.

Þróunardeild SH hefur alltaf haft það að markmiði að vera tengiliður milli framleiðenda og kaupenda við vöruþróun og vinnslubreytingar. Þróunardeildin hefur því mest unnið að verkefnum, sem tengjast beint framleiðendum og ákveðnum söluskrifstofum, en Sölumiðstöðin ekki sett upp eiginlega þróunarstöð þar sem fram fari tilraunir eða framleiðsla, heldur hefur alltaf verið lögð áhersla á að þetta sé gert hjá frystihúsunum sjálfum. Þróunardeildarmenn ferðast því mikið í húsin og vinna náið með mörgum framleiðendum SH.

„Markmið þróunarstarfsins er að frystihúsin geti komið til móts við óskir markaðarins og nái mesta virðisauka úr hráefninu sem markaðir bjóða á hverjum tíma. Hugtakið fullvinnsla tekur á sig ýmsar myndir, en merkingin er þó alltaf sú, að



Um skeið deildi þróunardeild SH sæng með markaðsdeildinni. Það reyndist ekki vel og 1991 var þróunardeildin endurreist. Myndin sýnir starfsfólk markaðsdeildar á þeim árum þegar þróunardeildin var hluti hennar. Talið frá vinstri; Magnús Magnússon, Gylfi Þór Magnússon framkvæmdastjóri, Indriði Ívarsson, Helgi Þórhallsson, Kristín Þ. Flygering, Jón Magnús Kristjánsson, Alda Möller, Sveinn Guðmundsson og Hannes Hafsteinsson.

verksmiðjuvinnslu vörunnar sé lokið. Þetta spannar allt frá tilbúnum réttum, þar sem fiskurinn er aðeins hluti máltíðarinnar, yfir í sérunna vöru eins og fiskbita og rækju í smásölupakkningum, þurrkaða loðnu, og síðast en ekki síst sérskorna og lausfrysta fiskbita fyrir veitingamarkaðinn, sem bolfiskvinnslan er að taka upp í æ ríkara mæli", segir Alda Möller í viðtali. „Svonefndar neytendavörur eru þær afurðir sem fara fullfrágengnar frá íslenskum frystihúsum og eru notaðar án frekari vinnslu og umpökkunar. Þær falla líka undir skilgreiningu á fullunnum afurðum, eru tilbúnar til matreiðslu og ýmist seldar til veitingahúsa, í smásöluverslunum eða fluttar með frystibílum heim til fólks".

Framleiðendur með góðan tækjabúnað og tryggan aðgang að hráefni eru best settir við vöruþróun. Það hefur komið æ skýrar í ljós á undanförnum 10 árum að þróunarverkefni og nýjar vörur á vegum framleiðenda byggjast á aukinni tækni í vinnslunni. Það er nú nánast forsenda þess að geta tekið þátt í þróunarstarfi að frystihúsin hafi yfir lausfrystingu að ráða. Þau fyrirtæki sem búa að slíkri tækni, og hafa einnig getu til stærðarflokkunar, eru í bestri aðstöðu til að taka að sér nýja vinnslu á bolfiski, hvort sem um er að ræða þorsk, ýsu, ufsa, karfa eða steinbít.

Sú hlið vöruþróunar, sem snýr að kaupendum, er að langmestu leyti unnin í tengslum við söluskrifstofur SH. Þó er algengt að kaupendurnir komi sjálfir að



Alda Möller flytur fyrirlestur á verkstjórafundi SH í janúar 1988. Óskar Sigmundsson, næst á myndinni, Lúðvík Börkur Jónsson og Friðrik Pálsson sitja í fremstu röð.


vinnslu nýrrar vöru í frystihúsum hérlendis, ásamt fulltrúum söluskrifstofanna. Þannig verða kaupendur sjálfir þátttakendur í ferlinu, koma í frystihúsin og eru við tilraunavinnsluna. Það er hins vegar misjafnt hvernig söluskrifstofurnar sjálfar vinna í þróunarmálum. Á sumum skrifstofum eru það ákveðnir menn sem mest annast nýjar vörur, en á öðrum er það hluti af starfi flestra sölumanna.

„Tæknibúnaður er mikilvægur í þróunarstarfi, en ég tel að þekking sé ekki síður mikilvæg," segir Alda Möller, „þekking innan hvers fyrirtækis, tækniþekking, vöruþekking og markaðsþekking. Þetta er að vaxa, en það vantar ennþá dálítið á að þetta sé formleg starfsemi og sjáanleg í fyrirtækjunum. Ég tel að í framtíðinni eigi hver framleiðandi að gera ráð fyrir öflugu þróunarstarfi innan síns fyrirtækis. Þar eigi að vera menn sem vinna mjög náið með okkur bæði að markaðs- og þróunarmálum, og ég sé þróunardeild SH áfram sem tengilið, en ekki sem prímus mótor í öllu þróunarstarfi. Ég held að það sé heilbrigðara þegar til framtíðar er litið. Það er svo verkefni þróunardeildarinnar að hafa yfirsýn yfir þróunarstarfið í heild, marka áherslusvið og stýra þróunarvinnu í samræmi við það."

Hluti af neytendavöru SH er mjög sérhæfð framleiðsla og vörurnar þá unnar samkvæmt sérsamningum við framleiðendur og einstaka kaupendur. Þessi framleiðsla varð um 8.000 tonn árið 1995 og hefur vaxið mjög undanfarin ár. Einkum jókst framleiðsla smásöluvöru fyrir Evrópumarkað mikið og var unnið að framleiðslunni í átta stórum frystihúsum innan SH árið 1995.

Þróunarverkefni eru unnin á sama hátt og önnur starfsemi innan SH, samkvæmt gæðastaðlinum ISO 9001, en ISO-kerfið gerir mjög miklar kröfur til þess sem kallað er hönnunarstýring. Samkvæmt ISO-kerfinu er starfinu deilt í ákveðna þætti. Allt, sem þróunardeild SH tekur að sér, fær verkefnisnúmer og er haldið til haga samkvæmt því. Kerfið hefur verið lagað að þörfum deildarinnar og hefur þá kosti að vera formfast án þess að vera þunglamalegt.

Þróun framleiðslu fyrir sölukerfi SH 1992-1996. Annars vegar flakaskammtar og fiskréttir og hins vegar smásöluvörur, allt vegið í tonnum.



Verkefni þróunardeildar

Í frystihúsum er alltaf reynt að ná sem mestri framlegð í vinnslunni og oftast næst sá árangur fyrst og fremst með svonefndum flakapakkningum, en framleiðsla í flakablokkir hefur undanfarin ár skilað lítilli framlegð. Flakablokkir eru að mestu leyti orðnar að aukaafurðum sem til falla ef gæði fisksins eru ekki nægileg í flakapakkningar. Oftast er þá um að kenna útlitsgöllum, svo sem losi í flakinu eða óæskilegum litblæ í fiskholdinu.

Hjá erlendum kaupendum eru flakablokkir næstum alltaf sagaðar niður í sneiðar og stauta í verksmiðjum og bitarnir hjúpaðir með deigi eða brauðmylsnu áður en fiskurinn kemst í hendur hins endanlega notanda. Flakablokkir seljast á heimsmarkaðsverði sem er sveiflukennt og íslenskur fiskur, sem notaður er í slíkar vörur, nýtur lítið sérkenna sinna, nema helst þorskurinn sem enn heldur velli á nokkrum markaðssvæðum innan um blokkir nokkurra annarra hvítfisktegunda.

Flakapakkningarnar eru hins vegar oftast seldar hinum endanlega notanda í því formi sem þær eru unnar í frystihúsum hérlendis. Áður fyrr var þeim umpakkað í stórum stíl hjá kaupendum í Evrópu og þá oft í smærri einingar en breytingar í vinnslunni hér heima hafa dregið mikið úr þörf kaupenda fyrir þá meðferð. Flakapakkningar eru því mest notaðar eins og íslenski framleiðandinn afhendir þær.

Smásöluvörur fyrir Frakklandsmarkað, seldar undir merki SH, Icelandic.



Stærðarflokkaðir flakaskammtar

Á mörkuðum í Bandaríkjunum og Evrópu er sóst eftir lausfrystum og nákvæmlega stærðarflokkuðum flakastykkjum, sem auk þess verða að hafa einsleitt útlit. SH hefur lagt síaukna áherslu á slíka framleiðslu. Langalgengast er að þessar vörur séu unnar fyrir veitingahús, og þá miðaðar við þarfir hvers og eins kaupanda. Bitarnir eru sérunnir fyrir hverja veitingahúsakeðju eða kaupanda og eru miðaðir við þeirra eigin fiskrétti. Það er orðið mjög sjaldgæft að veitingahús kaupi heil fiskflök til eigin vinnslu, heldur er æ algengara að starfsmenn veitingahúsanna raði einfaldlega saman mismunandi einingum á diska í stað þess að vinna út frá frumhráefnum.

Þessi bitaskurður á sér langa sögu, því slík vinnsla hófst fyrir um það bil 20 árum fyrir Bandaríkin. Vinnslan hefur sífellt verið að taka breytingum, sem þróunardeild SH hefur tekið þátt í að móta, og undanfarin ár hefur orðið mikil breyting á framleiðslunni fyrir Evrópumarkaðinn í þessa sömu átt.

Forsendan fyrir því að slík vinnsla gangi vel er að í sérskurðinum felist heildarlausn fyrir hvern stærðarflokk flaka. Þá er átt við að allt flakið nýtist vel í bitaskurði, en aðeins þannig skilar vinnslan góðri framlegð. Þróunardeildin hefur því kortlagt helstu stærðarflokka flaka með tilliti til bestu lausnar í bitaskurði og hefur lagt mikla áherslu á að kynna þessar lausnir hjá framleiðendum. Til að auka notkunargildi og nákvæmni þessarar vinnu hóf SH þróunarsamstarf við fyrirtækið Skyn hf. um gerð hugbúnaðar sem á að verða verkfæri fyrir alla framleiðslustjóra sem þurfa að gera áætlanir og meta hvers konar sérskurður gefur bestu afkomu miðað við hráefni og sölusamninga á hverjum tíma.

Myndræn framsetning á skjá gefur notandanum nákvæma mynd af því hvaða afurðum margvíslegur bitaskurður skilar, hvaða flakastærðir henta best og við hvaða nýtingu megi búast í vinnslunni. Notkun skurðarvéla í bolfiskvinnslu verður á sama hátt mun markvissari, þegar þessi hugbúnaður er notaður sem hjálpartæki. Allar þessar upplýsingar eru einnig mikilvægar fyrir sölumenn SH og kaupendur afurðanna sem alltaf þurfa að meta það hvaða árangri nýjar hugmyndir geta skilað.

Allt bendir til þess að ýmiss konar sérvinnsla flaka með bitaskurði og lausfrystingu muni vaxa til að uppfylla þarfir fyrir handhægar og nákvæmlega unnar vörur, bæði á veitingamarkaði og fyrir smásölu. Nýjungar í upplýsingatækni, sem gera þessa vinnslu árangursríkari, eru þegar fyrir hendi og eru sífellt sniðnar betur að þörfum vinnslunnar. Þeir sem ákveða að sérhæfa sig í þessari vinnslu, hvort sem er á sjó eða í landi, munu á næstu árum nota til þess skurðarvélar og flokkara sem byggjast á tölvusjón.

Vinnsla einstakra bolfisktegunda

Landvinnsla karfaflaka er skýrt dæmi um árangur af samstarfi framleiðenda og sölukerfis SH og hefur náðst mikill árangur í að auka hlutfall neytendavörunnar undanfarin ár. „Fyrir aðeins nokkrum árum var karfi fyrst og fremst unninn í 7 lbs. öskjur fyrir markað í Sovétríkjunum. Þessi viðskipti minnkuðu hinsvegar smám saman þar til þau lögðust af með hruni Sovétmarkaðarins. Í kjölfar þess var mikið kapp lagt á vöruþróun karfaafurða fyrir markaði í Evrópu og Asíu. Hún hefur skilað þeim árangri, að það varð í rauninni aldrei neitt sérstakt áfall að missa heilt markaðssvæði með Sovétríkjunum. Þetta gerðist svo hratt að fyrirfram hefðum við aldrei trúað því sjálf að hægt væri að aðlagast nýjum markaðsaðstæðum á svo stuttum tíma“, segir Alda Möller.


Árið 1996 voru framleidd um 8.300 tonn af karfaflökum í landvinnslu og var hlutur neytendapakkninga um 86%. Afgangurinn var að mestu flök sem umpakkað var erlendis, en vinnsla í blokk var sáralítil.

Sölumiðstöðin selur nú um helming allra karfaafurða á heimsmarkaði og selur mest allra fyrirtækja af flökum á þýska markaðnum. Þetta verður að teljast góður árangur þegar þess er gætt að mestur hluti þessara afurða er fullunnin vara frá Íslandi, en allt bendir til að hlutfall neytendavörunnar eigi enn eftir að hækka.

Hlutur neytendapakkninga í þorskafurðum hjá SH er um 60%, og hafa ekki orðið veigamiklar breytingar í þorskvinnslu undanfarin ár. Oftast er það los í fiskholdinu sem veldur því að fiskurinn telst ekki hæfur í neytendapakkningar, en einnig næst oft ekki nógu góð nýting flaka í bitaskurði og verða þá afgangar þeirra að fara í blokk. Nokkuð er vitað um þá þætti sem valda losi í fiskholdi. Að sumu leyti eru þeir óhjákvæmilegir en margt bendir til að meðferð fisks fyrir vinnslu og á vinnslulínum skapi aukið los. Rannsaka þarf hvort þetta má bæta svo um muni í vinnslunni, því ljóst er að eftir miklu er að slægjast ef hægt er að auka hlut neytendavöru í framleiðslunni.

Við sama vanda er að etja í ýsuframleiðslunni. Hún er fremur fábreytt og hefur hlutfall neytendavöru um árabil verið um 55%. Blokkavinnsla vegur enn þungt enda er ýsunni hættara en öðrum bolfiski við losi sem takmarkar vinnslu hennar í flakapakkningar. Undanfarin ár hefur verið unnið að aukinni fjölbreytni í ýsuafurðum, en ljóst er að losið takmarkar mest valið og verður að leggja kapp á að minnka það í vinnslunni.

Vinnsla ufsaflaka er að taka stakkaskiptum frá því að vera að mestu blokkavinnsla yfir í vinnslu ýmiss konar neytendavöru, einkum lausfrystra eða plastvafinna flakastykkja. Hefur hlutfall neytendavöru í landvinnslu ufsa aukist úr 23% í 63% á undanförnum fimm árum.



Þróun framleiðslu fyrir SH; stærðarflokkaðir ufsaflakaskammtar í tonnum.

Þróunardeild Sölumiðstöðvarinnar vinnur einnig að verkefnum með togurum þar sem frysting er stunduð um borð. Svo til eingöngu er um frystingu á bolfiski að ræða, aðallega þorski. Þessi framleiðsla hefur vaxið jafnt og þétt á undanförnum árum, en hefur jafnframt verið mjög einsleit. Þetta mikla magn, sem unnið er af svipaðri vöru, gæti í framtíðinni valdið bæði verðlækkun og birgðasöfnun, og því er það talið mjög nauðsynlegt að auka vöruframboðið og fjölbreytni þess sem unnið er um borð. Gera má ráð fyrir að meira verði um frekari vinnslu sjófrystra afurða í landi, t.d. nákvæma flokkun og pökkun í neytendaumbúðir, en ekki er æskilegt að slíkt byggist á þíðingu og endurfrystingu vörunnar.

Meðal rannsóknarverkefna, sem nú standa yfir, er athugun á eiginleikum sjófrystra flaka sem kælivöru, þ.e. í ferskfiskdreifingu. Þetta verkefni nýtur stuðnings Rannsóknarráðs Íslands og er unnið með Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Einnig er unnið að því með Rf. að gera geymsluþolsspár fyrir fersk flök í framleiðslu og flutningum.

Mikil þróun hefur verið í útflutningi á ferskum afurðum, og þróunardeildin mun vinna enn frekar að frágangi í pökkun ferskra vara. Mikill áhugi er hjá framleiðendum á hjúpuðum og blönduðum fiskafurðum. Lítið hefur verið unnið af slíkri vöru hérlendis, því sú vinnsla hefur ekki verið hagkvæm vegna tolla og kostnaðar aðfanga og vinnu við framleiðsluna. Hins vegar hefur þróunardeildin unnið að slíkum verkefnum með evrópsku söluskrifstofunum, þar sem fiskstykkin eru hjúpuð annars vegar og hins vegar blönduð ýmiss konar sósum. Framleiðendur hafa sýnt þessum verkefnum mikinn áhuga, en reynslan verður að leiða í ljós hversu hagkvæm slík vinnsla getur orðið hér á landi.

Sölumiðstöðin hóf á árinu 1995 að selja fjölbreytt úrval sjávarrétta sem fyrirtækið Íslenskt franskt hf. hefur þróað. Um er að ræða flakarúllur með fyllingum, mótaðar fisksneiðar með fyllingum, heitreyktan lax og ýmis konar fiskpate. Markaðsátakið hefur þegar skilað athyglisverðum árangri á markaði í Evrópu og hafa fyrstu samningar byggst á samstarfi við HB hf. á Akranesi um framleiðsluna.

Vinnsluþróun annarra tegunda

Veigamiklar breytingar eru einnig að verða í ýmsum öðrum greinum vinnslunnar, t.d. í rækjuvinnslu þar sem mikil þróun hefur orðið í sjálfvirkri pökkun skelflettrar rækju, framleiðsla smápakkninga vex ár frá ári, sala á nýjum markaðssvæðum er í örum vexti og vörurnar eru í auknum mæli einnig auðkenndar eftir framleiðendum. Mest af framleiðslunni er selt á markaði í Bretland og meginlandi Evrópu.

Á síðustu árum hefur þróunardeild SH tekið þátt í algerum vinnslunýjungum á Íslandi, og má þar nefna þurrkun á loðnu.



Nokkrar nýlegar rækjuafurðir hjá SH. Skelflett rækja fyrir markaði í Evrópu. Nú er rækjan eftirsótt, áður þótti hún enginn happafengur. Í blaðið Skutul á Ísafirði var eftirfarandi skrifað 1937: „Kvikindi það sem kallað hefur verið kampalampi, en er nú yfirleitt nefnt rækja, þótti hér áður á tíð frekar ómerkilegt, óásjálegt og heldur óþarft. Þorskurinn hafði það til að gefa svo mikinn gaum að kampalampa-torfunum, að hann sinnti ekki hinu ljúffengasta agni. Fengist svo drátturur og dráttur var hann úttroðinn af þessu rauða kvikindi og lögðu margir bátasjómenn hér á fjörðunum fæð á skepnuna.“

Sölumiðstöðin hefur um langan aldur selt frysta loðnu til Japans, þar sem hún hefur verið þídd og þurrkuð. Þurrkuð loðna þykir hátíðarmatur í Japan, og loðnuhrogn eru til að mynda notuð til gjafa. Sölumiðstöðin hefur náð býsna góðum árangri í vöruþróun og sölu á þessari nýju afurð, og því má gera ráð fyrir að það gæti vel hentað loðnuframleiðendum og borið árangur að þurrka loðnuna hér á landi í allmiklum mæli. Það væri þá alger viðbót við starfsemi loðnuframleiðenda. Í fyrstu var talið að ekki myndi vera hagkvæmt að stunda slíka verkun á loðnu á Íslandi, en eftir ýmsar breytingar í tækni og flutningum virðist sjálfsagt að láta reyna á slíka vinnslu.

Hér hefur verið stiklað á stóru um helstu verkefni þróunardeildar. Greinilegt er að mikill vilji og áhugi er á því, bæði meðal framleiðenda og starfsmanna sölukerfis SH, að nýta vel öll þau tækifæri, sem kunna að skapast til fullvinnslu vörunnar hér á landi. Það hlýtur þó alltaf að vera álitamál hvort slík vinnsla á fremur heima nær mörkuðunum en frumframleiðslunni. Þar vega þungt þættir eins og tollar, flutningskostnaður og geymsluþol vörunnar. Grannt er fylgst með öllum þessum þáttum og breytingum á þeim í því skyni að nýta tækifærin, jafnóðum og þau kunna að opnast, til að auka fjölbreytni framleiðslunnar hér heima.

Gæðastaðallinn ISO-9001

Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna starfar samkvæmt alþjóðlegum gæðastöðlum sem kallast ISO-9001. Staðlarnir eru settir af Alþjóðlega staðlaráðinu, eða International Standard Organization (ISO), en það semur staðla fyrir flesta starfsemi fyrirtækja, framleiðenda og stofnana.

Til þess að fyrirtæki fái að starfa eftir ISO-stöðlum verða þau áður að marka sér ákveðna gæðastefnu, sem er yfirlýsing fyrirtækisins um hvað það ætli að gera. Staðallinn, sem verður fyrir valinu, er svo notaður sem tæki til að fylgja þessari stefnu eftir. Sett er upp gæðahandbók um það hvernig skuli uppfylla þessi markmið. Þar eru almennar upplýsingar fyrir alla starfsmenn um það hvernig þeir eigi að fylgja þessu eftir. Gæðahandbókinni er skipt í kafla sem hafa að geyma upplýsingar um uppbyggingu kerfisins, og þar er því lýst nákvæmlega hvernig eigi að halda utan um og stjórna skjölum sem heyra undir gæðakerfið (skjalastýring).

Gæðahandbókin tekur þannig til allra verkþátta fyrirtækisins, fyrir utan bókhald. Sérstakar verklagsreglur segja til um hver eigi að gera hvað innan fyrirtækisins, hvernig, og hvenær – en séu þær ekki nógu ítarlegar eru gefnar út sérstakar vinnuleiðbeiningar sem eru enn nákvæmari um hvernig vinna eigi verkið. Eitt af markmiðum ISO-kerfisins er að koma í veg fyrir að hlutirnir gerist óvart. Þannig bera starfsmenn ábyrgð á ákvörðunum og ferli þeirra er skráð þannig að hægt sé að rekja af hverju ákvarðanir voru teknar.

Þrír staðlar eru innan ISO-9000-kerfisins. ISO-9001 tekur yfir þróunarstörf innan fyrirtækja, og hann er því sniðinn að þörfum Sölumiðstöðvarinnar. ISO-9002 er undanskilinn vöruþróun, og ISO-9003 er lítið notaður nema hjá fyrirtækjum sem vinna að afurðavottun.

Eftirlit með gæðastýringunni er innbyggt í ISO-kerfið. Hópur endurskoðenda starfar innan fyrirtækisins, og hann tekur út ákveðna verkþætti og kannar vinnutilhögun. Þá eru allar verklagsreglur endurskoðaðar að minnsta kosti einu sinni á ári. Ef misræmi kemur upp milli verklagsreglna og sjálfs verklagsins verður að meta hvort verklagið sé orðið skakkt eða breyti þurfi reglunum. Breskt fyrirtæki, British Standard Institute, gerir svo úttekt á því tvisvar á ári, hvort gæðastaðlinum sé framfylgt innan SH, þannig að gæðaeftirlitið er í raun tvöfalt og kerfið í sífelldri endurskoðun.

Sölumiðstöðin fyrst

Sölumiðstöðin var fyrsta íslenska fyrirtækið til að fá vottun Alþjóðlega staðlaráðsins um að það starfaði samkvæmt IS0-9001-staðlinum. Undirbúningur hófst sumarið 1991, og viðurkenning staðlaráðsins fékkst í febrúar 1992, sem þykir ótrúlega stuttur tími til að byggja kerfi upp innan fyrirtækis og sníða það að þörfum þess. Söluskrifstofa SH í Hamborg hefur einnig tekið ISO-9001-kerfið upp, enda er farið að krefjast þess í æ ríkara mæli í Þýskalandi að fyrirtæki hafi vottun um að þau starfi samkvæmt ákveðnum gæðastaðli. Fyrirtæki með ISO-vottun eru hvött til þess að skipta við önnur fyrirtæki, sem starfa samkvæmt þeim staðli, þannig að kerfið virkar í raun sem hvati að ákveðnu gæðaneti. ISO-gæðastaðallinn verður nú æ mikilvægari í viðskiptum, og víða í Evrópu auglýsa fyrirtæki það opinberlega þegar þau hljóta ISO-vottun.

ISO-9001 er gæðakerfi sem gerir ráð fyrir stöðluðum vinnubrögðum í stjórnun fyrirtækis. Þessum vinnubrögðum er lýst í gæðahandbókum, þökkunarreglum og verklagsreglum. Þannig er ISO-9001 trygging fyrir ákveðnum og réttum vinnubrögðum. Hugmyndin er í hnotskurn þessi: Segðu hvað þú ætlar að gera, framkvæmdu það og vertu reiðubúinn að sanna að þú hafir náð takmarkinu. Ef þetta gengur upp fær fyrirtækið vottorð frá viðurkenndum aðilum er fylgjast reglulega með að kröfum ISO-9001 sé fullnægt hjá viðkomandi fyrirtæki.

Í mars 1992 fékk SH, fyrst íslenskra fyrirtækja, vottorð um að félagið fullnægði ISO-9001 staðlinum. Um ástæður þess að SH sóttist eftir þessari viðurkenningu segir Friðrik Pálsson, forstjóri SH: „ISO-kerfið var þá orðið þekkt sem alþjóðlegur gæðastimpill. Það sannaði fyrir viðskiptavinum að í fyrirtækinu væri unnið skipulega og markvisst og að góð stjórn og agi væri á öllum hlutum. Það kom líka í ljós að þetta kerfi hjálpaði okkur til að skilgreina vinnuferli sem oft stytti leið okkar að markinu. Í öðru lagi fundum við að meðal viðskiptavina okkar erlendis var vaxandi áhugi á því að eiga viðskipti við fyrirtæki sem unnu eftir stöðluðum og viðurkenndum aðferðum. ISO-staðallinn var þá byrjaður að ryðja sér til rúms í ýmsum greinum matvælaiðnaðar en sáralítið í fiskgeiranum. Um vorið 1991 hófum við að laga starfsemi SH að kostum staðalsins og stefndum þá þegar að 9001 staðlinum en hann felur meðal annars í sér að þróunarstarf lýtur sömu öguðu vinnubrögðum og önnur starfsemi hjá fyrirtækinu. Þetta hefur mörgum fyrirtækjum reynst ákaflega erfitt og hafa þau því fremur kosið að vinna eftir kröfum ISO-9002 staðalsins er undanskilur vöruþróun. Það hefur hins vegar hjálpað okkur mikið, og kannski hvað mest, að hafa þróun nýrra afurða undir ISO-staðlinum.“

Hamborgarskrifstofan hefur fylgt í sporaslóð móðurfélagsins og náð þeim áfanga að fá að nota ISO-9001-staðalinn.

ISO 9001 Quality System

BSI REGISTERED FIRM

FM 20151

Öguð vinnubrögð

Starfsemi SH hefur orðið enn skipulegri með ISO-kerfinu, án þess að það virki þvingandi. Starfsmenn geta rakið tiltekna samninga og ákveðnar afskipanir á auðveldan hátt með því að nota gæðahandbókina, sem geymir allar upplýsingar um hvar slík gögn er að finna. Þá eru samskipti við viðskiptaaðila mun markvissari, því að hægt er að rekja nákvæmlega alla sölusamninga, og finna þar allar upplýsingar um aðdraganda þeirra. Tilviljanir eiga því að heyra sögunni til. Kerfið krefst agaðri vinnubragða af starfsfólkinu, og reynslan hefur sýnt að skráning gagna er nú mun aðgengilegri en áður, án þess að því fylgi of mikið skrifræði.

Þá gefur Sölumiðstöðin út gæðahandbækur fyrir framleiðendur, og útgáfu á þeim er einnig stýrt með ISO-9001-kerfinu. Í gæðakerfi SH er lýsing á því hvernig Sölumiðstöðin ætlar að fylgjast með, leiðbeina og liðsinna framleiðendum við að framleiða afurðir sem SH hefur sett sér. Sölumiðstöðin hefur ætíð sett framleiðendum sínum ákveðin skilyrði, en með ISO-kerfinu er fylgst markvissara með því að þeir framfylgi kröfum SH. Því eru margir framleiðendur að íhuga að setja upp eigið gæðakerfi undir ISO-9002-staðlinum.

Þá kann svo að fara í náinni framtíð, að Sölumiðstöðin bæti umhverfisverndarstaðli ISO-kerfisins við 9001-staðalinn, þar sem æ fleiri fyrirtæki krefjast þess að viðskiptavinir þeirra uppfylli skilyrði um umhverfisvæna framleiðslu. Þá er ekki eingöngu litið til gæða afurðarinnar, heldur einnig, til dæmis, hvort um sé að ræða ábyrga og skynsamlega nýtingu fiskistofna.



Icecon var stofnað í apríl 1986. Fyrstu verkefni fyrirtækisins voru á Grænlandi þar sem það ráðlagði um framfarir í frystihúsum, stjórnaði uppbyggingu þeirra og endurbótum. Árin 1987 og 1988 tók Icecon að vinna að verkefnum á Hjaltlandi og í Chile og síðar á Indlandi, í Argentínu, Kenýa og víðar. Alls eru þetta orðin meira en 40 verkefni sem Icecon hefur tekið að sér víða um heim. Myndin er af Páli Gíslasyni, framkvæmdastjóra Icecon frá upphafi til ársloka 1994, og er tekin þar sem hann er að afhenda Jens K. Lyberth, framkvæmdastjóra, smágjöf í tilefni af því að lokið var endurbyggingu og stækkun á frystihúsi sem Lyberth stjórnaði í Nuuk. Icecon stýrði framkvæmdunum.

Icecon hf.

Á árinu 1985 störfuðu tvær nefndir á vegum ríkisstjórnarinnar, sem fjalla áttu um möguleika þess að auka útflutning íslenskrar tækniþekkingar; önnur var skipuð af viðskiptaráðherra, Matthíasi Á. Matthiesen, en hin af sjávarútvegsráðherra, Halldóri Ásgrímssyni. Í nefnd sjávarútvegsráðherra, sem eðli málsins samkvæmt fjallaði meira um sjávarútvegsþekkingu, sátu meðal annarra Þorsteinn Ólafsson sem þá starfaði hjá SÍS, Friðrik Pálsson sem þá vann hjá SÍF og Magnús Gunnarsson, síðar framkvæmdastjóri SÍF.

Fljótlega eftir að nefndin lauk störfum snemma á árinu 1986, tóku SH, SÍS og SÍF upp viðræður um möguleika á samstarfi um aukinn útflutning tækniþekkingar í sjávarútvegi. Í apríl var síðan stofnað fyrirtækið Icecon, sem vinna skyldi að útflutningi tækniþekkingar. Upphaflegt hlutafé nam fimm milljónum króna og voru hluthafar fimm: SH og SÍS með 36% hlutafjár hvort, SÍF með 20% og Umbúðamiðstöðin og Samvinnusjóður Íslands með 4% hvort.

Hluthafahópurinn hélst óbreyttur til ársins 1991, þegar Hampiðjan, Iðnlánasjóður, Sæplast, Kassagerðin og Þróunarfélag Íslands gerðust hluthafar. Árið 1994 keypti SH öll hlutabréf félagsins og hefur verið eini eigandi þess síðan.

Stjórn Icecon hf. var upphaflega skipuð þeim Friðriki Pálssyni og Jóni Ingvarssyni fyrir SH, Magnúsi Gunnarssyni fyrir SÍF, Sigurði Markússyni fyrir SÍS og Þorsteini Ólafssyni fyrir Samvinnusjóðinn.

Þorsteinn Ólafsson var kjörinn formaður stjórnar og Friðrik Pálsson varaformaður. Páll Gíslason var ráðinn framkvæmdastjóri og sinnti hann því starfi til ársloka 1994, er Pétur Einarsson tók við því. Árið 1997 eru starfsmenn Icecon tveir, Pétur Einarsson og Judith Anna Hampshire.


Nílarkarfi



Flakað í frystihúsinu í Kampala. Þegar SH eignaðist Icecon að fullu árið 1994 breyttust áherslur í fyrirtækinu. Eftir sem áður var þó grundvöllurinn hugvit og markaðssetning þess erlendis. En í stað þess að byggja upp fyrirtæki vítt um heiminn með þetta eitt í huga var nú lögð vaxandi áhersla á að finna verkefni er gætu leitt af sér aukna fjölbreytni í söluflóru SH. Samvinnan við Alpha Group er gott dæmi um þetta. Þar hefur Icecon tekið að sér að koma fiskvinnslunni á nýja og betri þróunarbraut en um leið fær SH tækifæri til að spreyta sig á sölu Nílarkarfans um allan heim.



Pétur Einarsson, fyrir miðri mynd á stuttbuxum, tók við stjórn Icecon í ársbyrjun 1995. Hér er hann á ferð í Afríku með Birni Bjarnasyni, skipstjóra og starfsmanni Icecon. Á milli þeirra er Riyaz Kurji, einn aðaleigenda Alpha Group er stundar mikla fiskvinnslu við Viktoríuvatn.



Flökunum pakkað undir merkjum SH. Icecon hefur tekist að breyta frystihúsi Alpha Group í Kampala í það horf að það fullnægir öllum reglum um útflutning til Evrópu. Á næstunni munu fleiri frystihús fyrirtækisins taka að pakka undir Icelandic-merkinu og önnur eiga þess ekki langt að bíða.




Veiðarnar eru stundaðar á opnum bátum með utanborðsmótorum sem Alpha Group leggur iðulega til í því skyni að tryggja fyrirtækinu viðskiptin. Viktoríuvatn er um 70.000 ferkílómetrar að stærð. Úr því fást árlega á milli 400 og 500.000 tonn af Nílarkarfa sem gefa af sér um 100.000 tonn af flökum til útflutnings. Um 60.000 sjómenn stunda þessar veiðar, þar af 12.000 fyrir Alpha Group.



Fiskmóttaka í frystihúsi Alpha Group í Kampala. Nílarkarfinn byltist inn. Hann er veiddur í net er liggja yfir nótt. Meðalstærð er 7 til 12 kíló, hann getur þó orðið mun stærri, jafnvel á þriðja hundrað kíló.



Samvinna Icecon og Alpha Group hófst í árslok 1995 með heimsókn Kurji-bræðra til Íslands. Sama ár fór Pétur utan á þeirra fund í Afríku. Icecon hefur síðan unnið að því með ráðum og dáð að efla Alpha Group. Sjómenn hafa verið fræddir um veiðitækni, þeim útvegaður ýmiss búnaður til veiðanna og reynt hefur verið að kortleggja miðin. Hér er Björn Bjarnason með dýptarmæli við fiskileit.



Kristján Erlingsson, með blað í höndum, og Halldór Þorsteinsson stjórna frystihúsinu í Kampala. Þeir starfa hjá Alpha Group sem á frystihús í öllum löndunum þremur er liggja að Viktoríuvatni, Úganda, Tanzsaníu og Kenýa. Markmið Kurji-bræðra og Icecon er að bæta svo meðferð afla og vinnsluna í þessum frystihúsum að hún verði sambærileg við það besta á Íslandi.

Helstu verkefni Icecon

Icecon hefur meðal annars tekið að sér stór verkefni á Grænlandi, úttektir á bolfisk- og rækjuvinnslu og byggingu fisk- og rækjuvinnslustöðva á ýmsum stöðum; á Hjaltlandi var byggð verksmiðja til vinnslu á uppsjávarfiski, Icecon hefur einnig tekið að sér víðtæk ráðgjafarstörf og þjálfun starfsmanna í ýmsum heimshlutum, svo sem í Argentínu, Chile, Perú og Mexíkó, í Máritaníu, Sierra Leone og á Fílabeinsströndinni, í Sádi-Arabíu, Íran, á Indlandi, Indónesíu, í Víetnam, Kamtsjatka og Kína, að ógleymdum Eystrasaltslöndunum.

Síðan Icecon komst alfarið í eigu SH hefur það að mestu hætt þeim viðamiklu ráðgjafarverkefnum, sem voru uppistaðan í starfseminni fyrstu árin, og einbeitt sér að því að afla verkefna, sem styrki sölustarfsemi SH og auki fjölbreytnina í vöruframboði.



Hvalur skorinn í Hvalfirði. Frá 1986 hafa Íslendingar ekki stundað hvalveiðar í atvinnuskyni og hlýtt þannig banni Alþjóða hvalveiðiráðsins við hvalveiðum. Ljósm: Kristján G. Arngrímsson.

Hvalveiðideilur

Hvalfriðunarsinnar fjandskapast við fiskiðnaðinn

Eftir því sem leið á öldina beindist áhugi fólks á Vesturlöndum æ meira að þeim vandamálum, sem risu af sívaxandi tæknilegri getu mannsins til að ganga of nærri umhverfi sínu og eyða með því þeim auðlindum, sem hingað til hafa getað brauðfætt mannkyn, sem er í örari vexti en nokkru sinni fyrr. Vissulega hafa vísindi og tækni gert kleift að margfalda uppskeru jarðar, og stóraukin sókn í auðlindir sjávar með æ fullkomnari skipum og veiðarfærum jók heimsaflann úr höfunum jafnt og þétt fram undir lok 9. áratugarins, þegar flestir fiskstofnar virtust fullnýttir eða ofnýttir og aflinn byrjaði að dragast saman aftur. Hins vegar varð líka ljóst, að margvísleg eiturefni og skaðleg efnasambönd, sem beitt hafði verið í tæknivæddum landbúnaði til að margfalda uppskeruna, tóku að safnast fyrir í lofti, láði og á legi, raska jafnvægi í náttúrunni og ógna heilum vistkerfum, sem hingað til höfðu verið sjálfbær. Umhverfisverndarsinnar tóku að bindast samtökum til að benda á þessar hættur og fljótlega urðu ýmis þessara samtaka alþjóðleg og tóku að reka virka andstöðu gegn afmörkuðum þáttum í nýtingu mannsins á náttúrunni. Fljótlega kom í



Jón Ingvarsson ræðir málin við Dagbjart Einarsson úr Grindavík á aðalfundi SH 1991 en þá voru hvalamál ofarlega á döfinni í þjóðfélagsumræðunni. Á aðalfundi SH árið eftir vitnaði Jón í skýrslu sem SH hafði nýlega unnið að beiðni sjávarútvegsnefndar Alþingis um hugsanlegar afleiðingar úrsagnar Íslands úr hvalveiðiráðinu: „Samandregin sjónarmið S.H. eru því, að mjög varhugavert sé að Ísland segi sig úr Alþjóðahvalveiðiráðinu á þessu stigi." Þetta studdi Jón þeim rökum að ávinningur við úrsögnina væri vandséður nema stjórnvöld væru ráðin í að hefja hvalveiðar að nýju. Slíkt athæfi myndi hins vegar bjóða heim stórhættulegu áróðursstríði gegn Íslandi og íslenskum vörum erlendis, þar á meðal fiskinum. Jón endaði hvalaumræðu sína á þessum orðum: „Því verður stöðugt að brýna fyrir stjórnvöldum og nýjum samtökum þjóða um skynsamlega stjórnun þessara mála, að á þeim hvíli sú þunga skylda að vinna málinu byr á alþjóðavettvangi og leitast við að snúa almenningsálitinu í átt til skynsamlegrar og skipulagðrar nýtingar allra auðlinda hafdjúpanna."

ljós að selir og hvalir nutu mikilla vinsælda meðal almennings og að þau samtök, sem sérhæfðu sig í verndun þessara spendýra, máttu vænta ríflegra fjárframlaga til starfsemi sinnar og áttu auðvelt með að draga að sér ofstækisfulla fylgismenn, sem jafnvel voru reiðubúnir að beita hryðjuverkum göfugum málstað til framdráttar. Tvenn samtök sérstaklega, sem áttu upphaf sitt að rekja til Bandaríkjanna „Green Peace" og „Sea Shepherd" urðu mikilvirk á þessu sviði, náðu góðum tökum á alþjóðlegum fjölmiðlum, og áttu auðvelt með að koma málstað sínum á framfæri. Þau voru líka rekin nánast eins og alþjóðleg stórfyrirtæki og höfðu úr nógu fé að moða.

Í Bandaríkjunum voru það ekki aðeins fjölmiðlar, sem tóku gagnrýnislítið við efni frá þessum samtökum. Þeim tókst að komast inn í skólakerfið með áróður sinn fyrir algerri vernd hvala og sela og má segja að heil kynslóð Bandaríkjamanna hafi verið alin upp í að líta á hvers konar veiðar á þessum dýrategundum sem helgispjöll og skemmdarverk gegn náttúrunni. Almenningsálitið er svo sterkt að ólíklegt má telja að þarlendum stjórnmálamanni komi í hug að benda opinberlega

á, að of langt megi ganga á þessu sviði sem öðrum, og að hófleg nýting þessara stofna gæti verið liður í skynsamlegri umhverfisvernd.

Ofveiði á hvölum hafði verið umtalsverð allan fyrri hluta þessarar aldar. Norðmenn höfðu verið í fararbroddi með tækninýjungar í þessum veiðum frá miðbiki 19. aldar. Um 40 ára skeið höfðu þeir stöðvar hér á landi og höfðu gengið svo nærri hvalastofnunum í Norður-Atlantshafi að veiðar voru hættar að borga sig um 1915 og voru hvalir þá alfriðaðir með lögum frá Alþingi. Norðmenn héldu þó veiðum áfram með verksmiðjuskipum á Norður-Atlantshafi til 1934.

Eftir seinni heimsstyrjöldina hófu svo stórvirkir flotar Norðmanna, Japana, Sovétmanna og fleiri þjóða hvalveiðar í Suður-Íshafinu. Mönnum varð þó ljóst, að einhverja stjórn varð að hafa á þessum veiðum og var þá Alþjóðahvalveiðiráðinu komið á fót (1948), sem einni af stofnunum Sameinuðu þjóðanna. Ætlunin var að freista þess að koma böndum á veiðarnar með alþjóðlegu eftirliti og vísindalegum rannsóknum á hinum ýmsu hvalastofnum. Íslendingar voru í hópi þeirra 14 þjóða, sem stofnuðu Alþjóðahvalveiðiráðið 1948, enda höfðu þeir sama ár hafið hvalveiðar að nýju frá stöð Hvals hf. í Hvalfirði. Þessar veiðar voru alltaf takmarkaðar. Langreyður var langmikilvægasta tegundin, en auk þess veiddist nokkuð af sandreyði og búrhval. Af hrefnu veiddu Íslendingar mest 196 dýr árið 1976, en auk þess veiddu Norðmenn nokkuð af hrefnu við landið og er meðalársveiði þeirra talin hafa verið um 100 dýr. Kvóti var settur á hrefnuveiðarnar 1977 og var 242 dýr árið 1985, síðasta árið sem veitt var.

Alþjóðahvalveiðiráðinu varð hins vegar lítt ágengt í viðleitni sinni til að koma í veg fyrir ofveiði fyrstu tvo áratugina. Utan ráðsins jókst þeirri kröfu fylgi að setja á alþjóðlegt hvalveiðibann. Tillaga í þá átt kom fyrst fram á fundi ráðsins 1972, en þar sem átta af fjórtán þjóðum ráðsins stunduðu þá hvalveiðar náði tillagan ekki fram að ganga. Árið 1980 voru tíu þjóðir í ráðinu, sem stunduðu hvalveiðar, en tvær höfðu hætt veiðum. Voru Bandaríkjamenn önnur þeirra. Hins vegar voru þar nú 30 þjóðir, sem stunduðu ekki veiðar, og höfðu þær örlög veiðanna í hendi sér eins og glögglega kom í ljós tveimur árum síðar, þegar samþykkt var að gert yrði hlé á öllum hvalveiðum í atvinnuskyni 1986. Síðan skyldi fara fram ítarleg úttekt á ástandi stofnanna 1990 og ákvarðanir um framtíð veiðanna teknar í ljósi þess.

Áðurnefnd samtök umhverfisverndarsinna höfðu ekki legið á liði sínu til að fá sitt fram innan hvalveiðiráðsins. Höfðu þau komið eigin mönnum fyrir í ráðinu, sem fulltrúum ýmissa þjóða, sem í sjálfu sér höfðu engra hagsmuna að gæta. Jafnframt höfðu þau tryggt framgang á Bandaríkjaþingi lögum, sem gerðu Bandaríkjastjórn skylt að beita þær þjóðir efnahagsþvingunum, sem ekki virtu bann við veiðum á dýrategundum, sem taldar væru í útrýmingarhættu, og stæðu að eða leyfðu viðskipti með afurðir af þeim.

Þannig stóðu þá málin árið 1982, þegar kom til kasta Alþingis annað hvort að hlíta hvalveiðibanni Alþjóðahvalveiðiráðsins eða mótmæla því. Má segja að Íslendingar hafi látið taka sig í bólinu, því að litlar eða engar umræður höfðu farið fram hér á landi um hvalveiðarnar og stöðu þeirra í alþjóðlegu samhengi.

Afstaða SH til hvalveiða Íslendinga

Í bréfi dagsettu 22. nóvember 1982 frá Þorsteini Gíslasyni, forstjóra Coldwater, til formanns stjórnar SH, skýrir hann frá þeirri skoðun sinni, að ef Ísland mótmæli ákvörðun Alþjóðahvalveiðiráðsins um bann við hvalveiðum eftir 1. janúar 1986, geti það haft skaðlegar afleiðingar fyrir sölu frystra sjávarafurða frá Íslandi í Banda-

ríkjunum. Öflugir aðilar, samtök dýraverndarmanna, öldungadeildarmenn og fleiri, höfðu sameinast í baráttunni um að bannið yrði virt, að öðrum kosti mundu þessir aðilar grípa til ráðstafana gagnvart þeim löndum sem mótmæltu eða virtu ekki bannið. Lögðu þessir aðilar áherslu á að hvalveiðiþjóðir, þar á meðal Ísland, virtu bannið. Rétt er að minna á, að um þessar mundir var Bandaríkjamarkaður sá langstærsti fyrir íslenskan freðfisk og megnið af meginafurðinni, frystum flökum, var selt til örfárra stórra skyndibitakeðja og opinberra stofnana.

Mál þetta var rætt á stjórnarfundi SH 14. desember og samþykkt svohljóðandi ályktun:

„Stjórn SH beinir því til sjávarútvegsráðherra, að hann hafi forgöngu um, að íslensk stjórnvöld gefi út opinbera yfirlýsingu þess efnis, að Ísland muni ekki mótmæla samþykkt Alþjóða hvalveiðiráðsins um bann við hvalveiðum. Með slíkri yfirlýsingu verður afstýrt hugsanlegu tjóni í fisksölumálum Íslendinga í Bandaríkjunum, þar sem afstaða einstakra þjóða til þessa máls er mikið hitamál."

Sjávarútvegsráðherra, Steingrími Hermannssyni, var þegar afhent ályktunin. Vísaði hann endanlegri ákvörðun í þessu máli til Alþingis. Eftir miklar og harðar umræður í sameinuðu Alþingi felldi meirihluti þingmanna með 29 atkvæðum á móti 28 tillögu meirihluta utanríkismálanefndar um að mótmæla hvalveiðibanninu. Áður hafði ríkisstjórnin ákveðið að hvalveiðibanninu skyldi mótmælt.


Þess má geta, að Norðmenn mótmæltu hvalveiðibanninu. Forstjóri Frionor í Noregi, Arne Asper, lýsti því yfir opinberlega að það hefði stefnt mörkuðum Norðmanna fyrir frystar sjávarafurðir í mikla hættu. Í Fiskaren 22. apríl 1983 mat hann tapið það ár á 35 milljónir norskra króna.

Eftir þessi úrslit málsins á Alþingi tóku Íslendingar þann kost að lýsa yfir takmörkuðum hvalveiðum í vísindaskyni á árunum 1986-'90 í þeirri von að Alþjóðahvalveiðiráðið virti vísindalegar niðurstöður og samþykkti takmarkaðar hvalveiðar undir vísindalegu eftirliti árið 1990, þegar endurskoðun veiðanna skyldi fara fram. Víðtækar vísindalegar rannsóknir fóru fram á þessum árum með þátttöku fjölmargra innlendra og erlendra sérfræðinga. Það var þó löngu liðin tíð, að Hvalveiðiráðið byggði ákvarðanir sínar á vísindalegum niðurstöðum, eins og stofnsáttmáli þess kvað þó á um. Þar réðu nú að öllu leyti ferðinni þeir sem vildu algert hvalveiðibann, hvað sem liði öllum vísindalegum niðurstöðum og alþjóðlegum ákvörðunum á öðrum vettvangi, sem kváðu á um sjálfbæra nýtingu hinna ýmsu dýrategunda. Íslendingar, og fleiri fyrrverandi hvalveiðiþjóðir, hugleiddu því úrsögn úr ráðinu.

Árið 1991 vann sérstök nefnd Alþingis að athugun á hugsanlegum afleiðingum úrsagnar Íslands úr Alþjóðahvalveiðiráðinu. Óskaði nefndin eftir áliti SH. Var því svarað með svohljóðandi bréfi 28. október 1991:

„Fyrst er rétt að taka fram að efni þessa bréfs byggir annars vegar á skoðunum stjórnar og starfsmanna SH hérlendis, og hins vegar og ekki síður, á reynslu og tilfinningu starfsmanna okkar í Japan, í Þýskalandi, í Frakklandi, á Englandi og í Bandaríkjunum.

Þeirri skoðun vex nú mjög fylgi, að áframhaldandi hvalveiðibann og aukin hvalagengd, sem talið er að fylgi slíku banni, muni leiða til minnkandi fiskafla á komandi árum. Þess vegna telur SH nauðsynlegt, að vísindalegar niðurstöður um hvaða áhrif hvalveiðibann muni hafa á fiskstofna við Ísland, liggi fyrir hið fyrsta. Á grundvelli slíkra niðurstaðna hlýtur að vera auðveldara fyrir Íslendinga að taka ákvarðanir um, hvaða stefnu Íslendingum beri að fylgja í hvalveiðimálinu og með hvaða hætti þeirri stefnu yrði framfylgt.



Stórmarkaðir eru orðnir mikils ráðandi í matvælaverslun vestan hafs og austan. Þeir eru ákaflega viðkvæmir fyrir almenningsálitinu og hafa umhverfissinnar fært sér það í nyt með góðum árangri, meðal annars í baráttunni gegn hvalveiðum. Hér eru þeir Gylfi Þór Magnússon, framkvæmdastjóri sölumála, og Ólafur Baldur Ólafsson, stjórnarformaður dótturfyrirtækis SH í Þýskalandi frá upphafi, staddir á Rungs-markaðinum í París árið 1989. Gylfi Þór hampar hefðbundinni 6 kílóa pakkningu er inniheldur lagpökkuð flök. Þessi askja var ein aðalútflutningsvara SH til Evrópu á 9. áratugnum og fór þá ýmist beint í búðir eða að kaupendur brutu upp flökin og endurpökkuðu undir eigin merkjum. Á tíunda áratugnum hefur dregið úr mikilvægi 6 kílóa öskjunnar en í staðinn hafa komið ýmiss konar smásölupakkningar í pokum og minni öskjum. Bilið á milli íslensku frystihúsanna og stórmarkaða Evrópu hefur því stöðugt verið að dragast saman og þau orðið berskjaldaðri fyrir mótmælum erlendra umhverfissinna.

Vafi hlýtur að leika á, hvort vænlegra sé til árangurs fyrir Íslendinga að framfylgja stefnu sinni innan Alþjóðahvalveiðiráðsins eða utan þess. Að vísu er ekki óeðlilegt, að sendinefnd Íslands byggi tillögu sína meðal annars á þeirri staðreynd, að ráðið taki hvorki vísindalegum rökum né fari að eigin leikreglum. Hitt má þó ljóst vera, að einhliða ákvörðun Íslendinga um að hefja hvalveiðar í kjölfar úrsagnar, varðar við alþjóðalög og mundi vafalítið skaða viðskiptahagsmuni Íslendinga á alþjóðavettvangi. Skiljanleg er afstaða sendinefndarinnar og vísindamannanna, en líklegra virðist, að áframhaldandi barátta á þeim vettvangi muni að lokum koma að því gagni sem Ísland hefur vonast til. Utan ráðsins hefur Ísland engin áhrif á starfsemi þess.

Rétt er að undirstrika, að sú skoðun er ríkjandi meðal starfsmanna SH erlendis, að úrsögn yrði án efa túlkuð sem fyrsta skrefið í áttina að því að hefja veiðar á ný. Mjög erfitt yrði að skýra út fyrir útlendingum, að það væri nauðsynlegt af pólitískum ástæðum á Íslandi.

Margir betri viðskiptavina Íslendinga erlendis hafa að undanförnu lýst áhyggjum sínum af þeim fréttum, sem bárust út síðastliðið sumar, að Ísland hyggðist ganga úr ráðinu. Þeir telja það afar varhugavert og segja að það mundi gefa friðunarsinnum gullvægt tækifæri til að hefja aftur fjáröflunarherferð til að berja á Íslending-

um. Ástæða er ennfremur til að geta þess, að umhverfisvernd, hverju nafni sem hún nefnist, fær stöðugt aukna athygli stjórnenda fyrirtækja víðast á Vesturlöndum.

Samandregin sjónarmið SH eru því, að mjög varhugavert sé að Ísland segi sig úr Alþjóðahvalveiðiráðinu á þessu stigi. Vandséð er, hver ávinningur yrði af úrsögn, nema að ásetningur sé að hefja hvalveiðar í kjölfar þess, en hins vegar gæfi það tilefni til mikils áróðurs gegn íslenskri vöru og þjónustu erlendis.

Það virðist því liggja í augum uppi, að hafi Íslendingar í huga, hvort heldur er úrsögn eða að hefja hvalveiðar, þurfi að koma til mikil og markviss áróðursherferð til að skýra málstað og fyrirrætlanir Íslendinga, áður en nokkuð frekar verður gert.

Hjálagt fylgir athugun Gallup stofnunarinnar, sem hún framkvæmdi fyrir Coldwater Seafood Corp., dótturfyrirtæki SH í Bandaríkjunum á afstöðu til hvalveiða í vísindaskyni."

Það hefur ótvírætt komið í ljós, að svo erfið sem staða Íslands var innan Alþjóðahvalveiðiráðsins til að standa að hvalveiðum, var hún þó hálfu erfiðari utan þess. Fjölþjóðleg samtök, eins og NAMMCO, sem vonir voru bundnar við að gætu leyst Alþjóðahvalveiðiráðið af hólmi, hafa ekki komið að því gagni, sem vonir stóðu til. Veldur þar miklu að engar aðrar þjóðir urðu til að fylgja Íslandi úr Alþjóðahvalveiðiráðinu. Norðmenn og Japanir sátu sem fastast. Því er jafnvel rætt um að ganga í Alþjóðahvalveiðiráðið á ný og freista þess að ná fullu sjálfsforræði yfir öllum veiðum innan lögsögunnar, með baráttu innan þess. Fullvíst má þó telja að eins og almenningsálitinu í heiminum er háttað yrði sú barátta bæði löng og ströng.

Íslendingum er nauðsynlegt að meta alþjóðlega stöðu sína í þessu efni af fullkomnu raunsæi. Engin þjóð er jafnháð utanríkisviðskiptum með sjávarafurðir og Íslendingar. Viðskipti með matvæli í heiminum færast meir og meir yfir á hendur stórra keðjuverslana, sem eru mjög viðkvæmar fyrir viðbrögðum viðskiptamanna sinna. Martröð stjórnenda slíkra fyrirtækja er að gera sér í hugarlund skipuleg mótmæli fyrir framan verslanir sínar með tilheyrandi hótunum um að hætta viðskiptum. Alþjóðleg samtök öfgafullra umhverfissinna notfæra sér þetta til að fá sínu framgengt. Þótt Norðmenn hafi getað stundað mjög takmarkaðar hrefnuveiðar í lögsögu sinni og komist upp með það, enda aðeins veitt til innanlandsneyslu, er ekki þar með sagt að Íslendingar geti leikið sama leikinn. Fiskveiðar Norðmanna eru orðnar þeim alger aukabúgrein. Þó hafa þeir orðið að beita öllum sínum alþjóðlega styrk og persónulegum samböndum stjórnmálamanna sinna við áhrifamikla ráðamenn í Bandaríkjunum til að komast hjá því að vera beittir opinberum og óopinberum viðskiptaþvingunum. Ísland gæti færri vörnum við komið kæmi til slíkra átaka og yrði það því að mörgu leyti óskatækifæri umhverfisverndarsinna til að sýna mátt sinn og megin. Því hefur SH jafnan hvatt til varkárni í þessu máli og brýnt fyrir stjórnvöldum, að undirbúa verði jarðveginn vel og af gaumgæfni, ef þau teldu rétt og skynsamlegt að taka upp hvalveiðar á ný.

Breytingar á fiskveiðistjórn

Á meðan útlendingar voru enn að veiðum á Íslandsmiðum var ekki við því að búast að Íslendingar tækju mið af ástandi fiskistofnanna og takmörkuðu veiðar sínar einhliða. Árið 1975 tóku erlendir fiskimenn enn tæpan þriðjung þorskaflans og fimmtung 1976 en eftir það hurfu þeir alveg úr veiðinni og Íslendingar voru einir um hituna innan 200 mílna lögsögu. Stjórnvöld fóru nú að huga að því hvernig skynsamlegast væri að standa að veiðum á miðunum og haustið 1975 lagði Hafrannsóknastofnun fram, að beiðni sjávarútvegsráðuneytisins, tillögur um hámarksafla á þorski og fleiri botnlægum tegundum á árinu 1976. Greinargerð þessi var fljótlega nefnd „svarta skýrslan“ af öllum almenningi, vegna þess hve dökka mynd hún þótti draga upp af ástandi þorskstofnsins.

Í þessari „svörtu skýrslu“ er bent á að hámarksafrakstur þorskstofnsins sé um 500 þúsund tonn á ári, en til þess að ná þeim afla þyrfti að minnka sókn um helming og koma í veg fyrir veiði smáfisks, þriggja ára og yngri og draga auk þess verulega úr veiði á fjögurra ára fiski.[9] Bent var á, að tveimur áratugum fyrr hefðu veiðst tæplega 550 þúsund tonn á miðunum en árið 1974 aðeins 375 þúsund tonn. Leidd voru rök að því að í millitíðinni hefði sóknin tvöfaldast en aflinn þó farið minnkandi. Af þessu var sú ályktun dregin, að með því að draga úr sókninni fengist ekki aðeins nokkurn veginn sama aflamagn þegar til lengdar léti, heldur mundi afli á sóknareiningu strax vaxa, sem gæfi mun arðbærari veiðar en áður.

Stofnunin lagði því til, að heildarþorskafli 1976 færi ekki yfir 230 þúsund tonn, en vegna óvenjusterks árgangs frá 1973 mætti þó auka aflahámarkið í 290 þúsund tonn. Taldi stofnunin að ef þorskveiðum yrði fram haldið með álíkri sókn mundi afli haldast um nokkurt skeið í 340-360 þúsund tonnum, en fara síðan ört minnkandi.

Stjórnvöld höfnuðu þessum tillögum, enda enginn viðbúinn þeirri takmörkun veiða, sem hér var lögð til. Á næstu árum var þó með ýmsum aðgerðum reynt að hafa áhrif á veiðarnar. Lágmarkslengd á fiski sem landa mátti var aukin, lögbundin möskvastærð í vörpum og netum aukin, svæði friðuð um hrygningartímann og skyndilokunum beitt á öðrum, þar sem smáfiskur þótti of stór hluti aflans. Loks var settur hámarksafli á þorsk eftir veiðitímabilum og, þegar þeim mörkum var náð, var sókninni beint í aðra fiskistofna („skrapdagakerfi“). Fór svo fram, þar til horfið var yfir til kvótakerfis frá og með árinu 1984.

„Svarta skýrslan“ vakti strax miklar deilur, sem staðið hafa linnulítið síðan, og einkum staðið um getu vísindanna til að segja fyrir um hámarksafrakstur fiskistofna við tiltekna sókn.

Að lokinni útfærslu landhelginnar, í 50 mílur árið 1972 og í 200 mílur 1976, var almenn bjartsýni ríkjandi í sjávarútveginum um allt land og mikill hugur í mönnum að endurnýja flotann, auka hann og stækka. Allar tilraunir stjórnvalda og einstakra stjórnmálamanna til að stíga á hemla í þeim efnum voru dæmdar til að mistakast. Hrunið, sem menn þóttust lesa út úr „svörtu skýrslunni“, lét líka á sér standa. Á árunum 1976-’79 fór raunverulegur afli 37% fram úr tillögum Hafrannsóknastofnunar og sjálf telur stofnunin að hún hafi þá vanmetið stofninn um 13%. Spáin fyrir 1980 reyndist því sem næst rétt, en þó meira fyrir slembilukku en nákvæma útreikninga. Eftir á taldi stofnunin að hún hefði ofreiknað árganginn 1976, sem þá átti að koma inn í veiðina. Á móti því kom að göngur þorsks af árganginum 1973 frá Grænlandi reyndust hins vegar miklu sterkari en ráð hafði verið fyrir gert og bættu þannig fyrir hinn ofreiknaða ’76-árgang. En fyrir vikið reikn-

Á Íslandsmiðum. Stjórnun fiskveiða við Ísland á sér aldagamla sögu. Yfirvöld hafa á liðnum öldum sett sig upp á móti beitunotkun, línuveiðum, og netalögnum, svo eitthvað sé talið, allt í því skyni að hafa einhvern hemil á fiskveiðunum. Víðtækust hefur fiskveiðistjórnunin þó orðið á 20. öld, fyrst með útrekaðri útfærslu landhelginnar er fullkomnaðist 1976 þegar fiskveiðilögsagan þandist út í 200 mílur. Árið eftir var tekið upp svokallað „skrapdagakerfi" er beindist aðallega að því að draga úr þorskafla íslenska flotans. Fjöldi úthaldsdaga var takmarkaður og settar flóknar reglur um rétta samsetningu aflans þar sem þorskur mátti ekki vera nema ákveðið hlutfall af afla hvers skips. Þetta var afleitt kerfi, þungt í vöfum og léleg vörn fyrir þorskstofninn sem endurspeglast best í þeirri staðreynd að 1981 varð þorskaflinn við Ísland 460.000 tonn og hefur aldrei orðið meiri. Árið 1984 var núverandi kvótakerfi tekið upp og aflaheimildum úthlutað á skip og báta yfir tíu brúttólestum á grundvelli veiðireynslu.



uðu spár fyrir 1981 og '82 þorskstofninn 30% of stóran. Árið 1981 öfluðust 470 þúsund tonn af þorski og Hafrannsóknastofnunin lagði til 450 þúsund tonna veiði fyrir 1982, en það ár öfluðust einungis 388 þúsund tonn og var það í fyrsta skipti, sem ekki náðist sá afli sem stofnunin hafði lagt til. Vegna skekkjunnar frá Grænlandsgöngunum lögðu fiskifræðingar samt til í fyrstu 350 þúsund tonna hámarksafla fyrir árið 1983, en endurskoðuðu þá tillögu og lækkuðu í 300 þúsund tonn, svo sem aflinn varð í raun.

Árið eftir var fiskveiðistjórnuninni breytt yfir í kvótakerfi, sem mjög hefur verið

umdeilt. Það hefur þó engu breytt um það, að þorskaflinn hefur farið minnkandi ár frá ári, þar til leyfilegur hámarksafli á þorski fór niður í 150 þúsund tonn árið 1995. Þar með var talið að botninum hefði verið náð og stofninn farinn að sýna batamerki.

Það er að sjálfsögðu mikið hagsmunamál frystihúsanna og sölusamtaka þeirra, að framboð á fiski sé sem stöðugast bæði til vinnslu og sölu á mörkuðunum. Síminnkandi framboð á þorski hefur valdið því að aðrar fisktegundir hafa átt auðveldara með að hlaupa í skarðið og erfiðara verður að vinna þorskinum sess á ný sem langverðmætustu fisktegundinni, þegar, og ef hann nær þeirri stærð sem nýtingargeta bæði flota og fiskvinnslufyrirtækja er miðuð við.

Því hefur fiskveiðistefnan og stjórnun fiskveiðanna jafnan verið á dagskrá innan samtakanna.

Strax á árinu 1976 er samþykkt á aðalfundi SH ályktun um stjórn fiskveiða, þar sem áhersla er lögð á nauðsyn rannsókna, betri nýtingu vannýttra stofna og lagt til að flotanum yrði lagt í þrjár vikur samanlagt á ári á tilteknum tímum.

Þegar sýnt var að þorskaflinn var farinn að dragast saman árið 1982, þrátt fyrir stóraukna sókn, var farið að leita nýrra leiða um stjórnun fiskveiðanna. Fiskifélag Íslands óskaði eftir því með bréfi 18. nóvember, að SH tilnefndi einn fulltrúa í nefnd til að fjalla um kvótafyrirkomulag á fiskveiðum 1983, í stað þess skipulags sem lagt hafði verið til að gilti fyrir 1982. Haraldur Sturlaugsson, Akranesi, var tilnefndur.

Síðari hluta ársins 1982 náðist hins vegar samkomulag milli hagsmunaaðila og sjávarútvegsráðherra um stefnuna í þorskveiðum 1983. Heildarþorskaflinn skyldi takmarkaður við 370.000 lestir og til að ná því marki skyldi beita banndögum á þorskveiðar, svokölluðu „skrapdagakerfi". Á aðalfundinum 1983 voru þessi mál til umræðu og í ályktun varaði fundurinn við allri rányrkju og hvatti til skynsamlegrar nýtingar á lífríki sjávarins kringum landið.

Forystumenn SH höfðu alltaf ákveðnar efasemdir um að binda kvótana við skip og hefðu fremur kosið að fiskvinnslan gæti einnig átt kvóta og ráðstafað honum til veiða í samræmi við hagsmuni vinnslunnar. Eftir að kvótakerfið var komið á, komu líka í ljós ýmsir annmarkar á því að binda kvóta alfarið við útgerðir og einstök skip. Aðalfundur Sölumiðstöðvarinnar árið 1985 samþykkti eftirfarandi ályktun:

„Aðalfundurinn skorar á stjórnvöld að leyfa frjálst framsal á aflakvótum milli skipa innan sömu útgerðar og/eða sömu verstöðvar og gildi slíkt frelsi um allar veiðar. Það færist mikið í vöxt, að aflakvótar eru notaðir við stjórnun fiskveiða og til að slíkt kerfi njóti sín sem best þarf frelsi til framsals að vera fyrir hendi. Það er hægt að draga úr heildarkostnaði við veiðarnar, ef útgerðaraðilar hefðu meira frelsi til að skipuleggja sínar eigin veiðar, eftir að þeim væri úthlutað aflakvóta. Það er mjög mikilvægt að hægt sé að laga hráefnisöflun að þörfum vinnslunnar."

Skiptar skoðanir voru innan SH eins og annars staðar í þjóðfélaginu um það, hvernig skynsamlegast væri að úthluta aflaheimildum. Þar átti hlut að máli sívaxandi útflutningur á gámafiski og minnkandi hlutdeild vinnslunnar í minnkandi þorskveiði landsmanna. Forstjóri SH, Friðrik Pálsson, gerði á fyrsta aðalfundi, sem hann sat, árið 1986, grein fyrir þeim sjónarmiðum, sem þá voru ofarlega á baugi hjá mörgum frystihúsamönnum. Þar sagði hann m.a. brýnt að taka þessi mál til umræðu á vettvangi frystihúsamanna: „Í fyrsta lagi til að vekja menn til umhugsunar um það, hvort við eigum að búa við kvóta á skip til frambúðar, þótt fallist hafi verið á hann til skamms tíma, og í öðru lagi að benda á, að aðrar leiðir séu



Haraldur Sturlaugsson, Akranesi.

færar til að skipta takmörkuðum auðlindum og sumar leiðirnar betri en skipakvótinn."

Friðrik færði rök fyrir hagkvæmni þess að fiskvinnslan, í stað skipanna, fengi kvótann:

„Fiskvinnslan fær kvótann. Hún á stóran flota skipa, sem hún getur sett á veiðar, en þeir bátar verða að vera samkeppnisfærir, því að fleiri eiga skip í landinu og útgerðarmenn þeirra gera tilboð í að sækja viðkomandi kvóta, og í bráð og lengd verða fiskvinnslufyrirtækin hvert af öðru að taka hagkvæmustu tilboðum. Ella verða þau undir. Skipum fækkar, afli eykst á hagkvæmustu skipin. Tekjur hvers skips aukast, afkoma batnar. Atvinnutækifærum fækkar eitthvað á sjó, en atvinna eykst í landi meira en því nemur. Góðir sjómenn fá góð pláss og góðar tekjur. Fiskvinnslan skipuleggur betur vinnslu í landi og það eykur nýtingu. Hráefnisverð á kíló upp úr sjó lækkar. Afkoma fiskvinnslunnar batnar. Fiskvinnslan leggur meira fé í vöruþróun og framfarir og getur greitt fiskvinnslufólki hærri laun.

Það, sem mestu skiptir þó, er, að afkoma í sjávarútveginum í heild mun batna, afkoma útvegsmanna, sjómanna og fiskvinnslufólks, og það mun þegar í stað hafa bætandi áhrif út í þjóðlífið allt.

Þeir einir tapa, sem ekki vilja bregðast við breyttum aðstæðum og munu reyna að gera út óhagkvæm skip á óhagkvæman hátt, en þeim skipum mun fljótt fækka. Þeir verða að taka sig á eða hætta ella."

Eins og kunnugt er urðu önnur sjónarmið fljótlega ofan á í þessum efnum, þótt því fari fjarri að einhugur sé um það meðal þjóðarinnar að besta, hagkvæmasta og skynsamlegasta leiðin hafi orðið fyrir valinu. Svo seint sem við síðustu endurskoðun fiskveiðistjórnarlaganna 1993 voru uppi tillögur um að fiskvinnslan gæti átt kvóta óháð skipum, en ákvæði þess efnis var kippt út úr frumvarpinu á síðustu stundu.

Þann 11. september um haustið 1986 tilnefndi stjórn SH Friðrik Pálsson í ráðgjafarnefnd um mótun fiskveiðistefnu næstu ára.

Fiskveiðistefna landsmanna var oft til umræðu á fundum stjórnar og framkvæmdaráðs SH á því ári. Gildistími laga um fiskveiðar rann út um áramótin 1987-'88 og var fjallað um hugmyndir og tillögur í nefnd skipaðri fulltrúum hins opinbera og hagsmunaaðila í sjávarútvegi. Þann 13. október 1986 samþykkti stjórn SH eftirfarandi:

„Á undanförnum misserum hefur stöðugt vaxandi óróa gætt vegna þess fyrirkomulags við stjórnun fiskveiða, að öllum kvótanum er nú úthlutað til útgerðar.

Skapast hefur ójafnvægi milli veiða og vinnslu, sem meðal annars kemur fram í vaxandi átökum um ráðstöfun afla og eykur launamismun sjómanna og fiskvinnslufólks.

Sú mikla hagkvæmni, sem að var stefnt með því að taka upp stjórnun fiskveiða, hefur ekki náðst sem skyldi og enn fer fiskiskipaflotinn stækkandi.

Brýna nauðsyn ber til að ná samstöðu um fiskveiðistefnu, sem taki fullt tillit til hagsmuna fiskvinnslu og fiskvinnslufólks, ekki síður en útgerðar og sjómanna.

Ný fiskveiðistefna tryggi jafnframt að hagsmuna þjóðarinnar verði gætt í samskiptum við erlendar þjóðir og að stefnt verði heils hugar að því að vinnsla sjávarafla færist ekki úr landi. Innlend fiskvinnsla verði þannig efld.

Stjórn SH skorar á alla hlutaðeigandi hagsmunaaðila að láta nú þegar af innbyrðis togstreitu og snúa bökum saman um að tryggja jafnræði veiða og vinnslu, enda verður með þeim hætti betur tryggð sú hagkvæmni í sjávarútvegi, sem þjóðinni er nauðsynleg til að viðhalda viðunandi lífskjörum".

Þann 23. nóvember um haustið kallaði sjávarútvegsráðherra fulltrúa samtaka hagsmunaaðila á sinn fund til að kanna hvort þeir myndu leggja blessun sína yfir samþykkt ráðgjafarnefndar á frumvarpsdrögum hans. Meðal þeirra breytinga, sem gerðar höfðu verið á frumvarpinu, var ákvæði um að samstaða næðist í rækjuvinnslunni um ákveðna jöfnun milli vinnslustöðva og ákvæði um að skerða útflutning á óunnum fiski. Bjarni Lúðvíksson átti sæti í nefndinni fyrir hönd SH, og veitti stjórn SH samþykki sitt til að heimila honum að mæla með frumvarpsdrögunum.

Á árunum 1988 og '89 starfaði Jón Ingvarsson stjórnarformaður í nefndum á vegum ríkisstjórnarinnar til endurskoðunar laga um stjórn fiskveiða og samningu nýrra laga um það efni.


Á aðalfundi 1990 gerði Friðrik Pálsson reynslu fiskvinnslunnar af kvótakerfinu að umræðuefni. Honum fannst margt benda til að það, sem átt hefði að ná fram með kvótanum, hefði ekki náðst. „Það sem ef til vill er alvarlegast", sagði Friðrik, „af því sem ekki náðist fram er, hvað flotinn hefur haldið áfram að stækka þrátt fyrir það að minna megi veiða af botnfiski.

Stækkandi floti hefur þýtt meiri útgerðarkostnað, sem hefur aukið þrýsting á hráefnisverð, sem fiskvinnslan verður að greiða. Það veldur versnandi afkomu fiskvinnslunnar og minnkar getu hennar til að mæta háu hráefnisverði. Það þýðir minnkandi magn til vinnslu innanlands, aukna ásókn í útflutning hráefnis til vinnslu erlendis, þar með aukna samkeppni erlendrar fiskvinnslu við þá íslensku og þar af leiðir að hún hefur enn minni tök á að standast samkeppnina um hráefnið og svo áfram með vítahringinn."

Frá því að þessi orð voru sögð hefur þó ýmislegt gerst, sem miðar í rétta átt, þótt enn fari því fjarri að þjóðarsátt hafi tekist um fiskveiðistjórnunina. Fiskveiðiflotinn er hættur að stækka. Á síðustu árum hefur og talsverðum hluta sóknarþunga hans verið beitt utan fiskveiðilögsögunnar, í Smuguna í Barentshafi, á Reykjaneshrygg og Flæmska hattinn auk ýmissa tilrauna einstakra útgerða með veiðar á ókunnum slóðum við strendur Afríku og S-Ameríku. Þrýstingnum hefur þannig vafalítið að nokkru verið létt, að minnsta kosti af þorskstofninum innan íslensku lögsögunnar. Hins vegar bendir margt til þess að í staðinn hafi of hart verið gengið að öðrum stofnum eins og karfa, ufsa og grálúðu, og reynir Hafrannsóknastofnun að leiðrétta það að nokkru í tillögum sínum fyrir 1997 um úthlutun veiðiheimilda. Sóknarmátturinn innan lögsögunnar er því enn of mikill. Hins vegar er þess ekki að vænta að menn vilji draga saman sóknargetuna svo nokkru nemi meðan vænta má aukningar þorskveiði á næstu árum og við bætist að norsk-íslenski síldarstofninn er að ná sér og Íslendingar fá þar nokkra hlutdeild.

Stærsta breytingin, síðan kvótakerfið var fest í sessi 1990-'92, er þó vafalaust sú, að fiskveiðiheimildirnar hafa færst stórum saman með samruna fyrirtækja í vinnslu og útgerð og uppkaupum á öðrum fyrirtækjum og vaxandi kvótaleigu. Vekur það upp ýmsar samfélagslegar spurningar, sem eiga eftir að verða erfiðar viðfangs á næstu árum, svo sem um þýðingu þess, að auðlindir sjávar eru í lögum skilgreindar sem „sameign þjóðarinnar", og hins vegar hver verði afdrif þeirra samfélaga víðsvegar um land sem fara halloka í samkeppninni og missa aflaheimildir út úr höndum sér.

Beint að Sölumiðstöðinni snýr það, að margt bendir til vaxandi samkeppni sölufyrirtækja um eignarhald á vinnslufyrirtækjum til að tryggja festu og samfellu í sölustarfseminni, eins og nánar er vikið að í kaflanum „Baráttan um frystihúsin", bls. 509.



Frá fiskmarkaði í Grimsby. Á 9. áratugnum seldu Íslendingar verulegt magn af ísuðum fiski til annarra Evrópulanda, mest Bretlands og Þýskalands.

Sótt að landvinnslunni

Siglingar með ísaðan fisk á uppboðsmarkaði í Vestur-Evrópu hafa jafnan verið stundaðar frá Íslandi, þegar þær hafa verið útgerðinni hagstæðar. Á tímum útfærslu fiskveiðilögsögunnar tók þó að mestu fyrir slíkar siglingar og togarafiskurinn fór til vinnslu í frystingu, salt eða skreið. Var þá byggð upp afkastageta vinnslustöðva í landi, sem nægði til að vinna nær allan afla af Íslandsmiðum.

Þegar líða tók frá almennri útfærslu fiskveiðilögsögunnar í 200 mílur fór úthafsveiðiflotum strandþjóða Vestur-Evrópu að hnigna, fyrst ísfisktogurunum, sem veitt höfðu aðallega fyrir neytendamarkaðina, en síðan einnig frystitogurum. Fljótt kom í ljós að strandveiðifloti þessara ríkja gat ekki fyllt upp í skörðin þrátt fyrir stóraukna sókn. Hefðbundin fiskvinnsla í þessum ríkjum átti því í vök að verjast og reyndu yfirvöld að verja hagsmuni hennar með margvíslegum hætti. Tollum var reynt að haga þannig að óunninn fiskur væri tollfrjáls meðan 15-18% tollar voru á flökum, ferskum og frystum. Þá nutu fiskvinnslufyrirtæki margvíslegra styrkja, bæði úr sameiginlegum sjóðum Evrópusambandsins og frá ríkisstjórnum heimalandanna, auk þess sem þau gátu átt völ á ríflegum byggðastyrkjum.

Á árinu 1981 höfðu Coldwater og nokkur frystihús innan SH átt frumkvæði að tilraunum með flugflutninga á ferskum karfaflökum til Bandaríkjanna á ferskfiskmarkaði þar og gaf það að mörgu leyti góða raun, enda gat Coldwater fryst þann fisk, sem ekki seldist strax ferskur. Það var fullkomlega eðlilegt að menn nýttu sér ferskfiskmarkaðina eins og kostur væri. Hitt hlaut að orka meira tvímælis að sjá ríkisstyrktri fiskvinnslu í Vestur-Evrópu fyrir hráefni til að keppa við okkar eigin fisk, frystan og saltaðan.

Veturinn 1982 til 1983 fer verulega að bera á aukinni sölu á lítt unnum eða



Kannski eru þeir félagarnir, Gísli Konráðsson, framkvæmdastjóri ÚA, og Sigurður Stefánsson, endurskoðandi SH í áratugi, að velta fyrir sér talnafræði í sambandi við þann mikla útflutning á ferskum fiski er átti sér stað á 9. áratugnum. Hinn hagorði vestfirðingur, Páll Janus Þórðarson, er átti langan starfsaldur sem framkvæmdastjóri frystihúsa og sem lagerstjóri hjá SH, orti þegar hann sá myndina: Ef að villa er hér í/ og einhver reynist gleymdur,/ það mun vera þá af því/ þegar núll er geymdur.

óunnum fiski til Evrópu, einkum Bretlands. Þá eru 35 þúsund tonn flutt með fiskiskipum og með flutningaskipum í gámum fara 7 þúsund tonn, en höfðu verið 1.200 árið áður. Þessi útflutningur jókst svo í stórum stökkum á næstu árum. Árið 1985 fór svo allt saman í senn: Staða dollarans veiktist en gjaldmiðlar Vestur-Evrópu styrktust að sama skapi, og veiðar á strandmiðum Evrópu brugðust og framboð á ferskum fiski var því tiltölulega lítið í Frakklandi, Belgíu, Þýskalandi, Bretlandi og víðar. Gámaflutningarnir jukust nú um 20 þúsund lestir milli ára, en að vísu dró um leið úr siglingum skipa með afla. Engu að síður var útflutningurinn á ísuðum fiski orðinn 70 þúsund tonn á ári og er það „vissulega umhugsunarefni, hver verður staða fiskvinnslunnar í framtíðinni, haldi þessi aukning áfram í útflutningi fersks fisks“, segir í skýrslu stjórnar til aðalfundar á þessum árum. Á þessum árum eykst skarkolaafli gífurlega, en hlutdeild frystingarinnar í verkun hans snarminnkar úr rúmlega 70% í tæplega 40%. Verðið á skarkola og lúðu á fiskmörkuðunum erlendis er orðið svo hátt, að gersamlega útilokað er fyrir frystinguna að keppa við það.

Enn eykst þessi útflutningur árið 1987 og fer yfir 100 þúsund lestir. Á fjórum árum hafði útflutningur óunnins fisks aukist um 46.000 lestir eða 106%, á sama tíma og verðmætið hækkaði um 418%. Fram að þessum tíma hafði samkeppnin um þorskinn verið hörðust milli frystingar og söltunar, en á þessum árum breytist þetta á þann veg, að báðar þessar greinar keppa við erlenda fiskvinnslu, fyrst um hráefnið, og þurfa svo að auki að keppa á mörkuðunum við afurðir úr þessu íslenska hráefni.

Á aðalfundi 1987 gerði Friðrik Pálsson forstjóri þessa þróun að umræðuefni í ræðu sinni. Þar sagði hann meðal annars:

„Margir fiskverkendur eru mjög kvíðafullir um framtíð sína og sinna fyrirtækja. Þeir óttast, að framhald verði á aukningu útflutnings á óunnum fiski og að enn frekar stefni í samdrátt í fiskvinnslu og því minnkandi nýtingu mannafla og mann-

virkja hérlendis. Ég lái þeim það ekki, þó að þeir hugsi svo um sinn. En öll él birtir upp um síðir.

Okkur Íslendinga hefur borið nokkuð af leið um stundarsakir. Við höfum dregið rangar ályktanir af þeim fréttaflutningi, sem dunið hefur yfir þjóðina síðustu misseri um glæsileg verð á óunnum fiski erlendis og þann „aumingjaskap hérlendra“, eins og sumir orða það, að geta ekki borgað þetta og hitt toppverðið, sem tíundað er hverju sinni.

Um lægstu verð eða meðalverð er ekki rætt.

Það verður ekki hlutverk íslenskra sjómanna að afla hráefnis fyrir fiskvinnslu keppinauta okkar í nálægum löndum og við verðum að snúa af þeirri leið skjótt, áður en stjórnendur annarra landa sannfærast um að unnt sé að sundra okkur í innbyrðis hagsmunatogstreitu skyldra aðila.

Við Íslendingar þurfum á ýmsu öðru frekar að halda í samskiptum okkar við risana í kringum okkur en að standa í innbyrðis átökum um þau mál, sem snerta viðskipti okkar við þá.

Þó að menn hafi um stundarsakir talið sér hagkvæmt að selja verulega aukið magn óunnins fisks á erlenda fiskmarkaði, er það óhugsandi að við látum bjóða okkur það, að við séum ginntir til þess í skjóli tollmúra að fæða fiskvinnslu annarra landa.

Við verðum til dæmis að standa saman í þeirri baráttu að ná fullu tollfrelsi fyrir allar fiskafurðir inn í Evrópubandalagið. Sá samningur, sem við höfum við Evrópubandalagið nú, var mjög góður á sínum tíma, og hann tryggir hagsmuni Íslendinga á margan hátt vel. En ýmislegt hefur breyst á liðnum árum og nú þegar er umræða komin af stað á milli embættis- og stjórnmálamanna okkar og Evrópubandalagsins um lagfæringar á samningnum og við verðum að standa vel við bakið á þeim.

Mesta veikleikamerki, sem við getum sýnt í því efni, er áframhaldandi útflutningur á óunnum fiski í stórum stíl. Það er nákvæmlega það, sem Evrópubandalagsmenn vilja. Þeim tókst ekki að kúga okkur í þorskastríðum fyrr á árum, en nú ná þeir engu að síður í stöðugt vaxandi hluta hráefnisins fyrir fiskvinnsluna sína til að halda uppi atvinnu í fiskiþorpum sínum.“ Síðar í ræðunni segir Friðrik enn fremur: „Stefnufesta hefur verið eitt sterkasta vopn okkar í baráttunni um markaðina, baráttu við sterka keppinauta allt í kringum okkur.

Nú leggjum við þessum sömu keppinautum okkar lið. Við seljum þeim hráefni til að keppa um sömu kaupendur og við höfum ræktað viðskiptasambönd við í áratugi. Við tökum líka hráefni frá þeim mörkuðum, sem lengst og best hafa reynst okkur og eyðileggjum þar með dýrmæt viðskiptasambönd . . . Hér innanlands byggir fiskvinnsla á langri hefð og við eigum vel þjálfað starfsfólk til allra verka . . . Þróun veiða og vinnslu á allra síðustu misserum hefur orðið til þess, að í hugum þessa fólks hefur vaknað efi um það, hvert stefni og hve mikið atvinnuöryggi sé í fiskiðnaði. Þessum efa þarf að eyða þegar í stað. Þvert á móti virðist allt benda til þess, að vaxandi áhersla verði lögð á að laða fólk að fiskvinnslunni. Vaxandi áhugi á vinnslu í dýrari pakkningar kallar á vel þjálfað starfsfólk.“

Friðrik bendir á, að ekki sé mikillar aflaaukningar að vænta á næstunni, það verði að leggja áherslu á aukna verðmætasköpun, sem besta nýtingu á hverju kílói. Og Friðrik heldur áfram:

„Við eigum að nýta okkur þá miklu eftirspurn, sem nú er eftir unnum fiskafurðum, með frekari vinnslu í okkar eigin fyrirtækjum í stað þess að leggja keppinautum okkar lið. Það dettur engum í hug að fullvinna fisk hér á landi til þess eins



Þorskflökum pakkað í hinar sígildu 5 punda öskjur sem eru settar í pönnur og síðan raðað inn í frystiskápa. Myndin er tekin 1986 í frystihúsi ÚA á Akureyri. Árið eftir brýndi Friðrik Pálsson útgerðarmenn lögeggjan að láta af hráefnisútflutningi til helstu keppinauta Íslendinga í Bretlandi og á meginlandi Evrópu. Nú væri að duga eða drepast, vinna þyrfti fiskinn í dýrari pakkningar og auka þannig verðmætasköpunina í fiskvinnslunni. Skoðun Friðriks var afdráttarlaus, fiskurinn átti að fara í íslensk frystihús til vinnslu en ekki erlend.

að fullvinna hann. Það þarf að vera hagkvæmt og það er hagkvæmara að vinna fiskinn hérlendis en að flytja hann óunninn úr landi. Það vita þeir, sem vilja vita það.

Ýmislegt hefur orðið til þess að, að sumir framleiðenda flytja óunninn fisk úr landi í stað þess að vinna hann sjálfir hérlendis. Það er oft talið um að kenna annað hvort miklum þrýstingi frá sjómönnum eða að skortur á vinnuafli komi í veg fyrir frekari vinnslu hér heima.

Um fyrra atriðið ætla ég ekki að fjölyrða nú. Ég hef áður lýst þeirri skoðun minni, að fiskvinnsla eigi að hafa með ráðstöfun aflans að gera, enda hefur hún besta yfirsýn yfir markaðina og getur tryggt að hæsta meðalverð fáist fyrir fisk upp úr sjó, þegar til lengri tíma er litið.

Um vinnuaflsskortinn er það að segja, að þar er fiskvinnslan að lenda í vítahring. Samdráttur í afla til vinnslu dregur úr eftirspurn fiskvinnslunnar eftir vinnuafli. Það þýðir jafnfram lækkandi heildartekjur fiskvinnslufólks. Það endurspeglast í minnkandi ásókn fólks í vinnu í frystihúsum, sem aftur þýðir minni möguleika húsanna til að vinna þann afla, sem þau þó geta fengið.

Flöskuhálsar af þessu tagi eru þekktir í öllum iðnaði. Hvernig bregðast menn við? Þegar skortur er á einum framleiðsluþætti í langri framleiðslukeðju, þá hækkar gjarnan verðið á honum, en menn hætta ekki fyrr en þeir fá hann keyptan.

Ég sé enga aðra leið út úr þeim vanda, sem fiskvinnslan er komin í, en að gera þá kröfu, að fiskvinnslan fái meira til skiptanna fyrir sig og sitt starfsfólk. Það ójafnvægi, sem nú ríkir milli útgerðar og fiskvinnslu, hefur haft í för með sér meira tekjumisvægi en heppilegt getur talist. Því þarf að snúa við hið bráðasta".

En það varð bið á því að þessari þróun yrði snúið við. Með bráðabirgðalögum í júlí 1987 var ákveðið að leggja sérstakt gjald á gámafisk frá 15. júlí og skyldi það renna til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins og var tiltekin upphæð á hvert kíló. Var gjaldið ákveðið til þriggja mánaða í senn af sjávarútvegsráðherra. En allt kom fyrir

ekki. Árið 1988 eykst ferskfiskútflutningurinn í 109 þúsund tonn og menn í frystiiðnaðinum spyrja orðið sjálfa sig: „Er frystingin á útleið og útflutningur á ferskum fiski framtíðin"? Þessari spurningu svaraði Friðrik Pálsson neitandi í aðalfundarræðu það ár og rökstuddi neitun sína í 8 liðum:

„1. Það leikur enginn vafi á því að stærstur hluti þess óunna fisks sem fluttur er úr landi fer í vinnslu erlendis. Spurningin snýst því um það hvar fiskurinn er unninn, en ekki hvort hann er unninn.

2. Í vaxandi mæli hefur íslensk fiskvinnsla haslað sér völl í vinnslu á ýmiss konar smápakkningum og komist þannig enn nær neytandanum en áður.

3. Mikil aukning er í dreifingu meira unnins fisks en áður var, til dæmis uppþídds, frysts fisks og fisks, sem minna þarf að tilreiða fyrir matseld. Íslensku fyrirtækin hafa verið framarlega í þeirri þróun.

4. Vaxandi áhersla á útflutning á unnum, ferskum fiski getur orðið mjög arðvænleg atvinnugrein, ef unnt verður að komast að samningum við Evrópubandalagið um að setja ekki tollmúra á unna vöru til að draga til sín ótollað hráefni.

5. Við útfærslu landhelginnar í 200 mílur var það þjóðinni kappsmál að fá að ráða sjálf yfir auðlind sinni, fiskinum í sjónum. Við erum í vaxandi mæli að afhenda öðrum þann yfirráðarétt með beinum og óbeinum hætti. Gætum okkar þar.

6. Fiskvinnsla á Íslandi á að minnsta kosti ekki síður framtíð fyrir sér en fiskvinnsla í Evrópubandalaginu, sem við nú mötum dyggilega með hráefni. Við ráðum yfir betra hráefni upp úr sjó en aðrir hafa og mikilli og dýrmætri reynslu fjölmargra vinnandi manna til sjós og lands.

7. Fiskvinnslan á Íslandi borgar í dag nærri tvöföld laun á við fiskvinnsluna í Grimsby og Hull, þar sem stór hluti íslenska fisksins er nú unninn. Er það ekki stórkostlegur árangur?

8. Fiskvinnslan á Íslandi tryggir starfsfólki sínu jafna og stöðuga vinnu og víða stórkostlega vinnuaðstöðu í samanburði við lausráðið starfsfólk í blikkskúrum.

Áfram mætti telja ótal atriði bæði til skýringar á mikilvægi fiskvinnslunnar fyrir þjóðarbúið og þær hættur sem leynast í þjóðlífi okkar og geta orðið henni skeinuhættar, en ég læt þetta nægja að sinni".

Enn hélt þessi ferskfiskútflutningur áfram að aukast og þann 17. ágúst 1989 skrifaði stjórn SH bréf til utanríkis- og sjávarútvegsráðherra um að hrinda úr vör skipulagðri Aflamiðlun, sem megi verða til þess að styrkja stöðu fiskiðnaðarins. Þessu fylgdi stjórnin eftir með samþykkt 29. maí 1990, þar sem skorað er á þá aðila sem að Aflamiðlun standa að láta einskis ófreistað til að ná tryggri stjórn á útflutningi á óunnum fiski.

Í umræðum um nýtt fiskverð, sem tók gildi 1. febrúar 1990, var mikið rætt milli aðila um nauðsyn þess að stofnað væri til samstarfs útgerðar, sjómanna, fiskvinnslu og verkafólks um skipulag á útflutningi á ferskum fiski. Var bréf þessa efnis sent utanríkisráðherra, Jóni Baldvin Hannibalssyni, þann 25. febrúar, og var samkomulagið samþykkt sama dag af honum með áritun á bréfið. Aflamiðlun var svo starfrækt í nánu sambandi við LÍÚ og til húsa í húsakynnum þess. Fulltrúi fiskvinnslunnar í fimm manna stjórn Aflamiðlunar var Ágúst Elíasson.

Hámarki náði útflutningurinn á óunnum fiski árið 1990, fór þá í 140 þúsund lestir. Árið eftir féll hann loks um nærri þriðjung, 44 þúsund lestir á einu ári. Það ár er fyrsta heila árið sem Aflamiðlun starfar. Árangurinn var sá að verðmæti þessa útflutnings lækkaði aðeins um 13,5%, sem bendir til þess að menn hafi nýtt sér uppboðsmarkaðina í Evrópu með miklu skynsamlegri hætti en árin á undan. Mik-



Þær voru víða óglæsilegar aðstæðurnar sem íslenska fiskinum var boðið upp á þegar hann kom ísaður til Englands eða Þýskalands. Einyrkjar, sem voru að dunda við fiskverkun, keyptu fiskinn á uppboðsmörkuðum og fóru með hann heim í skúr þar sem hann var unninn við ákaflega frumstæðar aðstæður. Myndin er tekin á 9. áratugnum og sýnir íslenskan þorsk skorinn eftir kúnstarinnar reglum hjá slíkum einyrkja í Grimsby. Brett hefur verið upp á ullarpeysuna, dautt er í pípunni og kaffið ekki langt undan.

ill styrr stóð um þetta fyrirkomulag í byrjun, ýmsir útgerðarmenn snerust hart gegn því, en fiskvinnslan fagnaði því, enda fór nú ferskfiskútflutningurinn ört minnkandi á næstu árum. Ekki verður greint að hve miklu leyti má þakka þetta starfi Aflamiðlunar. Margar samverkandi orsakir voru að verki: Samdráttur í aflaheimildum íslenskra skipa, einkum í þorski. Með EES-samkomulaginu lækkuðu tollar á ferskum flökum ört á næstu árum, svo að fór að borga sig að vinna fiskinn hér heima. Tollar á þorski, ýsu, ufsa, lúðu og grálúðu lækkuðu t.d. strax úr 18% í ekkert. Karfinn lækkaði stig af stigi úr 18% og ber enn 5,4% toll. Fjöldi einyrkja í Bretlandi og Þýskalandi, sem keyptu fisk á mörkuðunum til flökunar eða einhvers konar vinnslu í lélegum skúrum, lagði upp laupana, þar sem verð á mörkuðunum reyndist þeim ofviða. Hertar hollustuaðgerðir í Bretlandi höfðu sömu áhrif. Ýmsir telja að ódýr „svartur" fiskur hafi líka farið að fara fram hjá mörkuðunum um þessar mundir og lækkað verðið þar. Var það þá fiskur, sem var veiddur ólöglega, landað ólöglega og seldur fram hjá öllum opinberum sölukerfum.

Hvað sem því líður, náðist á þeim fimm árum, sem Aflamiðlun starfaði, sá árangur sem að var stefnt. Heildarmagnið á ísfiskmörkuðunum í Bretlandi og Þýskalandi féll úr 67 þúsund tonnum kvótaárið 1991-'92 í 33 þúsund tonn kvótaárið '95-'96. Raunar hafði meðalverð á mörkuðunum líka farið jafnt og þétt lækkandi nema á karfa og flatfiski. Þegar starfsemi Aflamiðlunar var hætt í lok ársins 1996 má því segja að siglingar og gámaflutningar hafi verið að komast í það horf sem eðlilegt er: að sjá neytendamörkuðum fyrir ferskum fiski, en ekki að mata ríkisstyrkta keppinauta okkar erlendis á hráefni. Aflamiðlun var lögð niður eftir að dómur gekk í Hæstarétti í máli Samherja gegn ríkisvaldinu, þar sem dómurinn taldi starfsemi Aflamiðlunar ekki eiga fullnægjandi lagastoð. Aðilar Aflamiðlunar munu líka hafa talið að tilganginum hefði verið náð og ekki ástæða til að halda starfseminni áfram.

Frystitogarar

Segja má að kreppt hafi að landvinnslunni á tvo vegu frá árinu 1982-'83. Annars vegar var það sá mikli útflutningur á óunnum fiski, sem gerður hefur verið að umtalsefni hér að framan, og við það bættist síminnkandi bolfiskafli, einkum í þorski. En segja má að þriðji þátturinn hafi bæst við og þjarmað að frystihúsunum í landi, þó svo að ekki hafi hann haft áhrif til hins verra á starfsemi Sölumiðstöðvarinnar sem slíkrar. Sá þáttur var vaxandi flutningur fiskvinnslunnar út á sjó með örri fjölgun frystitogara. Þar var þó ekki um að ræða að íslenskt hráefni væri í harðri samkeppni við aðrar afurðir Sölumiðstöðvarinnar. Þvert á móti opnaði þessi vinnsla nýja möguleika fyrir sölukerfi SH víða um heim, einkum í Japan. Forráðamenn SH tóku líka þessari framleiðslu opnum örmum frá upphafi og strax á árunum 1982-'84 er samþykkt í stjórn SH heimild til að selja afurðir fyrir utanfélagsmenn. Þessi samþykkt miðaði að því að taka afurðir frystitogaranna til sölu, án þess að eigendur þeirra þyrftu að ganga í samtökin. Fyrsti frystitogarinn, Sólrún ÍS, er tekinn í viðskipti við SH árið 1984 og tveimur árum síðar er sjófrystur fiskur kominn í 3.670 tonn. Árið eftir verður svo stökkbreyting, þegar sjófrystingin eykst um 8.000 tonn á milli ára. Fjögur þúsund tonn af heilfrystum karfa eru seld til Japans á því ári og eru stór liður í þeirri miklu sókn, sem um þær mundir er að hefjast á Japansmarkað. Hefði Sölumiðstöðin á þessum tíma verið hreint sölufyrirtæki, hefði mátt einu gilda hvort afurðirnar voru frystar í landi eða úti á sjó. Þær voru jafngóð söluvara fyrir því. En SH var jafnframt hagsmunafélag frystihúsanna og því er sjófrystingunni og útflutningnum á ísuðum fiski skipað á sama bás í skýrslu stjórnar 1989, þar sem segir: „Margt bendir til að áhrif stóraukinnar heilfrystingar um borð í frystitogurum og hin mikla aukning í útflutningi ísaðs fisks sé nú þegar byrjuð að setja Ísland niður á fyrsta stig og það hið lægsta í verðmætasköpuninni frá því að fiskurinn er veiddur þar til hann kemst á borð hins endanlega neytanda. Hlutdeild Íslands er þá fyrst og fremst fólgin í afrakstri veiðanna, en aðrir njóta þeirrar viðbótarverðmætaukningar, sem á sér stað í vinnslu, dreifingu og sölu. Haldi þessi þróun svo hratt áfram sem raun ber vitni um á síðustu árum, mun það leiða til stórfelldrar skerðingar á þjóðartekjum og lífskjör munu versna í landinu."

En frystitogararnir voru einnig að ryðja nýjar brautir. Framleiðsla þeirra á næstu árum einskorðaðist ekki lengur við heilfrystingu, heldur fóru þeir í auknum mæli að frysta flök líka. Á næstu árum óx líka sókn þeirra út fyrir landhelgina, sumir fóru í Smuguna í Barentshafi og rækjutogararnir á Flæmska hattinn, en mest munaði um þá í karfaveiðunum á Reykjaneshrygg. Án frystitogaranna hefðu þau mið fallið í skaut útlendum flotum, þótt þau liggi að íslensku fiskveiðilögsögunni og séu raunar framhald hennar.

Í þennan hóp hafa svo á síðustu árum bæst erlendir frystitogarar, sem valið hafa SH til sölu á afurðum sínum, og eru þeir 17 talsins á árinu 1996. Afurðir frystitogaranna eru þá orðnar meira en þriðjungur þeirra afurða, sem fara í gegnum sölukerfi SH. Frystitogararnir hafa vissulega átt sinn þátt í þrengingum landvinnslunnar á síðustu árum, en hafa á sama tíma orðið SH og starfsemi hennar lyftistöng. Hagsmunir SH sem sölufyrirtækis og hagsmunasamtaka frystihúsanna í landinu falla ekki lengur að öllu leyti saman. Því er eðlilegt að skilið sé milli þessara tveggja hlutverka einmitt nú.

Baráttan um frystihúsin

Á aðalfundi SH 1995 talaði Jón Ingvarsson, formaður stjórnar SH, um afleiðingarnar af stöðugt minnkandi aflaheimildum á Íslandsmiðum:

„Þær hafa leitt til vaxandi samkeppni milli fyrirtækja um kvótann og um viðskipti sem á einn eða annan hátt leiða af kvótanum. Þar getur verið um að ræða samkeppni um olíusölu, vátryggingarviðskipti, skipaflutninga, og um sölu og útflutning afurða. Þarna eru miklir fjárhagslegir hagsmunir í húfi og skyldi engan undra þótt hart sé um þá barist. Gagnstætt því sem áður var, verða þesss viðskipti ekki aukin með því einu, að auka sókn í takmarkaða fiskistofna. Um slíkt er ekki að ræða þar sem fiskaflinn er fyrirfram gefin stærð og byggir á úthlutuðum aflaheimildum. Þau verða aðeins aukin með því að ná þeim frá einhverjum sem fyrir er, og minnka þar með hans hlut.

Þessi samkeppni birtist okkur meðal annars síðastliðið haust, þegar Íslenskar sjávarafurðir keyptu tæpan þriðjung hlutafjár í Vinnslustöðinni í Vestmannaeyjum og réðu þar með yfir meirihluta í félaginu ásamt samstarfsfyrirtækjum sínum, sem áttu fyrir drjúgan hlut í félaginu. Yfirlýstur tilgangur með kaupunum var að komast yfir afurðasölu Vinnslustöðvarinnar, en félagið hafði alla tíð verið aðili að SH.

Hið sama mun hafa legið að baki, þegar Kaupfélag Eyfirðinga gerði Akureyrarbæ, sem á 53% í Útgerðarfélagi Akureyringa hf., tilboð um kaup á hlutabréfum bæjarins í félaginu í því skyni að tryggja Íslenskum Sjávarafurðum hf. sölu afurða ÚA. Þessi tvö dæmi sýna okkur ef til vill hvers er að vænta í þessum efnum í framtíðinni". Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir þeim átökum, sem urðu milli sölufélaganna um þau tvö fyrirtæki, sem formaðurinn nafngreindi í ræðunni.

Forleikur í Vestmannaeyjum

Miklar breytingar hafa orðið í íslensku fyrirtækjaumhverfi, og þá sérstaklega í sjávarútveginum, á síðastliðnum áratug. Margar þessara breytinga má rekja bæði beint og óbeint til úthlutunar aflaheimilda á vegum opinberra aðila, eins og formaðurinn benti þarna réttilega á.

Má fullyrða að smátt og smátt hafi andrúmsloftið gerbreyst, þótt allt væri kyrrt á yfirborðinu og engir, nema þeir sem kunnugastir voru, sæju merkjanlegan mun.

Eignarhald sjávarútvegsfyrirtækjanna, sem á annað borð voru í einkaeign, en ekki í eigu bæjarfélaga, eða jafnvel ríkisins, hafði yfirleitt verið í formi lokaðra hlutafélaga þar sem ein eða fleiri fjölskyldur héldu um alla stjórnartauma. Fyrirtækin voru illa fjármögnuð, eigið fé mjög takmarkað og gekk fljótt til þurrðar á langvarandi erfiðleikatímum. Fastgengisstefnan samfara óðaverðbólgunni gekk mjög nærri mörgum þessara fyrirtækja á árunum fyrir 1990 og rekstri þeirra var fleytt áfram á lánsfé, sem var óheyrilega dýrt og mörgum þeirra hreinlega ofviða. Flest stór vinnslufyrirtæki söfnuðu skuldum í bönkum og lánasjóðum og bankarnir og aðrir lánardrottnar tóku nú að knýja á um að þau fyndu einhver úrræði til að endurfjármagna sig. Gamalgróin fyrirtæki fóru nú að grípa til þess ráðs að opna sig og efna til hlutafjáraukningar og hlutafjárútboða á almennum fjármagnsmarkaði og skrá hlutabréf sín ýmist á opnum tilboðsmarkaði eða Verðbréfaþingi.

Eitt þeirra fyrirtækja, sem hvað verst fór út úr þessu ástandi, var Samband íslenskra samvinnufélaga. Fór svo að lokum að þetta fyrrum mesta stórveldi í íslensku viðskiptalífi, var tekið til uppgjörs og leystist upp. Á rústum þess risu mörg



Vestmannaeyjar 1967. Ef grannt er skoðað má sjá öll stærstu fiskverkunarhúsin í Eyjum; Hraðfrystistöð Vestmannaeyja fjærst, Fiskiðjuna og Ísfélag Vestmannaeyja, sambyggð, og Vinnslustöðina næst.

hlutafélög, sem héldu margvíslegum tengslum innbyrðis þótt sjálfstæð væru í sínum rekstri. Sjávarútvegsdeild SÍS var nú breytt í hlutafélag, Íslenskar sjávarafurðir hf. (ÍS) og hóf sjálfstæðan rekstur sem sölufyrirtæki þeirra frystihúsa, sem verið höfðu undir ægishjálmi Sambandsins. Flest urðu þau nú einnig hlutafélög, sem ekki höfðu verið það fyrir.

Í hálfa öld höfðu SH og SÍS starfað hlið við hlið, sem nærfellt einu útflutningsaðilar landsins á hraðfrystum fiski. Á Bandaríkjamarkaði ráku bæði eigin sölufyrirtæki og fiskréttaverksmiðjur og voru þar í harðri samkeppni. En á Austur-Evrópumarkaðnum höfðu þau skipt með sér markaðnum í samræmi við framleiðslu frystihúsa sinna. Í viðtali við Sjávarfréttir 1982 taldi Eyjólfur Ísfeld að samkeppni SH og SÍS um markaði þar eystra hefði verið til fyrirmyndar og árekstrar afar sjaldgæfir. Eins og gengur höfðu frystihús skipt um eigendur í ýmsum sviptingum viðskiptalífs og stjórnmála og þannig færst á milli seljendanna, en eina dæmið þar sem SÍS hafði beinlínis keypt frystihús í rekstri og fært með því viðskiptin yfir til sín, var þegar SÍS hafði keypt Freyju í Súgandafirði. Reynslan af því var ekki sérstaklega góð fyrir SÍS.

En nú var ný kynslóð að taka við stjórnartaumum í fyrirtækjum víða um land, óbundin af þeim hefðum sem skapast höfðu í efnahagskerfi pólitísks taumhalds undanfarinna áratuga. Stíflur tóku að bresta og viðskipti að flæða yfir hina ósýnilegu línu, sem dregin hafði verið um þjóðfélagið þvert og endilangt milli einkaframtaks og samvinnuhreyfingar síðan höftin höfðu verið innleidd á kreppuárun-

um. Hafði þetta pólitíska ástand löngum verið kennt við helmingaskipti Sjálfstæðisflokks og Framsóknar, enda pólitík og flokkshagsmunir blandast inn í nálega öll viðskipti heima og erlendis með þeim tökum, sem stjórnmálaflokkar höfðu á ríkisbönkum og lánasjóðum.

Á síðustu mánuðum ársins 1994 tók að draga til tíðinda og urðu þau þó aðeins forboði stærri atburða. Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum hafði orðið til nokkrum árum fyrr við samruna við Fiskiðjuna og hafði um árabil verið í tölu stærstu aðila að Sölumiðstöðinni. Fastgengisstefnan, dýrtíðin, verðfall afurða og minnkandi aflaheimildir höfðu gengið mjög nærri fyrirtækinu og samkvæmt lýsingu Sighvats Bjarnasonar, framkvæmdastjóra þess, var það orðið risi á brauðfótum, þegar hér var komið sögu. Sighvatur hafði starfað á vegum SÍF úti í Frakklandi, en komið heim tveimur árum fyrr til að taka við stjórn fyrirtækisins af föður sínum, Bjarna Sighvatssyni, og sat um þessar mundir í stjórn SH og í stjórn dótturfyrirtækisins Icelandic Freezing Plants Ltd. í Bretlandi. Hann hafði einnig á árinu 1993 orðið stjórnarformaður SÍF. Viðskiptabanki Vinnslustöðvarinnar, hinn nýi Íslandsbanki, eða útibú hans í Eyjum, mun hafa allt undanfarið ár þrýst fast á eigendur fyrirtækisins að endurfjármagna það með einhverjum hætti.

Stríðshanska kastað

Það var svo sunnudaginn 30. október 1994 að „stríðshanskanum var kastað“ eins og Morgunblaðið orðaði það í fyrirsögn á fréttaskýringu Agnesar Bragadóttur um málið. Þann dag undirrituðu þeir Bjarni Sighvatsson, stjórnarformaður Vinnslustöðvarinnar, og Benedikt Sveinsson, forstjóri Íslenskra sjávarafurða, samning um kaup hinna síðarnefndu á 30% hlut Bjarna og fjölskyldu hans í Vinnslustöðinni. Þar með hafði ÍS tryggt sér ráðandi hlut í fyrirtækinu.

Það lá í loftinu og kom fljótlega fram í fréttum að viðskiptin með afurðir Vinnslustöðvarinnar færðust yfir til ÍS, flutningarnir til Samskipa, olíuviðskiptin til Esso og tryggingar til Vátryggingarfélags Íslands hf. (VÍS). Ljóst var að þessi fyrrverandi Sambandsfyrirtæki höfðu nú myndað eina fjársterka blokk, sem hefði kannski ekki fyrst og fremst að markmiði að keppa við SH um verð úti á mörkuðunum, heldur að tryggja sér viðskiptin með því að kaupa upp fyrirtæki og í leiðinni þær aflaheimildir, sem með kvótakerfinu höfðu orðið eign útgerðarfyrirtækjanna.

Í viðtölum við fjölmiðla sagði Friðrik Pálsson, forstjóri SH, að á undanförnum árum hefði SH ýmist bætt við sig viðskiptum eða misst viðskipti með ýmsum hætti og við því væri ekkert að segja. Veltuaukning milli ára hjá SH hefði numið 40% nú tvö ár í röð. „Það sem kemur á óvart,“ sagði Friðrik, „er að ÍS, og þeir sem þeim tengjast, skuli leggja út á þá braut, sem þarna er farin. Ég og fjölmargir aðrir höfðum talið að í gildi væri samkomulag, sem kalla mætti heiðursmannasamkomulag, um að þessir tveir aðilar væru ekki að sækjast eftir viðskiptum hvor hjá öðrum“. Ennfremur sagði Friðrik, að eigendum Vinnslustöðvarinnar hefði að sjálfsögðu verið í lófa lagið, ef þeir vildu skipta um seljanda, að gera það án þess að slíkt hefði þurft að kosta ÍS eða aðra umtalsverða fjármuni. „Nú gerist það hins vegar að ÍS ganga fram fyrir skjöldu og taka upp nýjan sið. Þær kaupa sér veltu og viðskipti með þessum hætti. Það er ákvörðun, sem ég tel vera talsverð tíðindi“[10]. Friðrik sagðist þora að fullyrða að mjög gott samstarf hefði verið gegnum tíðina á milli SH og Vinnslustöðvarinnar.

Hluti af þeim deilum, sem sigldu í kjölfarið, var bein afleiðing af félagsformi



Úr Vinnslustöðinni í Vestmannaeyjum. Kaup ÍS á hluta í Vinnslustöðinni voru að dómi Friðriks Pálssonar brot á heiðursmannasamkomulagi SH og ÍS um að láta framleiðendur óáreitta um val á samtökum til að selja afurðir sínar. Um leið var þetta atlaga að SH er ýtti undir það að samtökin breyttust í hlutafélag.

SH. Það var ekki auðvelt að skipta um seljanda vegna þess hversu fasttengd frystihúsin voru sölufyrirtæki sínu. Úrsögn varð að berast með árs fyrirvara og tók þá gildi eftir önnur áramót frá því hún barst stjórninni. Eignarhlutur frystihúsanna í SH var svo greiddur út á 10 árum eftir að úrsögn tók gildi og þá var einungis greitt út bókfært verð. Hlutur Vinnslustöðvarinnar í SH taldist 8,03% og var hún þannig þriðji stærsti eigandi Sölumiðstöðvarinnar.

Fram kom að fyrr á árinu hafði Vinnslustöðin kannað þá leið, að SH leysti út þennan hlut á hærra gengi en reglur Sölumiðstöðvarinnar sögðu til um, til þess að auðvelda fyrirtækinu að bæta skuldastöðu sína. Svör við slíkri beiðni hlutu að verða neikvæð: Lög SH kváðu einfaldlega á um þetta og frá því hefði ekki verið hægt að víkja nema með samþykki allra félagsaðila SH. Engin fordæmi voru fyrir því að mál væru leyst með þessum hætti og höfðu þó mörg frystihús í kröggum á liðnum árum einmitt litið til þess að gera sér peninga úr þessum eignarhlut. Hendur stjórnar SH voru því bundnar að þessu leyti. Í rauninni var það líka í andstöðu við hlutverk SH sem sölufyrirtækis framleiðendanna að eignast hlut, hvað þá ráðandi hlut, í einstökum aðildarfyrirtækjum og þurfa svo að reka þau í samkeppni við aðra félaga. Slíkt hefði boðið heim ásökunum um hagsmunaárekstra og því aldrei verið tekið í mál.

Samt sem áður var því beitt sem rökum í málinu að frá SH hefði andað köldu í garð Vinnslustöðvarinnar og erfiðleikar hennar átt litlum skilningi að mæta hjá

stjórn SH og öðrum meðeigendum í því fyrirtæki. Kemur það illa heim við þau trúnaðarstörf á vegum SH, sem Sighvatur Bjarnason hafði verið kjörinn til. Sighvatur lét einnig í veðri vaka í fjölmiðlum, að hann mundi áfram sitja í stjórn SH eftir að afurðasalan hefði verið færð yfir til ÍS, og jafnvel að Vinnslustöðin mundi ekki segja sig opinberlega úr SH, heldur halda sínum eignarhlut, þar til nýir eigendur ákvæðu annað. Þessi mál leystust þó án þess að til frekari deilna kæmi.

Samkvæmt úttekt Morgunblaðsins 3. nóvember 1994 var sjónarmið Sighvats Bjarnasonar og fjölskyldu hans það, að þau áttu 30% hlut í Vinnslustöðinni og vildu fá tvöfalt nafnverð bréfanna, eða 170 milljónir króna. Ráðamenn SH leituðu álits ýmissa fjárfesta á því hvort þeim þætti álitlegt eða skynsamlegt að kaupa hlut fjölskyldunnar á því verði sem upp var sett, en þeir komust að þeirri niðurstöðu að hér væri ekki um fýsilegan fjárfestingarkost að ræða. Samkvæmt sömu heimild féllst ÍS á að kaupa bréfin á 1,6 földu nafnverði, eða 140 milljónir króna. Fyrir fjölskylduna hlaut þetta að vera mjög freistandi tilboð.


Á árinu 1994 voru stærðarhlutföll SH og ÍS í viðskiptum með freðfisk nálægt því að vera 67% á móti 33%, en við það að framleiðsla Vinnslustöðvarinnar færðist til ÍS nálgaðist þetta bil meira 60% á móti 40%. Breytingin var því ekkert stóráfall fyrir SH viðskiptalega, en eins og uppbyggingu SH var háttað, var þetta óneitanlega innrás í fyrirtækið.

Í augum margra voru þessi átök þó ekki eingöngu viðskiptalegs eðlis, heldur þrælpólitísk. Með þessu væri orðið opinbert að fyrrverandi Sambandsaðilar, ÍS, ESSO, VÍS, Samskip og fleiri fyrirtæki og sjóðir hefðu myndað eina blokk, sem leynt og ljóst stefndi að því að auka ítök sín í atvinnulífi landsmanna. Fram kom sú skoðun að Sambandið hefði aldrei dáið, heldur aðeins lagst í dvala. Nú sæi þessi fjársterka blokk sér leik á borði að kaupa sig inn í eitt höfuðvígi einkaframtaksins á Íslandi, Vestmannaeyjar, með því að kaupa ráðandi hlut í Vinnslustöðinni. Hingað til höfðu öll frystihúsin í Eyjum verið aðilar að SH og SÍS hafði aldrei náð þar neinni fótfestu á sinni tíð.

Útgerðarfélag Akureyringa

Útgerðarfélag Akureyringa var stofnað 1945 og var í rauninni eins konar bæjarútgerð, þótt fyrirtækið væri rekið í hlutafélagsformi. Akureyrarbær var alla tíð stærsti eigandinn, en ýmsir aðrir áttu þar minni hluti, þar á meðal KEA. Félagið hóf frystingu og gerðist aðili að SH 1957 og annar framkvæmdastjóri þess, Gísli Konráðsson, hafði setið í stjórn SH og Coldwater og töluvert að honum kveðið í forystu félagsins. ÚA rak umfangsmikla togaraútgerð og hafði komið sér upp einu stærsta frystihúsi landsins. Árið 1994 var ársvelta ÚA þrír milljarðar króna, eignir námu 5,03 milljörðum og eigið fé um 1,8 milljörðum. Fyrirtækið átti fiskvinnsluhús á Akureyri og Grenivík og sjö togara með veiðiheimildir í íslenskri landhelgi auk eins togara til viðbótar. Þá átti ÚA meirihluta hlutafjár í þýska fyrirtækinu Mecklenburger Hochseefischerei, MHF, (sjá kafla um Þýskalandsmarkað), og eignarhlut í mörgum íslenskum fyrirtækjum. Hjá ÚA voru 1994 unnin um 500 ársverk og komu að því nærri 700 manns.[11]

Hlutur ÚA í heildarsölu SH ásamt MHF var á þessum tíma orðinn um 17,0% og með 12,7% eignarhlutdeild var það langstærsti eigandi félagsins. ÚA hafði ásamt ýmsum öðrum frystihúsum SH lagt verulega áherslu á framleiðslu fyrir Bandaríkjamarkað og notið góðs af þróunarstarfi með SH og Coldwater fyrir þann markað. Einnig hafði ÚA lagt áherslu á að vinna í pakkningar fyrir franska mark-



Útgerðarfélag Akureyringa hf. hefur löngum verið stærsti framleiðandinn innan SH og þar af leiðandi lagt mest inn í sölukerfi þess. Fyrir vikið átti ÚA árið 1994 stærstan eignarhlut allra félagsmanna í SH, eða tæp 13%. Næst-stærsti eignaraðili SH var Ísfélagið í Vestmannaeyjum með 8,7% en í þriðja sætið kom Vinnslustöðin með rúm 8%. Hlutur ÚA, og dótturfyrirtækja, í heildarsölu SH var þá orðinn um 17%. Ljósm: Snorri Snorrason.

aðinn. Auk þessa hafði SH lagt 30 milljónir í hlutafé við kaup ÚA á þýska útgerðarfyrirtækinu Mecklenburgar Hochseefischerei. ÚA var því einn af hornsteinum Sölumiðstöðvarinnar um miðjan tíunda áratuginn.

Seint þetta sama haust, 1994, fóru að heyrast sögusagnir þess efnis, að Akureyrarbær mundi hugsanlega selja ÍS eða KEA eignarhlut sinn í ÚA, sem þá nam 53% hlutafjár, gegn því að ÍS flytti höfuðstöðvar sínar til Akureyrar. Á þeim tíma mun flestum hafa þótt það fráleit hugmynd, að hluti bæjarins yrði gerður að skiptimynt í baráttu um hver færi með afurðasölu fyrir fyrirtækið, enda engar efasemdir komið upp um að ekki væri vel séð fyrir þeirri hlið mála í höndum SH. Verðmæti hlutabréfa bæjarins í ÚA var talið nema um einum milljarði króna, eða álíka upphæð og nam öllum skuldum bæjarsjóðs, eða öllum rekstri Akureyrarbæjar í heilt ár. Bæjarfulltrúar hlutu því að velta því fyrir sér hvort sala hlutabréfanna gæti ekki orðið lyftistöng fyrir bæinn og bæjarbúa. Flestum fundust þó slíkar vangaveltur býsna fráleitar.

Í byrjun desember fór einn bæjarfulltrúa Framsóknarflokksins, Guðmundur

Stefánsson, ásamt Jakobi Björnssyni, bæjarstjóra, í heimsókn í höfuðstöðvar ÍS í gamla Sambandshúsinu á Kirkjusandi og kannaði óformlega „í kaffirabbi", hvernig ÍS mundi taka slíku tilboði og fengu þeir jákvæðar undirtektir.

Fyrir áramót gerðist þó ekki annað en það, að Jakob Björnsson, bæjarstjóri, reifaði málið lauslega í bæjarráði. Lausafregnir, sem af því bárust, urðu þó til þess, að forsvarsmenn SH rituðu eftirfarandi bréf til bæjarstjórans 30. desember 1994:

> „Í tilefni þeirrar umræðu sem átt hefur sér stað í fjölmiðlum, hvort forráðamenn Íslenskra sjávarafurða hf. væru reiðubúnir að flytja fyrirtækið til Akureyrar og að félaginu yrði tryggð afurðasala fyrir Útgerðarfélag Akureyringa hf. og hvort hugsanleg sé sala bæjarsjóðs Akureyrar á hlutabréfum bæjarsjóðs í ÚA, óskar Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna eftir umræðufundi við yður við fyrsta tækifæri. Sem kunnugt er, hefur Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna annast sölu allra frystra afurða fyrir ÚA allt frá því félagið hóf frystingu árið 1957 og er ÚA stærsti eignaraðili að SH með um 12,7% eignarhluta. Það má því með réttu segja, að Útgerðarfélag Akureyringa sé einn af máttarstólpum SH. Með sama hætti tel ég að segja megi, að Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hafi með sínu markaðs- og sölustarfi heima og erlendis lagt sitt af mörkum til styrktar og eflingar Útgerðarfélagi Akureyringa. Það er því ljóst, að miklir hagsmunir eru í húfi bæði fyrir SH og ÚA. Forráðamenn ÚA hafa fram til þessa metið það svo, að hagsmunir félagsins væru best tryggðir með aðild að SH.
>
> Í ljósi þess sem að framan greinir lýsir Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna yfir fullum vilja til að ganga nú þegar til samninga við forsvarsmenn Akureyrarbæjar um með hvaða hætti skipa megi málum þannig að hagsmunum allra aðila, sem hlut eiga að máli, sé fullnægt.
>
> Þar sem mér hefur ekki tekist að ná símasambandi við yður í morgun, leyfi ég mér að senda þessa ósk um fund bréflega.
>
> Í von um jákvæð viðbrögð og með ósk um gleðilegt ár,
> Virðingarfyllst,
> Sölumiðstöð Hraðfrystihúsanna,
> Jón Ingvarsson stjórnarformaður"

Með þessu bréfi er óhætt að segja að forsvarsmenn SH hafi tekið frumkvæðið í eigin hendur og beint málinu í ákveðinn farveg, sem lá nokkuð fjarri þeim, sem upphafsmenn málsins höfðu mótað. Samkomulag varð um að forráðamenn bæjarins og SH ættu með sér fund þann 6. janúar. Tveimur dögum fyrr kom stjórn KEA saman til fundar og samþykkti erindi til bæjarstjórnar Akureyrar, þar sem KEA lýsti sig reiðubúið til að kaupa 30-35% af hlutafé bæjarins í ÚA. En fyrir átti KEA 8,4%. Jafnframt lýsti Jóhannes Sigurgeirsson, stjórnarformaður KEA, því yfir í viðtali við Morgunblaðið 6. janúar 1995, að með þessum kaupum „væri kominn grundvöllur til þess að bjóða ÍS viðskiptin við ÚA í stað SH." Markmið stjórnar KEA með þessu væri einnig að tryggja að allur kvóti ÚA héldist á Akureyri, þótt bæjarfélagið tæki ákvörðun um að selja hluta af sinni hlutafjáreign annað. Sama dag sagði Jón Ingvarsson, stjórnarformaður SH, í samtali við Morgunblaðið „Ég tel að það væri vel athugandi, ef það kæmi á daginn að þessi bréf bæjarins í ÚA, eða hluti þeirra, væri til sölu, að Sölumiðstöðin gæti beitt sér fyrir því, að safna saman einhverjum fjárfestum til þess að kaupa þennan hluta". Hann sagði jafnframt að það væri stefna SH að kaupa ekki hluti í þeim framleiðslufyrirtækjum sem væru eigendur SH.

Nú blandaði hitt stóra útgerðarfyrirtækið á Akureyri sér í málið og framkvæmdastjóri þess, Þorsteinn Már Baldvinsson, sendi Jakobi Björnssyni bæjarstjóra skriflegt erindi því til staðfestingar að Samherji hefði áhuga á að kaupa hlutabréf bæjarins í ÚA. Þá stóðu málin þannig, að tveir aðilar höfðu lýst ákveðnum áhuga á að kaupa hlutabréf Akureyrarbæjar í ÚA, og stjórn SH hafði að auki rætt um að beita sér fyrir því að finna hóp fjárfesta til að kaupa þennan sama eignarhlut, jafnframt því sem til greina kæmi að flytja hluta af starfsemi SH til Akureyrar.

Hófust nú formlegar umræður um sölu hlutabréfanna í bæjarráði á Akureyri. Samþykkti bæjarráð á fundi sínum 6. janúar, að láta fara fram skoðun á áhrifum þess á starfsemi ÚA, ef sölumál félagsins færðust frá Sölumiðstöð Hraðfrystihúsanna til Íslenskra sjávarafurða. Sú skoðun yrði framkvæmd í samvinnu við stjórnendur ÚA. Fimm manna hópur fulltrúa allra flokka í bæjarstjórn var kosinn auk bæjarstjóra til að inna þetta verk af hendi og skyldi hann skila áliti innan tveggja vikna, en engin ákvörðun tekin um sölu hlutabréfanna á meðan. Var það í samræmi við ósk stjórnar SH um að fá frest til 20. janúar til að leggja fram tillögur um það með hvaða hætti þeir gætu stuðlað að öflugra atvinnulífi í bænum. Bæjarráð hét því jafnframt að SH fengi jöfn tækifæri á við aðra, ef af sölu hlutabréfanna yrði.

Bæjarráð réði tvo aðila, Nýsi hf. og Andra Teitsson, til að kanna ofangreind áhrif á flutning afurðasölunnar.

Pólitískt – eða viðskiptalegt – samsæri?

Átökin um ÚA vöktu mikla athygli allra fjölmiðla og 8. janúar segir í Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins. „Eru rök fyrir því, að ÚA hverfi úr viðskiptum við söluaðila sem hefur reynst vel, og til annars söluaðila sem á sér sveiflukennda fortíð, og er þá átt við Iceland Seafood en ekki Íslenskar Sjávarafurðir h.f.? Þau rök eru augljóslega ekki viðskiptaleg, en eru þá pólitísk rök fyrir því, sem vega þyngra en hin viðskiptalegu? Vissulega getur skipt miklu máli fyrir Akureyri að verða önnur viðskiptamiðstöð á Íslandi og flutningur ÍS til Akureyrar skiptir auðvitað máli fyrir atvinnulífið og bæjarlífið. En það má ekki mikið út af bera í rekstri ÚA til þess að þeir plúsar breytist í mínusa".

Hinir pólitísku undirstraumar þessa máls koma glöggt fram í vangaveltum manna um það, hvort þessi deila yrði til þess að sprengja meirihlutann í bæjarstjórn Akureyrar, sem skipaður var fimm Framsóknarmönnum og einum Alþýðuflokksmanni.

Í fjölmiðlum er líka fjallað mikið um aðdraganda málsins og velt upp spurningunni: Var þetta samsæri forráðamanna fyrirtækja sem verið höfðu á vegum Sambandsins og pólitískra afla í Framsóknarflokknum? Viðskiptablaðið 11. janúar 1995 rekur upphaf málsins fyrst og fremst til þess, að ÍS þurfti að rýma skrifstofuhúsnæði sitt í gamla Sambandshúsinu á Kirkjusandi og að úr því það þurfti að flytja á annað borð, gæti það allt eins flutt höfuðstöðvar sínar til Akureyrar. Út úr þeim hugleiðingum hafi spunnist vangaveltur um hvað Akureyringar vildu til vinna að fá höfuðstöðvar ÍS norður. Væru þeir tilbúnir að stuðla að því að sölumál ÚA flyttust til ÍS? Til þess að sú tilhögun yrði tryggð til frambúðar en ekki háð úrslitum bæjarstjórnarkosninga á hverjum tíma, væru bæjarstjórnarmenn þá tilbúnir til að selja hlut bæjarins til fyrirtækjasamsteypu sem væri ÍS hlynnt?

Viðskiptablaðið veltir því einnig upp, hvort það hafi haft áhrif á þessar hug-



Gunnar Ragnars í þungum þönkum. Að baki honum situr Vilhelm Þorsteinsson sem um árabil var annar tveggja framkvæmdastjóra ÚA. Við hlið Vilhelms er Sverrir Leósson útgerðarmaður á Akureyri og um skeið stjórnarformaður ÚA. Það fór ekki á milli mála að þegar lætin upphófust í kringum ÚA, SH og ÍS, var Gunnar því mótfallinn að fela ÍS afurðasölu fyrirtækisins.

myndir að OLÍS hafði haft betur í útboði um olíuviðskipti ÚA 1995, en tvö árin þar á undan hafði Olíufélagið hf. (ESSO) haft þau viðskipti í heild en að hluta áður. Í tengslum við flutning ÍS til Akureyrar er talað um að 60 til 70 störf myndu flytjast til bæjarins, og var það sú viðmiðun sem gekk í gegnum allar viðræður og samninga.

Viðskiptablaðið (11. janúar) benti á að gífurlegir viðskiptahagsmunir væru í húfi, ekki aðeins fyrir SH, heldur fjölmarga aðra aðila. Blaðið taldi bruttótekjur SH vegna sölu afurða ÚA nema um 200 milljónum króna. Þá keypti ÚA brennsluolíur fyrir 200 milljónir á ári og hafði OLÍS hreppt þau viðskipti eftir útboð, eins og áður er sagt. Því til viðbótar kaupi ÚA smurolíu af Skeljungi fyrir tugi milljóna á ári. Til viðbótar þessu komi skipaflutningar, sem blaðið mat á 120 milljónir króna á ári og voru í höndum Eimskips, en fullvíst mátti telja að Samskip hlytu þau viðskipti, ef af sölu hlutabréfanna til ÍS yrði. Tryggingar væru að jöfnu hjá Tryggingamiðstöðinni og VÍS, en að undanförnu hefði ÚA verið að færa sig til Tryggingamiðstöðvarinnar. Tvö nýjustu skip fyrirtækisins væru tryggð hjá TM. Gera mætti ráð fyrir að beinir viðskiptahagsmunir SH, Skeljungs, Eimskips og Tryggingamiðstöðvarinnar næmu um 6-800 milljónum króna (brúttó) á ári. Við það má bæta, að hlutföllin milli markaðshlutdeildar SH og ÍS í fiskfrystingunni hefðu orðið því sem næst jöfn, ef af þessum skiptum hefði orðið. Með þetta í huga er ekki að furða þótt hart væri barist um yfirráð yfir ÚA.

Þan 14. janúar skrifaði Gunnar Ragnars, forstjóri ÚA grein í Morgunblaðið. Þar segist hann ekki ætla að blanda sér í umræðuna um hvort selja eigi hlutabréfin og þá hverjum. Umræðuefni Gunnars er sölu- og markaðsstarfsemi. Hann segir: „Í áratugi hefur ÚA selt framleiðsluvöru sína í gegnum sölunet SH og verið um árabil einn stærsti framleiðandinn innan SH og jafnframt stærsti eignaraðili að félaginu. Hagsmunir ÚA eru að þessu leyti tvíþættir að mínu mati.

1. Eignaraðild að SH og rekstrarfyrirkomulag þess félags gera það að verkum að ÚA fær á hverju ári stórar fjárhæðir inn í sinn rekstur frá SH í formi arðs og endurgreiddra umboðslauna.

2. SH ræður að flestra dómi yfir einu sterkasta sölukerfi fyrir sjávarafurðir sem þekkt er á þeim markaðssvæðum, sem íslenskur fiskur er seldur á. Á helstu mörkuðum, sem ÚA hefur lagt áherslu á, það er Bandaríkjamarkaði og nú á síðustu misserum í vaxandi mæli á öðrum mörkuðum, hefur SH að mínu mati yfirburðastöðu. Það eru því ótvírætt hagsmunir ÚA að selja afurðir sínar í gegnum SH og undir þeim vörumerkjum sem það hefur yfir að ráða, enda hafa stjórnendur ÚA ætíð metið það svo, að hagsmunum félagsins væri best borgið með þessum hætti."

Grein sinni lýkur Gunnar með þessum orðum: „Með því að skaða SH er því í rauninni verið að skaða útflutningsstarfsemi þjóðarinnar. Það geta ekki verið hagsmunir Íslendinga."


Þann 14. janúar bætist fjárfestingarfélagið Skandia í hóp þeirra sem lýst hafa yfir áhuga á kaupum á hlut bæjarfélagsins í ÚA. Þar með eru keppinautar um hlutabréfin orðnir sex. Auk Skandia, SH , KEA og Samherja sem áður er getið, höfðu Lífeyrissjóður Norðurlands og Starfmannafélag ÚA lýst áhuga á hlutabréfakaupum.

Tilboð SH til Akureyrarbæjar

Þann 23. janúar verða þáttaskil í þessu máli, þegar SH greinir frá tilboði sínu til Akureyrarbæjar. Þá lagði stjórn SH fram víðtækar tillögur til eflingar atvinnulífs á Akureyri, byggðar á þeirri forsendu að SH og ÚA starfi áfram saman að útflutnings- og markaðsstarfsemi ÚA. SH kvaðst reiðubúið að tryggja samtals 80 störf á Akureyri. Í tilboðinu segir að heilsársstörf hjá SH séu að jafnaði á milli 80 og 90 talsins, og er gert ráð fyrir að um þriðjungur þeirra verði unninn á Akureyri. Þetta eru störf á sviði markaðsmála, afskipunar, skjalagerðar, flutningamála, innkaupadeildar, skoðunarstofu, og vörulagers, auk vöruþróunar og rannsókna. Þá mundi hluti yfirstjórnar SH verða á Akureyri. Í tilboðinu fólst einnig að Umbúðamiðstöðin mundi stofna til atvinnurekstrar á Akureyri með 38 störf í þremur deildum sem samtals veltu 435 milljónum króna á ári. Við þetta bættust 10 störf hjá væntanlegri flutningamiðstöð sem Eimskip mundi stofna til, auk þess sem SH mundi kosta stofnun eins prófessorsembættis við Háskólann á Akureyri.

Það, sem mun þó hafa komið mest á óvart og virkað nánast eins og sprengja á ýmsa bæjarbúa, var sú tilkynning að Jöklar hf. dótturfyrirtæki SH, ásamt rafeindafyrirtækinu DNG í Glæsibæjarhreppi og Málningu hf. í Reykjavík, hefðu þegar tryggt sér kaup á meirihluta hlutabréfa í Slippstöðinni hf., og að SH-menn litu á kaupin sem mikilvægan þátt í að treysta og efla atvinnulíf í bænum. Slippstöðin hafði lengi verið einn stærsti vinnustaður bæjarins og löngum verið óska- og vandræðabarn í senn, bæði bæjaryfirvalda og ríkisstjórna og Landsbankans, sem höfðu freistað þess hvað eftir annað að lyfta fyrirtækinu upp úr hnignun járniðnaðarins, en jafnoft misst það niður í öldudal. Landsbankinn hafði um langa hríð reynt að losna við hlutabréf sín í fyrirtækinu, en enginn kaupandi boðist. Mun sumum hafa þótt nóg um umsvif sunnanmanna, þegar þeir ótilkvaddir eygðu þarna tækifæri til að reisa þetta fyrirtæki úr rústum og lögðu að eigin frumkvæði fram til þess áhættufé.

Dagana á eftir geisaði mikið áróðursstríð í fjölmiðlum, þar sem andstæðingar samninga við SH fóru mikinn til að draga fram kosti þess að fá ÍS til Akureyrar. Fjöldi manna vitnaði á báða bóga, enn kom fram að meirihluti framsóknarmanna og Alþýðuflokks í bæjarstjórn gæti sprungið og einnig kom fram að fyrrverandi fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í stjórn ÚA, Sverrir Leósson, væri því hlynntur að ÍS annaðist sölumálin. Bæjaryfirvöld kváðust þó mundu bíða skýrslna Nýsis og Andra



Ingi Björnsson, framkvæmdastjóri Slippstöðvarinnar á Akureyri. Slippstöðin í baksýn. Nýir eigendur tóku við stöðinni í mars 1995. Í september sama ár var tekin í notkun flotkví sem Akureyrarhöfn hafði forgöngu um að kaupa og hefur síðan leigt Slippnum. Flotkvíin, góðir stjórnendur og nýir eigendur hafa valdið því að síðan 1995 hefur Slippstöðin gengið í endurnýjun lífdaganna og afkoma fyrirtækisins verið mjög góð eftir mögur ár þar á undan.

Teitssonar, fyrr væri ekki hægt að taka endanlega afstöðu. Einn liður í þessu áróðursstríði virðist hafa verið hugmyndir um að Fiskiðja Raufarhafnar hf. flytti viðskipti sín frá SH yfir til ÍS.[12]

Þann 27. janúar lögðu Nýsir og Andri Teitsson fram drög að skýrslum sínum og var öllum málsaðilum gert kleift að koma fram athugasemdum. Forráðamenn SH gerðu harðorðar athugasemdir við skýrsludrög Nýsis og funduðu stjórnarmenn með Nýsi þann 30. janúar. Skýrsla Andra Teitssonar var SH fremur í hag, og í henni mælt með því, að hún annaðist sölu afurðanna vegna sterkrar stöðu á Bandaríkjamarkaði og víðar, lægri sölulauna og ívið hærra söluverðs á afurðum. Endanleg skýrsla Nýsis var ekki eins afgerandi, en hallaði þó hvergi á SH.

Í athugasemdum SH við skýrslu Andra er sagt að ekki sé nægilega mikið gert úr verðmun: „Sé verðmunurinn margfaldaður með framleiddu magni ÚA í hverri tegund, sést að ÚA hefði tapað 55 milljónum króna á því að selja það í gegnum ÍS í stað SH á árinu 1994. Þessi verðmunur nemur að meðaltali um 5%, og nær samanburðurinn þó aðeins til um það bil tveggja þriðju hluta landfrystra afurða ÚA árið 1994, og ekkert af þeirri miklu sjófrystingu, sem fram fer á vegum ÚA, er inni í þessum samanburði.“[13]

Áróðursstríðið geisaði áfram á vegum og innan stjórnmálaflokkanna. ÍS rak mjög á eftir um skjót svör og gerði kröfu um, að málið yrði útkljáð fyrir 2. febrúar.[14] Ágreiningur varð í Alþýðubandalaginu um málið, en niðurstaða bæjarmálaráðs þess var að fara SH-leiðina. Gísli Bragi Hjartarson, fulltrúi Alþýðuflokksins, og aðili að meirihlutasamstarfi við Framsóknarflokkinn, fékk fullan stuðning samflokksmanna sinna við þá afstöðu að velja SH. Framsóknarmenn ákváðu þá að líf bæjarstjórnarmeirihlutans vægi þyngra en afstaðan með ÍS og á fundi bæjarráðs Akureyrar 2. febrúar var málið útkljáð og ákveðið að taka tilboði SH um flutning starfsemi til bæjarins gegn því að fara áfram með sölumál ÚA. Jafnframt ákvað bæjarráð að fresta því að taka ákvörðun um sölu hlutabréfa bæjarins í ÚA.

Sama dag var viðtal við Benedikt Sveinsson, forstjóra ÍS, í Tímanum, þar sem hann segir: „Framsóknarmenn á Akureyri hafa haft frumkvæði að því að ÍS bauðst til að flytjast norður. Þeir spurðu: „Eruð þið tilbúnir til að flytja höfuðstöðvar ykkar norður, gegn því að þið fáið viðskiptin við Útgerðarfélag Akureyringa? Við svöruðum: Já takk. Eftirleikinn þekkja menn.“ Með þessari yfirlýsingu verður að teljast upplýst að kveikjan í þessari atburðarás var pólitík fremur en viðskipti.[15]

Í framhaldi af þessu hóf SH mikla innri skoðun á starfsemi sinni og undirbúning að því að flytja hluta hennar norður. Í mars kom fram að menn veltu fyrir sér byggingu stórhýsis á Akureyri, jafnframt því sem tilkynnt var að einn af framkvæmdastjórum SH, Gylfi Þór Magnússon, mundi flytjast norður og veita starfseminni forstöðu. Í apríl er þó horfið frá byggingu húss, enda býðst þá Linduhúsið við Hvannavelli 14 á leigu með 10 ára samningi við Metró á Akureyri. Er ákveðið að byggja 3. hæð ofan á húsið og að skrifstofur SH verði þar til húsa. Allar áætlanir um byggingu og flutninga starfsliðs stóðust og var starfsemi hafin í húsinu í lok ágúst, enda þótt skrifstofan væri ekki formlega tekin í notkun fyrr en 20. október. Þann dag var haldinn þar stjórnarfundur SH og einnig fyrsti fundur framkvæmdaráðs félagsins á Akureyri.

Starfsemi flutt norður

Sölumiðstöðin er alþjóðlegt fyrirtæki, sem stendur og fellur með því að samskipti öll séu greið innan fyrirtækisins og í samskiptum þess við dótturfyrirtækin og sölunetið erlendis. Það er því athygli vert, þegar fyrirtæki er skipt upp eins og þarna var um að ræða, hvað það var sem var flutt.

Gylfi Þór Magnússon, sem ráðinn var til að veita SH Akureyri forstöðu, hafði einmitt stigið sín fyrstu skref sem stjórnandi í atvinnulífinu sem fjármálastjóri húsgagnaverksmiðjunnar Valbjarkar á Akureyri. Hann var því kominn á kunnuglegar slóðir. Gylfi segir, að það sem flutt var norður, hafi einkum verið hugbúnaður og samskiptatæki á borð við tölvur og síma.

Það kom semsé glöggt í ljós, að auðlegð fyrirtækisins lá einkum í persónulegri þekkingu og reynslu starfsfólksins á þeim viðfangsefnum, sem fyrirtækið vinnur að. Reynsla og þekking, skipulögð innan ramma vel rekins og tæknivædds fyrirtækis, eru þau verðmæti, sem nýtast til að ryðja framleiðsluvörum okkar braut erlendis og ná þar því hámarksverði, sem unnt er á mörkuðunum hverju sinni.

Gylfi Þór segir að farið hafi verið að huga að breytingum á starfsemi SH áður en þessi flutningur til Akureyrar kom til. Flutningurinn hafi hins vegar gert það brýnt að taka alla starfsemi fyrirtækisins til endurskoðunar og verkefnið verið mjög athyglisvert frá stjórnunarsjónarmiði, þar sem ekki sé verið að flytja afmarkaða hluti eða starfssvið til Akureyrar og ekki verið að stofna til útibús, sem einskorði starfsemi sína við ákveðna landshluta. SH-Akureyri er skrifstofa, sem þjónar öllu landinu og viðskiptavinum erlendis á sama hátt og skrifstofa SH-Reykjavík gerir, og verður með sama sniði og hún. Fulltrúar allra deilda verða staðsettir á Akureyri og hver starfsmaður, sem norður flytur, sinnir áfram svipuðu starfi og í Reykjavík. Hlutur innkaupa- og þróunardeildar verður mjög öflugur, öll innkaup verða samræmd og um 40% af öllum lager deildarinnar verður á Akureyri. Stærstur hluti skoðunarstofu fyrirtækisins verður á Akureyri og gæðaeftirliti um allt land stýrt þaðan ásamt hluta af útflutningnum. Gengið er frá öllum útflutningsskjölum til Bretlands og Frakklands á Akureyrarskrifstofunni.

Með þessu móti segir Gylfi Þór, að fyrirtækinu gefist tækifæri til að auka og efla persónulega þjónustu við þá aðila, sem verið er að vinna með bæði í hráefnisöflun og vinnslu, auk þess sem náið samband haldist við dótturfyrirtækin og markaðina erlendis. Starfsmenn þeirra eiga ekki að verða varir við, hvort sá, sem þeir eiga samskipti við hér heima, sé starfandi á Akureyri eða í Reykjavík. Gylfi telur þannig engan vafa leika á því, að með flutningi hluta af starfsemi fyrirtækisins til Akureyrar muni það efla og styrkja starfsemi sína og opna nýjum möguleikum braut.

Sölumiðstöðin á Akureyri



Linduhúsið við Hvannavelli 14 hýsir höfuðstöðvar SH á Akureyri. Enda þótt formleg opnun væri ekki fyrr en í október 1995 hafði sölumennska hafist í Linduhúsinu í byrjun ágúst undir stjórn Gylfa Þórs.
Ljósm: Páll A. Pálsson.



Hinn 20. október 1995 var skrifstofa SH á Akureyri formlega opnuð. Bæjarstjóri Akureyringa, Jakob Björnsson, mætir til opnunarinnar. Jón Ingvarsson, Friðrik Pálsson og Gylfi Þór Magnússon (lengst til hægri), framkvæmdastjóri markaðsmála og forstöðumaður Akureyrarskrifstofunnar, bjóða hann velkominn.
Ljósm: Páll A. Pálsson.



Stjórnendur SH mættir í Linduhúsið fyrir norðan til að vera viðstaddir opnunina. Sitjandi frá vinstri; Friðrik Pálsson, forstjóri, Jón Ingvarsson stjórnarformaður og Sigurður Einarsson varaformaður. Standandi frá vinstri; Bjarni Lúðvíksson, framkvæmdastjóri fjármála, Sturlaugur Daðason, framkvæmdastjóri gæða- og þjónustu, og Gylfi Þór Magnússon, framkvæmdastjóri markaðsmála og Akureyrarskrifstofunnar.
Ljósm: Páll A. Pálsson.



Hólmar Svansson stjórnar innkaupadeild lagers og er búsettur á Akureyri.

Endaspretturinn

Var nú allt kyrrt að kalla um sinn og flestir munu hafa vænst þess, að ÚA hefði með þessum aðgerðum verið fest til frambúðar innan sölukerfis SH. En síðsumars 1996 tók að kvisast að KEA hefði áhuga á því að selja 11,5% hlut sinn í ÚA. Einnig gæti verið til sölu 5% hlutur til viðbótar, og hafa það þá væntanlega verið bréf, sem voru þá í eigu Lífeyrissjóðs Norðurlands. Málið var kannað gegnum miðlara á verðbréfamörkuðum og virtist ýmist sem KEA væri að velta fyrir sér að selja bréfin eða auka hlut sinn í ÚA með kaupum á bréfum Lífeyrissjóðsins. Niðurstaða þessara eftirgrennslana var sú að KEA vildi ekki selja bréfin.

Í lok október berast þær fregnir, að Lífeyrissjóður Norðurlands væri í viðræðum um að selja 5,78% hlut í ÚA til KEA eða annarra aðila tengdra Sambandshópnum. Einnig væri til sölu hlutur Verkalýðsfélagsins Einingar, samtals 6,64%. Greinilegt var að KEA ætlaði að mynda þarna alveg nýja stöðu með því að ráða yfir ríflega 18% hlut, en eins og áður segir átti Akureyrarbær 33%, auk þess sem ÚA átti 10% hlut í sjálfu sér. Mátti gera því skóna að tilgangur KEA væri að sameina ÚA rekstri sjávarútvegsdeildar sinnar. Þótt SH hefði unnið slaginn um sölumálin fyrr á árinu, og kostað miklu til, gat það nú engan veginn talist öruggt, að sú skipan héldist, ef veruleg röskun yrði á eignarhlutföllum í félaginu.

Eimskipafélag Íslands hafði, eins og áður sagði, komið að fyrri lausn málsins með því að setja upp flutningamiðstöð á Akureyri. Auk þess átti Burðarás, fjárfestingarfélag Eimskipafélagsins, ríflega 4% hlut í ÚA, tæplega 38 milljónir króna að nafnvirði.

Burðarás mat stöðuna þannig, að ef hlutabréf Lífeyrissjóðs Norðurlands og verkalýðsfélagsins Einingar færu til KEA, þá væri hættan sú, að það væri upphafið á yfirtöku nýsambandshópsins á ÚA og erfitt gæti orðið fyrir SH að koma inn í félagið síðar. Nú gæti því verið um að ræða þáttaskil í málinu.

Það varð því að ráði, og það handsalað, að bréfin yrðu seld til aðila, sem tilheyrðu SH-hópnum, með þeim fyrirvara að málið yrði lagt fyrir stjórn Lífeyrissjóðsins. Á stjórnarfundi sjóðsins, sem haldinn var föstudaginn 1. nóvember, skiptust stjórnarmenn í fylkingar. Niðurstaðan varð sú að óska eftir tilboðum í bréfin fyrir klukkan 14.00 þann 6. nóvember 1996.

Daginn áður en leggja skyldi inn tilboð óskaði KEA eftir fresti og ítrekaði það daginn eftir, en enginn frestur var gefinn. Búast mátti við fleiri tilboðum og var þá ákveðið að leggja fram tilboð fyrir hönd Burðaráss hf. Ekkert annað tilboð barst og samþykkti Lífeyrissjóður Norðurlands sölu bréfanna. Burðarás átti þá liðlega 11% í ÚA.

Í framhaldi af þessu varð mikill óróleiki á Akureyri. Samherji lét í ljós áhuga á að kaupa öll bréf bæjarins í ÚA og létu þeir Samherjamenn í það skína, að ef þeir fengju ekki bréfin, mundu þeir flytja rekstur Samherja frá Akureyri. Eins og áður segir átti Akureyrarbær 33% í ÚA og því ljóst að Samherji fengi lykilaðstöðu í félaginu með kaupum á bréfunum. Vafalítið blönduðust inn í þetta átök milli Mecklenburger Hochseefischerei í eigu ÚA og þýska útgerðarfélagsins DFFU, sem var að stórum hluta í eigu Samherja, en þessi félög höfðu deilt um skeið um skiptinguna á úthafskvóta Þjóðverja.

Enn gerðist það í framhaldi af þessum kaupum Burðaráss á bréfum Lífeyrissjóðsins að viðræðum var haldið áfram milli ÚA og KEA um samstarf og kom upp sú hugmynd að ÚA byði KEA 10% hlut sinn í félaginu í skiptum fyrir 23% hlut í Útgerðarfélagi Dalvíkinga. KEA-hópurinn mundi þá eiga 25% í ÚA, en lengra

vildi stjórn ÚA ekki hleypa KEA. Samhliða því mundi ÚA hugsanlega geta keypt falan hlut bæjarins og væru þá Burðarás, SH og samstarfsaðilar með 30-35% hlut í félaginu.

Á tímabili voru einnig uppi hugmyndir um, að ÚA seldi SH sinn 10% hlut, eða bærinn seldi SH sín 13% og ætti eftir sem áður sín 20%. Hlutur KEA-hópsins hefði þá áfram takmarkast við 25%.

Eftir nokkurt taugastríð varð það ljóst, að kaup Burðaráss á hlutabréfum Lífeyrissjóðs Norðurlands höfðu markað ákveðin þáttaskil. Hvernig sem málunum yrði snúið, yrði hlutur KEA-hópsins aldrei meiri en 25%. Var þess þá skammt að bíða að KEA vildi alfarið losna við sinn hlut í félaginu.

Í millitíðinni hafði stjórn SH skrifað stjórn ÚA bréf og óskað eftir viðræðum um kaup á 10% hlut félagsins. En nú var komið að vendipunkti í málinu. Þann 28. nóvember sendi SH Akureyrarbæ tilboð í hlutabréf bæjarins. Þann 6. desember var svo frá því gengið á fundi bæjarráðs Akureyrar að selja SH 13% hlut í ÚA. Eftir hélt Framkvæmdasjóður bæjarins 20% hlut, sem á sama gengi væri því sem næst milljarðs virði, og er þannig áfram stærsti einstaki hluthafinn.

Um svipað leyti lýsti KEA einnig vilja sínum til að selja öll sín bréf í ÚA, að nafnverði 104,6 milljónir króna. KEA og Akureyrarbær settu það sem skilyrði að bréfin væru seld saman í einu lagi. Þetta vakti enn upp óróa og óvissu. SH var fyrir sitt leyti reiðubúið að hafa milligöngu um kaup á 13% hlut Akureyrarbæjar. Burðarási fannst í sjálfu sér nóg að gert með kaupunum á bréfum Lífeyrissjóðsins. Það varð þó úr að ákveðið var á stjórnarfundi Burðaráss þann 6. desember að taka skriflegu tilboði frá KEA um kaup á hlut þess í ÚA og stefndi Burðarás að því að selja aftur hluta þeirra síðar. Minna hefur þó orðið úr því en að var stefnt og um mitt ár er hlutur Burðaráss 19,5%. Samtals eiga þessir þrír aðilar, SH, Burðarás og fjárfestar tengdir honum, nú ríflega þriðjung hlutafjár í félaginu. Aðrir hluthafar eru svo með tæplega þriðjung og Framkvæmdasjóður Akureyrarbæjar með 20%. Með þessum kaupum ætti að vera tryggt að hvað sem verður upp á teningnum í bæjarmálapólitíkinni á Akureyri, verði ÚA eftir sem áður einn af hornsteinum Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna. Um þetta leyti var ÚA einnig stærsti eignaraðilinn að SH með 12,7% eignarhlut.

Líklegt má telja að með þessum viðskiptafléttum öllum hafi um þrjár milljarðar króna streymt inn í bæjarfélagið. Akureyrarbær hafði eflt fjárhagsstöðu sína og framkvæmdagetu um 1,1 milljarð. Fram hefur komið að af þessu yrði 500 milljónum króna varið til að greiða að fullu skuldir Framkvæmdasjóðs bæjarins og 100 milljónir króna að auki yrðu lagðar í sjóðinn. Þá mundi 400 milljónum króna verða varið til að greiða niður skuldir bæjarsjóðs og mundi þá sennilega ekkert sveitarfélag í landinu geta státað af annarri eins stöðu í fjármálum. Við þetta mundi árlegt ráðstöfunarfé bæjarins aukast um 30-40 milljónir króna á ári vegna lægri fjármagnskostnaðar. KEA hafði einnig eflt sinn efnahag og sama er að segja um Lífeyrissjóð Norðurlands. Tugir manna höfðu flust til bæjarins á vegum SH. Nýjum fyrirtækjum hafði verið komið á laggirnar og gömul fyrirtæki verið efld og styrkt.

Eitt er víst: Sú Akureyri sem var, fyrir þessi tröllauknu átök og listilegu leikfléttur, er orðin önnur.

Eins og fram hefur komið, og raunar verið upplýst af upphafsmönnum þeirrar skákar, sem hér var tefld, kraumaði gamaldags valdapólitík undir þessu ferli öllu frá byrjun til enda. Leikslokin urðu þó vafalaust önnur en að var stefnt.

Forystumenn teknir tali:

Jón Ingvarsson formaður stjórnar SH (febrúar 1997)

Hvert er hlutverk stjórnarformanns í samtökum eins og SH, sem að skipulagi voru blanda hagsmunasamtaka og fyrirtækis?

Staða stjórnarformanns SH hefur verið mjög breytileg gegnum tíðina. Fyrsti stjórnarformaðurinn, Elías Þorsteinsson, gegndi nánast hlutverki yfirforstjóra og hafði fulla viðveru á skrifstofu fyrirtækisins. Mér er sagt að hann hafi tekið fyrsta áætlunarbíl frá Keflavík á morgnana og farið með síðasta bíl á kvöldin. Jafnframt hafði hann litla íbúð hér innfrá og gisti þegar þurfa þótti.

Elías lagði mikla rækt við samskiptin við félagsmenn. Samgöngur voru þá öðruvísi og menn ekki jafnoft á ferð hér í borginni og nú. En ég hygg að varla hafi nokkur frystihússmaður látið hjá líða að koma við hjá Elíasi á slíkum ferðum og ræða málin, veiði- og markaðshorfur, vandamál með flutninga, umbúðir, lán og vexti af þeim og rekstrargrundvöllinn yfirleitt. Þessi sígildu vandamál sem fylgt hafa frystihúsarekstri alla tíð.

Elías var maður sátta og samlyndis og ég hygg að mjög hafi reynt á þá hæfileika hans síðasta áratug hans sem formanns. En honum tókst að lægja allar öldur og halda samtökunum saman gegnum mikil átök og hatramar deilur á vissu tímabili. En jafnframt starfi sínu við rekstur SH var Elías óumdeildur forystu- og forsvarsmaður atvinnugreinarinnar. Hann sat í stjórnum tengdra fyrirtækja, í opinberum ráðum og nefndum og beitti sér í almennum hagsmunamálum fiskvinnslunnar gagnvart stjórnvöldum.

Ég hygg að Gunnar Guðjónsson, sem var farsæll stjórnarformaður í 17 ár, hafi haft nokkuð annan stjórnunarstíl. Hann hafði að vísu daglega viðveru á skrifstofu SH, en minni afskipti af daglegum rekstri. Hann kom heldur ekki með sama hætti og Elías úr röðum útgerðar- og frystihúsamanna. Dagleg samskipti við félagsmenn voru líka meira í höndum forstjóranna og hagsmunagæsluhlutverkið færðist að hluta í þeirra hendur, einkum Eyjólfs Ísfeld Eyjólfssonar, sem sat í verðlagsráði sjávarútvegsins og flestum þeim nefndum, sem komu að samningum við ríkisvaldið og stofnanir þess. Engu að síður var Gunnar mikilsvirtur og skörulegur stjórnarformaður og starfsemi SH í mjög föstum skorðum allt hans stjórnartímabil.

Ágúst Flygenring sat aðeins tvö ár sem stjórnarformaður og því kannski ekki hægt að tala um ákveðinn stjórnarstíl hans. Þó má segja að hann hafi unnið innan hefðarinnar, sem Gunnar hafði skapað.

Er hægt að segja að formannskjör þitt hafi verið ákveðið uppgjör við fortíðina, kynslóðabylting átt sér stað, þriðja kynslóðin tekið forystuna í samtökunum?

Það er nú kannski of sterkt að orði komist. En ég hygg að með kjöri okkar, mín sem formanns og Ólafs Baldurs Ólafssonar sem varaformanns, hafi menn litið svo á að ný kynslóð væri að taka við og á næstu tveimur árum tóku ungir menn við í flestum stjórnunarstöðum SH og félaginu var sett nýtt skipurit. Ég held að hinir yngri menn hafi á árunum á undan skynjað ákveðna kyrrstöðu og viljað sjá áþreif-



Stjórnarformaðurinn Jón Ingvarsson stýrir fundi stjórnar SH vorið 1988. Talið frá vinstri; Brynjólfur Bjarnason, varamaður í stjórn, Ágúst Einarsson, Jón Páll Halldórsson, Gísli Konráðsson, Ólafur B. Ólafsson, varaformaður stjórnar, og Jón Ingvarsson, fyrir borðsendanum. Honum á hægri hönd sitja; Friðrik Pálsson, forstjóri SH, Guðfinnur Einarsson, Svavar B. Magnússon, varamaður, Rögnvaldur Ólafsson, Guðmundur Karlsson, Lárus Ægir Guðmundsson, varamaður, Eyjólfur Martinsson, varamaður, og Einar Oddur Kristjánsson, varamaður.

anlegar breytingar bæði á samtökunum sjálfum og skipulagi þeirra og haft nýja sýn á markaðssetningu og skipan markaðsmála. Staðreyndin er líka sú, að í minni tíð hafa orðið meiri breytingar en nokkru sinni áður, bæði í rekstri félagsins og á samþykktum þess.

Það hafði verið nokkuð gagnrýnt á árunum þarna á undan, hve Sölumiðstöðin legði einhliða áherslu á Bandaríkjamarkað, en mörkuðum Vestur-Evrópu væri lítið sinnt. Voruð þið meiri Evrópusinnar?

Sú gagnrýni var alls ekki réttmæt. Meðan við vorum að sækja rétt okkar í landhelgismálinu var eðlilegt að við legðum aðaláherslu á tvo markaði, í Bandaríkjunum og Sovétríkjunum, enda voru markaðir Vestur-Evrópu okkur að mestu lokaðir til 1976, eða tollahindranir óyfirstíganlegar. Eftir útfærsluna í 200 mílur gekk okkur vel að hasla okkur völl í Bretlandi og Vestur-Þýskalandi með söluskrifstofum okkar og þá strax var farið að beina framleiðslunni töluvert þangað. Um það var enginn ágreiningur í okkar röðum. En mönnum fannst ekki nóg að gert og þá var ákveðið að Sölumiðstöðin kæmi sér upp frystigeymslu í Bretlandi og einhverri aðstöðu til frekari vinnslu. Það gerðist fyrir mína tíð.

Ég vildi fara rólega af stað í sambandi við fiskréttaverksmiðju. En ákafinn var



Verksmiðja SH í Grimsby 1997. Frystigeymslan er undir hærra þakinu, því dökkleita, en verksmiðjan því lægra og ljósara.

mikill hjá sumum og það var ráðist í að koma upp verksmiðju að fyrirmynd Coldwater í Bandaríkjunum. En breski markaðurinn og ameríski markaðurinn eru sitt hvað. Og markaður á níunda áratugnum er frábrugðinn markaði á sjötta áratugnum. Kannski voru menn líka búnir að gleyma því, að litlu munaði að stofnun og rekstur verksmiðjunnar í Nanticoke yrði banabiti SH, og tilefni mikilla deilna og átaka innan félagsins. Það tók 10 ár að koma rekstrinum í Bandaríkjunum í það horf, að allir innan SH væru sáttir við þá hugmynd, að verksmiðjurekstur erlendis væri eðlilegur þáttur í starfsemi samtakanna.

Ég tel, að það hafi að mörgu leyti ekki verið búið að vinna þá heimavinnu, sem þurfti, til að hefja rekstur verksmiðju í Bretlandi, enda miklir rekstrarerfiðleikar frá fyrsta ári. Rekstur verksmiðju sem þessarar er ákaflega sérhæfður og í upphafi hefði þurft að hugsa fyrir því að fá sérfróðan mann til að hasla fyrirtækinu völl. Ólafur Guðmundsson hafði rekið söluskrifstofu í Bretlandi fyrir vöru, sem var framleidd hér, með góðum árangri. En þetta var annar og gerólíkur rekstur og það var ekki tekið nógu alvarlegum tökum að kanna breska markaðinn og afla viðskiptasambanda fyrir verksmiðjuframleidda vöru. Um og fyrir 1980 var stórverslanakeðjum að vaxa fiskur um hrygg í Bretlandi og sóttu hart að framleiðendum að framleiða fyrir sig undir þeirra eigin vörumerki. Við vorum seinir að hagnýta okk-

ur þessa þróun, sem nú er stór þáttur í starfsemi okkar þar. Fyrstu fimm árin var samfelldur taprekstur og litlu munaði að áhrifamönnum innan SH hér heima tækist að ná meirihluta fyrir því að afskrifa það fé, sem í þetta var lagt, og draga sig þarna alfarið út úr verksmiðjurekstri. Menn voru að vonum leiðir á því að leggja á hverju ári í þetta aukin lán og hlutafé. En eftir margvíslegar uppstokkanir á fyrirtækinu og mannaskipti tókst að snúa þróuninni við og verksmiðjureksturinn hefur síðan 1989 verið rekinn með hagnaði. Á síðastliðnu ári var verksmiðjurekstur Færeyinga keyptur og verksmiðja okkar hefur núna 20% hlutdeild í framleiðslu tilbúinna fiskrétta í Bretlandi, þótt aðeins um helmingur hráefnisins komi héðan.

Með eigin verksmiðjum í Bandaríkjunum og Bretlandi höfum við lagt tvo trausta hornsteina undir starfsemi SH beggja vegna Atlantshafsins.

Þetta var það praktíska úrlausnarefni, sem tók mestan tíma stjórnendanna fyrstu fimm árin eftir að ég tók við stjórnarformennsku.

Áður var hagsmunagæsla fyrir frystiiðnaðinn stór hluti starfs formanns SH – og raunar forstjóra líka með þátttöku hans til dæmis í Verðlagsráði sjávarútvegsins. Hvað hefur miðað í því að færa það starf út fyrir veggi Sölumiðstöðvarinnar?

Við vildum líka sjá breytingar á starfi samtakanna og ytra umhverfi sjávarútvegsins. Það voru gerðar meiri kröfur til formanns um betra samstarf við félagana og virkara starf í stefnumótun og framkvæmdum félagsins. Hins vegar vildum við draga úr starfi formannsins sem varðhunds frystiiðnaðarins í stofnanakerfi ríkisins. Okkur leiddust þessar stöðugu hungurgöngur formanns okkar félags á vit hinna ýmsu ráðamanna til að fá fram „leiðréttingu á rekstrargrundvellinum“, eins og það hét. Það er ótrúlega stutt síðan að allur sjávarútvegurinn var í viðjum þessa stofnanakerfis og fékk sig hvergi hreyft.

Það hefur margt breyst í umhverfi sjávarútvegsins á þessum tíma.

Óheftri sókn í fiskinn fylgdi mikil fjárfestingagleði, en það skorti mikið fé og við vitum hversu grátt verðbólgan og vextirnir léku þessa atvinnugrein. Verðlagsráð sjávarútvegsins hélt þessu ástandi við. Þetta var vítahringur verðlags- og kaupgjaldshækkana og þar var hlutverk Verðlagsráðsins mjög mikilvægt því að yfirleitt var það svo, að fiskverð var ákveðið að kröfu sjómanna og útvegsmanna gegn loforði stjórnvalda um gengislækkun, sem geymt var niðri í skúffu, þar til þurfti að stokka upp á nýtt. Þá var gengismun útbýtt til greinarinnar að geðþótta ráðandi stjórnmálamanna.

Okkur, nýjum stjórnendum SH, var þvert um geð að taka þátt í þessu, þótt við höfum orðið að dansa með. Við notuðum þó hvert tækifæri til að lýsa andstöðu okkar við þessi hlutverk, sem okkur var úthlutað af stjórnvöldum. Jafnframt unnum við líka að því að draga félagið út úr hagsmunagæsluhlutverkinu með því að standa að stofnun ýmissa samtaka fiskvinnslunnar. Það er miklu eðlilegra að slík samtök gegni þessum störfum, en að fela þau forystumönnum fyrirtækja. Við breytingu SH í hlutafélag er óeðlilegt með öllu, að fulltrúar hennar séu að vasast í stjórnsýslunni með þessum hætti. Ég er þess líka fullviss, að það hefur verið neikvætt fyrir sölusamtökin á síðustu áratugum að rjóða sig upp úr hagsmunagæslu af þessu tagi, biðja um rekstrargrundvöll og gengislækkun.

Nú eru sem betur fer svona stjórnsýslustörf að hverfa úr sögunni eitt af öðru. Vígtennurnar voru dregnar úr Verðlagsráði 1991 eftir að frjálsir fiskmarkaðir höfðu haslað sér völl og við höfum lagt til að það verði lagt niður að lögum. Fjárfestingarsjóðum atvinnugreinanna verður að líkindum fljótlega steypt saman í



Um miðjan 9. áratuginn voru Jón Ingvarsson, Friðrik Pálsson og Ólafur B. Ólafsson, lengst til vinstri, teknir við stjórnartaumum hjá SH. Myndin er tekin á aðalfundi SH 1992.

einn fjárfestingarbanka. Verði fulltrúar atvinnugreinanna þar í stjórn er eðlilegt að samtök fiskvinnslunnar tilnefni fulltrúa fyrir hana.

Um það leyti sem þú tókst við formennsku SH, mældist verðbólgan með þriggja stafa tölu og hélst há allan áratuginn. Hvaða afleiðingar hafði þetta fyrir frystiiðnaðinn?

Við þessar aðstæður var náttúrlega útilokað að skipuleggja reksturinn fram í tímann af skynsemi og yfirvegun. Allan síðasta áratug glímdu fyrirtækin við afleiðingar óðaverðbólgu og fastgengisstefnu, sem holaði þau innan, skóf innan úr þeim eigið fé og gerði þau fullkomlega háð, annars vegar lántökum og hins vegar sporslum stjórnmálamanna. Á sama tíma voru lánin verðtryggð og fjármagnskostnaður rauk upp. Ég held, að það hafi orðið níu gengisfellingar síðan 1980 og þar af sex síðan ég tók við formennsku í SH 1984. Þetta breyttist ekki fyrr en í byrjun þessa áratugar, eftir þjóðarsáttarsamningana, en síðan hefur verðbólga verið ívið minni en í viðskiptalöndum okkar og gengið verið stöðugt síðan 1993. Það er eins og svart og hvítt að reka fyrirtæki við þessar aðstæður.

Á þessum sama tíma eru veiðiheimildir stórlega skertar ár frá ári, einkum í þorski, og þar að auki vaxandi hluti aflans fluttur út sem óunninn fiskur í gámum eða með veiðiskipum. Því til viðbótar fluttist stór hluti frystingarinnar út á sjó með fjölgun frystitogaranna. Flest frystihúsin eru því rekin langt undir afkastagetu. Það gengur kraftaverki næst að frystiiðnaðurinn skuli að stærstum hluta hafa lifað þessa erfiðleika af og sýnir sveigjanleika bæði framleiðslukerfisins og sölukerfisins, að það skyldi takast að komast í gegnum þetta án stóráfalla. Þorskurinn var um áratugi aðalmáttarstólpinn í frystihúsarekstri hér á landi. Með skertum

veiðiheimildum hafa aðrar tegundir orðið að taka við hlutverki hans. Þar hefur reynt gífurlega á sölukerfið, en það hefur staðist raunina. SH er til dæmis núna orðið stærsti söluaðili í heimi í viðskiptum með karfa.

Upp úr 1990 er fiskveiðistjórnunin fest í sessi sem kvótakerfi, þar sem veiðar innan lögsögunnar verða að einni köku, sem er til skiptanna, og menn vita um sína hlutdeild og geta gert sínar áætlanir samkvæmt því.

Meðan kvótakerfið var að mótast á síðasta áratug var sú skoðun ríkjandi innan SH að aflaheimildirnar væru ekki bundnar við skip, heldur gætu fiskvinnslufyrirtækin átt kvóta og fengið skip til að veiða hann fyrir sig. Aðalfundir ályktuðu í þá veru. Hefur sú skoðun breyst?

Hvað sem líður skoðunum manna á kvótakerfinu, þá verða við lögfestingu þess, samfara frjálsu framsali aflaheimilda, gerbreytingar í uppbyggingu fyrirtækjanna. Þau fara að renna saman í stærri heildir og eru ýmist með fjölbreytta vinnslu eða þau sérhæfa sig í vinnslu ákveðinna tegunda. Hin stærstu og öflugustu fara á markað og afla sér áhættufjár til umsvifa sinna. Þar með hætta þau að vera háð velvilja bankastofnana og stjórnmálamanna og vita að þau verða að standa á eigin fótum. Viðskiptasjónarmið verða í öndvegi og félagslegu sjónarmiðin verða að víkja.


Sölumiðstöðin hlaut að aðlaga sig þessum nýju viðhorfum og hefur verið að gera það. Lokaskrefið í því var breyting hennar í hlutafélag í lok ársins 1996.

Þegar sú hugmynd kom fram á aðalfundi 1986 að breyta SH í hlutafélag, var þorri félagsmanna henni andvigur og þú varst í þeim hópi. Hvenær skiptirðu um skoðun og hvers vegna?

Í rauninni tel ég mig ekki hafa skipt um skoðun í þessu máli, heldur hafi það þróast með eðlilegum hætti. Ég held að það hafi alls ekki verið tímabært á þeim tíma að breyta SH í hlutafélag. Mitt grundvallarsjónarmið frá upphafi var það, að skipulag og samþykktir SH yrðu að vera í takti við tímann. Geysimiklar og vel undirbúnar lagabreytingar hafa verið samþykktar á aðalfundum síðustu tíu árin. Ég held að allar þær breytingar hafi orðið félaginu til góðs, enda með þeim stefnt að því að sameina kosti hins upphaflega samlagsforms og hlutafélagsformsins, sem er ráðandi form einkareksturs í dag. Ég hef ekki viljað söðla hratt um, heldur fara varlega í allar breytingar.

Það er auðvitað grundvallarbreyting, þegar gagnkvæmar skuldbindingar félaga SH eru upphafnar: Sölumiðstöðin er ekki lengur skyldug til að selja allar afurðir félagsmanna og þeir eru frjálsir að því að fela SH sölu einhverra eða allra afurða sinna. Það var ekkert sjálfsagt að gera það í einu stökki. Þess vegna þokaðist SH smátt og smátt í átt til hlutafélagsformsins, uns óhjákvæmilegt var, annaðhvort að stíga skrefið til fulls, eða ákveða að halda sig um ófyrirsjáanlegan tíma við gamla samlagsformið. Þróunin í samfélaginu hneig öll í þessa átt. Fyrirtæki félagsaðilanna höfðu verið að breytast í þessa veru. Ljóst var að SH yrði að tryggja sér og sínu sölukerfi næga framleiðslu til að selja. Til þess getur þurft miklar fjárfestingar heima og erlendis. Hlutafélag getur aflað sér áhættufjár til fjárfestinga og brugðist hraðar við öllum breytingum í viðskiptaháttum en gamla samlagsformið. Það fellur einfaldlega betur að samtímanum.

SH hf. á mörg sóknarfæri, ef rétt er haldið á spöðunum. Sölukerfið er víðfeðmt og traust í þremur heimsálfum, þar sem starfsmennirnir vinna úti á markaðnum



Árið 1987 efndi Long John Silver's til samkeppni meðal starfsmanna sinna í hinum 1.400 búðum fyrirtækisins um hver þeirra væri fljótastur að skera niður flökin í nákvæmlega rétta steikarbita, að þyngd og lögun, handa viðskiptavinum. Verðlaunin voru ferð til Íslands. Hér leiðbeinir verðlaunahafinn Jóni Ingvarssyni um réttu handtökin við að hluta niður flakið í frystihúsi Ísbjarnarins í Reykjavík. Tölvutæknin hefur nú tekið yfir þennan verkþátt sem marga aðra.

og gerþekkja hann. Þar vinna Íslendingar og heimamenn hlið við hlið. Verksmiðjurekstur í tveimur löndum, sem smám saman hefur orðið að vinna meir og meir úr alþjóðlegu hráefni, styrkir þann alþjóðlega svip sem á fyrirtækinu er. En þar fyrir utan er fyrirtækið sú reynsla, viðskiptavild og traust, sem það hefur skapað sér með starfsemi sinni í hálfa öld. En fyrst og fremst það starfsfólk sem vinnur því á hverjum tíma og ég er þess fullviss að við höfum á að skipa úrvalsliði heima og erlendis til að takast á við verkefni Sölumiðstöðvarinnar hf.

En verður ekki stökkbreyting á samskiptum SH við framleiðendur með nýju félagsformi?

Á undanförnum áratug hefur SH verið að sækja í sig veðrið gagnvart aðilum, sem ekki eru félagar, en sækjast eftir aðgangi að sölu- og þjónustukerfi SH. Þetta eru bæði smærri aðilar í landi, oft ýmsir sem eru að fikra sig áfram með athyglisverðar nýjungar í framleiðslu, en skortir getu til markaðssetningar, og svo líka frystitogarar, sem auk traustra viðskipta með afurðirnar, sækjast eftir góðri þjónustu og þekkingu á því, hvernig framleiðslunni verði komið í eftirsóttan gæðaflokk. Á síðustu árum hafa svo erlend fyrirtæki sóst eftir viðskiptum við SH og má búast við framhaldi og aukningu á þeim viðskiptum. Við höfum því öðlast mikla og víðtæka reynslu af viðskiptum við fyrirtæki, sem ekki eru tengd Sölumiðstöðinni eignarböndum, heldur fela henni sölu afurða sinna út frá hreinum viðskiptasjónarmiðum.

Það er því engin ástæða til annars en ætla, að þeir framleiðendur, sem hafa verið félagar í SH og eru nú hluthafar í SH hf., sjái hlut sínum best borgið með áframhaldandi viðskiptum við Sölumiðstöðina. En SH hf. verður að sjálfsögðu að geta



Jón Ingvarsson ávarpar gesti í ráðstefnusal SH á 4. hæð í Aðalstræti 8. Tilefnið er 50 ára afmæli SH 1992. Áheyrendur eru, talið frá vinstri; Sveinn Björnsson, forsetaritari, Friðrik Pálsson, forstjóri, Ásgeir Ragnarsson, SH, Jón Jóhannesson, markaðsdeild SH, frú Vigdís Finnbogadóttir, forseti Íslands, og Arngrímur Sverrisson, á lager SH.

sýnt þeim fram á, að það sem áður var skylda er einfaldlega hagkvæmasti kosturinn. Það gerir SH hf. með því að leggja sig enn betur fram um þjónustu og samstarf við framleiðendur um vöruþróun og sókn á mörkuðunum, jafnframt því sem hún skilar eigendunum arði af því fé sem þeir eiga bundið í félaginu.

En er ekki hætt við því að þróunin verði sú, að í stað þess að framleiðendur hafa hingað til átt Sölumiðstöðina og rekið hana til að tryggja sér markaði, þá muni hlutirnir snúast við og Sölumiðstöðin hf. verði að kaupa upp framleiðendurna til þess að tryggja sölukerfi sínu stöðugan aðgang að hráefni og forðast óhóflegar sveiflur í afurðamagni?

Nei, ég held ekki að það gerist. Það getur að vísu farið svo, að SH tryggi sér ákveðna eign í þeim félögum, sem verða á markaði, en það verður ekki markmið SH að tryggja sér afurðasölu með því að eiga framleiðslufyrirtækin. Þeir, sem eru hluthafar í SH, munu hafa fullkomið val um hvort þeir fela SH sölu sinna afurða alfarið eða að hluta og sama gildir um framleiðendur, sem kjósa að standa utan SH. Í hverju tilviki eru gerðir samstarfssamningar við framleiðandann eftir því hversu náið hann kýs að tengjast sölukerfi SH. Auk þess má búast við að SH kaupi af framleiðendum vörur, þegar henni hentar, til endursölu úti á mörkuðunum.

Á þessum viðburðaríku 12 árum, sem þú hefur gegnt stjórnarformennsku í SH, hvað er það sem þér þykir standa upp úr, eða þykir vænst um að komist hafi í framkvæmd?

Mér hefur þótt vænt um það, hversu gengi Sölumiðstöðvarinnar hefur verið gott á seinustu árum og farið vaxandi. Ég er sérstaklega ánægður með að við skyldum á sínum tíma hafa þolgæði til að koma verksmiðjurekstri okkar í Bretlandi í réttan farveg, og að sjá það fyrirtæki eflast og dafna á þessum áratug. Einnig hversu vel hefur til tekist með uppbyggingu okkar í Austur-Asíu, sem nú er orðin þýðingarmesti markaður okkar bæði að magni og verðmæti. En það sem hæst ber í mínum huga er að gegnum allar sviptingar þessa áratugar hefur sölukerfi SH sýnt þann sveigjanleika, sem þarf til að aðlaga sig hratt að kröfum markaðanna og framleiðendanna. SH hf. byggir á góðum og traustum grunni og hefur alla burði til að gera enn betur.



Stjórn SH eins og hún var kjörin á aðalfundi félagsins 1996. Fremri röð frá vinstri; Róbert Guðfinnsson, Magnús Bjarnason, Brynjólfur Bjarnason, Rakel Olsen, Jón Ingvarsson, formaður, Sigurður Einarsson, varaformaður, Finnbogi Jónsson og Jón Þórðarson. Aftari röð frá vinstri; Friðrik Pálsson, forstjóri, Kristján G. Jóhannsson, Kristján G. Jóakimsson, Ólafur B. Ólafsson, Svavar B. Magnússon, Gunnar Tómasson, Haraldur Sturlaugsson og Eggert Jónsson.

Þessum stjórnarmönnum var meðal annars falið að endurskoða félagsform SH. Á félagsfundi hinn 29. nóvember 1996 kynnti stjórnin niðurstöður þessarar athugunar og lagði til að stofnað yrði lokað hlutafélag er tæki við rekstri, eignum, skuldum og öðrum skuldbindingum SH frá og með 1. janúar 1997 að telja. Var þetta samþykkt einum rómi. Samdægurs var efnt til stofnfundar hins nýja hlutafélags og kjörin níu manna stjórn er skyldi taka við stjórnartaumum Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna hf. frá og með 1. janúar næstkomandi. Var svo gengið í að slíta gamla félaginu.
Ljósm: Páll A. Pálsson.

Sérðu fyrir þér, að Sölumiðstöðin hf. blandi sér í hóp stærri matvælasölufyrirtækja heims, eða eigum við að binda okkur aðallega við okkar skika hér?

Við verðum að byggja á því, sem gerist hér á landi að stærstum hluta. En ég vona svo sannarlega, að Sölumiðstöðin muni halda áfram á þeirri braut, sem hún hefur markað sér: Að sækja út, selja og markaðssetja vörur annarra framleiðenda og taka hugsanlega þátt í framleiðslu.

Það eru gífurleg tækifæri í stórum heimshlutum eins og Rússlandi, Kína og Indónesíu, til að nefna nokkur dæmi. Eftir nokkurra ára hlé er Sölumiðstöðin að hefja viðskipti á nýjum grunni í Rússlandi. Árangur okkar í Austur-Asíu hingað til gefur vísbendingar um að þar megi færa út starfsemi okkar, og við vitum um áhugasama aðila á þessum slóðum, sem óska samstarfs. Við munum skoða alla möguleika vandlega. Styrkur okkar Íslendinga liggur í því að við búum yfir mikilli þekkingu bæði í veiðum og vinnslu, en ekki síður í markaðssetningu og sölu. Einn helsti kosturinn, sem útlendingar sjá í viðskiptum við Sölumiðstöðina, er sá, að þeim stendur ekki ógn af okkur, af því að við erum ekki það stórir. Það er okkur ekki keppikefli að verða meðal hinna stærstu. En hálfrar aldar reynsla SH á alþjóðlegum mörkuðum hefur skapað henni virðingu og traust og á síðustu árum hefur starfsemin ekki einskorðast við viðskipti með íslenskan fisk. Ég býst því við að þátttaka SH hf. í alþjóðlegum viðskiptum eigi eftir að eflast. En grunnurinn, sem byggt er á, verður íslenskur – íslensk fiskimið og íslenskir framleiðendur.

Friðrik Pálsson forstjóri SH (febrúar 1997)

Nú færðist þú bara milli hæða í Morgunblaðshúsinu, þegar þú tókst við sem forstjóri SH. En þú færðist líka milli ólíkra fyrirtækja og vörutegunda, úr saltfiski í frystan fisk. Áður hafði starfsvettvangur þinn verið að mestu á Miðjarðarhafsmörkuðum, en nú voru markaðirnir beggja vegna Atlantshafsins og að auki vaxandi markaður í Asíu, sem þá var sinnt héðan að heiman. Voru þetta mikil viðbrigði fyrir þig?

Já, viðbrigðin voru býsna mikil. Það var talsverð ákvörðun að fara frá SÍF og segja þar með skilið við þá markaðsstarfsemi sem ég hafði tekið ástfóstri við eftir 12 ára starf. Starf framkvæmdastjóra SÍF var fyrst og fremst að vera aðalsölustjóri fyrirtækisins. Mér hafði fundist ég vera á heimavelli meðal saltfiskframleiðendanna, sem voru nærri 300 um allt land. Þorri þeirra var frekar smáir framleiðendur, þar sem eigendurnir voru allt í öllu, nánast útvegsbændur. Mér þótti gaman í SÍF og var þar á fullu í sölustarfinu í nánum tengslum við kaupendur og þetta átti vel við mig.


Í SÍF snerist allt um þorsk og að koma honum þannig verkuðum til kaupendanna, aðallega í Miðjarðarhafslöndunum, að sem hæst verð næðist hverju sinni.

Í frysta fiskinum er hins vegar að finna alla fiskifánuna, sem til er í kringum landið, og markaðirnir eins ólíkir og þeir eru margir. Bandaríkin og Sovétríkin voru þá yfirgnæfandi í markaðsstarfinu, þótt SH hefði ágæta fótfestu líka í Bretlandi og Þýskalandi og góður grunnur hefði verið lagður í Japan, aðallega með sölu loðnuafurða. Það, sem mér fannst samt ef til vill merkilegast við starfaskiptin, var að innan þessara tveggja fyrirtækja var gerólíkur andi, þó að verulegu leyti væru það sömu aðilarnir, sem stóðu að þeim báðum. Það eru einfaldlega uppi önnur viðhorf innan frystingar en saltfiskverkunar og það tók mig talsverðan tíma að átta mig á þessari breytingu á viðhorfi. Í framhaldi af því hef ég oft velt fyrir mér þessu, sem kallað er á ensku „company culture“ og kannski má þýða sem andi fyrirtækisins. Það er merkilegt hve sterkur hann verður og getur orðið lífseigur og erfitt að breyta honum. Þannig var þetta fyrir mig talsvert meira en það sem þú kallar „flutning milli hæða“. Ég lagði mig fram við að breyta þessu viðhorfi. Fyrirtækin voru gerólík í eðli sínu, þótt uppbygging þeirra hafi verið svipuð, og SÍF hafi verið frumkvöðlum SH ákveðin fyrirmynd við stofnun samtakanna. En starfið hjá SH hefur verið mjög skemmtilegt og möguleikar félagsins eru nánast ótæmandi.

Varð mikil stefnubreyting við forstjóraskiptin? Evrópusóknin var byrjuð og um leið dró úr þýðingu Ameríkumarkaðsins. Var þetta vísvitandi stefnubreyting eða viðbrögð við breyttum markaðsforsendum?

Ég byrjaði hjá SH fyrsta janúar 1986. Bandaríkjamarkaður var rótgrónasti og stærsti markaður SH um áratugi og hans vegur reis hátt um þessar mundir og hann var sá markaður sem allt snerist ennþá um. Einkum gaf hann besta verðið fyrir þorsk- og ýsuafurðir. Á árunum áður en ég tók við starfi forstjóra höfðu þó ýmsir veikleikar komið í ljós, svo sem miklar sveiflur í gengi dollars gagnvart evrópumyntum og japanska jeninu, þorskaflinn fór minnkandi á Íslandsmiðum samfara stórsókn ódýrs Alaskaufsa inn á ameríska markaðinn.

Sovétmarkaðurinn reis einnig hvað hæst um þessar mundir og hafði fengið vax-



Forstjóri SH kemur víða við. Hér fræðir hann fréttamenn á námsstefnu sem Sölumiðstöðin stóð fyrir í maí 1987 og fór fram í húsakynnum Haralds Böðvarssonar á Akranesi.

andi þýðingu, um leið og sókn íslenska fiskiflotans tók að beinast frá þorskinum að öðrum fisktegundum, sem aðrir markaðir tóku ekki við í miklu magni á viðunandi verði. Breski og þýski markaðurinn voru mikilvægir en hinir tveir höfðu yfirburði í verði.

Stefnubreyting – eggin í fleiri körfur

Það var mikið rætt á þessum árum innan SH, hversu varasamt það væri að hafa flestöll eggin í tveimur körfum og ákveðið stefnt að því að hafa körfurnar fleiri og jafnari að stærð. Ýmsar ytri aðstæður flýttu fyrir þessari þróun. Við sáum að sjálfsögðu engan veginn allt fyrir, og ef til dæmis því hefði verið spáð þremur árum fyrir fall Sovétríkjanna, að Sovétmarkaðurinn gæti hrunið fyrirvaralítið, hefðum við reiknað með stóráföllum, þrátt fyrir að verulega hefði dregið úr því magni, sem hann tók við eftir því sem leið á áratuginn. Reyndin varð hins vegar sú, að markaðsskrifstofum okkar annars staðar tókst að leysa vandann á mjög skömmum tíma. Því fylgdu talsverð átök og mikil vinna, en sölunet okkar stóðst þá áraun og skilaði þar með miklum og góðum árangri.

Jafnframt tókum við ákveðið þá stefnu, að SH sem söludeild hraðfrystihúsanna færði alla sölustarfsemi út á markaðina, en Sölumiðstöðin í Reykjavík yrði kjarni, sem sinnti þjónustu bæði við markaðsskrifstofurnar og framleiðendur. Þessi stefna skilaði fljótt mjög góðum árangri og er undirrótin að því góða gengi, sem fyrirtækið hefur notið undanfarin ár.

Segja má að jafnframt hafi orðið önnur stefnubreyting – ef til vill ómeðvituð. Það komu til starfa bæði heima og erlendis öðruvísi þenkjandi menn en áður var, önnur kynslóð. Sölu- og markaðsstarfið hér heima hafði verið á fárra manna höndum, en verður nú markvissara eftir að við komum því fyrir í sérstökum fyrirtækjum erlendis við hliðina á mikilvægustu viðskiptavinum okkar á hverjum stað. Við stofnum sérstaka markaðsdeild, en hún hefur það verkefni að þjóna framleiðendum innanlands annars vegar og dótturfyrirtækjum erlendis hins vegar. Við stofn-



Friðrik Pálsson og Jón Magnús Kristjánsson, núverandi framkvæmdastjóri SH í Tokyo, ræða við japanska viðskiptavini um leið og Jón Magnús sýnir færni sína með matarprjónum.

um líka sérstaka þróunardeild, þannig að það komst miklu meiri þjónustubragur á fyrirtækið. Við vorum svo heppnir að fá Öldu Möller, matvælafræðing, til starfa hjá okkur að þróunarmálum og hefur hún náð góðum tökum á því verkefni.

Það vakti mikla athygli á sínum tíma, þegar SH opnaði skrifstofu í Japan á undan öllum öðrum. Var það ekki dálítið djörf ákvörðun?

Sovétmarkaðnum hafði verið sinnt héðan að heiman, enda lá það í eðli þess markaðar. Svo hafði einnig verið með Japansmarkaðinn fram að þessu. Þar hafði verið lagður góður grunnur með markaðsfærslu á loðnu og loðnuafurðum. Um það bil þriðjungi sölustarfs SH var sinnt héðan að heiman með þjónustu við þessa tvo markaði.

Það voru teknar nokkuð djarfar ákvarðanir í sambandi við Japansmarkaðinn. Við höfðum ráðið til okkar Helga Þórhallsson, ungan viðskiptafræðing frá Háskóla Íslands með sérstæða reynslu meðal Íslendinga. Hann hafði stundað sjó á sumrum og að loknu námi í Háskólanum stundað framhaldsnám í Japan í nokkur ár. Þegar Helgi hafði verið hjá okkur í 2-3 ár, og þessi viðskipti höfðu eflst ár frá ári, fannst okkur tímabært að láta til skarar skríða og sjá, hvaða árangri við næðum með því að senda hann til Japans og opna söluskrifstofu þar. Aldrei áður hafði íslenskur aðili haslað sér völl með þessum hætti utan þeirra heimsálfa, sem næstar okkur liggja, Evrópu og Ameríku. Þetta var algert brautryðjendastarf og helst sambærilegt við það, þegar SH kom á fót fyrirtæki í Bandaríkjunum í stríðslokin. Við vorum bjartsýnir, en árangurinn fór fljótt fram úr okkar björtustu vonum.

Þegar Helgi ákvað síðan að snúa sér að öðru tók annar ungur maður við Tokyoskrifstofunni, Jón Magnús Kristjánsson. Hann kom líka til okkar beint úr viðskiptadeildinni, alinn upp í sjávarplássi og með reynslu til sjós, en vann hjá okkur á skrifstofunni í Reykjavík að viðskiptum við Japan, áður en hann flutti til Tokyo. Báðum þessum mönnum hefur tekist að ná góðum árangri í Japan og hafa þessi

viðskipti dafnað og aukist, þannig að Austur-Asía er nú stærsti markaðurinn okkar bæði að magni og verðmæti.

Þýska markaðinum er við brugðið fyrir íhaldssemi. Þar var opnuð skrifstofa 1981. Hvernig hefur SH vegnað á þeim markaði?

Það var erfitt að ryðja sér til rúms í því fastmótaða viðskiptaumhverfi, sem þar ríkti í fisk- og matvælasölu yfirleitt. Gylfi Þór Magnússon vann þar mikið brautryðjandastarf um fimm ára skeið, eins og rakið er annars staðar í þessari bók, og var þessi markaður stöðugur og traustur og viðskiptin stöðugt vaxandi. Gamalreyndur jaxl úr SH, Benedikt Guðmundsson, tók við af Gylfa og veitti fyrirtækinu forystu í fjögur ár, þar til Kristján Hjaltason tók við af honum. Hann hefur staðið að umfangsmiklu vöruþróunarstarfi í samstarfi við móðurfyrirtækið og framleiðendur hér heima með mjög góðum og vaxandi árangri. Þýski markaðurinn hefur verið og er mjög mikilvæg kjölfesta fyrir þá framleiðendur, sem reiða sig sérstaklega á karfaafla, og hefur þar náðst góður árangur að undanförnu. Það á ekki síst við vegna þess, hve stórum hluta karfaaflans í heiminum SH hefur verið trúað fyrir að markaðssetja að undanförnu, meðal annars í samningum við nokkra stóra erlenda framleiðendur.

Franska markaðnum var upphaflega sinnt frá Bretlandi. Hvað olli því að SH ákvað að opna skrifstofu í Frakklandi?

Franska markaðnum hafði ekki verið ýkja mikið sinnt. Hann var þó nokkuð mikilvægur á þessum tíma, aðallega fyrir ufsablokkir og síld. Það þurfti ekki mikla sölumennsku til þess. Ég hafði hins vegar kynnst franska markaðnum talsvert í gegnum saltfisksölur og hafði mikla trú á, að þar mætti gera meira.

Þegar Ólafur Guðmundsson, sem veitt hafði Bretlandsskrifstofunni forstöðu í um tvo áratugi, lét af störfum í Grimsby, tók hann að sér að koma á fót lítilli söluskrifstofu í Frakklandi. Ólafur bjó yfir mikilli reynslu sem markaðsmaður og er mikill sölumaður, og það kom fljótlega í ljós að þarna lágu mikil tækifæri. Síðan sendum við þangað ungan mann menntaðan frá Tromsö, Lúðvík Börk Jónsson, sem hefur reynst glöggur á sérstöðu franska markaðarins og fært út kvíarnar, hægt en örugglega, og unnið mikið brautryðjandastarf. Franska skrifstofan hefur í samvinnu við þróunardeild og framleiðendur hér heima þróað ýmsar nýjungar, sem henta þessum markaði sérstaklega, og fært okkur nær hinum endanlega neytanda. Franski markaðurinn tekur við fjölbreyttu úrvali fisktegunda. Þangað er hægt að selja nálega hvaða fisk, sem veiddur er við Íslandsstrendur. Árangur SH í Frakklandi er gott dæmi um lítt plægðan akur, þar sem áræðinn maður með mikið sjálfstæði nær góðum árangri í samspili við starfsmenn fyrirtækisins hér heima og áhugasama, sveigjanlega framleiðendur.

Eins og Frakklandsmarkaðurinn var unninn frá Bretlandi og héðan að heiman, þá skaut Spánarmarkaðurinn rótum frá skrifstofunni okkar í París. Þegar hann hafði náð nægilegu umfangi, komum við á fót söluskrifstofu þar á síðastliðnu ári og veitir Hjörleifur Ásgeirsson henni forstöðu, en hann hafði sinnt sölunni til Spánar frá París. Það réði líka miklu um ákvarðanatökuna að aðildarfyrirtæki SH höfðu verið að öðlast ítök í ýmsum fyrirtækjum á rómanska efnahags- og menningarsvæðinu: Þar má nefna Þormóð ramma og Granda í fyrirtækjum í Mexíkó, Granda í Chile, og svo Kristján Guðmundsson á Rifi með Granda á Falklandseyjum undan strönd Suður-Ameríku. Þessir aðilar hafa falið SH að annast sölu af-



Á 50 ára afmæli SH var slegið á létta strengi og fitjað upp á ýmsu. Meðal annars fékk allt starfsfólk félagsins, dótturfyrirtækja og aðildarhúsa SH eldhússvuntur í afmælisgjöf. Hér hafa þeir Jón Ingvarsson og Friðrik Ært Þorsteini Pálssyni sjávarútvegsráðherra eina slíka, væntanlega með ósk um að hann yrði í framtíðinni duglegur að taka til hendinni í eldhúsinu heima hjá sér.

urða, meðal annars á smokkfiski. Reynslan mun sýna á næstu árum hvernig þar tekst til.

Þið eruð að reyna frekar fyrir ykkur í Rússlandi. Hvers vegna nú?

Við höfum alltaf haft auga með Rússlandsmarkaðnum, þrátt fyrir alvarlega efnahagskreppu þar að undanförnu. Við fylgjum að nokkru sama mynstri við stofnun söluskrifstofu í Moskvu og annars staðar. Þegar við teljum að viðskiptin séu komin á það stig, að þau geti tekið stórstígari framförum með okkar mönnum á staðnum, þá sendum við þá þangað. Gylfi Þór Magnússon hefur fylgst grannt með Rússlandsmarkaðnum um langt árabil, fyrst sem framkvæmdastjóri Söluskrifstofu lagmetis og síðan sem sölustjóri SH hér heima.

Eftir að sala datt niður þangað 1990, hefur Gylfi áfram haft auga með framvindu mála í Rússlandi. Í fyrra var talsvert selt þangað af loðnuafurðum og nú verður opnuð söluskrifstofa í Moskvu með innlendu starfsliði, en undir forystu Páls Gíslasonar, sem getið hefur sér gott orð og öðlast mikla reynslu í alþjóðlegum samskiptum sem framkvæmdastjóri Icecon, dótturfyrirtækis SH.

Stefnan er að vera með okkar eigin menn á staðnum og sjá hvað okkur tekst. Þegar við lítum nú til baka, sjáum við þann árangur sem náðst hefur, og hann er sönnun þess, að vel hefur til tekist. Það breytir hins vegar engu um það, að hvergi má slaka á og auðvelt er að glutra niður góðum árangri, ef honum er ekki fylgt eftir í hvívetna.

Hefur mikil trú þín á ungu fólki eitthvað með það að gera að þú varst rétt þrítugur sjálfur, þegar þú varðst framkvæmdastjóri SÍF?

Ég hef ekki hugsað um það þannig. Aðalatriðið er að finna hvort í fólki býr sá neisti sem dugar til að ná árangri. Ungt fólk þarf ekkert frekar að ná árangri en þeir sem eldri eru og æfingin skapar vissulega meistarann, en í stjórnun skiptir tvennt meginmáli að mínu áliti: réttar tímasetningar og réttar áherslur. Í þeim

dæmum, sem við höfum verið að fjalla um hér að framan, hefur þetta hvort tveggja gengið nokkuð vel upp og því hefur þessi árangur náðst sem ég hef þar nefnt.

Er engin hætta á því, að SH verði með of margar starfsstöðvar erlendis? Innan Evrópusambandsins eru þær nú orðnar fjórar. Gæti ekki allt eins verið skynsamlegt að fara að sameina þær aftur?

Alls staðar, þar sem við höfum opnað söluskrifstofur, hefur orðið mikill vöxtur í viðskiptum okkar. Hinu er ekki að leyna að þessu fylgja átök og samkeppni milli markaðssvæða, enda fiskframboðið takmarkað. Til þess að fá fiskinn, reyna söluskrifstofurnar að sérhæfa sig í verðmeiri pakkningum í samvinnu við tiltekna framleiðendur og tiltekna kaupendur. Þannig tryggja þær sér söluvörur og föst viðskipti, vinnslustigið hækkar hér heima og framleiðandinn fær hærra verð.

Lykillinn að þessari þróun var svo sá, að alþjóðleg flutningatækni hefur verið að breytast ört með gámavæðingu og einnig hefur orðið mikil framför í rafrænum samskiptum, þannig að samskiptin verða hraðari og auðveldari og við sendum frá landinu vörur í miklu smærri einingum en áður og keyrum þær upp að dyrum kaupenda okkar, ef þess er óskað.

Hefðum við ekki brugðist við í tæka tíð með því að koma okkur upp þessu víðfeðma söluneti á öllum helstu mörkuðum okkar, sem gert hefur okkur fært að skynja markaðsbreytingar jafnóðum, er ég hræddur um að umrót eins og missir Sovétmarkaðarins, gífurlegar sveiflur á gengi dollars og annarra helstu gjaldmiðla, innreið Alaskaufsans á helstu markaði okkar, samdrátturinn í þorskafurðum og uppsveiflan í karfavinnslu, svo eitthvað sé nefnt, hefðu getað orðið meiriháttar áfall fyrir íslenskt þjóðfélag.

SH hefði heldur ekki verið trúverðugt sem stórfyrirtæki.

Reyndar er sú mynd oft dregin upp af okkur í íslenskum fjölmiðlum, að við séum þunglamalegur risi. Ekkert er fjær sanni. Sölunet SH hefur sannað það á síðasta áratug, að það bregst hratt við breytingum, hvort sem er í framleiðslu eða á mörkuðunum. En á sama hátt og við tökum ákvarðanir um að opna skrifstofu, munum við taka ákvarðanir um að loka þeim, eða sameina öðrum. Ef viðskiptin skila ekki viðunandi árangri á hverjum stað, verða aðrar ráðstafanir gerðar. Við höfum fyrst og fremst unnið eftir því markmiði, að ná sem bestum árangri fyrir viðskiptavini okkar, framleiðendurna, með því að komast sem næst hinum hluta viðskiptavinanna, kaupendunum, og stytta boðleiðir og bæta þjónustu.

Við höfum hingað til fjallað um markaðsuppbygginguna í öfugri tímaröð. Hvað þá með markaðina í Bretlandi og Bandaríkjunum?

Fyrst Bretland. Þar tókst þú við erfiðu viðfangsefni.

Já, erfiðasta viðfangsefnið, sem blasti við, þegar ég tók við af fyrri stjórnendum var staða verksmiðjunnar í Grimsby. Hún var nýbyggð og glæsileg, hönnun hafði tekist vel og aðstaða öll til fyrirmyndar. Aðeins skorti á eitt: Það hafði hvorki verið hugað nægilega að öflun markaða né nógu góðar áætlanir gerðar um reksturinn.

Sú saga er rakin annars staðar í þessari bók og ég mun því stikla á stærstu ákvörðununum.

Það kom í minn hlut að standa fyrir starfsmannabreytingum í Bretlandi í tvígang. Slíkt er aldrei sársaukalaust. Ólafur Guðmundsson hafði rekið söluskrifstofu okkar þarna með ágætum um áratuga skeið. Honum var falið að standa fyrir bygg-



Blokkin sögud í austurverksmiðju Coldwater í Bretlandi. Miklir erfiðleikar voru í rekstri verksmiðjunnar frá byrjun og þegar leið að lokum 9. áratugarins lá við sjálft að hún yrði lögð niður. Vísast hefði það líka gerst ef bæði stjórnarformaður SH og forstjóri hefðu ekki verið samstíga um að halda ætti rekstrinum áfram og beitt sér ákveðið fyrir því, bæði í stjórn SH og stjórn IFPL.

ingu verksmiðjunnar og það tókst með ágætum. Rekstur slíks fyrirtækis er hins vegar gerólíkur því, sem Ólafur hafði verið að fást við. Ingólfur Skúlason aðstoðarforstjóri tók við af Ólafi. Hann hafði staðið sig ágætlega í því starfi og lagði réttilega í forstjórastarfi sínu höfuðáherslu á markaðsmál og vöruþróun og að koma vörum okkar inn í smásölukeðjurnar. Hann sáði mörgum þeim fræjum, sem við höfum síðar notið uppskerunnar af, en hins vegar sat rekstrarþátturinn eftir og Ingólfur missti tiltrú, þegar söluáætlanir brugðust hvað eftir annað. Agnar Friðriksson tók þá við og hefur náð að bæta reksturinn mjög. Sú söluaukning á verksmiðjuafurðum, sem hafði þegar hafist í tíð Ingólfs, hefur haldist stöðug síðan.

Það var mikið í húfi fyrir Sölumiðstöðina þarna, 8 milljóna sterlingspunda skellur blasti við, ef þessum verksmiðjurekstri yrði hætt og reynt að selja verksmiðjuna við þessar aðstæður, eða loka henni. Auk verulegs taps fjármuna hefði SH beðið slíkan hnekki, að erfitt er að sjá fyrir afleiðingarnar. Við fengum breskt ráðgjafarfyrirtæki, OCC, til að gera ítarlega úttekt á fyrirtækinu og möguleikum þess. Sú skýrsla sannfærði okkur, Jón Ingvarsson, Jón Pál Halldórsson stjórnarformann IFPL, og mig, um réttmæti þess að halda verksmiðjurekstrinum áfram. Við vorum þeir menn innan SH, sem voru best upplýstir um málefni verksmiðjunnar, en það verður að viðurkennast að á þeirri þekkingu voru fjölmörg grá svæði, þar sem ágiskanir okkar voru jafnvægar annarra. Og það var á brattann að sækja. Nokkrir stjórnarmenn SH voru að vonum orðnir svekktir á að ausa lánum og hlutafé í þessa „óseðjandi hít“ og vildu losna sem fyrst út úr þessum rekstri og viðurkenna að framlag SH væri tapað fé. Ég held að á engan sé hallað þegar ég segi að tveir menn hafi ráðið úrslitum málsins. Aðalsteinn Jónsson á Eskifirði gerbreytti stöðu mála með stuttri ræðu á stjórnarfundi, sem haldinn var í Grimsby.

Sama varð uppi á teningnum, þegar hópur stjórnar- og varastjórnarmanna fór til

Grimsby í skoðunarferð. Sá hópur var mjög svartsýnn á framhaldið og nokkrir þeirra ákveðnir í að loka ætti þegar í stað, en þar hafði Gunnar Ragnars, framkvæmdastjóri ÚA úrslitaáhrif. Þessi tvö atvik ásamt þrotlausum áróðri okkar Jóns Ingvarssonar og Jóns Páls urðu til þess að við rétt naumlega náðum því fram, að rekstri verksmiðjunnar var haldið áfram og hefur engan þurft að iðra þess, því að hagnaður hefur verið af verksmiðjunni alla tíð síðan og rekstur hennar í stöðugum vexti.

Þetta er án efa afdrifaríkasta mál, sem komið hefur til kasta stjórnar og forstjóra SH á þessum áratug, sem ég hef verið hér og ánægjulegt að svo giftusamlega tókst að ráða því til lykta, þótt mjótt væri á mununum. Það var vissulega djörf ákvörðun, sem var tekin, en hún hefur sýnt sig að vera rétt.

Ég býst við, að það sem ég muni muna lengst úr þeim átökum, sem ég hef gengið í gegnum á þessum tíma í SH, verði átökin um verksmiðjuna í Grimsby. Þetta sannfærði mig um það, hvað tilfinning og tímasetningar skipta miklu máli í viðskiptum. Ég held að við höfum verið næst því þarna að gera hroðaleg mistök með því að láta undan þrýstingi þeirra, sem vildu gefast upp á vitlausum tíma og loka. Það er alltof algengt að menn skilji ekki mikilvægi réttra tímasetninga.

Því hefur verið haldið fram, að ákvörðun um að reisa verksmiðju í Bretlandi hafi átt að vera svar við ójafnvægi á milli markaðssvæða, þar sem Bandaríkin hefðu ægivald. Hver hefur verið þróunin í Bandaríkjunum?

Eins og við nefndum í upphafi var mikilvægi Bandaríkjamarkaðar upp á það besta á árunum áður en ég kom til starfa hjá SH. En margt breyttist þarna á nokkrum árum og mikilvægi annarra markaða jókst hröðum skrefum. Samkeppnin við Alaskaufsann komst í algleyming á þessum árum og ákvörðun stórra viðskiptavina um að taka hann fram yfir þorskinn okkar hafði ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir Coldwater. Barátta Magnúsar Gústafssonar og hans fólks við að halda okkar hlut á Bandaríkjamarkaði hefur harðnað með hverju árinu og það hefur tekist nokkuð vel í þorsk- og ýsuafurðum, en að öðru leyti hefur verið lögð megináhersla á verksmiðjureksturinn og sölu framleiðsluvara hennar.

Að stærstum hluta var – og er – eigið fé SH bundið í Ameríku en vægi annarra starfseininga félagsins hefur stöðugt aukist.

Bandaríkjamarkaður verður áfram mjög mikilvægur fyrir okkur, og okkur verður að takast að auka aftur markaðshlutdeild okkar þar núna, þegar við förum aftur að fá meiri þorsk á land, og erum að auka okkar hlut í fiskframboði frá öðrum en eigendum félagsins. Við höfum á margan hátt yfirburðarstöðu á Bandaríkjamarkaði með gamalgróið, öflugt félag, sem er vel þekkt fyrir vöruvöndun og góða þjónustu, og það verður verkefni næstu ára á þeim markaði að hafa þar nægilegan vöxt til að tryggja stöðu okkar.

Fyrir nokkru síðan keypti SH Sæmark hf. og hóf að stunda nokkuð annars konar viðskipti, en fram að þessu. Hvað vakir fyrir ykkur með því?

Við höfðum um nokkurt skeið stundað kaup og sölu afurða; viðskipti, sem voru nokkuð annars eðlis en hefðbundin umboðssala fyrir eigendur SH. Við keyptum Sæmark hf. og fluttum þangað öll þau viðskipti. Framkvæmdastjórinn, Kjartan Ólafsson, veitti fyrirtækinu áfram forstöðu, en fyrstu mánuðina eftir kaupin kom Benedikt Guðmundsson honum til aðstoðar sem meðframkvæmdastjóri, en hefur nú aftur horfið til annarra starfa hjá SH. Þetta hefur gefið mjög góða raun og við-



Jón Ingvarsson og Friðrik Pálsson standa yfir Bjarna Lúðvíkssyni, framkvæmdastjóra fjármála og um tíma sérlegum gjörgæslustjóra með ferskfiskútflutningi SH.

skiptin aukast jafnt og þétt og við eigum þar viðskipti við marga ágæta fiskframleiðendur.

Nýverið tókum við þá ákvörðun að færa ferskfisksölu okkar inn í Sæmark. SH hefur um árabil sinnt útflutningi á ferskum fiski af og til, stundum í miklu magni, en svo hefur það lagst af á milli.

Fyrir nokkrum árum ákváðum við að gera sérstakt átak í þessu efni og ég taldi rétt að taka þau viðskipti út úr hefðbundnum farvegi í markaðsdeild, og fól Bjarna Lúðvíkssyni, fjármálastjóra, að taka verkefnið í gjörgæslu, enda eru þetta gjörgæsluverkefni, sem unnin eru nánast með vakt í 24 tíma á sólarhring. Þessi breyting gaf ágæta raun og SH er nú með verulegan útflutning á ferskum fiski og fer hann talsvert hratt vaxandi. Við höfum keypt fyrirtæki í Belgíu, Superior Salmon Express, til að sinna því sérstaklega og auk þess bætt við talsverðum mannafla á öðrum skrifstofum í sama tilgangi. Þetta er vaxtarbroddur, sem við bindum talsverðar vonir við.

Eftir að þú varst búinn að vera forstjóri nokkur ár létu nokkrir félagsmenn opinberlega óánægju sína í ljós vegna of tíðra utanlandsferða forstjóra og stjórnarformanns SH til útibúanna erlendis. Á hverju byggist þörfin á nærveru forráðamanna SH við starfið á mörkuðunum?

Ég hef nú satt að segja aldrei tekið þessa gagnrýni alvarlega, enda kom hún ekki frá aðilum, sem vildu okkur vel, og kafnaði raunar í fæðingunni. Eftir að sú stefnubreyting var gerð, við upphaf starfs míns hér, að flytja sölustarfið eins og kostur væri út á markaðina, lá jafnframt fyrir, að forráðamenn fyrirtækisins yrðu að fylgjast með. Hvað sem líður öllum framförum í fjarskiptatækni, er ekkert sem kemur að öllu leyti í stað mannlegra samskipta augliti til auglitis.

Forráðamenn fyrirtækisins hér heima verða að hafa glöggan skilning á því, hvaða vanda forstöðumenn starfsstöðvanna hafa við að glíma á mörkuðunum og

hvaða tækifærum þeir eru að reyna að ná. Þeir verða aftur að hafa glögga vitneskju um, hvernig mál fyrirtækisins og framleiðendanna standa hér heima. Þetta fyrirkomulag hefur gefið góða raun og þannig verða alþjóðleg fyrirtæki að vinna. Ef einhver gagnrýni á rétt á sér í þessu sambandi, væri það einna helst að eftirlit okkar og samráð sé of lítið en ekki of mikið.

SH hefur með margvíslegum hætti á síðustu árum leitað út fyrir hinn hefðbundna ramma fisksölunnar. Fiskeldi – og þá einkum laxeldi – var stóra tískubylgjan í upphafi 9. áratugarins. Hvernig kom SH að þeim málum og ætlið þið að sinna þeim í auknum mæli í framtíðinni?

Fyrir minn tíma hér skipaði stjórnin nefnd til að fylgjast með þessum málum, og SH tók nokkurn þátt í stofnun smærri laxeldisfyrirtækja, með það fyrir augum að annast sölu afurðanna. Um það leyti sem ég tók hér til starfa voru straumhvörf að verða í þessum málum: Menn fóru að hugsa stórt að norskri fyrirmynd og að nokkru leyti með norskri þátttöku. Einn fyrsti fundurinn, sem ég sat sem forstjóri SH árið 1986, var einmitt með norskum og íslenskum aðilum, sem voru með tröllvaxnar hugmyndir um stofnun á fyrirtæki svipaðs eðlis og Íslandslax, bara helmingi eða tvisvar sinnum stærra. Þarna voru nefndar fjárfestingarupphæðir, sem saltfiskmaður eins og ég hafði ekki áður heyrt. Kannski varð það okkur til happs, að við Jón Ingvarsson vorum báðir efins um réttmæti þess að fara svona geyst í sakirnar, og loks var sem betur fer ákveðið að fara ekki út í þetta ævintýri. Annars hefðum við sjálfsagt staðið frammi fyrir svipuðum áföllum og gamla SÍS varð fyrir með Íslandslax.

SH seldi hins vegar afurðir nokkurra stöðva um árabil og öðlaðist þá reynslu, þekkingu og viðskiptasambönd, sem þurfti, ef þetta laxeldisævintýri hefði snúist á annan og hagstæðari veg fyrir okkur Íslendinga. Erlendis hefur gengið á ýmsu í laxeldi eins og kunnugt er, en þó fer það vaxandi um þessar mundir og er víða orðið hagkvæmur atvinnurekstur. SH er að fikra sig inn á sölu á þeim afurðum, þar sem það virðist hagkvæmt fyrir okkur.

Annars hlýtur það að vera áhyggjuefni fyrir okkur Íslendinga, að við skulum ekki ná tökum á því að vera með fiskeldi sem atvinnugrein í stórum stíl. Þar er sjálfsagt mörgu um að kenna, en ég tel að kollsteypurnar, sem við gengum í gegnum í byrjun, hafi orðið til þess að menn hafi ranglega dregið þær ályktanir, að við ættum ekki að koma nálægt þessu, í stað þess að fara hægar í sakirnar, læra af reynslunni og hasla okkur völl í því eldi, sem gæti gengið hérlendis. SH hefur til dæmis stutt við bakið á lúðueldinu í Eyjafirði frá upphafi og þar hefur að mínu mati verið beitt réttri aðferðafræði, sem vonandi skilar árangri.

SH hefur, auk dótturfyrirtækjanna, reynt með margvíslegum hætti fyrir sér erlendis. Hver er hlutur þess að Icecon og hvað hefur komið út úr því?

Upphafið að nýrri útrás okkar Íslendinga má rekja til tveggja nefnda, sem báðar voru undir forystu Magnúsar Gunnarssonar, en skipaðar af viðskiptaráðherra, sem þá var Matthías Á. Mathiesen, og sjávarútvegsráðherra, sem þá var Halldór Ásgrímsson. Hlutverk beggja nefndanna skyldi vera að kanna möguleika á útflutningi íslenskrar þekkingar og hugvits. Í framhaldi af þessu nefndarstarfi ákváðu svo SÍF, SÍS og SH að stofna sérstakt fyrirtæki, Icecon, til að sinna verkefnum á þessu sviði. Samstarf þessara keppinauta gekk ágætlega, þar til SÍS dró sig út úr því, og frá 1994 hefur SH verið eini eigandi Icecon og rekið það á sínum vegum.



Friðrik ræðir við Jón Kristmannsson, Þorleif Pálsson og Halldór Bernódusson á aðalfundi SH 1992.

Ég hef lengi verið sannfærður um það, að við ættum mikla möguleika erlendis, og líka, að við fórum alltof seint af stað og í alltof smáum stíl. Við Íslendingar bárum til dæmis ekki gæfu til að vera þátttakendur í Alaskaufsaævintýrinu á vesturströnd Bandaríkjanna, sem til dæmis fjöldi norskra fyrirtækja gerði. Ef við hefðum verið farnir að hugsa aðeins stærra þá, hefðum við átt að geta nýtt okkur það að vera með sterk fyrirtæki og öflugar verksmiðjur í Bandaríkjunum, markaðsreynslu og viðskiptasambönd til að fara á öldufaldi þessarar nýju bylgju. Þess í stað skynjuðum við þetta ekki sem tækifæri fyrir okkur, heldur einungis sem ógnun og hættu við okkar þorsk. Skýringin á þessu liggur hins vegar aðallega í því, að menn voru á þessum tíma svo uppteknir af því að glíma við innanlandsvandamál, óðaverðbólguna, átökin um fiskverð og alla þá dellu, sem við bjuggum við á þeim tíma, að við komumst ekki lengra. Fyrirtækin voru fjárhagslega veik og höfðu hvorki tíma til að sinna þessum málum né burði til þess stjórnunarlega.

Ég er ekki í vafa um, að þarna hefði stórfyrirtæki á Íslandi getað náð verulega góðum árangri. Því miður var farið of seint af stað með þessa einu tilraun okkar Íslendinga, Andraævintýrið svonefnda, með slæmri ráðgjöf erlendra aðila, og skellurinn var óþarflega stór og dró kjark úr mönnum.

Innanlandsástandið

Þú ert með öðrum orðum þeirrar skoðunar að þetta sérstaka íslenska hagkerfi með opinberri ákvörðun fiskverðs og gengisskráningar hafi lokað augum manna fyrir þeim tækifærum, sem útflutningsfyrirtækin áttu erlendis með sín dótturfyrirtæki og útibú.

Ég er ekki í nokkrum vafa um það. Það er engin tilviljun að hin nýja útrás stóru útflutningsfyrirtækjanna í sjávarútvegi og, í kjölfar þeirra, fleiri fyrirtækja í sjávarútvegi, helst í hendur við vaxandi viðskiptafrelsi og tekur stórt stökk við þjóðarsátt, frjálst fiskverð, lága verðbólgu og viðunandi gengi.

Ég lenti í Verðlagsráði sjávarútvegsins fyrst sem framkvæmdastjóri SÍF og hélt svo áfram sem forstjóri SH. Í mínum huga er seta mín í því apparati einhver vit-

lausasta og sorglegasta tímasóun, sem ég get hugsað mér, vegna þess að við unnum í reynd gegn hagsmunum sjávarútvegsins nánast allan tímann með setu okkar í þessari nefnd. Og ekki bara það, við unnum ekki aðeins gegn hagsmunum sjávarútvegsins, heldur líka gegn hagsmunum þjóðarinnar. Þarna sátum við, launaðir starfsmenn sjávarútvegsins, hvor sínu megin við borðið, og fengum það verkefni fyrir hönd umbjóðenda okkar að rífast um fiskverð, bakkaðir upp báðir af sömu aðilum. Til þess að ná niðurstöðum heim og saman þurftum við að kokka upp aðferðir, sem gerðu ekki annað en að viðhalda verðbólgunni og þeirri efnahagsóstjórn, sem hér var við lýði. Það trúðu því margir að þetta væri nauðsynlegt. Í mínum huga var þetta frá upphafi til enda ein allsherjar hringavitleysa. Ég skrifaði reyndar þá greinarstúf um þetta, sem féll í mjög grýttan jarðveg, svo að vægt sé til orða tekið. Ég er sannfærður um það, að sagan eigi eftir að dæma það svo, að Verðlagsráðskerfið, með öllum sínum göllum, hafi verið ein best heppnaða tilraun til að fara með efnahagsmálin til fjandans, sem nokkurn tíma hefur verið gerð í þessu landi.

Þetta þrælbatt menn innan hins þrönga íslenska sjóndeildarhrings og menn misstu af möguleikum eins og Alaskaufsanum, sem ég nefndi. Þar lagði norski auðkýfingurinn Kjell Inge Rökke grunninn að sínu alþjóðlega veldi í fiskiðnaði, sem er með þeim stærstu í greininni í dag. Við áttum án efa sömu tækifæri, en vorum innilokaðir í þessum íslenska heimi óðaverðbólgu og gengiskollsteypu.


Indland og Afríka

Stofnað var til samstarfs við indverskan aðila (Tikkoo) um túnfiskveiðar við Afríku og í Indlandshafi. Hvers vegna rann það út í sandinn? SH átti líka hlut að kaupum ÚA á MHF. Eru möguleikar á samstarfi útgerða og sölufyrirtækja um kaup og rekstur á útgerðum erlendis og síðan afurðasölu fyrir þau?

Það er ekki nokkur vafi á því, að sú útrásarstarfsemi, sem byrjaði með nefndum Magnúsar, og fann sér farveg í Icecon, olli straumhvörfum, því að umræðan kringum þetta allt saman vakti menn til meiri umhugsunar en áður hafði þekkst.

Icecon hefur verið í mjög merkilegum verkefnum, meðal annars við endurbyggingu frystihúsa á mörgum stöðum á Grænlandi og síldarverksmiðju á Hjaltlandseyjum auk fjölda verkefna í öðrum heimsálfum, sem flest tengjast útgerð og fiskvinnslu. En það er fyrst núna síðustu árin, sem við höfum farið að tengja þessi verkefni kröfum um að SH annaðist sölu afurða að verkefnum loknum. Aukið samstarf við fyrirtæki eins og Marel og Hampiðjuna og fleiri fyrirtæki, sem voru að byrja á þessum árum að selja þjónustu úr landi, hefur gerbreytt tækifærum Icecon erlendis. En eitt af mest spennandi málum, sem menn tókust á við á þessum tíma, voru kaup ÚA, með fulltingi SH, á MHF í Rostock. Það mál kom reyndar ekki upp í gegnum Icecon heldur annað íslenskt fyrirtæki. Um þetta urðu mikil átök og strangir fundir í langan tíma. En bara það, að ÚA skyldi kaupa meirihluta í stóru þýsku útgerðarfyrirtæki, vakti fjölmarga aðra til umhugsunar um, að sennilega lægju víða tækifæri erlendis, sem íslensk fyrirtæki ættu að nýta sér.

Annað dæmi vil ég líka nefna. Icecon hafði unnið með fyrirtækinu Friosur í Chile í nokkur misseri, þegar Páli Gíslasyni fannst ástæða til að athuga, hvort ekki mætti þróa verkefnið áfram með því að fá íslenskt fyrirtæki þarna inn og taka að sér verkefnin, sem Icecon hafði verið að sinna. Það var úr að Icecon, fyrir hönd Friosur, bauð Granda að kaupa hluta af fyrirtækinu. Svo fór og þannig hóf Grandi sína útrás og nú eru þeir Grandamenn að vinna á ýmsum stöðum erlendis.




Í Nuuk í Grænlandi stjórnaði Icecon endurbyggingu og stækkun frystihúss Godthåb Fiskeindustri A/S á árunum 1988 til 1989. Þetta var áttunda verkefni fyrirtækisins á Grænlandi en á næstu árum átti það eftir að láta til sín taka í Afríku, Suður-Ameríku og víðar.

Túnfiskur

Túnfiskmálið var mjög skemmtilegt viðfangsefni, sem stóð yfir í tvö ár. Viðskiptabanki okkar í London kom að máli við okkur fyrir hönd indversks auðkýfings, Tikkoo að nafni, og vildi fá okkur til samstarfs. Þetta var tilraun til að komast inn í indverska lögsögu með mjög ódýrum hætti og miklum stuðningi indverskra stjórnvalda og fá þar 50.000 tonna túnfiskkvóta og mikla fjárhagslega styrki til að komast af stað. Því miður stóðst ekkert af þessu af hálfu opinberra aðila í Indlandi, en til undirbúnings verkefninu keyptum við saman tvö skip og gerðum þau út frá Abidjan á Fílabeinsströndinni í Vestur-Afríku í tvö ár. Páll Gíslason í Icecon rak þetta fyrirtæki og öðlaðist mikla reynslu í túnfiskútgerð, og mér fyndist það satt að segja mjög spennandi að fara inn í þessar veiðar aftur. En við hættum þátttöku í þessu, þegar í ljós kom, að samstarfsaðili okkar í Indlandi gat ekki staðið við þær áætlanir, sem við unnum eftir. Við fórum vel út úr þessu fjárhagslega og erum líka reynslunni ríkari.

Þið hafið komið við sögu víðar í Afríku og eruð að hefja samstarf við útgerðaraðila á Viktoríuvatni.

Þarna er fyrirtæki, sem leitar til okkar eftir að hafa frétt af því, hvað við erum með öflugt sölunet. Þeir telja sig vera með mjög spennandi vöru, Nílarkarfann, sem er nýlega farið að veiða og vinna og nú er verið að selja um allan heim, en var ekki til á alþjóðamarkaði fyrir örfáum árum. Við höfum unnið um nokkurt skeið að þessum undirbúningi og settum svo fullan kraft í þetta nú um áramótin 1996/97. Pétur Einarsson í Icecon fær það verkefni fyrir okkur hjá SH hf. að fylgja þessu máli eftir. Það eru mörg verkefni af býsna ólíkum toga, sem við erum að skoða á hverjum tíma, en við viljum fara með gát og taka einungis að okkur verkefni, sem við teljum líklegast að gefi okkur eitthvað í aðra hönd.



Árið 1987 tók Icecon að ráðleggja fyrirtækinu Pesquera Friosur í borginni Chacabuco í Chile. Nokkrum árum síðar, eða 1991 og '92, hafði Icecon milligöngu um að finna fyrirtæki á Íslandi, er vildu fjárfesta í Friosur, og samningagerð er leiddi til þess að Grandi gerðist eigandi að liðlega fimmtungi chileanska fyrirtækisins árið 1992. Myndin er tekin í vinnslusal Friosur. Verið er að vinna lax en Friosur stundar laxeldi af kappi.

Þú varst einn aðalhvatamaður að stofnun Groundfish Forum. Að hvaða gagni kemur það í starfi þínu?

Stuttu eftir að ég byrjaði hjá SH og fór að sækja árlega fiskráðstefnu erlendis fyrir hennar hönd, varð mér það ljóst að Ísland var allvel þekkt meðal frammámanna í fiskiðnaðinum víða um heim, en miðað við stærð og umfang Sölumiðstöðvarinnar fannst mér ekki að hún fengi þá athygli, sem henni bar. Reyndar er rétt að geta þess, að það er sjálfsagt mjög auðvelt að sökkva sér á kaf í að sækja ráðstefnur og gleyma tilganginum með því: Að sækja þangað upplýsingar, sem koma að gagni í starfsemi fyrirtækisins.

Í lok einnar ráðstefnu tók ég tali tvo kunningja mína frá Danmörku og Þýskalandi. Við vorum sammála um að þessar ráðstefnur væru orðnar úreltar, alltof stórar í sniðum og skorti hnitmiðun. Til þess að gera langa sögu stutta þá tók ég að mér að kanna möguleika á nýrri ráðstefnu, sem yrði lokuð, lítil og til þess fallin að fá tiltölulega fáa forsvarsmenn nokkurra stórra fyrirtækja til að hittast sér til gagns.

Við hittumst svo aftur nokkrum mánuðum seinna og réðum ráðum okkar. Ákveðið var að fara af stað. Ég fékk Jón Hákon Magnússon og samstarfsfólk hans í KOM í lið með mér til að koma ráðstefnunni í framkvæmd. Nú hefur hún verið haldin fimm sinnum. Hún er lokuð og þátttakan bundin við um 150 manns og það er slegist um að fá að komast inn á hana. Hún hefur tekist mjög vel og þátttakendur á einu máli um nytsemi hennar, eftir því sem ég best veit.

Ég held, að það hafi styrkt talsvert ímynd og stöðu SH, og um leið íslensks fiskiðnaðar, að við höfum staðið fyrir þessari ráðstefnu. Upplýsingar, sem þar hafa komið fram, hafa runnið beint til félagsmanna og starfsmanna og verið ákaflega gagnlegar. Þó að ráðstefnan hafi ekki ennþá verið haldin hér á landi, þá er skipulagningunni að mestu stýrt héðan. Undirbúningur dagskrárinnar er að mestu leyti unninn af Öldu Möller í samráði við okkur þrjá til fimm, sem sitjum í undirbún-

ingsnefnd hverju sinni, og síðan er tæknilega útfærslan á hendi Jóns Hákonar í KOM.

Í kringum þessa Ground Fish Forum-ráðstefnu höfum við líka stofnað minni einingu, sem við köllum Ground Fish Council og síðan hefur verið 3-5 manna vinnunefnd, sem hefur haldið þessu gangandi, að því ógleymdu að Jón Hákon og hans fólk hefur séð um ráðstefnuna sjálfa. Allar bréfaskriftir og öll samskipti fara þannig í gegnum Ísland. Alda Möller, matvælafræðingur og forstöðumaður Þróunardeildar SH, hefur svo séð um útgáfu bókarinnar Ground Fish Forum Proceedings, sem nýtur slíks álits í fiskiðnaðinum, að innan hans er hún stundum í gamni kölluð „fiskbiblían".

Nafn Íslands hefur tengst þessari ráðstefnu mikið, en við höfum hins vegar gætt þess vel að halda henni fyrst og fremst sem allra faglegastri. Það er mjög ánægjulegt, hvernig þetta hefur tekist til, og ég er sannfærður um það að svona árangri mætti ná á fleiri sviðum.

Þannig að alþjóðasamstarfið gegnum Icecon og Groundfish Forum hefur skilað sér í starfsemi SH?

Það hefur gert það ríkulega, þótt þar hafi einnig mörg önnur sambönd komið til. Við höfum verið í viðskiptum síðustu 3-4 ár við þýskt-rússneskt fyrirtæki, sem heitir PiroFisch. Við seljum fyrir nokkur önnur rússnesk fyrirtæki, færeyskar útgerðir, bresk og norsk fyrirtæki, auk fyrirtækja í Afríku, Mexíkó og á Falklandseyjum, sem áður eru nefnd, en á síðustu mánuðum höfum við orðið að standa fastar á bremsunni til að taka ekki við fleiri verkefnum heldur en við ráðum við.

Coldwater hefur alla tíð keypt talsvert af fiski frá öðrum löndum, bæði til að hafa fjölbreyttara tegundaúrval og eins til að fá ódýrari fisk fyrir fiskréttaverksmiðjuna. Sama hefur gerst með verksmiðjuna í Bretlandi. Um 70% hráefnis verksmiðjanna koma frá öðrum stöðum en Íslandi. Þau fyrirtæki eru fyrir löngu orðin alþjóðleg og á síðasta áratug hefur SH í heild orðið alþjóðlegt fyrirtæki.

Grunnur fyrirtækisins er hins vegar, og verður vonandi áfram, það mikla fiskmagn, sem það hefur á boðstólum af Íslandsmiðum. En tækifærin eru mörg og víða. Við hefðum getað nýtt þau fyrr og betur, ef íslenskt hagkerfi hefði verið í takt við alþjóðaviðskiptaumhverfið. Haldist stöðugleiki síðustu ára, minni verðbólga en í viðskiptalöndunum og gengi, sem útflutningsatvinnuvegirnir geta unað við, geta möguleikar okkar verið óþrjótandi.

Nú er SH nýorðið hlutafélag og þá er væntanlega til þess ætlast, að stjórnendur félagsins hafi hagnað sérstaklega að leiðarljósi, en að jafnframt verðið þið að inna af hendi góða og hagkvæma söluþjónustu fyrir eigendur SH og framleiðendur. Verður þetta ekki torvelt verkefni? Það er kannski til of mikils ætlast, en gætirðu tekið saman í örstuttu máli, hvernig þú sérð SH þróast næstu 3 til 4 árin?

Þetta tvíþætta markmið SH virðist ef til vill flókið við fyrstu sýn, en við teljum það vel mögulegt að samræma þær tvenns konar kröfur, sem til fyrirtækisins eru gerðar. Eigendur hlutafélagsins SH gera eðlilega þær kröfur, að arðsemi eigin fjár félagsins verði viðunandi og stjórn félagsins mun marka sér stefnu þar að lútandi frá einum tíma til annars. SH á talsverðar eignir og þær verða að skila arði. Að því verður kappsamlega unnið.

Hins vegar er svo víðfeðmt sölunetið, þar sem ekki liggur ýkja mikið eigið fé, og krafan, sem gerð hefur verið til söluskrifstofanna okkar erlendis, er að þær standi



Alda Möller (lengst til hægri), en hún sér um útgáfu „fiskbiblíunnar" er kemur reglulega út í tengslum við ráðstefnuna Ground fish Forum sem Friðrik hafði forgöngu um að koma á laggirnar. Með Öldu á myndinni eru Karl S. Karlsson, eigandi Ísfisks í Kópavogi, og Guðbjörg Sveinbjörnsdóttir kona hans. Myndin er tekin á verkstjórafundi 1995.

vel undir sér. Aðalverkefni þeirra er að sinna markaðsmálunum sem allra best, og skila sem hæstu verði heim fyrir þær afurðir, sem þær fá til sölu. Smátt og smátt víkkar starfssvið þeirra og þær fara að kaupa meira inn til eigin nota, bæði frá innlendum og erlendum framleiðendum, og reyna þá auðvitað að hagnast á því. Ég tel að starfsemin muni þróast eðlilega áfram eins og hingað til og leita í hagkvæman farveg.

Síðari hluti spurningarinnar er auðvitað öllu flóknari. SH er stórt fyrirtæki á íslenskan mælikvarða, en ekki ýkja stórt á erlendan. Við verðum því ávallt að vera raunsæ. Alda Möller tók saman fyrir nokkrum árum lista yfir 100 stærstu matvælafyrirtæki heims. Ekkert íslenskt fyrirtæki komst þá á þann lista. Hún nefndi hins vegar, að sameinuðust öll íslensk matvælaútflutningsfyrirtæki undir einum hatti, yrði það fyrirtæki númer 62 á áðurnefndum heimslista. Þannig var staðan þá. Við getum vissulega enn fært út kvíarnar víða um heim. Við höfum auðvitað okkar eigin áætlanir um það, hvert við erum að stefna. Við höfum lagt aðaláherslu á að byggja upp öflugt sölunet, með dótturfyrirtæki í Bandaríkjunum, Bretlandi, Þýskalandi, Frakklandi, Japan og Spáni. Á þessu ári hefur svo SH hf. keypt hlut samstarfsaðila í Superior Salmon Express í Belgíu, þannig að það er alfarið í eigu SH, stofnað til söluskrifstofu í Rússlandi og haslað sér völl í Noregi með fyrirtækinu IFPC Norway.


Sölunetið ræður við miklu meiri fisk til sölu en það hefur tök á að fá í dag. Það verður verkefni næstu ára að treysta enn þann grunn, sem við stöndum á, með enn betri þjónustu við framleiðendur með öflugu sölu- og þróunarstarfi, um leið og við fáum til liðs við okkur enn fleiri framleiðendur með fjölbreyttara vöruúrval,

sem gerir SH að enn betri viðskiptaaðila stórmarkaða og veitingahúsa á öllum markaðssvæðum.

Við höfum hingað til aðallega sinnt sölu- og markaðsstarfi fyrir frystan fisk, en höfum unnið talsverða sigra á undanförnum misserum í sölu og dreifingu á ferskum fiski undir traustri stjórn Bjarna Lúðvíkssonar, framkvæmdastjóra fjármála. Þar er vaxtarbroddur, sem hefur vaxið talsvert hratt. Verksmiðjurnar okkar erlendis eru okkur einnig mjög mikilsverðar til að ná enn frekari árangri við að þjóna viðskiptavinum okkar með fjölbreyttum og góðum vörum. Starfsemi af því tagi á eftir að hafa enn meiri áhrif á starfsemi okkar.

SH stendur á traustum grunni og byggingin er að mínu mati ágætlega hönnuð og byggð. En veður eru válynd í þessum viðskiptum eins og mörgum öðrum. Það gerast sjaldan kraftaverk og síst af öllu mega menn trúa því að kraftaverk gerist. Það er ekkert annað en góð skipulagning, réttar tímasetningar og þrotlaus vinna, sem skilar árangri.

Starfsfólk SH í árslok 1996





Jón Ingvarsson formaður og framkvæmdaráðsmaður




Friðrik Pálsson forstjóri og framkvæmdaráðsmaður



Sigurður Einarsson framkvæmdaráðsmaður




Ingibjörg S. Gunnarsdóttir ritari forstjóra



Bjarni Lúðvíksson framkvæmdastjóri fjármála



Gylfi Þ. Magnússon framkvæmdastjóri markaðsmála



Sturlaugur Daðason framkv.stjóri gæða og þjónustu



Vilhjálmur J. Árnason kynningarstjóri



Jón Ögmundsson gæðastjóri




Alda Möller þróunarstjóri

Vöruþróun



Gunnar B. Sigurgeirsson



Óskar Karlsson



Magnús H. Baldursson

Fjármál

Útflutningsskjöl, innri endurskoðun, upplýsingakerfi, skrifstofuhald



Örn Guðmundsson



Guðmundur Björnsson




Anna K. Sigurðardóttir




Ágústa Gunnlaugsdóttir



Baldur Marinósson




Björn Halldórsson



Guðni Eyjólfsson



Guðrún J. Þorbjörnsdóttir


Hildur Agnarsdóttir



Ingvar Sveinsson


Kristín Harðardóttir



Ragnheiður Valdimarsdóttir



Rannveig I. Thejll


Signe Viðarsdóttir


Steinunn K. Zophaníasdóttir


Elín Jónsdóttir


Sigurður I. Margeirsson


Jón Víðir Birgisson


Svava Garðarsdóttir


Hjálmur Nordal


Alda Jóhannsdóttir


Auðbjörg L. Gústafsdóttir


Auður Daníelsdóttir


Berglind Arnþórsdóttir



Bjarndís Harðardóttir



Elfa R. Antonsdóttir


Elín Vilhjálmsdóttir



Gerður Þorsteinsdóttir


Guðríður Hermannsdóttir


Gunnar Kristjánsson


Gylfi Þór Þórisson


Hreindís Einarsdóttir



Sigrún Eyjólfsdóttir



Vilborg B. Torfadóttir

Markaðsmál

Ritarar, deildir 1, 2, 3, og 4




Guðrún Mary Ólafsdóttir




Kristjana Eyjólfsdóttir




Hrönn Þorsteinsdóttir



Jón Jóhannesson




Geir Þráinsson




Gunnar Gíslason




Magnús Ó. Schram


Óskar Einarsson



Sveinn Guðmundsson


Halldór G. Eyjólfsson


Hans Á. Einarsson



Páll Marisson


Þórunn Christiansen


Þröstur Einarsson


Halldór Árnason


Aron Reynisson


Ástmar Þorkelsson


Elísabet Hjaltadóttir


Skarphéðinn Jósepsson


Valdimar Arnþórsson



Bylgja Hauksdóttir


Edda Jóhannesdóttir



Sigmundur Andrésson

Gæði og þjónusta
Gæðaeftirlit, innkaupadeild


Margeir Gissurarson



Árni Þór Snorrason


Birgir Erlendsson



Finnur Garðarsson


Gísli Gíslason


Gróa H. Ágústsdóttir


Haukur Grettisson



Heiðbjört Ída Friðriksdóttir


Helgi Jóhannesson



Jóhanna K. Guðmundsdóttir



Jón Sigurpáll Salvarsson


Kristberg Magnússon



Kristján D. Benediktsson



Málfríður Lorange



Magnús Þór Magnússon



Óskar Hermannsson


Teitur Arnlaugsson


Hólmar Svansson


Albert Ólafsson



Árni H. Árnason


Björgvin Þorleifsson


Eiður Guðmundsson


Fjölnir Þ. Árnason



Guðjón Stefánsson


Helgi Guðmundsson



Hlíf Pálsdóttir



Ísak K. Pétursson


Jóhanna A. Gunnarsdóttir


Jón H. Guðmundsson


Jón Þorleifsson


Kjartan Ingimarsson


Magnús Ó. Axelsson



Reynir Ásgeirsson



Svavar Jóhannsson



Þuríður Vilhjálmsdóttir

Einstæður stofnsamningur SH og þróun samþykkta félagsins í 55 ár

Undirbúningsfundur að stofnun Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna var haldinn í Oddfellowhúsinu þann 16. desember 1941. Fundurinn fól Ólafi Þórðarsyni að annast allan undirbúning fyrir félagsstofnunina. Til þess að semja lög og stofnsamning fékk hann í lið með sér lögfræðinginn Guðmund Í. Guðmundsson, síðar kunnan embættis- og stjórnmálamann.

Afrakstur samvinnu þeirra var eftirfarandi stofnsamningur og lög, sem hlutu einróma samþykkt á stofnfundi Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna hinn 25. febrúar 1942.

Stofnsamningur

Við undirritaðir eigendur og umráðamenn hraðfrystihúsa þeirra, sem greind eru við nöfn okkar undir stofnsamningi þessum, höfum komið okkur saman um að stofna félag er sé sölumiðstöð fyrir hraðfrystihúsin og skal heiti félagsins vera Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna (skammstafað S.H.). Heimili félagsins og varnarþing skal vera í Reykjavík.

Tilgangur félagsins skal vera að selja sjávarafurðir, sem ætlaðar eru til sölu á erlendum markaði og framleiddar eru í hraðfrystihúsum félagsmanna, annast innkaup nauðsynja til reksturs hraðfrystihúsanna, leita eftir nýjum mörkuðum fyrir afurðir húsanna og gera tilraunir með nýja framleiðslu og framleiðsluaðferðir í hraðfrystihúsunum. Nánari ákvæði skulu sett um þetta í lögum félagsins og má þar meðal annars ákveða, að félagsmönnum sé skylt að afhenda félaginu alla framleiðslu þeirra hraðfrystihúsa, sem þeir eru félagsmenn fyrir, til sölumeðferðar, svo og kaupa allar nauðsynjar hraðfrystihúsanna fyrir milligöngu félagsins.

Félagsmenn geta þeir einir orðið, sem reka hraðfrystihús, annað hvort sem eigendur eða leigutakar, enda greiði þeir inntökugjald í félagið samkvæmt lögum þess og skuldbindi sig til að hlýða lögum félagsins og löglega gerðum samþykktum. Inntökugjald renni í stofnsjóð.

Félagsmenn bera ábyrgð á skuldbindingum félagsins með stofnsjóðseign sinni og ógreiddum inntökugjöldum, ef aðrar eignir hrökkva ekki fyrir skuldum félagsins. Að öðru leyti bera félagsmenn ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins og eru skuldir þess þeim óviðkomandi.

Til að standast kostnað af rekstri sölumiðstöðvarinnar heldur félagsstjórn eftir ákveðnum hundraðshluta af andvirði afurða þeirra, sem það fær til sölumeðferðar og auk þess getur það tekið ákveðin umboðslaun af nauðsynjum þeim, sem það kaupir inn fyrir félagsmenn. Komi í ljós, að of miklu hafi verið haldið eftir, þannig að rekstrarafgangur sé hjá félaginu, er heimilt að leggja nokkurt fé í varasjóð, en að öðru leyti ber að úthluta hinu til félagsmanna eftir útflutningsverðmæti hvers eins, en þó þannig, að félagið geymir í vörzlum sínum vegna félagsmanna þann hluta rekstursafgangsins, sem nauðsynlegur er vegna markaðsleitar og þess annars, sem félagið samkvæmt stofnsamningi þessum hyggst að vinna að. Varasjóð skal nota til að mæta rekstrshalla, ef ekki er fé fyrir hendi í félagssjóði.


Í lögum félagsins má ákveða nánar um þau atriði, er hér hafa nefnd verið svo og taka upp ákvæði um þau önnur atriði, sem nauðsynlegt þykir til að félagið geti starfað á þeim grundvelli, sem segir í stofnsamningi þessum. Lög félagsins skulu

samþykkt á stofnfundi og verður þeim aðeins breytt á aðalfundi og sé að minnsta kosti 2/3 atkvæða samþykk breytingunni, enda hafi breytingartillögur verið tilkynntar í fundarboði ella hafi 3/4 hlutar atkvæðamagns fundarmanna samþykkt þær. Breytingar verða ekki gerðar á stofnsamningi þessum, nema með samþykki allra þeirra, sem undir hann rita, og ekki verða tekin upp í félagslögin nein ákvæði, sem fara í bág við stofnsamning, nema samningnum hafi áður verið breytt.


Lög félagsins eru skuldbindandi fyrir okkur er við höfum samþykkt þau á stofnfundi. Á öllum fundum félagsins er eitt atkvæði fyrir hvert hraðfrystihús.


Um félagsslit fer á sama hátt og um breytingar á lögum félagsins. Aðalfundur einn getur ákveðið að leysa félagið upp og þarf samþykkt um félagsslit að hafa verið ákveðin með sama hætti og lagabreyting væri til þess að vera bindandi fyrir félagsmenn. Aðalfundur skal þá jafnframt ákveða um meðferð á eignum félagsins og skal að öðru leyti fara um félagsslit eftir lögum um hlutafélög nr. 77 frá 27. júní 1921.

Við undirritaðir lýsum okkur samþykka ofanrituðum stofnsamningi fyrir hönd hraðfrystihúsa þeirra, sem getið er við nöfn okkar, og gerumst hér með þeirra vegna stofnendur ofanritaðs félags.



Við undirritaðir lýsum okkur hér með samþykka framanrituðum stofnsamningi í öllum atriðum og gerumst við hér með stofnendur félagsins og skuldbindum okkur til að hlýða stofnsamningi þessum í öllum atriðum svo og lögum félagsins eins og þau voru samþykkt á stofnfundi þann 25. febrúar 1942 og þeim breytingum sem síðar verða löglega á þeim gerðar og öllum löglega gerðum samþykktum félagsins.





Mynd af tilkynningu til hlutafélagaskrár um stofnun Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og tilkynningin eins og hún birtist í Lögbirtingarblaðinu. Sumir lögfræðingar hafa haldið því fram, að þetta félagsform væri ekki til í íslenskum rétti og að rétt hefði verið að synja um skrásetningu félagsins í því formi sem gert var. Höfundur laganna, Guðmundur Í. Guðmundsson, taldi á efri árum samningu stofnskrár og laga SH hápunktinn á lögmannsferli sínum.

Tilkynningar
til hlutafélagaskrár.

Reykjavík.

Heiti félagsins er: Sölumiðstöð Hraðfrystihúsanna (skammstafað: S. H.). Heimili og varnarþing er í Reykjavík. Tilgangurinn er að selja sjávarafurðir, sem settaðar eru til sölu á erlendum markaði, og framleiddar eru í hraðfrystihúsum félagsmanna, annast innkaup nauðsynja til reksturs hraðfrystihúsanna, leita eftir nýjum mörkuðum, og gera tilraunir með nýja framleiðslu og framleiðsluaðferðir í hraðfrystihúsum. Dagsetning samþykkta félagsins er 25. febr. 1942. Stofnendur: Ó. Jóhannesson, Patreksfirði, Síldarbræðslan h.f., Seyðisfirði, Ishús Hafnarfjarðar, Hafnarfirði, Ingólfur Flygenring, Hraðfrystistöð Vestmannaeyja, Vestmannaeyjum, Einar Sigurðsson, Hraðfrystihúsið Jökull h.f., Keflavík, Hraðfrystihúsið h.f., Siglufirði, Hrímnir h.f., Siglufirði, Hraðfrystihús Suðurfjarðarhrepps, Bíldudal, Hraðfrystihús Grundarfjarðar h.f., Grundarfirði, Ísfélag Ísfirðinga h.f., Ísafirði, Eggert Jónsson, Vesturgötu 23, Reykjavík, Hraðfrystihús Flateyrar h.f., Flateyri, Keflavík h.f., Keflavík, Hraðfrystistöðin í Reykjavík h.f., Reykjavík, Hraðfrystihús Ólafsfjarðar h.f., Ólafsfirði, Ishúsfélag Bolungavíkur, Bolungavík. Dofri h.f., Þingeyri, Miðnes h.f., Sandgerði. Stjórn félagsins skipa þessir menn: Elías Þorsteinsson, útgm., Keflavík, form. Meðstjórnendur: Einar Sigurðsson, útgm., Vestmannaeyjum, Ólafur Þórðarson, frkvstj., Fjólugötu 11, Reykjavík, Jón Auðun Jónsson, konsúll, Mánagötu 1, Ísafirði, Jóhann Fr. Guðmundsson, Seyðisfirði. Undirskrift þriggja stjórn, enda er skuldbindandi fyrir félagið, þannig:

Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna
Elías Þorsteinsson.
Jón A. Jónsson.
Ólafur Þórðarson.

Sölumiðstöð Hraðfrystihúsanna
Einar Sigurðsson.
J. Fr. Guðmundsson.
Elías Þorsteinsson,

og svo frv., þannig, að jafnan riti þrír firmað. Félagsmenn geta þeir einir orðið, sem reka hraðfrystihús, annaðhvort sem eigendur eða leigutakar. Félagsmönnum ber að afhenda félaginu alla framleiðslu frystihúsa sinna til sölumeðferðar, og félagið annast innkaup erlendra efnisvara, sem félagsmenn þarfnast til reksturs hraðfrystihúsanna. Félagið tekur í umboðslaun 1 % af fob. söluverði afurðanna, til að standast kostnað af rekstri og starfsemi félagsins, og er auk þess heimilt að taka allt að 15 % af kostnaðarverði þeirra nauðsynja, sem félagið selur félagsmönnum. Verði reksturshagnaður hjá félaginu, skiptist hann milli félagsmanna í réttu hlutfalli við útflutningsverðmæti hvers eins, en þó má geyma allt að 25 % ágóðans í varasjóði. Sjóðir félagsins eru stofnsjóður og varasjóður. Í stofnsjóð rennur inntökugjald félaga, kr. 500,00 fyrir hvert hraðfrystihús, og 3 ‰ af andvirði alira afurða gegnum sölumiðstöðina, fyrsta árið, sem hvert frystihús er í félaginu. Í varasjóði má geyma allt að 25 % af rekstrarágóðanum. Stofnsjóðseignin er séreign hvers félaga. Varasjóði, ef til er, má verja til markaðsleita, og framleiðslutilrauna. Félagsmenn bera ábyrgð á skuldbindingum félagsins með stofnsjóðseign sinni, ef aðrar eignir félagsins hrökkva ekki fyrir skuldum þess. Að öðru leyti bera félagsmenn ekki ábyrgð á skuldum félagsins. Við brottför úr félaginu fær félagsmaður sjóðseignir sínar útborgaðar, nema að hann hafi verið rekinn. Um félagsslit fer eftir lögum nr. 77 frá 1921 og getur aðalfundur einn ákveðið félagsslit.

Reykjavík, 12. júní 1942.

f. h. stjórnar
Sölumiðstöðvar Hraðfrystihúsanna
skv. umboði
Guðm. Í. Guðmundsson, hrm.
Austurstræti 1, Reykjavík.

Nr.	Hvenær: Skráð	Hvenær: Birt	Efni tilkynninga	Atvinna	Stjórn	Firmað ritta	Prókúra	Tilhögun sem lögð eru í félagið	Ábyrgð félagsmanna	Fundaboðun	Athugasemdir	Nr. tilk. og lýsingablaða
1	4-9 1942	16. 23/9 1942	Nafn félagsins er Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. Félagið, sem hefur framsal á öllum framleiðslu hraðfrystihúsa þeirra, sem að því standa, og annast sölu á framleiðslu þeirra, hefur heimilisfang í Reykjavík. Tilgangur félagsins er að annast sölu á framleiðslu hraðfrystihúsanna, kaupa eða leigja hraðfrystihús og reka þau, svo og að annast hvers konar aðra starfsemi, sem stjórn félagsins telur hagkvæma til eflingar félaginu. Félagið getur stofnað útibú og umboðsskrifstofur hvar sem er á landinu og erlendis. Hlutafé félagsins er kr. 2.000.000.00 (tvær miljónir króna), skiptist í hluti, sem eru kr. 100.00 (eitt hundrað krónur) hver eða margfeldi af þeirri upphæð. Hlutafénu má skipta og auka með samþykkt hluthafafundar. Hlutabréf skulu vera á nafn og ógild, nema samþykki félagsstjórnar komi til framsals á hlutabréfum. Hlutafé félagsins má hækka eða lækka með samþykki hluthafafundar. Hlutafjáraukning skal boðuð með minnst 30 daga fyrirvara. Hluthafar hafa forkaupsrétt að hlutafjáraukningu í hlutfalli við hlutafjáreign sína. Hluthafafundur skal haldinn árlega fyrir lok júnímánaðar. Aðalfund skal boða með minnst 14 daga fyrirvara og skal hann sóttur af minnst 2/3 hluta hlutafjárins. Á aðalfundi hefur hver hluthafi atkvæðisrétt í hlutfalli við hlutafjáreign sína. Hluthafi getur látið umboðsmann sækja fundi og greiða atkvæði fyrir sig. Umboð skal vera skriflegt og ekki eldra en 1 árs gamalt. Aðalfundur kýs 5 menn í stjórn félagsins og 2 menn til vara. Stjórnin kýs sér formann og ritara. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra og ákveður laun hans og starfssvið. Stjórnin ákveður hvernig undirskrift félagsins skuli vera. Stjórnin skal halda gerðabók um fundi sína og ákvarðanir. Stjórnin skal halda reikninga félagsins og semja ársreikning, sem skal endurskoðaður af tveimur endurskoðendum, sem kosnir eru á aðalfundi. Ársreikningur skal lagður fram á aðalfundi til samþykktar. Stjórnin skal semja skýrslu um hag og rekstur félagsins á hverju ári og leggja hana fram á aðalfundi. Stjórnin ákveður hvernig arði af rekstri félagsins skuli skipt milli hluthafa. Stjórnin ákveður hvernig varasjóði skuli varið. Stjórnin ákveður hvernig tapi skuli jafnað. Stjórnin ákveður hvernig hlutafé skuli innheimt. Stjórnin ákveður hvernig hlutabréf skuli afhent. Stjórnin ákveður hvernig hlutabréf skuli innkölluð. Stjórnin ákveður hvernig hlutabréf skuli seld. Stjórnin ákveður hvernig hlutabréf skuli keypt. Stjórnin ákveður hvernig hlutabréf skuli skipt. Stjórnin ákveður hvernig hlutabréf skuli sameinuð. Stjórnin ákveður hvernig hlutabréf skuli afskráð. Stjórnin ákveður hvernig hlutabréf skuli endurnýjuð. Stjórnin ákveður hvernig hlutabréf skuli endurútgefin. Stjórnin ákveður hvernig hlutabréf skuli endurskráð. Stjórnin ákveður hvernig hlutabréf skuli endurskoðuð. Stjórnin ákveður hvernig hlutabréf skuli endurmetin. Stjórnin ákveður hvernig hlutabréf skuli endurmetin.	Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna á Íslandi	Vilhjálmur Þór, forstjóri, Reykjavík, formaður stjórnar. Ólafur Jónsson, skrifstofustjóri, Reykjavík, varaformaður stjórnar. Pétur Ólafsson, framkvæmdastjóri, Reykjavík, meðstjórnandi. Jón Árnason, bankastjóri, Reykjavík, meðstjórnandi. Sveinn Benediktsson, framkvæmdastjóri, Reykjavík, meðstjórnandi. Varastjórn: Ólafur Jónsson, Pétur Ólafsson, Jón Árnason, Sveinn Benediktsson, Vilhjálmur Þór. Endurskoðendur: Jón Árnason, Sveinn Benediktsson.	Undir firmanafni félagsins rita: Vilhjálmur Þór, forstjóri, eða Ólafur Jónsson, skrifstofustjóri, ásamt einhverjum stjórnarmanna. Prókúruhafi: Vilhjálmur Þór, forstjóri, Reykjavík.	Undir firmanafni félagsins rita: Vilhjálmur Þór, forstjóri, eða Ólafur Jónsson, skrifstofustjóri, ásamt einhverjum stjórnarmanna. Prókúruhafi: Vilhjálmur Þór, forstjóri, Reykjavík.	Hlutafjáraukning skal lögð fram á aðalfundi til samþykktar. Hluthafafundur skal haldinn árlega fyrir lok júnímánaðar. Hluthafafundur skal boðaður með minnst 30 daga fyrirvara. Hluthafar hafa forkaupsrétt að hlutafjáraukningu í hlutfalli við hlutafjáreign sína. Hluthafafundur skal haldinn árlega fyrir lok júnímánaðar. Hluthafafundur skal boðaður með minnst 30 daga fyrirvara. Hluthafar hafa forkaupsrétt að hlutafjáraukningu í hlutfalli við hlutafjáreign sína.	Félagsmenn bera ábyrgð á skuldbindingum félagsins með stofnfjárhlutum sínum, og ekki meiri ábyrgð en sem nemur tvöföldu nafnverði hlutafjár þeirra. Stofnfjárhlutir eru ekki framseljanlegir nema með samþykki félagsstjórnar. Hluthafi getur ekki krafist skiptingar á eignum félagsins fyrr en að 5 árum liðnum frá stofnun þess. Hluthafi getur ekki krafist skiptingar á eignum félagsins fyrr en að 5 árum liðnum frá stofnun þess.	Hlutafjáraukning skal lögð fram á aðalfundi til samþykktar. Hluthafafundur skal haldinn árlega fyrir lok júnímánaðar. Hluthafafundur skal boðaður með minnst 30 daga fyrirvara. Hluthafar hafa forkaupsrétt að hlutafjáraukningu í hlutfalli við hlutafjáreign sína. Hluthafafundur skal haldinn árlega fyrir lok júnímánaðar. Hluthafafundur skal boðaður með minnst 30 daga fyrirvara. Hluthafar hafa forkaupsrétt að hlutafjáraukningu í hlutfalli við hlutafjáreign sína.	Dagsetning samþ. 25/2. 1942	7/1942

Reykjavík 12. júní 1942.
Ólafur Jónsson, skrifstofustjóri, Reykjavík.
Vilhjálmur Þór, forstjóri, Reykjavík.

STOFNSAMNINGUR OG LÖG

Lög fyrir Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna

1. gr.
Nafn félagsins er Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna (skammstafað S.H.). Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.
Tilgangur félagsins er að selja sjávarafurðir, sem ætlaðar eru til sölu á erlendum markaði og framleiddar eru í hraðfrystihúsum félagsmanna, annast innkaup nauðsynja til reksturs hraðfrystihúsanna, sbr. 9. gr., leita eftir nýjum mörkuðum fyrir afurðir húsanna og gera tilraunir með nýja framleiðslu og framleiðsluaðferðir í hraðfrystihúsunum.

3. gr.
Félagsmenn geta þeir einir orðið, sem reka hraðfrystihús, annað hvort sem eigendur eða leigutakar.

Hver sá, sem óskar upptöku í félagið, skal senda stjórn þess skriflega beiðni þar um, ásamt skilríkjum fyrir því, að hann fullnægi nauðsynlegum skilyrðum til upptöku í félagið. Strax og félagsstjórn hefir borist upptökubeiðni skal hún taka ákvörðun um, hvort við henni skal verða. Félagsstjórn tilkynnir umsækjanda niðurstöðu sína. Hafi félagsstjórn ákveðið að verða við upptökubeiðni, öðlast umsækjandi full félagsréttindi strax og hann hefir undirritað skuldbindingu um að hlýða lögum félagsins og samþykktum, svo og greitt fyrsta hluta inntökugjalds.

4. gr.
Inntökugjald í félagið er kr. 500,00 fyrir hvert hraðfrystihús er umsækjandi rekur og hann óskar að gerast félagsmaður fyrir og ennfremur 3‰ af andvirði seldra afurða gegnum Sölumiðstöðina á fyrsta heila starfsári hraðfrystihússins.
Inntökugjaldið rennur í sjóð er nefnist stofnsjóður og er séreign hvers félaga.

5. gr.
Félagsmenn bera ábyrgð á öllum skuldbindingum félagsins með stofnsjóðseign sinni og ógreiddu inntökugjaldi skv. 4. gr., ef aðrar eignir félagsins hrökkva ekki fyrir skuldum þess. Að öðru leyti bera félagsmenn ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins og eru skuldir þess þeim óviðkomandi.

6. gr.
Sérhver félagsmaður er skyldur að hlýða lögum félagsins og löglegum samþykktum þess.

7. gr.
Félagsmönnum ber að afhenda félaginu alla framleiðslu frystihúsa sinna til sölumeðferðar skv. 2. gr. jafnóðum og hún er fullbúin og er þeim eigi heimilt að selja sjálfum eða fela öðrum sölu framleiðslu frystihúsa sinna. Félagsmönnum er skylt að láta félagsstjórn í té allar upplýsingar um framleiðslu húsanna, birgðir þeirra og framleiðslufyrirætlanir, hvenær sem stjórn félagsins óskar eftir. Getur stjórn félagsins sett félagsmönnum fastar reglur um skýrslugerðir, er miði að því að félagsstjórn fylgist sem best með framleiðslu félagsmanna.

Stjórn félagsins er heimilt að hafa eftirlit með framleiðslu frystihúsanna í þeim

tilgangi að tryggja það, að sem best sé vandað til framleiðslunnar og ber félagsmönnum að hlýða öllum þeim fyrirmælum stjórnarinnar er hún gefur þeim með það fyrir augum að efla vöruvöndun.

Félagsstjórn ber að annast sölu afurða frystihúsa félagsmanna og skal á allan hátt haga sölumeðferð og afskipun þannig að gætt sé sem best hagsmuna félagsmanna.

Skylt er að greiða félagsmönnum sama verð fyrir alla framleiðslu sömu tegundar jafna að gæðum, tilbúna til sölu á sama tíma eða á tímabili sem félagsfundur eða félagsstjórn ákveða. Greiðsla á andvirði afurðanna til félagsmanna skal jafnan fara fram svo fljótt sem frekast er hægt.

8. gr.
Hver félagsmaður ber fulla ábyrgð gagnvart félaginu á framleiðslu þeirri, er hann afhendir félaginu til sölumeðferðar og verði það skaðabótaskylt við kaupanda vegna vörugalla, afhendingardráttar, rangra eða villandi upplýsinga framleiðanda eða annarra sjálfráðra vanefnda hefir félagið kröfurétt á viðkomandi félaga.

9. gr.
Félagið annast innkaup allra þeirra erlendra efnisvara, sem félagsmenn þarfnast til reksturs hraðfrystihúsa sinna, annarra en olíu og trékassa. Þó er félaginu skylt að annast innkaup trékassa fyrir þá félagsmenn sem þess óska. Skal jafnan haga innkaupum þannig að félagsmenn fái nauðsynjar sínar með sem hagkvæmustum kjörum.

Án leyfis félagsstjórnar er félagsmönnum óheimilt að kaupa þessar nauðsynjar til framleiðslu sinnar af öðrum en félaginu.

10. gr.
Til að standast kostnað af rekstri félagsins og starfsemi þess allri heldur félagsstjórn eftir 1% af fob söluverði seldra afurða hraðfrystihúsa félagsmanna. Auk þess er félagsstjórn heimil allt að 15% álagning á kostnaðarverði þeirra nauðsynja, sem félagið selur félagsmönnum. Félagsstjórn setur nánari reglur um álagningu þessa.

11. gr.
Verði rekstrarafgangur hjá félaginu getur aðalfundur ákveðið að leggja allt að 25% af honum í varasjóð, en að öðru leyti skiptist rekstrarafgangurinn á milli meðlima félagsins í réttu hlutfalli við útflutningsverðmæti hvers eins og færist á sérstakan reikning hvers félaga. Slíkar upphæðir standa sem lán félagsmanna til Sölumiðstöðvarinnar þar til aðalfundur gerir aðrar ráðstafanir. Verji félagið fé til markaðsleitar eða framleiðslutilrauna, er heimilt að greiða slíkan kostnað af nefndum innstæðum hlutfallslega eftir innstæðumagni félagsmanna, ef ekki er fé til staðar í félaginu – eða varasjóði til að standast slíkan kostnað.

12. gr.
Aðalfundur félagsins skal haldinn í Reykjavík einu sinni á ári eigi síðar en í júnímánuði og aukafundir þegar stjórn félagsins telur nauðsyn á eða báðir endurskoðendur eða einn fimmti hluti atkvæðamagns óskar. Fundir skulu boðaðir með minnst 14 daga fyrirvara með bréfi eða símskeyti. Dagskrár skal geta í fundarboði.

Aðalfundur fer með æðsta vald í öllum félagsmálum. Hann kýs stjórn félagsins og endurskoðendur, úrskurðar reikninga þess og gjörir aðrar ákvarðanir, er félagið varðar.

Fundir eru lögmætir þegar meiri hluti félagsmanna mætir. Félagar geta falið öðrum mönnum umboð til að mæta fyrir sig á fundum. Afl atkvæða ræður úrslitum, nema þar sem lög þessi mæla fyrir á annan hátt.

Eitt atkvæði er fyrir hvert hraðfrystihús. Enginn fundarmanna getur farið með meira en 1/5 atkvæða.

13. gr.

Stjórn félagsins skipa 5 félagsmenn. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til eins árs í senn. Ennfremur skal kjósa 5 varastjórnendur, er taka sæti í stjórninni í forföllum aðalstjórnenda, þannig að ákveðinn varastjórnarnefndarmaður komi í stað hvers ákveðins aðalstjórnarnefndarmanns.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnarfundi skal halda svo oft sem þurfa þykir. Formaður stjórnarinnar kallar saman stjórnarfundi þegar hann telur þess þörf eða tveir stjórnendur óska þess. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Fundur er lögmætur ef þrír stjórnarnefndarmenn hafa sótt fund. Engar samþykktir sem stjórnin gerir eru þó lögmætar nema minnst 3 stjórnarnefndarmenn hafi samþykkt þær. Stjórnin heldur gerðabók.

Stjórninni heimilast að ráða framkvæmdastjóra til að veita starfseminni forstöðu og annast daglegar framkvæmdir. Hún gerir við hann starfssamning og semur um laun hans. Sé samningurinn af beggja hálfu með 6 mánaða fyrirvara.

Þó getur stjórnin vikið framkvæmdastjóra frá starfi, ef hún álítur það nauðsynlegt vegna hagsmuna S.H.

Sé maður úr stjórninni ráðinn framkvæmdastjóri, tekur varamaður hans í stjórninni sæti hans þar.

Stjórnin sér um sölu á afurðum félagsmanna í samráði við framkvæmdastjóra, svo og um þau innkaup er máli skipta, en framkvæmdastjóri sér um önnur innkaup og daglegan rekstur félagsins, allt þó undir yfirumsjón stjórnarinnar.

Undirskrift þriggja stjórnenda þarf til að skuldbinda félagið.

Laun stjórnarnefndarmanna skulu ákveðin á aðalfundi.

14. gr.

Á aðalfundi hverjum skal kjósa tvo menn til að hafa á hendi endurskoðun reikninga félagsins og skal annar þeirra vera löggiltur endurskoðandi. Á sama hátt skal kjósa tvo menn til vara. Endurskoðendur skulu sannprófa reikninga félagsins og bera saman við fylgiskjöl. Þeir skulu hafa aðgang að öllum bókum og skjölum félagsins hvenær sem þeir óska og er starfsmönnum þess og stjórn skylt að veita endurskoðendum allar þær upplýsingar sem þeim eru nauðsynlegar við starfið.

Endurskoðendur skulu gagnrýna það, sem miður þætti fara í gerðum stjórnarinnar og gera aðfinnslur um það til hennar og félagsfunda. Endurskoðendur bera ábyrgð fyrir aðalfundi. Aðalfundur ákveður laun þeirra.

15. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Endurskoðaðir reikningar félagsins, ásamt athugasemdum endurskoðenda og svörum stjórnarinnar skulu sendir félagsmönnum til athugunar einum mánuði fyrir aðalfund.

16. gr.

Ef félagi selur eða býður til sölu afurðir frystihúss síns á erlendum markaði, sbr. 2. gr., utan félagsins, en án leyfis félagsstjórnarinnar, varðar það sektum til félagsins

og hefir stjórn þess heimild til að ákveða sekt þessa sem má vera allt að 10% af andvirði afurða þeirra, sem seldar voru eða boðnar voru til sölu í heimildarleysi, auk þess sem heimilt er að víkja hinum brotlega félagsmanni úr félaginu og fellur þá stofnsjóðseign hans til félagsins.

17. gr.
Félagsmenn fara úr félaginu með eftirfarandi hætti:

a. Félagsstjórn getur vikið manni úr félaginu ef hún telur slíkt nauðsynlegt vegna einhverra athafna hans, sem hættulegar séu félaginu og starfsemi þess. Sá sem telur sig að ósekju rekinn úr félaginu getur skotið máli sínu til næsta aðalfundar. Á hann rétt á að mæta á fundinum og sækja mál sitt. Við brottrekstur úr félaginu falla stofnsjóðseignir félagsmanna til félagsins. Rétt eiga menn þó á að leita úrskurðar dómstólanna um það, hvort tilefni brottrekstrar sé nægilega ríkt til að svifta þá sjóðseignum þeirra í félaginu, þó þeim sé vikið úr því.
b. Félagsmenn geta sagt sig úr félaginu með 12 mánaða fyrirvara. Úrsögn skal vera skrifleg og stíluð til félagsstjórnar. Ber félagsstjórn þá að greiða honum sjóðseignir hans eins og þær voru við næstu áramót eftir úrsögn, enda hafi verið ljóst að þeirra hafi ekki þurft við til að félagið ætti þá ótvírætt fyrir skuldum.
c. Ef félagsmaður verður gjaldþrota hættir hann að vera félagsmaður frá þeim tíma sem gjaldþrotaúrskurður skiptaráðanda er kveðinn upp. Félagið greiðir sjóðseignir þrotamanns með sama hætti og sagt er undir b.-lið þegar félagsmaður hættir hraðfrystihússrekstri.

18. gr.
Lögum þessum verður ekki breytt nema á aðalfundi og séu að minnsta kosti 2/3 atkvæða samþykkir breytingunni. Breytingar á lögum, sem ekki hafa verið tilkynntar í fundarboði, geta því aðeins öðlast gildi, að 3/4 hlutar atkvæðamagns fundarmanna samþykki þær.

Þeim ákvæðum laga þessara, sem bundin eru með ákvæði í stofnsamningi verður ekki breytt nema með samþykki allra félagsmanna.

19. gr.
Félagið verður því aðeins leyst upp, að aðalfundur ákveði það með sama hætti og segir í 2. málsgrein 18. gr. Aðalfundur skal þá jafnframt ákveða um meðferð á eignum félagsins og skal að öðru leyti fara um félagsslit eftir lögum nr. 77 frá 27. júní 1921 um hlutafélög.

Þannig voru ofanrituð lög samþykkt á stofnfundi félagsins 25. febrúar 1942.

Vönduð smíð

Lög SH og stofnsamningur voru vönduð smíð. Ekki var talin ástæða til teljandi breytinga á lögunum í nærri tvo áratugi. 1946 var þó sú breyting gerð á 10. grein laganna, að til þess að standast kostnað af rekstri félagsins og starfsemi þess heimilast félagsstjórninni að halda eftir 2% af fob-söluverði, í stað 1% áður.

Rauði þráðurinn að baki stofnunar SH er sú hugsun framleiðenda að komast hjá því að leggja söluna í hendur öðrum aðila, innlendum eða erlendum, sem óhjákvæmilega mundi stefna að því að hagnast á þeim. Þeir vildu fá hagnað af sölu afurða sinna beint inn í eigin rekstur, því væri þeirra hagsmunum best borgið með

því að þeir önnuðust söluna sjálfir. Eyjólfur Ísfeld Eyjólfsson skýrir þetta með hnitmiðuðum hætti í viðtali 1982: „Af upprunalegum samþykktum félagsins má ráða, að ekki hafa menn séð fyrir þau margháttuðu umsvif, sem félagið hefur tekið að sér á þessu 40 ára tímabili, en þar skipta mestu máli fjárfestingar vegna sölustarfsemi erlendis. Að því er félagsformið varðar, þá hygg ég að stofnendur hafi ekki talið sig vera að stofna samvinnufélag, heldur sameignarfélag, þótt um takmarkaða ábyrgð væri að ræða, enda fellur SH ekki undir lög um samvinnufélög.

Í samþykktum félagsins eru tvö grundvallaratriði: Annað er frjáls innganga í samtökin, ef því skilyrði er fullnægt að viðkomandi aðili hafi umráð yfir frystihúsi, annaðhvort sem eignar- eða leiguaðili – og þá að sjálfsögðu einnig frelsi til úrsagnar; hitt atriðið er jafn atkvæðisréttur allra félagsaðila án tillits til framleiðslumagns eða – verðmætis". Og Eyjólfur bætir við að í grundvallaratriðum séu þá – 1982 – samþykktir félagsins hinar sömu og í upphafi, en ýmsum ákvæðum hafi þurft að bæta við vegna aukinna fjárhagslegra umsvifa (Sjávarfréttir 1. tbl. 10. árg. 1982).

Í sama viðtali rifjar Eyjólfur upp hvernig eignaraðild frystihúsanna að SH er háttað. „Er skemmst frá því að segja að *SH á ekki neitt* heldur er öllum eignum skipt milli þeirra frystihúsa, sem eru félagsaðilar. Eignarhlutdeild þeirra hvers um sig byggist á viðskiptum þeirra við SH, það er útflutningsverðmæti hvers frystihúss. Þessi eignarhluti kemur fram í ársreikningum fyrirtækisins í lok hvers árs. (Stærsti eignaraðili SH er nú Útgerðarfélag Akureyringa h. f., sem á rúmlega 6%. Síðan koma fjögur frystihús, sem eiga milli 4 og 5% hvert um sig. Þá eru fimm frystihús, sem eiga frá 3 til 4% og síðan sex, sem eiga frá 2% til 3%, en rúmlega tuttugu frystihús eiga frá 1% til 2%. Af þessu má sjá að flest frystihúsin eiga minna en 1% í SH)".

Eins og sjá má í Skrá yfir eignarhluta félagsmanna, sem birt er annars staðar í bókinni, hafa orðið verulegar breytingar á eignaraðildinni síðan.

Eitt frystihús – eitt atkvæði

Mörgum hefur orðið það undrunarefni, að í upphafi skyldu stofnendurnir leggja svo ríka áherslu á það, að frystihúsin stæðu öll jafnt að vígi í atkvæðagreiðslum innan félagsins, án tillits til framleiðslumagns. Þó voru stofnendurnir menn sem þekktu vel til og störfuðu í hlutafélögum – og búast hefði mátt við að þarna mundu eingöngu sjónarmið kapítalismans vera látin ráða. Þá er rétt að benda á að SÍF, sem að einhverju leyti var fyrirmynd SH, hafði annan hátt á: þar fór atkvæðavægið eftir framleiðslumagni.

Í tíu ára sögu SH, eftir Richard Björgvinsson, er sérstök athygli vakin á þessu ákvæði, og bendir það til þess að stofnendunum hafi verið þetta hugstætt og þeir verið stoltir af þessu ákvæði jafnaðar í stofnsamningi sínum. Óneitanlega gerði þetta það að verkum, að á aðalfundum og öðrum félagsfundum samtakanna létu smáframleiðendurnir ekki síður til sín taka en hinir stærri. Það kann vel að vera að til að laða smáfyrirtækin til þátttöku hafi verið talið nauðsynlegt að tryggja að þau yrðu ekki kaffærð af hagsmunum hinna stóru.

Það segir sína sögu, að í hálfan fimmta áratug var ekki hróflað við þessu ákvæði. Það er ekki fyrr en með þriðju kynslóð og nýju og breyttu viðskiptaumhverfi, sem mönnum finnst ástæða til að láta afl fjármagnsins vega þyngra.

Hitt er svo annað mál, að uppbygging félagsins er svo sérstæð, að sumum lögfræðingum hefur þótt vafi leika á, að þetta form félagsins ætti sér næga stoð í lögum, og í umræðum á aðalfundi 1961 kom svipuð skoðun fram hjá ýmsum fé-

lagsmönnum. Ljóst er, að SH er hvorki hlutafélag né samvinnufélag, heldur einskonar sameignarfélag með takmarkaðri ábyrgð. Í bréfi frá Guðmundi Péturssyni, sem um áratugi var lögfræðingur SH, segir hann frá þeim ummælum Ásbergs Sigurðssonar, bæjarfógeta, sem lengi sá um firmaskráningu í Reykjavík, að í raun hefði firmaskrárritari átt að vísa skráningunni frá, þar sem þetta form fyrirtækis, „einhvers konar sjálfseignarfélag" þekktist hvergi á byggðu bóli. Taldi Ásberg það bera vitni lögfræðilegri snilligáfu Einars Baldvins Guðmundssonar, lengi lögfræðings SH og góðvinar Ólafs Þórðarsonar, að hafa fengið skráninguna í gegn. Það er hins vegar alveg ljóst að höfundurinn var Guðmundur Í. Guðmundsson.

Bjarni P. Magnússon, fv. borgarfulltrúi Alþýðuflokksins í Reykjavík, hefur skýrt höfundi þessa rits svo frá, að einhvern tíma þurfti hann vegna flutnings á skrifstofu Alþýðuflokksins að taka ákvörðun um varðveislu ýmissa skjala og ákvað að bera það undir Guðmund Í., hverju mætti henda og hvað bæri að varðveita. Var þetta skömmu fyrir lát Guðmundar. Hann tók dauflega í málaleitan Bjarna en beindi talinu eindregið að því, sem hann taldi hápunkt á ferli sínum sem lögfræðings. Hann hefði samið stofnsamning Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna þannig að standa mundi um aldur og ævi. Vegna ákvæða stofnsamnings yrði formi SH aldrei breytt svo lengi sem SH væri starfrækt. Svo mikið er víst, að þegar kom til þess í byrjun þessa áratugar að laga form SH meira að anda hlutafélagalaganna varð það lögfræðingum erfitt úrlausnarefni, að finna þeim lagabreytingum búning, sem stæðust stofnsamninginn, þótt það tækist að lokum, svo að allir mættu við una.

Eins og fyrr segir, stóðu lögin nánast óbreytt í tæpa tvo áratugi. Árið 1959 er bætt við 17. gr. ákvæði um missi kosningaréttar og kjörgengis þess sem ekki rekur frystihús um eins árs skeið eða ekki afhendir félaginu afurðir sínar til sölu.

Árið 1961 voru allmiklar breytingar gerðar á 11. grein laganna með stofnun Arðjöfnunarsjóðs. Áður hafði verið heimilt að leggja 25% af rekstrarafgangi í varasjóð, en sú takmörkun var nú afnumin og lagt í hendur aðalfundar að ákveða ráðstöfun alls rekstrarafgangs. Til þessa sjóðs má rekja upphaf eignarmyndunar félagsmanna í hlutfalli við útflutningsverðmæti hvers og eins.

Sama ár voru smávægilegar breytingar gerðar á 15. og 17. grein.

Skipulagsbreytingin 1962

Á aðalfundi 1962 er lagður grunnur að þeim miklu skipulagsbreytingum, sem þá eru gerðar á yfirstjórn félagsins. Höfuðbreytingin er á 13. grein, stjórnarmenn verða 9 í stað 5, og kveðið er á um stofnun framkvæmdaráðs, sem í sitji formaður, varaformaður og framkvæmdastjórar. Árið eftir, 1963, verða breytingar á 7., 13., og 16. grein.

Í 7. grein fólst breytingin í því, að félagsmenn skyldu ábyrgjast að leigutakar hraðfrystihúsa gengjust undir skuldbindingar eigenda gagnvart SH.

Árið 1965 er gerð breyting á 17. grein um úrsögn félagsmanna. Áður höfðu menn getað sagt sig úr félaginu með 12 mánaða fyrirvara. Bar félagsstjórn þá að greiða þeim sjóðseignir við næstu áramót eftir úrsögn. Nú varð Arðjöfnunarsjóður undanskilinn þessari greiðslu og kveðið á um að hlutdeild í öðrum sjóðum skyldi greiðast út með jöfnum afborgunum á 5 árum. Nú eru eignaböndin farin að treystast og verða tilfinnanleg við brotthvarf úr félaginu, þar sem menn fá eignir sínar greiddar út á mörgum árum og sumar aldrei.

Árið 1966 er bætt í lögin nýrri grein, hinni elleftu, um myndun sjóðs, er kenndur skuli við fyrsta formann félagsins, Elías Þorsteinsson. Skal leggja í sjóðinn

0,25% af heildarútflutningsverðmætum félagsins. Hlutverk sjóðsins er að veita félagsmönnum lán til skamms tíma í samræmi við meginmarkmið félagsins. Einnig má veita úr sjóðnum styrki til náms, tilrauna og vísindastarfa í þágu fiskiðnaðarins.

Aðalfundur 1968 samþykkir lagabreytingar á 4. gr., 7., 9., 10. og 18. grein. Eru það mest orðalagsbreytingar. Inntökugjald, sem verið hafði fast og óbreytt kr. 500.- frá upphafi, er nú fært upp í 50 þúsund krónur. Breytingin á 9. gr. varðar umbúðakaup eftir að Umbúðamiðstöðin hf. hefur verið stofnuð.

Felldar voru tvær breytingartillögur frá Ólafi Jónssyni og Finnboga Guðmundssyni í Gerðum: Að hámarksálagning á umbúðir verði 10% í stað 15%, og að skylt verði að hafa fundi með varastjórn einu sinni í mánuði og hafi varastjórnarmenn þá atkvæðisrétt.

Aðalfundur 1972 samþykkti breytingar á 7., 12. og 18. gr. Breyting 7. gr. er smávægileg og kveður nánar á um hversu félagsmönnum beri að ganga frá leigu á húsum sínum, ef til kemur. Á 12. gr. er gerð allmikil breyting og miklu nánar kveðið á um innlausn og meðferð heimildarskírteina þeirra, er sýna eignarhlutfall hvers félagsmanns við hver áramót. Í 18. gr. er sett ákvæði um að hafi félagsmaður ekki afhent SH afurðir til sölu í þrjú ár hætti hann sjálfkrafa að vera félagsmaður, og að við útborgun innstæðna félagsmanna megi félagið nota þær til skuldajöfnunar.

Tillaga um að lækka framlag í Elíasarsjóð úr 0,25% í 0,1% náði ekki fram að ganga.

Þriggja manna framkvæmdaráð

Aðalfundur 1985 samþykkti svohljóðandi breytingar á samþykktum SH:

7. grein: 3. málsgrein 7. greinar hljóði sem hér segir: „Félagsstjórn ber að annast sölu afurða frystihúsa félagsmanna, og skal á allan hátt haga sölumeðferð og afskipun þannig, að gætt sé sem best hagsmuna félagsmanna. Skylt er að greiða félagsmönnum sama verð fyrir alla framleiðslu sömu tegundar, jafna að gæðum, sem afskipuð er og greidd á tímabili sem félagsfundur eða félagsstjórn ákveður.

Félagsstjórn setur nánari reglur um uppgjör afurða. Greiðsla á andvirði afurðanna til félagsmanna skal jafnan fara fram svo fljótt sem frekast er hægt.“ Greinin verði að öðru leyti óbreytt.

10. grein: Úr málsgrein 10. greinar falli niður orðin „allt að 15%“ og í staðinn komi „eðlileg“.

11. grein: Fyrsta málsgrein 11. greinar orðist sem hér segir: „Af heildarútflutningsverðmætum félagsins eftir 1. janúar 1985 skal leggja 1/2 prósent í sérstakan sjóð tengdan nafni Elíasar Þorsteinssonar frá Keflavík. Hlutverk sjóðsins er að veita lán í samræmi við meginmarkmið félagsins og þátttaka í sjávarútvegi og skyldum greinum. Einnig má veita úr sjóðnum styrki til náms, tilrauna og vísindastarfa í þágu fiskiðnaðarins.“

12. grein: a) Við lok fyrstu málsgreinar, á eftir orðunum: „Félagsmenn eiga arðjöfnunarsjóð og eignir félagsins umfram bókfært verð í réttu hlutfalli við útflutningsverðmæti hvers og eins“ *komi:* „Endurmetið frá árslokum 1964 eftir verðbreytingastuðli, sem miðast við breytingu á meðaltals byggingarvísitölu milli ára, reiknaðri út eftir gildandi lögum á hverjum tíma.“

b) Í stað orðanna „Eignarhluti greiðist með jöfnum greiðslum á fimm árum án vaxta“ *komi:* „Eignarhluti félagsmanna greiðist út á 10 árum með hæstu lögleyfðu skuldabréfavöxtum. Gefin verði út skuldabréf þegar eignarhlutinn liggur fyrir“. Niður falli „Bráðabirgðaákvæði“ á bls. 9 í gildandi samþykktum. *Nýtt bráðabirgða-*

ákvæði komi við 12. grein svohljóðandi: „Nýtt eignarhlutfall tekur gildi í árslok 1984“.

20. grein, 2. málsgrein félagslaga SH hljóði sem hér segir:

„Aðalfundur skal þá jafnframt ákveða um meðferð á eignum félagsins og skal að öðru leyti fara um félagsslit eftir gildandi lögum um hlutafélög.“

14. grein samþykkta fyrir SH orðist þannig: „Stjórn félagsins skipa 9 félagsmenn. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til eins árs í senn. Enn fremur skal kjósa 9 varastjórnarmenn, er taki sæti í stjórninni í forföllum aðalstjórnarmanna, þannig að ákveðinn varastjórnarmaður komi í stað hvers ákveðins aðalstjórnarmanns.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

Formaður stjórnarinnar kallar saman stjórnarfund, þegar hann telur þess þörf eða 5 stjórnarmenn óska þess. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Fundur er lögmætur, ef 5 stjórnarmenn hafa sótt fund. Engar samþykktir,sem stjórnin gerir, eru þó lögmætar, nema minnst 5 stjórnarmenn hafi samþykkt þær.

Stjórnin heldur gerðabók. Stjórnin skal ráða forstjóra. Hún gerir starfssamning við hann og semur um launakjör. Sé samningurinn uppsegjanlegur af beggja hálfu með 6 mánaða fyrirvara. Stjórnin setur honum erindisbréf. Þá getur stjórnin jafnan vikið honum úr starfi ef hún álítur það nauðsynlegt vegna hagsmuna SH. Sé maður úr stjórninni ráðinn forstjóri, tekur varamaður hans sæti hans þar. Formaður, varaformaður og forstjóri mynda framkvæmdaráð félagsins.

Framkvæmdaráð er starfsráð milli stjórnarfunda og tekur til umfjöllunar málefni sem berast frá framleiðendum, dótturfyrirtækjum, forstjóra og stjórn SH.

Framkvæmdaráð er ákvarðanaaðili í þeim málum sem nauðsyn er á að afgreiða milli stjórnarfunda, en vísar meiriháttar ákvörðunum og stefnumarkandi atriðum fyrir samtökin til stjórnar. Undirskrift 5 stjórnarmanna þarf til að skuldbinda félagið. Laun stjórnarmanna skulu ákveðin á aðalfundi“.

Breytilegt atkvæðavægi

Þegar hér var komið sögu, fóru menn að huga að því, að miklar eignir höfðu myndast í félaginu, dótturfélögum þess, og hinum ýmsu sjóðum: Stofnsjóði, Arðjöfnunarsjóði og Elíasarsjóði. Jafnframt voru menn að hverfa frá hugmyndinni um eitt atkvæði á hvern félagsmann yfir til þeirrar hugmyndar að atkvæðamagn færi, að minnsta kosti að hluta til, eftir útflutningsverðmæti og eignarhlutdeild í SH. Þá var orðið brýnt að skilgreina nánar og nákvæmlega eignarhlutdeild hvers og eins félagsmanns og setja nákvæmari reglur um, hvernig með skyldi farið, meðal annars ef menn sögðu sig úr félaginu. Einnig voru menn á þessum árum að fikra sig lengra í áttina að hlutafélagi og nauðsynlegt að eignarhlutur félagsmanna væri skýr, þegar og ef, það skref yrði stigið til fulls.

Á aðalfundi 1987 eru engar breytingar gerðar á lögum, en Sigurður Einarsson í Hraðfrystistöð Vestmannaeyja leggur fram tillögur um grundvallarbreytingar á lögunum, sem varða stofnsamning félagsins. Annars vegar leggur hann til að í stað jafns atkvæðisréttar allra félaga, skuli atkvæði vera 1000, 20% skiptast jafnt en afgangurinn skiptast eftir framleiðsluverðmæti liðins árs. Hins vegar leggur Sigurður til að SH verði hlutafélag og skuli stjórnin vinna að nauðsynlegum breytingum á skipulagi félagsins og leggja fram tillögur fyrir næsta aðalfund.

Jón Ingvarsson lagði fram álit lögfræðinga félagsins, hæstaréttarlögmannanna Guðmundar Péturssonar og Péturs Guðmundarsonar. Þar kom fram, að báðar

þessar breytingar vörðuðu það ákvæði stofnsamnings sem kveður á um að honum verði ekki breytt nema með samþykki allra félagsmanna. Aðalfundur geti samþykkt að fela stjórninni undirbúning að ofangreindum breytingum, en þegar þar að komi, verði tillögurnar að hljóta samþykki **allra** félagsmanna.

Á árinu 1988 fer fram endurskoðun laganna, sem leiðir til breytinga á 2., 3., 4., 7., 9., 10., 12., 13. og 18. grein.

Merkasta breytingin varðar grundvallaratriði í stofnsamningi SH. Í stað þess að eitt hús skuli hafa eitt atkvæði verða nú eignaraðild og útflutningsverðmæti hvers frystihúss ráðandi í atkvæðavægi. Á þessum aðalfundi er eftirfarandi breyting samþykkt:

„13. grein, svohljóðandi breyting: Í stað setningarinnar „Eitt atkvæði er fyrir hvert hraðfrystihús" *komi:* „Atkvæði í félaginu eru 100.000 og skal skipting þeirra í félaginu vera eftirfarandi: 20% af atkvæðum skulu skiptast jafnt á milli félagsmanna. 40% á milli félagsmanna í hlutfalli við útflutningsverðmæti þeirra fyrir liðið starfsár, og 40% miðað við eignarhlutfall félagsmanna við næstliðin áramót. Rísi ágreiningur um skilgreiningu útflutningsverðmætis eða eignarhlutfalls, skal félagsfundur skera úr því".

Auk þessarar meginbreytingar var í 3. grein víkkuð skilgreining á félagsmönnum. Í stað þess að binda aðild við þá sem *reka frystihús*, geta nú þeir sem *vinna sjávarafurðir* orðið félagsmenn. Með þessari breytingu geta frystitogarar orðið beinir félagsaðilar að SH.

Breyting á 7. grein heimilaði félaginu að gera tímabundna samninga við ýmsa framleiðendur, sem ekki höfðu áhuga á eignaraðild að félaginu, heldur vildu komast í viðskipti og fá aðgang að því víðtæka söluneti, sem SH hafði byggt upp á öllum helstu mörkuðum. Viðskipti við þessa aðila þjónuðu jafnframt hagsmunum félagsins og juku aðgang þess að söluafurðum og gerðu því kleift að vera með fjölbreyttara vöruframboð. Útgerðir rækjutogara og frystitogara, sem sérhæfðu sig í frystingu karfa, einkum fyrir Japansmarkað, eru meðal utanfélagsmanna, sem selt hafa afurðir sínar gegnum SH. Einnig opnaði þetta fyrir sölu afurða frá erlendum framleiðendum, sem einkum voru frystitogarar.

Þrátt fyrir það að meginhugsun félagsmanna í upphafi væri sú, að SH ætti ekki að eiga neitt, var í lögum félagsins svigrúm til myndunar sjóða, sem urðu rekstrarfé SH, nema þegar hluta þeirra var ráðstafað til verkefna, sem komu flestum eða öllum félagsmönnum til góða. Dæmi um það var stofnun Jökla hf., Umbúðamiðstöðvarinnar (og annarra fyrirtækja, sem rekin voru um lengri eða skemmri tíma til að greiða fyrir sölu afurða félagsmanna, eins og innflutningsfyrirtækið Miðstöðin hf. og Íslenska vöruskiptafélagið hf.). Var það jafnan gert með þeim hætti að menn fengu útgreidda hlutdeild sína í sjóðum SH með hlutabréfum í viðkomandi félögum.

Árið 1990 voru engar lagabreytingar gerðar en kynnt tillaga um breytingu á 20. grein.

20. grein. Niður falli síðasta málsgrein svohljóðandi: „Þeim ákvæðum laga þessara, sem bundin eru með ákvæði í stofnsamningi, verður ekki breytt nema með samþykki allra félagsmanna. Í staðinn hljóði 20. grein svo. „Lögum þessum verður ekki breytt nema á aðalfundi, og sé að minnsta kosti 2/3 hlutar atkvæða samþykkir breytingunni. Breytingar á lögum, sem ekki hafa verið tilkynntar í fundarboði, geta því aðeins öðlast gildi, að 3/4 hlutar atkvæðamagns fundarmanna samþykki þær."

Samkvæmt stofnsamningi þurftu allir félagsmenn að samþykkja þessa breytingartillögu á 20. greininni. Á aðalfundi árið eftir, 1991, kynnti Jón Ingvarsson, stjórnarformaður, að allir félagsmenn utan einn hefðu samþykkt breytingar á 20. greininni – en þessi eini hefði ítrekað neitað að fallast á breytinguna. Þessi grein stóð því óbreytt fram að því að félaginu var slitið og því breytt í hlutafélag 29. nóvember 1996.

Lögfræðileg álitamál

Í millitíðinni höfðu farið fram ítarlegar athuganir á félagsformi Sölumiðstöðvarinnar og kosti þess og galla að breyta formi félagsins í hlutafélag. Með bréfi til stjórnar SH, dagsettu 3. október 1990, lýsir Pétur Guðmundarson, hæstaréttarlögmaður, athugun sinni á lögfræðilegum álitamálum í þessu sambandi. Hann segir þar:

„Í lögum Sölumiðstöðvarinnar hefur frá upphafi verið ákvæði þess efnis, að félagsmenn beri ábyrgð á öllum skuldbindingum félagsins með sjóðseign sinni og ógreiddum inntökugjöldum, ef aðrar eignir félagsins hrökkva ekki fyrir skuldum þess. Skýring þessa ákvæðis er í sjálfu sér ekki einföld. Samkvæmt íslenskum rétti hefur aðalreglan verið sú, að einungis sé til á Íslandi tvenns konar félagsform. Í fyrsta lagi félagsform þar sem ábyrgð eigenda er ótakmörkuð og síðan félagsform þar sem ábyrgð eigenda er takmörkuð. Til að ábyrgð eigenda geti verið takmörkuð hefur svo verið á litið, að félagsformið verði að uppfylla ströng lagaskilyrði, og má segja, að nú séu einungis tvenns lags félagsform, sem uppfylla þau skilyrði, þ.e. hlutafélagsformið og samvinnufélagsformið. Í báðum tilfellum þarf að uppfylla ströng lagaskilyrði, og telst ábyrgð eigi takmörkuð í þessum félagsformum fyrr en félagið hefur verið skráð. Má í því sambandi vísa til 2. mgr. 12. gr. hlutafélagalaga, þar sem beinlínis er tekið fram, að löggerningar, sem gerðir eru fyrir hönd óskráðs hlutafélags, séu gerðir á ábyrgð þeirra, sem slíka samninga gera. Þegar litið er til ákvæða laga Sölumiðstöðvarinnar um ábyrgð eigenda, hefur oft verið sett spurningarmerki við það, hvort ábyrgð eigenda sé takmörkuð, eða hvort hún sé full. Ég hefi sjálfur oft hallast að þeirri skoðun, að ábyrgð eigenda væri full ábyrgð, þ.e. ábyrgðin væri ekki takmörkuð við inneignir í stofnsjóði, og rökin þar á bak við hafa verið þau, að ekki væri hægt að takmarka ábyrgð sína í félögum skv. íslenskum lögum, nema að uppfylltum lagaskilyrðum, þá aðallega annað hvort hlutafélagalaga eða laga um samvinnufélög. Við frekari athugun á dómum og íslenskum lagaákvæðum hefur komið í ljós að niðurstaða þessi er alls ekki óyggjandi. Í fyrsta lagi má á það benda, að ákvæði 20. gr. firmalaga nr. 42 frá 1903 virðast gera ráð fyrir að félög geti verið með takmarkaða ábyrgð þó þau séu ekki hlutafélög. Í greininni segir að ákvæði 19. greinar um tilkynningu um firma hlutafélags eiga og við önnur félög með takmarkaðri ábyrgð. Við athugun á upphaflegri skráningu Sölumiðstöðvarinnar hjá firmaskrá, sem skráð var 4. september 1942 í C-deild firmaskrárinnar, en í C-deildinni voru skráð félög, sem ekki féllu undir hin hefðbundnu form samvinnu- eða hlutafélaga eða sameignarfélög, kemur fram með hvaða hætti fari um ábyrgð félagsmanna og eru það ákvæði núgildandi 5. gr. laga Sölumiðstöðvarinnar. Firmatilkynningin birtist síðan í Lögbirtingarblaðinu hinn 25. september 1942 undir yfirskriftinni „Tilkynningar til hlutafélagaskrár“ og þá væntanlega með hliðsjón af áðurgreindu ákvæði 20. gr. firmalaga. Í tilkynningunni í Lögbirtingarblaðinu er það ítarlega rakið með hvaða hætti félagsmenn beri ábyrgð á skuldbindingum félagsins svo og með hvaða hætti félaginu skuli slitið.“

Pétur Guðmundarson vitnar síðan til tveggja hæstaréttardóma, sem renni stoðum undir rökin um takmarkaða ábyrgð, þótt ekki sé félagið hlutafélag í almennum skilningi laganna. Síðan segir hann: „Sé niðurstaða þessi rétt er eðlismunur á hlutafélagi annars vegar og núverandi félagsformi hins vegar í rauninni lítill. En sé niðurstaðan hins vegar röng tekur hlutafélagsformið af öll tvímæli um ábyrgð hluthafa."

Í átt að hlutafélagi

Það voru þó ekki einungis lagaleg rök, sem hnigu að því að breyta formi félagsins í hlutafélög. Í SÍF voru uppi miklar umræður um að breyta fyrirkomulagi þess félagsskapar í hlutafélag, sem starfaði á opnum markaði og takmarkaði ekki félagsaðild við framleiðendur. Sjávarútvegsdeild Sambands íslenskra samvinnufélaga var nokkrum árum síðar breytt í hlutafélag. Á næstu árum fjölgaði og þeim sjávarútvegsfyrirtækjum, sem breyttust í opin hlutafélög og fóru á markað. Sölumiðstöðin þurfti í auknum mæli að hafa svigrúm til að bregðast við aðstæðum á íslenska fyrirtækjamarkaðnum, þannig að keppinautar um hráefnið ættu ekki hægara um vik að kaupa upp fyrirtæki í kröggum með aflaheimildum, kaupa sér viðskipti. Að lokum þrýsti það á breytt félagsform, að Sölumiðstöðin var orðin alþjóðlegt fyrirtæki með umsvif og eignir í mörgum löndum og margvísleg viðskipti við banka og fjármálastofnanir, sem gerðu kröfur um að lagaleg staða þess væri skýrt skilgreind. Þar mátti enginn vafi leika á um ábyrgð og skuldbindingar. Má minna á erfiðleikana 1961-62, þegar örlagaríkar tafir urðu á erlendri lánsfjáröflun, svo að nærri hafði riðið félaginu að fullu.

Umræðurnar um formbreytingu héldu því áfram manna á meðal. Jafnframt vann stjórnin að ýmsum lagabreytingum, sem lagðar voru fram og samþykktar á aðalfundum næstu árin og miðuðu flestar í átt til hlutafélagsformsins.

Árið 1992 voru gerðar breytingar á 13. grein. Veðsetning eignarhluta félagsmanna í SH var bönnuð, og vildu menn selja eignarhlutann, áttu félagsmenn SH að eiga forkaupsrétt í hlutfalli við eignarhluta sinn.

Á sama tíma var gerð breyting á 15. grein um stjórn SH. Formaður skyldi nú kosinn beinni kosningu og stjórnarmönnum fjölgað úr 9 í 15. Í raun varð þó lítil breyting við þetta, þar sem nú var hætt að kjósa varamenn en þeir höfðu jafnan verið boðaðir á stjórnarfundi undanfarin ár.

Árið 1993 er gerð breyting á 12. grein: 1. setning fyrstu málsgreinar verði þannig: „Af heildarútflutningsverðmætum félagsins eftir 1. janúar 1994 skal leggja 0,25% í sérstakan sjóð tengdan nafni Elíasar Þorsteinssonar frá Keflavík."

Umræður innan félagsins höfðu beinst að lækkun þessa gjalds úr 0,5% og útborgun úr sjóðnum. Lækkunin nam um 35 milljónum króna árlega. Þetta var gert til að skapa svigrúm til að finna aðrar leiðir til að mæta afborgunum af lánum, er tekin voru 1989/1990 vegna endurskipulagningar á fjárhag IFPL í Bretlandi. Ráðstöfunarfé Elíasarsjóðs var þá markað til endurgreiðslu lána.

Eignarhluti festur

Árið 1994 eru gerðar breytingar á 13. grein, sem nú fjallar mest um meðferð á eignarhlutum félagsmanna í félaginu og sjóðum þess.

Á aðalfundi gerði Jón Ingvarsson grein fyrir breytingunum á þessa leið: „Eignarhluti félagsmanna verður festur miðað við 1. júlí 1994. Þá fær stjórn félagsins for-

kaupsrétt á fölum hlutum í félaginu og gert er ráð fyrir að stjórn félagsins geti selt félagsmönnum þá hluti, sem hún kaupir eða leysir til sín.

Með þessum breytingum og breytingum undanfarinna ára er enn reynt að nýta bestu kosti beggja félagsforma, þ.e. sölusamlags annars vegar og hlutafélags hins vegar. Sölumiðstöðin var í upphafi sölusamlag byggt á samstilltu átaki margra smárra framleiðenda. Framlag þeirra til rekstrar var í samræmi við viðskipti þeirra við félagið og þegar rekstrarafgangur varð var honum skipt á sama hátt milli framleiðenda. Smám saman mynduðust verulegar eignir í félaginu, er það færði út kvíarnar og myndaði dótturfélög erlendis.

Eðlilegt er að félagsmenn, sem verið hafa í SH í fjölda ára og tekið þátt í uppbyggingu þess, telji það ekki sjálfgefið að nýir félagsmenn séu teknir í félagið, án þess að greiða nokkuð fyrir aðganginn. Á hinn bóginn er það ekki góður kostur að loka félaginu. Stjórn SH hefur komist að þeirri niðurstöðu að skynsamlegt sé að festa eignarhlut í félaginu og tryggja þar með núverandi eigendum óbreytta eignarhlutdeild. Þetta gildir aðeins um eignir félagsins. Eftir sem áður fá félagsmenn hlutdeild í rekstrarafgangi SH í hlutfalli við útflutningsverðmæti liðins árs.

Gert er ráð fyrir að nýir félagsmenn geti eignast hlut í félaginu með kaupum. Stjórnin gerir ennfremur tillögu um breytingu á forkaupsréttarákvæðum samþykktanna, svo og heimild handa stjórn félagsins að selja félagsmönnum þá hluti, sem stjórnin hefur leyst til sín eða keypt. Þessi tillaga gerir ráð fyrir, að stjórnin, fyrir hönd félagsins, eigi forkaupsrétt að fölum hlutum í félaginu. Félaginu er skylt að leysa eignarhluti til sín, þegar um úrsögn er að ræða. Breytingin mun greiða fyrir því að félagsmenn, sem vilja eða þurfa að selja hlut sinn í félaginu, allan eða að hluta, geti gert það án þess að segja sig úr félaginu. Tillagan felur í sér heimild stjórnar til að selja félagsmönnum keypta eða innleysta eignarhluti. Skal þá bjóða félagsmönnum að kaupa eignarhlutann og þá í hlutfalli við útflutningsverðmæti næstliðins árs. Með því gefst nýjum félagsmönnum kostur á því að byggja upp eign innan félagsins. Gangi eignarhlutar hins vegar kaupum og sölum milli félagsmanna, án þess að félagið neyti forkaupsréttar, verður reglan sú, að félagar eigi forkaupsrétt að hinum fölu hlutum í samræmi við eignarhluta sinn."

Þessar breytingar taldi Jón að yrðu til að styrkja eiginfjárstöðu félagsins.

Í kjölfar flutnings hluta SH til Akureyrar var á aðalfundi 1995 gerð breyting á 1. grein laganna sem varðar heimilisfang og varnarþing. Enn fremur var gerð breyting á hlutverki Elíasarsjóðs.

Skrefið stigið til fulls

Á aðalfundi á Akureyri 1996 voru engar lagabreytingar gerðar en fram fóru gagngerar umræður um hvort breyta ætti því í hlutafélag í tilefni af tillögum Sigurðar Einarssonar um það efni. Niðurstaða fundarins var að vísa því til almenns félagsfundar um haustið, en stjórninni falið að undirbúa málið fyrir þann fund.

Í framhaldi af því skipaði stjórnin nefnd til að endurskoða félagsform SH. Í nefndinni áttu sæti Jón Ingvarsson, Sigurður Einarsson, Finnbogi Jónsson, Friðrik Pálsson, Brynjólfur Bjarnason og Jón Þórðarson. Ritari nefndarinnar var Bjarni Lúðvíksson.

Nefndin fjallaði ítarlega um verkefni sitt og leitaði álits sérfræðinga á sviði lögfræði og reikningshalds um ýmis lögfræðileg og skattaleg álitaefni.

Nefndin rifjaði upp að 1994 hefði ekki verið vilji meðal meirihluta félagsmanna til að breyta SH í hlutafélag. Hins vegar hefðu þá og á árunum á undan, verið

gerðar breytingar á samþykktum þess, sem allar hefðu hnigið að því að færa félagsformið í áttina að hlutafélagi. Félagsformið sé nú líkast lokuðu hlutafélagi með nokkrum veigamiklum undantekningum:

Í fyrsta lagi hafi hlutafélög það meginmarkmið að skila hluthöfum sínum arði af því fé sem þeir eiga bundið í félaginu.

Í öðru lagi sé félagið nú ekki sjálfstæður skattaðili og skattgreiðslur af rekstri og eignum félagsins falli á félagsmenn en ekki félagið.

Í þriðja lagi hvíli á félagsmönnum fortakslaus skilaskylda afurða í núverandi félagsformi, sem ekki yrði komið við í hlutafélagi, að öðru leyti en byggjast kann á samningum aðila.

Í fjórða lagi hvílir innlausnarskylda félagsins á eignarhluta félagsmanns, sem ganga vill úr félaginu.

Í fimmta lagi er atkvæðavægi í félaginu með öðrum hætti en í hlutafélagi.

Nefndin taldi að síðan 1994 hefði þeirri skoðun vaxið fylgi að breyta ætti SH í hlutafélag. Hlutafélagsformið væri það lögbundna félagsform, sem nú væri algengast í fyrirtækjarekstri og hentaði vel á samkeppnismarkaði. Það byði einnig upp á auðveldastan aðgang að áhættufjármagni, sem fyrirtækjum kunni að reynast nauðsynlegt í sívaxandi samkeppni. Sú þróun, sem átt hefði sér stað á hlutabréfamarkaði síðustu árin, hefði líka vafalaust ýtt undir hlutafélagshugmyndina.

Nefndin taldi líka, að næðist ekki samstaða nú um þessa breytingu, mundu umræður og tillögur um breytingar halda áfram á næstu árum til skaða fyrir félagið. Nauðsynlegt væri að friður skapaðist um félagsformið og félagið fengi þannig vinnufrið til að takast á við ný og brýnni verkefni.


Það varð svo samhljóða niðurstaða nefndarinnar að leggja til, að stofnað skyldi til lokaðs hlutafélags um rekstur SH og var sú tillaga lögð fyrir stjórnarfund 17. október. Stjórnin lýsti sig samþykka þessari tillögu 6 manna nefndarinnar og ákvað að fjalla aftur um hana á stjórnarfundi 21. nóvember en leggja hana síðan fyrir félagsfund 29. nóvember.

Á þeim félagsfundi varð líka almenn samstaða um þessa breytingu. Var þar samþykkt að slíta félaginu og miðist félagsslitin við 1. janúar 1997. SH verði rekið áfram til 31. desember 1996 en þá taki hlutafélagið við rekstrinum.

Samkvæmt því lauk sögu Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna á miðnætti 31. desember 1966. Hér eru því sögulok.


Viðauki

Stjórnskipan SH 1942-1996




Skipurit 1942-1945

Skipulag Sölumiðstöðvarinnar þegar hún tók við fisksölunni af Fiskimálanefnd. Öll sala fer í gegnum viðskiptanefndina, sem skipuð er embættismönnum og fulltrúum ríkisstjórna Bretlands og Íslands. Kaupandi er aðeins einn, breska matvælaráðuneytið (Ministry of Food). Undanþágur fást fyrir nokkrum hundruðum tonna af flökum árlega til Bandaríkjanna.



Skipurit 1945

Salan gegnir nú auknu hlutverki. Erindrekar eru sendir til Evrópulanda til að kanna jarðveginn og koma á sölu. Sérstakur erindreki með fasta búsetu í New York, setur á fót skrifstofu þar.




Skipurit 1946

Skrifstofa bætist við í Amsterdam.


Skipurit 1947-1954


Á miðju ári 1947 er stofnað fyrirtækið Coldwater Seafood Corp., bandarískt fyrirtæki, en alfarið í eigu SH. Í byrjun árs 1948 er stofnuð söluskrifstofa í Prag. Skrifstofan í Amsterdam er hins vegar lögð niður á árinu 1949.



Skipurit 1954-1962


Öll sala fer nú undir sérstakan framkvæmdastjóra. Árið 1956 verður hann jafnframt forstjóri Coldwater Seafood Corp. og fer þá einnig með yfirstjórn verksmiðjunnar í Nanticoke.
Skrifstofa í Hamborg er lögð niður 1956 og nokkru síðar aftur flutt til Prag og starfrækt þar til ársloka 1960. Tveimur fyrirtækjum er komið upp í Bretlandi, Snax (Ross) Ltd. og Frozen Fresh (Fillets) Ltd. Framkvæmdastjóri sölumála er með skrifstofu í Englandi. Þar er einnig komið upp verksmiðju. Grunnur er lagður að fiskréttaverksmiðju í Hollandi.





Skipurit 1962-1985

Nú fer fram gagnger breyting á öllu stjórnkerfi Sölumiðstöðvarinnar. Fjölgað er í stjórn úr fimm í níu. Framkvæmdastjórar verða þrír og og starfar hver þeirra á sínu skýrt afmarkaða sviði: Þau eru fjármál, framleiðslumál og sölumál. Árið 1969 verður þó framkvæmdastjóri fjármála aðalframkvæmdastjóri og er oftast eftir það nefndur forstjóri. Framkvæmdastjórarnir þrír, ásamt formanni og varaformanni, mynda framkvæmdaráð, sem fer með æðstu völd milli stjórnarfunda. Hag- og félagsmál verða sérstakt svið og heyrir það beint undir formann.
Erlendu dótturfélögunum eru nú settar sérstakar stjórnir.



Skipurit 1985-1996

Hagvangur vann fyrirtækinu nýtt skipurit 1985 og annað 1991. Hér er sýnt skipurit frá 1993. Það sem var sammerkt með þessum skipuritum er að forstjóri er aðeins einn og á sæti í framkvæmdaráði og stjórnum dótturfyrirtækjanna. Forstjóri og stjórnarformaður eru mjög virkir í allri starfsemi fyrirtækisins, heima og erlendis. Í fyrstu eru framkvæmdastjórar fimm og mynda framkvæmdaráð ásamt forstjóra, formanni og varaformanni. Fjölgað er í stjórninni upp í 15. Með þessu skipuriti, sem hér er sýnt, eru framkvæmdastjórar aftur orðnir þrír. Meginbreytingin, sem varð á stjórn fyrirtækisins eftir þetta, varð við flutning hluta skrifstofunnar til Akureyrar.

Við breytingu Sölumiðstöðvarinnar í hlutafélag um áramótin 1996/1997 urðu verulegar breytingar á stjórnkerfi fyrirtækisins, en þær falla utan ramma þessa rits.


Eignarhlutar félagsmanna við slit félagsins um áramót 1996/'97

Útgerðarfélag Akureyringa hf.	15,5847%
Haraldur Böðvarsson hf.	11,9431%
Ísfélag Vestmannaeyja hf.	10,2705%
Grandi hf.	9,9099%
Síldarvinnslan hf.	6,6022%
Þormóður rammi hf.	5,3796%
Hraðfrystihús Eskifjarðar hf.	4,5599%
Hraðfrystihúsið hf., Hnífsdal.	4,1983%
Gunnvör hf.	3,8797%
Íshúsfélag Ísfirðinga hf.	3,5787%
Frosti hf.	3,4376%
Magnús Gamalíelsson hf.	3,0503%
Skagstrendingur hf.	2,8205%
Sigurður Ágústsson ehf.	2,7093%
Hraðfrystihús Hellissands hf.	2,2283%
Hraðfrystihús Ólafsfjarðar hf.	2,2109%
Fiskiðjan Skagfirðingur hf.	1,4802%
Jón Erlingsson hf.	1,2956%
Fiskanes hf.	1,0324%
Hraðfrystihús Tálknafjarðar hf.	0,9719%
Soffanías Cecilsson hf.	0,8668%
Gefla hf.	0,4760%
Fiskiðjan Dvergasteinn hf.	0,2933%
Kristján Guðmundsson hf.	0,2667%
Oddi hf.	0,2136%
Þorbjörn hf.	0,1794%
Fiskiðjan Freyja hf.	0,1405%
Ísfiskur hf.	0,1279%
Saltver hf.	0,0894%
Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hf.	0,0603%
Háanes hf.	0,0541%
Ísafold hf.	0,0363%
Kambur hf.	0,0331%
Sjávarréttir hf.	0,0190%

Framleiðsla og útflutningur SH í hnotskurn

Heildarsala SH 1943-1996

Helstu markaðir



Þessi mynd gefur yfirsýn yfir heildarsölu SH frá ári til árs og dreifingu hennar á hina ýmsu markaði. Skiptingin fer eftir markaðssvæði hverrar söluskrifstofu.

■ Coldwater Seafood Corporation hefur séð um söluna á öllum Ameríkumarkaði.

■ Salan til Bretlands fór í fyrstu eingöngu fram fyrir milligöngu Ministry of Food í London, en síðar bæði í gegnum bresk innflutningsfyrirtæki og opinbera aðila, þar til söluskrifstofu SH var komið á fót 1956. Bretlandsskrifstofan sinnti líka Frakklandi og Beneluxlöndunum þangað til sérstakar skrifstofur tóku það að sér.

■ SH rak skrifstofu í Hollandi til 1949, þegar hún var lögð niður, og á árunum 1953-56 var skrifstofa starfrækt í Hamborg, sem sá um öll viðskipti á meginlandinu og í Ísrael. Eftir 1981 taka svæðaskrifstofurnar í Hamborg ■ og síðar París ■ við.

■ Viðskiptum við Austur-Evrópu, þar með talin Sovétríkin, var stjórnað frá höfuðstöðvum SH í Reykjavík, með þeirri undantekningu að í Prag var starfrækt söluskrifstofa í byrjun og í lok sjötta áratugarins.

□ Asíuviðskiptum var stjórnað frá aðalstöðvum SH í Reykjavík frá upphafi 1971, þar til söluskrifstofa var sett upp í Tokyo 1990.

■ Á myndinni sést glöggt hversu yfirgnæfandi þýðingu Ameríkumarkaður hefur haft í starfsemi SH. Að verðmæti vó hann langþyngst, þar til Japansmarkaður fór fram úr honum 1995.

Salan til Bandaríkjanna fór hægt af stað frá stríðslokum til 1950, en við gengisfellinguna þá tekur hún snöggt við sér og Bandaríkin verða þýðingarmesta markaðslandið. Seinni hluta sjöunda áratugarins eykst salan enn til muna vegna ýmissa samverkandi þátta. Meðal þeirra má telja að verksmiðja Coldwater í Cambridge tók til starfa, gengisþróun hér heima gerði innflutning til Bandaríkjanna hagstæð-

an, verulegum samdrætti afla þar vestra var mætt með auknum innflutningi og samdráttur í sölu til Sovétríkjanna jók þrýsting á sölu til Bandaríkjanna. Sölukerfi SH nýtti þessi tækifæri mjög vel, sala Coldwater tvöfaldaðist frá 1967 til 1970 og var orðin nærri þreföld áratug síðar.

Eftir það hefur það magn, sem keypt er af SH, stöðugt minnkað eins og myndin sýnir. Veldur þar mestu um óhagstæða gengisþróun Bandaríkjadollars og hríðminnkandi þorskafli á Íslandsmiðum. Fróðlegt er að bera saman þessa mynd og mynd II um heildarsölu eftir tegundum. Sést þar glöggt samsvörun þorksölunnar og Bandaríkjamarkaðar.

■ Bretlandsmarkaður skipaði yfirgnæfandi sess í sölu SH til 1950, en vék þá sæti fyrir Bandaríkjamarkaði. Áberandi eru áhrif landhelgisdeilna Íslendinga við Breta frá 1956 til 1976. Hagur SH á Bretlandsmarkaði vænkaðist verulega og ört eftir að „bókun 6“ tók gildi, þegar landhelgisdeilurnar voru til lykta leiddar. Síðan hefur Bretlandsmarkaður verið nokkuð stöðugur.

■ Vestur-Evrópumarkaður hefur verið fjölbreyttur og salan sveiflukennd. Fyrstu árin eftir stríðið var ötullega unnið að því að vinna markaði í V-Evrópu, en eftir 1952 þegar aðaláherslan var lögð á framleiðslu fyrir Bandaríkin og Sovétmarkaðinn, dró úr mikilvægi V-Evrópu í viðskiptum SH. Þó var töluvert selt, einkum af frystri síld, til meginlandsins á sjöunda áratugnum.

Ísland stóð utan viðskiptabandalaga álfunnar fram að inngöngunni í EFTA 1970 og háir tollar voru á fiskafurðum gagnvart EB þar til „bókun 6“ tók gildi 1976. Eftir það glæddist salan og stórjókst við stofnun söluskrifstofa SH í Hamborg 1981 og París 1988. Við fall Sovétríkjanna jókst enn salan til V-Evrópu.

■ Austur-Evrópumarkaður hefur haft óhemju þýðingu fyrir íslenskan frystiiðnað allt frá stríðslokum og þar til hann leið undir lok við fall Sovétríkjanna 1991. Þessi markaður hafði ýmsa kosti: vinnslan var hröð og einföld og umbúðir ódýrar, hann byggðist á fyrirframsamningum, greiðslur voru tryggar og oftast skjótar, og hann tók við tegundum sem ekki voru seljanlegar annars staðar.


Þótt Sovétmarkaðurinn væri veigamestur, höfðu Tékkóslóvakía og Austur-Þýskaland verulega þýðingu líka á vissu skeiði. Þegar Bretar hættu kaupum á frystum fiski eftir stríðið fleytti Sovétmarkaðurinn frystiiðnaðinum yfir erfiðleikana. Á myndinni sést vel hvaða þýðingu A-Evrópumarkaðurinn hafði á tímum landhelgisdeilnanna frá 1952 til 1976. Í heilan áratug eru yfir 90% framleiðslunnar seld til Bandaríkjanna og Sovétríkjanna. Þegar þorskveiði minnkaði og sókn í aðrar tegundir jókst á níunda áratugnum, tók Sovétmarkaðurinn við miklu magni af karfa og öðrum tegundum, sem markaðir höfðu enn ekki unnist fyrir annars staðar.

Þegar ríkisfyrirtækin, sem séð höfðu um fiskinnflutninginn í Sovétríkjunum, þurftu að standa á eigin fótum á umbreytingatímanum eftir 1990, brast greiðslugeta þeirra og þau gátu ekki uppfyllt rammasamninga stjórnvalda. Salan til Sovétríkjanna hrundi þar með og hefði engan órað fyrir því þremur árum fyrr að svona gæti farið fyrir þessum mikilvæga markaði – og því síður að SH gæti mætt slíku áfalli án þess að fá bakslag í seglin.

□ Framan af byggðist salan til Japans nær eingöngu á frystri loðnu og loðnuhrognum og sveiflaðist í takti við loðnuveiði Íslendinga og mikla samkeppni við Norðmenn, Kanadamenn og Rússa á sömu mörkuðum.

Asíumarkaði var sinnt frá aðalskrifstofu SH í Reykjavík, sérstök Asíudeild var byggð upp frá 1986, og söluskrifstofa opnuð í Tokyo 1990. Tokyoskrifstofan er nú söluhæst bæði að magni og verðmæti (sjá mynd á bls. 589). Helstu afurðirnar eru loðna, karfi, rækja og grálúða sem seld eru einkum til Japan, Taiwan og S-Kóreu, en markaðssvæðið stækkar óðum.

Heildarframleiðsla SH 1943-1996
Helstu fisktegundir



Íslenskur frystiiðnaður hófst með frystingu flatfisks fyrir H. Smethurst Ltd. í Grimsby. Lengst af hefur flatfiskurinn þó verið óverulegur þáttur í heildarsölunni. Á heimsstyrjaldarárunum varð þorskurinn yfirgnæfandi, enda flatfiskverðið lágt. Eftir það verður þorskurinn uppistaðan í vinnslu hraðfrystihúsanna.

Ýsan skipaði líka frá öndverðu öruggan sess í framleiðslunni, en hlutur hennar hefur aldrei verið stór.

Frá og með 1950 kemur karfinn inn í framleiðsluna og tekur stórt stökk, þegar í ljós kemur, að Sovétmenn taka karfann fram yfir þorsk. Um það leyti finna togararnir ný karfamið við Grænland og Nýfundnaland og Sovétmarkaðurinn tekur við mestu af aukningunni. Hámarki nær aflinn á árinu 1957 og fellur ört á næstu árum vegna ofveiði. Karfinn fær svo aukna þýðingu á árunum eftir 1980, þegar skuttogurunum fjölgar ört, og eftir því sem þorskaflinn minnkar eykst sóknin í karfann. Með komu frystitogaranna eykst sóknin enn og þá einkum utan fiskveiðilögsögunnar. Það markar tímamót, þegar SH hefur sölu afurða fyrir erlenda framleiðendur árið 1993 og hefur styrkt stöðu SH mjög á mörkuðunum. Árið 1996 er svo komið að karfamagnið í sölu SH er meira en þorsks. Jafnframt hefur verðmæti hans aukist jafnt og þétt með aukinni eftirspurn og hærra vinnslustigi.

Frysting síldar í beitu hefur verið fastur þáttur í starfsemi flestra frystihúsa frá upphafi. Eftir að tókst að afla markaða fyrir frysta síld – einkum í A-Evrópu á sjötta áratugnum – var síldarfrystingin mörgum frystihúsum góð búbót, lengdi vinnslutímabilið og jók nýtinguna. Einkum átti þetta við frystihúsin á SV-horninu, sem nutu Faxasíldarinnar á haustin. Í síldarævintýrinu 1962-67 jókst magnið gífurlega en fékk svo snöggan endi þegar síldin hvarf. Frysta síldin kemur svo aftur inn í sölu SH 1975. Salan fer fyrst og fremst eftir ástandi íslensku síldarstofnanna og veiði keppinautanna.

Ufsinn var lengi vel í litlum metum. Helst var hann nýttur í niðursuðu og reykingu undir nafninu sjólax. Á árunum fyrir 1960 skapast þó markaður fyrir nokkurt

magn í Sovétríkjunum. Í kringum 1970 tekur veiðin stórt stökk upp á við. Verðið var þó lágt, enda var hann unninn mest í blokk. Smám saman hafa unnist markaðir fyrir meira unninn ufsa og verðið hækkað. Veiðin náði hámarki 1990 og hefur farið hnignandi síðan.

☐ Loðnan er happdrættisfiskurinn í vöruframboði SH. Markaðurinn – einkum í Japan – er þröngur og vandlátur, veiðin sveiflukennd, mikið getur oltið á gæftum síðustu dagana fyrir hrygningu. Keppinautarnir eru stundum margir, en stundum sitjum við einir að markaðnum. Eftir góða byrjun á árunum eftir 1970 var markaðurinn yfirfylltur, allir ætluðu að verða ríkir á svipstundu; gæðunum hrakaði. 1983 var loðnuveiðibann hér við land. Síðan hefur verið farið rólega í sakirnar, þar til þrjú síðustu árin, en þá höfum við líka setið nær einir að markaðnum vegna loðnuveiðibanns hjá keppinautunum.


■ Grálúðan kemur fyrst að marki inn í veiðarnar með komu skuttogaranna á árunum fyrir 1980. Markaður er í fyrstu einkum í Sovétríkjunum, en smátt og smátt tekst að vinna henni sess annars staðar, einkum í Þýskalandi og Asíu, sem nú er mikilvægasti markaðurinn.


■ SH kom seint inn í sölu á rækju, og raunar ekki fyrr en veiðar á úthafsrækju hefjast að marki um miðjan níunda áratuginn. Rækjan hefur þó verið ört vaxandi hluti af sölunni, einkum til Evrópu, og Asíu. Vinnslustigið er hátt og hlutur rækju í heildarverðmætum í samræmi við það.


☐ Auk ofangreindra tegunda hefur SH flutt út ýmsar aðrar tegundir í minna mæli. Töluverð sala var á steinbít fyrstu árin, einkum til Bandaríkjanna og A-Evrópu, síðan var sala slitrótt vegna aflatregðu, en síðustu árin hefur steinbítssalan verið nokkuð jöfn, einkum til Frakklands.


Sala á hrognum og söltuðum þunnildum skipti mörg frystihús máli framan af. Eftir 1960 koma inn verðmætar tegundir eins og humar og hörpudiskur, en magnið var mjög breytilegt frá ári til árs.


Af línuritinu má glöggt sjá hversu fjölbreytni fisktegunda vex með tilkomu skuttogaranna og einkum þó eftir 1980, þegar þorskveiðin fer að minnka. Þessi fjölbreytni hefur valdið frystihúsunum ákveðnum erfiðleikum og mörg þeirra brugðið á það ráð að sérhæfa sig í vinnslu ákveðinna tegunda, eins og til dæmis karfa eða rækju. Önnur hafa reynt að mæta auknum tilkostnaði vegna kröfunnar um fjölhæfni í vinnslu með því að auka vinnsluvirði hverrar tegundar og vinna þær í neytendapakkningar. Fjölbreytnin í tegundaframboði hefur hins vegar orðið til að styrkja markaðsstöðu SH.






Helstu framleiðsluaðferðir SH á karfaafurðum 1991-1996
Tonn
25.000
20.000
15.000
10.000
5.000
0
1991
1992
1993
1994
1995
1996
Flök EVR
Heilfryst



Helstu framleiðsluaðferðir SH á rækju 1991-1996
Tonn
8.000
7.000
6.000
5.000
4.000
3.000
2.000
1.000
0
1991
1992
1993
1994
1995
1996
Asía sjófryst
Evrópa sjófryst
EVR skelflett



Helstu framleiðsluaðferðir SH á ufsaafurðum 1991-1996
Tonn
12.000
10.000
8.000
6.000
4.000
2.000
0
1991
1992
1993
1994
1995
1996
Flök USA
Flök EVR
Blokk USA
Blokk EVR



Helstu framleiðsluaðferðir SH á ýsuafurðum 1991-1996
Tonn
3.000
2.500
2.000
1.500
1.000
500
0
1991
1992
1993
1994
1995
1996
Flök USA
Flök EVR
Blokk USA
Blokk EVR



Helstu framleiðsluaðferðir SH á þorskafurðum 1991-1996
Tonn
12.000
10.000
8.000
6.000
4.000
2.000
0
1991
1992
1993
1994
1995
1996
Flök USA
Flök EVR
Blokk USA
Blokk EVR



Útflutningur SH á karfaafurðum 1980-1996 eftir söluskrifstofum
Tonn
40.000
35.000
30.000
25.000
20.000
15.000
10.000
5.000
0
1980
1981
1982
1983
1984
1985
1986
1987
1988
1989
1990
1991
1992
1993
1994
1995
1996
Asía
IFSA-París
IFPG-Hamborg
CSC-UK
Sovétríkin
CSC-USA


Útflutningur SH á rækjuafurðum 1980-1996 eftir söluskrifstofum
Tonn
12000
10000
8000
6000
4000
2000
0
1980 1981 1982 1983 1984 1985 1986 1987 1988 1989 1990 1991 1992 1993 1994 1995 1996
Asía
IFSA-París
IFPG-Hamborg
CSC-UK
CSC-USA


Útflutningur SH á síldarafurðum 1980-1996 eftir söluskrifstofum
Tonn
10.000
9.000
8.000
7.000
6.000
5.000
4.000
3.000
2.000
1.000
0
1980 1981 1982 1983 1984 1985 1986 1987 1988 1989 1990 1991 1992 1993 1994 1995 1996
Asía
Sovétríkin
IFSA-París
IFPG-Hamborg
CSC-UK


Útflutningur SH á ufsaafurðum 1980-1996 eftir söluskrifstofum
Tonn
18.000
16.000
14.000
12.000
10.000
8.000
6.000
4.000
2.000
0
1980 1981 1982 1983 1984 1985 1986 1987 1988 1989 1990 1991 1992 1993 1994 1995 1996
CSC-UK
Sovétríkin
IFPG-Hamborg
IFSA-París
CSC-USA


Útflutningur SH á ýsuafurðum 1980-1996 eftir söluskrifstofum
Tonn
12.000
10.000
8.000
6.000
4.000
2.000
0
1980 1981 1982 1983 1984 1985 1986 1987 1988 1989 1990 1991 1992 1993 1994 1995 96
IFSA-París
CSC-UK
CSC-USA


Útflutningur SH á þorskafurðum 1980-1996 eftir söluskrifstofum
Tonn
50.000
40.000
30.000
20.000
10.000
0
1980 1981 1982 1983 1984 1985 1986 1987 1988 1989 1990 1991 1992 1993 1994 1995 1996
CSC-USA
CSC-UK
IFSA-París
IFPG-Hamborg
Sovétríkin

Tilvísanir

I-III
1924-1962

[1] *Frozen Food Age*, ágúst 1987, bls. 20.
[2] Jón vélfræðingur var elstur þeirra Esphólínbræðra. Ofannefnt bréf er í vörslu Jóns Þ. Ólafssonar skrifstofustjóra.
[3] *Frionor 25 år*, afmælisrit, Bergen 1972.
[4] Sama.
[5] Jón Þ. Ólafsson: Frá bernskudögum frystiiðnaðarins hér á landi, *Ægir* 10. tbl. 1989.
[6] Sama.
[7] Arnór Sigurjónsson. *Fiskimálanefnd. Skýrsla 10 ára 1935-1945*. Reykjavík 1945.
[8] Arnór Sigurjónsson. *Fiskimálanefnd*.
[9] Einnig var Elías fjarverandi vegna alvarlegra veikinda síðari hluta árs 1955 og fram eftir árinu 1956. Gegndi Einar Sigurðsson þá stjórnarformennskunni.
[10] Fundargerðir stjórnar SH, bók I, 26. febrúar 1942.
[11] Valur Ingimundarson: *Í eldlínu kalda stríðsins*, bls. 286-287, Pétur Thorsteinsson: *Utanríkismál Íslands*, 2. b., bls. 587. Sjá einnig *Foreign Relations of The United States 1954*, þar sem forsetinn er hvattur til að beita neitunarvaldi í málinu.
[12] Ólafur Hannibalsson: Viðtal við Benjamín Eiríksson, *Vísbending* 42. tbl. 1994.
[13] Karl Þorsteins í *Afmælisriti Félags íslenskra stórkaupmanna, 50 ára*, 1978.
[14] Pétur Thorsteinsson: *Utanríkisþjónusta Íslands og utanríkismál*, 2. b., bls. 890.
[15] Sama, 2. b., bls. 880.
[16] Sama, bls. 884.
[17] Einar Sigurðsson: „Bergsteinn Á. Bergsteinsson fimmtugur," *Morgunblaðið* 16. október 1957.
[18] Skýrsla stjórnar SH 1948.
[19] Skýrsla stjórnar SH fyrir starfsárið 1952-1953, bls. 5.
[20] Sama 1953.
[21] Pétur J. Thorsteinsson: *Utanríkisþjónusta Íslands og utanríkismál*, 1. b., bls. 27.
[22] Sjá greinar Garðars Gíslasonar: „Fisksalan þarf að vera frjálsari . . . ," *Morgunblaðinu* 23. nóvember 1951, Jóns Gunnarssonar: „Sala hraðfrysta . . .", *Morgunblaðinu* 24. janúar 1952, Jakobs Sigurðssonar: „Ummæli . . .", *Morgunblaðinu* 5. febrúar 1952, Garðars Gíslasonar: „Enn um . . .", *Morgunblaðinu* 7. maí 1952. Sjá einnig greinar Garðars í *Vísi* 7. maí 1948, og Jóns í *Morgunblaðinu* 17. júní 1947 og 20. júní 1948.
[23] Finnbogi Guðmundsson: „Rússlandsviðskiptin", *Morgunblaðið* 19. maí 1961.
[24] Fundargerð aðalfundar SH 1961, bls. 66.
[25] *Morgunblaðið*, leiðari, 1. ágúst 1962.
[26] Jónína Michaelsdóttir, *Áhrifamenn*, viðtal við Jónas H. Haralz, bls. 137 (hér eftir Jónas Haralz).
[27] Jónas H. Haralz, bls. 133.
[28] Gylfi Þ. Gíslason, *Viðreisnarárin*, bls. 20.
[29] Jónas H. Haralz, bls. 132.
[30] Sama, bls. 159.
[31] Sama, bls. 139.
[32] Sama, bls. 140-141.
[33] Sama, bls. 145.

IV
1962-1985

[1] Erik Lundberg, sænskur hagfræðingur, sem Skipulagsnefnd atvinnumála, „Rauðka", fékk sér til ráðuneytis 1936 var glöggskyggn á helsta sérkenni íslensks hagkerfis: „Sjávarútvegurinn, sem sér 22% þjóðarinnar fyrir atvinnu, er rekinn næstum óháð efnahagslegum forsendum. Finnist fiskur í sjónum, þá á líka að veiða hann." Má segja að þetta hafi alla tíð verið útgangspunkturinn til ákvörðunar fiskverðs.
[2] Skýrsla stjórnar SH 1966-'67, bls. 9.
[3] Jónas H. Haralz: Bjarni Benediktsson, bls. 116.
[4] Sama, bls. 119.
[5] Sigurður Snævarr: *Haglýsing Íslands*, bls. 71.
[6] Samai: *Haglýsing Íslands*, bls. 70.
[7] OPEC fyrirskipaði gífurlegan samdrátt í olíuútflutningi Nígeríu 1981 og jafnframt lækkaði olíuverð. Nígeríumenn settu strangar innflutningshömlur 1982 og á því ári og því næsta hrundi skreiðarútflutningurinn þangað.
[8] Sjá „Úr verinu", *Morgunblaðið* 1. maí 1960.
[9] Þórhallur Ásgeirsson: „Samningur Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu," *Fjármálatíðindi* júní-desember 1972.
[10] Þórhallur Ásgeirsson, viðtal, desember 1996.

V
Sovéski markaðurinn
1946-1991

[1] Pétur Thorsteinsson: Utanríkisþjónusta Íslands, 1. b., bls. 263.
[2] Engin skýring hefur komið fram á því hvers vegna Ársæll var nánast fastur maður í opinberum viðskiptanefndum við Sovétmenn, að minnsta kosti þegar Sósíalistaflokkurinn og síðar Alþýðubandalagið áttu aðild að ríkisstjórn. Í samtalsbók Benjamíns H. J. Eiríkssonar og Hannesar Gissurarsonar lýsir Benjamín þeim grunsemdum sínum að „Ársæll hafi verið hinn sérstaki umboðsmaður Kominterns hér á landi. Hinn leynilegi umboðsmaður hafði eftirlit með starfsemi flokksstjórnarinnar").
[3] Sama, 1. b., bls. 469.
[4] Sama, 1. b., bls. 470.
[5] Sama, 1. b., bls. 469.
[6] Sama, 1. b., bls. 471.
[7] Sama, bls. 490.
[8] Sama, 2. b., bls. 736.
[9] Sama, 1. b., bls. 491.
[10] Sendiherrar Íslands í Sovétríkjunum frá upphafi voru; Pétur Benediktsson 1944-'51, Helgi P. Briem 1951-'53, Pétur Thorsteinsson 1953-'61, Kristinn Guðmundsson 1961-'67, Oddur Guðjónsson 1968-'74, Hannes Jónsson 1974-'80, Haraldur Kröyer 1980-'85, Páll Ásgeir Tryggvason 1985-'87, Tómas Á. Tómasson 1987-'90, Ólafur Egilsson 1990-'91 og í Rússlandi frá 1991-'94.

[11] Hólmfríður Árnadóttir: Viðskipti Íslands og Sovétríkjanna, óbirt kandidatsritgerð, bls. 19. Verulega hefur verið stuðst við hana í þessum kafla.
[12] Sama, bls. 31.
[13] Pétur Thorsteinsson: Utanríkisþjónusta Íslands, 2. b., bls. 859.
[14] Sama, 2. b., bls. 587.

VI
Jöklar hf.
1945-1996

[1] Aðalfundur SH 1959, úr ræðu Einars Sigurðssonar bls. 92.
[2] Aukafundur Jökla 1965, úr ræðu Ólafs Þórðarsonar, bls. 33.
[3] „Yfirlit", *Frost*, mars-nóvember 1947, bls. 6.
[4] Brúarfoss var fyrsta frystiskip Íslendinga, sérstaklega smíðað til slíkra flutninga árið 1927. Hluta af lest Dettifoss hafði árið 1937 verið breytt í frystiklefa.
[5] Nefndina skipuðu Kristján Einarsson, Finnbogi Guðmundsson, Ólafur Jónsson, Ingvar Vilhjálmsson og Ólafur Þórðarson.
[6] Richard Björgvinsson: *Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna tíu ára*, (Rv. 1953), bls. 29.
[7] Aðrir í flutningsnefndinni voru Júlíus Þórðarson, Björn G. Björnsson, Kristján Árnason, Sveinn Jónsson og Ólafur Þórðarson.
[8] Einar Sigurðsson: Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, skýrsla, nóvember 1945, bls. 41.
[9] Einar Sigurðsson: Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, skýrsla, júlí 1945, bls. 5-6.
[10] Samkvæmt 11. grein laga SH, samþykktum á stofnfundi félagsins 25. febrúar 1942. Þessir bundnu reikningar hafa líka verið kallaðir endurgreiðslureikningar eða einfaldlega „sjóðirnir."
[11] Aðrir í fyrstu stjórn Jökla voru Ólafur Þórðarson, Eggert Jónsson og Kristján Einarsson.
[12] Leigan átti að vera 15% af verði Vatnajökuls.
[13] Stjórnarfundabók Jökla, nr. 1, 10. september 1947.
[14] Þetta orð, kælirúm, er yfirleitt notað í heimildum yfir lest Vatnajökuls en réttara væri þó að tala um frystirúm og Vatnajökul sem frystiskip en ekki kæliskip. Kæli er aðeins ætlað að þrýsta loftkulda niður undir 0 gráður en frystir aftur á móti kælir vel niður fyrir frostmark. Það var svo annað mál að þegar Vatnajökull flutti, t.d. ávexti, þá var frystirinn stilltur á plús 3 til 5 gráður.
[15] Stjórnarfundabók Jökla 4. júní 1948.
[16] „Þrjú ný skip . . .," *Þjóðviljinn* 9. sept. 1947.
[17] Ólafur Guðmundsson, viðtal 26. júní 1996.
[18] Stjórnarfundabók Jökla, nr. 1, 2. og 21. febrúar 1948.
[19] Aðalfundabók Jökla, nr. 1, 22. júní 1951.
[20] Ólafur Guðmundsson, viðtal 26. júní 1996.
[21] Árið 1948 sigldi Vatnajökull tvær ferðir heim frá Evrópu til Íslands á vegum Eimskipafélagsins.
[22] Stjórnarfundabók Jökla, nr. 1, 14. ágúst 1952.
[23] Aðalfundabók SH, nr. 1, 31. maí 1957.
[24] Einar S. M. Sveinsson, viðtal 25. júní 1996.
[25] Einar S. M. Sveinsson, viðtal 25. júní 1996.
[26] Einar S. M. Sveinsson, viðtal 25. júní 1996.
[27] Framkvæmdaráð SH, bók 1, 9. júní 1964, bls. 257, og dagbók Einars Sigurðssonar 28. maí 1964.
[28] Aukafundur Jökla 28. október 1965, bls. 32.
[29] Aðalfundagerðarbók Jökla, nr. 1, 26. maí 1960, bls. 146.
[30] Stjórnarfundagerðir SH 1963-1967, 17. ágúst 1964, bls. 61.
[31] Aðalfundagerðarbók Jökla, nr. 1, 26. ágúst 1964.
[32] Ógjörningur hefur reynst að finna tölur yfir flutninga Eimskipafélagsins fyrir SH frá þessum tíma. Hið sama á við um Jökla.
[33] Aukafundur Jökla 28. október 1965, bls. 52.
[34] Ólafur Guðmundsson, viðtal 26. júní 1996.
[35] Stjórnarfundagerðir SH 1963-1967, 3. júlí og 17. ágúst 1964, bls. 52 og 61.
[36] Stjórnarfundagerðir SH 1963-1967, 15. janúar 1965, bls. 92.
[37] Sjá stjórnarfundagerðir SH 1963-1967, 17. ágúst 1964, bls. 61, og 4. mars 1965, bls. 104.
[38] Einar Sigurðsson: Dagbók 2. mars 1965.
[39] Bréf frá Jónasi H. Haralz til höfundar 7. júní 1996.
[40] Bréf frá Jónasi H. Haralz til höfundar 7. júní 1996.
[41] „Fiskverð hækkar . . .," *Morgunblaðið* 10. janúar 1965.
[42] Stjórnarfundagerðir SH 1963-1967, 4. mars 1965, bls. 102.
[43] Bréf frá Jónasi H. Haralz til höfundar 7. júní 1996.
[44] *Alþingistíðindi 1961, A*, (Reykjavík 1962), bls. 881-882. Tillagan varð ekki útrædd og fékk því enga afgreiðslu á þinginu.
[45] Framkvæmdaráð SH, bók I, 8. febrúar 1965, bls. 33.
[46] Hér er rétt að undirstrika það að stjórnarformaður SH og varaformaður, þeir Elías Þorsteinsson og Einar Sigurðsson, sátu einnig í stjórn Jökla og hafði Einar verið þar stjórnarformaður frá upphafi.
[47] Fundargerðir framkvæmdaráðs SH, bók 1, 2. mars 1965.
[48] Einar Sigurðsson: Dagbók, bls. 174.
[49] Stjórnarfundagerðir SH, 1963-1967, 3. desember 1964, bls. 82.
[50] Einar Sigurðsson: Dagbók, 13. nóvember 1964 og 7. janúar 1965.
[51] Stjórnarfundagerðir SH, 1963-1967, 16. janúar 1965, bls. 95. Síðar þetta sama ár dró Einar úrsögnina til baka.
[52] Aðalfundur SH 1969, bls. 95.
[53] SH 20. 1., aukafundur Jökla október 1965, bls. 27.
[54] Einar Sigurðsson: Dagbók, 15. desember 1965.
[55] Einar S. M. Sveinsson, viðtal 25. júní 1996.
[56] Ólafur Guðmundsson, viðtal 26. júní 1996.
[57] Þórir Guðmundsson, viðtal 27. júní 1996.
[58] Aukafundur Jökla 28. október 1965, bls. 9. Sjá einnig stjórnarfundagerðir SH 1963-1967, 16. janúar 1965, bls. 104, þar sem Finnbogi lýsti þessari sömu skoðun.
[59] Einar S. M. Sveinsson, viðtal 25. júní 1996.
[60] Helgi H. Guðjónsson, viðtal 6. nóvember 1996.
[61] Ingólfur Möller, viðtal 5. nóvember 1996.
[62] Ingólfur Möller, viðtal 5. nóvember 1996.
[63] Einar Sigurðsson: Dagbók, 9. ágúst 1966, bls. 124, og Einar S. M. Sveinsson, viðtal 25. júní 1996.
[64] Stjórnarfundabók Jökla, nr. 1, 11. nóvember 1968, bls. 194.
[65] Stjórnarfundabók Jökla, nr. 1, 13. janúar 1969, bls. 203.

[66] Stjórnarfundagerðir SH 1963-1967, 4. mars 1965, bls. 104.
[67] Stjórnarfundabók Jökla nr. 2, 14. apríl 1977, bls. 252.
[68] Stjórnarfundabók Jökla nr. 2, 24. apríl 1979, bls. 288.
[69] SH 16.1., skýrsla um flutninga og geymslumál, 23. september 1980.
[70] SH 16.1., skýrsla um flutninga og geymslumál, 23. september 1980.
[71] SH 16.3., Hörður Sigurgestsson til SH 21. október 1983.
[72] Nefndina skipuðu Björn Ólafsson, Hafnarfirði, Júlíus Stefánsson, Kópavogi, Haraldur Gíslason, Vestmannaeyjum, Konráð Jakobsson, Hnífsdal, og Svavar B. Magnússon, Ólafsfirði.
[73] Konráð Jakobsson, viðtal 4. nóvember 1996.
[74] SH 16.1., ályktun starfsnefndar í flutningamálum SH, Reykjavík 16. maí 1984. Þar sem vitnað er í textanum til viðræðna þessarar nefndar við forsvarsmenn fyrirtækja þá er heimildin alltaf þessi ályktun starfsnefndarinnar.
[75] Í þessari seinni flutningsnefnd sátu af hálfu Jökla, Guðfinnur Einarsson og Gísli Ólafson, og fyrir SH þeir Eyjólfur Ísfeld Eyjólfsson, Ólafur Gunnarsson, Haraldur Gíslason og Björn Ólafsson.
[76] SH 16. 1., Gísli Ólafson, skýrsla á stjórnarfundi Jökla 10. 12. 1984.
[77] Birgir Ómar Haraldsson, viðtal 19. desember 1996.
[78] Stjórnarfundagerðir Jökla, bók 2, 16. janúar 1986.
[79] Ráðning Friðriks sem framkvæmdastjóra Jökla var táknræn. Eins og þegar hefur verið vikið að kom hann lítið nálægt sjálfum rekstrinum enda fullt starf og ríflega það að vera forstjóri SH. Birgir Ómar var því á borði hinn raunverulegi eftirmaður Gísla Ólafsonar þótt það væri ekki staðfest í orði fyrr en um mitt ár 1991 en þá var Birgir Ómar formlega ráðinn framkvæmdastjóri Jökla.
[80] SH 1.2., Birgir Ómar Haraldsson til stjórnar Jökla, 13. ágúst 1987. Stjórnarfundagerðir Jökla, bók 2, 11. september 1987, bls. 68-69.
[81] Birgir Ómar Haraldsson, viðtal 19. desember 1996.
[82] Birgir Ómar Haraldsson, viðtal 19. desember 1996.
[83] Ársskýrsla Jökla 1994, bls. 7.
[84] Birgir Ómar Haraldsson, viðtal 19. desember 1996.
[85] Ársskýrsla Jökla 1992, bls. 6.
[86] Ársskýrsla Jökla 1993, bls. 7.
[87] Birgir Ómar Haraldsson, viðtal 19. desember 1996.

Umbúðamiðstöðin stofnuð

[1] Breska pundið (lb.) er 453,6 gr.
[2] Aðalfundur SH 1955, bls. 23.
[3] Aðalfundur SH 1958, bls. 35-36.
[4] Aðalfundur SH 1956, bls. 31.
[5] SH 25. 4., greinargerð um kassagerð, 20. apríl 1959.
[6] „Framleiðsla Kassagerðarinnar . . .“ *Morgunblaðið* 29. maí 1963, bls. 24-25.
[7] Sjá t.d. aðalfund SH 1952, bls. 31.
[8] Sjá leiðara Þjóðviljans 13. og 15. febrúar 1964.
[9] Sjá „Vilja byggja . . .“, *Alþýðublaðið* 20. febrúar 1964 og „Ný kassagerð . . .“, *Vísir* 13. febrúar 1964.
[10] Benjamín Eiríksson: „Vettvangur“ og „Um greinargerð SH“, *Morgunblaðið* 14. og 26. febrúar 1964.
[11] Aðrir í þessari fyrstu stjórn Umbúðamiðstöðvarinnar voru Gunnar Guðjónsson varaformaður, Ólafur Jónsson ritari, Þorvaldur Ellert Ásmundsson og Rafn Pétursson.
[12] Aðalfundur Umbúðamiðstöðvarinnar 1969, bls. 1.
[13] Sjá t.d. Einar Sigurðsson: „Staðreyndir í stað rógs,“ *Morgunblaðið* 23. júlí 1964, bls. 17.
[14] Bjarni var 1. mars 1984 ráðinn sem aðstoðarframkvæmdastjóri Umbúðamiðstöðvarinnar en fjórum mánuðum síðar varð hann framkvæmdastjóri með Einari sem þá var mjög þrotinn að kröftum og átti ekki langt eftir.

VII
1985-1996
SH verður alþjóðafyrirtæki

[1] Sigurður Snævarr: *Haglýsing Íslands*, bls. 383. Verulega er stuðst við þá bók í því sem hér fer á eftir.
[2] Ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar tók við 26. maí.
[3] Önnur ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar tók við í september 1988.
[4] Sigurður Snævarr: *Haglýsing Íslands*, bls. 75.
[5] Tæpu ári síðar gekk hluti Borgaraflokksins til samstarfs við ríkisstjórnina í nýju ráðuneyti Steingríms Hermannssonar.
[6] Sigurður Snævarr: *Haglýsing Íslands*, bls. 75.
[7] *Skýrsla stjórnar SH 1987*.
[8] Sjá yfirlitsmynd um heildarframleiðslu SH 1986-96, í Viðauka.
[9] Jón Jónsson: *Hafrannsóknir*, 2. b., bls. 116.
[10] *Morgunblaðið* 1. nóvember 1994.
[11] Ársskýrsla ÚA 1994.
[12] Sjá *DV* 27. janúar 1995.
[13] *Morgunblaðið* 2. febrúar 1995.
[14] Ályktun stjórnar ÍS, sjá *Dag* 2. febrúar 1995.
[15] Sjá einnig Jón Hjaltason: *Saga Útgerðarfélags Akureyringa*, viðtal við Guðmund Stefánsson, bls. 183.

Heimildaskrá

Prentaðar heimildir, nokkrar þær helstu:

Ársskýrslur Jökla 1988-1994.

Agnar Klemens Jónsson: *Stjórnarráð Íslands 1904-1964*, I–II, Reykjavík 1960.

Alexander, David: *The Decay of Trade*, An *Economic History of the Newfoundland Saltfish Trade 1935–1965*, Memorial University of Newfoundland 1977.

Arnór Sigurjónsson: *Fiskimálanefnd. Skýrsla tíu ára 1935-1944*, Reykjavík 1945.

SÍF, skýrsla stjórnar 1933-1938.

Björn Þorsteinsson og Bergsteinn Jónsson: *Íslandssaga til okkar daga*, Reykjavík 1991.

Einar Sigurðsson: „Bergsteinn Á. Bergsteinsson fimmtugur", *Morgunblaðið* 16. október 1957.

Gylfi Þ. Gíslason: *Viðreisnarárin*, Reykjavík 1993.

Frionor 25 år, afmælisrit, Bergen 1972.

Hannes Hólmsteinn Gissurarson: *Benjamín H. Eiríksson í stormum sinna tíða*, Reykjavík 1996.

Jón Þ. Ólafsson: „Frá bernskudögum frystiiðnaðarins hér á landi", *Ægir* 10. tbl. 1989.

Jónas H. Haralz: „Efnahags- og atvinnumál – þjóðarforysta" í ritinu: *Bjarni Benediktsson í augum samtíðarmanna*, Reykjavík 1983.

Jónína Michaelsdóttir: *Áhrifamenn*, án útgáfustaðar 1994.

Lúðvík Kristjánsson: Markaðir og vöruvöndun, *Ægir*, október 1943.

Ólafur Hannibalsson: Viðtal við Benjamín Eiríksson, *Vísbending* 42. tbl. 1994.

Pétur J. Thorsteinsson: *Utanríkisþjónusta Íslands og utanríkismál. Sögulegt yfirlit*, 1-3. b., Reykjavík 1992.

Richard Björgvinsson: *Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna tíu ára*, Reykjavík 1953.

Sigurður Snævarr: *Haglýsing Íslands*, Reykjavík 1993.

Tómas Þór Tómasson: *Heimsstyrjaldarárin á Íslandi 1939-1945*, I–II, Reykjavík 1983–1984.

Valur Ingimundarson: *Í eldlínu kalda stríðsins. Samskipti Íslands og Bandaríkjanna 1954-1960*, Reykjavík 1996.

Frozen Food Age (tímarit), ágúst 1987.

Ladie's Home Journal, september 1929.

Þórbergur Þórðarson: *Fagurt galaði fuglinn sá. Einar ríki*, 3. b., Reykjavík 1971.

„Útréttar hjálparhendur í austri," rætt við Karl Þorsteins, *Félag íslenskra stórkaupmanna 50 ára*, afmælisrit, Reykjavík 1978.

Rétt er að geta þess að dagblöðin hafa orðið höfundum ríkuppspretta heimilda og sér þess víða merki í megintexta og neðanmáls (sjá nánar í tilvísunarskrá). Þá hefur iðulega verið leitað fanga í Frost, fréttablað SH, ásamt fleiri tímarit.

Óprentaðar heimildir:

(1) Hér ber fyrst að nefna fundargerðarbækur SH, 1942-1996, og ýmis skjöl sem er að finna á skjalasafni SH og tilgreind eru nánar í megintexta og tilvísunarskrá.

(2) Jöklar

Bók aðalfunda 15. sept. 1945 til 26. maí 1960.
Sama 31. maí 1972-4. maí 1995.
(Bók 1960 til 1972 er týnd.)
Gerðabók stjórnar 11. okt. 1945-68. feb. 1980.
Sama 8. maí 1980-24. maí 1995.

(3) Umbúðamiðstöðin

Fundargerðir stjórnar 9. júlí 1964-19. júní 1990.
Sama 24. okt. 1990-28. maí 1997.
Fundargerðir aðalfunda 23. maí 1985-29. apríl 1997.
Aðrar gerðabækur aðalfunda hafa glatast en sumar fundargerðanna má finna á lausblöðum í skjalasafni SH.

(4) Þá hefur Jón Þ. Ólafsson, skrifstofustjóri hjá Fiskistofu, góðfúslega veitt höfundum aðgang að ítarlegu safni sínu um íslensk sjávarútvegsmál. Hólmfríður Árnadóttir léði kandidatsritgerð sína í viðskiptafræðum, Viðskipti Íslands og Sovétríkjanna, Háskóli Íslands 1971. Sigurður Einarsson, útgerðarmaður í Vestmannaeyjum og fyrrverandi varaformaður stjórnar SH ljósritaði upp úr merkum dagbókum föður síns, Einars Sigurðssonar, og lánaði höfundum. Auður Einarsdóttir léði afrit af bréfum föður síns. Seinast skal hér tíundað greinargott bréf Jónasar H. Haralz til Jóns Hjaltasonar 7. júní 1996.

Viðtöl:

Ólafur Guðmundsson 26. júní 1996.
Einar S. M. Sveinsson 25. júní og 5. desember 1996.
Guðmundur Guðmundsson 4. nóvember 1996.
Þórir Guðmundsson 27. júní 1996.
Birgir Ómar Haraldsson 19. desember 1996 og 4. apríl 1997.
Gunnar Felixson 9. desember 1996.
Haraldur Gíslason 25. október 1996.
Helgi H. Guðjónsson 6. nóvember 1996.
Helgi Magnússon 9. október 1996.
Ingólfur Möller 5. nóvember 1996.
Konráð Jakobsson 4. nóvember 1996.
Kristberg Magnússon 7. nóvember 1996.
Árni Finnbjörnsson í febrúar 1994.
Gylfi Þór Magnússon veturinn 1996–1997.
Þórhallur Ásgeirsson desember 1996.
Jónas H. Haralz desember 1995.
Helgi Þórðarson desember 1996.
Hjalti Einarsson desember 1996.
Sturlaugur Daðason desember 1996.